Hæstaréttardómar 1925-1929 - A

Útgáfa 3.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar
Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur
Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu
Þrjár auðar síður milli 1925 og 1926, og á milli þessara ára er einnig fjögurra síðna efnisskrá en eingöngu þrjár þeirra eru taldar sem blaðsíður í blaðsíðuröð.
Meiriháttar gallar á bls. 139, 143, 147, 159, 173, 210, 501, 573, og 698.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR

ÚTGEFANDI

HÆSTARÉTTARRITARI

II. BINDI

1925—1929

REYKJAVÍK
RÍKISPRENTSMIÐJAN GUTENBERG
MCMXXXI

Registur

við dómana árin 1925—1929

Nafnaskrá

A. Einkamál

Bls.

Ágúst Einarsson 656
Akureyrarkaupstaður 1102
Albína Helgadóttir 170
Aldan h/f 1087, 1235
Alliance h/f 804
Alþingishúsið, eigendur og umráðendur 519
Andersen, Franz 179
Ari Einarsson 102
Ari Þórðarson 281, 586, 1282
Ármann Tómasson 170
Arnesen, Jon C. F. 600
Arngrímur Fr. Bjarnason 1153
Árni Sigfússon 41
Ársæll Árnason 412
Ársæll Sigurðsson 356
Ásberg, Eyjólfur 477
Ásgeir Ásgeirsson 263
Ásgeir Í. Ásgeirsson 237, 425
Ásgeir Guðmundsson 800
Ásgeir Ólafsson 554
Atvinnumálaráðherra 477
Austmann, Jóhann L. S. dánarbú 41
Austur-Húnavatnssýsla 378
Axel Ketilsson 233
Bachmann, E. M. 102
Bakki h/f 799, 1212

Bls.
Benedikt Björnsson 170
Benedikt Sveinsson 562, 961, 1212
Beneficiarius Arnarbælis 4
Bergur Jónsson 1288
Bessi Einarsson 170
Bjarmi h/f 845
Bjarnarson, Pétur M. 829, 852
Bjarni Eyjólfsson 1281
Bjarni Pétursson 592
Bjarni Þórðarson 102
Bjarni Þorsteinsson 87
Bjering, Henrik 944
Björk, timburverzlun 967
Björn Haraldsson 1242
Björn J. Jósafatsson 598
Björn Kristjánsson 108
Björn Ólafsson 364, 874
Blöndahl, Magnús Th. S. 688
Blöndahl, Sigfús 1124
Blöndal, Sophus 87
Boye, Hermann C. 175
Brattahlíð, verzlun 933
Briem, Sigurður 358
British North Western Syndicate 800
Brynjólfur Sigfússon 41
Bræðurnir Proppé 349
Bræðurnir Proppé, þrotabú 938
Búnaðarfélag Íslands 477
Carl Lárusson 328
Carlsberg Bryggerierne 685
„Ceresio", botnvörpuskip, eig. og vátryggjendur 398, 426
Chr. B. Eyjólfsson 219
Christensen, Carl 425
Conrad Boe A/S 471
Copland, Geo 285
Dalstedt, Axel 237
Dalstedt, Kristín 237
Daníel Á. Þórleifsson 842
Dansk Radio 1149
Defensor, fiskveiðafélag 294

Bls.

Deutsche Dampffischereigesellschaft „Nordsee“ 1124
Draupnir, h/f 704, 711
Dvergur, h/f 477
E. von Mehren & Co. 6
Eggert Kristjánsson & Co. 982
Eimskipafélag Íslands, afgreiðsla á Eskifirði 600
Einar Benediktsson 688
Einar Einarsson bátasmiður 449
Einar Einarsson bóndi 1155
Einar M. Jónasson, ... 349, 1027, 1053, 1135, 1158, 1288
Einar Jónsson 1299
Einar Þorgilsson 382
Eirikur Stefánsson 343
Elias Nielsson 582
Elías Steinsson 1155
Eljan, h/f, þrotabú 1240
Ellingsen, O. 788
Erlendur Erlendsson 925, 1018
Erlendur Kristjánsson 399
Ermenrekur Jónsson 285
Eskifjarðarhreppur 1082
Esphólín, Hjalti 665
F. A. Þórðarson 102
Filippía Pálsdóttir 170
Fljótshlíðarhreppur 599, 698, 911
Flóvent Jóhannsson 87
Frederiksen, T. 727
Friðrik Jakobsson 170
Friðrik Svipmundsson 1291
Frihavnens Kaffekompagni A/S 829
Garðar Gíslason 286, 439
Garðar Þorsteinsson 1211
Georg Gíslason 845
Geysir veiðarfæraverzlun 364, 492, 606
Gísli Gíslason, Laugaveg 123 35
Gísli Gíslason, Skólavörðustíg 12 34
Gísli Gíslason, Stykkishólmi 401
Gísli Gíslason 619
Gísli Jónsson 250
Gísli Magnússon 617

Bls.
Gísli Oddsson 23
Goos, Sören 195
Gottfredsen, A. 23
Gottfredsen, Andreas, A/S 457
„Gracie" m/k, eigendur, skipstjóri og skipshöfn .. 346
Grandjean Hildur 509
Grímsneshreppur 341
Grímur Sigurðsson 409
Grunnavíkurhreppur 141
Guðbjarni Guðmundsson 385
Guðbjörg Oktavía Sigurðardóttir 925, 1018
Guðbrandur Sigfússon 170
Guðfinnur Jónsson 31
Guðjón Jónsson 286
Guðmundur Bergsteinsson 349
Guðmundur Bergsteinsson, þrotabú, ... 349
Guðmundur Kr. Guðmundsson 727
Guðmundur Hafliðason 87
Guðmundur Jónsson 592
Guðmundur Kristjánsson 126, 727
Guðmundur Ólafsson 65
Guðmundur Þórðarson 102
Guðmundur Þorsteinsson, þrotabú 28
Guðrún Eiríksdóttir 476
Guðrún Ólafsdóttir 1149
Gunnar Jónsson 656
Gunnar Sigurðsson 144
Gunnar Þórðarson 554
Gunnar Þórðarson, dánarbú 562
Gunnlaugur Flóventsson 598
Gunnlaugur Stefánsson 598
H. Benediktsson & Co. 286, 476, 700
H. P. Duus 471
Hafnarfjarðarkaupstaður 157
Hafnarsjóður Reykjavíkur 592
Haganeshreppur 895
Halldór Bjarnarson 1242
Halldór Jónsson 858
Halldóra Gunnlaugsdóttir 598
Hallgrímur Guðmundsson 102

Bls.

Hallgrímur Pétursson 263
Hamar, h/f 200, 525
Hannes Jónsson 401
Hansen, Jörgen J. 175
Haraldur Böðvarsson & Co. 582
Havsteen, O. J. 328
Havsteen, O. J., þrotabú 385
Heiðberg Jón 973
Helga Sigurgeirsdóttir 852
Helgi Benediktsson 666, 700, 1233
Helgi Guðmundsson 87
Helgi Gunnlaugsson 598
Helgi Hafliðason 87
Helgi Sveinsson 368
Hermann Jónsson 860
Hið íslenzka steinolíufélag 14
Hinar sameinuðu íslenzku verzlanir 141, 242, 562, 611
Hinrik Halldórsson 697
Hjaltested, Ólafur, dánarbú 693
Hjörtur Hansson 496
Hjörtur B. Helgason 382
Holten, K. 1212
Hrogn & Lýsi 364, 460
Hull Ships Stores Company Ltd. 643
Húsavíkurhreppur 1269
Húsgagnaverzlunin við Dómkirkjuna 1233
Húsnefnd Goodtemplarahússins 519
Hvanneyrareign, umráðamaður 496
Hvítársíðuhreppur 175
Högni Gunnarsson 1153
Höllustaðir, eigendur 546, 731
Höydal, Lyder 50
„Iho", eigendur og vátryggjendur 145
„Inger Benedikte", eigendur og vátryggjendur 264
Ingi Halldórsson 879
Ingimundur Bernhardsson 509
Ingimundur Guðmundsson 791
Ingólfur Flygenring & Co. 952
Ingvar Einarsson 592
Ingvar Guðjónsson 200, 525, 804

Bls.
„Isabella“, kútter, eigendur og vátryggjendur 82
Ísafjarðarkaupstaður 614, 617, 956, 967, 1099
Ísfeld, Andrés G. 838
Íslandsbanki 637, 744, 780, 1036, 1178
Ísleifur Jónsson 1269
Ísólfur, h/f 387
J. Þorlákssón & Norðmann 1135
Jacobsen, Egill, dánarbú 693
Jakob Gunnlaugsson 349
Jakob Gunnlaugsson & Co. 1036
Jakobína Jakobsdóttir 198
Jensen, Carl F. 56
Johan Hansens Sönner h/f 364
Jóhann Eyfirðingur & Co. 827
Jóhann V. Daníelsson 685
Jóhanna Sveinsdóttir 170
Jóhannes Einarsson 1018
Jóhannes Jóhannesson, Patreksf. 102
Jóhannes Jóhannesson, f. bæjarfóg. 1158
Jóhannes Jóhannesson 476
Jóhannes Kr. Jóhannesson 144
Johnsen, Gísli J. 41, 177,566
Johnson, Þorsteinn 35
Jón Árnason 41
Jón Bergsveinsson 874
Jón J. Bjarnason 294
Jón Björnsson & Co., þrotabú 765
Jón Eiríksson 250
Jón Guðmundsson, verzlunarstj. 87
Jón Guðmundsson 827
Jón Guðmundsson & Co. h/f 592
Jón Hannesson 409
Jón Helgason, Skagafirði 170
Jón Helgason, dánarbú 53
Jón Helgason, lögerfingjar 53, 243
Jón Hinriksson 878
Jón Jóhannesson 87
Jón Jónsson bryti 643
Jón Jónsson í Firði 858
Jón Kristjánsson 656

Bls.

Jón Stefánsson 838
Jón H. Þorbergsson 477
Jón Þorsteinsson, dánarbú 657
Jónas Þ. K. Guðmundsson 665
Jónas Jónasson 598
Jónas H. Jónsson 508
Jónas Þorbergsson 170
Jónína E. Arnljótsdóttir 842
Jónína S. Guðjónsdóttir 665
Júlíus Guðmundsson, verzlun 611
Jötul, A/S 1211, 1264
Kakali, h/f 606, 822
Karl Eyjólfsson 263
Karl & Jóhann 59
Karl Þorsteinsson 619
Kaupfélag Grímsnesinga 1018
Kaupfélag Reykvíkinga 356
Kaupfélag Skaftfellinga 1193
Kirkjuvogstorfan, eigendur 1
Kjerúlf, Eiríkur 956
Kol og Salt, h/f 329, 415
Kolbeins, Eyjólfur 887
Kort Eyvindsson 599, 698, 911
Kristín Jóelsdóttir 170
Kristinn Jónsson 858
Kristján Bjarnason 170
Kristján Erlendsson 399
Kristján Gíslason 982
Kristmann Þorkelsson 704
Kühlke, Peter 35
Kveldúlfur, h/f 264, 712
Landsbanki Íslands 415, 611, 855, 982
Landsverzlun Íslands 200
Lárus Halldórsson 566
Laxdal, Jón 179, 285, 337, 412
Levi, R. P. 425, 852, 944
Lilliendahl, Jakob 170
„Lilly", eigendur og vátryggjendur 398, 426
Líndal, Guðjón J. 860
Loftur Jónsson 1193

Bls.
Ludolf Eide, eigendur og vátryggjendur 50
Lúðvík Sigurðsson 165
Magnús Jóhannsson 102
Magnús Jónsson, bæjarfógeti 697
Magnús Jónsson, próf. theol. 982
Magnús Jónsson, próf. jur. 1150
Magnús, M. Júl. 385, 508
Magnús Matthíasson 278
Magnús Sæmundsson 1282
Magnús Vernharðsson 1022, 1235
Magnús Þórðarson 664
Magnús Þorsteinsson 102
Mandal & Oplands Privatbank 727
Margrét Árnason 262
Margrét Jónsdóttir á Akureyri 559
Margrét Jónsdóttir á Eskifirði 600
Margrét Kristgeirsdóttir 1041
Margrét Þorláksdóttir, dánarbú 53
Margrét Þorláksdóttir, lögerfingjar 243
„Marz“ m/k, eigendur 1323
Mehren & Co. 6
Melsted, Páll 652
Metúsalem Jóhannsson 537, 666, 852, 1213
Namdal e/s, eigendur 460
Namdal e/s, eigendur og vátryggjendur 1323
Nordahl, Kjartan S. 819
Oddur Gíslason 855, 938
Ólafs, Ólafur R. 879
Ólafsvíkurhreppur 1085
Ólafur Árnason, dánarbú 262
Ólafur Auðunsson 711
Ólafur Gíslason & Co. 697
Ólafur Guðmundsson 592, 878
Ólafur Jóhannesson 102
Ólafur Magnússon 285
Ólafur Ólafsson 102
Ólafur Pálsson 780
Ólafur Þórðarson 586
Ólafur Þorsteinsson 666
Óli Metúsalemsson 195

Bls.

Olíuverzlun Íslands, h/f 1099
Ólöf Benediktsdóttir 65
Ósland, Kári 1087
„Otur" b/v, vátryggjendur og eigendur 671
Páll Bjarnason 765
Páll Kr. Jóhannsson 87
Páll Jónsson 961
Páll B. Jónsson 562
Páll Ólafsson 281
Patrekur h/f, þrotabú 102
Petrína Kristjánsdóttir 791
Pétur Guðjónsson 1299
Pétur Jakobsson 1212, 1281, 1282
Pétur Magnússon 65
Pétur Oddsson 788
Pétur Á. Ólafsson 6, 28, 337
Pétur Pétursson 175
„Phebe", kútter, eigendur og vátryggjendur 228
Póststjórn Íslands 28, 219
Ragnar Ólafsson, dánarbú 1240
Rakel Pálsdóttir, dánarbú 87
Rauðasandshreppur 399
Reykdal, Jóhannes J. 157
Reykhólar, eigendur 546, 731
Reykjavíkurkaupstaður 14, 200, 800, 1150
Ríkissjóður 71, 209, 589, 744, 977, 1027, 1053, 1158, 1178, 1288, 1319
Ritter, Joh. 494
Rósa Hjartardóttir 41
Runólfur Jónsson 1155
Samábyrgð Íslands á fiskiskipum 592
Samband íslenzkra samvinnufélaga 108
Samtrygging íslenzkra botnvörpunga 264
Schiöth, Carl 476
„Senator Westphal" b/v, vátryggjendur og eigendur 671
Seyðisfjarðarkaupstaður 918
Sigfús Sveinsson 165
Sighvatur Andrésson 1155
Siglufjarðarkaupstaður 59
Sigmundur Jóhannsson 799

Bls.
Sigmundur Sæmundsson 242
Sigríður H. Ingimundardóttir 664, 665
Sigríður Þórðardóttir 449
Sigurbergur Jóhannsson 4
Sigurbjörg Ólafsdóttir 170
Sigurður Ágústsson 401
Sigurður J. Gíslason 170
Sigurður Halldórsson 887
Sigurður Hallsson 537
Sigurður Jónsson 34, 35
Sigurður Jónsson, Akureyri 170
Sigurður Jónsson 1022
Sigurður Kristjánsson 368
Sigurður Magnússon 918
Sigurður Ólafsson 41
Sigurður Sigurðsson í Vestmannaeyjum 242
Sigurður Sigurðsson frá Kálfafelli 305
Sigurður Sigurðsson, búnaðarmálastj. 477
Sigurður Þorvarðsson 62
Sigurjón Jóhannesson 170
Sjómannafélag Reykjavíkur 930
Sjóvátryggingarfélag Íslands 126
Sjur Lothe & Co A/S 192
Skipasmíðastöð Reykjavíkur 952
Skiptaráðandinn í Reykjavík 243
Skiptaráðandinn í Ísafjarðarsýslu 855
Skjaldberg, Sigurður Þ. 652
Skúli Jónsson 933
Sleipnir, h/f 50, 930
Smjörlíkisgerðin 863
Sparisjóður Árnessýslu 329, 415
Sparisjóður Norðfjarðar 1240
Sparisjóður Sauðárkróks 895
Stafnesstorfan, eigendur 1
Stangeland, Hans P. 915
Stefán Friðriksson 1041
Stefán Ingvarsson 819
Stefán Th. Jónsson 494, 500, 712
Stefán Pétursson 170
Stefáns, Fjóla 1319

Bls.

Steindór Einarsson 589
Steingrímur Guðmundsson 278
Stígur Guðjónsson 198
Storr, L. 508
Ströjer & Mörck 879
Súðavíkurhreppur 62
Suðurfjarðahreppur 657
Sveinbjörn Jónsson 878
Sveinn Árnason 31
Sveinn Ásmundsson 977
Sveinn Hallgrímsson 619
Sveinn Helgason 170
Sveinn Magnússon 559
Svínvetningabrautarfélag 378
Syre, O. G. 192
Theódór Guðmundsson 598
Thorlacius, Finnur 1135
Thoroddsen, Þórður J. 1212, 1282
Tómas Jónsson, kaupmaður 56
Tómas Jónsson Akureyri 170
Trekroner, vátryggingarfélag 71
Trueba y Pardo 387, 619, 699
Tryggvi Þórhallsson 305, 358, 439
Tulinius, Thor E., þrotabú 1082
Tuxham A/S 637
Uddeholm A/S 727
„Úlfur", sameignarfélag 145
Útbú Landsbankans á Eskifirði 286, 611, 915
Útbú sama á Ísafirði 233
Útbú sama á Selfossi 343
Vald. Paulsen & Fossberg 822
Valdimar Halldórsson 170
Valdimar Jónsson 559
„Veresis" b/v, eigendur og vátryggjendur 82
Verksmiðjufélagið á Akureyri 1102
Verzlunarfélag Norðurfjarðar 878
Verzlunarfélag Vestmannaeyja 242, 425, 508, 800, 863, 879, 973, 1009, 1211, 1212, 1213, 1264, 1291
Verzlunarfélag Vindhælinga 263
Vestmannaeyjakaupstaður 177, 1009

Bls.
Vopnafjarðarhreppur 666
Völundur h/f 1085
Wolff, Knud 500
„Yvonne", skonnorta, eigendur og vátryggjendur 228, 346
Zöllner, Louis 35
Þingvallahreppur 341
Þórarinn Árnason 102
Þórarinn Þorvarðsson 412
Þorbergur Þorleifsson 430
Þórðarson, Björn 1135, 1158
Þórður Bjarnason 144, 174, 619
Þórður Jónsson 614
Þorgeir Þorgeirsson 144, 174
Þorgrímur Ólafsson 1281
Þórhallur Sæmundsson 50
Þormóður Eyjólfsson 209, 457
Þorsteinn Jónsson 619, 699
Þorsteinn Jónsson, þrotabú 6
Þorsteinn Pétursson 87
Þorvaldur Benediktsson 430
Þorvaldur Helgason 170
Þorvaldur Pálsson 1211
Ögmundur Guðmundsson 343

B. Opinber mál.

Ámundi Geirsson 869
Anna Jónsdóttir 1189
Ari Þórðarson 260
Arnbergur Stefánsson 291
Argrímur Fr. Bjarnason 899
Árni Árnason 1189
Ásgeir Ásmundsson 907
Ásgeir Jónsson 1007
August, Karl Georg 1174
Bang, Oluf 872
Becker, Carl Poul Max 299
Behrens, Wilhelm 1185
Benjamín Ágúst Jensen 1223
Berndsen, Fritz G. O. K. 225

Bls.

Bertel Sigurgeirsson 19
Bjarni Finnbogason 77, 677, 774, 1307
Bjarni Jónsson 253
Björgólfur Ólafsson 1005
Björn Emil Bjarnason 1264
Björn Einarsson 666
Björn Magnússon 1189
Björn Sveinsson 100, 308
Blandon, Þorkell 1144
Bojahr, Albert G. W. 490
Buch, Marinus 436
Bustel, Fritz von 746
Christensen, Anton 973
Elizabet Eiríksdóttir 1023
Enok Helgason 1214
Eyvindur Eyvindsson 463
Eyþór Þorgrímsson 688
Fuhrmann, Johan 423
Gestur Guðmundsson 213
Gindüllis, Martin 680
Gísli Guðmundsson 1078
Goos, Sören 1049
Grandjean, Hildur 216
Guðbjörn Jónsson 528
Guðlaugur Brynjólfsson 1076
Guðmundur Björnsson 77
Guðmundur Ingi Einarsson 577
Guðmundur Guðjónsson 723
Guðmundur Jónatansson 572
Guðmundur Þorkelsson 410, 782
Hall, Joseph Ronald 1326
Halldór Einarsson 814
Halldór G. Stefánsson 149, 627
Hallgríms, Hallgrímur T. 216
Hannes Jónsson 748
Haraldur Jónsson 640
Helgi Benediktsson 1026
Helgi Eiríksson 219
Herpich, Otto 1150
Hjörtur Gunnlaugsson 772

Bls.
Holländer, Tamme 139
Höskuldur Eyjólfsson 468
Ingimundur Ögmundsson 66
Ingjaldur Jónsson 66
Ingólfur Andrésson 1223
Ingólfur Bjarnason 701, 992
Ingvar Benediktsson 810
Ingvar Einarsson 1307
Jafet Egill Sigurðsson 879
Jens Eyjólfsson 1221
Jóhann Indriðason 1305
Jóhannes Björnsson 1307
Jóhannes Guðjónsson 1047
Jóhannes Hjálmarsson 774, 1307
Jóhannes Jóhannesson 1045
Jón Benjamínsson 466
Jón Guðmundsson 66, 1307
Jón Gunnlaugsson 1307
Jón L. Hansson 569
Jón Högnason 893
Jón Hjörtur Jónsson 547
Jón Jónsson frá Ísafirði 343
Jón Einar Jónasson 1282
Jón Jónsson, læknir 979
Jón Jónsson, bryti 299
Jón Rafnsson 1267
Jón Þorsteinsson 1223
Jónanna Stefánsdóttir 528
Just, Fritz 661
Juul, Gunnar 149, 632
Juul, J. A. 1206
Karl Stefán Danielsson 986
Karl Guðmundsson 646
Karl Jónsson 796
Karl Haraldur Jónsson 719
Kjerúlf, Eiríkur 149, 622
Klietz, Adolph 136
Korte, Fritz 620
Kristinn Stefánsson 253
Kristján Þorberg Benediktsson 882

Bls.
Kristján Daði Bjarnason 539
Kristján Jóhannesson 757
Kristmundur Einarsson 774, 1307
Kristmundur Ólafsson 1189
Kuhr, Karl 1261
Lemesle, Charles 1167
Lüers, Heinrich 390
Magnús Guðmundsson 1005
Magnús, M. Júl. 951, 1011
Magnús Pétursson 947
Markús Jónasson 904
Marta Jónsdóttir 1189
Mensing, Fr. 736
Mewes, C. M. H. 334
Michelsen, Adolph 299
Millener, Robert William 1073
Modersitzki, Karl H. 485
Mykleburst, Ivar 1208
Nielsen, Alfred 1223
Noack, Otto 734
Offermann, Heinrich 1176
Ólafs, Björn 105
Ólafur Friðriksson 74
Ólafur Guðjónsson 1146
Ólafur Halldórsson 709
Ólafur S. H. Jóhannesson 770
Ólafur Sigurðsson 666
Ólafur Guðmundur Elis Sigurðsson 395
Óskar Þórðarson 860, 926
Páll Stefánsson 66, 1307
Pálmi S. Pálmason 1228
Paul, Carl dr. 1014
Pétur Oddsson 1092
Rekdal, Jónas 253
Rieschmüller, Fritz 740
Ritter, Joh. 494
Roelofs, Theodor 1279
Schekat, Wilhelm 299
Schütte Wilhelm 827
Seemund, Ernst 420

Bls.
Sigurður Eyjólfsson 939
Sigurður Gíslason 392
Sigurður Sigurðsson 666
Sigurður Sveinn Sveinsson 1285
Sigurður Jóhannesson 936
Sigurjón Jónsson, skipstjóri 66
Sigurjón Jónsson, bifreiðarstjóri 890, 936
Sigurjón Sigurðsson 1307
Sigurpáll Sigurðsson 1031
Stefán Finnbogason 762
Stefán Stefánsson 1307
Stefán Þorláksson 203, 543
Strehlau, Friedrich 809
Svarfdal, Þorkell S. 1307
Sveinn Jónsson 835
Tancrè, Otto H. 206
Theessen, Wiet 776
Thorarensen Henrik 801
Thorarensen, Skúli 100, 308
Thoroddsen, Þórður J. 95
Tómas Jónsson 1292
Tulinius, Hallgrímur 1005
Vilhjálmur Jónsson 579
Woldmann, Martin 1132
Worthington, Thomas 46
Þórarinn Olgeirsson 509
Þórður Ananías Steinsson 944
Þorkell Ólafsson 928
Þorkell Sigurðsson 1307
Þorkell Þorleifsson 865
Þorsteinn Jónsson 861
Þorvaldur Pálsson 1170

Atriðisorð.

Ábúð.
Ábyrgð
Aðför. Sbr. fjárnám, lögtak.
Aðild.
Áfengislagabrot. Sjá bifreiðar, ölvun.
Áfrýjun. Sbr. dómar og úrskurðir.
Áreið. Sbr. landamerkjamál, vettvangsmál.
Árekstur skipa.
Arfur. Arfleiðsla.
Ávísun.

Bankar.
Barnsfaðernismál.
Bifreiðar. Sbr. refsing, skattar og gjöld.
Björgun.
Blóðskömm.
Botnvörpuveiðar. Sjá fiskveiðalög.
Brenna.

Dómar og úrskurðir.
Dómarar.
Dómtúlkar.
Drengskaparorð. Sjá eiður.

Eiður. Sbr. barnsfaðernismál.
Eignarréttur.
Embættis- og sýslunarmenn. Sjá áfengislagabrot, dómarar, yfirvöld.
Endurbætur á annara eign.
Endurgreiðsla.
Endurupptaka máls.

Farmsamningur.
Fátækraframfærsla.
Félagsskapur.
Fiskveiðalög. Sbr. ítrekun, mat og skoðun, neyðarréttur, refsing, sönnun, varnarþing.
Fjárnám. Sbr. lögtak.
Fógetagjörðir. Sjá fjárnám, innsetning, kyrrsetning, lögbann, lögtak, útburður.
Forkaupsréttur.
Forsendur. Sbr. samningar.
Framsal kröfuréttinda.
Framboð.
Frávísun.
Frestir.
Fyrning kröfuréttinda.

Gagnsakir. Sbr. málasamsteypa.
Gengi.
Gerðardómur.
Gestaréttur.

Geymsla.
Gjafsókn. Gjafvörn.
Gjaldþrotaskipti. Sbr. veð.
Greiðsla.
Gæzla.
Gæzluvarðhald.

Hafning máls. Sbr. ómaksbætur.
Haldsréttur.
Hefð.
Heilbrigði. Sbr. sakhæfi.
Heimvísun. Sjá ómerking.
Helgidagsbrot.
Hilming.
Hjónaband. Sbr. kaupmáli.
Hlutafélög.
Hlutdeild.
Húsagi.
Húsaleiga.
Húsleit.

Iðgjöld. Sjá opinber mál 2.
Innheimtulaun.
Innsetningargjörðir.
Ítrekun.

Játning. Sbr. sönnun, saknæmi.

Kaup og sala. Sbr. samningar.
Kaupfélög.
Kaupmáli.
Kvaðir.
Kyrrsetning.

Landamerkjamál.
Landshlutur.
Leiðbeiningarskylda dómara.
Leiga. Sjá húsaleiga.
Líkamsmeiðingar. Sjá áverki.
Líkur. Sbr. barnsfaðerni, eiður, sönnun.
Lóðamerki.
Lög. Lögjöfnuður.
Lögbann.
Lögregla.
Lögræði.
Lögtak.

Málasamsteypa.
Málflutningsmenn. Sjá réttarfarssektir.
Málflutningur. Sjá réttarfarslög, útivist aðilja.
Málflutningsumboð.
Málshöfðun.
Málskostnaður.
Manndráp.
Mat og skoðun.
Meðalganga. Sjá málasamsteypa.
Meinsæri og skyld brot.

Nauðgun.
Neyðarréttur.
Neyðarvörn.

Ofbeldi. Sjá áverki.
Ólögleg meðferð á fundnu fé.
Ómaksbætur.
Ómerking.
Opinber mál. Sbr. dómarar, málshöfðun, málskostnaður.

Prókúra.

Refsingar. Reki. Sjá landshlutur.
Réttarfarslög. Sbr. dómar, dómarar, frávísun, málasamsteypa, málskostnaður, leiðbeiningarskylda dómara, ómerking, réttarfarssektir.
Réttarfarssektir. Sbr. dómarar, málflutningsmenn.

Sakhæfi.
Saknæmi.
Samaðild.
Sameign.
Samkomur.
Samningar. Samþykki. Sbr. kaup og sala, skuldir, verzlunarviðskipti.
Sáttir. Sáttaumleitun.
Sektir. Sjá refsingar.
Sjódómur. Sjódómsmál.
Sjóveð. Sbr. skip.
Skaðabætur. Sjá opinber mál 2.
Skattar og gjöld.
Skilyrði. Sjá ábyrgð, samningar.
Skip. Sjá árekstur, refsingar b. 5, sameign, sjóveð.
Skipstjóri. Skipshöfn. Sbr. sjóveð.
Skjalafals.
Skjöl. Sbr. mat og skoðun, sönnun, vitni.
Skipti. Sjá arfur, gjaldþrotaskipti.
Skuldajöfnuður. Sbr. gagnsakir.
Skuldir. Skuldamál. Sbr. samningar, sjóveð, verzlunarviðskipti.
Stefnur. Sbr. frávísun, ómerking.
Stefnuvottar.
Stimpilgjald. Sjá skattar og gjöld 1.
Sveitarstjórn. Sbr. yfirvöld.
Svik. Sviksamlegt athæfi.
Sönnun. Sönnunarbyrði. Sbr. eiður, játning, líkur, mat og skoðun, skjöl, verzlunarbækur, vitni.

Tilraun.

Umboð.
Uppboð.
Útburður.
Útgerð. Sbr. árekstur, sameign, sjóveð.
Útivist aðilja. Sbr. ómaksbætur.
Útlendingar. Sbr. fiskveiðalög.

Valdstjórnin. Sbr. ölvun.
Vanheimild.
Varðveizla. Sbr. líkur.
Varnarþing.
Vatnsréttindi.
Vátrygging. Vátryggingarfélög.
Vegalög. Sbr. yfirvöld.
Veð. Sjá sjóveð.
Venja.
Veiðiréttur.

Veitingar.
Verklýðsfélög.
Verksamningar.
Verzlunarviðskipti. Sbr. samningar.
Verzlunarbækur.
Vettvangsmál.
Vextir.
Viðskiptatilkynningar.
Vinnulaun.
Vinnusamningar.
Vitni.
Víxlar. Víxilmál.
Vörufals.
Yfirvöld.
Þingsafglöpun.
Þingvottar.
Þjófnaður.
Þjófneyzla. Sjá hilming.
Ærumeiðingar. Sbr. réttarfarssektir.
Ölvun.

Efnisskrá.

Ábúð.

Bls.

Leiguliði, er taldi forkaupsrétt sinn fyrir borð borinn með sölu jarðar fyrir lægra verð en honum var boðin hún, eigi talinn hafa sannað þetta 1155

Ábyrgð.

Bls.

Lánardrottinn talinn hafa fyrirgert kröfu sinni á hendur ábyrgðarmanni með því, að veita aðalskuldunaut greiðslufrest án samþykkis ábyrgðarmanns.

Eigi talið, að ábyrgðarmaðurinn ætti sök á greiðslufrestinum, enda þótt hann hefði haft undir höndum peninga frá aðalskuldara, er samkvæmt skýrslu lánardrottins hefði átt að ganga upp í skuldina, með því að lánardrottinn krafði hann eigi um þá 329

Banki dæmdur til að greiða kaupverð hlutar samkvæmt ábyrgðarskuldbindingu sinni, en eigi kostnað við sendingu hans 637

Skuldbinding hrepps um ábyrgð á láni, er taka skyldi í Íslandsbanka eða annari opinberri lánsstofnun, talin fela í sér sjálfskuldarábyrgð 895

Félagi í kaupfélagi, er sagði sig úr því 2¼ 1921, talinn bundinn við niðurjöfnun á tapi þess árin 1919—1922, samkvæmt samþykktum félagsins .. 1018

Banki, sem ábyrgzt hafði greiðslu skuldar, er aðalskuldari gaf lánardrottni út víxil fyrir, leystur undan ábyrgðinni, með því að víxileigandi hafði eigi afhent bankanum víxilinn til innheimtu, eins og til var skilið 1036

Hlutafélag dæmt til greiðslu ábyrgðar, er prókúristi þess batt því á hendur um greiðslu hásetakaups,

Bls.

og voru samningsrof útgerðarmanns, er lofað hafði að selja félaginu aflann af skipinu, eigi talin leysa félagið af ábyrgð sinni gagnvart hásetunum 1087, 1235

Ábyrgðarmanni með einfaldri ábyrgð einnig dæmt að greiða kostnað af árangurslausri málssókn á hendur aðalskuldunaut 1235

Aðför, Sbr. fjárnám, lögtak.

Maður dæmdur til refsingar eftir 262. gr. hegningarlaganna, sbr. 38. gr. aðfararlaganna, fyrir að gefa ranga skýrslu um eignir sínar fyrir fógetarétti 19

Aðild. Sbr. málasamsteypa, málflutningsumboð.

Talið rétt að stefna 8 mönnum, er staðið höfðu fyrir hvalskurði og ráðstöfun hvalsins, fyrir sína hönd og þeirra, sem hvalina ráku á land, til greiðslu landshlutar 87

Sektað í máli, er félag höfðaði, fyrir meiðyrði um ónafngreinda þjónustumenn félagsskaparins, en eigi um nafngreinda menn, er við hann voru riðnir 108

Hjón, er í félagi keyptu hús, höfðuðu saman mál til riftingar kaupunum 237

Maður sýknaður fyrir ummæli í nafnlausri blaðgrein, enda þótt hann kannaðist við að hafa skrifað greinina, með tilvísun til 3. gr. tilsk. 9 maí 1855 250

Skakkt nafn á aðilja í undirrétti leiðrétt í hæstarétti 294

Stefnandi í héraði varð gjaldþrota eftir höfðun máls. Krafan afhent þriðja manni, er tekur við málinu 23

Banki, sem tók við skyldum og réttindum aðilja eftir uppsögn héraðsdóms, áfrýjar málinu 329

Eigi talin ástæða til að ómerkja málsmeðferð og dóm í barnsfaðernismáli á hendur B, þótt A, sem barnsmóðir hafði lengi búið með og átt börn með, væri eigi líka stefnt samkvæmt 13. gr. laga nr. 46/1921 449

Bls.

Eftir útgáfu áfrýjunarstefnu andaðist áfrýjandi, en skiptanefnd í búi hans tók við málinu 554
Dánarbú stefnanda tekur við aðild máls eftir lát hans 693
Eiganda jarðar stefnt í landamerkjamáli, og þar að auki umboðsmanni jarðarinnar og með honum, er var orðinn gjaldþrota, skiptaráðanda í búi hans 731
Í máli út af afhending hlutabréfa var hlutafélagið talinn réttur sóknaraðili, með því að það hafði fengið yfirlýsingu hluthafa um rétt sinn til kaupa á bréfunum 704
Aðildarskortur talinn leiða til sýknu, en ekki frávísunar 895
Eigandi skips, sem annað skip rakst á, ekki talinn eiga kröfu á hendur vátryggjanda þess skips .. 1323

Áfengislagabrot, sjá bifreiðar, ölvun.

Maður dæmdur til refsingar fyrir ólöglega áfengisbruggun .. 213, 216, 219, 468, 1264, 1282, 1285, 1305
Maður dæmdur fyrir undirbúning til áfengisbruggunar 782
Maður dæmdur fyrir bruggun, ólöglegan flutning og ólöglegar veitingar áfengis 569
Sýknað af kæru út af geymslu og afhendingu öls, sem hér var bruggað, með því að ósannað þótti, að ölið hefði verið áfengara en lögleyft er 1267
Menn dæmdir fyrir ólöglegan innflutning áfengis 253, 299
Maður dæmdur fyrir innflutning áfengis í söluskyni og fyrir sölu þess 466
Dæmt fyrir innflutning áfengis úr útlendu fiskiskipi 757
Skipstjóri dæmdur fyrir innflutning áfengis samkvæmt 2. lið 27. gr. áfengislaga nr 64/1928 .. 893
Átta menn dæmdir fyrir innflutning áfengis og aðstoð við þann verknað, en 3 sýknaðir af refsiverðri þátttöku í honum 1307
Maður dæmdur eftir 14., sbr. 9. gr., l. nr. 15/1925, fyrir sölu áfengis 762
Maður dæmdur fyrir sölu áfengis og fyrir að leyfa mönnum áfengisnautn í kaffihúsi sínu 677

Bls.
Maður dæmdur fyrir sölu á 3 flöskum Spánarvína 907
Kona dæmd fyrir sölu Spánarvína 1023
Hjón dæmd fyrir sölu Spánarvína í atvinnuskyni. Þrír aðstoðarmenn þeirra sýknaðir, með því að heimild í löggjöfinni, beina eða óbeina, þótti vanta til að dæma þeim refsingu 1189
Læknar sýknaðir af kæru fyrir að hafa ritað áfengisávísanir á önnur blöð en hin lögmæltu eyðublöð samkvæmt 5. og 6. gr. reglug. nr. 67/1922, með því að framkvæmdarvaldið hefði brostið heimild til þess að setja þessi reglugerðarákvæði 95, 149
Lyfsali sýknaður af kæru fyrir afhendingu áfengis út á þessa áfengisseðla 149
Læknir sýknaður af kæru um að hafa látið af hendi áfengisávísun án þess að kynna sér áfengisþörf beiðanda, en dæmdur í sekt fyrir að hafa ritað áfengisávísun á önnur blöð en hin fyrirskipuðu og sviftur rétti til útgáfu áfengisseðla 622, 627
Læknir sektaður fyrir vanrækslu um hald eyðslubókar yfir áfengisútlát og um vanrækslu á áritun fyrirsagnar á áfengisílátin um notkun þess 801
Læknir sektaður fyrir útgáfu áfengisávísana á önnur blöð en hin lögmæltu og fyrir útgáfu áfengisseðla með ofháum skammti 947, 977, 1011, 1171
Læknir sýknaður af kæru um útgáfu óleyfilegs áfengisseðlafjölda 977
Læknir talinn mega gefa út yfir 300 áfengisávísanir á ári, ef hann á fyrningar eyðublaða eftir frá fyrra ári. Þar á móti talið, að læknir megi ekki ávísa sjálfum sér áfengi tíðar en mælt er um áfengisávísanir lækna almennt 1171
Lyfsali sektaður fyrir afhendingu áfengislyfs út á ávísanir, er eigi voru skráðar á hin fyrirskipuðu eyðublöð, en sýknaður af kæru um það, að þjónar hans kynni að hafa afhent áfengi án lyfseðils 632
Lyfsali sektaður fyrir sama brot og fyrir útlát áfengis án samtímis afhendingar lyfseðils 1206
Forstöðumaður lyfjabúðar sektaður eftir 21. gr. l. 64/1928 1078

Bls.

Áfrýjun. Sbr. dómar og úrskurðir.

Áfýjunarleyfi veitt vegna þess, að áfrýjunarfrestur var liðinn 1, 4, 31, 35, 51, 62, 71, 82, 87, 141, 145, 165, 175, 179, 294, 305, 412, 430, 494, 519, 599, 611, 657, 671, 731, 780, 895, 911, 915, 919, 1022, 1082, 1087, 1124, 1155, 1240, 1242, 1323

Áfrýjunarleyfi vegna þess, að áfrýjunarupphæð var eigi nógu há 911

Leyfi til þess að koma að nýjum gögnum 35, 915

Máli, sem upphaflega var áfrýjað eftir leyfi, en þá frávísað ex officio, var af nýju áfrýjað eftir sama leyfi og enn frávísað ex officio, með því að áfrýjunarstefnan var gefin út meira en 4 vikum frá uppsögn fyrra frávísunardómsins 698, 699

Máli vísað ex officio frá hæstarétti, með því að áfrýjunarupphæð náði eigi lögmæltu lágmarki 599

Kröfu um ómerkingu fjárnáms og uppboðs vísað frá hæstarétti, með því að þessara dómsathafna var eigi getið í leyfi til að áfrýja dómi í málinu 915

Kröfu um dóm í hæstarétti um gagnkröfur hrundið, með því að dómur var eigi lagður á þær í héraði 1158

Krafa, er áfrýjandi gerði um það, að þrotabú yrði, í sambandi við áfrýjun á uppboði á fasteignum þess, dæmt í hæstarétti til þess að greiða honum upphæð, er hann hafði lagt út fyrir búið í þarfir fasteignanna, ekki dæmd að efni til, með því að hún hafði eigi komið undir dóm eða úrskurð í héraði 349

Máli frávísað hæstarétti, með því að synjað var um frest til málsútlistunar, er beðizt, var sakir vöntunar dómsgerða 611, 1219

Úrslitum eigi breytt aðilja í vil, er eigi hafði gagnáfrýjað 82

Dómur, uppkveðinn andstætt ákvæðum 9. gr. tilsk. 15. ág. 1832, ómerktur 656

Reikningsskekkja í héraðsdómi leiðrétt ex officio í hæstarétti 6

Ritvilla í héraðsdómi athuguð 1167

Breytt ex officio ákvæði í eiðstaf í dómi í barnsfaðernismáli 1041

Bls.

Kröfu um frávísun máls frá sjódómi hrundið, með því að hún hafði eigi verið höfð uppi í héraði .. 35

Mótmæli um atriði, er eigi komu fram í héraði, eigi tekin til greina í hæstarétti 6

Skaðabótakröfu, sem sundurliðuð var í héraði og eigi mótmælt þar að *því* leyti, var fyrst mótmælt að þessu leyti í hæstarétti, en þau mótmæli ekki tekin til greina 712

Í máli út af arfleiðslugerningi var stefnt skiptaráðanda og þeim, er mótmælt höfðu gerningnum .. 41

Skiptaráðanda og skiptabeiðanda stefnt við áfrýjun á úrskurði um, að gjaldþrotaskipti skyldi hefjast 102

Dómi um sjóveð í bát áfrýjað og stefnt þeim, er eignast höfðu bátinn eftir uppsögn dómsins .. 780, 788

Þriðji maður, er eigi hafði gerzt aðili við fjárnámsgerð, en taldi sig eiga verðmæti þau, er tekin voru, áfrýjar fjárnámi og sannar rétt sinn 364, 592

Kona gerðarþolanda áfrýjar fjárnámi, gerðu í innanstokksmunum til tryggingar skuld á hendur manni hennar, og telur sig eiga munina samkvæmt kaupmála þeirra hjóna. Fjárnámið var staðfest, með því að eigi þótti sannað, að munir þessir væri séreign konunnar 559

Fógetaúrskurði, er synjaði gerðarbeiðanda um að setja hann inn í skrifstofur, bækur og skjöl félags, einnig áfrýjað af varamanni gerðarbeiðanda sem meðalgöngumanni til breytingar á forsendum úrskurðarins og um dóm til viðurkenningar á varamannsrétti hans 477

Úrskurði dómara eiðsmáls, eiðvinningunni og synjunarúrskurði fógeta um fjárnám, er byggður var á eiðvinningunni, áfrýjað í einu lagi og allt ómerkt í hæstarétti 415

Talið, að áfrýjun dóms og aðfarar eftir honum, frestaði ekki gjaldþrotameðferð samkvæmt kröfu dómhafa eftir 3. gr. laga nr. 7/1894, með því að sannað var með aðfarargerðinni, að gerðarþolandi átti eigi fyrir skuldum og dómhafi fekk eigi fullnægjandi fjárnám til tryggingar kröfu sinni 387

Áreið. Sjá landamerkjamál, vettvangsmál.

Árekstur skipa.

Eigendum skipa, er sök áttu á árekstri á önnur skip, dæmt að greiða bætur 264, 460, 804, 1323
Tjóni skipt að ⅓ og ⅔ samkvæmt 225. gr. siglingalaganna. Aflatjón eigi bætt sakir upplýsingaskorts 671
Hvort skip látið bera sitt tjón 82, 228
Skaðabótakröfu hrundið, með því að það skip, er krafizt var bóta fyrir, þótti eiga sök á árekstrinum 426
Eigendur skips, er rakst á annað skip við hafnarbakka, dæmdir til að greiða eigendum þess skips bætur, með því að skipstjóri hafði eigi fylgt skipunum hafnarstjóra 145

Arfur. Arfleiðsla.

Á, sem hafði verið sviftur fjárræði vegna andlegrar veiklunar, gaf yfirlýsingu um ráðstöfun eigna sinna að sér látnum, daginn áður en hann lézt, í áheyrn læknis, fjárhaldsmanns síns og 2 annara manna. Daginn eftir lát mannsins skrásettu þessir 4 menn yfirlýsinguna og læknir vottaði, að hann hefði verið með réttu ráði. Arfleiðslan metin gild þrátt fyrir vefengingu frændsemiserfingja 41
Árið 1906 gerðu hjónin A og B gagnkvæma arfleiðsluskrá. Eftir lát A gerði B 3 aðrar arfleiðsluskrár og ógilti með þeirri síðustu allar hinar. Gagnkvæma skráin var vefengd af erfingjum A og dæmd ónýt, með því að arfleiðsluvottarnir gátu eigi borið um ýms atriði, sem gildi hennar valt á. B var því eigi heldur talinn bundinn við þessa arfleiðsluskrá. Síðasta skráin ein var metin gild, með því að hún fullnægði öllum lögmæltum skilyrðum. Samkvæmt þessu var B talið heimilt að ráðstafa eftir sinn dag hálfu félagsbúi þeirra hjóna og ⅓ af félagsbúshelmingi A og búinu samkvæmt þessu skipt meðal erfingja þeirra 243

Bls.

Áverki.

Maður dæmdur til refsingar fyrir að greiða öðrum manni höfuðhögg 225, 392

Hjón dæmd samkvæmt 205. gr., sbr. 2. lið 204. gr., hegningarlaganna, fyrir að vanrækja að leita barni, sem var í umsjá þeirra, lækninga og fyrir hörkulega meðferð á barninu eftir að það var orðið veikt 528

Lögregluþjónn dæmdur fyrir að veita í starfi sínu drukknum manni áverka 646

Manni dæmd refsing fyrir áverka á lögreglumanni, meðan hann var að vinna skylduverk sitt 879

Bifreiðarstjóri talinn hafa valdið áverka á mönnum með ógætilegum akstri 1214

Ávísun.

Útgáfa ávísunar um greiðslu fjárhæðar til A. talin fela í sér viðurkenningu um það, að útgefandi hefði fest kaup á tiltekinni vöru hjá A 23

Bankar.

Íslandsbanka talið skylt að greiða fasteignagjald í ríkissjóð þrátt fyrir ákvæði 12. gr. l. nr. 66/1905 744

Sami banki talinn skyldur að selja ríkissjóði gullforða sinn, samkvæmt 3. gr. laga nr. 6/1921, við „nafnverði", er merki það, að 3,73 ísl. krónur greiðist fyrir gulldollara, enda þótt dagsgengi hans væri kr. 5,06 1178

Landsbankinn sýknaður af launakröfu bankaráðsmanns, er kosinn var 1927 til 4 ára, en sviftur starfanum 1928 vegna breytinga á lögum bankans 982

Barnsfaðernismál.

A, sem kenndi B barn, hafði búið 12 ár með ónafngreindum manni og átt með honum 5 börn. Auk þess tilnefndi B 2 menn aðra, er A mundi að líkindum hafa haft samfarir við. Enga þessa menn hafði héraðsdómari yfirheyrt og var því eigi talinn hafa upplýst málið eins og honum

Bls.

bar samkvæmt 12. og 13. gr. l. nr. 46/1921. Dómur því ómerktur og málinu vísað heim 198
Barnsmóðir eigi talin hafa lýst mann, er hún bjó með, föður að barni, enda þótt hana mætti hafa grunað, að prestur og skírnarvottar teldi þann mann föður 449
Barnsmóðir talin hafa svo mikið til styrktar málstað sínum, að henni var veittur kostur á fyllingareiði 449, 791, 842, 1041
Breytt ex officio eiðstaf í dómi í barnsfaðernismáli 1041

Bifreiðar. Sbr. refsing. Skattar og gjöld.

Bifreiðarstjóri sektaður fyrir bifreiðaakstur sakir þess, að hann var ölvaður eða undir áhrifum áfengis 640, 770, 796, 890, 926, 936, 973, 1146, 1221
Maður sektaður fyrir að aka bifreið ljósalaust 203
Maður sektaður fyrir að aka bifreið tölumerkjalausri 770
Bifreiðarstjóri sektaður fyrir að hafa fleiri farþega í bifreið en í skoðunarvottorði var til tekið .. 861
Bifreiðarstjóri dæmdur fyrir óvarlegan akstur, er mannsbani hlauzt af 814, 865, 1214
Maður dæmdur fyrir of hraðan akstur á götu 543
Bifreiðarstjóri, sem ók röngum megin á götu og rakst á mann á reiðhjóli, sektaður og dæmdur til að bæta skemmdir á hjólinu 463
Bifreiðareigandi sýknaður af skaðabótakröfu fyrir trippi, er rakst á bifreið hans, með því að ökumaður var talinn hafa sýnt fulla aðgæzlu 887
Bifreiðarstjóri sýknaður af ákæru fyrir að hafa orðið mannsbani, með því að hann þótti hafa sýnt fulla varkárni 709, 944
Bifreiðarstjóri sýknaður af kröfu um að hafa valdið meiðslum á manni, með því að maðurinn hafði hlaupið fyrir bifreiðina og bifreiðarstjórinn þótti eigi hafa getað afstýrt slysi 291

Björgun.

Nótarkaðall á skipi vafðist um skrúfuhausinn og skipið því talið statt í háska. Annað skip, er fengið hafði neyðarbendingu, dró skipið í höfn og

Bls.

voru því dæmd björgunarlaun samkv. 10. kap. siglingalaganna 50

Skip ekki talið statt í neyð, þótt vél þess væri ónothæf, og dráttur á því þess vegna talinn „aðstoð" og þóknun dæmd fyrir hana, en eigi björgun .. 195

Dráttur á skipi, er orðið hafði fyrir árekstri, talinn björgun 346

Tvö skip rákust hvort á annað og voru talin eiga jafna sök á árekstrinum. Því skipinu, er dró hitt síðan til hafnar, voru því engin björgunarlaun dæmd 82

Blóðskömm.

Maður dæmdur fyrir tilraun til að nauðga systur sinni 882

Botnvörpuveiðar. Sjá fiskiveiðalög.

Brenna.

Maður dæmdur fyrir brennu af óvarkárni 992

Maður dæmdur fyrir íkveikjutilraun eftir 282. sbr. 46. gr. hegningarlaganna. Sératkvæði í því máli 986

Dómar og úrskurðir.

Kveðinn upp skilorðsbundinn refsidómur samkvæmt l. 39/1907 .... 19, 77, 225, 436, 546, 646, 1047, 1223

Ákvæði héraðsdómara um skilorðsbundinn dóm felld úr gildi 814, 865, 879

Afsettur sýslumaður, er kveðið hafði upp úrskurð eftir afsetninguna, þar sem hann neitaði að afhenda hinum setta eftirmanni sínum embættið og úrskurðaði sig áfram í embætti, gerði kröfu um frávísun máls á hendur honum til fjárskila eftir embættið með skírskotun til úrskurðar þessa, er væri óhaggaður. Úrskurðurinn talinn markleysa og frávísunarkröfu því hrundið 1053

Eigi talið frágangssök að lúka dómsorði á kröfu, þótt ágreiningur kynni síðar að rísa um hið dæmda atriði 1102

Bls.

Kröfu um ómerkingu dóms vegna þess, að hann væri óendanlegur, hrundið 1193
Athugað, að í niðurlag héraðsdóms vantaði málskostnaðarákvæði 677
Banki dæmdur til greiðslu á andvirði vöru gegn því, að farmskirteinið yrði afhent honum 637
Synjað af kröfu um afhendingu hlutabréfa gegn greiðslu andvirðis þeirra 704
Krafa um viðurkenning sjóveðréttar eigi úrskurðuð í héraðsdómi 346
Á dæmdur til að afhenda sparisjóðsbók eða greiða innstæðu hennar 1269
Tekið fram í forsendum og niðurlagi dóms, að aðili eigi eða eigi ekki sjóveð í tilteknu skipi 195, 264, 460, 780, 788, 822, 933
Dæmt sjóveð í skipi í forsendum dóms, en ákvæði um sjóveðréttinn ekki sett í niðurlagsorðin .. 192
Fram komin krafa um dómsviðurkenningu á sjóveðrétti hvorki dæmd í héraði né hæstarétti 390
Hrundið kröfu um viðurkenningardóm um ákvörðunarrétt sýslunefndar um veg, um ógildi samþykktar um veginn og um það, að sýslunefndinni beri eigi að leggja fram fé til vegarins 378
Breytt ákvæði í dómum um sektargreiðslufrest í opinberum málum 390, 420, 423
Á seldi B skúr á lóð sinni, en B síðan C, sem síðan fekk dóm á hendur B um greiðslu bóta vegna vanheimildar, en jafnframt framseldi B C vanheimildarkröfu sína á hendur A. Í máli milli C og A var dómurinn milli C og B eigi lagður til grundvallar um kröfuhæðina 961
Skiptaráðandi í búi A kveður upp úrskurð um, að rifting á afhendingu veðsettra muna búsins til B skuli eigi fara fram. C, sem taldi sig eiga forgangskröfu í búið, höfðaði svo mál gegn B og öðrum manni, er fengið hafði hluta af andvirði munanna, til endurgreiðslu á því. Enda þótt því væri haldið fram af hálfu aðilja, að skiptaréttarúrskurðurinn væri res judicata, þá var málið dæmt að efni til í hæstarétti 412

Bls.

Eftir að eiðsdómari hafði með úrskurði breytt eiðstaf í hæstaréttardómi og tekið við eiði samkvæmt því, var kröfu um fjárnám, byggðri á ólögmæti málsmeðferðar eiðsdómarans, hrundið í fógetarétti, með því að eiðvinningin hafði þá eigi verið ómerkt í hæstarétti 415
Gagnáfrýjanda dæmdur eignarréttur að lóðarspildu í hæstarétti, og hafði hann þó eigi lagt þá kröfu til sátta í héraði eða gagnstefnt 519
Málflutningsmaður dæmdur í hæstarétti til að greiða málskostnað „f. h. lögerfingja" A, án nánari ákvörðunar 243

Dómarar.

A. Gallar á dómsgjörðum.

Dómari vittur fyrir vöntun stimpilmerkja á dómsgjörðir eða ranga stimplun 6, 31, 1102
Athugað, að dómari hafði engin gjöld talið fyrir útgáfu dómsgjörða í lögtaksmáli 209
Fundið að því, að skjöl, er fram komu í héraði, voru eigi rituð í dómsgjörðir 547, 1233
Ófullkomnar skiptagjörðir 28
Framlagt sjókort fylgdi eigi dómsgjörðum 1185
Ranglega tekin ritlaun og staðfestingargjald í barnsfaðernismáli 198

B. Dráttur á dómsuppsögn.

Vittur dráttur á dómsuppsögn í einkamálum 6, 31, 35, 41, 528, 539, 838, 982, 1155
Vittur dráttur á dómsuppsögn í opinberu máli 531, 666, 772

C. Fundið að meðferð mála annars.

Vittur dráttur á einkamálum annars 145, 237, 243, 426, 528

Fundið að göllum á rannsókn og meðferð opinberra mála:

Vöntun vottorðs um refsidóm og hegningu 139, 253, 466.

Bls.
Vitni eigi samprófuð sakborningi og eigi eiðfest 468, 577
Sökunaut eigi veittur kostur á að vera við staðfestingu vitnaskýrslu 308, 992
Próf og rannsókn talin ófullkomin annars 216, 466, 528, 539, 547, 677, 709, 748, 992
Vítur dráttur á opinberu máli 528, 539, 772
Dómari vanrækti að birta sökunaut dóminn 577
Rannsóknardómari vítur fyrir meðferð á varðhaldsfanga 992
Fundið að því, að dómari setti eigi í dóm sinn frest til sektargreiðslu 734, 746
Fundið að meðferð dómara á vitnamálum 569, 577, 1242
Dómari talinn hafa vanrækt að upplýsa barnsfaðernismál, sem því var heimvísað 198
Uppboðsráðandi vítur fyrir margskonar glöp og dæmdur til að greiða áfrýjanda kostnað af að láta mæta á uppboði, er sakir afglapana uppboðshaldara var ómerkt ex officio, og til að greiða málskostnað 349
Héraðsdómari, er vísað hafði víxilmáli frá dómi vegna vöntunar á sáttatilraun, sýknaður af kröfu um greiðslu áfrýjunarkostnaðar málsins 697

D. Dómgengi o. fl.

Skiptaréttarúrskurður ómerktur, af því að skiptaráðandi, sem sjálfur var aðili þeirrar kröfu, sem úrskurða skyldi, sat í skiptarétti, þegar sátta var leitað 938
Meðferð og dómur í opinberu máli ómerkt, af því að farið var með það af setudómara án þess að hinn reglulegi dómari hefði vikið sæti í því eða haft forföll 1045, 1144
Dómari, sem stefndur var í máli f. h. þrotabús, gegndi öllum dómstörfum í málinu. Meðferð þess öll og dómur ómerkt ex officio í hæstarétti .. 1240
Það vítt, að skiptaráðandi tók eigi sérstaklega til úrskurðar kröfu um það, að hann viki sæti 102
Kröfu um það, að fógeti viki sæti, vegna óvináttu við aðilja, hrundið, með því að engin rök þóttu færð fyrir henni 1288

Bls.

Maður sektaður fyrir tálmun á athöfnum rannsóknardómara með óbeinum ógnunum 1092

Dómtúlkar.

Í hæstarétti var það upplýst, að dómtúlkur við sjópróf hafði misskilið ummæli erlends stýrimanns. Þetta var leiðrétt í málinu fyrir hæstarétti og dómsniðurstöðu breytt samkvæmt því 228

Drengskaparorð. Sjá eiður.

Eiður. Sbr. barnsfaðernismál.

Kaupanda fisks veittur kostur á að synja fyrir það með eiði, að hann hefði lofað seljanda uppbót á andvirði fisksins 165

Sparisjóður hafði ábyrgzt greiðslu á vöruúttekt fyrir A. Veitti lánardrottinn A líðun á greiðslunni, að því, er hann hélt fram, með samþykki ábyrgðarmanns. Í máli gegn sparisjóðnum þótti þetta ekki fullsannað, en svo margt fram komið því til styrktar, að úrslit málsins voru látin velta á því, að fyrrverandi formaður sparisjóðsins synjaði með eiði fyrir það, að hann hefði samþykkt f. h. sparisjóðsins greiðslufrestinn 329

Í máli um endurgreiðslu ofgoldinnar húsaleigu var eigi talið fært að veita stefnda synjunareið, með því að eiðsatriðið varðaði refsiverðan verknað. Stefnanda því veittur fyllingareiður 652

Stefnda veitt heimild til að synja fyrir það með eiði, gegn skýrslu verzlunarstjóra stefnanda, að hann hefði skuldbundið sig til að greiða vöruúttekt háseta sinna 933

Í héraði voru málsúrslit látin velta á eiði þriðjamanns, en hæstiréttur dæmdi málið án aðildareiðs 961

Aðilja dæmdur fyllingareiður, með því að gagnaðili hans var látinn, um það, að þeir hefði slitið félagsskap sínum með ákveðnum skilmálum 554

Barnsmóður dæmdur fyllingareiður samkv. l. 46/1921

Bls.

15. gr. þannig, að hún hefði haft samfarir við A „einan karlmanna“ á tilteknu tímabili 449
Barnsmóður veittur fyllingareiður 791, 842
Barnsmóðir, sem dæmd hafði verið eftir 230. og 270. gr. hegningarlaganna, veittur fyllingareiður .. 1041
Eiðvinnanda stílaður eiður öðruvísi en í eiðsdómi greindi. Gjörðir eiðsdómara og eiðvinning því ómerkt í hæstarétti 415
Athugað, að vitni, sem staðfesti skýrslu sína með drengskaparheiti, í stað eiðs, hefði brostið til þess lögmælt skilyrði 243

Eignarréttur.

A seldi og afhenti B húsgögn, en áskildi sér eignarrétt á þeim, unz andvirði þeirra væri að fullu greitt. Með því að greiðsla brást, var fógeti skyldaður til að taka munina frá B. með beinni fógetagjörð 1233
A og B létu hvor í sínu lagi síldarverksmiðju bræða fyrir sig síld. Verksmiðjan sendi síðan 55 tn. lýsis út undir nafni A, en segir B, að hann hafi átt 9 tn. af lýsi þessu. A dæmdur til að greiða B andvirði þessara 9 tunna 337
Tveir menn taldir hafa sannað eignarrétt sinn að munum, er teknir voru fjárnámi hjá C, en geymdir voru hjá þriðjamanni 364
A leigði B hlut með þeim kjörum, að leigan var jöfn kaupverði hlutarins, enda skyldi B eignast hlutinn, ef hann greiddi leiguna. Með því að hann gerði það eigi, var hluturinn framvegis talinn vera eign A 364
Ágreiningur um það, hvort A hefði öðlazt skilyrðislausan og ótímabundinn eignarrétt að lóð, er B hafði upphaflega áskilið sér að taka undir sig, þegar hann vildi. B dæmdur eignarrétturinn .. 519
Fimm aðiljar sönnuðu, að þeim hefði verið framseld fjárnumin krafa áður en fjárnám fór fram, og var því fjárnámið að því leyti fellt úr gildi. Krafa eins aðilja um niðurfall fjárnáms í mun-

Bls.

um, er hann taldi sig eiga, var þar á móti eigi tekin til greina 592

Kaupandi vöru einnig talinn hafa orðið eigandi umbúðanna, með því að honum voru reiknaðar þær með ákveðnu verði í „faktúru", enda þótt hann mætti skila þeim aftur 685

A gerði verksamning við B, og skyldi B verða eigandi alls byggingarefnis, er það væri komið á byggingarstaðinn. A fekk „lánað" timbur í steypumót hjá C og sló B eign sinni á það og hagnýtti sér með skírskotun til verksamningsins. B dæmdur til að greiða C fullt verð timbursins 967

Embættis- og sýslunarmenn.
Sjá áfengislagabrot, dómarar, yfirvöld.

Forstöðumaður smásöludeildar Áfengisverzlunar ríkisins og afgreiðslumaður taldir opinberir sýslunarmenn og því dæmdir fyrir sjóðþurð, vanrækslu og óreiðu í reikningsfærslu samkvæmt 136. gr. 1. lið, 135. gr. sbr. 49. gr., 144 o. fl. gr. sbr. 145. gr. hegningarlaganna 308

Lögregluþjónn dæmdur fyrir að veita drukknum manni áverka, með því að hann þótti hafa farið út fyrir takmörk leyfilegrar neyðarvarnar 646

Póstafgreiðslumaður sýknaður bæði af kæru um sviksamlegt athæfi og vanrækslu eftir 144. sbr. 145. gr. hegningarlaganna 899

Bæjarstjórn sýknuð af kröfu læknis um endurgjald fyrir læknishjálp, veitta þurfalingum bæjarins 956

Landsbankinn sýknaður af launakröfu bankaráðsmanns, er kosinn var 1927 til 4 ára, en var sviftur starfanum árið 1928 samkvæmt þá gjörðri breytingu á lögum bankans 982

Frávísað kröfu afsetts sýslumanns um, að afsetningin yrði dæmd ógild og að ráðherra yrði dæmdur til að setja hann aftur inn í embættið, svo og hrundið kröfu hans um bætur fyrir tjón vegna afsetningarinnar 1027

Sami sýslumaður dæmdur til að greiða ríkissjóði ýms gjöld, er talin voru standa inni hjá hon-

Bls.

um. Ríkissjóður þar á móti sýknaður af gagnkröfu hans um uppbót á skrifstofukostnaði, skipagjalda-innheimtu o. fl. 1053
Kröfu um laun afsetts sýslumanns vísað frá dómi 1053
Sami dæmdur til að greiða ríkissjóði ýmsar innistandandi fjárhæðir hjá honum samkvæmt landsreikningi, ríkissbókhaldi og reikningsgerð endurskoðanda, er honum tókst eigi að hnekkja, að undantekinni fjárhæð, er ætla mátti óinnheimta, án þess að hann bæri sök á því 1158
Spítalaráðskonu dæmdar bætur fyrir sviftingu stöðu sinnar með of skömmum fyrirvara 1319
Sektað fyrir mótþróa við stefnuvotta 1026
Maður dæmdur í sekt fyrir óbeina ógnun við rannsóknardómara, en sökunaut talið til málsbóta, að rannsóknardómarinn hefði orðið offari við mann, er undir rannsókn var tekinn 1092

Endurbætur á annara eign.

A hafði fengið söluumboð á mótorbát B, er hann hafði gengið í ábyrgð fyrir, og átti bátsverðið að ganga upp í ábyrgðarskuldina. A talið heimilt að láta gera við bátinn áður en sala færi fram til þess, að báturinn yrði seljanlegur 401
Kaupanda húss, er ranglega var aftur af honum tekið, dæmdar bætur fyrir það, er hann hafði kostað til viðhalds því og endurbóta 838

Endurgreiðsla.

Krafa um endurgreiðslu ofgoldinnar húsaleigu látin velta á eiði sækjanda 652
Seljandi fisks dæmdur til að endurgreiða kaupverð hans vegna verulegra galla á honum, er réttlættu riftingu kaupsamnings 712

Endurupptaka máls.

Dómur, uppkveðinn andstætt fyrirmælum 9. gr. tilsk. 15. ág. 1832, ómerktur í hæstarétti 656
Endurupptaka aðalsakar samkvæmt 9. gr. tilsk. 15. ág. 1832 tekur ekki til gagnsakar 1158

Bls.

Farmsamningur.

A og B stefnt til greiðslu farmgjalds. Með því að skipstjóra mátti vera ljóst, að B tók við farminum aðeins fyrir hönd A, var B sýknaður 35
Samið var um ákveðið farmgjald fyrir smálest, og þá aðeins skylt að greiða fyrir þá lestatölu, er skilað var 35
Farmeiganda talið rétt að draga frá farmgjaldi kostnað, er farmflytjandi hafði bakað honum með óþörfum drætti, aukatryggingu vegna farar skips af réttri leið o. fl. 35
Farmflytjandi þar á móti sýknaður í málinu af skaðabótakröfu vegna dráttar á afhendingu farms, sakir skorts á sönnun fyrir tjóni 35
Farmflytjanda, er ekki gat flutt farm þangað, sem lofað var, af því að skipið sökk, dæmdur tiltölulegur hluti farmgjalds, miðað við vegarlengd .. 382
Farmflytjanda dæmdar biðdagabætur. Ákvæði í farmsamningi um uppskipun talið eiga að miða við aðstæður á þeim höfnum, þar sem farmi skyldi skila 471
Afgreiðslumaður skips, er afhenti vöru án þess að fá í hendur farmskírteini og síðan varð að greiða sendanda andvirði vörunnar, talinn eiga endurgreiðslukröfu á hendur viðtakanda 600
Kaupanda fisks, er verulega gallaður reyndist, talið óskylt að afhenda hann aftur úr skipi á afhendingarstaðnum, nema seljandi greiddi aukafarmgjald fyrir flutning fisksins í skipið 712

Fátækraframfærsla.

Bæjarstjórn sýknuð af kröfu læknis um endurgjald fyrir læknishjálp, veitta þurfalingum, með því að bæjarstjórn, eða fátækranefnd höfðu eigi beiðzt hjálparinnar eða ábyrgzt hana og ósannað var, að svo bráðrar hjálpar hafi verið þörf, að eigi hefði mátt fá samþykki fátækranefndar fyrirfram 956

Bls.

Félagsskapur.

Eigi talið fullsannað, að verzlunarfélagsskap hefði verið slitið með tilteknum skilmálum. Í máli eins félagans gegn öðrum hinna til greiðslu hans hluta af skuldunum voru úrslitin látin velta á eiði um það, að stefnandi hefði tekið við eignum félagsins og ábyrgð á skuldum þess .. 554

Fiskveiðalög. Sbr. ítrekun, mat og skoðun, neyðarréttur, refsing, sönnun, varnarþing.

Togaraskipstjóri sýknaður af kæru fyrir botnvörpuvörpuveiðar í landhelgi 46, 105, 136, 139, 206, 334, 390, 420, 485, 490, 509, 620, 661, 680, 734, 736, 740, 746, 776, 809, 827, 1073, 1078, 1132, 1150, 1167, 1174, 1176, 1185, 1261, 1279, 1326

Togaraskipstjóri sýknaður af kæru fyrir botnvörpuveiðar í landhelgi 1167

Skipstjóri dæmdur í sekt fyrir dragnótaveiðar í landhelgi 810

Eigandi síldarbræðslustöðvar sýknaður af kæru út af kaupum á síld af erlendum fiskiskipum, er talin voru hafa verið löglega stödd á sölustaðnum 1014, 1049

Erlendur skipstjóri dæmdur í sekt fyrir sölu á afla af skipi sínu á íslenzkri höfn, samkvæmt 3. gr. l. nr. 33/1922 1206

Fjárnám. Sbr. lögtak.

Fjárnám hjá hlutafélagi í munum, er tveir áfrýjendur sönnuðu eignarrétt sinn að, fellt úr gildi í hæstarétti 362

Fógeti hafði neitað um fjárnám, með því að fyrir lá synjunareiður þriðjamanns, er fjárnámsbeiðandi taldi eigi í samræmi við eiðstafinn í eiðsdóminum. Eiðsmáli og fógetaúrskurði var síðan skotið til hæstaréttar og var hvorttveggja fellt þar úr gildi og fógeti skyldaður til að framkvæma fjárnámsgjörðina 415

Eigi talið nauðsynlegt að vitna berum orðum í veðskuldabréfi til 15. gr. laga nr. 29 16. desbr. 1885,

Bls.

til þess að gera megi fjárnám samkvæmt bréfinu, enda fullnægi það að öðru leyti fyrirmælum téðrar lagagreinar 537

Mótmælum gegn framkvæmd fjárnámsgjörðar, byggðum á því, að skuldin væri greidd, hrundið, með því að sönnun fyrir þessu vantaði .. 537

Fjárnám samkvæmt veðskuldabréfi gjört fyrir vöxtum og fjárnámskostnaði, en ekki látið ná til innheimtulauna af þeim hluta skuldarinnar, sem áður hafði verið greiddur, né til vaxtavaxta .. 537

Fjárnámi í munum, sem voru á heimili gjörðarþolanda, mótmælt, með því að þeir væri eign konu hans samkvæmt kaupmála, en hann hefði að eins haft þau á leigu. Með því að eigi þótti sannað, að munir þessir hefði orðið séreign konunnar samkvæmt kaupmálanum, var fjárnámið staðfest í hæstarétti 559

Fjárnám samkvæmt veðskuldabréfi fellt úr gildi, með því að skuldin þótti ekki nægilega ákveðin og vottorð um þinglýsingu bréfsins vantaði 566

Fjárnám í kröfu fellt úr gildi, með því að fimm aðiljar, sem eigi höfðu komið fram við fjárnámsgjörðina, áfrýjuðu því og sönnuðu eignarrétt sinn að kröfunni. Þar á móti var hrundið kröfu sjötta áfrýjandans, er taldi sig eiga herpinót, er tekin hafði verið fjárnámi, með því að sala hennar til hans þótti eigi hafa verið sönnuð 592

Úrskurður um fjárnám samkvæmt veðskuldabréfi staðfestur, með því að greiðslur þær, er fram höfðu farið, voru eigi taldar fullnaðargreiðslur á veðskuldinni, og eftirstöðvar hennar því allar taldar fallnar í gjalddaga. Veðbréfið talið hafa haldið gildi sínu, þótt skuldin hefði verið færð á nafn annars en hins upphaflega skuldunauts 727

Kröfu um ómerkingu fjárnáms vísað frá hæstarétti, með því að þess var eigi getið sérstaklega í áfrýjunarleyfi 915

Staðfest synjun fógeta við fjárnámsgjörð á því að láta óviðurkenndar gagnkröfur og ávísanir koma til greiðslu dómkröfu 1288

Bls.

Fógetagjörðir. Sjá fjárnám, innsetning, kyrrsetning, lögbann, lögtak, útburður.

Forkaupsréttur.

Landseta var boðin ábýlisjörð hans til kaups fyrir 8800 kr., en sjálfur bauð hann kr. 6000 í jörðina og taldi hana hafa raunverulega verið selda fyrir það verð. En með því að hann gat ekki sannað í máli, er hann höfðaði á hendur kaupanda og seljanda til ógildingar sölunni, að jörðin hefði verið seld undir kr. 8800, voru þeir sýknaðir af kröfum hans 1155

Forsendur. Sbr. samningar.

Hlutafélag, er gekk í ábyrgð á greiðslu hásetakaups fyrir útgerðarmann, taldi sig hafa gert það til að tryggja sér kaup á afla skipsins. Útgerðarmaðurinn rauf loforð sitt um sölu aflans og taldi félagið sig því úr ábyrgðinni. Þessi varnarástæða félagsins var eigi tekin til greina, með því að eigi var sannað, að hásetarnir hefði vitað um hana eða að þeir ætti sök á brigð útgerðarmanns á loforði sínu 1087, 1235

Þótt þess væri getið í samþykkt um sýsluvegarlagningu samkvæmt lögum nr. 38/1919, að ríkissjóður kynni að leggja fé til vegarins, þá var slíkt framlag eigi talin forsenda fyrir gildi samþykktarinnar gagnvart sýslunefnd 378

Framsal kröfuréttinda.

Stefnandi í héraði varð gjaldþrota eftir málshöfðun. Krafan var síðan seld og hinn nýi eigandi tók við málinu 23

A keypti húseign af B og greiddi hluta af kaupverðinu með „víxli“ á hendur öðrum manni, er útgefanda vantaði á. „Samþykkjandi“ sannaði, að hann hefði þegar greitt upphæðina. Í máli, sem B höfðaði á móti A, var hinn síðarnefndi eigi dæmdur til að greiða nafnverð „víxilsins“, heldur þá upphæð, sem ætla mátti, að „víxillinn“

Bls.

stæði B í, miðað við kaupverð hússins og aðrar greiðslur upp í það 281

A keypti útistandandi verzlunarskuldir af þrotabúi firma eins samkvæmt verzlunarbókum þess. Síðar kom það í ljós, að eigendur firmans höfðu fyrir upphaf gjaldþrotaskiptanna kvittað nokkra skuldunauta sína með millifærslum í bókunum, en þessar ráðstafanir voru taldar riftanlegar. A krafðist nú þess, að honum yrði dæmdur eignarréttur á þeim skuldum, er þannig höfðu verið kvittaðar. Þessi krafa var eigi tekin til greina, með því að salan hefði farið fram eftir bókunum, en þá voru skuldir þessar eigi taldar eign búsins, þar sem eigi var neitt um riftingarmöguleikann vitað 765

Framboð.

Stefndi bauð í upphafi máls fram þá upphæð, er honum var talið skylt að greiða. Stefnandi tók eigi boðinu og var því málskostnaður látinn falla niður í héraði, en stefnandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar í hæstarétti 382

Frávísun.

a. Frá héraðsdómi.

Máli vísað frá héraðsdómi vegna galla á sáttatilraun 4

Máli frávísað héraðsdómi, með því að samið var um, að sakarefnið skyldi útkljá með gerðardómi .. 278

Ábyrgðarmenn, er höfðu undirgengizt að svara til sakar fyrir gestarétti Reykjavíkur, sóttir fyrir gestarétti á Eskifirði, sem var utan þinghár þeirra. Málinu vísað frá gestaréttinum 611

Máli vísað frá gestarétti og málsmeðferð ómerkt, með því að sækjandi lét mann, búsettan á þingfestingarstaðnum, þingfesta málið 863

Kröfu afsetts sýslumanns um það, að afsetningin yrði dæmd ógild og að ráðherra yrði dæmdur til að setja hann aftur inn í embættið, vísað frá dómi 1027

Bls.

Kröfuliðum vísað frá í héraði, með því að þeir þóttu ekki nægilega útlistaðir 1053
Kröfum í gagnsök vísað frá í héraði, með því að dómur í aðalsök hefði útkljáð þær 1053
Kröfu afsetts sýslumanns um laun meðan frávikning hans um stundarsakir stóð yfir, vísað frá héraðsdómi, með því að eigi var upplýst um skiptingu á laununum milli hans og hins setta eftirmanns hans samkvæmt tilsk. 3. febr. 1836 IV .. 1053
Hrundið kröfu um frávísun frá sjódómi með því að hún kom fyrst fram í hæstarétti 35
Hrundið kröfu um frávísun máls, með því að fara hefði átt með það sem landamerkjamál eða vettvangsmál og af því að einungis 8 af 9 nefndarmönnum, er fyrir vörn málsins stóðu, hafði verið stefnt 87
Hrundið kröfu um frávísun, sem byggð var á göllum á stefnubirtingu 915
Kröfu um frávísun þrautavarakröfu, vegna vöntunar á sáttaumleitun um hana og galla á útlistun hennar, hrundið 918
Kröfu um frávísun kröfu frá gestarétti, af því að hún heyrði undir skiptarétt, hrundið 1053
Kröfu um frávísun aðalsakar, þar sem afsettur sýslumaður var krafinn um greiðslu ríkisgjalda eftir embættið, vegna þess að úrskurður, sem stefndi hafði kveðið upp eftir afsetningu sína frá embætti, væri enn óhaggaður, hrundið, með því að úrskurður þessi væri markleysa 1053
Frávísunarkröfu, byggðri á því, hvernig orðalag og efni dómkröfu var, hrundið 1102
Aðili hafði undirgengizt að svara til sakar fyrir gestarétti í máli um skuldakröfur og kyrrsetningu vegna þeirra. Nokkrum kröfuliðum hafði verið vísað frá. Í síðara máli fyrir gestarétti út af kröfuliðum þessum og kyrrsetningunni varðandi þá, gerði stefndi kröfu um frávísun þeirra, með því að áðurnefnd skuldbinding hans gæti eigi náð til þessa máls. Frávísunarkröfunni hrundið 1158

Bls.

b. Frávísun frá hæstarétti.

Skiptamáli vísað frá hæstarétti, vegna þess, að þeir, er komu fram sem aðiljar fyrir skiptarétti, hefði ekki verið stefnt, heldur aðeins umboðsmönnum þeirra 53
Kröfu áfrýjanda fógetaréttarúrskurðar, er eigi hafði gerzt aðili fyrir fógetarétti, vísað frá hæstarétti, með því að hún hafði eigi komið undir dóm eða úrskurð í héraði 477
Landamerkjamáli frávísað, með því að áfrýjunarleyfi, er því var áfrýjað eftir, var veitt á 3. ári frá uppsögn landamerkjadómsins 546
Máli vísað ex officio frá hæstarétti vegna þess að áfrýjunarupphæðin náði eigi lágmarki 599
Máli vísað frá, með því að áfrýjandi hafði eigi lagt fram málsútdrátt, en stefndi mótmælti fresti til þess, er áfrýjandi beiddist, þegar málið var þingfest 619
Máli, sem var áfrýjað samkvæmt áfrýjunarleyfi og þá frávísað, og áfrýjað samkvæmt sama leyfi, frávísað af nýju, með því að stefnan var gefin út meira en 4 vikum eftir uppsögn frávísunardómsins 698
Kröfu um ómerking fjárnáms og uppboðs frávísað, með því að þeirra var ekki getið í leyfi til áfrýjunar aðalmálsins 915
Máli vísað frá vegna galla á stefnubirtingu 1009
Máli vísað frá vegna þess, að umboðsmanni aðilja í héraði var stefnt fyrir hans hönd, án þess að sýnt væri, að hann hefði umboð til að svara fyrir aðilja fyrir hæstarétti 1291
Máli vísað frá vegna þess, að dómsgerðir vantaði og áfrýjandi gat eigi fengið frest til að afla þeirra 1211
Máli frávísað vegna þess, að stefnufrestur var of skammur og stefndi kom eigi fyrir dóm 1022
Eigi talin ástæða til að vísa máli frá dómi ex officio, þótt ólögráðum erfingjum væri stefnt í eigin nafni, með því að löglega var mætt fyrir dómi af hendi þeirra allra 243
Frávísunarkröfu, byggðri á því, að skilyrði til veit-

Bls.

ingar áfrýjunarleyfis eftir liðinn 12 mánaða frest frá dómsuppsögn hafi vantað, hrundið, með því að mat þess atriðis heyri undir dómsmálaráðherra 398

Frestir.

Þingfesting máls í hæstarétti frestað með samþykki beggja aðilja 171, 237, 278, 822, 858, 1240
Synjað um frest í hæstarétti, samkvæmt mótmælum gagnaðilja, til útvegunar dómsgerða og málsútdráttar 619, 1211
Áfrýjanda veittur frestur til sóknar máls í hæstarétti eftir að frávísunarkröfu stefnda hafði verið hrundið 398
Dómari víttur fyrir frestveitingar í einkamáli 145, 237, 243
Málflutningsmenn vittir fyrir drátt á einkamálum 145, 237, 243, 519
Frestað máli vegna forfalla 1153

Fyrning kröfuréttinda.

Krafa ræðismanns í Bretlandi til endurgreiðslu fjárhæðar, er hann hafði lagt út til heimsendingar skipshafnar af íslenzku skipi, er farizt hafði á ófriðarsvæðinu 1917, eigi talin fyrnd samkvæmt 1. lið 3. gr. laga nr. 14/1905. Eigi heldur talið skipta máli að þessu leyti, þótt ræðismaðurinn, sem jafnframt var eigandi skipsmíðlarafirma, hefði framselt því kröfuna 6
Sýknukrafa, byggð á því, að krafa væri fyrnd, eigi tekin til greina, með því að skuldunautur hafði viðurkennt hana fyrir svo skömmum tíma, að fyrning var ekki á fallin 494
Kaupandi vöru sýknaður af kröfu um greiðslu á umbúðum, sem hann var talinn hafa eignazt um leið og hann varð eigandi vörunnar, með því að krafan var talin fyrnd 685
Fyrningarfrestur kröfu talinn frá lokum ársins 1922, með því að sannað var, að skuldunautur hefði á því ári fengið vörur hjá stefnanda 693

Bls.

Verzlunarskuld talin fyrnd, með því að 4 ár voru liðin frá lokum þess árs, er síðustu viðskiptin fóru fram 858

Krafa um endurgjald fyrir veitta læknishjálp talin fyrnast á 4 árum 956

Gagnsakir. Sbr. málasamsteypa.

Skuldajöfnuður talinn heimill án gagnstefnu, en gagnkrafan var af sömu skiptum runnin sem krafa í aðalsök 35

Í máli, sem kaupandi höfðaði til bóta fyrir riftingu kaups á húseign, höfðaði seljandi gagnsök til bóta fyrir samningsrof. Sýknað í gagnsök, með því að kaupandi hefði eigi rofið samninginn, en seljandi var dæmdur til að greiða kaupanda fyrir viðgerð og umbætur, er hann hafði gert á eigninni 838

Endurupptaka aðalsakar samkvæmt 9. gr. tilsk. 15. ág. 1832 eigi talin taka til gagnsakar 1158

Kröfu um dóm í hæstarétti í gagnsök hrundið, með því að héraðsdómarinn hafði eigi lagt dóm á hana 1158

Í máli til bóta vegna árekstrar skipa töldu eigendur skipanna hvor til bóta hjá öðrum og höfðu kröfurnar uppi í aðalsök og gagnsök 85

Gengi.

Þegar ákvörðuð er sekt fyrir landhelgisbrot togara, er höfð hliðsjón af gengi íslenzkrar krónu 46, 139, 206, 334, 390, 420, 423, 485, 490, 509, 620, 734, 736, 740, 746, 776, 809, 827, 1073, 1078, 1132, 1150, 1174, 1176, 1185, 1261, 1279, 1326

Kaupmaður, sem skuldaði dönsku firma fyrir vörur, talinn hafa gefið firmanu fulla ástæðu til að treysta því, að skuldin yrði greidd í dönskum krónum, og með því að hann hafði greitt í íslenzkum krónum, var hann dæmur til að greiða gengismun 500

Skuld, er norskt firma stofnaði í Noregi við norskan banka, en tryggð var með veði í fasteign á Ís-

Bls.

landi, talin eiga að greiðast í norskum krónum, með því að eigi var sannað, að öðruvísi hefði verið um samið 727
Skylda Íslandsbanka samkvæmt 3. gr. l. 6/1921 til að selja ríkissjóði gullforða sinn með „nafnverði" skýrð svo, að ríkissjóður ætti að greiða ísl. kr. 2480 fyrir hvert kg. af skíru gulli og því kr. 3,73 fyrir hvern gulldollara, enda þótt dagsgengi hans væri þá skráð ísl. kr. 5,06 1178
Í samningi um vörusölu var kaupverðið miðað við danskar krónur. Talið, að vátrygging væri og miðuð við sömu mynt 1269

Gerðardómur.

Kröfu um frávísun máls frá sjódómi vegna samnings um úrlausn málsins í gerðardómi hrundið í hæstarétti, með því að þeirri kröfu var fyrst hreyft þar 35
Máli vísað frá gestarétti vegna þess, að samið hafði verið um úrlausn þess í gerðardómi 278

Gestaréttur.

Samningur um meðferð máls fyrir gestarétti í Reykjavík eigi talinn heimila gestaréttarmeðferð þess á Eskifirði, enda þótt báðir aðiljar væri búsettir í Suður-Múlasýslu 611
Sagt, að víxilmál megi reka fyrir gestarétti, hvort sem sé samkvæmt l. nr. 33/1911 eða af því, að sækjandi sé gestur 697
Fundið að því, að sjóferðaskýrsla var tekin í gestarétti, í stað sjóréttar 804
Sækjandi, búsettur í Reykjavík, höfðaði mál fyrir gestarétti í Vestmannaeyjum og lét þar búsettan mann þingfesta málið. Þetta talið óheimilt og hæstiréttur ómerkti því dóm og málsmeðferð og vísaði málinu frá gestaréttinum 863
Kröfu, sem samið var um gestaréttarmeðferð á og í fyrstu var frávísað gestarétti, talið rétt að sækja af nýju fyrir sama gestarétti, enda þótt stefndi teldi samninginn um gestarétt eigi heimila þetta 1158

Bls.

Geymsla.

Skaðabótakrafa vegna skemmda á húsgögnum, er komið var fyrir til geymslu hjá þriðjamanni, eigi tekin til greina, með því að ekki var sannað, að skemmdir hefði orðið á munum né að þeir hefði eigi allir komið til skila 401

Gjafsókn. Gjafvörn.

Gjafsókn eða gjafvörn fékk:
a) Hreppur 141, 341, 399, 599, 657, 731, 895, 911, 1082, 1087, 1155, 1269
b) Beneficiarius prestseturs 4
c) Fátækir einstaklingar, svo sem barnsmæður 412, 449, 791, 842, 1041, 1242

Gjaldþrotaskipti. Sbr. veð.

Úrskurður skiptaráðanda, er hafði tekið bú hlutafélags til gjaldþrotaskipta eftir kröfu nokkurra af hluthöfum þess, ómerktur, með því að hann þótti hvorki hafa stoð í lögum um gjaldþrotaskipti, hlutafélagalögum né samþykktum hlutafélagsins 102
Hlutafélag reyndist ekki eiga fyrir skuldum við aðför, er gerð var hjá því til fullnustu dóms. Það áfrýjaði bæði dóminum og aðfarargjörðinni. Dómhafi krafðist síðan gjaldþrotaskipta í búi félagsins, en skiptaráðandi synjaði þessari kröfu, með því að dómi og aðför væri áfrýjað. Hæstiréttur skyldaði skiptaráðanda til að taka búið til skipta, með því að áfrýjunin hafi eigi getað varnað skiptunum, þar sem sannað var, að gjörðarþolandi átti eigi fyrir skuldum 387
Innköllun skuldheimtumanna þrotabús eigi talin orka því, að þeir missi kröfur sínar á hendur þrotamanni sjálfum, þótt þeim sé eigi lýst í bú hans 233
Mál höfðað gegn skiptaráðanda og dæmt af almennum dómstólum, út af peningakröfu, í sambandi við annan skuldunaut 6

Bls.

Skiptaráðandi í þrotabúi umboðsmanns jarðar stefnt fyrir hæstarétt, f. h. þessa umboðsmanns, í máli um landamerki jarðarinnar 731
Skiptaréttarúrskurður ómerktur vegna vöntunar á sáttaumleitun um ágreiningsefnið 938
Til skiptafundar, þar sem ákvörðun átti að taka um samþykki á boði í eignir bús, var aðeins tveimur hæstbjóðendum boðið. Þetta talin ófullnægjandi fundarboðun 349
Skiptaráðandi skyldaður til að leggja ófullnægðum veðhafa út eignir, enda þótt hann væri ekki uppboðsbeiðandi, með því að hann gerði hæsta boð í eignirnar 855
Talið heimilt að gera tögtak í eign aðilja, er búsettur var í Danmörku, eftir að bú hans þar hafði verið tekið til gjaldþrotaskipta, eftir analogíu op. br. 30. nóv. 1821 1082
Úthlutunargjörð og skiptameðferð á búi felld úr gildi, með því að skiptaráðandi hafði eigi tekið til úrskurðar aðfinningu við úthlutunargjörðina 385
A hafði fengið nokkra gripi hjá skuldunaut sínum upp í skuld, áður en hann varð gjaldþrota. B hafði átt veð í gripum þessum, og A hafði því fengið honum eitthvað af andvirði þeirra. C taldi sig eiga forgangskröfu í búið. Hann höfðaði því mál gegn A og B til greiðslu gripaverðsins. Þeir voru sýknaðir af kröfunni, með því að afhending gripanna til A hefði ekki verið rift og yrði því að telja hana jafnbindandi fyrir C sem fyrir þrotabúið 412
Þrotabú ekki talið hafa selt, ásamt öðrum útistandandi skuldum sínum, kröfur, sem í bókum þrotamanns voru taldar greiddar með millifærslum, enda þótt þær ráðstafanir reyndist riftanlegar, með því að búið gat eigi talizt eigandi þeirra, þegar salan fór fram, og skuldirnar voru seldar samkvæmt bókum þrotamanns 765
Maður dæmdur fyrir undanskot fjár síns undan gjaldþrotaskiptum 748

Bls.

Greiðsla. Sbr. samningar.

X, umboðsmaður firmans A, tekur við vörupöntun frá B. A fær síðan firmað C til að láta vörurnar af hendi. B greiðir hluta af andvirði þeirra beint til C, en eftirstöðvarnar til X, er að eins greiðir nokkuð af þeim til C. A dæmdur til að greiða það, er X greiddi ekki 56

Bankaútibúi talið heimilt að ákveða það, upp í hvaða skuldir innborganir A í útibúið — en hann skuldaði því stórfé — skyldi ganga, með því að útibúið þótti eigi hafa með framkomu sinni skuldbundið sig til að láta greiðslurnar ganga upp í ákveðna skuld 286

Gæzla.

Maður dæmdur í gæzlu samkvæmt 39. gr. hegningarlaganna 939

Gæzluvarðhald.

Skipstjóri á erlendum botnvörpungi settur í gæzluvarðhald vegna grunar um brot á fiskiveiðalögum 46

Maður settur í gæzluvarðhald vegna grunar um brot á áfengislöggjöfinni 66, 299, 569, 757, 782, 1189, 1307

Talið ástæðulaust að beita gæzluvarðhaldi og kærða þar að auki talið hafa verið haldið óþarflega lengi í því. Þetta látið hafa áhrif á refsihæð kærða 569

Gæzluvarðhald látið skipta máli um refsingu 253, 528, 569

Rannsóknardómari vittur fyrir að hætta að láta bera fanga mat, að láta bera salmíaksspiritus að vitum hans og láta skrifara sinn taka um háls honum á meðan, að stinga fangann með tituprjóni og fyrir að synja honum prestsfundar 992

Aðalmaður í framkvæmd brots leystur í hæstarétti undan greiðslu á varðhaldskostnaði meðsekra manna 757

Bls.

Kostnaður af gæzluvarðhaldi eins sökunauts af fimm samverkamönnum, er sýknaður var, lagður á ríkissjóð 1189

Hafning máls. Sbr. ómaksbætur.

Mál hafið eftir samkomulagi aðilja, en stefnda dæmdar ómaksbætur 562, 711
Mál hafið samkvæmt kröfu áfrýjanda. Stefnda dæmdar ómaksbætur 1212, 1213

Haldsréttur.

Kaupanda fisks, er verulega gallaður reyndist, talið óskylt að afhenda hann aftur úr skipi á afhendingarstaðnum, nema seljandi greiddi aukafarmgjald fyrir flutning fisksins í skipið 712
Krafa um laun fyrir viðgerð á vélbáti talin tryggð með haldsrétti í bátnum, og var sá haldsréttur, með því að viðgerðin þótti hafa verið nauðsynleg, talinn ganga fyrir eldri veðréttum í bátnum og einnig ná til uppboðsandvirðis hans, en haldsréttarhafi hafði, að undangengnum dómi, látið taka bátinn fjárnámi og selja á nauðungaruppboði 952

Hefð.

A hafði haft í vörzlum sínum 30 ár lóð, er B hafði áður verið áskilinn réttur til að taka til sinna þarfa, þegar hann vildi. A eigi talinn hafa leyst þetta band af lóðinni, með því að hann tók við henni með því og umráð hans útilokuðu eigi heldur, að B gerði rétt sinn gildandi, þegar honum sýndist 519

Heilbrigði. Sbr. saknæmi.

Arfleiðslugerningur manns, er sviftur var fjárræði vegna andlegrar veiklunar, metinn gildur 41
Sýknun af refsingu vegna vanþroska og geðbilunar 939

Bls.

Maður dæmdur með hliðsjón af 40. gr. hegningarlaganna 882, 986

Heimvísun. Sjá ómerking.

Helgidagsbrot.

Formaður félags sýknaður af kæru út af skemmtanarhaldi kveldið fyrir helgidag, með því að skemmtunin var aðeins fyrir félagsmenn og þá, sem að því sinni lofuðu að gerast félagar, og því eigi talin almenn skemmtun 343

Hilming.

Maður dæmdur eftir 240. gr. hegningarlaganna 1223

Hjónaband. Sbr. kaupmáli.

Hjónin A og B gerðu 1906 sameiginlega og gagnkvæma erfðaskrá, er dæmd var ógild eftir lát þeirra beggja. B, er lifði A, því talið heimilt að ráðstafa eftir lát A helmingi sínum af félagsbúi þeirra og ⅓ hluta af félagsbúshelmingi A, er B erfði eftir A 243

Hlutafélög.

Úrskurður um töku bús hlutafélags til gjaldþrotaskipta eftir kröfu nokkurra hluthafa ómerktur, með því að einstakir hluthafar hafa eigi heimild til að gera slíka kröfu 102

Ágreiningur um rétt hlutafélags til kaupa á hlutabréfum sínum. Héraðsdómari sýknaði stefnda af því að hann taldi félagið ekki mega kaupa bréfin, með því að það ætti þegar 10% af hlutafjárhæð sinni, en hæstiréttur sýknaði af öðrum ástæðum 704

Þrír stjórnendur hlutafélags sýknaðir af kæru um að hafa gefið ranga skýrslu um innborgað hlutafé 1005

Bls.

Hlutdeild.

Fimm menn dæmdir til refsingar fyrir brot á áfengislögunum, tveir samkv. 14. gr. l. nr. 91/1917, tveir eftir 8. gr. og einn eftir 16. gr. sömu laga .. 66
Þrír menn dæmdir fyrir brot á áfengislögunum, tveir eftir 13. gr. laga nr. 15/1925 og einn eftir 18. gr. sömu laga 253
Fjórir menn dæmdir fyrir brot á áfengislögum, allir eftir 13. gr. laga nr. 15/1925 299
Fjórir menn dæmdir fyrir þátttöku í bruggun áfengis o. fl., einn eftir 1. gr. l. nr. 25/1915 og hinir eftir 1. sbr. 3. gr. sömu laga og eftir 9. sbr. 14. gr. laga nr. 15/1925 782
Þrír aðstoðarmenn um öflun og sölu Spánarvína sýknaðir vegna vöntunar á beinni eða óbeinni heimild til refsingar 1189
Átta menn dæmdir fyrir hluttöku í brotum á áfengislögunum, smyglun, sölu og samverknað í þeim brotum, tveir eftir 13. gr. l. nr. 15/1925, fjórir eftir 18. gr. og tveir eftir 9. og 18. gr. sömu laga 1307
Tveir sýslunarmenn dæmdir fyrir óreiðu í starfi sínu, sjóðþurð o. fl., annar eftir 136, gr., 135. og 144 gr. allar sbr. 145. gr. hegningarlaganna, og hinn eftir 136. gr. 1. lið, 135. sbr. 49. gr. og 144. gr. allar sbr. 145 gr. sömu laga 308
Maður dæmdur fyrir hlutdeild í innbrotsþjófnaði, eftir 2. mgr. 232. gr. sbr. 48. gr. almennra hegningarlaga 539
Þrír menn dæmdir fyrir stórþjófnað, tveir samkv. 231. gr. hegningarlaganna og einn samkv. 231. sbr. 53. og samkvæmt 230 sbr. 63. gr. sömu laga 660
Þrír menn dæmdir fyrir þjófnað og hluttöku í því broti o. fl., einn eftir 6. gr. 1. mgr. l. nr. 51/1928 sbr. 53. gr. hegningarlaganna og 240. gr. sömu laga, og hinir eftir 6. gr. l. nr. 51/1928 1223
Tveir menn dæmdir fyrir sviksamlegt athæfi, framið í sameiningu að nokkru, eftir 253. gr. hegningarlaganna 77
Þrír menn dæmdir fyrir undanskot fjár undan gjald-

Bls.

þrotaskiptum o. fl., einn eftir 262., 263. og 264. gr. hegningarlaganna, og hinir eftir 262 sbr. 48. gr. sömu laga 748

Húsagi.

Hjón sýknuð af ákæru um misbeiting húsaga við barn 528

Húsleit.

Í rannsókn máls út af áfengislagabrotum 569, 782

Húsaleiga.

Leigusali dæmdur til endurgreiðslu húsaleigu, er leigutaki kvaðst hafa greitt um fram hámarksleigu þá, er húsaleigunefnd hafði ákveðið, með því móti, að leigutaki ynni eið að því atviki, er málið valt á og leigutaki átti að sanna 652

Samkvæmt samningi um leigu í húsi, sem þá var óbyggt, frá 1. október, skyldi leigusali greiða 1000 kr. í bætur, ef húsnæðið yrði þá eigi tilbúið. Þetta skilið svo, að bótakrafa þessi yrði eigi dæmd, úr því að unnt var að taka íbúðina til afnota á tilskildum tíma, en leigusali dæmdur til að greiða kr. 200 fyrir óþægindi og tjón vegna þess að íbúðin var ekki komin í fullnægjandi stand 852

Iðgjöld. Sjá opinber mál 2.

Ill meðferð á skepnum.

Maður dæmdur í sekt samkvæmt 1. og 2. gr. laga nr. 34/1915 fyrir illa meðferð á fuglum 74

Innheimtulaun.

Seljandi hafði greitt málflutningsmanni kr. 570 fyrir innheimtu á nokkrum hluta af andvirði vörunnar. Kaupandi var sýknaður af kröfu um greiðslu þessarar upphæðar til seljanda 23

Eigi talið heimilt að láta fjárnám samkvæmt veð-

Bls.

skuldabréfi taka til innheimtulauna af hluta skuldarinnar, sem áður hafði verið innheimtur 537

Innsetningargjörðir.

Kröfu aðilja um innsetning í skrifstofur, bækur og skjöl félags hrundið, með því að ráðningartíma hans, er var framkvæmdarstjóri félagsins, taldist vera löglega lokið 477

Fógeti skyldaður til þess að taka húsgögn, sem seld höfðu verið gegn afborgun, en með áskildum eignarrétti, þar til þau væri að fullu greidd, úr vörzlum kaupanda með beinni fógetagjörð 1233

Ítrekun.

Þrettán ára gamall refsidómur talinn til þyngingar refsingu 1292

A hafði verið dæmdur í sekt fyrir áfengislagabrot. Nú er hann aftur kærður fyrir samskonar brot, en upplýst er, að það hefir hann framið *áður en* sektardómurinn var upp kveðinn, og var hann því dæmdur nú fyrir brot framið fyrsta sinni .. 677

Maður dæmdur fyrir áfengislagabrot öðru sinni framið samkvæmt 1. tölul. 13. gr. laga nr. 15/1925, enda þótt fyrra brotið hefði verið dæmt eftir eldri lögum 757

Togaraskipstjóri dæmdur fyrir landhelgisbrot fyrsta sinni framið, enda þótt hann hefði áður fengið aðvörun varðskips 1174

Togaraskipstjóri dæmdur fyrir brot framið öðru sinni, en ítrekunarrefsing eigi á hann lögð, af því að fyrra brotið var framið og dæmt áður en lög nr. 5/1920 gengu í gildi 206, 776

Togaraskipstjóri dæmdur til sektar og fangelsis fyrir ítrekað landhelgisbrot 46

Togaraskipstjóri dæmdur í ítrekunarrefsingu fyrir ólöglegan umbúnað veiðarfæra í landhelgi 139

Togaraskipstjóri dæmdur fyrir landhelgisbrot öðru sinni framið, en fangelsisrefsing eigi dæmd, með því að ósannað þótti, að kærði hefði framið brotið af ásetningi 509

Bls.

Læknir dæmdur fyrir ítrekað brot á áfengislöggjöfinni 622, 627, 979
Bifreiðarstjóri dæmdur fyrir ítrekað brot um akstur undir áhrifum víns 640, 770, 796, 890, 926, 936, 973
Endurtekið brot á bifreiðalögum 543
Stórþjófnaður ítrekaður og hilming áður framin 539
Ítrekuð áfengislagabrot 569, 757, 782, 907, 1189, 1264, 1307
Ítrekuð ölvun á almannafæri 579

Játning. Sbr. saknæmi.

Ýmiskonar ummæli aðilja við barnsmóður eigi talin fela í sér viðurkenningu á samförum við hana, en henni veittur fyllingareiður 791
Ákærði, sem gefið hafði ýmsar skýrslur og afturkallað sumar þeirra fyrst, en svo afturkallað afturköllun sína, var að lokum dæmdur samkvæmt játningu sinni, er styrktist bæði við fyrra líferni hans og vitnaskýrslur 1292
Aðili hafði neitað utanréttar eignarrétti sínum að fjárnumdum munum. Sölureikningur og eftirrit úr bókum seljanda munanna eigi talið hnekkja þeirri neitun 592

Kaup og sala. Sbr. samningar.

A. Fasteignir.

Kaupanda (A) talið rétt að rifta kaupi á húsi, með því að hann fekk ekki afnot þess eða leigu eftir það frá þeim tíma, sem um var samið. Seljandi (B) dæmdur til að endurgreiða kaupverðið og greiða bætur fyrir vanefndir 237
Þar á móti var A eigi talið heimilt að rifta sölu á húseign, er hann seldi B, af framantöldum ástæðum, með því að kaup þessi stóðu eigi í svo nánu sambandi hvort við annað 237
A sýknaður af kröfu um það, að hann undirritaði afsal að húseign, með því að það var skilyrði fyrir kaupunum, að þriðjimaður, sem skráður var eigandi að húsinu, undirritaði afsalið og

Bls.

leysti seljanda (A) þar með af ábyrgð á skuldum, sem hvíldu á húsinu 586

A gerir kaupsamning um hús við B, og skyldi B setja ábyrgðarmenn til tryggingar greiðslu hússverðsins. Með samþykki A gerir B við húsið og endurbætir það. Í þessu var talið felast samþykki A á því, að B þyrfti eigi að setja ábyrgðina. A, er síðan tók húsið af B, eigi talinn hafa haft heimild til þess og var dæmdur til að greiða B viðgerðarkostnaðinn samkvæmt kröfu hans 838

Maður, er undirritaði afsal á skúr, er annar maður hafði reist á lóð hans, talinn hafa þar með tekið á sig vanheimildarábyrgð 961

Verksmiðju eigi talinn afsalaður einkaréttur til vatnsafnota úr á með kaupsamningi um vatnsréttindin og nauðsynlegt land með þeim. Í héraði var ennfremur ágreiningur um aðildarskort seljanda þessara réttinda 1102

Landseti höfðar mál til ónýtingar á sölu ábýlisjarðar sinnar, sem hann telur hafa verið selda við lægra verði en hún var honum boðin fyrir. Kröfu hans hrundið, með því að sönnun brast fyrir áðurnefndri staðhæfingu hans 1155

B. Lausafé. Sbr. verzlunarskipti.

Í útgáfu ávísunar til handa seljanda talin felast viðurkenning kaupanda um það, að útgefandi hafi lofað að kaupa tiltekna vöru 23

A hafði fengið B í hendur herpinætur með þeim kjörum, að hann skyldi greiða leigu eftir þær jafnháa söluverði þeirra, en verða eigandi þeirra jafnskjótt sem leigan væri öll réttilega greidd. Með því að leigugreiðslan brást, var A framvegis talinn eigandi nótanna 364

A dæmdur til að greiða B bætur fyrir óheimila notkun hests, með því að honum hafði eigi tekizt að sanna það, að þeir hefði gert kaupsamning um hestinn 430

Kaupandi hluta í skip ekki talinn hafa sannað, að hann hefði sett seljanda ákveðið tímamark um

Bls.

afhendingu eða ákveðna skilmála um þyngd hlutanna, og honum því metin óheimil rifting á kaupunum 525

Kaupandi lifrar af sjómanni talinn hafa greitt hana samkvæmt samningi, með því að ósannað þótti, að meðalverð lifrar — en það skyldi greiða samkvæmt samningi kaupanda við verklýðsfélag, er sjómaðurinn var félagi í — hafi á tilteknum stöðum þá verið hærra en kaupandi hafði greitt 582

Fjárnám í kröfuréttindum ómerkt, með því að aðiljar sönnuðu, að þeir hefði fengið þau framseld til eignar áður en fjárnámið var gert. Hinsvegar var fjárnámið staðfest í einstökum hlut, er þriðjimaður taldi sig hafa keypt, enda þótt sölureikningur væri lagður fram og eftirrit úr bókum gerðarþola, er sanna átti söluna, með því að þriðjimaður þessi hafði neitað því utanréttar, að hann ætti hluti þessa 592

Kaupandi vöru talinn hafa orðið eigandi að umbúðum hennar, enda þótt honum væri heimilt að skila þeim aftur 685

A, er var hluthafi í hlutafélaginu X, hafði lofað að selja hlutabréf sín með tilteknum skilmálum. Það var talin forsenda fyrir þessu loforði, að nokkrir aðrir hluthafar samþykkti þessa skilmála. Með því að ósannað var, að hann hefði fengið tilkynningu um þetta innan hæfilegs tíma, var hann sýknaður af kröfu um afhendingu bréfanna gegn greiðslu á andvirði þeirra 704

Kaupandi saltfisks talinn hafa heimild til riftingar á samningi og eiga rétt til bóta vegna þess að fiskurinn var þurkaður lengur í húsi en til var skilið. Kaupandi eigi talinn hafa fyrirgert þessum rétti, þótt hann hefði tekið við fiskinum í trausti til fullyrðingar seljanda um það, að hann mundi fá vottorð matsmanna um gæði hans 712

Þrotabú seldi útistandandi skuldir þrotamanns samkvæmt verzlunarbókum hans. Síðar kom í ljós,

Bls.

að nokkrar hinna útistandandi skulda höfðu verið kvittaðar í bókunum, en ráðstafanir þessar reyndust riftanlegar. Kaupandi skuldanna eigi talinn hafa eignazt þessar skuldir 765

Venjulegur „agent" (tilboðasafnari)) eigi talinn hafa heimild til að gera bindandi sölusamninga fyrir umbjóðanda sinn 829

Íslandsbanka talið skylt að selja ríkissjóði samkvæmt 3. gr. laga nr. 6/1921 gullforða sinn fyrir 2480 ísl. krónur kilogr. eða kr. 3,73 gulldollara, enda þótt dagsgengi hans væri skráð ísl. kr. 5,06 1178

Seljanda húsgagna með áskildum eignarrétti sínum, unz þau væri að fullu greidd, talið rétt að láta taka húsgögnin úr vörzlum kaupanda með beinni fógetagjörð, með því að greiðsla brást 1233

A eigi talinn bundinn við tilboð, er venjulegur verzlunarþjónn hans gaf af misskilningi, um sölu vöru til sveitarfélags, og eigi heldur skaðabótaskyldur, þótt varan kæmi eigi með sama skipi, sem um var talað, og 11 dögum seinna 1269

Kaupfélög.

A var talinn genginn út kaupfélagi samkvæmt lögum þess, með því að hann hafði eigi skipt við það síðustu 2 árin. Niðurjöfnun skulda þess eftir þann tíma á félaga þess því talin honum óviðkomandi 356

Aðili, er sagt hafði sig úr kaupfélagi 2¼ 1921 talinn bundinn við niðurjöfnun á rekstarhalla félagsins árin 1919—1922. Sýknukröfu vegna fyrningar dómkröfunnar hrundið 1018

Manni, er sagt hafði sig úr kaupfélagi, synjað um útborgun stofnfjárkostnaðar síns, með því að félagslögin veittu honum eigi þann rétt 1193

Sama manni synjað um endurgreiðslu á svonefndu „sláturfjárgjaldi", er þeir menn höfðu greitt, sem slátrað höfðu fé sínu í húsi félagsins 1193

Kaupmáli.

Aðför hjá A í munum, er kona hans kvaðst eiga

Bls.

samkvæmt kaupmála, staðfest, með því að ósannað þótti, að munirnir væri séreign konunnar. 559, 977

Kvaðir.

Hreppurinn A átti upprekstrarland í afréttarland hreppsins B. Hinum síðarnefnda hreppi talið óheimilt að leggja útsvar á hreppinn A af þessum réttindum 341

Kyrrsetning.

Skip, sem í héraði var talið bera sök á árekstri, kyrrsett til tryggingar skaðabótum. Kyrrsetningin var felld niður í hæstarétti, með því að ósannað þótti, hvort skipanna ætti sök. Engin krafa um bætur vegna kyrrsetningarinnar 228

Fallið frá kyrrsetningu til tryggingar skaðabótum út af árekstri skipa, með því að bankatrygging var sett. Krafa stefnanda um staðfesting kyrrsetningar eigi tekin til greina, með því að kyrrsetning fór engin fram 264

Kyrrsetningargjörð í skipi til tryggingar björgunarlaunum staðfest 346

A sendi vörur til B í skipi, og voru þær afhentar án þess að hann sýndi eða afhenti farmskírteini. B greiddi ekki vörurnar, og varð framflytjandi að gera það. Á eignum B fór síðan fram kyrrsetning til tryggingar kröfu farmflytjandans á hendur honum 600

Kyrrsetningargjörðir hjá afsettum sýslumanni staðfestar að nokkru leyti 1053

Kyrrsetning á erlendum togara til tryggingar ýmsum greiðslum, er gjörðarbeiðandi hafði haft hér fyrir eiganda togarans vegna útgerðar hans hér við land 1124

Kyrrsetningargjörð út af árekstri felld niður 671

Kyrrsetning samkvæmt op. br. 30. nóv. 1821 felld úr gildi, með því að krafan, sem hún skyldi tryggja, þótti eigi rétt 829

Bls.

Kyrrsetning felld niður, með því að staðfestingarmál, sem í fyrstu var vísað frá, þótti ekki höfðað nægilega snemma af nýju 1158

Landamerkjamál.

Sátt hafði verið gerð fyrir merkjadómi 1922, en ágreiningur varð síðan um örnefni. Í nýju landamerkjamáli voru merkin ákveðin í samræmi við sáttina, að því er talið var 1

Ágreiningur um örnefni. Staðfestur dómur landamerkjadómsins, af því að áfrýjanda tókst ekki að sanna, að tiltekin örnefni væri annarstaðar en landamerkjadómur hafði sett þau 157

Landamerkjadómur eigi talinn hafa haft heimild til að dæma jörðinni X umþrættan hólma eða „klakk“ 496

Eigi talin þörf á að ómerkja meðferð landamerkjamáls, þótt það hefði verið dæmt í aukarétti, með því að viðleitni var sýnd til að fara með það sem landamerkjamál. Málsmeðferð þar á móti ómerkt og dómur vegna þess, að engin stefna var út gefin í málinu eða aðvörun til aðilja, heldur hafði formaður dómsins skipað þeim umboðsmann, o. fl. 731

Áreið talin nauðsynleg í landamerkjamáli, með því að uppdrætti og landamerkjalýsingum bar ekki saman 731

Landshlutur.

Átta menn, er stóðu fyrir hvalskurði fyrir hönd þeirra, sem ráku hval á land, dæmdir, samkvæmt Jónsbók Rekabálki 8. kap., sbr. 3., 4. og 5. kap., in solidum til að greiða landshlut af söluverði hvalanna, að frá dregnum ¼ landshlutarins, er talinn var hæfilega áætlaður kostnaður 87

Leiðbeiningarskylda dómara.

Krafa um ómerkingu málsmeðferðar vegna vöntunar á leiðbeiningum af hendi dómarans, eigi tekin

Bls.

til greina, með því að bætt þótti úr þessum galla í meðferð málsins fyrir hæstarétti 1193

Leiga. Sjá eignarréttur, húsaleiga.

A, er hafði leigt veiðirétt í á, er hann svo framseldi fyrir árlegt gjald í peningum, eigi talinn útsvarsskyldur, þar sem veiðiáin er, samkvæmt 4. mgr. 1. gr. l. 29/1922 175

Líkamsmeiðingar. Sjá áverki.

Líkur. Sbr. barnsfaðerni, eiður, sönnun.

Ýms atriði í landamerkjamáli dæmd eftir líkum .. 157
Synjunareiður byggður á líkum 165
Fyllingareiður byggður á líkum 449, 554, 652, 791, 842, 1041
Líkur taldar fyrir því, að aðili hefði fært innkaupsverð vöru á gjaldahlið rekstrarreiknings síns, og var honum því talið bera að sanna staðhæfingu sína um, að svo hefði eigi verið 209
Sökunautur, er meðal annars gat enga grein gert fyrir símskeytum, er fóru á milli hans og annars manns, er sannur var orðinn að áfengislagabroti, dæmdur eftir líkum að nokkru leyti 253
Áfengisvökvi, er fannst í farangri kærða, er áður var orðinn sannur að áfengisbruggun, talinn bruggaður af honum, þrátt fyrir neitun hans .. 468
Áfengisflaska fannst í vörzlum kærða, og með því að hann gerði eigi grein fyrir því, hvernig hún var þangað komin, var hún talin eign hans og hann dæmdur fyrir áfengislagabrot 677
Maður, sem sannur var orðinn að ólöglegum áfengisinnflutningi, talinn hafa ætlað að selja smyglað áfengi og styrkti það, hversu áfengið var mikið, þá skoðun 757
A, er fór áfengislaus inn í húsakynni manns, er kunnur var að brotum á áfengislöggjöfinni, en kom aftur út með áfengi, talinn hafa fengið það hjá áðurnefndum manni, enda þótt sá neitaði því 907

Bls.

Lóðamerki.

Mál í Reykjavík um eignarrétt að lóð, þar sem hvorki var ágreiningur um mörk né kvaðir, eigi talið eiga undir lóðamerkjadóm 519

Lög. Lögjöfnuður.

Ákvæði Jónsbókar Rekab. 8, sbr. 3.—5. kap, um landshlut af hvölum, talin eiga við landshlut af hvölum, er reknir voru á land 87

Heimild handa ráðherra til að setja ákvæði 5. og 6., sbr. 8. gr. reglug. nr. 67/1922, um áfengisútlát lækna, hvorki talin hafa falizt í lögum nr. 62/1921 né annarstaðar 95. 149

Eigi talið, að lög nr. 47/1924, um útsvar ríkisstofnana, gæti skipt máli um útsvar, sem löglega var lagt á ríkisstofnun áður en þau komu til framkvæmdar 200

Analogía 25. gr. tilsk. 20. apríl 1872 þótti eigi heldur geta leyst aðilja undan útsvarsgreiðslu, miðað við þann hluta ársins, sem var liðinn, þegar lög 47/1924 gengu í gildi 200

Ákvæði um kveikingu ljósa á bifreiðum í Reykjavík talin nægilega birt í 3 dagblöðum bæjarins. Brot á þessum reglum refsivert talið eftir refsiákvæðum lögreglusamþykktarinnar sjálfrar 203

Það eigi talið koma í bág við lög eða grundvallarreglur laga, að atvinnumálaráðherra staðfesti samþykkt um sýsluveg, þar sem sérstöku félagi byggðarmanna var falin umsjá og framkvæmd vegagerðar, en sýslusjóði gert að leggja fram hluta af kostnaði 378

Ákvæði 5. gr. l. 5/1920 talin eiga að skiljast svo, með tilliti til almennra grundvallarreglna laga um hækkun refsingar, að fangelsisrefsing sem aukarefsing við ítrekuðu landhelgibroti verði eigi beitt, nema brot sé framið af ásetningi 509

Grundvallarreglan í 59. gr. hegningarlaganna um hliðsjón af varðhaldsvist sökunauts við ákvörð-

Bls.

un refsingar einnig notuð í dómi út af áfengislagabroti 569
Áfrýjun landamerkjamáls samkvæmt 2. sbr. 1. gr. laga nr. 40/1927 731
Eigi talið fært að dæma málsatvik eftir reglugjörð um skoðun bifreiða, með því að hún hafði ekki verið birt, þegar það gerðist 861
Eftir analogíu op. br. 30. nóv. 1821 talið heimilt að gera lögtak í eign erlends firma eftir að bú þess hafði verið tekið til gjaldþrotaskipta þar 1082
Talið samkvæmt grundvallarreglu laga að fornu og nýju, að sá, er ofar virkjar fallvatn, verði að taka tillit til þeirra, sem neðar virkja 1102
Dómur til refsingar fyrir sölu Spánarvína byggður á tilgangi 45. gr. áfengislaga nr. 64/1928 og ýmsum greinum reglugjörðar um sölu Áfengisverzlunar ríkisins á Spánarvínum 1189
Skipið X var norsk eign, og á meðan svo var, stofnaði skipstjóri skuld fyrir útgerðina. Síðar verður skipið íslenzk eign. Sjóveðréttur talinn hvíla á skipinu til tryggingar nefndri skuld samkvæmt 4. lið 236. gr. siglingalaganna 192
Krafa, er danskt firma hafði á íslenzkan kaupmann til greiðslu á andvirði umbúða, talin fyrnd samkvæmt 1. tölul. 3. gr. l. 14/1905 685
Skuldabréf með veði í fasteign í Reykjavík út gefið af norsku firma til norsks banka talið löglegur fjárnámsgrundvöllur samkv. 15. gr. l. 29/1885 727

Lögbann.

Fallið frá lögbannskröfu, með því að samkomulag varð um, að gjörðarþolandi hætti við verk það, er banna skyldi, og málið lagt til dómstóla með venjulegum hætti 519

Lögtak.

Úrskurður um lögtak ómerktur vegna ólöglegrar málasamsteypu 399
Staðfest lögtak í innanstokksmunum, enda þótt aðili

Bls.

teldi þá eign konu gjörðarþolanda samkvæmt kaupmála, en sönnun þótti bresta fyrir þessu 559, 977
Lögtak staðfest, með skirskotun til analogíu op. br. 30. nóv. 1821, í eignum erlendis búsetts manns, eftir að bú hans hafði verið tekið þar til gjaldþrotaskipta 1082

Lögregla.

Foringi danska varðskipsins tekur skipstjóra á erlendum botnvörpungi fastan fyrir áður framið landhelgisbrot. Sérstök hliðsjón höfð af framferði hans gagnvart löggæzlumönnum 46
Dæmt til refsingar fyrir áverka á lögregluþjóni, er hann var að gegna starfa sínum 879
Lögregluþjónn dæmdur fyrir áverka á manni, er hann varð offari við í starfi sínu 646

Lögræði.

Maður sviftur lögræði eftir beiðni móður sinnar vegna andlegrar veiklunar 41
Ólögráðum erfingjum var stefnt í eigin nafni. Með því að löglega var mætt í málinu af þeirra hendi, þótti eigi þurfa að vísa málinu ex officio frá dómi 243

Málasamsteypa.

A Opinber mál.

Sami maður dæmdur í einu máli fyrir fleiri brot á áfengislögum en eitt 677, 907
Maður dæmdur í sama máli fyrir brot á áfengislögum og sóttvarnarlögum 756
Maður dæmdur í sama máli fyrir brot á bifreiðalögum og lögreglusamþykkt 770, 796
Dæmt í sama máli brot á almennum hegningarlögum, lögreglusamþykkt og bifreiðalögum .. 814, 865
Dómur í sama máli um brot, er varðaði við almenn hegningarlög og bifreiðalög 709
Dæmt eftir 200. gr. hegningarlaganna og 261. gr. siglingalaganna 719, 723

Bls.

Mál sótt gegn mörgum mönnum saman fyrir brot á áfengislöggjöfinni o. fl. 66, 77, 149, 216, 299, 757, 774, 782, 1189, 1307

Meðferð máls og dómur um 3 menn meðseka mörgum öðrum ómerkt í hæstarétti með því að nauðsyn þótti á að prófa þá saman. Mál gegn þeim 11 höfðað síðan og dæmt í einu lagi 774, 1307

Þrír stjórnendur hlutafélags rannsakaðir og saksóttir fyrir skýrslu sína um hlutaféð 1005

Þrír menn dæmdir fyrir ýmiskonar þátttöku í brotum gegn lánardrottnum eins þeirra 748

Þrír menn dæmdir saman fyrir ýmiskonar þjófnað, er þeir höfðu framið að nokkru í sameiningu og að nokkru öðruvísi 666

Fundið að því í hæstarétti, að héraðsdómari hafði höfðað í einu lagi mál gegn 3 togaraskipstjórum, er varðskip hafði komið með til hans í sömu ferð 206

B. Einkamál.

1. a. Lagðar saman fleiri en ein krafa af hálfu sækjanda:
Meiðyrðasekt, ómerking og bætur 108, 305, 368, 439, 874, 1242
Viðurkenning skuldar, sjóveð .. 195, 460, 606, 822
Viðurkenning skuldar, kyrrsetning 228, 346, 829, 1158
Forkaupsréttur á jörð og bætur 1155
Ýmsar kröfur 145, 237, 264, 349, 398, 401, 426, 671, 712, 1027, 1036, 1135

b. Gagnkröfur
Til skuldajafnaðar án gagnstefnu 35
Gagnsakir til sjálfstæðs dóms 82, 562, 838, 1053, 1102, 1193, 1269

2. Fleiri aðiljar en tveir
a. *Sóknaraðiljar fleiri en einn:*
Skiptaréttarúrskurði um erfðarétt allra erfingjanna áfrýjað af öllum, er töpuðu, í félagi gegn hinum öllum 243

Bls.

Í máli út af árekstri skipa gerast eigandi skips, vátryggjandi þess og vátryggjandi farms sækjendur allir saman í skaðabótamáli á -hendur eiganda hins skipsins 264
Eigandi skips, er barg öðru skipi, skipstjóri og skipshöfn sækja eiganda hins skipsins og eiganda farms þess til bjarglauna 346
Sex menn, er töldu sig eigendur fjárnuminna verðmæta, áfrýja fjárnáminu allir saman 592
Eigendur og vátryggjendur skips, er rekizt hafði á annað skip, stefna saman eigendum og vátryggjendum hins skipsins til skaðabóta 671

b. *Varnaraðiljar fleiri en einn:*

Skuldamál gegn þrotabúi og samskuldara þess fyrir sjódómi 6
Tveimur mönnum stefnt til greiðslu farmgjalds 35
Átta mönnum, er staðið höfðu fyrir hvalskurði, stefnt til greiðslu landshlutar 37
Meiðyrðamál gegn 20 mönnum, sem undir höfðu ritað meiðandi ummæli í opinberu blaði 170
Lögtak, er hreppstjóri hafði gert hjá tveimur mönnum, úrskurðaði fógeti með einni réttargjörð og einum úrskurði. Þetta talið ólögleg málasamsteypa 399
Stefnt í sama máli A, er fengið hafði lausafjárveð hjá öðrum manni, er síðar varð gjaldþrota, og B, er fengið hafði nokkuð af andvirði veðsins, til greiðslu á öllu andvirði þess, er stefnandi taldi hafa verið riftanlegt 412
Tveir sjálfskuldarábyrgðarmenn 611
Verksala og firma, er fengið hafði að handveði veðskuldabréf til tryggingar greiðslu á efni, stefnt saman til þess að lúka verkinu og greiða bætur fyrir vanefndir á þeirri skyldu sinni 1135
Seljanda jarðar og kaupanda stefnt saman til ónýtingar á kaupunum og bótagreiðslu 1155

Bls.
Sjá ennfremur 243, 346, 364, 671
c. *Meðalganga.* Sbr. áfrýjun.
Umboðsmaður vátryggjanda skips talinn hafa gert sig að aðilja með því að koma fram fyrir hönd vátryggjanda við kyrrsetningargjörð á skipinu 264

Málflutningsmenn. Sjá réttarfarssektir.
Málflutningsmaður víttur fyrir drátt á máli:
Í héraði 243,426, 471
Og í hæstarétti 525, 1144
Málflutningsmaður sektaður fyrir drátt á sjódómsmáli, samkvæmt 17. gr. tilsk. 15. ág. 1832 sbr. 10. gr. tilsk. 3. júní 1796 145
Dráttur talinn nægilega réttlættur 6, 1193, 1242
Málflutningsmaður dæmdur í hæstarétti til að greiða málskostnað „f. h. lögerfingja" A, án nafngreiningar þeirra 243

Málflutningur. Sjá réttarfarslög, útivist aðilja.
Mál rekið skriflega í hæstarétti samkvæmt 2. lið 38. gr. hæstaréttarlaganna 308, 1053, 1102, 1144

Málflutningsumboð.
Umboðsmanni jarðar, ásamt skiptaráðanda í þrotabúi hans, stefnt til hæstaréttar í máli um landamerki þeirrar jarðar 731
Skipun talsmanns til að mæta fyrir fjarstaddan aðilja á nauðungaruppboði talin óheimil 349
Skipun ábúanda til að gæta réttar fjarverandi jarðeiganda í landamerkjamáli talin óheimil og málsmeðferð ómerk 731
Dómari gerði aðilja eigi viðvart um þingfestingu máls, er eigi hafði orðið tekið fyrir tiltekinn dag vegna forfalla, en skipaði honum„ umboðsmann" og dæmdi málið að svo búnu. Ómerking 1153
Máli vísað frá hæstarétti, með því að stefnt var þangað aðeins umboðsmanni aðilja í héraði 1291

Bls.

Málshöfðun.

Mál höfðað á hendur læknum og lyfsala aðeins fyrir brot á reglugerð nr. 67/1922, og því eigi talið eiga að koma til álita, hvort verknaður sá, er þeir voru kærðir fyrir, kynni að varða við aðrar réttarreglur 95, 149

Málshöfðun fyrir „sviksamlegt athæfi" eigi talin útiloka dóm eftir 280. gr. hegningarlaganna 688

Málskostnaður.

I. Í opinberum málum.

1. Sökunautur sýknaður og ríkissjóður (eða aðrir samsekir) dæmdir til að greiða málskostnað 95, 149, 216, 291, 343, 410, 709, 869, 872, 899, 904, 944, 1005, 1007, 1014, 1049, 1167, 1189, 1223, 1228, 1267

Ákærði, er leystur var, vegna geðbilunar, undan refsingu fyrir manndrápstilraun, dæmdur til þess að greiða allan málskostnað 939

Tveir aðiljar sóttir saman fyrir áfengislagabrot. Annar sýknaður, en hinn sektaður og dæmdur til greiðslu helmings af málskostnaði, en hinn helminginn skyldi greiða úr ríkissjóði 216

Málsmeðferð og dómur ómerkt í hæstarétti. Ríkissjóði gert að bera kostnað af allri málsmeðferð og áfrýjun 1045, 1144

Málsmeðferð og dómur ómerkt. Ríkissjóði gert að bera áfrýjunarkostnað 774

2. Sökunautur dæmdur til refsingar:

a. Sökunautur einn, og þá dæmdur til að greiða málsskostnað 19, 46, 74, 105, 136, 139, 203, 206, 213, 219, 225, 260, 334, 390, 392, 395, 420, 423, 436, 463, 466, 468, 485, 490, 509, 539, 543, 569, 572, 577, 579, 620, 622, 627, 632, 640, 646, 661, 677, 680, 688, 719, 723, 734, 736, 740, 746, 748, 757, 762, 770, 772, 776, 782, 796, 801, 809, 810, 814, 827, 835, 861, 890, 893, 907, 926, 928, 936, 947, 973, 979, 986, 992, 1011, 1031, 1047, 1073, 1078, 1092, 1132, 1150, 1170, 1176, 1185, 1206, 1214, 1221, 1261, 1264, 1282, 1285, 1292, 1326

Bls.

b. Sökunautar fleiri en einn:
Hver greiði sinn varðhaldskostnað og kaup talsmanns síns, ef hann hefir fengið sér sérstaklega skipaðan talsmann, en annan kostnað in solidum 66, 77, 253, 299, 308, 528, 666
Aðalmaður í framkvæmd brots dæmdur í héraði til greiðslu varðhaldskostnaðar meðsekra manna. Máli áfrýjað einungis um hann til hæstaréttar, og þar var hann leystur undan þessum kostnaði .. 757
Í máli gegn 5 mönnum út af samverknaði þeirra í áfengisbrotum voru 3 sýknaðir, en hinir 2 dæmdir til að greiða *allan* málskostnað in solidum, nema varðhaldskostnað og talsmannakaup hinna þriggja 1189
Einn af þremur samsekum dæmdur til að greiða einn ⅔ málskostnaðar og ⅓ in solidum með hinum 1223
Af 11 kærðum voru 3 sýknaðir, 5 dæmdir til að greiða, auk varðhaldskostnaðar síns, in solidum 9/10 hluta málskostnaðar, og hinir 3 til að greiða 1/10 in solidum 1307

II. Í einkamálum. Sjá ómaksbætur.

1. Sá er mál vann, dæmdur til málskostnaðargreiðslu í héraði vegna brots á sáttalöggjöfinni 887
Aðili, er upphaflega bauð að greiða hluta krafðrar skuldar, en boð hans var eigi þegið, fekk stefnanda dæmdan til að greiða málskostnað 930
Staðfest ákvæði í héraðsdómi, er lét málskostnað falla niður í svipuðu tilfelli 382
Sýknað af mörgum ummælum í meiðyrðamáli, en stefnda þó gert að greiða málskostnað 368
Enda þótt áfrýjandi fengi dómsupphæð lækkaða nokkuð í hæstarétti, var hann dæmdur til að greiða gagnaðilja málskostnað, af því að álitið var, að hann mundi hafa getað fengið upphæðina lækkaða með samkomulagi 1053
2. Þeim, er tapar, gert að greiða málskostnað að meira eða minna leyti 1, 6, 14, 23, 28, 31, 41, 56, 62, 71, 87, 108, 126, 145, 175, 177, 179, 192,

Bls.

195, 209, 233, 243, 250, 264, 281, 286, 294, 305, 337, 349, 356, 358, 378, 387, 401, 426, 430, 439, 457, 460, 494, 496, 500, 525, 537, 559, 562, 582, 586, 589, 600, 606, 611, 614, 617, 637, 643, 685, 693, 697, 704, 712, 727, 744, 765, 804, 822, 829, 838, 845, 852, 855, 858, 874, 887, 896, 915, 930, 952, 961, 967, 982, 1018, 1027, 1036, 1053, 1085, 1087, 1099, 1102, 1124, 1135, 1153, 1155, 1178, 1193, 1233, 1235, 1240, 1242, 1269, 1288, 1319, 1323

Fleiri aðiljar en einn og allir dæmdir til greiðslu málskostnaðar in solidum .. 102, 170, 364, 592, 1240

3. Málskostnaður látinn niður falla 31, 35, 50, 59, 82, 141, 228, 237, 346, 399, 426, 471, 519, 592, 671, 698, 699, 704, 731, 780, 788, 918, 956, 1240, 1299

4. Frávísun og ómerking 4, 53, 278, 344, 415, 477, 546, 611, 619, 656, 697, 698, 699, 731, 863, 915, 938, 1009, 1022, 1153, 1240, 1291

5. Í eiðsmálum 165, 329, 449, 554, 652, 791, 842, 933, 961, 1041

6. Í gjafsóknarmálum og gjafvarnar. Sjá gjafsókn og gjafvörn.

7. Mál hafið. Sjá hafning máls og ómaksbætur.

8. Málskostnaður fellur niður, ef hans er eigi krafizt af þeim, er annars hefði fengið hann dæmdan sér til handa 198, 329, 657, 819

Málskostnaður dæmdur eftir lágmarksgjaldskrá Málflutningsmannafélagsins 637

Manndráp.

Bifreiðarstjóri talinn hafa orðið mannsbani fyrir gáleysislegan akstur 814, 865, 1214

Skipstjóri talinn hafa valdið dauða manns fyrir gáleysi í starfi sínu 719, 723

Bifreiðarstjóri sýknaður af ákæru fyrir að hafa valdið dauða manns af gáleysi 709, 944

Maður leystur undan hegningu fyrir tilraun til að drepa 11 mánaða gamalt barn sitt vegna geðbilunar, en dæmdur til gæzlu 939

Bls.

Mat og skoðun.

Læknisskoðun og álit um líkamsástand manna 392, 528, 646, 814
Maður talinn ósakhæfur samkvæmt áliti geðveikilæknis 939
Læknisrannsóknum um geðveiki sakamanns ber eigi saman. Maðurinn talinn sakhæfur 882
Álit geðveikralæknis um, að ákærði væri geðveikur (psychopath) lagt til grundvallar, og ákærði dæmdur með hliðsjón af 40. gr. hegningarlaganna 986
Læknisálit um hæfileika karlmanns til barnsgetnaðar 449
Rannsókn læknis um virginitas stúlku í máli út af nauðgunartilraun 1031
Álit dýrafræðings og dýralæknis í máli út af illri meðferð á fuglum 74
Efnarannsókn á öli og öðrum áfengisvökvum í málum út af brotum á áfengislögum lögð til grundvallar dómi 213, 216, 219, 468, 569, 782, 1264, 1282, 1285, 1305
Efnarannsókn á sýrum í sakamáli 939
Athuganir veðurstofu um veðráttu í sambandi við rannsókn á meðferð á barni í sveit 528
Skoðunarmenn bifreiða rannsaka bifreið eftir að slys hefir orðið 814, 1214
Mælingar og staðarákvarðanir varðskipsforingja í málum út af brotum á fiskveiðalöggjöfinni lagðar til grundvallar 46, 136, 139, 206, 334, 390, 420, 485, 490, 620, 661, 680, 734, 736, 740, 776, 827, 1073, 1132, 1150, 1176, 1185, 1261, 1279, 1326
Álit sjófróðs manns um stað skips, er sakað var um landhelgibrot 102, 105, 136
Í opinberu máli er heimtað álit manna um þunga vöru, er send hafði verið á bifreið frá staðnum X til staðarins Y, þar sem varan hafði brunnið 701
A kaupir saltfisk á staðnum X og flytur hann til staðarins Y. Þar telja dómkvaddir menn hann verulega lakari en um var samið. Kaupanda talið rétt að rifta kaupi og krefjast skaðabóta .. 712

Bls.

Matsgjörð um upphæð skaðabóta eigi talin fullt sönnunargagn, enda þótt útnefningu mannanna og staðfestingu gjörðarinnar væri eigi sérstaklega áfrýjað, með því að gagnaðilja var eigi veittur kostur á að gæta réttar síns, og matsgjörðin var þar að auki ósundurliðuð 804
Skoðun og mat á raforkuútbúnaði í máli um bætur fyrir skaða í rekstri raforkuvers 1102
Verksali, er eigi lauk verki að fullu, dæmdur til að greiða verkkaupanda mismun þess, er hann hafði goldið, og þess, er hið unna verk kostaði, samkvæmt mati dómkvaddra manna 1135
Bifreiðarstjóri dæmdur til að bæta skaða með þeirri fjárhæð, er dómkvaddir menn höfðu metið 463, 879

Meðalganga. Sjá málasamsteypa.

Meinsæri og skyld brot.

Maður sýknaður af ákæru fyrir tilraun til að fá tvo menn til að gefa falsvottorð til notkunar í dómsmáli 410

Nauðgun.

Maður dæmdur til refsingar fyrir að hafa nauðgað frænku sinni og tilraun til að nauðga systur sinni 882
Annar maður dæmdur fyrir tilraun til að nauðga stúlku 1031

Neyðarréttur.

Skýrsla togaraskipstjóra um það, að hann hefði orðið að fara inn fyrir landhelgislínu til að komast hjá árekstri á annað skip, eigi talin rétt, og skipstjóri sektaður fullri sekt 334
Staðhæfing togaraskipstjóra um sama eigi talin heldur skipta máli, jafnvel þótt rétt hefði verið, með því að skipstjóra væri skylt að halda skipinu svo fjarri landhelgilínu, að hann gæti athafnað sig án árekstrar á önnur skip 740

Bls.

Læknir sektaður fyrir útgáfu lyfseðla á öðrum blöðum en hinum fyrirskipuðu, með því að eigi var því til að dreifa, að lyfið væri látið út til sjúklinga, er í hættu væri, og hin lögmætu eyðublöð hefði eigi verið við höndina 747
Eftir því sem á stóð, var það talið refsivert brot á sóttkvíun, að kærði sótti ljósmóður á sóttkvíað heimili 572

Neyðarvörn.

Lögregluþjónn þótti hafa farið út fyrir takmörk neyðarvarnar í viðureign sinni við mótþróafullann, drukkinn mann 646

Ofbeldi. Sjá áverki.

Ólögleg meðferð á fundnu fé.

Maður dæmdur eftir 250. gr. hegningarlaganna fyrir að hafa slegið eign sinni á hross, er komin voru í hross hans í haga 1292

Ómaksbætur.

Dæmdar stefnda í hæstarétti af því að áfrýjandi sótti ekki þing eða hóf mál 219, 476, 508, 665, 688, 711, 799, 827, 878, 879, 982, 1150, 1211, 1212, 1213, 1264, 1281 1282

Ómerking. Sbr. réttarfarslög.

a. Einkamál.

Gallar á sáttatilraun. Málsmeðferð og dómur ómerkt ex officio og máli vísað frá undirrétti 4
Dómur í barnsfaðernismáli ómerktur og máli heimvísað vegna þess, að dómari hafði vanrækt upplýsingaskyldu sína 198
Nauðungaruppboð á fasteignum ómerkt ex officio af ýmsum sökum 349
Stefndi mætti eigi við þingfestingu máls og var málið tekið til dóms og dómur kveðinn upp í því

Bls.

þrátt fyrir endurupptöku þess. Dómur ómerktur í hæstarétti og máli heimvísað 656
Héraðsdómari hafði frávísað víxilmáli vegna vöntunar á sáttatilraun. Dómurinn ómerktur í hæstarétti og dómari skyldaður til að taka upp málið af nýju 697
Eigi talin þörf að ómerkja meðferð landamerkjamáls, þótt kallað væri farið með það í aukarétti, með því að að öðru leyti sætti það meðferð landamerkjamála. Þar á móti var málsmeðferð ómerkt vegna margskonar annara afglapa 731
Málsmeðferð og dómur ómerkt af því, að dómarinn, sem vegna óveðurs komst ekki á þingstaðinn þingfestingardaginn, tók málið fyrir 2 dögum síðar, án þess að gera stefnda viðvart, en skipaði honum „umboðsmann“ 1153
Meðferð máls og dómur ómerkt ex officio, af því að dómarinn, sem var f. h. annars aðiljans, er var þrotabú, hafði gegnt öllum dómarastörfum í því 1240
Kröfu um ómerking héraðsdóms hrundið 449, 1193

b. Opinber mál.

Dómur í almennu lögreglumáli ómerktur samkvæmt kröfu dómsmálaráðuneytisins, með því að nauðsyn þótti að samprófa fleiri sökunauta við hina kærðu og reka í einu lagi mál á hendur þeim öllum 774
Meðferð máls og dómur í því ómerktur, með því að setudómari rannsakaði það og dæmdi, enda þótt hinn reglulegi dómari hefði eigi úrskurðað sig úr dómarasæti eða hefði verið forfallaður .. 1045, 1144
Eigi talin þörf á að ómerkja dóm og málsmeðferð, þótt héraðsdómari hefði hvorki birt kærðum stefnu né tilkynnt þeim málshöfðun, með því að þeim mætti hafa verið ljóst af rannsókn málsins, að sök yrði búin á hendur þeim, og af því að framhaldsrannsókn fór fram að beiðni annars kærða 253

Bls.

Opinber mál.

Sbr. dómarar, málshöfðun, málskostnaður, ómerking.

1. *Nýjar upplýsingar.*

Rannsóknardómari skyldaður með úrskurði til þess að afla frekari upplýsinga og máli frestað á meðan í hæstarétti 100, 860, 951
Fullkomnari rannsókn fyrirskipuð í hæstarétti, þar á meðal um meðferð sökunauts, er hafður var í gæzluvarðhaldi og kært hafði meðferð á sér 701

2. *Skaðabætur.*

Skaðabætur dæmdar í áverkamáli 225, 392
Dæmd iðgjöld í þjófnaðarmáli 395, 666
Þrír menn dæmdir in solidum til að greiða iðgjöld í þjófnaðarmáli 1223
Tveir sýslunarmenn dæmdir, að nokkru leyti in solidum, til greiðslu skaðabóta til handa ríkissjóði 308
Bifreiðarstjóri dæmdur til að bæta skemmdir á reiðhjóli, þess er bifreið hans rakst á, en eigi á fötum hans, með því að engar sönnur höfðu verið færðar að skaðanum 463
Dæmdar bætur fyrir þjáningar og lýti, en eigi fyrir atvinnumissi eða lækningarkostnað, með því að upplýsingar um þau atriði vantaði 547
Skaðabótakrafa hreppsnefndar vegna sjúkrahússvistar barns, er sætt hafði illri meðferð hjá ákærðu, tekin til greina. En krafa um bætur til handa barninu eigi dæmd, með því að hún kom eigi frá réttum aðilja og hafði eigi verið borin undir ákærðu 528
Maður dæmdur til að greiða bætur fyrir skemmdir á fangahúsinu, er hann olli, meðan hann var í gæzlu þar 579
Sökunautur dæmdur til að greiða lögreglumanni, er hann hafði veitt áverka, bætur fyrir skemmdir á einkennisbúningi 879
Skaðabótakrafa, er eigi hafði komið fram í héraði, eigi tekin til greina í hæstarétti, enda hafði sá, er fyrir skaða varð, valdið honum að nokkru sjálfur 646

Bls.

3. *Ýmislegt.*

Stefna eigi birt í opinberu máli. Þó eigi ómerkt í hæstarétti, með því kærði mátti vita, að mál yrði höfðað gegn honum 577
Skjöl lögð fram, er kærða var eigi veitt færi á að athuga 577
Talið aðfinnsluvert, að kærði var settur í gæzluvarðhald 569
Dráttur í opinberu máli út af áverka réttlættur með því, að nauðsynlegt hafi verið að sjá, hverjar afleiðingar áverkinn hefði 646

Prókúra. Sbr. umboð.

Prókúrista talið heimilt að ábyrgjast f. h. húsbónda síns kaupgreiðslu handa hásetum á báti, er A gerði út, með því að A lofaði prókúristanum að selja húsbónda hans aflann af bátnum, en fiskkaup voru ein grein atvinnurekstrar hans 1087, 1235

Refsingar.

a. Almennt um refsingar.

Einfaldur þjófnaður og stórþjófnaður dæmdur í sama máli með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna 395
Refsing fyrir stórþjófnað og einfaldan þjófnað ákveðin með hliðsjón af 53. og 63. gr. hegningarlaganna 666
Það taldar málsbætur hjónum, er dæmd voru til refsingar fyrir illa aðbúð við barn á heimili þeirra, að þau voru einyrkjar, að konan hafði 3 ára gamals barns að gæta og var vanfær 528
Tillit tekið til þess við ákvörðun refsingar, að kærði hafði að óþörfu verið settur í gæzluvarðhald .. 569
Bifreiðarstjóri var eigi sviftur ökuleyfi í héraðsdómi fyrir akstur undir áhrifum víns og lét hæstiréttur það óbreytt vera með hliðsjón af því, að lögreglustjóri hafði haldið ökuskírteini kærða frá því er málið byrjaði, eða nál. 5½ úr mánuði 640
Sá tími, er bifreiðarstjóri var sviftur ökuleyfi vegna

Bls.

ölvunar við akstur, talinn frá því, er lögreglan tók af honum ökuskírteinið 770
Samskonar tími talinn frá birtingu lögregluréttardómsins 926, 936
Manni, er sektaður var fyrir óbeina ógnun við rannsóknardómara, er álitinn var hafa verið löguð til að tálma aðgerðum hans, talið til málsbóta, að rannsóknardómarinn hefði orðið offari við annan mann, er hann hafði grunaðan um refsiverðan verknað 1092
Læknir talinn hafa misskilið reglugerðarákvæði, en þetta eigi látið skipta máli um refsingu hans 622, 627
Lyfsali sömuleiðis, og það eigi látið skipta máli, þótt landlæknir hefði talið skilning hans réttan .. 632
Lyfsali sýknaður af kæru út af því, að þjónn hans hefði látið ólöglega úti áfengi, þegar af þeirri ástæðu, að ósannað var, að lyfsala hefði verið kunnugt um þetta 632
Forstöðumaður lyfjabúðar sektaður fyrir að hafa boðið þjóni sínum að láta úti áfengi, er notað var til nautnar, en eigi lækninga 1076
Upptaka afla og veiðarfæra vegna landhelgibrots reyndist óframkvæmanleg vegna þess, hversu langt var liðið frá því, er brot var framið, þegar mál var höfðað 105, 509
Tekið til greina, er ákveðin var refsing togaraskipstjóra fyrir landhelgibrot, að hann skeytti ekki viðvörunarskotum varðskipsins 334
Talið, að fangelsisrefsingu í viðbót við sektir fyrir ítrekað landhelgibrot yrði eigi beitt, nema telja mætti brotið framið af ásetningi 509
Fangelsisrefsing dæmd sem aukahegning fyrir ítrekað landhelgibrot 46
Maður dæmdur til fangelsisrefsingar, auk sektar, fyrir áfengislagabrot 66, 757, 782, 907, 1189, 1264, 1307

b. Tegundir refsingar dæmdar.

1. Sektir dæmdar 46, 66, 74, 105, 108, 136, 139, 170 200, 213, 216, 219, 253, 297, 334, 358, 368, 390, 420, 423, 439, 463, 466, 468, 485, 500, 509, 543,

Bls.

569, 572, 579, 620, 622, 627, 646, 652, 661, 677, 680, 688, 734, 736, 740, 746, 757, 762, 770, 776, 780, 796, 801, 809, 810, 835, 861, 890, 907, 926, 947, 973, 977, 1011, 1023, 1026, 1073, 1078, 1092, 1132, 1146, 1150, 1171, 1174, 1176, 1185, 1189, 1206, 1221, 1242, 1261, 1264, 1279, 1282, 1305, 1307, 1326

2. Einfalt fangelsi dæmt 46, 253, 299, 308, 466, 757, 814, 865, 1189, 1305, 1307

3. Fangelsi við venjulegt fangaviðurværi 66, 299, 308, 392, 436, 719, 723, 782, 879, 893, 907, 992, 1047, 1214, 1223, 1264, 1292, 1307

4. Fangelsi við vatn og brauð dæmt 19, 77, 225, 528, 539

5. Betrunarhússvinna dæmd 395, 577, 666, 748, 772, 882, 986, 1031

6. Upptaka eigna dæmd:

Ólöglega innflutt eða bruggað áfengi 66, 253, 466, 468, 569, 757, 782 893, 1307

Áhöld til bruggunar og tæki 468, 569, 782, 1264, 1282, 1285

Skip dæmt upptækt, með því að það var notað til áfengislagabrota 253, 299

Afli dæmdur upptækur og veiðarfæri vegna landhelgibrota 136, 139, 206, 334, 390, 420, 423, 485, 490, 620, 661, 680, 734, 736, 740, 746, 776, 809, 827, 1073, 1132, 1150, 1174, 1176, 1185, 1261, 1279, 1326

7. Sökunautur dæmdur til að hafa fyrirgert réttindum:

Læknir sviftur heimild til að gefa út ávísanir á áfengi og afhending áfengis eða áfengisblöndu 622, 627, 979

Bifreiðarstjóri sviftur ökuleyfi 770, 796, 814, 865, 890, 926, 936, 973, 1146, 1214, 1221

Reki. Sjá landshlutur.

Réttarfarslög.

Sbr. dómar, dómarar, endurupptaka, frávísun, málasamsteypa, málskostnaður, ómerking, réttarfarssektir.

Kröfu um frávísun þrautavarakröfu hrundið, með því að eigi þótt gera til, þótt hún hefði eigi ver-

Bls.

ið nefnd í sáttakæru eða í málsútlistun í fyrsta þinghaldi málsins 918
Kröfum vísað frá dómi vegna óglöggrar útlistunar 1053
Skyldu til að greiða kröfu var mótmælt, en þau mótmæli þóttu eigi á rökum byggð. Einstökum reikningsliðum var ekki mótmælt sérstaklega, né vaxtakröfu, og var aðili því dæmdur til að greiða þá alla 6
Mótmæli með almennum orðum eigi talin nægileg 35
Málsatviki ekki nægilega mótmælt og kröfuupphæð alls eigi, og var stefndi því dæmdur til að greiða samkvæmt kröfu stefnanda 337
Skuldunautur mótmælti hvorki skuldarupphæð né vaxtakröfu og var dæmdur til að greiða hvorttveggja 233
Í máli til sektar og skaðabóta út af meiðyrðum var upphæð skaðabótakröfu eigi sérstaklega mótmælt í héraði, heldur skaðabótaskyldunni almennt og því dæmd sú upphæð, er krafizt var. Í hæstarétti var talið, að þessi mótmæli væri einnig nægileg um kröfuhæðina og skaðabótakrafan var því færð þar niður 439
Skuldunautur dæmdur til að greiða umstefnda skuld, með því að hann mótmælti engum kröfulið sérstaklega og hafði áður fengið reikning og þá viðurkennt skuldina, að frádreginni upphæð, er hann kvaðst hafa greitt og kröfuhafi hafði eigi mótmælt 643
Mótmæli gegn kröfu talin of seint fram komin og sum eigi heldur nægilega glögg, og því eigi tekin til greina 1053
Dómur í landamerkjamáli ómerktur meðal annars af því, að farið var í honum út fyrir kröfur aðilja 731
Vaxta var eigi krafizt af skuld, og þeir því eigi dæmdir 237
A, er krafinn var endurgjalds fyrir umbúðir vöru, er hann hafði pantað, kvaðst hafa skilað umbúðunum. Sú varnarástæða eigi talin útiloka þá sýknuástæðu, að krafa til endurgjalds fyrir umbúðirnar væri fyrnd 685

Bls.

Dómur í landamerkjamáli ómerktur, af því meðal annars, að hann var byggður á skjali, er ekki var lagt fram í málinu 731
Meiðandi ummæli í málsskjali um vitni dæmd dauð og ómerk 600
Vitt ummæli í málsskjali um nafngreindan látinn mann 243
Fundið að því, að matsgjörð í sjódómsmáli var staðfest í aukarétti, í stað sjódóms 804

Réttarfarssektir, Sbr. dómarar, málflutningsmenn.

Aðili sektaður fyrir ummæli í réttarskjali 874, 918, 1135, 1299
Felld úr gildi ákvæði héraðsdóms um sekt fyrir ummæli í málsskjali og ómerking þeirra 845
Málflytjendur sektaðir fyrir ósæmilegan ritháttt í réttarskjali 652

Sakhæfi.

Átján ára gamall maður dæmdur í 18 mánaða betrunarhússvinnu fyrir stórþjófnað 395
Maður, er sakaður var um stórþjófnað, kvaðst hafa verið nokkuð ölvaður, er hann framdi verkið. Eigi tekið tillit til þessa 772
Maður dæmdur fyrir nauðgun á frænku sinni og nauðungartilraun við systur sína, með hliðsjón af 40. gr. hegningarlaganna 882
Maður, er gerði tilraun til að sálga barni sínu, 11 mánaða gömlu, sýknaður af refsingu vegna vanþroska og geðveiki samkvæmt 39. gr. hegningarlaganna, en dæmdur í gæzlu 939
Maður, er sannur var orðinn um íkveikjutilraun, dæmdur til refsingar með hliðsjón af 40. gr. hegningarlaganna 986

Saknæmi.

Maður sýknaður af kæru fyrir sölu á öli með óleyfilegu áfengismagni, er hann hafði keypt af meðkærða, sakir þess að hann var eigi talinn hafa

Bls.

haft ástæðu til að ætla, að það væri áfengara en lög leyfa 216
Sektað fyrir ölbruggun, enda þótt kærði kvæðist eigi hafa vitað, að ölið væri of áfengt, með því að hann hefði engan ölmæli haft, heldur gizkað á um áfengisstyrkleika ölsins 216, 219
A, sem greitt hafði B höfuðhögg, svo að hann féll á götuna, hlaut sár á höfuðið og fékk heilahristing, dæmdur fyrir líkamsáverka framinn af ásetningi 225
Tveir opinberir sýslunarmenn dæmdir fyrir ýmiskonar vanrækslu og óreiðu í starfi sínu 308
Maður sýknaður af ákæru út af tilraun til þess að fá tvo menn til að gefa rangt vottorð til afnota í dómsmáli, með því að varhugavert þótti að telja sannað, gegn eindreginni neitun ákærða, að honum hefði verið það ljóst, að vottorðið væri rangt 410
Bifreiðarstjóri sýknaður af kæru um að hafa orðið mannsbani af gáleysi, með því að sá, er fyrir slysi varð, hljóp fyrir bifreiðina, án þess að bifreiðarstjóri fengi að gert 291, 709, 944
Bifreiðarstjóri talinn hafa orðið mannsbani af gáleysi og dæmdur eftir 200. gr. hegningarlaganna í fangelsi og til að missa ökuleyfi .. 814, 865, 1214
Maður talinn hafa valdið með gáleysi meiðslum á öðrum manni og dæmdur eftir 209. sbr. 206. gr. hegningarlaganna til refsingar og bóta fyrir þjáningar og líkamslýti 547
Póstafgreiðslumaður sýknaður af ákæru fyrir hirðuleysi í sýslan sinni 899
Álitið, að fangelsi sem aukahegningu fyrir ítrekað landhelgibrot togaraskipstjóra verði eigi beitt, nema telja megi brot framið af ásetningi 509
Skýrsla togaraskipstjóra, er sannur var orðinn að veiðum í landhelgi, um það, að hann hefði eigi framið brotið af ásetningi, eigi látin skipta máli um refsingu 1326
Skýrsla togaraskipstjóra, er staðinn var að veiðum í landhelgi, um það, að skip hans hefði vegna

Bls.

ólags á veiðarfærum rekið inn fyrir landhelgilínuna, ekki tekin til greina 1174
Staðhæfing sökunauts um það, að hann hefði ekki farið inn í hús annars mann til þess að stela þar, ekki talin rétt, og maðurinn dæmdur eftir 232. gr. hegningarlaganna 772
Maður dæmdur fyrir hússbrennu sakir gáleysis .. 992
Skipstjóri talinn hafa orðið valdur að manntjóni fyrir sakir gáleysis síns 719, 723
Togaraskipstjóra, er tekinn var að veiðum í landhelgi, ekki látið koma það til sýknu, þótt hann kynni að hafa treyst því, að „boja" ein, er hann hefði miðað við, væri fiskboja togara 827
Ákærði, sem hafði haft samgöngur við heimili, sem var sóttkvíað vegna taugaveiki, dæmdur til refsingar fyrir það, að hann hafði ekki skýrt héraðslækni frá veiki, er skömmu síðar kom upp á heimili hans, með því að hann mátti telja líklegt, að sú veiki væri taugaveiki 572
Þrír menn, er ílát með áfengi fundust hjá, sýknaðir af hlutdeild í áfengislagabroti 8 annara manna, með því að ekki þótti sannað, að þeim hefði verið kunnugt um það, að áfengi væri í ílátunum 1307

Samaðild.

Meðferð landamerkjamáls ómerkt, af því meðal annars, að eigi þótti hafa verið fyrir því séð, að allir eigendur annarar jarðarinnar hefði fengið þess kost, að gæta réttar síns 731

Sameign.

Tveir eigendur að skipi dæmdir til þess að greiða in solidum kostnað af heimsendingu skipshafnar frá Bretlandi til Íslands 6
Margskonar ágreiningur um reikningsskil annars sameigandans og kaup hans á eignarhluta hins 179
Þrír menn áttu bát og gerðu hann út í sameiningu, án þess að útgerðarstjóri væri kosinn. Talið rétt að beina lögtakskröfu til innheimtu útsvars,

Bls.

sem lagt var á bátinn utan heimilis hans, gegn einum þeirra 614

Sameignarslit á 9, 14 smálesta báti talin réttilega hafa farið fram samkvæmt 27. og 28. gr. siglingalaganna, enda þótt því væri haldið fram í málinu, að þessar greinir ætti ekki við skip undir 12 smálestum að stærð 819

Maður, er, ásamt fleirum, fór til fuglveiða í eyju, er margir menn áttu veiðirétt í, og með leyfi allra þeirra, nema eins, sýknaður af skaðabótakröfu þessa manns fyrir veiðiréttarbrot, með því að sá þótti eigi eiga tilkall til veiðarinnar það ár vegna skiptingar rétthafanna á veiðinni 1299

Samkomur.

Skemmtisamkoma, sem félag eitt gekkst fyrir og félagar einir og þeir, sem þá lofuðu að ganga í félagið, áttu aðgang að, eigi talin almenn samkoma 343

Samningar. Samþykki. Sbr. kaup og sala, skuldir, verzlunarviðskipti.

A hafði gert samning við B um að selja honum síldartunnur, en jafnframt var ákveðið, að hann skyldi fá forkaupsrétt að afla hjá B eða forrétt til að selja hann. A gaf síðar út ávísun til handa B til greiðslu á vöru þeirri, sem í samningnum greinir, og var A með þessu talinn hafa viðurkennt, að hann hefði keypt vöruna 23

Níu menn höfðu, f. h. allra þeirra, er ráku hvali á land á Siglufirði, tekið að sér standa fyrir hvalskurði og ráðstöfun á hvalnum að öðru leyti. Landeigandi, sem áskildi sér kröfu til landshlutar í bréfi til forstöðumannsins eins, var þar með talinn hafa samþykkt, að þeir önnuðust þessi störf 87

Stefnandi talinn hafa leitt svo miklar líkur að því, að hann ætti að fá verðuppbót á fiski, sem hann seldi stefnda, að málsúrslit voru látin velta á synjunareiði hans 165

Bls.

Kaupanda fasteignar dæmt heimilt að rifta kaupum, vegna þess að hann fekk ekki afnot hennar og leigu á þeim tíma, sem til var skilið. Þar á móti var sama aðilja talið óheimilt að rifta sölu á húsi til seljanda fyrrnefndu eignarinnar, með því að eigi var sannað, að svo náið samband væri milli þessara tveggja kaupa 237

Hjónin A og B höfðu gert sameiginlega og gagnkvæma erfðaskrá, þar sem þau arfleiddu hvort annað. Erfðaskráin var síðan dæmd ógild vegna galla á tilorðningu hennar. Erfingjar A, er fyrr andaðist, hreyfðu engum andmælum við setu B í óskiptu búi og kröfðust ekki arfs eftir A fyrr en B var líka látinn. Eigi talið, að í þessari framkomu þeirra fælist samþykki á erfðaskránni í heild sinni 243

A gaf út víxil á hendur skuldunaut sínum B, er B samþykkti. Á víxilinn var ritað sérstakt loforð frá A um greiðslu hans að fullu á gjalddaga. Víxil þenna keypti bankaútibú, sem einnig átti stórfé hjá B og hafði áskilið sér ráðstöfunarrétt á öllum innborgunum hans til útibússins, enda vissi útibúið, að B hafði eigi ráð á öðru fé en því, er inn borgaðist til útibússins. Samt sem áður var eigi álitið, að útibúið hefði með kaupunum á víxli þessum eða með öðrum hætti skuldbundið sig til þess að láta upphæðir þær, sem til þess greiddust frá B, ganga upp í víxilinn 286

Fiskveiðifélag dæmt til að greiða kaup lifrarmatsmanni, útnefndum af Sjómannafélagi Reykjavíkur samkvæmt samningi þess við félag útgerðarmanna, sem fiskveiðafélagið var í, með því að útgerðarmannafélagið hafði of seint og eigi á réttum rökum mótmælt útnefningu mannsins og með því að fiskveiðafélagið hafði tilkynnt matsmanninum, þegar mat átti að fara fram, tekið athugasemdalaust við matsvottorðum hans og lagt þau til grundvallar við útreikning á lifrarkaupi háseta sinna 294

Maður dæmdur til greiðslu skaðabóta fyrir óheimila

Bls.

notkun hests, er hann gat ekki sannað, að eigandinn hefði lofað að selja honum 430
Maður dæmdur til að gjalda verzlunar- og viðskiptaskuld, sem hann hafði eigi mótmælt, er hann fekk reikning fyrir henni, enda samþykkt víxil til greiðslu hennar 457
Munnlegt loforð jarðeiganda (A) um það, að hann mundi sleppa tilkalli til tiltekins hólma eða „klakks", ef hinn aðilinn (B) sannaði rétt sinnar jarðar til hólmans eða leiddi líkur að honum, eigi skilið svo, að A hefði afsalað sér rétti til að sanna sitt tilkall eða að sannanir eða líkur B yrði eigi bornar undir dómstólana 496
Kaupmaður talinn hafa með framkomu sinni undirgengizt að greiða andvirði vöru í dönskum krónum 500
A afgirti lóð sína og lagaði hana til. Með þessu var hann eigi talinn hafa firrt sig þeim rétti til að taka nágrannalóðina, er honum hafði verið áskilinn í útmælingargjörð, en nágranninn hafði jafnan síðan haft í varðveizlu sinni 519
Talið óheimilt að rifta samningi um hlut í skip, þótt hann kæmi síðar en kaupandi þóttist þurfa, með því að eigi var sannað, að hann hefði gert nokkurn fyrirvara um þetta, og kröfu um niðurfærzlu á verði því, er seljandi setti, eigi heldur sinnt, með því að kaupandi gat ekki heldur sannað, að ákveðnu verði eða ákveðinni þyngd á hlutnum hefði verið lofað 525
Aðilja leyft að staðfesta það með eiði, að svo hefði samizt milli hans og félaga hans, að sá síðarnefndi tæki einn við eignum og skuldum félagsskapar þeirra 554
Verzlunarmaður talinn hafa með aðgerðum sínum og þögn samþykkt það kaup, er skrifað var í reikning hans við verzlun þá, er hann starfaði við 562
Útgerðarmaður sýknaður af kröfu til greiðslu á vangoldnu lifrarverði, með því að sannað þótti, að hann hefði goldið það verð, er teljast mátti með-

Bls.

alverð lifrar á stöðum þeim, er lifrarkaupasamningurinn miðaði við 582

Aðili sýknaður af kröfu um útgáfu afsals fyrir húseign, með því að skilyrði fyrir því voru eigi uppfyllt 586

Sjálfskuldarábyrgð, sem bundin var við kaupverð vélar í ákveðnu krónutali, eigi talin fela í sér skyldu til greiðslu umbúða, farmgjalds o. s. frv. 637

Talið, að í samningi um efni til og verk við lagningu hitunartækja í hús, væri að eins átt við neðri hæð hússins, og aðili var því dæmdur til að greiða sérstaklega kostnað af lagningunni á efri hæðina 693

Aðili talinn laus við tilboð sitt um að selja hlutafélagi hlutabréf sín, með því að hann fekk ekki tilkynningu innan hæfilegs tíma um það, að gengið væri að skilyrðum þeim, er sett voru .. 704

Dæmd heimil rifting á fiskkaupum, með því að fiskurinn var öðruvísi verkaður en til var skilið í samningnum 712

Samningur um sölu útistandandi skulda þrotabús firma samkvæmt verzlunarbókum þess eigi talinn ná til skulda, er kvittaðar voru sem greiddar í bókunum, en síðar kom í ljós, að rifta mætti þessum ráðstöfunum firmans 765

A, er hafði lofað að selja B hús gegn því meðal annars, að B setti ábyrgð fyrir greiðslu kaupverðsins, talinn hafa horfið frá þessu skilyrði, með því að hann lét B umyrðalaust gera við húsið og endurbæta það 838

Bæjarstjórn gerði samþykkt um að fela A starfa einn samkvæmt tilmælum hans. Bæjarstjóri tilkynnti honum að vísu eigi samþykktina, sem talin var grundvöllur undir væntanlega samninga. Í trausti til samþykktarinnar tók A sér ferð á hendur til að búa sig undir starfann. Bæjarstjórnin, sem var þetta vitanlegt, afturkallaði alllöngu síðar samþykktina, var dæmd til að greiða A kostnað af förinni og bætur fyrir atvinnumissi vegna fjarvistar sinnar 918

Bls.

Skuldunaut veittur kostur á að synja með eiði fyrir, að hann hefði lofað að greiða ýmsa úttekt skipverja sinna 933

Skuldbinding banka um greiðslu víxilupphæðar talin niður fallin, með því að víxillinn, sem eigi var greiddur á gjalddaga, hafði ekki verið fenginn bankanum til innheimtu, eins og bankinn hafði tilskilið 1036

Firma talið bundið við skuldbindingu prokúrista síns um greiðslu hásetakaups fyrir útgerðarmann gegn því, að hann seldi firmanu aflann af skipinu, en þetta brást án þess að sannað væri, að hásetarnir hefði vitað um þetta skilyrði eða ætti sök á því, að það var eigi uppfyllt 1087, 1235

Afsal að vatnsréttindum í á eigi skilið sem einkaheimild væri þar með veitt til vatnsnotanna, enda hafði rétthafi eigi mótmælt byggingu raforkuvers ofar við ána 1102

Verksamningur um hússbyggingu eigi talinn fallinn úr gildi, þótt breyting, sem eigi var talin veruleg, væri gerð á húsinu frá því er uppdráttur sýndi, enda hafði verksali haldið verkinu áfram eftir breytinguna 1135

Firma, er tekið hafði við skuldabréfi að handveði sem tryggingu fyrir greiðslu á andvirði efnis til hússgerðar, eigi talið hafa þar með bundið sig til að koma upp húsinu eða til efnisútiláta frekar en orðið var 1135

Íslandsbanki talinn hafa gengið að ákvæðinu í 3. gr. l. nr. 6/1921 um sölu gullforða síns til ríkissjóðs með nafnverði, með því að stjórn bankans hreyfði engum mótmælum, er frumvarp að lögunum var til meðferðar á Alþingi og hegðaði sér að öðru leyti samkvæmt lögunum 1178

Aðili talinn hafa skuldbundið sig til greiðslu svonefnds „sláturfjárgjalds" með því að slátra fé sínu í húsum þess, er við gjaldinu tók 1193

Samningur um sölu húsgagna með áskildum eignarrétti til handa seljanda, þar til andvirðið væri

Bls.

að fullu greitt, metinn gildur, og seljanda var því dæmdur réttur til að láta taka munina með beinni fógetagjörð frá kaupanda, sem eigi stóð í skilum 1233

Álitið, að spítalaráðskonu, sem ráðin var af yfirlækni spítalans með þegjandi samþykki viðkomandi ráðuneytis, bæri 6 mánaða uppsagnarfrestur 1319

Sáttir. Sáttaumleitun.

Aðili dæmdur til að greiða sekt og málskostnað í héraði vegna þess, að hann sótti ekki sáttafund 294, 500

Aðili dæmdur til greiðslu málskostnaðar í héraði, enda þótt hann væri sýknaður, með því að hann sótti ekki sáttafund, en sekt var eigi dæmd á hendur honum 887

Málsmeðferð og dómur ómerkt ex officio og máli vísað frá héraðsdómi, með því að eigi var sagt í vottorði sáttamanna, hver sótt hefði sáttfund eða hvort nokkur hefði sótt hann af hendi aðilja 4

Skiptaréttarúrskurður ómerktur vegna vöntunar á sáttatilraun. Hinn reglulegi skiptaráðandi, sem sjálfur var málsaðili, hafði leitað sátta 938

Hrundið kröfu um frávísun þrautavarakröfu, byggðri á því, að þrautavarakrafan var eigi nefnd í sáttakæru 918

Héraðsdómari hafði vísað víxilmáli frá aukarétti, af því eigi var leitað sátta í því. Frávísunardómurinn ómerktur í hæstarétti, með því að víxilmál þurfi eigi að leggja til sátta, hvort sem þau sé rekin fyrir aukarétti eða gestarétti .. 697

Krafa stefnds í héraði um viðurkenningu á óátöldum eignarrétti að lóð dæmd að efni til í hæstarétti, þótt hún hefði eigi verið lögð til sátta .. 519

Sátt, gerð fyrir landamerkjadómi, lögð til grundvallar í máli um merkin, er síðar reis vegna ágreinings um örnefni 1

Sátt gerð fyrir fógetarétti um það, að fallið verði

Bls.

frá kröfu um lagningu lögbanns við byggingu á ágreiningslóð gegn því, að gerðarþoli hætti verkinu og málið um eignar- og umráðarétt lóðarinnar verði útkljáð með dómi á venjulegan hátt 519

Með því að nálægt ár var liðið milli sáttakæru og stefnu, voru ekki dæmdir vextir af skuld fyrr en frá stefnudegi 337

Sektir. Sjá refsingar.

Fundið að því, að héraðsdómari hafði ekki sett frest til sektargreiðslu í dóm 734, 746

Sjódómur. Sjódómsmál.

Mál út af björgunarlaunum og aðstoðar .. 50, 195, 346

Mál út af biðdagabótum 471

Mál til greiðslu farmgjalds 35, 382

Mál vegna árekstrar skipa 82, 145, 228, 264, 426, 460, 671, 804, 1323

Mál til viðurkenningar á sjóveðrétti 192, 606, 780, 822

Mál út af kröfu um greiðslu úttektar háseta 933

Mál um kröfu út af dagpeningum háseta, er veiktist í skiprúmi sínu, samkvæmt 3. málsgr. 95. gr. siglingalaga nr. 56/1914 930

Refsimál á hendur skipstjóra fyrir að hafa sakir gáleysislegrar skipstjórnar valdið manntjóni 719, 723

Mál til staðfestingar á kyrrsetningu á skipi og um kröfu til endurgreiðslu á ýmsum upphæðum, er stefnandi í héraði hafði greitt hér fyrir erlent útgerðarfélag vegna útgerðar þess hér 1124

Mál gegn þrotabúi og samskuldara þess út af kröfu til greiðslu kostnaðar af heimsendingu sjómanna af skipi stefndu, er samþykktu meðferð málsins fyrir sjódómi. Það talið rétt samkvæmt 1. gr. l. nr. 52/1914 6

Fundið að því, að sjóferðaskýrsla var tekin í gestarétti og að matsgjörð var staðfest í aukarétti, í stað sjóréttar 804

Bls.

Sjóveð. Sbr. Skip.

Dæmt sjóveð í skipi, er sigldi á annað skip og sökkti því með farmi, til tryggingar skaðabótagreiðslu til handa eigendum skips og farms, og fjárnám heimilað í sjóveðinu. Þar á móti var krafa um sjóveðrétt í afla skipsins eða veiðarfærum eigi tekin til greina 264
Dæmt sjóveð í skipi, er olli skaða með árekstri á annað skip 460
Sjóveð í skipi dæmt til tryggingar greiðslu á úttekt skipstjóra samkvæmt 236. sbr. 53. gr. siglingal. nr. 56/1914, að því leyti sem hún taldist hafa verið beinlínis til ferðar skips eða veiða, en eigi efni til viðgerðar meðan það lá kyrrt í því skyni 606
Úttekt háseta vélbáts utan heimilis bátsins eigi talin tryggð með sjóveðrétti í bátnum, enda þótt skipstjóri samþykkti reikninginn, með því að eigi var upplýst, hvort hásetarnir áttu að fá kaup af hlutdeild í afla eða ákveðið peningakaup 780
Eigi álitið, að úttekt skipstjóra handa báti, er gerður var út utan heimilis, væri tryggð með veðrétti í bátnum, með því að skilyrðum 236. gr., sbr. 53. gr., siglingalaga nr. 56/1914 hefði eigi verið fyrir hendi 788
Úttekt skipstjóra til viðgerðar skips, utan heimilis, eigi talin tryggð með sjóveðrétti í skipinu, sem lá um 6 mánaða tíma kyrrt á viðgerðarstaðnum 822
Krafa um viðurkenningu sjóveðréttar eigi úrskurðuð í dómi sjóréttar eða hæstaréttar 346, 930

Skaðabætur. Sjá opinber mál 2.

1. *Skaðabætur utan samninga.*

Sýknað af kröfu um bætur fyrir útburð úr húsi, með því að útburðargjörðin var réttmæt 586
Í máli út af meiðyrðum voru dæmdar bætur vegna þess, að ummælin þóttu löguð til þess að spilla áliti stefnanda, sem var kaupmaður, og fæla menn frá viðskiptum við hann 439

Bls.

Sýknað af kröfu um bætur fyrir miska og lánstraustsspjöll vegna meiðandi ummæla, með því, að eigi þótti sannað eða sennilegt gert, að þau hefði valdið aðilja tjóni 108

Sýknað af skaðabótakröfu í meiðyrðamáli, með því að ekki þótt gert sennilegt, að ummælin hefði valdið aðilja tjóni 305

Krafa um bætur fyrir lánstraustsspjöll út af meiðandi ummælum eigi tekin til greina, með því að sannað var, að stefnandi var orðinn gjaldþrota og lánstraust hans farið. Krafa um bætur fyrir miska og atvinnuspjöll eigi heldur tekin til greina, með því að mörg ummælin þóttu á rökum byggð, en þau ummælin, er eigi voru réttlætt, þóttu eigi löguð til að hafa bakað aðilja annað eða meira tjón en hin 368

Sýknað í meiðyrðamáli af kröfu um bætur, með því að engar sannanir eða líkur voru færðar fyrir tjóni 1242

Eiganda skips, er rakst á annað skip í höfn, dæmt að bæta tjón af árekstrinum, með því að skipstjóri hans hafði óhlýðnast fyrirskipunum hafnarstjóra um færslu á skipinu 145

Eiganda skips, er sigldi á annað skip og sökkti því með farmi, dæmt að greiða bætur fyrir skip og farm. Vátryggingarupphæð hins sokkna skips þó eigi lögð til grundvallar, með því að hún þótti of há 264

Eiganda skips, er á annað skip rakst, dæmt skylt að greiða bætur fyrir tjón á skipi og aflatjón 460, 804, 1323

Tjóni af árekstri skipa skipt milli þeirra í hlutföllunum 1 : 3 og 2 : 3. Bætur fyrir aflatjón eigi dæmdar vegna upplýsingaskorts 671

Skipum, er sigldu hvort á annað, dæmt hvoru að bera sitt tjón, með því að bæði ætti sök á árekstrinum 82

Skipseigandi sýknaður af skaðabótakröfu vegna árekstrar, með því að skip stefnanda þótti eiga sök á árekstrinum 426

Bls.

Maður dæmdur til skaðabótagreiðslu fyrir heimildarlausa notkun og spjöll á hesti annars manns .. 430
Eigandi bifreiðar, sem trippi hafði rekizt á og fótbrotnað við það, sýknaður af skaðabótakröfu, með því að bifreiðarstjórinn þótti hafa sýnt fulla aðgæzlu 887
A dæmdur til að greiða fullvirði timburs, er verksali hans (B) hafði fengið hjá C, en A hafði ranglega slegið eign sinni á, enda þótt B hefði getað skilað aftur timbrinu gegn greiðslu ákveðinnar leigu eftir það 967
Landsbankinn sýknaður af kröfu bankaráðsmanns, er kosinn var á Alþingi 1927 til 4 ára, en missti starfann 1928 vegna breytinga á lögum bankans, til launa það, er eftir var kjörtímans 982
Bótakröfu afsetts sýslumanns vegna afsetningarinnar vísað frá dómi, með því að ráðherra hefði haft heimild til afsetningarinnar 1027
Eigandi raforkustöðvar skyldaður til að greiða bætur eftir mati fyrir truflanir á starfsemi verksmiðju, er hafði afnot sömu árinnar og raforkustöðin, en neðar við ána 1102
Maður, sem ásamt fleirum mönnum hafði farið i eyju til súlnaveiða með leyfi allra veiðiréttarhafa, nema eins, sýknaður af bótakröfu þessa manns, með því að sá var eigi talinn eiga tilkall til veiðarinnar það ár 1299

2. *Skaðabætur fyrir vanefndir eða rof á samningum.*

Aðili, sem tekizt hafði á hendur flutning á saltfarmi frá Bretlandi til Vestmannaeyja og hafði sent skipið á leið til Íslands til Þýzkalands án þess að réttlæta það, skilaði saltinu seinna en til var skilið. Viðtakandi krafðist bóta vegna lækkunar á saltverði, en farmflytjandi var sýknaður, með því að sannanir þótti vanta fyrir því, að saltverð hefði lækkað 35
A, er framseldi B kröfu sem greiðslu upp í hússverð, dæmdur til að greiða B nokkurn hluta af nafnverði kröfunnar, miðað við hússverðið og aðr-

Bls.

ar greiðslur upp í það, af því að krafan hafði verið greidd, áður en framsalið fór fram 281

Seljanda fasteignar dæmt að greiða bætur til kaupandans vegna vanefnda, er hefði bakað kaupanda, með hliðsjón af stöðu hans, tjón 237

Umboðsmenn tveir sýknaðir af skaðabótakröfu, er stefnandi taldi þá hafa bakað honum með framkvæmd umboðsins, með því að þeir voru eigi taldir hafa farið út fyrir umboðið, eins og á stóð, og eigi heldur sannað, að þeir hefði að öðru leyti gert umbjóðanda tjón með ráðstöfunum sínum 401

Leigusali húsnæðis, er eigi gat haft húsnæðið í fullfæru ástandi í upphafi leigutímans, sýknaður af kröfu um tilskilda bótaupphæð í leigusamningi, en dæmdur til að greiða leigutaka þóknun fyrir óþægindi og tjón vegna galla á húsnæðinu í upphafi 852

Seljanda fisks dæmt að þola riftingu á sölusamningi og greiða bætur vegna sölu á verulega gallaðri vöru 712

Erlent firma sýknað af skaðabótakröfu fyrir það, að það hafði synjað um afhendingu á vöru fyrir það verð, er „agent" þess hér hafði lofað, með því að venjulegur „agent" hefði eigi heimild til að gefa slík loforð fyrir firma sitt 829

Bæjarstjórn, er gert hafði samþykkt um ráðningu læknis til starfa í þarfir bæjarins, en afturkallaði síðan samþykktina, dæmt að greiða læknínum bætur fyrir atvinnutjón og kostnað af ferð, er hann hafði farið í trausti til ráðningarinnar 918

Sakir útgáfu afsals að skúr, er annar maður átti, en var þinglesinn á nafn útgefanda, var hann dæmdur til að greiða kaupanda skúrsins bætur vegna vanheimildar, en þó að eins þá fjárhæð, sem kaupandi hefði þurft að greiða, ef hann hefði leyst af veðrétt þann, er vanheimildinni olli 961

Verksali dæmdur til að greiða verkkaupanda bætur, með því að hann hafði hætt við verkið, án þess

Bls.

að gera verkkaupanda viðvart og án þess að ganga svo frá, að verk það, sem þegar var unnið, yrði eigi fyrir spjöllum, sem hægðarleikur var að afstýra 1135

A, sem hafði undirgengizt að selja hreppsnefnd vörur, er koma skyldu í akveðnu skipi í ákveðinni áætlunarferð, sýknaður af kröfu um bætur fyrir það, að vörurnar komu seinna en ætlað var og í öðru skipi, með því að A hafði haft fulla ástæðu til að halda að vörurnar kæmi jafnsnemma með skipi því, er flutti þær, og hinu og farmflytjandi hafði að vitund hreppsnefndarinnar heimild til að skipta um skip 1269

Spítalaráðskonu dæmdar bætur fyrir það, að hún var svift stöðu sinni með of skömmum fyrirvara 1319

Skattar og gjöld.

1. *Ríkisskattar.*

Bifreiðareigandi tilkynnti lögreglustjóra Reykjavíkur 14. nóv. 1924, að tiltekin bifreið væri ónothæf, sendi einnig tölumerki bifreiðarinnar og óskaði þess, að hún yrði afskráð. 10. marz 1925 tilkynnir sami bifreiðareigandi, að bifreið þessi sé seld til Ísafjarðar og biður þess enn, að hún verði afskráð. Álitið, að aðili ætti eigi að greiða bifreiðaskatt lengur en til 14. nóv. 1924 589

Formaður félags sýknaður af kæru um brot á lögum nr. 40/1923 um skemmtanaskatt, með því að skemmtun sú, sem hann var krafinn skatts af, var haldin til styrktar málefni, er miðaði að almenningsheill 343

Erlendu vátryggingarfélagi, er rekið hafði starfsemi sína hér á landi 1921, var áætlaður tekjuskattur 1922, með því að það hafði ekki talið fram. Bréf umboðsmanns félagsins til skattstjóra var of óákveðið til að geta verið kæra yfir skattinum. Yfirskattanefnd dró 25% af áætluðum tekjum félagsins hér frá fyrir rekstrarkostnaði hér á landi. Með því að félagið var hér skattskylt og það hafði hvorki fyrir skattstjóra né yfirskatta-

Bls.

nefnd gert fullnægjandi grein fyrir tekjum sínum og gjöldum, var því talið skylt að greiða hér tekjuskatt samkvæmt fyrrnefndri ákvörðun yfirskattanefndar 71

A keypti síld árið 1922 fyrir kr. 12420 og seldi hana sama ár gegn greiðslu síðar fyrir kr. 13800. Í skattframtali sínu 1923 taldi hann þessar kr. 13800 tapaða skuld og tók hana hvorki meðal tekna né eigna. Síðar á árinu 1923 innheimti hann kr. 5000 af skuldinni, og gerði skattanefnd honum að greiða tekjuskatt af þessari upphæð. En með því að hann hefði eigi árið 1922 talið innkaupsverð síldar þessarar gjaldamegin á rekstrarreikningi sínum, þá neitaði hann að greiða skatt þenna. A talið bera að sanna síðastnefnda fullyrðingu sína, og með því að sú sönnun var eigi fram komin, var honum dæmt skylt að greiða skattinn 209

Íslandsbanka dæmt skylt að greiða lögmælt gjald í ríkissjóð af fasteignum sínum, þrátt fyrir ákvæði 12. gr. laga nr. 66/1905 744

Fundið að því, að stimpilmerki vantaði á dómsgjörðir eða dómsgjörðir væri rangt stimplaðar 6, 31, 1102

Athugað, að veðbréf, eins og það var innfært í dómsgjörðir, bar ekki með sér, að það hefði verið stimplað 566

2. *Sveitargjöld.*

Niðurjöfnunarnefnd talið heimilt 1925 að hækka útsvar áfrýjanda, enda þótt hann hefði kært það til lækkunar, án þess að gera honum viðvart áður en hækkunin var ákveðin, þar sem ástæðan fyrir henni hefði verið fólgin í kærubréfi áfrýjanda 14

Í kaupstaðnum X var A, sem var búsettur annarstaðar, gert að greiða útsvar af 3 tilteknum skipum, er gengu þar til síldveiða, tiltekna upphæð af hverju skipi. Af 2 skipunum, er A gerði sjálfur út, var honum, samkvæmt 3. mgr. 19. gr. laga

Bls.

nr. 58/1919, dæmt skylt að greiða útsvar, en eigi af þriðja skipinu, sem hann hafði leigt öðrum, og eigi heldur af leiguupphæðinni eftir það 59

A, sem búsettur var á staðnum X, en átti hús, fiskþurkunarreiti og bryggjur á staðnum Y, og hafði þar fiskverkun, fiskveiðar og lifrarbræðslu, talinn þar útsvarsskyldur samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 29/1922 62

Mótbárur um útsvarsupphæð eigi taldar koma til álita fyrir dómi 62

Hlutafélag, sem hafði verzlun í kauptúninu X, en átti salthús í kauptúninu Y og afhenti þar salt og keypti fisk af íbúunum, talið þar útsvarsskylt samkvæmt lögum nr. 50/1919 141

A leigði veiðirétt í á í X-hrepp, en framseldi veiðiréttinn fyrir ákveðna ársleigu. Eigi talin vera heimild í lögum nr. 29/1922 1. gr. til að leggja fyrir þetta útsvar á A til hreppsins 175

Aðilja, sem var atvinnurekandi í Vestmannaeyjum og 3 aðrir gjaldendur höfðu tekið sér til samanburðar, talið óskylt að greiða 1500 kr. útsvarshækkun, er bæjarstjórn hafði ákveðið, án þess að gera honum áður viðvart svo sem fyrir er mælt í 22. gr. l. nr. 26/1918, enda hafði kærum þessara manna verið skotið til bæjarstjórnar eftir kærufrest liðinn 177

Landsverzlun Íslands talin útsvarsskyld til Reykjavíkurbæjar, og eigi álitið, að lög nr. 47/1924 eða analogíu 25. gr. tilsk. 20. apr. 1872 hafi getað leyst aðilja undan útsvari árið 1924 eða nokkrum hluta þess, með því að útsvarið var löglega lagt á áður en lög nr. 47/1924 gengu í gildi .. 200

Talið óheimilt, samkvæmt lögum nr. 29/1922, að leggja útsvar á hreppinn A vegna upprekstrarréttar hans í afrétt hreppsins B 341

Álitið heimilt, samkvæmt 19. gr. l. nr. 67/1919, sbr. 2. mgr. 1. gr. l. nr. 47/1921, að leggja útsvar á aðkomubát, er stundaði síldveiðar og lagði upp afla sinn á aðkomustaðnum. Kröfunni talið

Bls.

réttilega beint að einum af þremur eigendum bátsins, enda þótt útsvarið væri lagt á bátinn 614, 617

Talið heimilt að leggja útsvar á dánarbú, þar sem því er skipt, samkvæmt 1. gr. laga nr. 29/1922, með því að það hafði haft tekjur af eignum 657

Talið, að lög nr. 29/1922 hafi því að eins heimilað manni, er sakir dvalar í öðrum hreppi en hann átti heimili í, var gert þar að greiða útsvar, frádrátt frá útsvari í heimilishreppnum, að útsvar dvalarhreppsins væri lagt á sama gjaldarið sem útsvar heimilishreppsins 911

Hlutafélag, búsett í Reykjavík, tók lóð á leigu á Ísafirði og hafði þar olíubirgðir, sem maður á staðnum seldi fyrir félagið. Félagið talið útsvarsskylt á Ísafirði, samkvæmt a-lið 8. gr. laga nr. 46/1926, af þessari starfsemi 1099

Skilyrði. Sjá ábyrgð, samningar.

Banki, er ábyrgðist greiðslu víxilskuldar, setti það skilyrði, að víxillinn, sem eigi var greiddur á gjalddaga, yrði fenginn bankanum til innheimtu. Bankinn talinn laus við ábyrgðina, af því að þessu skilyrði var ekki fullnægt 1036

Það skilyrði, er sett var fyrir ábyrgð á hásetakaupi, að útgerðarmaður seldi afla sinn ábyrgðarmanninum, eigi talið skipta máli gagnvart hásetunum, sem eigi var sannað, að hefði vitað um þetta skilyrði eða ætti sök á, að það var eigi uppfyllt 1087, 1235

Skylda Íslandsbanka til að selja gullforða sinn með nafnverði samkvæmt 3. gr. l. nr. 6/1921 eigi talin óhjákvæmilega hafa verið bundin því skilyrði, að ríkissjóður legði fram fé til hlutafjárkaupa í bankanum 1178

Skip. Sbr. árekstur, refsingar b. 5., sameign, sjóveð.

Skipstjóri. Skipshöfn. Sbr. sjóveð.

Íslenzku skipi var sökkt af kafbáti á ófriðarsvæðinu 1917. Skipstjóra var það kunnugt, að hann ætti

Bls.

för um hættusvæðið, er hann lét síðast skipi því í haf. Eigendur þess voru því dæmdir in solidum til að greiða heimsendingarkostnað skipshafnar 6
Með því að skipstjóra var ljóst, að A tók við farmi aðeins fyrir hönd B, var A sökuaður af farmgjaldskröfu 35
Dómar um skuldir, er skipstjóri stofnaði fyrir útlekt í þarfir skips 192, 606, 780, 788, 822
Dómar um skyldu útgerðar til að greiða úttekt háseta 780, 933
Útgerð sýknuð af frekari greiðslum en lækningarkostnaði og fæðispeningum 3 kr. á dag til skipverja samkvæmt 3. mgr. siglingalaga nr. 56/1914 930

Skjalafals.

Maður dæmdur til hegningar fyrir að hafa ritað í heimildarleysi nafn annars manns aftan á víxil 577

Skjöl. Sbr. mat og skoðun, sönnun, vitni.

Í máli um landshlut af hvölum, sem reknir voru upp á land stefnanda í héraði, lagður fram afstöðuuppdráttur 87
Í máli um eignarrétt að lóð var lagður fram afstöðuuppdráttur. Skoðun dómara á staðnum því eigi talin nauðsynleg 519
Uppdráttur af þrætulandi lagður fram í hæstarétti í máli um landamerki 1
Dæmt eftir landamerkjaskrá, er aldrei var lögð fram í héraði og eigi fylgdi dómsgerðum. Ómerkingardómur 731
Vitnisburður frá 16. öld um landamerki lagður fram í máli og talinn styðja ákveðna niðurstöðu í málinu 157
Utanréttarvottorðum eigi mótmælt og þau því lögð til grundvallar 141
Sjókort, þar sem landhelgilínan var mörkuð af sjókortastofu og staðfest af sjóliðsráðuneyti Danmerkur eða stjórnarráði Íslands, lagt til grundvallar gegn öðru sjókorti, sem eigi bar saman við það 740, 818

Bls.

Skipti. Sjá arfur, gjaldþrotaskipti.

Sóttvarnir.

Dæmt fyrir brot á lögum nr. 31/1923 og lögum nr. 34/1902 ..... 253, 757

Maður dæmdur fyrir samgöngur við sóttkviaðan bæ og fyrir að skýra eigi héraðslækni frá uppkomu sóttar á bæ sínum 572

Sparisjóðir.

Formaður sparisjóðsstjórnar talinn bær að veita greiðslufrest á skuld, er sparisjóður ábyrgðist .. 329

Skuldajöfnuður. Sbr. gagnsakir.

Gjörðarþolandi við fjárnám kvaðst hafa greitt skuld fyrir gerðarbeiðanda til þriðja manns og hafa kröfu þessa þessvegna til skuldajafnaðar aðfararkröfunni. Gerðarbeiðandi viðurkenndi þetta ekki og var krafan því eigi látin koma til skuldajafnaðar 537

Staðfest synjun fógeta um að láta óviðurkenndar kröfur og ávísanir koma til skuldajafnaðar dómskröfu við aðför 1288

Skuldir. Skuldamál. Sbr. samningar, sjóveð, verzlunarviðskipti.

A talinn hafa gert samning um síldarkaup af B og því dæmdur til að greiða andvirði síldarinnar 23

Maður sýknaður af kröfu um greiðslu á bátsviðgerð, með því að in confesso var í málinu, að hann samdi um hana fyrir hönd annars manns 31

Maður sýknaður af kröfu um greiðslu farmgjalds, því að skipstjóri vissi, að hann tók við farmi fyrir annan mann, og því dæmdur að eins f. h. þess manns til að greiða farmgjaldið 35

Kaupmaður dæmdur til að greiða andvirði vöru, er hann taldi sig hafa greitt til þriðja manns, er eigi var talinn hafa umboð til þess að taka við greiðslu og eigi hafði skilað henni að fullu til skuldareiganda 56

Bls.

Kaupmaður dæmdur til að greiða verðuppbót á fiski, nema hann synjaði fyrir það með eiði, að hann hefði lofað uppbótinni 165

Gjaldþrota maður dæmdur til að greiða skuld, sem eigi var lýst í þrotabú hans, með því að innköllun til skuldheimtumanna í þrotabúi var eigi talin „præclusiv“ 233

Sparisjóður dæmdur til að greiða ábyrgðarskuld, nema fyrrverandi formaður sjóðsins synjaði fyrir það með eiði, að hann hefði samþykkt greiðslufrest, er lánardrottinn veitti skuldunaut 329

Síldarbræðslufirma sendi út síldartunnur, er bæði A og B áttu, en allar á nafni B. Hann dæmdur til að greiða A andvirði þeirra tunna, sem A átti .. 337

Farmflytjandi fekk ekki flutt farm alla leið, af því að skipið sökk. Farmeigandi bauð greiðslu á tiltölulegum hluta farmgjalds og var að eins dæmdur til að greiða hann 382

Kaupsýslumaður dæmdur til að greiða viðskiptaskuld, er hann hafði samþykkt áður 457

Viðtakanda farms dæmt að greiða biðdagabætur .. 471

Kaupmaður talinn hafa með framkomu sinni skuldbundið sig til að greiða andvirði vöru í dönskum krónum 500

Útgerðarmaður dæmdur til að greiða andvirði hluta í skip, er hann pantaði hjá vélsmiðju. Kröfu hans um afslátt eigi sinnt 525

Kröfu um skuldajöfnuð við fjárnám hrundið 537

Verzlunarþjónn dæmdur til að greiða skuld við verzlunina, en hún sýknuð af frekari kaupkröfum af hans hálfu 562

Kaupmaður sýknaður af kröfu um greiðslu á andvirði lifrar fram yfir það, er hann hafði þegar greitt 582

Kaupkona, er tekið hafði við vörum hjá afgreiðslu skipafélags án þess að hafa greitt vörurnar eða afhent farmskírteini, dæmd til að greiða vöruna afgreiðslunni, sem orðið hafði að borga sendanda andvirði hennar 600

Bls.
Banki dæmdur til að greiða ábyrgðarskuld 637
Maður dæmdur til að greiða brezku firma viðskiptaskuld 643
Kaupmaður sýknaður af kröfu um greiðslu umbúða af öli, með því að krafan var álitin fyrnd 685
Bú kaupmanns dæmt til að greiða innlagning hitunartækja í hús sitt 693
Norkst firma (A) átti útibú (B) á Íslandi. A skuldaði norskum banka (C) og hafði veðsett honum fasteign sína á Íslandi. Síðan var útibúið skilið frá aðalfirmanu og gert sjálfstætt firma, sem tók við skuld A við C með samþykki hans. Veðskuldabréfið talið halda gildi sínu fyrir þetta og B dæmt til að greiða skuldina í norskum krónum 727
Aðili sýknaður af skuld til hlutafélags, með því að sannað þótti, að hann hefði á sínum tíma greitt skuldina til þáverandi framkvæmdarstjóra félagsins 845
Maður sýknaður af greiðslu verzlunarskuldar, af því að skuldin var talin fyrnd 858
Hreppsnefnd skylduð til f. h. hreppsins að greiða ábyrgðarskuld 895
Útgerðarmaður dæmdur til að greiða úttekt háseta sinna, nema hann synjaði með eiði fyrir loforð sitt um greiðslu á henni 933
Bæjarstjórn sýknuð af kröfu um greiðslu læknishjálpar, sem veitt var þurfalingum bæjarins án beiðni bæjarstjórnar eða fátækranefndar 956
Fyrrverandi meðlimur kaupfélags sýknaður af kröfu um greiðslu á þeim hluta rekstararhalla þess, er á hann var jafnað 356
Annar fyrrverandi kaupfélagsmeðlimur dæmdur .. 1018
Banki sýknaður af kröfu um greiðslu á víxli, vegna ábyrgðarskuldbindingar sinnar, með því að skilyrði, er hann hafði sett, var eigi uppfyllt 1036
Afsettur sýslumaður dæmdur til að greiða ríkissjóði vangoldnar, en innheimtar tekjur 1053, 1158
Erlent útgerðarfirma dæmt til að greiða hérlendum kaupsýslumanni það, er hann hafði lagt út fyrir það hér á landi í þarfir útgerðarinnar 1124

Bls.

Hreppsnefnd sýknuð af kröfu A um greiðslu á andvirði timburs handa henni í bryggju, með því að hún hafði greitt andvirði timbursins til firmans B, er hún mátti álíta umboðsmann A 1085
Maður dæmdur í aðalsök til að greiða skuld sína til kaupfélags, en það sýknað af kröfu hans í gagnsök 1193
Hreppsnefnd dæmd til greiðslu á eftirstöðvum andvirðis vatnsveitutækja 1269

Stefnur. Sbr. frávísun, ómerking.

Í meiðyrðamáli talið óheimilt að dæma eftir 222. gr. hegningarlaganna, með því að eigi hafði verið stefnt til ábyrgðar samkvæmt henni 108
Meðferð landamerkjamáls ómerkt, meðal annars af því, að aðiljum hafði eigi verið stefnt eða gert nægilega viðvart um þinghald í málinu 731
Áfrýjunarstefna var birt að eins einum af þremur stjórnendum félags. Með því að eigi var upplýst, að sá maður væri formaður félagsstjórnarinnar og enginn kom fyrir dóm af hálfu félagsins, var málinu vísað ex officio frá hæstarétti 1009
Máli vísað frá hæstarétti, með því að of skammt varð milli stefnubirtingar og þingfestingar, en stefndu komu eigi fyrir dóm 1022
Frávísunarkröfu vegna galla á stefnubirtingu hrundið 915
Meðferð á máli, er samkvæmt stefnunni átti að taka fyrir ákveðinn dag „að færu veðri", en tekið var fyrir 2 dögum síðar, án þess að stefnda væri gert viðvart, ómerkt í hæstarétti 1153
Fundið að drætti á stefnubirtingu í opinberu máli og að stefnubirtingin fór ekki fram á lögmæltan hátt 772
Vextir dæmdir að eins frá stefnudegi með því að óþarflega langur tími þótti hafa liðið milli sáttakærudags og stefnudags 337

Stefnuvottar.

Maður dæmdur til sektar fyrir mótþróa við stefnuvotta 1026

Bls.

Stimpilgjald. Sjá Skattar og gjöld 1.

Sveitarstjórn. Sbr. yfirvöld.

Hreppsnefnd talin bær um að undirgangast f. h. hrepps sjálfskuldarábyrgð, án þess að samþykki hreppsfundar þyrfti til og án þess að til greina kæmi, hvort þessi ákvörðun hreppsnefndar hefði verið bókuð eða ekki, enda komi samþykki sýslunefndar til 895
Bæjarstjórn sýknuð af kröfu læknis um endurgjald fyrir læknishjálp veitta þurfalingum bæjarins án beiðni bæjarstjórnar eða fátækranefndar .. 956
Bæjarstjórn dæmd til bóta vegna rofs á loforði 918
Skuldamál gegn sveitarstjórn 1085, 1269

Svik. Sviksamlegt athæfi.

Maður dæmdur samkvæmt 262. gr. hegningarlaganna, sbr. 38. gr. aðfararlaganna, fyrir að gefa ranga skýrslu fyrir fógetarétti um eignir sínar 19
Maður dæmdur eftir 253. gr. hegningarlaganna fyrir að setja nafn sitt sem útgefandi undir texta á tékkaeyðublað í því skyni, að tékkar þessir yrði síðar notaðir, enda þótt hann ætti ekki þá og gæti ekki búizt við að eiga neina innstæðu í bankanum, þegar tékkunum yrði þar fram vísað 77
Annar maður, sem við tékkablöðunum tók, útfyllti þau og út gaf í umboði hins, dæmdur eftir sömu grein 77
Maður dæmdur eftir 259. gr. hegningarlaganna fyrir að taka vörur að láni gegn loforði um að greiða þær með því, er inn kæmi fyrir þær og eftir því sem þær seldust, en notaði andvirði þeirra til annars 436
Maður dæmdur fyrir undanskot fjár síns undan gjaldþrotaskiptum og fyrir ívilnun sumra lánardrottna sinna eftir 262. og 263. gr. hegningarlaganna og eftir 264. gr. sömu laga 748
Tveir menn dæmdir fyrir hlutdeild í undanskoti fjár eftir 262. sbr. 48. gr. hegningarlaganna 748

Bls.

A, sem jafnframt var dæmdur fyrir húsbruna af gáleysi, dæmdur fyrir tilraun til að svíkja vátryggingarsala, með því að gefa upp brunatjón á vörum, er glötuðust í brunanum, hærra en rétt var, eftir 261. sbr. 47. gr. hegningarlaganna 992

Sönnun. Sönnunarbyrði.

Sbr. eiður, játning, líkur, mat og skoðun, skjöl, verzlunarbækur, vitni.

Sönnunarbyrði um það, að landamerki, er merkjadómur hafði ákveðið, væri önnur en þau, er gerð höfðu verið, með sátt 1922, látin hvíla á þeim, er vefengdi niðurstöðu merkjadómsins 1

Gert ráð fyrir, að fé, sem lagt var út til heimsendingar skipshafnar af manni, er bæði var ræðismaður og eigandi skipsmiðlarafirma, hafi verið lagt út af honum sem ræðismanni, og úrslit málsins látin velta á þessu 6

A hafði gefið út ávísun til handa seljanda síldar, en stöðvað ávísunina, tekið við nokkru af vörunni og sagt þremur mönnum, að hann hefði fest kaup á henni. Þetta talin næg sönnun þess, að kaupin hefði gerzt 23

Farmflytjandi sýknaður af skaðabótakröfu vegna óréttmæts dráttar á afhendingu saltfarms, með því að viðtakandi hafði eigi sannað, að salt hefði fallið í verði, en á því var krafan byggð 35

Staðarákvörðun varðskipsforingja ásamt vitnisburðum þriggja manna talin næg sönnun þess, að ákveðinn togari hefði verið í landhelgi 46

Spurning um, hvort botnvörpungur sá, er hér var átt við, væri sama skip sem nokkru áður var sektað fyrir landhelgibrot í Vestmannaeyjum .. 46

Eigi talið sannað eða gert sennilegt, að björgun, sem skip framkvæmdi, hefði valdið því aflamissi .. 50

Álitið, að mönnum, er stóðu fyrir skurði hvala, er reknir voru á land annars manns, og sölu, hafi borið að gera landeiganda, sem kallaði til landshlutar, grein fyrir þyngd hvalafurðanna og söluverði, og með því að þeir þóttu eigi hafa gert

Bls.

þetta, var áætlun landeiganda lögð til grundvallar, að frádregnum hæfilega áætluðum kostnaði 87

Sýknað af skaðabótakröfu í meiðyrðamáli, með því að eigi þótti sannað eða sennilegt gert, að ummælin hefði bakið aðilja tjón 108, 305, 1242

Álit erlends sjódóms, ásamt skýrslu skipstjóra og fleiri skipsmanna, lagt til grundvallar um ástand skips 126

Vátryggjandi talinn hafa sannað, þrátt fyrir vottorð 2 manna tilkvaddra af ræðismanni, að vátryggt skip hafi ekki verið sjófært, er það byrjaði ferðina 126

Landamerkjadómur staðfestur, með því að sá aðili, er vefengdi hann, hafði eigi sannað að tiltekið örnefni væri ranglega ákveðið í dóminum 157

A seldi B fisk og krafðist síðar uppbótar á verði hans samkvæmt munnlegum samningi þeirra. A sannaði, að B hefði greitt öðrum slíka uppbót og honum sjálfum að nokkru, og þótti með þessu hafa styrkt málstað sinn svo, að málsúrslit voru látin velta á synjunareiði B 165

Áburður um „óheiðarlega blaðamennsku“ eigi talinn nægilega réttlættur, þótt sannað væri, að aðili hefði áður ritað greinir í blað sitt, er vörðuðu við lög 170

Áfrýjandi, sem tekið hafði við áhöldum verksmiðju samkvæmt bókum hennar og ekki hafði sannað, að þær væri rangt færðar, ekki talinn hafa sannað rétt sinn til niðurfærslu á andvirði áhaldanna, enda þótt hann teldi síðar, að upp á þau hefði vantað. 179

Sama aðilja synjað um endurgjald fyrir verk, sem hann kvaðst hafa unnið fyrir verksmiðjuna, með því að hann fekk ekki sannað, að hann hefði leyst það verk af hendi 179

Ummæli í bréfi A til B, þar sem A afsakar greiðsludrátt á skuld, sem C hafði stofnað, og kveðst vonast til að geta greitt hið fyrsta, talin fela í sér nægа viðurkenningu á skyldu A til að greiða skuldina 192

Bls.

A, sem neitaði að greiða tekjuskatt af andvirði síldar, er hann taldi fyrst tapað, en innheimti síðar að nokkru, með því að hann hefði ekki fært innkaupsverð sömu síldar gjaldamegin á rekstrarreikning sinn það ár, talinn eiga að sanna þessa staðhæfing 209

Þrátt fyrir skýrslur ýmsra vitna ekki talin fengin full sönnun fyrir því, að ábyrgðarmaður hefði veitt samþykki sitt til greiðslufrests til handa aðalskuldara, og voru málsúrslit því talin velta á synjunareiði fyrrverandi umboðsmanns ábyrgðarmannsins, er átti að hafa veitt samþykkið .. 329

Veitingamaður, sem gert hafði kaup á húsi með því skilyrði meðal annars, að hann fengi afnot þess frá tilteknum degi, talinn, með hliðsjón til atvinnu sinnar, eiga heimtingu á bótum fyrir atvinnutjón, af því að hann fekk ekki húsnæðið, eins og til var skilið 237

Arfleiðsluskrá metin ónýt, með því að arfleiðsluvottar gátu ekki borið um öll þau atriði, sem gildi skrárinnar valt á 243

Maður dæmdur fyrir hluttöku í áfengislagabroti gegn neitun sinni samkvæmt skýrslum tveggja meðsekra og ýmsum atvikum, er sköpuðu líkur gegn honum 253

Bankaútibú sýknað af kröfu um endurgreiðslu upphæðar víxils, er það hafði keypt og útgefandi hafði orðið að greiða, með því að honum tókst ekki að sanna það, að útibúið hefði bundið sig til að láta innborganir til sín frá samþykkjanda, sem skuldaði útibúinu stórfé, ganga upp í víxilinn 286

Kaupfélag, er byggði kröfu sína á hendur fyrrverandi meðlim sínum á því, að hann hefði skipt við það lengur en sjálfur hann kannaðist við, tapaði málinu, með því að sönnun brast fyrir þessari staðhæfingu 356

Sýknað af kröfu til bóta fyrir burtflutning muna úr húsi aðilja, með því að ekki var sannað, að munirnir hefði skemmzt eða glatazt 401

Bls.

Maður dæmdur til að greiða bætur fyrir óheimila notkun og spjöll á hesti, með því að hann fekk ekki sannað þá staðhæfingu sína, að hann hefði fest kaup á hestinum 430

Enda þótt stefndi gerði sennilegt, að tap stefnanda á kaupum einnar vörutegundar stafaði ekki af álitsspillandi ummælum hans um stefnanda, þá voru ummælin þó almennt talin löguð til að spilla áliti hans sem kaupmanns, og voru honum því dæmdar bætur 439

Varðskip sigldi innan landhelgilínunnar. Botnvörpungur, sem var milli þess og lands, því talinn sekur um landhelgibrot 485, 490

A dæmdur samkvæmt kröfu B til að greiða honum hlut, með því að A fekk ekki sannað, að hann hefði til skilið, að hluturinn skyldi kominn til hans fyrir ákveðinn tíma, og að hann hefði því getað rift samningnum, af því að hluturinn hefði komið síðar, og með því að A gat ekki heldur sannað, að honum hefði verið lofaður hluturinn með lægra verði en krafizt var í málinu 525

A eigi talinn hafa leitt fulla sönnun að því, að hann hefði slitið félagsskap sínum við B með tilteknum skilmálum, en eitt vitni og líkur þóttu svo styrkja málstað hans, að málsúrslit voru látin velta á aðildareiði 554

Samið svo, að notarialiter staðfestur útdráttur úr höfuðbók lánardrottins skyldi vera full sönnun fyrir skuld, nema skuldunautur sannaði, að skuldin væri rangt tilfærð 566

Með því að vottorð vantaði á veðskuldabréf um, að það hefði verið þinglesið, var gert ráð fyrir því, að svo hefði ekki verið 566

Útgerðarmaður, sem keypti lýsi af sjómanni og skyldi greiða fyrir það sem svaraði meðalverði á samskonar lýsi á tilteknum stöðum, sýknaður af kröfu um viðbótargreiðslu, með því að ekki hafði tekizt að sanna, að meðalverðið á hinum tilteknu stöðum hefði verið hærra en aðili hafði greitt fyrir lýsið 582

Bls.

Aðiljar, 5 að tölu, sönnuðu með skriflegum framsölum eignarrétt sinn að kröfu, sem tekin hafði verið fjárnámi til tryggingar kröfu á hendur framseljanda. En 6. maðurinn, er kallaði til hlutar, sem einnig hafði verið tekinn fjárnámi, tókst ekki að sanna eignarrétt sinn, með því að álitið var að samningur, er gerður var um afhendingu hlutarins til hans, hefði verið málamyndarsamningur 592

A krafði B um skuld fyrir efni til og vinnu við hitaleiðslulagningu í hús. B hafði þegar greitt tiltekna upphæð og taldi sig þar með hafa greitt allt, sem honum bæri að borga, með því að allt verkið hefði verið ákvæðisverk. B fekk ekki sannað þetta og var því dæmdur til að greiða samkvæmt kröfu A 693

Staðfestur útdráttur úr verzlunarbók, og vitnisburður afhendingarmanns, sem talinn var fullgilt vitni, álitinn næg sönnun fyrir vöruúttekt 693

Skuld, er norskt firma skuldaði norskum banka og stofnuð var í Noregi, en tryggð með veði í íslenzkri fasteign, talin eiga að greiðast í norskum krónum, með því, að skuldunaut tókst ekki að sanna, að öðruvísi hefði samizt 727

Í landamerkjamáli var áreið talin nauðsynleg, með því að uppdrætti af landinu og landamerkjaskrá bar ekki saman 731

Staðfest kvittun fyrrverandi framkvæmdarstjóra hlutafélags, sem þó var bróðir aðilja, og færsla í bókum félagsins talin næg sönnun fyrir greiðslu skuldar 845

Skýrsla skuldunauts um upphaf verzlunarskuldar lögð til grundvallar og skuldin samkvæmt því talin fyrnd 858

Maður dæmdur samkvæmt 2. lið 27. gr. áfengislaga nr. 64/1928, enda þótt hann héldi því fram, að hann hefði ekki ætlað að selja áfengi það, er hann hafði flutt inn 893

Gegn mótmælum aðilja var það ekki talið sannað, að honum hefði verið kunnugt um, að eigandi báts,

Bls.

er hann tók til viðgerðar á skipasmíðastöð sína, ætti þá ekki fyrir skuldum 952

Talið, að C, sem keypti skúr af A, er B hafði reist á lóð A, og skráður var á nafn A, hafi mátt gera ráð fyrir því, að A ætti skúrinn, og var A því dæmdur til að greiða bætur vegna vanheimilda 961

Sagt, að þeim, er heldur því fram, að hlutur sé séreign annars hvors hjóna, beri að sanna það 977

Félag, sem gengið hafði í ábyrgð fyrir útgerðarmann um greiðslu hásetakaups fyrir hann gegn tilteknum skilyrðum, dæmt til að greiða kaupið, enda þótt útgerðarmaðurinn uppfyllti ekki skilyrðin, með því að ósannað var, að hásetarnir hefði vitað um þau eða ætti sök á því, að þeim var ekki fullnægt 1087, 1235

Með vitnaskýrslum var það talið upplýst, að vatnsafnot verksmiðju hefði ekki truflast, þar til raforkustöð var byggð ofan við fallvatn það, sem verksmiðjan fekk orku úr, og var raforkustöðin talin valda truflununum og dæmd til skaðabótagreiðslu fyrir þær 1102

Landseti, sem taldi ábýlisjörð sína hafa verið selda lægra verði en hún var boðin honum fyrir, tókst ekki að sanna þetta, og voru því seljandi og kaupandi sýknaðir af kröfu hans um ónýting kaupanna 1155

Skýrslur landsreikninga, ríkisbókhald og reikningagerð löggilts endurskoðanda samkvæmt embættisbókum og öðrum gögnum lagðar til grundvallar í máli gegn afsettum sýslumanni til greiðslu innistandandi ríkisfjár o. fl., þar sem gögnum þessum var ekki hnekkt 1158

Erlent útgerðarfirma dæmt til að greiða umboðsmanni sínum hér hásetakaup, sem hann hafði lagt út fyrir það, en það kvaðst hafa lagt út erlendis, með því að firmað sannaði ekki, að það hefði tilkynnt honum þetta nægilega snemma .. 1124

Sama firma dæmt til að greiða umboðsmanni sínum andvirði lifrarhluta, er hann hafði greitt hásetum á útvegi þess hér, með því að firmað sann-

Bls.

aði ekki, að unnt hefði verið að fá hér háseta á skipin með öðrum kjörum 1124

Skýrsla togaraskipstjóra um stað skips hans lögð til grundvallar í hæstarétti, með því að þar vantaði sjóbréf, er ætlað var, að varðskipsforingi hefði markað stað skipsins á, enda þótti óvíst eftir kæru og réttarskýrslu foringjans, að togarinn hefði verið í landhelgi 1167

Skýrsla togaraskipstjóra um það, að skip hans hefði vegna ólags á veiðarfærum rekið inn í landhelgi, ekki tekin trúanleg 1174

A seldi B húsgögn gegn afborgun og með áskildum eignarrétti sér til handa, unz að fullu væri greitt. Í kvittun fyrir afborgun var samningur þeirra nefndur *veðsamningur*. Þetta ekki talið hagga því, að samningurinn hefði í raun og veru verið sölusamningur 1233

Maður sektaður fyrir margskonar meiðandi og móðgandi ummæli um prest, með því að honum tókst ekki að réttlæta þau 1242

Kröfu um, að fógeti viki sæti vegna óvináttu við gerðarþolanda, hrundið, með því að engar sannanir voru færðar fyrir þessari staðhæfingu 1288

Tilraun.

Maður, sem ætlaði að greiða A högg, er lenti á B að óvilja hans, dæmdur fyrir fullframinn líkamsáverka eftir 205. gr. hegningarlaganna. Héraðsdómari dæmdi fyrir tilraun 392

Maður sýknaður af kæru um tilraun til að fá tvo menn til að gefa ranga skýrslu til afnota í dómsmáli, með því að varhugavert þótti að álíta sannað, að honum hefði verið það ljóst, að skýrslan væri röng 410

Landhelgibrot togara talið fullframið jafnskjótt sem hann hefir kastað vörpu í sjó 746

Maður dæmdur fyrir nauðgunartilraun 882, 1031

Maður sýknaður af kæru um tilraun til manndráps vegna vanþroska og geðbilunar 939

Bls.

Maður dæmdur til refsingar fyrir tilraun til húsbrennu 986
Maður dæmdur fyrir tilraun til vátryggingarsvika eftir 261. gr., sbr. 47. gr. hegningarlaganna 992

Umboð.

Skiptaráðandi talinn hafa haft heimild til að samþykkja, að skuldakrafa á hendur þrotabúi væri sótt með máli fyrir sjódómi. Ótakmarkað umboð skiptaráðanda til A til að fara með mál þetta einnig talið fela í sér heimild handa A til að samþykkja slíka málsmeðferð 6
A samdi um viðgerð báts f. h. vátryggjanda, og var því ekki talið skylt að greiða viðgerðarkostnaðinn 31
B sýknaður af kröfu um greiðslu farmgjalds, með því að skipstjóra var vitanlegt, að hann tók við farminum f. h. annars manns 35
Umboð til að fara með mál fyrir skiptarétti ekki talið heimila umboðsmanni að taka við áfrýjunarstefnu 53
Síldarbræðslustöð sendi út lýsistunnur, er A og B áttu, en allar á nafn A. Þar með varð hann ekki eigandi tunna þeirra, sem B átti, og var því dæmdur til að greiða honum andvirði þeirra .. 337
Ólögleg skipun umboðsmanns fyrir dómi, sem aðili taldist því ekki bundinn við 349, 731, 1153
Umboð til sölu á húsi og bát talið, eftir sambandi aðilja, fela í sér heimild til að rýma úr húsinu munum eiganda og kosta viðgerð á bátnum, svo að hann yrði seldur 401
Handhafi farmskírteinis gerður umboðsmaður erlends firma samkvæmt opnu bréfi 30. nóv. 1821 829
Venjulegum „agent" eigi talið heimilt að gera samninga um vöruafhendingu og vöruverð fyrir umbjóðanda sinn 829
Kaupmaður dæmdur til greiðslu á viðskiptaskuld, er hann hafði greitt til þriðjamanns, er eigi taldist hafa haft umboð til að taka við greiðslu fyrir hönd lánardrottins 56

Bls.

A sýknaður af kröfu B um greiðslu andvirðis vöru, sem A hafði greitt til C, með því að A var talinn hafa haft rétt til að ganga út frá því, að C hefði haft heimild til að taka við greiðslunni fyrir hönd B 1085

Talið, að A væri ekki bundinn við tilboð, er búðarmaður hans hafði gefið fyrir hans hönd sakir misskilnings á fyrirskipun hans 1269

Breytingar á tilboði, er A tjáði boðbera B, en boðberinn vanrækti að skýra B frá, taldar bindandi fyrir B. Þar á móti var eigi álitið, að B þyrfti að standa við tilslakanir, sem boðberinn veitti A .. 1269

Uppboð.

Boðnar upp ýmsar fasteignir og skip þrotabús í einu lagi á nauðungaruppboði 349

Nauðungaruppboð ómerkt af því, að sönnun vantaði fyrir því, að fleiri en eitt uppboð hefði verið haldið, að sönnun vantaði fyrir því, að uppboðið hefði verið löglega birt, að ósamræmi var milli sundurliðunar eigna þeirra, er selja skyldi, í söluskilmálum og í bókun í uppboðsbók, að fjarverandi manni var skipaður talsmaður án beiðni hans, og boð þessa talsmanns tekið gilt og af því að uppboðsráðandi setti rétt og kvað upp úrskurð um útlagningu eignanna til hæstbjóðanda, án þess að gera nokkrum hlutaðeigendum við vart 349

Fasteign þrotabús var seld á nauðungaruppboði eftir kröfu veðdeildar Landsbankans. Hæstbjóðanda, sem var annar veðhafi og eigi fekk fulla greiðslu, talið rétt að fá eignina út lagða 855

Kröfu um ómerking uppboðs vísað frá hæstarétti, með því að uppboðsins var ekki getið í leyfi til að áfrýja dóminum, en frestur til áfrýjunar uppboðinu var líka liðinn 915

Staðfestur úrskurður uppboðsréttar, um það, að haldsréttur til tryggingar kröfu út af viðgerð á vélbát skuli ganga fyrir eldri veðréttum í bátnum 952

Bls.

Sameign á 9,14 smálesta báti talið rétt að slíta samkvæmt 27. og 28. gr. siglingalaganna 819

Útburður.

Sýknað af skaðabótakröfu fyrir útburð úr húsi, með því að útburðurinn þótti réttmætur 586

Útgerð. Sbr. árekstur, sameign, sjóveð.

Tveir útgerðarmenn, er áttu skip að hálfu hvor, dæmdir, með tilvísun til 103. gr. siglingarlaganna, til að greiða in solidum kostnað af heimsendingu skipshafnar af skipi þeirra, er sökkt hafði verið á ófriðarsvæðinu 1917 6

Talið rétt að beina lögtakskröfu til innheimtu útsvars, er lagt var á bát, sem var í sameign þriggja manna, að einum eigendanna 614

Útivist aðilja. Sbr. ómaksbætur.

Stefndi sótti ekki þing og mál því skriflaga flutt samkvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaganna 4, 31, 53, 82, 102, 157, 171, 192, 198, 237, 243, 278, 337, 349, 358, 387, 476, 477, 566, 599, 611, 614, 617, 657, 697, 698, 699, 731, 819, 822, 852, 858, 863, 87[illegible], 911, 1009, 1022, 1153, 1155, 1233, 1235, 1240, 1291

Áfrýjandi sótti ekki þing 34, 35, 50, 65, 144, 174, 175, 200, 219, 242, 262, 263, 285, 286, 328, 343, 409, 425, 508, 509, 598, 619, 664, 665, 666, 688, 700, 727, 797, 827, 852, 860, 878, 879, 944, 973, 982, 1018, 1149, 1212, 1264, 1281, 1282

Útlendingar. Sbr. fiskiveiðalög.

Löghald lagt á kaffisekki, er útlent firma átti hér, og mál höfðað samkvæmt opnu bréfi 30. nóv. 1821 gegn haldsmanni farmskirteinis 829

Eiganda síldarbræðslustöðvar talið refsilaust að kaupa síld af útlendu fiskiskipi, löglega stöddu á sölustaðnum 1014, 1049

Erlendur skipstjóri sektaður fyrir sölu afla af skipi sínu á íslenzkum höfnum 1208

Bls.

Lögtak í eign manns, sem búsettur var í Danmörku, eftir að bú hans hafði verið tekið þar til gjaldþrotaskipta, talið heimilt samkvæmt analogíu opins bréfs 30. nóv. 1821 1082

Valdstjórn. Sbr. ölvun.

Manni refsað fyrir ofbeldi, áverka og smánaryrði við lögreglumann, meðan hann var að gegna starfa sínum 879

Vanheimild.

A, er leyft hafði B að reisa skúr á lóð sinni og skráður var eigandi skúrsins í veðmálabókum, afsalaði C skúrnum. B hafði veðsett skúrinn án vitundar A, og var skúrinn síðar seldur til lúkningar veðskuldinni. A var talinn hafa með útgáfu afsalsins tekið á sig heimildarábyrgð og var því dæmt að greiða bætur, miðaðar við þá upphæð, er þurft hefði að greiða til að leysa veðið af skúrnum 961

Varðveizla. Sbr. líkur.

Varðveizla A á lóð um 30 ár ekki talin nægileg til eignarhefðar, með því að varðveizlumaður hafði tekið við lóðinni með þeim skildaga, að láta hana af hendi, þegar B vildi taka hana, og afnot A útilokuðu ekki heldur þenna rétt B 519
Áfengisvökvi, er fannst í farangri A, er sannur var orðinn að áfengisbruggun, talinn bruggaður af honum og hans eign 468
Taka ýmissa muna úr bifreiðum, er stóðu utan húss eiganda eða bíðu hans, þar sem hann var staddur, talin þjófnaður 1223

Varnarþing.

a. Opinber mál.

Mál út af brotum á fiskveiðalöggjöfinni, frömdum undan Suðurnesjum, fyrir vestan land, fyrir

Bls.

sunnan land eða norðan, rannsökuð og dæmd í Reykjavík 46, 105, 206, 620, 661, 736, 740, 1073 1078, 1326

Mál út af sömu brotum, frömdum á ýmsum stöðum undir Suðurströnd landsins, rannsökuð og dæmd í Vestmannaeyjum 136, 139, 390, 420, 485, 490, 680, 734, 746, 776, 809, 827, 1132, 1167, 1174, 1176, 1185, 1261, 1279

Mál út af fiskveiðabroti, frömdu fyrir Suðurnesjum, rekið fyrir lögreglurétti Gullbringu- og Kjósarsýslu 509

Mál út af fiskveiðabroti, frömdu við Ingólfshöfða, rekið fyrir lögreglurétti Suður-Múlasýslu 1150

Kyndari á skipi, skrásettu í Reykjavík, dæmdur á Ísafirði fyrir áfengissölu, framda þar 466

Refsimál á hendur skipstjóra fyrir að hafa valdið manntjóni sakir óvarlegrar skipstjórnar fyrir norðan land rekið á heimavarnarþingi hans í Reykjavík 719, 723

Tveir ákærðir, annar heimilisfastur í Reykjavík og hinn í Kaupmannahöfn, dæmdir í Reykjavík fyrir brot, framin að nokkru í sameiningu í Reykjavík og að nokkru af öðrum þeirra í Kaupmannahöfn eftir sameiginlegri ákvörðun þeirra í Reykjavík 77

Mál gegn 5 mönnum fyrir áfengislagabrot, framin í Hafnarfirði og í Reykjavík, dæmd í Reykjavík, Tveir hinir kærðu áttu heimili utan Reykjavíkur 66

Mál út af áfengissmyglun, sem fremja átti af norsku skipi í Vestmannaeyjum, dæmt þar. Skipstjóri var norskur 253

Þrír menn, þar af tveir þýzkir, dæmdir í Reykjavík fyrir áfengisinnflutning. Skip þeirra tekið í Vogavík og farið með það til Reykjavíkur 299

Mál gegn þremur stjórnendum hlutafélags, sem skrásett var í Kjósarsýslu, út af grun um ranga skýrslu um innborgað hlutafé, rekið í Reykjavík. Formaður stjórnarinnar búsettur þar og annar meðstjórnandinn 1005

Norskur skipstjóri dæmdur fyrir sölu á afla af skipi

Bls.

sinu í Hafnarfirði og í Reykjavík á síðarnefnda staðnum 1208
Ellefu menn búsettir á ýmsum stöðum höfðu tekið þátt í margskonar áfengisbrotum á ýmsum stöðum. Dómur gegn þremur þeirra, kveðinn upp á Siglufirði, var ómerktur vegna þess, að nauðsynlegt þótti að prófa þá alla saman. Síðan var málið rannsakað gegn þeim öllum í Reykjavík og þeir þar allir dæmdir í einu máli 1307

b. Einkamál.

Mál út af launum fyrir björgun skips á Siglufirði rekið fyrir sjódómi í Reykjavík eftir samningi .. 50
Skip dregið af Skagafirði til Siglufjarðar. Mál út af launum fyrir dráttinn rekið fyrir sjódómi á Siglufirði 195
Mál til launa fyrir drátt á skipi vestan úr Jökuldjúpi höfðað fyrir sjódómi í Reykjavík, eftir að skipið hafði verið kyrrsett 346
Mál út af árekstri skipa á Vestmannaeyjahöfn rekið fyrir sjódómi Reykjavíkur, þar sem skip stefndu var skrásett 460
Mál út af árekstri skipa á rúmsjó rekið í Reykjavík eftir samningi 426
Mál út af árekstri skipa norður af Látrabjargi rekið í Reykjavík eftir kyrrsetningu annars skipsins þar 671
Mál út af árekstri tveggja erlendra skipa rekið í Reykjavík, þar sem þau komu fyrst til hafnar 82, 228
Mál út af árekstri skipa fyrir norðan land sótt í Reykjavík á varnarþingi eiganda annars skipsins 804, 1323
Eiganda vistaðs víxils talið heimilt, en ekki skylt, að reka víxilmálið fyrir gestarétti 697
Samningur um varnarþing fyrir gestarétti Reykjavíkur heimilar ekki meðferð þess máls fyrir gestarétti Suður-Múlasýslu 611
Vélasmiðja höfðar mál til greiðslu verks fyrir gestarétti samkvæmt lögum nr. 59/1905 525

Bls.

Vatnsréttindi

Aðili, er virkjað hafði fallvatn, skyldaður til að greiða öðrum, er neðar átti verksmiðju við fallvatnið, bætur fyrir truflanir þær á vatnsnotum, er efri virkjunin þótti hafa valdið 1102

Vátrygging. Vátryggingarfélög.

Leyst úr ágreiningi um tekjuskatt vátryggingarfélags 71
Vátryggjandi sýknaður af bótakröfu skipseiganda, með því að sannað þótti, að skipið hefði verið ósjófært, er það hóf ferðina 126
Maður dæmdur fyrir tilraun til vátryggingarsvika 992

Veð. Sjá sjóveð.

Fasteignarveð talið riftanlegt samkvæmt 23. gr. laga nr. 7/1894, þótt veðbréfið væri dagsett meira en 8 vikum fyrir upphaf gjaldþrotaskipta, með því að veðsali hafði ekki undirritað það fyrr en 7 vikum fyrir þann tíma, enda sagt, að ekki væri sannað, að þrotamaður hafi lofað veðinu fyrir upphaf 8 vikna frestsins 28
Ófullnægðum veðhafa lagðar út fasteignir og skip sem hæstbjóðanda í uppboðsrétti, gegn því að hann greiddi 4% af uppboðsandvirðinu í innheimtulaun. Þessi ráðstöfun ómerkt í hæstarétti 349
Skírskotun til 15. gr. laga nr. 29/1885 talin óþörf í veðskuldabréfi, ef aðfararskilyrðum þeirrar greinar er annars fullnægt 537
Fjárnám samkvæmt veðskuldabréfi fellt úr gildi, af því að skuldin þótti ekki nægilega ákveðin og vottorð um þinglýsingu bréfsins vantaði á það 566
Veðréttur til norsks banka í íslenzkri fasteign talinn halda gildi sínu, þótt hinn upphaflegi skuldunautur léti, með samþykki lánardrottins, útibú firma síns, er gert var að sjálfstæðu firma, taka að sér skuldina 727
Eldri veðréttur í báti talinn eiga að víkja fyrir haldsrétti í bátnum, og síðar í uppboðsandvirði hans, til tryggingar viðgerðarkostnaði, með því að við-

Bls.

gerðin þótti hafa verið nauðsynleg, og ekki var sannað, að viðgerðarstöðin hefði vitað, að eigandi bátsins átti þá ekki fyrir skuldum 952

Skiptaráðandi í þrotabúi skyldaður til að leggja ófullnægðum veðhafa út fasteign, enda þótt eignin hefði verið seld að ráðstöfun annars veðhafa, með því að hann varð hæstbjóðandi 855

Vegalög. Sbr. yfirvöld.

Maður sektaður fyrir brot á 40., sbr. 52. gr. vegalaga nr. 41/1924 835

Venja.

Engin venja talin hafa myndazt hér á landi um það, að „agent" (tilboðasafnari) gæti bundið firma það, er hann safnar tilboðum fyrir 829

Veiðiréttur.

Maður sýknaður af skaðabótakröfu vegna brots á veiðirétti 1299

Veitingar.

Maður sektaður vegna óleyfðs kaffihússhalds 677

Verklýðsfélög.

Verklýðsfélag gerði samning við útgerðarmann um verð á lifur úr fiski félaga þess, er reru á útveg hans. Í máli milli eins sjómannanna og útgerðarmanns um lifrarverð var samningur þessi lagður til grundvallar 582

Verksamningar.

A og B gerðu samning um innlagningu miðstöðvartækja í hús. Innlagning á efri hæð hússins ekki talin felast í samningnum, með því að kostnaðaráætlun o. fl. sýndi þetta ótvírætt 693

Talið, að breyting frá uppdrætti á húsi, sem A hafði tekið að sér að gera, væri ekki veruleg og hefði

Bls.

því ekki leyst hann frá samningum. A, sem hætti verkinu áður en því væri lokið, dæmdur til að endurgreiða verkkaupanda nokkuð af því, sem hann hafði goldið fyrir verkið, og bætur fyrir skemmdir, sem orðið höfðu á því, sem unnið var og verksali hefði átt að afstýra, og fyrir samningsrof. Þar á móti þótti krafa verkkaupanda um, að verksali yrði dæmdur til að lúka verkinu, ekki verða tekin til greina, eins og á stóð 1135

Verzlunarviðskipti. Sbr. samningar.

Útgáfa ávísunar til handa seljanda, viðtaka nokkurs af vörunni og ummæli stefnds við þrjá menn um kaupin talin full sönnun þess, að kaupsamningur hafi verið á kominn 23

Maður, er greitt hafði andvirði vöru til þriðja manns, er hann hugði hafa umboð til viðtöku þess, dæmdur til að greiða það af upphæðinni, sem þriðji maður hafði ekki skilað, til lánardrottins, með því að maðurinn taldist ekki hafa haft heimild til að taka við fénu 56

Kaupmaður dæmdur til að greiða verðuppbót á fiski, nema hann synjaði með eiði fyrir loforð sitt í þá átt 165

Kaupsýslumaður dæmdur til að greiða viðskiptaskuld, er hann hafði áður samþykkt 457

Kaupmaður ekki talinn geta byggt sýknukröfu í máli út af vöruskuld á því, að vörurnar hefði verið lakari en samningar stóðu til, með því að hann hafði tekið við vörunum athugasemdalaust 494

Sami aðili þótti hafa gefið öðru firma næga ástæðu til að krefja hann um greiðslu á andvirði vöru í dönskum krónum 500

Verzlunarþjónn dæmdur til að greiða úttektarskuld sína til verzlunar þeirrar, sem hann vann hjá, en hún sýknuð af kaupkröfu hans, með því að hann þótti með þögn hafa samþykkt það kaup, sem honum var talið í bókum verzlunarinnar 562

A sendi B vöru, er afgreiðslumaður afhenti án þess, að farmskrá væri skilað. B hafði ekki greitt vör-

Bls.

una, svo að afgreiðslan varð að gera það. Kyrrsetning til tryggingar endurgreiðslu þeirrar upphæðar staðfest og B dæmdur til að greiða afgreiðslunni upphæðina 600
Ábyrgðarmaður dæmdur til að greiða vöruskuld 637
Erlent útgerðarfirma dæmt til að endurgreiða umboðsmanni sínum hér ýmiskonar útgjöld, sem hann hafði haft fyrir það 1124
Kaupanda saltfisks heimiluð rifting kaupa vegna galla á vörunni og dæmdar bætur fyrir samningsrof 712
Tilboðasafnari (agent) ekki talinn hafa heimild til að binda firma sitt til sölu vöru fyrir ákveðið verð 829
Verzlunarskuld talin fyrnd 858
Hreppsnefnd sýknuð af kröfu um greiðslu timburs, með því að hún hafði borgað til þriðjamanns, er hún mátti treysta, að hefði umboð seljanda til að taka við greiðslunni 1085
Maður dæmdur til að greiða verzlunarskuld, en andstæðingur hans sýknaður af gagnkröfum hans 1193
Kaupmaður ekki talinn bundinn við tilboð, er búðarmaður hans gaf af misskilningi. Synjað um heimild til riftingar á samningi, þótt vara kæmi nokkru seinna en ráð var fyrir gert 1269

Verzlunarbækur.

Staðfestur útdráttur úr höfuðbók skyldi, samkvæmt samningi, vera næg sönnun fyrir skuldaruppháeð, nema aðili sannaði, að hún væri rangt tilfærð 566
Staðfestur útdráttur úr verzlunarbók og skýrsla eins lögfulls vitnis talin full sönnun fyrir úttekt 693
Maður dæmdur eftir 264. gr. hegningarlaganna fyrir brot á skyldum um bókhald 748

Vettvangsmál.

Í máli um landshlut af hval ekki talin þörf á skoðun á landi, og frávísunarkröfu af þeirri ástæðu hrundið 87

Bls.

Í máli um eignarrétt að lóð, þar sem ekki var ágreiningur um merki, eigi talin þörf skoðunar á staðnum, enda fullnægjandi uppdráttur lagður fram 519

Vextir.

Vextir taldir fyrst frá stefnudegi, með því að málshöfðun þótti hafa dregizt óþarflega lengi frá því er sáttatilraun hafði farið fram 337

Ekki talið heimilt að láta fjárnám eftir veðskuldabréfi ná til vaxtavaxta af skuldinni 537

Seljandi fisks, er sæta varð riftingu á sölunni, dæmdur til að endurgreiða kaupverð fisksins með 6% vöxtum p. a. frá því, er hann tók við því, og skaðabætur með sömu vöxtum frá sáttakærudegi 712

Vextir dæmdir samkvæmt 1. málsgr. 38. gr. laga nr. 39/1922 56

Vextir dæmdir eftir 2. málsgr. sömu laga 1193

Viðskiptatilkynningar.

Kaupmaður, sem vissi, að ákveðin vara, er honum var send, var frá A og tók mótmælalaust við kröfu frá honum um borgun vörunnar, enda þótt hún væri pöntuð hjá öðrum manni, dæmdur til að greiða A andvirði vörunnar, enda þótt hann hefði greitt það þriðja manni, sem hann taldi ranglega hafa heimild til að taka við greiðslunni 56

Kaupmaður, sem umyrðalaust tók við vörum, ekki talinn löngu seinna geta byggt kröfu á því, að þær væri verri en til var skilið 494

Aðili talinn laus við kauptilboð, með því að honum var ekki tilkynnt innan hæfilegs tíma, að gengið væri að settum skilyrðum 704

Vinnulaun.

Lífrarmatsmanni Sjómannafélagsins, er útgerðarfélag hafði mótmælt, dæmd vinnulaun, með því að

Bls.

honum var tilkynnt, þegar meta skyldi, og við verki hans var tekið 294

Vinnusamningar.

Spítalaráðskonu talinn bera 6 mánaða uppsagnarfrestur og því dæmdar bætur vegna uppsagnar með skemmri fyrirvara 1319

Vitni.

Talið aðfinnsluvert, að erfðaskrárvottur var látinn staðfesta skýrslu sína með drengskaparheiti, þótt lögmælt skilyrði til þess væri ekki fyrir hendi 243
Skipað að eiðfesta vitni í opinberu máli, með því að skýrslur þeirra voru í ósamræmi við skýrslur sökunauts 701
Í opinberu máli fundið að því, að vitni var ekki eiðfest, og að nokkur vitni voru eiðfest, án þess að ákærða væri veittur kostur á að vera viðstaddur 992
Fundið að því í einkamáli, að dómari hafði látið vitni staðfesta sem sinn réttarframburð efni skjala, er þau höfðu hvorki samið né undirritað 1242
Maður, kærður fyrir ölvun, sýknaður, af því að vitni þau, er báru hann ölvaðan, þrátt fyrir neitun hans sjálfs, höfðu ekki staðfest framburð sinn með eiði 1285
Skýrsla manna á varðbáti um legu togara, einkenni o. fl. lögð til grundvallar í máli út af landhelgibroti 46, 509, 810
Skýrsla sjómanna á róðrarbáti um fiskveiði í landhelgi lögð til grundvallar 104
Skýrsla nokkurra vitna, er höfðu athugað botnvörpung úr landi, taldar full sönnun gegn óákveðnum og óeiðfestum skýrslum nokkurra skipsmanna 1078
Skýrslur vitna um tímamark taldar skakka svo litlu, að ekki skipti máli 543
Ósamræmi í skýrslum vitna um það, í hvaða mánuði atburður hefði gerzt, ekki talið skipta máli, eftir því, sem á stóð 762

Bls.

Ekki talið ónýta vitnaskýrslu, þótt vitnið hefði verið undir nokkrum áhrifum víns 762

Vitni, er báru um samskonar atvik, er þau skynjuðu hvert í sínu lagi, ekki talin veita fulla sönnun um þau atvik 762, 899

Vitnaskýrsla ekki talin hafa sönnunargildi, þótt eiðfest væri, með því að gagnaðilja var ekki veittur kostur á að gæta réttar síns 804

Vitni, sem var ölvað, er sá atburður gerðist, sem það skyldi bera um, ekki talið hæft til að staðfesta framburð sinn með eiði 973

Ekki talið ónýta skýrslu vitnis, þótt það hefði kært sökunaut fyrir verknað þann, er það skyldi bera um 688

Eitt vitni, ásamt nokkrum líkum, talið nægilegt til að láta málsúrslit fara eftir eiði aðilja 554

Kærði sýknaður af kæru um ölvun, með því að vitnaskýrslur voru ósamhljóða 869, 872, 904, 1007, 1228

Kærði sektaður þrátt fyrir ósamhljóðan vitnaskýrslna 928, 1146

Í árekstrarmáli skipa voru skýrslur skipverja sitt á hvoru skipi um stefnu skipanna ósamhljóða. Því talið ósannað, hvort bæri sökina 228

Arfleiðsluskrá dæmd ónýt, með því að vottarnir gátu ekki borið um ýmislegt, er gildi hennar valt á 243

Vitnaskýrslur, sem að ýmsu voru óákveðnar og ósamhljóða, ekki taldar nægilegar til að réttlæta meiðandi og móðgandi ummæli 1242

Tvö skip rákust á. Skýrsla manna á þriðja skipinu, er sáu til, taldar áreiðanlegar, og með því að þeim bar einnig saman við skýrslu skipverja á öðru skipinu, voru þær lagðar til grundvallar gegn skýrslum manna af hinu skipinu 1323

Viðurkenning kaupsýslumanns á reikningi talin sönnuð með skýrslu tveggja vitna 457

Skýrslur skipverja á botnvörpungi, sem og voru ósamhljóða, ekki taldar hnekkja mælingum og skýrslum varðskipsforingja 776, 1073, 1132

Sýknað í samskonar máli vegna vöntunar á sjókorti og með hliðsjón af skýrslu skipverja 1167

Bls.

Skýrsla forstöðumanns verzlunar um skuldbindingu útgerðarmanns til að greiða úttekt háseta sinna talin nægur grundvöllur undir synjunareið .. 933

Ýmsar vitnaskýrslur taldar styrkja kæru á hendur manni um ólögmæta meðferð hrossa, er komin voru í vörzlur hans 1292

Víxlar. Víxilmál.

Ómerktur héraðsdómur í víxilmáli, er dómari hafði vísað frá vegna vöntunar á sáttatilraun 697

Skjal, sem fullnægir kröfum víxillaganna að öðru leyti en því, að útgefanda vantar á það, hvorki talið víxill né viðskiptabréf í þeirri merkingu, að skuldara sé meinað að koma að þeirri sýknuástæðu, að skuldin sé greidd 281

Vörufals.

Maður dæmdur fyrir að blanda mjólk vatni 688

Yfirvöld.

Niðurjöfnunarnefnd talið heimilt að hækka útsvar aðilja, sem kært hafði útsvar sitt til lækkunar, án þess að gera honum viðvart áður, samkvæmt upplýsingum, er fólust í kærubréfi hans 14

Atriði, er útsvarsupphæð varða, koma ekki til greina fyrir dómstólum 62

Talið, að framkvæmdarvaldið hafi skort heimild í lögum til að setja ákvæðin í reglugjörð nr. 67/1922, um ávísanir lækna á áfengi. Læknir því sýknaður af kæru um brot á þessum fyrirmælum 95, 149

Bæjarstjórn Vestmannaeyja talið óheimilt, semkvæmt 22. gr. laga nr. 26/1918, að hækka útsvar gjaldþegns, án þess að gera honum viðvart og í sambandi við kærur 3 annara gjaldenda, er skotið var til hennar eftir lok kærufrests 177

Lögreglustjóra Reykjavíkur talið hafa verið heimilt að setja reglur fyrir bæinn um kveikingu ljósa í

Bls.

bifreiðum, samkvæmt 46. gr., sbr. 45. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur 19. apr. 1919 203

Sýslunefnd og atvinnumálaráðherra talið heimilt, samkvæmt lögum nr. 38/1919, að setja og staðfesta samþykkt um vegarlagningu, þar sem sérstöku félagi byggðarmanna voru heimilaðar framkvæmdir og skylda lögð á sýslusjóð til framlaga að tilteknum hluta til vegarins. Sýslunefnd því talið óheimilt að fella einhliða samþykkt þessa úr gildi 378

Talið heyra undir dómsmálaráðherra að meta, hvort skilyrði til veitingar áfrýjunarleyfis eftir niðurlagi 1. málsgr. 28. gr. hæstaréttarlaganna sé fyrir hendi 398

Ummæli í bréfi dómsmálaráðuneytisins, þar sem frestur til höfðunar barnsfaðernismáls samkvæmt 2. málsgr. 8. gr. laga nr. 46/1921, er framlengdur um 4 mánuði, skilin svo sem leyft væri að höfða málið 4 mánuðum eftir útgáfu bréfsins, enda þótt liðin væri meira en 2½ ár frá fæðingu barnsins 449

Fógetarétti talið bera að skera úr ágreiningi um embættistakmörk ráðherra, með því að fógetarétt bæri að telja til dómenda í merkingu 56. gr. stjórnarskrárinnar 477

Atvinnumálaráðherra talið hafa verið heimilt að skipa stjórnendur Búnaðarfélags Íslands, og uppsögn þeirra gagnvart búnaðarmálastjóra því lögmæt 477

Talið hafa verið óheimilt að veita leyfi til áfrýjunar landamerkjamáls lengur en segir í 15. gr. laga nr. 41/1919, er þá gilti jafnhliða 26. gr. hæstaréttarlaganna 546

Kröfu afsetts sýslumanns um, að afsetning hans yrði dæmd marklaus og að ráðherra yrði dæmdur til að setja hann aftur inn í embættið, vísað frá dómi, með því að ráðherra hefði haldið sér innan embættismarka sinna 1027

Þar á móti var ráðherra sýknaður af kröfu sýslumannsins um skaðabætur vegna afsetningarinnar 1027

Bls.

Þingsafglöpun.

Uppboð ómerkt vegna margskonar afglapa og uppboðshaldari dæmdur til að greiða áfrýjunarkostnað 349
Héraðsdómari vísar víxilmáli frá dómi vegna vöntunar á sáttatilraun. Dómari þó sýknaður af kröfu um greiðslu áfrýjunarkostnaðar 697
Dómur og meðferð landamerkjamáls ómerkt vegna margskonar þingsafglapana. Málskostnaður í hæstarétti féll niður 731
Héraðsdómur ómerktur, með því að hann var dæmdur yfir óstefndum manni 1153

Þingvottar.

Vitt, að fógeti hafði son sinn vott og virðingarmann við fjárnámsgjörð 559

Þjófnaður.

a) *Einfaldur þjófnaður.*

Maður dæmdur fyrir stuld á reiðhjóli eftir 6. gr. laga nr. 51/1928 1047
Þrír menn dæmdir fyrir þjófnað og samverknað í því broti, en einn sýknaður. Var einn dæmdur eftir 1. málsgr. 6. gr. laga nr. 51/1928, sbr. 53. gr. hegningarl., en hinir eftir 6. gr. laga nr. 51/1928 1223
Dæmt eftir 230. gr. hegningarlaganna og með hliðsjón af 63. gr. sömu laga fyrir einfaldan þjófnað ásamt stórþjófnaði 395, 666

b) *Stórþjófnaður.*

Maður dæmdur fyrir stuld úr sölubúð, er hann opnaði með lykli, sem hann hafði keypt og sorfið til, eftir 4. lið 231. gr. hegningarlaganna 395
Maður dæmdur fyrir þjófnað eftir 231. gr. hegningarlaganna á netjaslöngu úr húsi, sem hann opnaði með lykli, er var að hirzlu, sem hann átti 772
Þrír menn dæmdir fyrir stuld úr húsi, sem þeir opnuðu með lykli, er ekki var til þess ætlaður, einn

Bls.

eftir 4. lið 231. gr. hegningarlaganna, sbr. 53. gr. sömu laga, og hinir eftir 4. lið 231. gr. sömu laga 666
Maður dæmdur fyrir hlutdeild í innbrotsþjófnaði eftir 2. málsgr. 232. gr. hegningarlaganna, sbr. 48. gr. sömu laga 539

Þjófneyzla. Sjá hilming.

Ærumeiðingar. Sbr. réttarfarssektir.

Sektað í máli, er félag höfðaði, fyrir meiðandi ummæli um ónafngreinda starfsmenn félagsins og nokkur ummæli um félagsskapinn sjálfan, en ekki fyrir ummæli, er höfð voru um nafngreinda menn, þótt við félagsskapinn væri riðnir. Sum ummælanna ómerkt, en sýknað af skaðabótakröfu 108
Stefndu sektaðir fyrir meiðandi ummæli í blaði, er ekki þóttu nægilega réttlætt, þótt sannað væri, að stefnandi hefði í öðrum samböndum haft óviðeigandi rithátt og ritað ýmislegt, er varðaði við lög 170
Málflutningsmaður víttur fyrir ósæmileg orð um látinn mann í málsskjali 243
Maður sýknaður, með tilvísun til 3. gr. tilsk. 9. maí 1855, af ábyrgð fyrir ummæli í nafnlausri blaðgrein, sem hann kannaðist í málinu við að hafa skrifað 250
Sektað fyrir meiðyrði í blaðgrein og þau ómerkt 305, 358
Maður dæmdur til sekta fyrir ýms meiðandi ummæli í blaðgrein og þau ómerkt, en sýknaður fyrir önnur, sem þóttu nægilega réttlætt. Skaðabótakrafa ekki tekin til greina, með því að sum ummælin voru réttlætt, en hin, er eigi voru það, eigi talin hafa bakað aðilja sérstaklega tjón .. 368
Dæmt til sekta og skaðabóta fyrir meiðyrði í blaðgrein og ummælin ómerkt 439
Ummæli um sýslunarmann í skýrslu, er aðili sendi stjórnarráðinu, samkvæmt skyldu sinni, ekki talin fara út fyrir takmörk ritfrelsis, og því sýknað 874

Bls.

Maður sektaður fyrir ærumeiðingar um prest og ummælin ómerkt. Skaðabótakrafa ekki tekin til greina 1242

Ölvun. Sbr. áfengislagabrot, bifreiðar.

Maður dæmdur sekur um ölvun á almannafæri 260, 579, 907, 928
Ekki talin ölvun, þótt maður sé aðeins undir áhrifum áfengis 640, 904
Sýknað af kæru um ölvun vegna ósamhljóðanar vitnaskýrslna 869, 872, 904, 1007, 1228
Sýknað af kæru um ölvun vegna þess, að kærði neitaði, en vitnin, sem báru móti honum, voru ekki eiðfest 1285

Hæstarjettardómar

Útgefandi: Hæstarjettarritari.

II. árgangur. 1925.

Föstudaginn 9. jan. 1925.

Nr. 35/1924. **Eigendur Stafnestorfunnar**
(Jón Ásbjörnsson)
gegn
eigendum Kirkjuvogstorfunnar
(Sveinn Björnsson).

Landamerkjamál.

Dómur merkjadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 22. júní 1923: Landamerki á milli Stafnesjarða í Miðneshreppi annarsvegar og Kirkjuvogsjarða í Hafnahreppi hinsvegar skulu vera þau, er hjer greinir:

Úr Gömlu Þúfu á Háaleiti í Beinhól, sem liggur fyrir botni Djúpavogs, úr Beinhól í miðjan Djúpavogsbotn við stórstraumsflóðmál, hvar varanlegt merki skal sett, auðkent L.M., þaðan bein lína um ósinn í vörðu þá, er stendur á suðurenda Vörðuhólma, er skal auðkend L.M., — með varanlegu milli-merki, er sett skal á Illaklif, einnig auðkent L.M. — Frá Vörðuhólma sunnan um Selsker og Hestaklett á sjó út.

Málskostnaður, samtals kr. 253,00, greiðist að helmingi af eigendum Stafnestorfunnar, en að helmingi af eigendum Kirkjuvogstorfunnar.

Dóminum, að því er ídæmdan málskostnað og setning landamerkja snertir, ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans, undir aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu hefir verið áfrýjað til hæstarjettar með stefnu dags. 17. júlí f. á. samkvæmt áfrýjunarleyfi 21. júní síðastliðinn.

Eftir að merkjadómur gekk í málinu hafa ný sakargögn verið útveguð og lögð fram í hæstarjetti, þar á meðal uppdrættir, er sjá má þrætusvæðið af. En gögn þessi staðfesta fremur en afsanna, að nyrsti vogurinn í Ósabotnum sje af merkjadóminum rjett nefndur Djúpivogur, og er það ekki sannað, að landamerki þau, er merkjadómurinn hefir ákveðið, sjeu öðruvísi en málsaðilar hafa komið sjer saman um með sætt fyrir merkjadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu 10. apríl 1922, nje heldur að aðrar ástæður sjeu fyrir hendi, er varðað geti ómerkingu merkjadómsins og ber því að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma eigendur Stafnestorfunnar til þess að greiða eigendum Kirkjuvogstorfunnar málskostnað í hæstarjetti, er ákveðst 250 kr.

Því dæmist rjett vera:

Merkjadóminum skal óraskað.

Eigendur Stafnestorfunnar greiði eigendum Kirkjuvogstorfunnar 250 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með rjettarsætt 10. apríl f. á., á merkjadómsþingi Gullbringu og Kjósarsýslu voru landamerkin á milli umræddra jarða ákveðin þannig:

»Úr „Gömlu Púfu“ á Háaleiti í Beinhól, sem liggur fyrir botni Djúpavogs, úr Beinhól í Djúpavog, þaðan beina línu í ós austan undir „Vörðuhólma“, þaðan sunnan undir „Selskeri“ og „Hestakletti“, og þaðan á sjó út.«

Með brjefi dagsettu 16. septbr. f. á., hefir Eyjólfur Eiríksson, þáverandi eigandi að $^3/_4$ hlutum Stafnesjarðatorfunnar, skýrt frá því, að eigendur fyrgreindra jarða hafi eigi, eftir að sættin

var gjörð, orðið sammála um, hvar áður nefnd örnefni sjeu á sjó og landi.

Eftir áliti á rjettarskjali nr. 7, frá M. J. Bergmann hreppstjóra (Miðneshrepps), sem allir núverandi eigendur Stafnestorfunnar í málinu skírskota til, svo og framlögðum vottorðum 3ja manna, virðist landamerkjalínan, samkvæmt skilningi þeirra á örnefnunum, eiga að liggja úr Gömlu Þúfu í hól, er þeir telja vera upp af dýpsta vognum, næst sunnan við nú nefndan Djúpavog, er þeir nefna „Draugavog“, úr fyrnefndum hól, í vog þennan, eftir miðjum vognum, úr miðju mynni vogsins, út eftir Ósabotnum og í „Hlaupós“, er þeir telja liggja sunnan undir nú nefndum „Runkhólma“, en sem þeir álíta að verið hafi og sje „Vörðuhólmi“ sá, er rjettarsættin um getur, þaðan sunnan undir „Selskeri“, „Hestakletti“ og á sjó út.

Eigendur Kirkjuvogstorfunnar halda því hinsvegar fram, að öll þau örnefni, sem tilgreind eru í sættinni, sjeu þau, sem nú eru þannig nefnd, og nefnd hafi verið frá ómuna tíð, en eigi þau, er eigendur Stafnestorfunnar geta til, samkvæmt framansögðu, að verið hafi, og ennfremur halda þeir því fram, að svonefndur „Vörðuhólmi“ sje hólmi sá, er liggur norðan við svonefndan „Runkhólma“, en nú af eigendum Stafnestorfunnar er nefndur einu nafni „Einbúi“, og varðan á honum af þeim talin vera sundmerki á Kirkjuvogssundi.

Að lokinni merkjagöngu í gær, af merkjadómsmönnum og málsaðilum, er það álit merkjadómsins, að sá rjetti Djúpivogur sje nyrsti vogurinn, er gengur norðaustur úr Ósabotnum, vogur, sem skerst þar langlengst inn í landið, og viðurkent af báðum málsaðilum, að sje og hafi verið kallaður og nefndur því nafni. — Einnig virðist enginn vafi vera á því, að „Vörðuhólmi“ sje hólmi sá, er nú liggur norðanundir nú nefndum „Runkhólma“, — sem engin varða eða vörðubrot sjest á, — en hinsvegar er vörðubrot syðst á umgetnum „Vörðuhólma“, sem engar líkur eru til eða sönnun fyrir, að nokkurn tíma hafi verið sundmerki á Kirkjuvogssundi.

Upp frá fyrnefndum Djúpavogi er hóll sá, er alment er nefndur Beinhóll, og sem sjest greinilega frá miðjum botni hans, og um Gömlu Þúfu á Háaleiti er enginn vafi, hvar liggi. Kemur þá aðeins til álita, sem og ágreiningur hefir verið um, samanber rjettarhald 6. desbr. f. á., hvar úr Djúpavogi landamerkjalínan skuli liggja í „Vörðuhólma“, hvort heldur úr miðjum botni Djúpa-

vogs eða miðju mynni hans, en þar sem í sættinni er gert ráð fyrir, að landamerkjalínan liggi alla leið að „Vörðuhólma“, þá er óþarft að tilgreina örnefni þetta, ef línan hefði átt að liggja úr mynni Djúpavogs, heldur þá, að hún lægi þaðan á sjó út, og væri þá aðeins um sjómerki að ræða, í miðju mynni vogsins.

Er það því álit merkjadómsins, að línan liggi úr miðjum botni Djúpavogs, beina línu í svonefnt „Illaklif“, um ósinn í „Vörðuhólma“, og ber að setja stóra vörðu eða annað varanlegt merki á „Illaklifi“ á landamerkjalínuna þar, með því að þaðan sjest til hinna fyrgreindu örnefna á báðar hliðar.

Málskostnaður, er, samkvæmt framlögðum reikningi, nemur samtals kr. 253,00, virðist eftir atvikum eiga að greiðast að helmingi af hvorum málsaðila um sig.

Mánudaginn 12. jan. 1925.

Nr. 43/1924. **Beneficiarius Arnarbælis síra Ólafur Magnússon** (Sveinn Björnsson)

gegn

Sigurbergi Jóhannssyni (Enginn).

Ómerkingardómur.

Dómur aukarjettar Árnessýslu 7. febr. 1924: Stefndur Sigurbergur Jóhannsson í Grænhól sje sýkn af kröfum stefnanda, síra Ólafs Magnússonar staðarhaldara Arnarbælis, í máli þessu. Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstarjettar.

Áfrýjandi hefir í máli þessu, að fengnu áfrýjunarleyfi dags. 3. sept. 1924 og gjafsóknarleyfi í hæstarjetti, skotið til hæstarjettar, með stefnu útgefinni 6. sept. síðastl., dómi aukarjettar Árnessýslu uppkveðnum 7. febr. 1924. Stefndi hefir eigi mætt í málinu í hæstarjetti og hefir málið því verið flutt skriflega samkv. 2. mgr. 38. gr. hæstarjettarlaganna.

Samkvæmt áritun á sáttakærunni átti mál þetta að takast fyrir á sáttafundi 30. apríl 1923 og í vottorði sáttanefndar dags. þann dag segir aðeins, að sáttum hafi ekki orðið komið á og sje málinu því eftir kröfu kæranda vísað til aðgjörða dómstólanna. Í vottorði sáttanefndar segir ekkert um það hvort aðilar hafi sótt sáttafundinn sjálfir eða aðrir eftir umboði þeirra eða yfirleitt hvort nokkrir hafi sótt fundinn af þeirra hendi. Það er því eigi sönnun fyrir hendi um það hvort lögleg sáttatilraun hefir farið fram um málið og verður því þegar af þeirri ástæðu ex officio að ómerkja dóminn og vísa málinu frá undirrjettinum. Málsfærslukaup hins skipaða talsmanns áfrýjanda í hæstarjetti, 70 krónur, greiðist af almannafje en að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og vísast málinu frá undirrjettinum. Málsfærslukaup hins skipaða talsmanns áfrýjanda í hæstarjetti, hæstarjettarmálflutningsmanns Sveins Björnssonar, 70 krónur, greiðist af almannafje, en að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Mánudaginn 12. jan. 1925.

Nr. 23/1924. **Þjetur A. Ólafsson og skiftaráðandi Reykjavíkur f. h. þrotabús Þorsteins Jónssonar** (Lárus Jóhannesson)
gegn
Guðm. Ólafssyni f. h. E. von Mehren & Co. (Sjálfur).

Um skyldu áfrýjenda til að bera kostnað við skipshöfn af söktu skipi þeirra við Bretland.

Dómur sjórjettar Reykjavíkur 1. desbr. 1923: Stefndir, Þjetur A. Ólafsson og skiftaráðandinn í Reykjavík fyrir hönd þrotabús Þorsteins Jónssonar, greiði annar fyrir báða og báðir fyrir hinn, stefnanda Guðmundi Ólafssyni fyrir hönd firmans E. v. Mehren & Co., 86 pund sterling, 15 shillings, 9 pence ásamt 6 % ársvöxtum frá 9. ágúst 1917 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Það athugast, að þegar mál þetta var höfðað, hafði bú annars af eigendum skipsins »Áfram«, Þorsteins kaupmanns Jónssonar, verið tekið til gjaldþrotaskifta og var málið höfðað með sjódómskærunni, gegn skiftaráðandanum í Reykjavík f. h. þrotbús hans. Við þingfestingu málsins í sjódóminum mætti meðstefndur Þjetur A. Ólafsson, bæði fyrir sjálfs síns hönd og fyrir hönd skiftaráðandans, samkvæmt ótakmörkuðu umboði frá honum, og samþykti að málið yrði rekið í sjódómi. Má því telja að rjett hafi verið að reka málið í sjódómi samkv. 1. gr. l. 52. 30. nóv. 1914, einnig gegn þrotabúinu.

Í hæstarjetti hafa áfrýjendur krafist þess aðallega að hinum áfrýjaða dómi yrði breytt og hrundið

þannig, að þeir yrðu algerlega sýknaðir af kröfum stefnda, en til vara hafa þeir krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur með þeirri breytingu, að þeir verði dæmdir til að greiða hina ídæmdu upphæð að hálfu leyti hvor.

Eins og tekið er fram í ástæðum hins áfrýjaða dóms var skipinu »Áfram« sökt af kafbát á siglingaleið, sem sjerstaklega mikil ófriðarhætta var á, og það er in confesso í málinu að skipstjóra hafi verið kunnugt um ófriðinn og að hann ætti för um hættusvæðið, er hann ljet í haf síðast. Af þessum ástæðum bar útgerð skipsins, samkvæmt 103. gr. siglingalaganna, að greiða kostnaðinn af ferð skipshafnarinnar hingað til lands. Í málinu hefir verið deilt um það, hvort fje það, er stefndur krefst endurgreiðslu á, hafi verið látið skipshöfninni í tje af hinu stefnda firma, sem miðlurum skipsins, eða af danska ræðismanninum í Glasgow, er þá var E. von Mehren, sem virðist vera eigandi hins stefnda firma. Af því sem fyrir liggur í málinu, og þegar litið er til þess að ræðismanninum bar embættisskylda til að styrkja skipshöfnina til heimferðar, verður að telja að fje þetta hafi verið látið skipshöfninni í tje af ræðismanninum. Af því leiðir að hann á rjett á endurgreiðslu á nauðsynlegum heimferðarkostnaði skipshafnarinnar og verður að telja honum heimilt að beina þeirri kröfu beint að útgerð skipsins. Sú sýknuástæða áfrýjenda að málinu sje ranglega beint gegn þeim verður því ekki tekin til greina, en það hefir ekki verið vefengt að firmað E. von Mehren & Co. sje nú rjettur aðili að kröfunni.

Áfrýjendur hafa í annan stað krafist sýknu vegna þess að hin umstefnda skuld væri fyrnd. Reikningur stefnda yfir hið framlagða fje er dags.

9. ágúst 1917 en sjódómskæran í málinu birt 14. sept. 1921 og telja áfrýjendur því kröfuna fyrnda samkv. 1. lið 3. gr. l. 14., 20. okt. 1905. Á þetta verður þó ekki fallist. Krafa sú er mál þetta snýst um er sjerstaklegs eðlis og fellur ekki niður við 4 ára fyrningu, og breytir það engu í því efni þótt fjenu hafi verið varið til að kosta ferð skipshafnarinnar.

Af þessum ástæðum og með því að liðum þeim á reikningi stefnda, er tekhir voru til greina í hinum áfrýjaða dómi, ekki hefir verið mótmælt, ber áfrýjendum að greiða stefnda upphæð þessara reikningsliða, en hún er oftalin í hinum áfrýjaða dómi um 2 shillings. Málinu hefir ekki verið gagnáfrýjað.

Varakröfu sína hafa áfrýjendur bygt á því, að þeir hafi átt skipið »Áfram« að hálfu hvor, og beri því hvor um sig, samkv. 14. gr. siglingalaganna, aðeins ábyrgð á skuldbindingum útgerðarinnar að þeirri tiltölu. Í sjódómskærunni var þess krafist að áfrýjendur yrðu dæmdir til að greiða hina umstefndu upphæð in solidum og var slíkri ábyrgð þeirra á skuldbindingum útgerðarinnar aldrei mótmælt í sjódóminum. Er því ofseint að mótmæla henni nú og verður varakrafa áfrýjenda af þessum sökum eigi tekin til greina.

Samkvæmt þessu og með því vaxtakröfunni eigi hefir verið mótmælt ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda in solidum £ 86 — 13 — 9 með 6 % ársvöxtum frá 9. ágúst 1917 til greiðsludags svo og málskostnað í hæstarjetti, er ákveðst 400 krónur, en málskostnaður í sjódómi falli niður.

Á máli þessu hefir orðið allmikill dráttur í hjeraði af málflutingsmannanna hálfu, en eftir atvikum þykir gjörð nægileg grein fyrir þessum drætti.

Þá hafði og sjódómurinn málið til dóms í meira

en 7 mánuði, eða frá 21. apríl 1923 til 1. des. s. á. Fyrir þennan óhæfilega drátt, er hinn setti formaður sjódómsins, Vigfús stjórnarráðsfulltrúi Einarsson, verður að teljast eiga sök á, og eigi hefir verið rjettlættur, verður ex officio að láta hann sæta sekt, samkv. 17. gr. tilsk. 15. ágúst 1832. Ákveðst sektin 40 krónur og renni í fátækrasjóð Reykjavíkur.

Það athugast ennfremur að stimpilmerki vantar á dómsgjörðir sjódómsins.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjendur, Pjetur A. Ólafsson og skiftaráðandinn í Reykjavík f. h. þrotabús Þorsteins Jónssonar, greiði stefnda, Guðmundi Ólafssyni f. h. E. von Mehren & Co., in solidum £ 86 — 13 — 9 með 6 % ársvöxtum frá 9. ágúst 1917 til greiðsludags.

Málskostnaður í sjódómi falli niður en áfrýjendur greiði stefnda málskostnað í hæstarjetti in solidum með 400 krónum.

Hinn setti formaður sjódómsins Vigfús stjórnarráðsfulltrúi Einarsson greiði 40 króna sekt í fátækrasjóð Reykjavíkur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir höfðað stefnandi Guðmundur Ólafsson, hæstarjettarmálaflutningsmaður, hjer í bænum, fyrir hönd firmans E. von Mehren & Co. í Glasgow gegn stefndum Pjetri A. Ólafssyni konsúl hjer í bænum og skiftaráðandanum í Reykjavík f. h. þrota-

bús Þorsteins Jónssonar. Hefir stefnandi gert þær kröfur fyrir sjódóminum, að stefndir verði annar fyrir báða og báðir fyrir hinn dæmdir til að greiða sjer £ 241 — 15 — 9 ásamt 6 % ársvöxtum frá 9. ágúst 1917 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Stefndir hafa aftur á móti krafist sýknunar í málinu og að þeim verði dæmdar 400 krónur í málskostnað.

Tildrög málsins eru þessi:

Skúta nokkur, sem stefndir áttu, var í júnímánuði 1917 send til Aberdeen með lýsi og átti að flytja salt aftur hingað til lands. Komst hún klaklaust til Aberdeen, en var sökt 13. júlí s. á. á leið þaðan aftur, af þýskum kafbát. Björguðust skipverjar 5 að tölu, og flutti tundurspillir sá, sem bjargaði þeim þá til Orkneyja, en síðar voru þeir fluttir til Glasgow af breskum hernaðarvöldum. Hin mikla styrjöld stóð sem hæst um þetta leyti, og var þá af Þjóðverjum ákveðið svæði, þar sem þeir hlífðu engum skipum er um færu er þeir gætu til náð og sem fluttu vörur til Bandamanna. Þegar til Glasgow kom, sneri skipstjórinn af hinu sokkna skipi sjer til E. v. Mehren, dansks konsúls þar, og bað hann ásjár, eða firma hans, stefnanda í þessu máli, E. von Mehren & Co. Varð það úr að nefndur konsúll eða firma hans sumpart lánaði skipstjóra og sumpart lagði út vegna skipshafnarinnar hina umstefndu upphæð.

Kröfur sínar byggir stefnandi á því, að skipstjóri hins sokkna skips hafi fengið umstefnda upphæð lánaða til heimferðar skipshafnarinnar hjá firmanu E. von Mehren & Co. sem skipamiðlara, en ekki hjá E. von Mehren sjálfum, sem dönskum konsúl, og hafi hann sem skipstjóri haft heimild til að binda eigendur skipsins, hina stefndu, til að greiða upphæðina samkvæmt 103. gr. siglingarlaganna 30 nóv. 1914. Þessu hafa stefndir mótmælt og krafist sýknunar, aðallega af því að þeir sjeu ekki rjettir aðiljar í málinu, heldur stjórnarráð Íslands, en til vara af því að krafan sje fyrnd.

Til stuðnings aðalkröfu sinni hafa stefndir haldið því fram, að kafbátahernaðurinn geti ekki talist til hernaðar í eiginlegri merkingu, af því hann hafi verið þjóðrjettarbrot, og beri að setja hann á bekk með sjóráni, en þetta getur ekki orðið fallist á, þegar af þeirri ástæðu, að allar ófriðarþjóðirnar viðurkendu hann sem hernaðarráðstafanir og var með skipshafnir af kafbátum farið sem aðra herfanga, en ekki sjóræningja. Og þó að stjórnin hjer hafi eftir beiðni stefnds Pjeturs A. Ólafssonar tekið að sjer að láta umboðsmann sinn í London greiða fyrir heimsendingu skip-

brotsmanna, eins og þá stóð á, sannar það ekkert um það, að hún hafi talið ríkissjóði skylt að greiða heimsendingarkostnað skipshafnarinnar, eins og stefndir vilja halda fram, enda verður ekki sjeð að hún hafi gengist undir það, nje gefið tjeðum umboðsmanni sínum heimild til að greiða þann kostnað. Og heldur ekki sannar það að stjórnin hafi talið ríkissjóði skylt að kosta heimsendingu þeirra skipbrotsmanna, að hún hefir greitt úr ríkissjóði £ 21, 19 sh., 17 d. = kr. 363,10, sem konúllinn í Wick hafði lagt út vegna þeirra, því hún hefir krafið hlutaðeigendur um endurgreiðslu, og virðist það benda á að hún hafi talið þeim skylt að bera kostnaðinn, en hversvegna hún hefir ekki reynt að fá kröfuna greidda með málssókn, er ekki upplýst. Það er in confesso að skipstjóri og útgerðarmenn hins sokkna skips vissu um ófriðinn þegar skipið lagði af stað hjeðan, og sömuleiðis um það, að svæði það, sem skipinu var ætlað að sigla yfir við England var sjerstaklega hættulegt. Það verður því að fallast á skoðun stefnanda um það, að ríkissjóði beri engin skylda til að greiða heimsendingarkostnað skipbrotsmanna þessara samkvæmt 103. gr. siglingarlaganna, heldur útgerðarmönnum skipsins, þar sem þeir, vitandi um hernaðarástandið, hafa stofnað skipinu í bersýnilega hættu. Fyrir þessu getur aðalkrafa stefndra um sýknun vegna aðildarskorts ekki orðið tekin til greina, því ekki virðist ástæða til að meina stefnanda að krefjast greiðslu af þeim, sem er hinn eiginlegi skuldanautur, þó hann ef til vill hefði getað innheimt upphæðina aðra leið. Því er ekki mótmælt af stefndum að hin umstefnda upphæð sje að minsta kosti að einhverju leyti lögð út til heimferðar skipshafnarinnar af hinu sokkna skipi, og er því samkvæmt framansögðu ekki vafi á því, að þeim bar að greiða hana að því leyti að minsta kosti sem hún var bráðnauðsynleg í því augnamiði. Í þessu sambandi hafa aðiljar mjög skifst á orðum um það hvort skipstjórinn af hinu sokkna skipi, hafi snúið sjer til E. von Mehren sjálfs sem dansks konsúls eða til stefnanda, E. von Mehren & Co. sem skipamiðlara. Stefndir hafa haldið því fram að hann hafi snúið sjer til E. von Mehren sjálfs og fengið peningana hjá honum sem dönskum konsúl, og hafi honum sem konsúl borið skylda til að gæta þess, að greiða aðeins bráðnauðsynlegustu útgjöld til dvalar skipshafnarinnar í Englandi og til heimferðar hennar. Stefnandi staðhæfir aftur á móti að hann hafi snúið sjer til firmans sem skipamiðlara, og hafi firmanu því eigi borið nein skylda til að grenslast eftir því til hvers hann

notaði fje það, er hann fengi hjá því i nafni útgerðarinnar, sem hann hafi haft fulla heimild til að binda með samningum sínum fyrir hennar hönd. Um þetta atriði er það upplýst í málinu, að skipshöfnin er send til Glasgow af konsúlnum í Wick og vísað til E. von Mehren konsúls þar, og hefir hann sent hina umstefndu kröfu utanríkisstjórninni dönsku til greiðslu eða innheimtu, eins og venja er til um kröfur konsúla, þannig að svo virðist sem hann hafi þá talið sig hafa lagt út fjeð sem konsúll, og benda einnig símskeyti, sem lögð hafa verið fram í málinu í sömu átt. Það virðist ekki gegn ákveðnum mótmælum stefndra, meðferð E. von Mehren á kröfunni og öðrum gögnum málsins, geta talist næg sönnun þess, að skipstjórinn hafi átt við firmað E. von Mehren & Co., að hann hefir ritað undir það til firmans, sem fram hefir verið lagt í málinu, með loforði um að gefa því ávísun á eiganda hins sokkna skips og síðan gefið út ávísun til firmans, enda virðist hafa legið beinast við fyrir skipstjórann að snúa sjer til konsúlsins um heimsendinguna eins og á stóð, hvort sem það nú hefði verið ríkissjóður Íslands eða útgerðin, sem kosta átti hana að lokum, því aðeins konsúlnum bar skylda til samkvæmt 66. grein konsúls-leiðbeininganna dönsku frá 18. janúar 1912 að skifta sjer af heimsendingunni. Sjódómurinn verður þess vegna, eftir því, sem fyrir liggur í málinu, að fallast á skoðun stefndra, að skipstjórinn hafi átt við E. von Mehren sjálfan sem konsúl, en ekki við firma hans sem skipamiðlarafirma, enda virðist konsúllinn, eins og að framan segir, með meðferð sinni á kröfunni, hafa viðurkent þetta, þrátt fyrir umboð og ávísun skipstjórans til firma hans. Eftir því hefir það ekki þýðingu að fara frekar út í það, hvort skipstjórinn mundi hafa getað bundið útgerðarmenn skipsins gagnvart öðrum mönnum, er hann hafði snúið sjer til, eða að hve miklu leyti, og leiðir sjódómurinn það hjá sjer.

Það verður samkvæmt framansögðu að fallast á þá skoðun stefndra, að tjeður konsúll — og reyndar hver sem verið hefði — geti aðeins hafa öðlast kröfu gagnvart útgerðarmönnum hins sokkna skips fyrir hæfilegum heimsendingarkostnaði, og er þá athugandi hvort hin umstefnda upphæð muni hæfileg. Því verður ekki neitað, að hún er furðu há, þar sem hún nemur um 967 shillings fyrir hvern hinna limm skipverja, enda hafa stefndir mótmælt upphæðinni sem óhæfilega hárri, og sjerstaklega hafa þeir mótmælt því, að stefnandi hefir látið skipstjórann fá 155 pund sterling, án

þess að fyrir þeirri upphæð sje nokkur greinargerð. Stefnandi hefir ekki mótmælt því að skipstjórinn hafi fengið þetta fje án þess að gera grein fyrir notkun þess, en hinsvegar haldið því fram að kvittanir hans hafi verið afhentar Pjetri A. Ólafssyni ásamt fylgiskjölum yfir hina aðra liði hinnar umstefndu upphæðar, og hefir hann viðurkent móttöku þeirra með brjefi, dags. 21. sept. 1917, sem fram hefir verið lagt í málinu. Þar sem stefndir hafa ekki orðið við áskorun stefndanda um að leggja fylgiskjöl þessi fram, virðist því verða að álíta, að í þeim hafi verið nægileg greinargerð fyrir öðrum liðum hinnar umstefndu upphæðar, en umræddum 155 sterlings pundum, og hafi því stefndum borið að greiða hina umstefndu upphæð að þeim frádregnum.

Til vara hafa stefndir, eins og áður er sagt, haldið því fram að hin umrædda krafa sje fyrnd, og krafist sýknunar af þeirri ástæðu. Hafa þeir bygt þetta á því, að stefna í málinu sje gefin út meira en 4 árum eftir að skuldin var stofnuð, en krafan sje meðal þeirra krafa, sem upp eru taldar í 1. lið 3. greinar fyrningarlaganna 20. okt. 1905. Á þessa skoðun, sem er mótmælt af stefnanda, virðist þó ekki geta orðið fallist, þar eð í þessum lið umræddrar lagagreinar mun aðeins vera um að ræða kröfur, sem byggjast á samningum, svo sem líka glögt er tekið fram í athugasemdum stjórnarinnar við fyrningarlaga frumvarpið. Þær kröfur sem ræðir um í tjeðum greinarlið út af veru, viðurgjörningi eða aðhlynningu, virðast munu vera þær, sem byggjast á húsaleigu-, vistráðningar- eða lögskráningarsamningum og öðru líku og þar um ræddar kröfur út af flutningi á mönnum og munum, þær, sem t. d. byggjast á samningum milli farms- eða fólksflytjenda annarsvegar og farmsendenda eða farþega hinsvegar o. þ. h. Krafa konsúls út af heimsendingu skipshafnar er svo svo sjerstaks eðlis, að hún virðist ekki geta talist slík samningskrafa, er falli undir nefndan greinarlið, og heldur ekki verður sjeð að slík krafa falli undir neinn annan lið greinarinnar. Með því að fyrning er rjettarmissir fyrir þann, sem kröfuna á, virðist varhugavert að telja kröfu fyrnda á 4 árum, ef hún ekki beinlínis og ótvíræðlega er meðal þeirra krafa, sem taldar eru upp í umræddri fyrningarlagagrein, en svo virðist ekki vera um þess konar kröfu, sem hjer ræðir um, og virðist því rjett að líta svo á, að hin umstefnda krafa falli undir þær kröfur, sem samkvæmt 2. lið 4. gr. fyrningarlaganna fyrnast á 10 árum, og getur samkvæmt því varakrafa stefndra ekki orðið tekin til greina.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, ber að dæma stefnda, annan fyrir báða og báða fyrir hinn, til að greiða stefnanda — þar sem firmað E. von Mehren & Co. nú ómótmælt er eigandi kröfunnar — 86 pund sterling, 15 shillings, 9 pence, ásamt 6 % ársvöxtum frá 9. ágúst 1917 til greiðsludags, þar eð þeirri vaxtakröfu hefir eigi sjerstaklega verið mótmælt.

Málskostnaður þykir eftir ástæðum rjett að falli niður.

Mánudaginn 26. jan. 1925.

Nr. 47/1924. **Jes Zimsen f. h. Hins íslenska steinolíuhlutafjelags** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Knud Zimsen f. h. bæjarstjórnar Reykjavíkur (Guðm. Ólafsson).

Útsvarsmál.

Úrskurður fógetarjettar Reykjavíkur 8. júní 1924: Hin framkomnu mótmæli verða ekki tekin til greina og hin umbeðna gjörð á fram að ganga.

Dómur hæstarjettar.

Að því athuguðu, að niðurjöfnunarnefndin hækkaði útsvar áfrýjanda, eftir að hafa meðtekið brjef hans til nefndarinnar, dags. 20. maí 1922 — en kærufrestur var ekki útrunninn fyrr en 7. júní — verður að telja, að nefndinni hafi verið bæði rjett og skylt að taka hið upphaflega útsvar áfrýjanda til athugunar af nýju, og þá um leið heimilt að lækka það, staðfesta eða hækka, eftir því sem ástæður rynnu til.

Og þar sem hækkunarástæður nefndarinnar voru fólgnar í nefndu brjefi áfrýjanda og gefnar samkvæmt »ársuppgjöri« hans fyrir 1921, þá þurfti nefndin ekki að aðvara áfrýjanda, áður en hún ákvað, hvað leggja

skyldi upp úr brjefinu. En í því telur áfrýjandi verulegan gróða sjer til handa á nefndu ári, en hafði í brjefi til nefndarinnar 17. jan. 1922 talið, að ársreikningurinn fyrir 1921 »hlyti« að sýna tap.

Og þar sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefir fallist á úrskurð niðurjöfnunarnefndarinnar um útsvar áfrýjanda, þá er þar með fallinn úrslitaúrskurður um upphæð útsvarsins.

Ber því að staðfesta fógetarjettarúrskurðinn, og verður áfrýjandi eftir þeim úrslitum að greiða stefnda málskostnað í hæstarjetti, og er hann ákveðinn 250 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Fógetarjettarúrskurðinum skal óraskað.

Áfrýjandi, Jes Zimsen f. h. Hins íslenska steinolíuhlutafjelags, greiði stefnda, Knud Zimsen f. h. bæjarstjórnar Reykjavíkur, 250 kr. málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Málavextir í þessu máli eru þeir, að nokkru áður en niðurjöfnunarnefndin hjer í bænum tók til starfa veturinn 1922, gaf hún út auglýsingu í dagblöðunum þar sem hún mæltist til þess, að skattgreiðendur gæfu henni afrit af tekju- og eignaskattsframtali þeirra.

Hið íslenska steinolíufjelag, sem er gjörðarþoli í þessu máli, hafði fengið frest á að gefa upp tekjur sínar. Þetta tilkynti gjörðarþoli niðurjöfnunarnefndinni með brjefi dags. 17. janúar 1922.

Í þessu brjefi gefur gjörðarþoli þó niðurjöfnunarnefndinni nokkrar upplýsingar og segir þar svo: „Vjer skulum þó fyrir siða sakir skýra hinni háttvirtu nefnd frá því nú, að „uppgjör“ fjelags vors fyrir árið 1921 hlýtur því miður að sýna tap, eftir

því sem vjer getum best sjeð.“ Í lok brjefsins segir gjörðarþoli: „Vjer munum ef til vill leyfa oss að taka þetta mál upp aftur síðar.“ Niðurjöfnunarskráin kom út og gjörðarþola var gjört að að greiða kr. 40,000,00 í aukaútsvar.

En nú telur gjörðarþoli sig hafa fengið nánari vitneskju um efnahag sinn og ritar því niðurjöfnunarnefndinni brjef á ný dags. 20. maí 1922.

Í þessu brjefi gefur gjörðarþoli nefndinni þær upplýsingar, að gróði sinn árið 1921 sje samkvæmt „ársuppgjöri“ í alt kr. 172,798,14, en gjörðarþoli gjörir í sama brjefi ýmsar athugasemdir við þetta „uppgjör“ og krefst jafnframt að útsvar sitt sje lækkað.

Að fengnum þessum upplýsingum komst niðurjöfnunarnefndin að þeirri niðurstöðu, að hækka bæri útsvar gjörðarþola upp í kr. 50,000,00. Þessa hækkun á aukaútsvarinu framkvæmir svo niðurjöfnunarnefndin án þess að tilkynna gjörðarþola áður að hún stæði til. Gjörðarþoli kærði þá útsvarið fyrir bæjarstjórn með brjefi dags. 29. júní 1922 og krafðist þess, að fyrnefnd hækkun yrði feld úr gildi og útsvarið lækkað. Þessu brjefi sínu til bæjarstjórnar lætur gjörðarþoli fylgja afrit af fyrnefndu brjefi til niðurjöfnunarnefndar og svarbrjefi hennar. Þessu brjefi gjörðarþola svarar bæjarstjórnin með brjefi dags. 21. ágúst 1922, á þá leið, að útsvarsupphæðin kr. 50,000,00 skyldi óhögguð standa. Gjörðarþoli fjekk þá hæstarjettarmálaflutningsmann Jón Ásbjörnsson til þess að skrifa bæjarstjórn á ný. Brjef þetta er dags. 21. september 1922. Í þessu brjefi eru gefnar sömu upplýsingar og gerðar sömu kröfur og í hinu fyrnefnda kærubrjefi til bæjarstjórnar dagsettu 29. júní. En í þessu brjefi er þess ennfremur getið að fyrnefnd hækkun muni vera algjörlega ólögmæt. Þessu brjefi svarar bæjarstjórnin með brjefi dags. 23. október 1922, alveg á sama veg og hinu fyrra kærubrjefi gjörðarþola.

Gjörðarþoli hefir nú neitað að greiða fyrnefnda hækkun og því hefir hæstarjettarmálaflutningsmaður Guðmundur Ólafsson krafist þess f. h. bæjarstjórnar að lögtak verði gert hjá gjörðarþola fyrir þessari upphæð.

Framgangi lögtaksgjörðarinnar mótmælir hæstarjettarmálaflutningsmaður Jón Ásbjörnsson, sem er umboðsmaður gjörðarþola, og byggir hann mótmælin á því, að hækkunin sje ólöglega á lögð með því að hún sje framkvæmd án þess að nokkur hafi kært yfir því að útsvarið væri oflágt og enginn hafi krafist

hækkunar. En hann telur niðurjöfnunarnefndina bresta heimild til eftir að niðurjöfnuninni sje lokið og niðurjöfnunarskráin sje lögð fram að breyta niðurjöfnuninni í aðra átt en þá, sem krafa liggur fyrir um. Því geti niðurjöfnunarnefndin ekki þótt hún fái nýjar upplýsingar um eignir og ástæður einhvers skattþegns breytt útsvari hans ef upplýsingunum fylgir engin kæra. Verk niðurjöfnunarnefndarinnar eftir að niðurjöfnuninni sje lokið sje það eitt að skera úr því, hvort kærur skuli teknar til greina eða ekki.

Í samræmi við þessa staðhæfingu sína, telur hann ákvæði 23. gr. bæjarstjórnartilsk. frá 20. apríl 1872 og praxis niðurjöfnunarnefndar á undanförnum árum.

Ennfremur telur umboðsmaður gjörðarþola hækkunina ólöglega framkvæmda að því leyti að niðurjöfnunarnefndin hafi ekki tilkynt gjörðarþola að hækkunin væri í ráði áður en hún var gerð. En það telur hann að niðurjöfnunarnefndinni hafi borið skylda til að gera vegna fyrirmæla 4. mgr. 23. gr. fyrnefndrar tilsk. Telur hann þetta skifta talsverðu, með því að gjörðarþoli myndi hafa lagt fram enn ítarlegri gögn til að sannfæra nefndina ef honum hefði verið gefið tækifæri til þess.

Þessu mótmælir umboðsmaður gjörðarbeiðanda. Telur hann hækkunina löglega framkvæmda vegna þess, að niðurjöfnunarnefndinni sje fullkomlega heimilt að breyta niðurjöfnuninni í aðra átt en kæra eða krafa liggi fyrir um. Enda telur hann það talsvert algengt að nefndin hafi hækkað útsvar á þeim, sem sjálfir kærðu yfir útsvari sínu og kröfðust lækkunar.

Ennfremur telur hann það algengt að niðurjöfnunarnefndin hækki útsvar á skattþegnum, sem kærandi hefir tekið sjer til samanburðar án þess að nokkur krafa eða kæra hafi komið fram frá kærandanum eða öðrum um það, að útsvar samanburðarmannsins væri hækkað. En þetta telur hann sýna, með því að það hafi verið óátalið um langt skeið, að niðurjöfnunarnefndinni hafi til þessa verið talið heimilt að breyta niðurjöfnuninni, ef hún fær nýjar upplýsingar, þótt alls engin krafa lægi fyrir um það. Umboðsmaður gjörðarbeiðanda telur ennfremur, að niðurjöfnunarnefndinni hafi verið óskylt að tilkynna gjörðarþola áður en hækkunin var framkvæmd, að hún væri í ráði. Þessa tilkynningarskyldu telur hann aðeins hvíla á nefndinni, þegar þriðjimaður gefur upplýsingar um efni og ástæður einhvers skattþegns og í ráði er að byggja hækkun eða aðra breytingu á niðurjöfnuninni

á þeim. En þar sem hjer hafi legið fyrir nefndinni nýjar upplýsingar frá þeim skattþegni sjálfum, sem hækkunin átti að koma niður á hafi henni verið óskylt að tilkynna gjörðarþola að hækkunin væri í ráði því nefndin hafi haft fullkomna ástæðu til að ætla að þær upplýsingar væru rjettar.

Það sem hjer liggur fyrir er því að úrskurða um það, hvort niðurjöfnunarnefndin hafi löglega framkvæmt þá hækkun á útsvari gjörðarþola að upphæð kr. 10,000,00, sem nú hefir verið krafist lögtaks fyrir.

Fógetarjetturinn verður að fallast á það, að niðurjöfnunarnefndinni sje heimilt þótt niðurjöfnunarskráin sje komin út eða hafi verið framlögð, að breyta niðurjöfnuninni í aðra átt en þá, sem kæra eða krafa liggur fyrir um, því það verður að telja óeðlilegt að starf niðurjöfnunarnefndarinnar væri svo formbundið að henni væri óheimilt að breyta niðurjöfnuninni í samræmi við þær upplýsingar, sem fram hafa komið eftir að niðurjöfnunarskráin var framlögð, ef sú kæra eða krafa, sem upplýsingunum fylgir fer fram á breytingu gagnstætt því, sem niðurjöfnunarnefndinni virðast upplýsingarnar gefa tilefni til og henni sýnist rjett. Í 23. gr. bæjarstjórnartilsk. frá 20. apríl 1872, eru fyrirmæli um það, að niðurjöfnunarnefndin skuli þar tiltekinn tíma, eftir að niðurjöfnunarskráin hefir verið lögð fram, úrskurða hvort breyting verði gerð á niðurjöfnuninni vegna þeirra kæra, sem fram hafa komið. En það er alls ekki minst á það, að sú breyting nefndarinnar megi ekki fara í aðra átt en krafist kann að vera í kærunni, sem tilefni hefir gefið til breytingarinnar.

Sjálfstæði niðurjöfnunarnefndarinnar í fyrnefnda átt verður að telja svo eðlilegt, að svo virðist sem beint lagafyrirmæli þyrfti að vera fyrir hendi, er bannaði slíkt, til þess að hún verði ekki talin hafa það. Fógetarjetturinn verður ennfremur að fallast á það, að niðurjöfnunarnefndinni hafi verið óskylt að tilkynna gjörðarþola áður en hún framkvæmdi hækkunina, að hún væri í ráði, þar sem kæra sú og upplýsingar þær, er tilefni gáfu til þess, að niðurjöfnunarnefndin tók útsvar gjörðarþola aftur til athugunar og hækkunin var bygð á kæru frá gjörðarþola sjálfum og þótt þessar upplýsingar væru ekki í litlu ósamræmi við þær, sem gjörðarþoli hafði áður gefið nefndinni, hafði hún enga ástæðu til að ætla að þessar upplýsingar væru rangar, þar sem gjörðarþoli segir sjálfur í kærubrjefi sínu til nefndarinnar, að þær sjeu gefnar samkvæmt „ársuppgjöri“ sínu. Enda má sjá það í þeim

kærubrjefum sem gjörðarþoli sendir bæjarstjórninni, gefur hann nákvæmlega sömu upplýsingar um efnahag sinn og hann gaf í áðurnefndu kærubrjefi til niðurjöfnunarnefndarinnar og hún bygði hækkunina á. Af þessum ástæðum verður ekki hjá því komist að álíta að hin umrædda hækkun á útsvari gjörðarþola sje löglega á lögð og verða hin framkomnu mótmæli því ekki tekin til greina.

Mánudaginn 9. febrúar 1925.

Nr. 68/1924. **Valdstjórnin** (Pjetur Magnússon)
gegn
Bertel Sigurgeirssyni
(Lárus Jóhannesson).

Brot gegn 262. gr. hegningarlaganna sbr. 38. gr. l. um aðför frá 4. nóv. 1887.

Dómur aukarjettar Ísafjarðar 24. nóv. 1924:
Ákærður Bertel Sigurgeirsson á að sæta 5 daga fangelsi við vatn og brauð, en fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dómsins, ef skilorð laga nr. 39, 16. nóv. 1907 eru haldin.

Allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað greiði ákærður, þar með talin málsvarnarlaun hins skipaða talsmanns sins, yfirdómslögmanns Páls Jónssonar 25 kr.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Svo sem nánara er framtekið í hinum áfrýjaða aukarjettardómi er það sannað í máli þessu, að ákærði hefir í fógetarjetti Ísafjarðar 13. ág. 1924, en þá átti fram að fara lögtak hjá honum fyrir ógreiddum aukaútsvörum til Reykjavíkurkaupstaðar, skýrt rangt frá eignum sínum í eigingjörnum tilgangi og til þess að

firra lögtaksbeiðanda greiðslu á lögmætum gjöldum, og hafði fógetinn þó áður ámint hann um að gefa sanna skýrslu um eignir sínar og bent honum á lagaábyrgð þá, er hann gæti bakað sjer með rangri skýrslu.

Þetta afbrot ákærða er af undirdómaranum rjettilega heimfært undir 262. gr. hegningarlaganna sbr. 38. gr. laga um aðför 4. nóvbr. 1887, og þykir refsingin fyrir það hæfilega ákveðin 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð, en svo sem hjeraðsdómarinn hefir gjört, þykir eftir atvikum mega ákveða samkvæmt 1. gr. laga nr. 39, 16. nóvbr. 1907 að refsingu ákærða skuli frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef ákærði fullnægir lögmæltum skilyrðum.

Ákvæði aukarjettardómsins um málskostnað í hjeraði samþykkjast. Ákærða ber og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 60 kr. til hvors.

Það athugast, að hjeraðsdómarinn hefir sett aðfararfrest í dóm sinn.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði, Bertel Sigurgeirsson, á að sæta 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð, en fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39, 16. nóvbr. 1907 eru haldin.

Um málskostnað í hjeraði á aukarjettardómurinn að vera óraskaður. Ákærði greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin

málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, hæstarjettarmálaflutningsmannanna Pjeturs Magnússonar og Lárusar Jóhannessonar, 60 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af rjettvísinnar hálfu höfðað gegn ákærðum Bertel Sigurgeirssyni trjesmið á Ísafirði fyrir ósanna skýrslu um efnahag sinn, gefna fyrir fógetarjetti.

Með eigin játningu ákærðs og öðrum gögnum er sannað í málinu, að atvik þess og tildrög eru á þessa leið:

Hinn 13. ágúst þ. á., var í fógetarjetti Ísafjarðar tekið fyrir að gera lögtak hjá ákærðum fyrir aukaútsvari, er hann skuldaði Reykjavíkurkaupstað fyrir árin 1921—23 incl. samtals kr. 250,00. Fór gerðin fram á skrifstofunni með samþykki ákærðs. Var ákærður ámintur um að gefa sanna skýrslu um efnahag sinn, að viðlagðri lagaunna ábyrgð. En ákærður kvaðst eigi eiga nema lítið eitt af trjesmíðaáhöldum og íverufatnað. Taldi fógeti að ákærður ætti samkvæmt því eigi neina fjármuni er hægt væri að gera lögtak í. En skömmu síðar hafði dómarinn með höndum, vegna þinglesturs, veðskuldabrjef dags. 14. apríl þ. á. fyrirfram innfært til þinglesturs 19. s. m. og þinglesið 14 júlí þ. á. Með brjefi þessu lýsir konan Hrefna Sigurgeirsdóttir því yfir, að hún skuldi ákærðum og Sigurgeir Sigurgeirssyni, bræðrum sínum 5000 kr. ásamt með 6 % vöxtum trygt með 3. veðrjetti í húsi greindrar konu við Hafnarstræti hjer í bænum. Skyldi skuldin greiðast í afborgunum, að minsta kosti með 500 kr. á ári.

Við rannsókn er hafin var gegn ákærðum út af þessu, kannaðist hann í fyrsta rjettarhaldi 21. ágúst þ. á. við, þegar að honum var gengið, að hann auk þess að eiga hluta í greindu veðskuldabrjefi ætti ýmsar aðrar eignir, er meira en nægðu til greiðslu umgetins útsvars, er ákærður hefir greitt að fullu eftir að rannsókn byrjaði. Þennan framburð endurtók ákærður í rjettarhaldi 26. s. m., og er málið kom fyrir aukarjettinn, hafði ákærður að gefnu tilefni frá dómaranum ekkert við framburð sinn að athuga.

Hinsvegar hefir hinn skipaði talsmaður ákærðs hjer fyrir rjettinum viljað vefengja játningu ákærðs hjer að lútandi, á þeim grundvelli, að hann hafi gefið hana sub compulsione. En bæði er, að við framhaldsrannsókn, er dómarinn hóf ex officio, virðist það vera nægilega upplýst í málinu að svo hafi eigi verið og hitt að talsmaður ákærðs, hefir á síðasta stigi málsins fallið frá þessu og leiðrjett það. En að þannig vöxnu máli verður heldur eigi hægt að taka mark á þeim varnargögnum, er sýnilega virðast búin til eða bygð á hinni röngu forsendu, að játning ákærðs væri gefin sub compulsione, enda hefir ákærður eigi látið í ljósi *neina* ósk við dómarann um að hann fyndi ástæðu til að breyta fyrri rjettarframburði sínum í málinu.

Það ber því að leggja framburð ákærðs til grundvallar í málinu.

Talsmaður ákærðs hefir með rjettu athugað, að úrskurður um að lögtak ætti fram að fara hjá ákærðum, var eigi birtur fyrir honum af stefnuvottum. En samkvæmt prófum málsins ljet fógeti fyrst krefja ákærðan um útsvarið, krafði hann svo sjálfur og skrifaði loks bæjargjaldkera Reykjavíkur um málið, er endurnýjaði lögtaksbeiðni sína í brjefi dags. 20. júní þ. á.

Það verður því eigi álitið að umrædd vöntun á birtingu lögtaksúrskurðarins fyrir ákærðum geti beinlínis afsakað atferli hans, en að hinsvegar sje þó ástæða til að sýna honum nokkra linkind fyrir það.

En að því er snertir þá varnarástæðu talsmanns ákærðs, að fógeti hafi eigi fullnægt leiðbeiningarskyldu sinni við lögtakið virðist hún eigi vera á rökum bygð samkvæmt prófum málsins nje heldur sú ástæða talsmannsins, að útsvarskrafan hafi eigi lögtaksrjett, þar sem þó að minsta kosti síðasta árs aukaútsvar hefir lögtaksrjett.

Að rjettarins áliti þykir það nægilega sannað í málinu að ákærði hafi framið verknað, er miðaði til að koma lögmætum eignum sínum undan lögtaki, af eigingirni til að firra lánardrottinn sinn borgun og að það sje nákvæmlega hliðstætt því að fremja þann verknað við aðför.

Brot ákærðs, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og hefir eigi áður sætt ákæru eða verið refsað fyrir neitt lagabrot, ber að heimfæra undir 262. gr. hinna almennu hegningarlaga sbr. 38. gr. laga 4. nóvember 1887 um aðför, og þykir refsing hans með tilliti til 58. gr. hegningarlaganna hæfilega metin

5 daga fangelsi við vatn og brauð. En með tilliti til þess að ákærður hefir viðstöðulaust játað á sig brotið, þegar að honum var gengið, að hann hegðaði sjer vel bæði fyrir og eftir brotið, að enginn skaði hefir af því hlotist, þykir mega ákveða samkvæmt 1. gr. laga nr. 39, 16. nóv. 1907, að refsing hans skuli frestað og hún falla niður eftir 5 ár, frá uppsögn dómsins, ef ákærður fullnægir lögmæltum skilyrðum. Svo greiði og ákærður allan af málinu leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun hins skipaða talsmanns síns hjer fyrir rjettinum 25 kr.

Það vottast að málinu hefir verið hraðað lögum samkvæmt og meðferð málsins vítalaus.

Mánudaginn 16. febr. 1925

Nr. 45/1925. **A. Godtfredsen** (L. Fjeldsted)
gegn
Gísla Oddssyni (Jón Ásbjörnsson).

Útaf samningi um kaup á síld.

Dómur gestarjettar Reykjavíkur 28. maí 1924: Stefndur, A. Godtfredsen, greiði Gísla skipstjóra Oddssyni, kr. 24102,83 með 6 % ársvöxtum frá 27. september 1922 til greiðsludags og 300 krónur upp í málskostnað, innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Í ávísun þeirri dags. 7. sept. 1922, er áfrýjandi gaf út til hins upphaflega sækjanda máls þessa í hjeraði, firma Sigurjón Pjetursson & Co., og afhenti því, er það tekið fram, að upphæð ávísunarinnar sje greiðsla fyrir síld afhenta samkvæmt samningi og að af umsömdum 3000 tunnum sjeu 2266 tunnur þegar afhentar samkvæmt farmskírteinum, en það sem á vanti sje tilbúið til útskipunar á Siglufirði.

Eru aðilar sammála um það, að í ávísuninni sje átt við samning þann, er áfrýjandi hafði gjört 3. maí 1922 við Sigurjón Pjetursson & Co. og nánar er skýrt frá í gestarjettardóminum. Það verður því að líta svo á, að í framangreindri ávísun áfrýjanda felist viðurkenning af hans hálfu fyrir því, að hann hafi, er hann gaf út ávísunina, verið búinn að festa kaup sjer til handa á umræddum 3000 tunnum af síld, með því verði og með þeim kjörum, er ákveðin höfðu verið í nefndum samningi, enda er það einnig upplýst í málinu, að áfrýjandi hefir um það leyti sem ávísunin var gefin út sagt þremur mönnum á Siglufirði, að hann hefði keypt alla síld Sigurjóns Pjeturssonar & Co. og ennfremur að hann fjekk sjer afhent það af síldinni, sem eftir var á Siglufirði.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti samkvæmt ástæðum hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig að 570 kr. komi til frádráttar dómsupphæðinni, með því að ekki þykir vera næg heimild til að dæma áfrýjanda til að endurgreiða upphæð þessa, er greidd hafði verið málflutningsmanni fyrir að innheimta hjá áfrýjanda 12500 kr. af kaupverði síldarinnar.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst 400 kr.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandi, A. Godtfredsen, greiði stefnda Gísla Oddssyni 23532 kr. 83 a. með 6 % ársvöxtum frá 27. sept. 1922 og ennfremur 300 kr. í málskostnað fyrir undirrjetti og 400 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Hinn 3. maí 1922 gjörðu firmað Sigurjón Pjetursson & Co. hjer í bænum og A. Godtfredsen, umboðssali í Kaupmannahöfn, þann samning, að A. Godtfredsen skuldbatt sig til að útvega firmanu þá um sumarið 2000 tómar og 1000 saltfyltar síldartunnur cif. Siglufjörð eða Eyjafjörð á norskar kr. 8,50 tómu tunnuna og norskar kr. 13,50 saltfyltu tunnuna og tunnurnar vera eign A. Godtfredsen þar til þær væru að fullu greiddar, en þær skyldu greiddar með síld.

Í samningi þessum er ennfremur svo ákveðið: „Þegar síld sú er Sigurjón Pjetursson & Co. lætur veiða er fullsöltuð og tilbúin til útflutnings, skal A. Godtfredsen hafa forkaupsrjett á henni í landi fyrir sama verð og aðrir bjóða hæst, en skal á hinn bóginn skyldur til að gefa minst kr. 15,00 fyrir hvert síldarmál vragað og á land sett og skal auk þess bera allan beinan kostnað af síldinni á landi, þó ekki yfir kr. 6,50 pr. Td."

„Vilji A. Godtfredsen eigi nota forkaupsrjett sinn að fullsaltaðri síld Sigurjóns Pjeturssonar & Co. og um sölu erlendis verður að ræða, skal A. Godtfredsen taka að sjer sölu á þeirri síld fyrir Sigurjón Pjetursson & Co. gegn 3 % umboðslaunum og fær af fyrstu sölu endurgreitt andvirði tunnanna, saltsins, þeirra 15 kr., er hann hefir greitt fyrir hvert ósaltað síldarmál og allan kostnað af síldinni á landi".

„Ef A. Godtfredsen hefir pláss í sínum flutningsskipum fyrir meiri síld en hann á, skal síld Sigurjóns Pjeturssonar & Co. sitja fyrir síld, er A. Godtfredsen kynni að kaupa í viðbót og reiknast þá flutningsgjaldið 4 kr. sænskar fyrir tunnuna, til Gautaborgar og 5 kr. sænskar til Stockholms".

„A. Godtfredsen skal fá fyrsta afla af mótorbát Sigurjóns Pjeturssonar & Co., alt að 200 tunnum, ef hann æskir þess í tæka tíð og greiða fyrir kr. 15,00 á hvert síldarmál.

Loks er ákveðið í samningi þessum að ef mál rísi útaf honum, skuli það rekið fyrir gestarjetti Reykjavíkur.

Um skilning á ákvæðum samnings þessa reis ágreiningur milli firmans Sigurjóns Pjeturssonar & Co. og A. Godtfredsen. Firmað hjelt því fram, að A. Godtfredsen væri skylt að kaupa alla síld

þess á 15 kr. hvert síldarmál vragað og á land komið og að bera auk þess allan beinan kostnað af henni þar til hún væri fullsöltuð, þó ekki yfir kr. 6,50 pr. tunnu. A. Godtfredsen mótmælti því hins vegar að hann með samningnum hefði tekið á sig nokkra skyldu til að kaupa síld firmans, honum væri í samningnum aðeins tryggður forkaupsrjettur að síldinni, ef hann vildi og umboðsrjettur ef hann vildi ekki neyta forkaupsrjettarins og væri á samninginn að líta aðeins sem sölusamning um síldartunnur þær og salt, er hann hafði skuldbundið sig til að útvega firmanu, og hin ákvæðin sett í samninginn til þess að tryggja að hann fengi greitt andvirði tunnanna og saltsins.

Firmað höfðaði því mál þetta gegn A. Godtfredsen fyrir gestarjettinum með stefnu útgefinni 17. október 1922 og hefir gjört þær rjettarkröfur í því, að stefndur verði dæmdur til að greiða sjer kr. 26352,83 eftir reikningi útaf viðskiftunum sumarið 1922 með 6 % ársvöxtum frá 27. september s. á. til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu eftir mati rjettarins. Undir rekstri málsins færði stefnandi kröfu sína niður um 2250 krónur í kr. 24102,83. Eftir að málið var höfðað varð firmað Sigurjón Pjetursson & Co. gjaldþrota en Gísli Oddsson, skipstjóri hjer í bænum, varð eigandi að kröfu þess á hendur stefndum og hefir látið halda áfram málinu gegn honum með þeirri breytingu, að sjer verði dæmd upphæðin en ekki firmanu eða þrotabúi þess.

Stefndur hefir af sinni hálfu lagt fram reikning yfir viðskifti firmans Sigurjóns Pjeturssonar & Co. við sig sumarið 1922 og telur á honum sig eiga inni hjá fjelaginu kr. 2149,36. Hann hefir krafist algjörðrar sýknunar af kröfum stefnanda í málinu og málskostnaðar hjá honum eftir mati rjettarins.

Rjetturinn verður nú að vera stefnanda samdóma um það, að samningurinn frá 3. maí 1922 taki yfir annað og meira en sölu á tunnum og salti og tryggingarákvæðið um greiðslu andvirðis þess. Í samningnum er stefndum áskilinn forkaupsrjettur að saltaðri síld firmans Sigurjón Pjetursson & Co. og skylda og rjettur til umboðssölu á henni ef hann neytir ekki forkaupsrjettarins og firmað heldur ekki að honum að kaupa síldina fyrir 15 krónur málið, vragað og á land sett, en hann skyldar stefndan og, ef firmað vill, til þess að kaupa síldina á þennan hátt og fyrir þetta verð ef það vill halda þeirri skyldu að honum og stefndur hefir ekki sannað í málinu gegn neitun stefnanda, að hann hafi verið leystur frá þeirri skyldu.

Í ávísun til firmans er stefndur gaf út 7. september 1922 fyrir 25 þúsund íslenskum krónum, en stöðvaði síðar greiðslu á, er og tekið fram, að upphæðin sje fyrir „Sild leveret i følge Kontrakt. Af omkontraherede 3000 Tönder er 2266 Tönder leveret til A/B A. M. Gabrielsson i følge Konnossementer og det resterende Parti er afskibningsklart i Siglufjord“ og sama dag hafði firmað fengið stefndum ávísun á ca. 700 tunnur, er það átti á síldverkunarstöð á Siglufirði. Auk þessa hafa 3 vitni borið það í málinu að stefndur hafi sagt við þau í september 1922. að hann hefði keypt alla síld stefnanda og heyrðu tvö þeirra samtímis þessa yfirlýsingu hans.

Rjetturinn verður því að telja það full sannað í málinu bæði að stefndum hafi borið skylda til að kaupa og að hanu hafi keypt 2000 síldarmál af firmanu Sigurjón Pjetursson & Co. sumarið 1922 á því verði sem það telur, og er það ekki sönnun hins gagnstæða þótt síldin væri á farmskírteinum talin send af firmanu og þótt vitninu Páli Snorrasyni væri ekki kunnugt um kaupin, en áður nefnd ávísun ber þess greinilega vott sjálf, að hún er borgun fyrir keypta síld, en ekki fyrirfram greiðsla upp í viðskipti, enda hafði stefndur þá fengið ávísun á ca 700 af þeim 734 síldartunnum, sem ávísunin bar með sjer að ávantaði til þess, að stefndur hefði fengið 3000 tunnur.

Eftir þessari niðurstöðu verður ekki litið svo á, að upphæðir þær, sem stefnandi færir stefndum til skuldar sem vexti af síldarverðinu, símakostnað út af því að ávísun stefnds var ekki innleyst og 570 krónur er hann varð að greiða málafærslumanni á Akureyri fyrir að ná hjá stefndum 12500 krónum upp í síldarverðið, sjeu stefndum óviðkomandi, og verða þau mótmæli hans því ekki tekin til greina.

Verður þá að dæma stefndan til að greiða hinar umstefndu krónur 26352,83 að frádregnum þeim 2250,00 sem stefnandi hefir viðurkent að væru ofkrafðar, eða kr. 24102,83 með vöxtum eins og krafist er og eftir öllum atvikum 300 krónur upp í málskostnað.

Miðvikudaginn 18. febr. 1925.

Nr. 27/1924. **Pjetur A. Ólafsson** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
skiftaráðandanum í Barðastrandarsýslu og Sigurði Briem aðalpóstmeistara f. h. póststjórnarinnar (Björn P. Kalman).

Um gildi veðskuldabrjefs, er skrifað var innan 8 vikna fyrir gjaldþrotaskifti veðsala.

Úrskurður skiftarjettar Barðastrandarsýslu 12. apríl 1924: Veðskuldabrjef fyrverandi póstafgreiðslumanns Guðm. Þorsteinssonar, Geirseyri, dagsett 31. desbr. 1921 með 1sta veðrjetti í húseign hans Geirseyri, fyrir 5223 kr. 05 aura skuld til verslunar P. A. Ólafssonar, s. st., skal ógilt að því er þrotabúið snertir, og verður ekki tekið til greina, sem forgangsskuld.

Dómur hæstarjettar.

Það er in confesso í máli þessu, að veðskuldabrjef það, sem hjer um ræðir og ber dagsetninguna 31. des. 1921, hafi verið undirskrifað af veðsala Guðmundi Þorsteinssyni um 13.—14. mars 1922 og að bú Guðmundar hafi verið tekið til gjaldþrotaskifta undir lok aprílmánaðar samæris. Ætti brjefið, sem veita átti áfrýjanda veð í húsi Guðmundar fyrir skuld hans um áramótin, eftir því að vera undirskrifað af Guðmundi um 7 vikum fyrir byrjun gjaldþrotaskiftanna. En samkv. 23. gr. laga nr. 7/1894 eru »veðskuldbindingar þær, er skuldunautur hefir gengist undir« á næstu 8 vikum fyrir byrjun gjaldþrotaskifta ógildar gagnvart búinu, ef skuldin, sem veðrjetturinn á að tryggja, er ekki stofnuð samtímis veðinu.

Áfrýjandi heldur því fram, að Guðmundur hafi lofað sjer fyrir nýár 1922 að veðsetja sjer húsið, hann hafi með því loforði undirgengist veðskuldbindinguna, og taki nefnd riftingarregla gjaldþrotalaganna því ekki til brjefsins.

Stefndi hefir hins vegar fyrst og fremst mótmælt því, að Guðmundur hafi gefið áfrýjanda nokkurt ákveðið loforð þess efnis, og heldur því auk þess fram, að, þar sem hjer sje að ræða um rjett, sem verði að þinglesa til þess að hann geti notið sín að fullu, þá verði heimild slíks rjettar að hafa farið fram brjeflega af hendi rjettsala fyrir byrjun riftingarfrestsins, en það hafi ekki átt sjer stað hjer, og því sje veðbrjefið ógilt gagnvart búinu.

Rjetturinn verður að vera stefnda samdóma um að eðlilegast sje að skilja framantalin auðkend orð 23. gr. gjaldþrotalaganna á þá leið, að veðsali verði að hafa gengið frá veðsetningunni að öllu leyti af sinni hálfu, þ. e. hafa undirskrifað veðbrjefið, fyrir byrjun riftingarfrestsins, eigi veðrjetturinn að haldast gagnvart þrotabúi veðsala, enda er þetta sagt berum orðum í 8. gr. laga nr. 18/1887 um setningu sjálfsvörsluveðs í lausafje, og ekki sjáanleg nein ástæða til þess að önnur regla gildi að þessu leyti um fasteignarveð en lausafjárveð.

Verður því að fallast á niðurstöðu skiftarjettarúrskurðarins, enda hefir áfrýjanda ekki tekist að sanna það gegn mótmælum stefnda, að Guðmundur hafi lofað áfrýjanda fyrir byrjun riftingarfrestsins að veðsetja honum húsið.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða hinni stefndu póststjórn, samkvæmt kröfu hennar, málskostnað í hæstarjetti og er hann ákveðinn 200 krónur.

Það athugast, að skiftarjettargjörðirnar voru allófullkomnar, en úr því hefir áfrýjandi bætt viðunanlega með framlagningu skjala, sem í skiftagjörðunum hefðu átt að vera.

Því dæmist rjett vera:

Veðskuldbinding sú, áfrýjanda Pjetri A. Ólafssyni til handa, er getur í hjerumræddu skuldabrjefi Guðmundar Þorsteinssonar, er ógild að því er þrotabú nefnds Guðmundar snertir.

Áfrýjandi greiði stefnda, Sigurði Briem aðalpóstmeistara f. h. póststjórnarinnar, 300 kr. málskostnað í hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Með brjefi dagsettu 31. des. 1921 veðsetur fyrverandi póstafgreiðslumaður Guðmundur Þorsteinsson, Geirseyri, verslun P. A. Ólafssonar sama staðar húseign sína á Geirseyri fyrir 5223,05 krónu skuld, er hann var í við tjeða verslun. Í aprílmánuði næst eftir, var bú nefnds póstafgreiðslumanns tekið til gjaldþrotaskifta, eftir kröfu póststjórnar Íslands, og kom þá í ljós hjá nefndum póstafgreiðslumanni sjóðþurð, er nam milli 20—30 þúsund krónur, og upplýstist þá undir rannsókn á hendur skuldaranum, að dagsetningin á brjefi hans, til verslunar P. A. Ólafssonar, var ekki hin rjetta 31. des. 1921, heldur var brjefið dagsett í marsmánuði áður en gjaldþrotaskiftin hófust í apríl, og þannig um mánuð liðið frá undirskrift. Þessari skýrslu um dagsetninguna, hefir umboðsmaður verslunar P. A. Ólafssonar Geirseyri ekki getað hnekt, og jafnvel kannast við, að rjett muni hermt, að brjefið sje fyrst undirskrifað í mars, dagsetningin í mars er óviss, en veltur á engu í þessu efni. Meðferð búsins heyrir undir fyrirmæli 8. kapítula skiftalaganna frá 12. apríl 1878, þar sem búið á engan hátt getur svarað til, nema brots úr þeim skuldum er á því hvíla, og krafa póststjórnarinnar heyrir undir

83. gr. a. nefndra laga. Hins vegar bæri að telja skuld búsins til verslunar P. A. Ólafssonar Geirseyri, fallandi undir fyrirmæli 87. gr. sömu laga, ef veðsetningin ekki hefði mætt andmælum, og verið vjefengd, sem lögum gagnstæð, það ber því að rannsaka, að hve miklu leyti þau andmæli hafa við rök að styðjast, og þar sem um gjaldþrot er að ræða, verður í þessu efni, að leggja til grundvallar, fyrirmæli þeirra laga, að svo miklu leyti, sem við verður komið. 23. gr. laga 13. apríl 1894 mælir svo fyrir: „Veðskuldbindingar þær, er skuldunautur hefir gengist undir á tímabili því, er ræðir um í 22. gr. til tryggingar kröfum á hendur honum, sem ekki eru til orðnar á sama tíma eru ógildar, að því er búið snertir". Með vottorði póstafgreiðslumannsins, framlögðu skjali nr. 1, er viðurkent að skuld sú, sem veðsett er útaf, hefir öll verið mynduð fyrir áramót 1921, svo ekki er hjer að ræða um skuld, er orðið hefir til á sama tíma og veðskuldin, og þar sem 24. gr. sömu laga talar um, að sá er skifti við skuldunaut, hrindi grun þeim, sem álíta má, að á honum hvíli um það, að honum hafi verið kunnugt um þrot skuldunauts, getur ekki orðið fallist á, að einhliða yfirlýsing skuldunauts í þessu efni, sje nægileg, heldur sje hjer átt við lögfulla sönnun, eða atvik, sem gjöra þetta sennilegt, en ekkert slíkt liggur hjer fyrir. Eftir þessum úrslitum, og viðurkenningu um raunverulega dagsetning skuldabrjefs fyrverandi póstafgreiðslumanns Guðm. Þorsteinssonar til verslunar P. A. Ólafssonar Geirseyri fyrir 5223 kr. 05 aura skuld, verður að fallast á, að gagnvart þrotabúinu hafi það mist gildi sitt, og verði því ekki tekið til greina við úthlutun úr því, en póststjórninni greidd sú upphæð, samkvæmt ákvæðum 83. gr. skiftalaganna fyrir því.

Miðvikudaginn 25. febr. 1925.

Nr. 17/1924. **Sveinn Árnason** (B. P. Kalman)
gegn
Guðfinni Jónssyni (Enginn).

Útaf greiðslu kostnaðar við viðgerð á mótorbát.

Dómur aukarjettar Seyðisfjarðarkaupstaðar 9. ág. 1923: Stefnda, Sveini Árnasyni, Seyðisfirði, ber að greiða

stefnandanum Guðfinni Jónssyni Seyðisfirði, kr. 684,28 ásamt 6 % ársvöxtum af upphæð þessari frá 14. febrúar 1923 til greiðsludags. Ennfremur greiði stefndi stefnandanum 28 krónur í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Þegar mál þetta, sem skotið hefir verið til hæstarjettar með stefnu útgefinni 19. apríl f. á. að fengnu áfrýjunarleyfi dagsettu 25 mars f. á, skyldi flutt í hæstarjetti mætti enginn af hálfu stefnda. Hefir málið því verið rekið samkvæmt 1. lið 2. mgr. 38. gr. hæstarjettarlaganna og er það dæmt samkvæmt N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Það er in confesso í málinu, að áfrýjandi samdi við stefnda um viðgerðina á v/b. Regin fyrir hönd vátryggjanda skipsins og hefir það ekki verið vefengt að hann hafi haft umboð vátryggjanda. Af þessum ástæðum og með því að það eigi er sannað, að áfrýjandi hafi með nokkrum hætti bakað sjer persónulega ábyrgð á kröfu stefnda útaf viðgerðinni á bátnum, verður samkvæmt kröfu hans að sýkna hann af kröfum stefnda í máli þessu. Eftir atvikum þykir málskostnaður í hjeraði eiga að falla niður en stefndur greiði áfrýjanda málskostnað í hæstarjetti með 100 krónum.

Það er aðfinnsluvert, að hjeraðsdómarinn hefir haft málið undir dómi í 12 vikur og er sá dráttur eigi nægilega rjettlættur. Ennfremur athugast, að dómarinn hefir stimplað dómsgjörðirnar með 50 aura merki, en þó tekið borgun fyrir tveggja króna merki, svo sem og var rjett.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandi, Sveinn Árnason, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Guðfinns Jónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í hjeraði falli niður en málskostnað í hæstarjetti greiði stefndi áfrýjanda með 100 krónum að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er þannig vaxið að í ársbyrjun 1920 framkvæmdi stefndi í máli þessu Guðfinnur Jónsson, skipasmiður á Seyðisfirði, viðgerð á mótorbátnum „Regin", samkvæmt beiðni stefnda í málinu Sveins Árnasonar, umboðsmanns Samábyrgðar Íslands á Seyðisfirði. Þegar viðgerð bátsins var lokið, gaf stefnandi reikning yfir kostnaðinn, að upphæð 1584,28. Þar af hefir hann fengið greiddar kr. 900,00, en afganginn kr. 684,28 hefir hann ekki fengið greiddar og hefir því höfðað þetta mál og gjörir þær kröfur, að stefndi greiði kr. 684,28 ásamt 6 % ársvöxtum af upphæð þessari frá 1. mars 1920 til borgunardags, svo og málskostnað eftir mati dómarans. — Stefndi heldur því hinsvegar fram í málinu, að greiðsla á eftirstöðvum reikningsins komi sjer ekkert við, heldur eigi stefnandi að sækja upphæðina í hendur Samábyrgðar Íslands í Reykjavík. Gjörir stefndi því þær kröfur: Fyrst og fremst, að máli þessu sje vísað frá dómi, þar eð það eigi sje höfðað gegn rjettum aðila. Til vara að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða kostnað af máli þessu.

Samkvæmt málsskjölunum er það tvímælalaust, að stefndi hafi samið við stefnanda um viðgerð á bátnum. Það virðist og að stefndi hafi samið um þetta *í eigin nafni*, þótt hann hafi ætlast til að Samábyrgð Íslands borgaði það, að meira eða minna leyti, og þótt hann hafi haft heimild til að semja um þetta frá Samábyrgðinni, sem engin fullnægjandi sönnun liggur fyrir í málsskjölunum. Að minsta kosti hefir stefndi gefið stefnanda *fylstu ástæðu* til að ætla, að stefndi væri samningsaðilinn, þegar samningar um viðgerð bátsins fóru fram og stefnandi unnið verkið *í trausti þess* að stefndi væri rjetti samingsaðili, þótt stefndi ætlaðist til að verkið væri greitt af Samábyrgðinni og öðrum..

Það verður því að álítast, að stefndi sje rjetti málsaðilinn við samninga þessa, sem hann virðist gera í eigin nafni, þótt fyrir annara reikning sje, og sje því skuldbundinn til að fullnægja samningnum með því að sjá um greiðslu á reikningnum yfir viðgerðarkostnaðinn. — Þessu til stuðnings vísast til Jul. Lassen: Obligationsretten alm. Del. § 23. IV. (Naar en Person ifölge en andens Bemyndigelse optræder for dennes Regning men i eget Navn forpligtes han selv).

Samkvæmt framanrituðu virðist því ekki vera hægt að taka kröfu stefnda til greina um að máli þessu sje vísað frá dómi nje aðrar kröfur hans.

Aftur á móti virðist bera að taka kröfur stefnanda til greina þannig, að stefnda beri að greiða stefnanda eftirstöðvar umgetins reiknings kr. 684,28 ásamt 6 % ársvöxtum af upphæð þessari frá stefnubirtingardegi 14. febrúar 1923 til borgunardags.

Eftir atvikum og úrslitum málsins þykir rjett að stefndi greiði stefnanda 28 krónur í málskostnað.

Þess skal getið, að dómaranum hefir ekki verið fært að kveða upp dóm þennan fyr vegna manntalsþingaferða og annara embættisanna, sem ekki mátti fresta.

Föstudaginn 27. febr. 1925.

Nr. 53/1924. **Gísli Gíslason**
gegn
Sigurði Jónssyni.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Gísli Gíslason Skólavörðustíg 12, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.[1])

---

[1]) S. d. uppkveðinn samhljóða dómur í máli sömu aðila nr. 54/1924.

Föstudaginn 27. febr. 1925.

Nr. 56/1924. **Gísli Gíslason**
gegn
Sigurði Jónssyni.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Gísli Gíslason Laugaveg 123, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.[1])

Mánudaginn 2. mars 1925.

Nr. 49/1924. **Þorsteinn Johnson fyrir sjálfan sig og f. h. Louis Zöllner** (Sveinn Björnsson)
gegn
Kristni Ólafssyni f. h. Peter Kühlke
(Sveinbjörn Jónsson).

Útaf greiðslu farmgjalds.

Dómur sjódóms Vestmannaeyjakaupst. 24. sept. 1923: Stefndur, Þorsteinn Johnson, greiði stefnanda, Kristni Ólafssyni f. h. Peter Kühlke 4350 krónur ásamt $7^1/_2$ % vöxtum frá 19. apríl 1922 til greiðsludags og 300 krónur í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 3ja sólarhringa frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu, sem risið er útaf greiðslu á eftirstöðvum af farmgjaldi fyrir saltfarm frá Cadix á Spáni til Vestmannaeyja með mótorskipinu Antilope,

[1]) S. d. uppkveðinn samhljóða dómur í máli sömu aðila nr. 57/1924.

hefir verið skotið til hæstarjettar með stefnu dags. 27. sept. f. á., að fengnu uppreistarleyfi dags. 13. s. m. og nóvaleyfi dags. 25. s. m.

Áfrýjandi gerir þá aðalkröfu að málinu verði vísað frá sjódómi. Til vara krefst hann að hann verði sýknaður af kröfum stefnda bæði sjálfur og fyrir hönd Louis Zöllner og til þrautavara krefst hann að hann verði aðeins dæmdur f. h. Louis Zöllner til að greiða danskar krónur 771,59 án vaxta, og loks krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir undirrjetti og hæstarjetti.

Stefndi krefst hinsvegar að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó þannig að dómkrafan verði færð niður í íslenskar krónur 4229,58, og miðast þessi niðurfærsla við það, að skilað hafi verið úr skipinu 208 tonnum af salti, en í undirrjetti var dómkrafan miðuð við 212 tonn, eða til vara í danskar krónur 3260,80 með 5 % vöxtum frá 19. apríl 1922. Svo krefst hann málskostnaðar fyrir hæstarjetti.

Frávísunarkrafa áfrýjanda, er byggist á því, að svo hafi verið umsamið í farmsamningnum, er lagður hefir verið fram í hæstarjetti, að öllum deilum útaf samningnum skuli skotið til gerðar 2ja manna í London, verður eigi tekin til greina, með því að áfrýjandi, er hvað eftir annað fjekk fresti í málinu, hreyfði ekki þessari frávísunarkröfu fyrir sjórjettinum og hafði hann þó undir rekstri málsins símleiðis leitað fyrirskipana frá Louis Zöllner um málið en þótt Zöllner sendi honum ýms gögn til varnar í málinu, þar á meðal sundurliðaðan reikning yfir viðskifti sín og kröfur á hendur eiganda hins umrædda skips útaf farmflutningnum, þá ljet hann þó eigi hreyfa neinum mótmælum í þessa átt, og þar sem gera verður ráð fyrir að Zöllner hafi þekt umrætt

ákvæði farmsamningsins, verður að telja að hann hafi fallið frá gjörðardómsákvæði samningsins.

Af símskeytum þeim frá áfrýjanda til L. Zöllner, er lögð hafa verið fram í málinu, þykir mega ráða það, að áfrýjandi Þorsteinn Johnson hafi eigi veitt farminum móttöku í eigin nafni heldur fyrir hönd Zöllners, og að skipstjóra hafi verið þetta ljóst má ráða meðal annars af því, að trygging sú, að upphæð 4350 kr., er skipstjóra var sett fyrir greiðslu farmgjaldsins, var sett af Þorsteini Johnson vegna L. Zöllner, en af þessu leiðir, að skipstjóri átti ekki neina kröfu á hendur Þorsteini persónulega, og ber því að sýkna hann af kröfum stefnda.

Samkvæmt farmsamningnum var farmgjaldið ákveðið 40 kr. danskar fyrir hvert tonn, sem afhent væri úr skipinu, og þar sem ekki er ágreiningur hjer í rjettinum um það, að einungis 208 tonnum hafi verið skilað var farmgjaldið alls 8320 kr. Frá þessari upphæð ber í fyrsta lagi að draga upphæðir þær, er skipstjóri hefir fengið fyrirfram greiddar upp í farmgjaldið, samtals kr. 5059.20. Ennfremur ber að draga frá farmgjaldinu andvirði fyrir stúfunarmottur kr. 232,49, símskeytagjöld kr. 62,44 og gjöld fyrir aukavátryggingu, er áfrýjandi varð að kaupa er skipið vjek af rjettri leið til Þýskalands kr. 114,28 eða samtals kr. 409,21, með því að þessi gjöld eru sumpart nægilega rjettlætt hjer fyrir rjettinum og sumpart hefir þeim aðeins verið mótmælt í undirrjetti með almennum orðum, án þess það sæist á hverju mótmælin voru bygð.

Þegar þessar upphæðir kr. 5059,20 og kr. 409,21 eru dregnar frá farmgjaldinu stendur eftir ógreitt kr. 2851,59. Frá þessari upphæð krefst áfrýjandi að dregnar sjeu skaðabætur til L. Zöllner að upphæð

kr. 2080,00, og rökstyður hann þessa kröfu sína með því, að skipið hafi á ferð sinni til Vestmannaeyja að nauðsynjalausu og gegn mótmælum farmsendara, farið þvert úr leið frá Dartmouth á Englandi til Cuxhafen á Þýskalandi og legið þar í aðgerðaleysi í 63 daga eða frá 20. jan. til 24. mars 1922, og er það loksins hafi komið til Vestmannaeyja 13. apríl s. á. hafi saltverð í Vestmannaeyjum verið fallið um 10 kr. hvert tonn.

Þótt litið væri nú svo á, að þessi krókur skipsins til Cuxhafen og dvöl þess þar, sem engin nægileg grein hefir verið gjörð fyrir, hafi verið brot á farmsamningnum, sem skipseigendur ættu að bera ábyrgð á, þá hefir áfrýjandi eigi gegn mótmælum stefnda fært sönnur á það, að saltverð í Vestmannaeyjum hafi fallið á tímabilinu frá því skipið fór frá Dartmouth þar til það kom til Vestmannaeyja, og er því eigi heimild til þess að taka umrædda skaðabótakröfu til greina.

Samkvæmt þessu verður að dæma áfrýjanda Þorstein Johnson f. h. Louis Zöllner til þess að greiða stefnda danskar krónur 2851,59 með 5 % ársvöxtum frá 19. apríl 1922 til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rjett að málskostnaður bæði fyrir sjódómi og hæstarjetti falli niður.

Við meðferð máls þessa í hjeraði er að athuga, að það hefir verið undir dómi frá 12. mars 1923 til 24. sept. s. á. eða rúma 6 mánuði. Fyrir þennan óhæfilega drátt, er formaður sjódómsins Karl Einarsson bæjarfógeti á sök á, og eigi hefir verið rjettlættur, verður ex officio að láta hann sæta sekt, samkv. 17. gr. tilsk. 15. ágúst 1832. Ákveðst sektin 40 krónur og renni í fátækrasjóð Vestmannaeyjakaupstaðar.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandi, Þorsteinn Johnson, á sýkn að vera í máli þessu en fyrir hönd Louis Zöllner skal hann greiða stefnda Kristni Ólafssyni f h. Peter Kühlke danskar krónur 2851,59 ásamt 5 % ársvöxtum frá 19. apríl 1922 til greiðsludags.

Málskostnaður í hjeraði og fyrir hæstarjetti fellur niður.

Undirdómarinn Karl Einarsson bæjarfógeti greiði 40 kr. sekt í fátækrasjóð Vestmannaeyjakaupstaðar.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir stefnandi, Kristinn Ólafsson lögfræðisnemi, til heimilis á Reyni hjer í bæ, höfðað, fyrir hönd Peter Kühlke skipstjóra á skipinu „Antilope" frá Altona, gegn Þorsteini Johnson kaupmanni hjer í bæ, eða til vara gegn Þorsteini Johnson fyrir hönd Louis Zöllner í Newcastle, með stefnu útgefinni 2. september 1922, til greiðslu á eftirstöðvum á farmgjaldi, fyrir saltfarm, með m/s. „Antilope" kr. 4350,00, ásamt 8 % ársvöxtum frá 19. apríl 1922 til greiðsludags, og málskostnaði eftir mati rjettarins.

Sátta var leitað af dóminum, milli málsaðila, en sáttatilraun varð árangurslaus.

Eftir skjölum málsins, virðast málavextir vera þannig: Í nóvembermánuði 1921 fór ofangreint mótorskip á stað með saltfarm frá Cadiz til Vestmannaeyja til Þorsteins Johnsons eða stefnda í þessu máli, en skip þetta varð fyrir ýmsum töfum og kom ekki hingað fyr en í apríl 1922. Stefndur, sem var móttakandi farmsins, virðist hafa verið eitthvað óánægður með hversu seint skipið kom, en virðist hafa átt að annast greiðslu á eftirstöðvum farmgjaldsins. Virðist ekki hafa náðst annað samkomulag en að hann „deponeraði" í Íslandsbanka hjer eftirstöðvunum 4350 kr. til tryggingar greiðslunni á sínum tíma; þegar búið var

að afferma skipið virðist heldur ekki hafa náðst samkomulag og út af því er mál þetta risið.

Stefnandi hefir gjört þær kröfur að annaðhvort stefndur Þorsteinn Johnson kaupmaður hjer, eða hann fyrir hönd Louis Zöllner, sem á að hafa sent farminn og sett hafði ofangreinda tryggingu, eða stefndur Þorsteinn Johnson fyrir hans hönd, verði dæmdur til að greiða sjer eftirstöðvarnar ásamt vöxtum og málskostnaði eins og að framan greinir; til vara krefst stefnandi að stefndur Þorsteinn Johnson verði dæmdur til þessa vegna Louis Zöllner, Newcastle.

Stefndur, Þorsteinn Johnson, gerir hinsvegar þær kröfur, aðallega, að málinu verði vísað frá dómi vegna umboðsskorts stefnanda, og vegna þess að málið hafi því ekki löglega verið lagt til sátta.

Í öðru lagi krefst stefndur, til vara, að vera sýknaður af kröfum stefndanda, sökum þess að málið sje ranglega höfðað gegn sjer, þar eð hann hafi eigi átt að standa skil á farmgjaldinu, og aldrei lofað því.

Í þriðja lagi krefst stefndur að málinu verði vísað frá dómi að því er snertir málshöfðunina gegn honum fyrir hönd Louis Zöllner, sökum vantandi umboðs stefnds frá Louis Zöllner til að taka á móti málshöfðun, og til þrautavara krefst stefndur að krafan verði færð niður í kr. 771,59. Svo mótmælir hann og málskostnaðarkröfu stefnanda.

Kröfur stefnda um frávísun á málinu, sökum þess að stefnandi hafi eigi haft löglegt umboð, og sáttatilraun því meðal annars verið ólögleg, virðist ekki hægt að taka til greina, þegar af þeirri ástæðu, að málið var þingfest, og sáttatilraun var gerð, án nokkra mótmæla frá stefnda. Þar við bætist að síðar var lagt fram í málinu fullgilt umboð, sem staðfestir hið upprunalega umboð að öllu leyti. Málinu getur því ekki verið vísað frá af þessum ástæðum. Að því er aðal-varakröfu stefnda snertir, um sýknun í málinu, af því að hann hafi aldrei lofað eða undirgengist að greiða farmgjaldið eða eftirstöðvar þess, þá fyrst og fremst sýnir rjettarskjal nr. 11, farmskírteinið í eftirriti, að hann var móttakandi farmsins, og ennfremur er það in confesso í málinu, að hann tók við farminum, og virðist þetta vera nægilegt til að skuldbinda hann í þessu efni samkvæmt siglingalögunum. Stefndur, Þorsteinn Johnson kaupmaður virðist því vera rjettur aðili í þessu máli.

Að því er snertir niðurfærslu stefnda á kröfunni kr. 4350,00 niður í kr. 771,59, þá er þar til að svara að stefndur hefir að vísu lagt fram eins konar reikningsyfirlit óundirskrifað og óstaðfest, sem á að sýna að eftirstöðvar farmgjaldsins sjeu aðeins 2851 kr. 59 au. danskar, en þar sem þessum reikningum hefir verið algjörlega mótmælt af stefnanda, þá verður ekkert tillit hægt að taka til þessara reikninga nje skaðabótakröfunnar 2080 kr. Aðaldómkröfuna verður því að byggja á tryggingarupphæðinni, sem geymd á að vera í Íslandsbanka, og álítast verður að skipstjórinn og stefndur hafi komið sjer saman um, og sem einmitt er sú upphæð, sem stefnt er fyrir.

Það verður því að dæma stefnda til að greiða kr. 4350,00. Vaxtakröfu stefnanda verður og að taka til greina, þó þannig að vextir eru ákveðnir 7½ %. Eftir útslitum málsins ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað er ákveðst hæfilegur 300 kr.

Dráttur sá er orðið hefir á dómsuppsögn í máli þessu, stafar svo að segja einvörðungu af fjarveru dómaraoddvitans frá heimili sínu, sem hefir verið með leyfi hlutaðeigandi yfirvalda, enda haft sínar fylstu orsakir.

Miðvikudaginn 18. mars 1925.

Nr. 26/1924. **Gísli J. Johnsen** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
skiftaráðandanum í Vestmannaeyjum f. h. dánarbús Jóhanns L. S. Austmanns, Sigurði Ólafssyni, Rósu Hjartardóttur, Jóni Árnasyni, Brynjólfi Sigfússyni og Árna Sigfússyni (Sveinn Björnsson).

Um gildi arfleiðslugjörnings.

Úrskurður skiftarjettar Vestmannaeyjakaupstaðar 21. okt. 1922: Hin gerða ráðstöfun á eignum Jóhanns heitins Stefánssonar Austmann skal ónýt vera.

Dómur hæstarjettar.

Málavextir eru þeir í máli þessu, að árið 1908 hafði Jóhann Lárus Stefánsson Austmann í Vestmannaeyjum, að beiðni þálifandi móður hans, verið sviftur fjárforræði vegna andlegrar veiklunar og var áfrýjandi skipaður fjárráðamaður hans. Eftir því sem upplýst er í málinu veiktist Jóhann snögglega og hættulega 26. jan. 1919. Að kvöldi næsta dags, 27. jan., var áfrýjandi, ásamt hjeraðslækninum í Vestmannaeyjum og tveimur mönnum öðrum, er áfrýjandi hafði kvatt til að vera votta, staddur á heimili Jóhanns og lýsti þá Jóhann yfir þeim vilja sínum, um ráðstöfun eigna sinna eftir sinn dag, að áfrýjandi ráðstafaði þeim til spítalasjóðs eða spítala í Vestmannaeyjum, en Jóhann átti ekkert arfgengt afkvæmi. Næsta dag, 28. jan., skrásettu þessir fjórir menn þennan gjörning, en Jóhann hafði þá andast um nóttina áður. Ritaði hjeraðslæknirinn á gjörninginn vottorð um að sjúklingurinn væri með fullu ráði og rænu, þegar ofannefndar samræður fóru fram. 13. nóvember 1919 staðfesti dóms- og kirkjumálaráðuneytið þessa arfleiðsluráðstöfun Jóhanns, en áður höfðu fjórir af erfingjum hans, á skiftafundi 20. júní 1919, mótmælt gildi hennar. Hinn 17. nóv. 1919 staðfestu vottarnir og hjeraðslæknirinn, í aukarjetti Vestmannaeyjakaupstaðar, arfleiðslugjörninginn og lýstu því allir yfir að arfleifandi hefði haft fult ráð og rænu, er hann gerði umrædda ráðstöfun. Eftir að skiftarjettur Vestmannaeyjakaupstaðar hafði kveðið upp úrskurð í málinu 12. febr. 1921 og sá úrskurður verið ómerktur með dómi hæstarjettar 22. júní 1921, lyktaði málinu loks með úrskurði skiftarjettarins 21. okt. 1922 á þá leið að hin gerða ráðstöfun á eignum Jóhanns Lárusar Stefánssonar Austmanns

skyldi vera ónýt. Þessum úrskurði hefir áfrýjandi, með stefnu dags. 16. júní f. á. og skírskotun til 28. sbr. 27. gr. hæstarjettarlaganna, skotið til hæstarjettar, en máli þessu hafði áður verið vísað frá hæstarjetti með dómi rjettarins 17. mars f. á.

Stefndu hafa bygt kröfu sína um ógildingu arfleiðslugjörningsins aðallega á því, að arfleifandi vegna geðbilunar hafi verið óhæfur til að ráðstafa eignum sínum eftir sinn dag. Hafa þeir í því efni vísað til fjárforræðissviftingar hans 1908 og til vitnisburða nokkurra vitna, er borið hafa að þau hafi álitið Jóhann heitinn andlegan aumingja eða fáráðling. Af hálfu áfrýjanda hafa komið fram nokkrir vitnisburðir, flestir eftir að hinn áfrýjaði úrskurður var kveðinn upp, er fara í bága við þetta, og um þá andlegu veiklun, er olli fjárræðissviftingu Jóhanns 1908, er ekkert nánara upplýst í málinu. Það verður því ekki talið, að stefndu hafi hnekt umgetnum framburði arfleiðsluvottanna og hjeraðslæknisins í aukarjettinum svo að arfleiðslugjörningurinn verði metinn ógildur af þeirri ástæðu. Af þessum sökum, og með því að líta verður svo á að vilji arfleifanda komi nægilega skýrt í ljós í gjörningnum og það að arfleifandi kvaddi eigi sjálfur vottana til, getur engin áhrif haft á gildi gjörningsins, verður að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og meta umræddan arfleiðslugjörning gildan og leggja fyrir skiftaráðandann að taka hann til greina við skifti búsins.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma erfingja þá, sem komið hafa fram sem aðilar í málinu, þau Sigurð Ólafsson, Rósu Hjartardóttur, Jón Árnason, Brynjólf Sigfússon og Árna Sigfússon, til að greiða áfrýjanda málskostnað í hæstarjetti in solidum með 200 krónum.

Skiftaráðandinn, Karl bæjarfógeti Einarsson, hafði þetta mál til úrskurðar frá 23. febrúar 1922 til 21. okt. s. á., eða nærfelt 8 mánuði, og er þessi dráttur ekki rjettlættur. Fyrir því verður að láta hann sæta sekt samkv. 17. gr. tilsk. 15. ágúst 1832. Ákveðst sektin 40 krónur og renni í fátækrasjóð Vestmannaeyjakaupstaðar.

Því dæmist rjett vera:

Arfleiðslugjörningur sá, er Jóhann Lárus Stefánsson Austmann gjörði munnlega hinn 27. janúar 1919 og skrásettur var hinn 28. janúar s. á., skal gildur metinn og ber skiftaráðandanum að taka hann til greina við skifti dánarbúsins.

Stefndu, Sigurður Ólafsson, Rósa Hjartardóttir, Jón Árnason, Brynjólfur Sigfússon, og Árni Sigfússon, greiði áfrýjanda Gísla J. Johnsen in solidum málskostnað í hæstarjetti með 200 krónum.

Skiftaráðandinn, Karl bæjarfógeti Einarsson, greiði 40 kr. sekt í fátækrasjóð Vestmannaeyjakaupstaðar.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur skiftarjettarúrskurðar 12. febr. 1921 hljóða svo:

Arfleifandi Jóhann Lárus Stefánsson Austmann, er andaðist nóttina milli 27. og 28. janúar 1919, gerði ráðstöfun er umræðir í rjettarskjali nr. 1 um eignir sínar eftir sinn dag þá munnlega,

en ráðstöfun þessi er skrásett næsta dag, og síðar staðfest fyrir skifta- og aukarjetti Vestmannaeyjakaupstaðar.

Þetta bera skjöl málsins með sjer.

Nokkrir af erfingjunum hafa vefengt ráðstöfun þessa, og telja arfleifanda ekki hafa haft frekar vitsmuni til að ráðstafa eignum sínum eftir sinn dag, en hann hafði til að stjórna þeim í lifanda lífi, en maður þessi var gjörður ómyndugur eins og skjölin bera með sjer hinn 24. nóv. 1908.

Ástæður til þess að arfleifandi var gjörður ómyndugur var andleg veiklun, sbr. rjettarskjal nr. 8 og vitsmunaskortur, sjá sama rjettarskjal.

Af því sem síðar er upplýst í máli þessu verður ekki betur sjeð en hin andlega veiklun, er gjörði það að verkum að arfleifandi var gjörður ómyndugur hafi viðvarað, og verður því að taka kröfu þeirra erfingja, er hnekkja vilja umræddri ráðstöfun eignanna, til greina.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Dómarinn tekur það fram, að hann hafi reynt að fá álit fjarverandi erfingja um atriði það sem fyrir liggur til úrskurðar, en bæði hefir álit þeirra verið sundurleitt og sumpart ekki náðst í þá alla, enda ekki kunnugt um verustað sumra þeirra.

Mál þetta liggur fyrir á svipaðan hátt og síðast er úrskurður var kveðinn upp í því og sjerstaklega hafa ástæður þeirra, sem hafa haldið ráðstöfuninni fram ekki batnað; sjerstaklega skal tekið fram um vitnisburð Eiríks Hjálmarssonar, að enda þótt hann kunni að hafa verið rjettur í alla staði frá hans sjónarmiði, þá er það notorist að arfleifandi var hjer kunnur sem fábjáni. Verður því að álítast með tilvísun til úrskurðar í málinu 12. febrúar 1921 að ekki sje ástæða til að breyta honum að neinu leyti og vísast því til hans í öllum atriðum, sem ekki eru upplýst síðan.

Hið nýja vottorð hjeraðslæknisins í Vestmannaeyjum dags. 26. maí 1921 virðist staðfesta fyrri vottorð hans í þessu máli og getur því ekki breytt úrslitum í þessu máli.

Föstudaginn 27. mars 1925.

Nr. 61/1924. **Valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Thomas Worthington (L. Fjeldsted).

Brot gegn lögunum um botnvörpuveiðar.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 17. nóv. 1924: Kærður, Thomas Worthington, sæti einföldu fangelsi í þrjá mánuði og greiði 30 þúsund króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands.

Auk þess greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Undir rekstri málsins í hæstarjetti hefir verið aflað ýmsra nýrra upplýsinga. En með því að þær geta ekki raskað niðurstöðu lögreglurjettardómsins og fallast má á forsendur hans, ber að staðfesta dóminn, þó þannig að sektin verði 24000 krónur, miðað við að krónan, samkv. skýrslu Landsbankans, jafngildir í dag 65,23 au. gulls.

Eftir þessum úrslitum verður kærði að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með taldar 300 kr. til hvors, sækjanda og verjanda, hjer í rjetti.

Því dæmist rjett vera:

Lögreglurjettardóminum skal óraskað, þó þannig að sektin sje 24000 kr.

Kærði, Thomas Worthington, greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin sóknar- og varnarlaun hæstarjettarmálflutningsmannanna Jóns

Ásbjörnssonar og Lárusar Fjeldsted, 300 kr. hvorum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Hinn 25. júlí síðastliðið sumar tóku menn í Kirkjuvogi í Höfnum eftir tveimur botnvörpuskipum, er voru að veiðum þar úti fyrir og var annað þeirra svo nærri landi, að mönnum kom saman um, að þeir hefðu aldrei sjeð botnvörpung svo nærri landi.

Mótorbáturinn „Óðinn" frá Sandgerði var þá staddur í Kirkjuvogi og var bátshöfnin beðin að athuga hver skip þessi væru.

„Óðinn" fór því í þessum tilgangi út að skipinu, sem nær var, og er hann átti eftir 30—50 faðma að skipinu, sáu bátverjar það draga bakborðs vörpuna upp úr sjónum og að breitt var fyrir öll merki og númer á skipinu sjálfu. Fór formaður bátsins þá fram á hann í þeim tilgangi að ná frá númeri hans, en vjelarmaðurinn tók við stýrinu. Þegar báturinn átti aðeins ófarna 2—4 faðma til þess að komast að skipinu, komu 6—8 menn fram að öldustokknum á því og köstuðu kolum og ýmsu drasli á þá í bátnum, svo að þeir urðu frá að hverfa. Kom eitt kolastykkið í höfuð formannsins og hljóp upp kúla undan. Setti togarinn þá á nokkra ferð svo báturinn varð fyrir aftan hann. Á bátnum voru 3 menn og sáu tveir þeirra greinilega einkennistöluna H. 345 aftan á skipsbátnum stjórnborðsmegin, en þriðji maðurinn sá greinilega tölustafina 345, en veitti bókstafnum H fyrir framan þá ekki eftirtekt. Ennfremur sáu allir 3 mennirnir bókstafinn H hvítan á bláum feldi á reykháf skipsins. Tóku bátverjar þá þar sem þeir voru miðin: „Keilir sunnan við Kirkjuvogshverfi en á Djúpið var ekkert af Reykjanesi framundan Hafnarbergi, en Reykjanesviti var að sjá rjett ofan við svokallaðan „Berghaus" á Hafnarbergi". Hafa yfirforingjar á varðskipinu „Islands Falk" ákveðið staðinn í sjókortinu og reyndist hann að vera knappa sjómílu frá landi eða rúmar tvær sjómílur innan íslenskrar landhelgi. Þegar bátverjar höfðu sjeð einkenni þessi og tekið miðin, þóttust þeir hafa lokið erindi sínu, sneru upp að norðurlandinu og ætluðu að Stafnesi en þá var togarinn kominn á fulla ferð og stefndi á þá. Sneru þeir þá stefnu að Kotvogi því þar var styst til lands.

Elti togarinn bátinn nokkra stund og dró óðum saman, svo að ekki voru orðnir nema fáir faðmar milli togarans og bátsins, er togarinn sneri aftur og kveða bátverjar hann ekki muni hafa þorað að fara nær landi vegna grynninga. Ganga bátverjar út frá því, að togarinn hafi ætlað að sigla á bátinn eða að minsta kosti að hræða þá alvarlega.

Þegar togarinn hætti að elta bátinn skrifaði formaður bátsins í vasabók sína einkenni þau á togaranum, er bátverjar höfðu sjeð, og miðin er þeir höfðu tekið. Var klukkan þá um tvö um daginn. Báturinn fór síðan að Stafnesi og þaðan heim til Sandgerðis og skrásettu og undirrituðu bátverjar skýrslu um atburðinn og staðfestu hana og unnu eið að henni í lögreglurjetti Kjósar- og Gullbringusýslu daginn eftir. Útskrift af rjettarhaldi þessu var svo sent varðskipinu „Islands Falk" með brjefi dómsmálaráðuneytisins dags. 20. ágúst þ. á., en varðskipið tók b/v. H 345 „Earl Kitchener", skipstjóri Thomas Worthington, fastan 12. þ. m., kom með hann hingað til bæjarins og er mál þetta höfðað gegn skipstjóranum fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 5 frá 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum.

Kærður hefir neitað því eindregið og ákveðið, að hann hafi verið að veiðum útaf Kirkjuvogi 25. júlí þ. á. og haldið því fram, að skip það, er m/b. „Óðinn" átti við, hafi verið annað skip en hans.

Hann hefir haldið því fram, að eftir að hann hafði verið dæmdur í lögreglurjetti Vestmannaeyja 18. júlí þ. á. fyrir brot gegn 1. gr. ofangreindra laga í 10000 gullkróna sekt og afli og veiðarfæri skips hans hafi verið gjört upptækt, hafi hann 20. júlí farið til Hafnarfjarðar til að fá ís og kol. Um miðjan næsta dag, hafi hann farið út á veiðar og verið að veiðum fyrir austan Garðskaga 5—6 sjómílur útaf Útskálum óslitið þar til hann fór aftur inn til Hafnarfjarðar um hádegisbil laugardaginn 26. júlí til þess að fá kol til heimferðar.

Bátverjar á m/b. „Óðni", þeir Hjörtur Björgvin Helgason, bóndi á Klöpp við Sandgerði, Guðmundur Benediktsson, bóndi á Lambastöðum á Miðnesi og Egill Pálsson, bóndi á Norður-Flankastöðum á Miðnesi, hafa allir mætt sem vitni hjer í rjettinum í þessu máli og staðið fast við framburð sinn í öllum greinum. Þeir hafa lýst skipi því er þeir áttu við 25. júlí í ár svo nákvæmlega, sem þeim hefir verið unt og lýsing þeirra komið heim við „Earl Kitchener" það sem hún hefir náð. Þeir hafa borið, að

þeim sýnist skipsbátur sá, er þeir sjerstaklega veittu eftirtekt í júlí líta út fyrir að hafa verið málaður síðan, og tveir málarar, sem rjetturinn hefir fengið til að skoða bátinn á „Earl Kitchener“ hafa látið í ljósi það álit sitt, að báturinn hafi verið málaður eða að minsta kosti lakkeraður á síðustu þrem mánuðum. Vitnin hafa öll skoðað „Earl Kitchener“ hjer í höfninni og kveða hann alveg eins og skip það, er þeir áttu við 25. júlí þ. á. og það er sannfæring þeirra allra eftir skoðunina, að „Earl Kitchener“ sje sama skipið.

Allan framburð sinn í málinu hafa vitnin staðfest með eiði.

Á „Earl Kitchener“ eru nú auk kærðs aðeins 2 af mönnum þeim, sem á þilfarinu vinna, hinir sömu og voru þar í júlí. Þessir menn, svo og vjelstjórar og bryti, hafa verið yfirheyrðir og eiðfestir sem vitni í málinu.

Á framburði þeirra um það, hvar skipið hafi verið að veiðum 25. júlí þ. á. er ekki hægt að byggja neitt. Hann er svo óákveðinn í því tilliti.

Þeir hafa og allir borið það, að „þeir viti ekki til“ að báturinn hafi komið úr landi á hinu umrædda tímabili, til þess að reyna að ná nafni og númeri skipsins, og brytinn hefir borið að hann viti ekki til, að nokkru sinni hafi verið breitt fyrir nafn og númer á „Earl Kitchener“ og býst þó við að hann myndi hafa sjeð það af stjórnpalli, ef svo hefði verið gjört. Samt sem áður er það upplýst, að skipið hafði breitt fyrir nafn og númer er það var tekið við veiðar 1,5 sjómílu innan landhelginnar við Vestmannaeyjar 17. júlí þ. á. (sbr. rjettarskjal nr. 3).

Eftir XI. gr. í auglýsingu nr. 3 frá 28. mars 1903 eiga öll bresk fiskiskip, sem fiskiveiðar stunda hjer við land, að hafa sömu bókstafi og tölur á bátum sínum og skipunum sjálfum. Á því að mega byggja á því, að skip það, er m/b. „Óðinn“ átti við 25. júlí þ. á. hafi verið merkt eins og báturinn þess, eða H 345, en það er einmitt einkennistala skips kærðs.

Með framangreindum framburði vitnanna Hjartar B. Helgasonar, Guðna Benediktssonar og Egils Pálssonar í þessu máli í sambandi við annað, sem í því er upplýst, verður rjetturinn að telja það fullsannað, að kærður hafi verið að veiðum innan íslenskrar landhelgi 25. júlí þ. á. og þar með gjörst brotlegur gegn 1. gr. framangreindra laga. Þykir refsing sú, er hann hefir til unnið fyrir það eftir 3. og 5. gr. þeirra með tilliti til þess, að hann var nýdæmdur fyrir samskonar brot og til framferðis hans

gagnvart m/b. „Óðni“, hæfilega ákveðin þriggja mánaða einfalt fangelsi og — með tilliti til þess, að gengi á íslenskri krónu í dag gagnvart gullkrónu, er eftir upplýsingum frá stjórn landsbankans, 100 íslenskar krónur jafngilda 60,37 gullkrónum — þrjátíu þúsund króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands. Ennfremur ber kærðum að greiða allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Kærður sat í gæsluvarðhaldi frá 12.—15. þ. m.

Á rekstri málsins hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Mánudaginn 30. mars 1925.

Nr. 69/1924. **Lyder Höydahl**
gegn
Þórhalli Sæmundssyni.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Lyder Höydal, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Föstudaginn 3. apríl 1925.

Nr. 46/1924. **Lárus Fjeldsted f. h. eigenda og vátryggjenda „Ludolf Eide“** (Sjálfur)
gegn
H/f. „Sleipnir“ (Bjarni Þ. Johnson).

Upphæð björgunarlauna.

Dómur sjódóms Reykjavíkur 10. maí 1924: Stefndur, Lárus Fjeldsted f. h. eigenda og vátryggjenda skipsins „Ludolf Eide“ A.E. 387, greiði stefnanda H/f. „Sleipni“, kr. 6000,00 með 6 % ársvöxtum frá 2. okt. 1923 til greiðsludags, og hafi stefn-

andi sjóveðrjett í skipinu til tryggingar upphæðum þessum. Í málskostnað greiði stefndur stefndanda kr. 100,00.

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Hjer fyrir rjettinum er það upplýst, að sjóferðaprófunum á Siglufirði út af björguninni var lokið um kl. 6 að kvöldi samdægurs og skipin höfnuðu sig þar og hefir því töf »Gulltopps« alls útaf björguninni eigi verið meiri en rúmur $^1/_2$ sólarhringur, og er ekkert það upplýst í málinu, er geri það sennilegt, að töf þessi hafi valdið bjargendum aflamissis.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti samkvæmt ástæðum hins áfrýjaða sjórjettardóms þykir hæfilegt að ákveða björgunarlaunin 4000 kr. og ber að staðfesta dóminn með þessari breytingu á upphæð björgunarlaunanna.

Eftir atvikum þykir rjett að málskostnaður fyrir hæstarjetti falli niður.

Því dæmist rjett vera:

Dómi sjórjettarins skal óraskað, þó þannig að björgunarlaunin ákveðast 4000 kr.

Málskostnaður fyrir hæstarjetti fellur niður.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Miðvikudaginn 15. ágúst 1923 kl. um 5 árdegis var skip stefnanda, botnvörpungurinn „Gulltoppur“, sem þá stundaði síldveiðar frá Siglufirði, statt undan Lambanesi. Sáu þá skipverjar skip nokkurt nálægt 2 sjómílur undan nesinu og hafði það fána

í hálfa stöng og bljes gufupípuna í sífellu. Hjelt „Gulltoppur“ þegar til skipsins, er reyndist vera „Ludolf Eide“ E.A. 387 og fengið hafði nótarkaðalinn um skrúfuhausinn, og bað skipið „Gulltopp“ að draga sig inn til Siglufjarðar. Gerði „Gulltopur“ það án þess að um laun fyrir það yrði samið. Komust skipin bæði heilu og höldnu til Siglufjarðar um kl. 7 um morguninn. Útaf þessu hefir mál þetta verið höfðað og verið rekið fyrir sjódómi Reykjavíkur eftir samkomulagi málsaðilja. Af hálfu stefnanda hefir þess verið krafist, *að* stefndur Lárus Fjeldsted f. h. eigenda og vátryggjenda „Ludolf Eide“ verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 12000,00 með 6 % ársvöxtum frá 15. ágúst 1923, *að* viðurkendur verði sjóveðrjettur í skipinu fyrir upphæðum þessum, *að* stefnanda verði heimilaður rjettur til að gera fjárnám í skipinu fyrir framangreindum upphæðum og loks *að* honum verði dæmur málskostnaður að skaðlausu eftir mati dómsins. Af hálfu varnaraðilja hefir verið krafist aðalega sýknunar af öllum kröfum stefnanda gegn greiðslu einhverrar þóknunar fyrir *aðstoð*, en til vara, ef *björgun* yrði metin, sýknu gegn greiðslu kr. 700,00 vaxtalaust og falli málskostnaður niður.

Eins og fyr segir hafði nótarkaðallinn vafist um skrúfuhaus skipsins, svo vjelina mátti ekki hreyfa. Stormur var nokkur af norðri og sjógangur allmikill. Töldu skipverjar skipið statt í háska og gáfu „Gulltoppi“ því neyðarbendingu. Telur skipstjórinn á „Ludolf Eide“ að skipi hans hefði verið brýn hætta búin ef hann hefði mist af „Gulltoppi“, enda fullyrða skipverjar á því skipi, að „Ludolf Eide“ hefði strandað bráðlega, ef ekki hefði komið hjálp. Segja þeir að botn sje þar grýttur og hefði skipið ekki getað haldist þar lengi við, fyrir akkerum. Skipstjórinn á „Ludolf Eide“ virðist hafa litið svipað á þetta atriði, eins og einnig má ráða af ummælum hans um háska þann er skip hans hafi verið í statt. Telur skipstjórinn á „Ludolf Eide“ ekki hafa verið vogandi að eyða tíma til að gera frekari tilraunir til að hreyfa vjelina, því að þá hefði hann mist af „Gulltoppi“, og því verið í sömu hættunni, ef tilraunir hefðu mistekist, sem hann virðist öllu heldur hafa búist við. Gulltopps-menn telja skipshöfn á „Ludolf Eide“ einnig hafa verið í háska, því að þeir myndu ekki hafa getað komist þangað í bátnum sem lendandi væri. En skipverjar á „Ludolf Eide“ ætla þó, að þess mundi hafa verið kostur.

Samkvæmt þessum atvikum, er nú hefir verið lýst, verður

að telja skipið „Ludolf Eide“ hafa verið í hættu statt og athöfn „Gulltopps“ því björgun samkv. 10. kap. siglingalaganna. En þegar bæði er tekið tillit til þess *að* „Gulltoppur“ eða skipshöfn hans er í enga hættu lagður vegna björgunarinnar, *að* drátturinn tók ekki nema hjer um bil 2 klukkustundir, *að* verðmæti hins bjargaða virðist ekki hafa farið fram úr kr. 30000,00, og *að* töf „Gulltopps“ verður alls um sólarhring frá síldveiðum um há veiðitímann, þykja björgunarlaunin hæfilega ákveðin kr. 6000,00 og ber að dæma stefnanda þá upphæð með 6 % ársvöxtum frá 2. okt. 1923 til greiðsludags, enda hafi stefnandi sjóveðrjett í skipinu samkvæmt 236. gr. siglingalaganna til tryggingar þeim upphæðum.

Eftir þessum úrslitum þykir rjett að dæma stefndan til að greiða stefnanda málskostnað er ákveðst kr. 100,00.

Mánudaginn 20. apríl 1925.

Nr. 33/1924. **Björn P. Kalman f. h. lögerfingja Jóns Helgasonar** (Sjálfur)

gegn

skiftaráðanda Reykjavíkur f. h. dánarbús Jóns Helgasonar og Margrjetar Þorláksdóttur o. fl.

(Guðm. Ólafsson, Pjetur Magnússon, Lárus Jóhannesson).

Frávísunardómur.

Úrskurður skiftarjettar Reykjavíkur 17. maí 1924: Erfðaskrárnar frá 27. apríl 1906, 28. júní 1909 og 19. apríl 1913 verða ekki teknar til greina. — Erfingjar þeir, sem taldir eru í erfðaskrá Jóns sál. Helgasonar frá 24. apríl 1922 skulu erfa eftirlátnar eigur hans í hlutföllum þeim, er sú erfðaskrá greinir. — Erfð eftirlátinna eigna Margrjetar sál. Þorláksdóttur hverfur til erfingja hennar að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Mál þetta hefir verið flutt skriflega samkvæmt 38. gr. hæstarjettarlaganna, tölul. 1.

Við opinber skifti á dánar- og fjelagsbúi hjónanna Jóns Helgasonar, kaupmanns í Reykjavík, og Margrjetar Þorláksdóttur kom það í ljós, að þau, sem ekki áttu arfgengt afkvæmi, höfðu gjört sameiginlega erfðaskrá þ. 27. apríl 1906 og ennfremur að Jón Helgason hafði að konu sinni látinni gjört þrjár aðrar erfðaskrár 28. júní 1909, 19. apríl 1913 og 24. apríl 1922. Útaf erfðaskrám þessum öllum reis ágreiningur um það hverjir ættu arftökurjett í búinu. Af hálfu áfrýjanda máls þessa, lögerfingja Jóns Helgasonar, var mótmælt fyrir skiftarjettinum gildi allra þessara erfðaskráa og sömuleiðis mótmælt erfðarjetti lögerfingja Margrjetar Þorláksdóttur, en þess krafist að skiftarjetturinn úrskurðaði lögerfingjum Jóns Helgasonar einum erfðarjett að öllum eignum fjelagsbúsins. Þann 17. maí f. á. gekk úrskurður skiftarjettar Reykjavíkur um ágreiningsmál þessi á þá leið, að erfingjar þeir, sem taldir eru í síðustu erfðaskrá Jóns Helgasonar 24. apríl 1922 skyldu erfa eftirlátnar eigur hans í hlutföllum þeim, er erfðaskráin greinir, en að erfð eftirlátinna eigna Margrjetar Þorláksdóttur skyldi hverfa til lögerfingja hennar.

Þessum úrskurði hefir af hálfu lögerfingja Jóns Helgasonar verið skotið til hæstarjettar með stefnu dags. 12. júlí f. á. og þess krafist að úrskurðurinn verði úr gildi feldur og að áfrýjendum verði dæmdur erfðarjettur að öllum skuldlausum eignum nefnds fjelagsbús. Málskostnaðar fyrir hæstarjetti hefir og verið krafist af hendi áfrýjanda.

Kröfum áfrýjanda fyrir skiftarjettinum var þar mótmælt bæði af lögerfingjum Margrjetar Þorláksdóttur og þeim, er gjörðu tilkall til erfða samkvæmt fyrnefndum erfðaskrám og komu þeir allir fram sem málsaðilar við meðferð málsins fyrir skiftarjettinum.

Samkvæmt ákvæðum laga nr. 19, 2. okt. 1895 bar því að stefna, auk skiftaráðandans fyrir búsins hönd, öllum þeim, er gjört höfðu tilkall til arfs fyrir skiftarjettinum og búsettir voru hjer á landi. En þetta hefir ekki verið gjört. Engum þessara arfkrefjenda hefir verið stefnt, heldur umboðsmönnum þeim, er mættu fyrir þeirra hönd í skiftarjettinum, þeim Einari Arnórssyni prófessor, hæstarjettarmálaflutningsmönnunum Guðmundi Ólafssyni og Pjetri Magnússyni, stjórnarráðsfulltrúa Páli Pálmasyni og atvinnumálaráðherra Magnúsi Guðmundssyni, og verður þó ekki sjeð af skiftagjörðunum að þeir hafi fengið umboð til að taka á móti áfrýjunarstefnu.

Fyrir þessa skuld og með því að skiftaráðandi fyrir dánarbúsins hönd og tveir hinna stefndu umboðsmanna hafa hvorki mætt nje látið mæta í málinu við flutning þess í hæstarjetti, verður ex officio að frávísa því. Og verður þá að dæma áfrýjanda til að greiða þeim hinna stefndu, er mætt hafa í málinu, atvinnumálaráðherra Magnúsi Guðmundssyni, og hæstarjettarmálaflutningsmönnunum Guðmundi Ólafssyni og Pjetri Magnússyni, málskostnað í hæstarjetti og ákveðst hann 100 kr. handa hverjum þeirra.

Því dæmist rjett vera:

Máli þessu vísast frá hæstarjetti.

Áfrýjandi Björn P. Kalman f. h. lögerfingja Jóns Helgasonar greiði atvinnumálaráðherra Magnúsi Guðmundssyni, hæstarjettarmálflutningsmanni Guðmundi Ólafssyni og hæstarjettarmálflutningsmanni Pjetri Magnússyni málskostnað

fyrir hæstarjetti, 100 kr. hverjum þeirra að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 24. apríl 1925.

Nr. 3/1924. **Tómas Jónsson** (Pjetur Magnússon)
gegn
Jóni Ásbjörnssyni f. h. Carl F. Jensen (Sjálfur).

Útaf greiðslu eftirstöðva kartöfluandvirðis.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. febr. 1923: Stefndur, Tómas Jónsson, greiði stefnandanum, Jóni Ásbjörnssyni f. h. firmans Carl F. Jensen, kr. 3320,92 ásamt 6 % ársvöxtum frá 27. september 1921 til greiðsludags og 75 krónur upp í málskostnað innan 15 daga frá löglbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Samkvæmt ástæðum hins áfrýjaða dóms og með því að gögn þau, er aflað hefir verið undir áfrýjun málsins, eigi geta haggað niðurstöðu dómsins, ber að staðfesta hann.

Samkvæmt þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað í hæstarjetti með 300 krónum.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað.

Áfrýjandi, Tómas Jónsson, greiði stefnda, Jóni Ásbjörnssyni f. h. Carl F. Jensen, málskostnað í hæstarjetti með 300 krónum, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitan höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 16. febrúar f. á. af Jóni Ásbjörnssyni, hrjm. f. h. firmans Carl F. Jensen, Kaupmannahöfn, gegn Tómasi Jónssyni, kaupmanni, Laugaveg 32 hjer í bænum, til greiðslu á kr. 3320,92 með 6 % ársvöxtum frá 1. janúar 1921 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu eftir mati rjettarins.

Stefndur hefir krafist sýknunar af kröfum stefnanda í málinu og hæfilegs málskostnaðar hjá honum eftir mati rjettarins.

Málavextir eru þeir, að í septembermánuði 1920 pantaði stefndur 450 sekki af kartöflum frá Niels Henningsen í Kaupmannahöfn fyrir milligöngu umboðsmanns hans, Hans Nielsen, sem hjer var staddur, og var svo umsamið, að andvirði þeirra, skyldi greiðast með andvirði dilkakjöts, er stefndur sendi nafngreindum manni í Kaupmannahöfn til sölu. Kartöflur þessar voru sendar frá Kaupmannahöfn með e/s. Ísland 24. september 1920 og kostuðu hingað komnar kr. 8077,00. Fylgdi þeim reikningur frá firmanu Carl F. Jensen og er á honum tekið fram að þær sjeu sendar eftir pöntun Henningsen og sömuleiðis brjef og er í því sagt, að firmað vænti greiðslu á andvirði hins senda frá stefndum. 24. september 1920 sendi Henningsen stefndum símskeyti þess efnis að kartöflurnar væru sendar og bað hann að ávísa firmanu Carl F. Jensen borgunina fyrir þær og 20. s. m. skrifaði Henningsen stefndum og skýrði honum frá því, að hann væri í samvinnu við hið nefnda firma og væru kartöflurnar frá því. Biður hann stefndan að ávísa því borguninni og að tilkynna því að hann samþykti það fyrirkomulag. Stefndur gaf síðan kjötsölumanni sínum fyrirskipun um að greiða andvirði kjötsins til firmans Carl F. Jensen og gjörði hann það, en kjötið seldist ekki fyrir nema 3244 krónur og var sú upphæð greidd firmanu. Ekki tilkynti stefndur firmanu að hann tæki að sjer að borga því kartöflurnar og ekki Henningsen, að því er sjeð verður, en heldur ekki að hann ætlaði sjer ekki að borga firmanu. Hinn 20. október 1920 fjekk stefndur svohljóðandi símskeyti frá Henningsen: „Restbelöbet Kartofler 4823 Kr. bedes anvist hurtigst". Þegar stefndur fjekk þetta símskeyti kveður hann Hans Nielsen, umboðsmann Henningsen, hafa enn verið hjer staddan en á förum til Kaupmannahafnar og vegna þess, að ekki hafi verið hægt að fá bankana til að yfirfæra peninga, hafi hann greitt Nielsen hjer eftirstöðvarnar af kartöfluverðinu og hann lofað að gjöra upp við

Henningsen. Telur stefndur sjer hafa verið heimilt að borga kartöflurnar til umboðsmanns Henningsens, því frá honum hafi hann pantað þær og aldrei tekist á hendur neina greiðsluskyldu gagnvart firmanu Carl F. Jensen og byggir sýknukröfu sína í málinu á þessu.

Það sjest nú á reikningi firmans Carl F. Jensen til stefnds, sem lagður hefir verið fram í málinu, að Nielsen þessi hefir greitt firmanu upp í kartöfluandvirðið kr. 1714,67 hinn 3. nóvember 1920 og stefnandi hefir mótmælt því, að stefndur hafi greitt meira til Nielsen og stefndur ekki fært sönnur á það.

Þar sem stefndur, er veitti kartöflunum móttöku, vissi að þær voru frá firmanu Carl F. Jensen og að þeim fylgdi krafa um borgun til þess, er hann ekki mótmælti á nokkurn hátt, þar sem maður sá, er hann hafði pantað kartöflurnar frá hafði tilkynnt honum, að þær væru frá firmanu og beðið hann að ávísa því borgun fyrir þær og þar sem hann greiddi nokkurn hluta andvirðisins til firmans, verður rjetturinn að líta svo á, að hann gagnvart firmanu hafi komið þannig fram, að honum sje skylt að sjá því fyrir borgun á öllu andvirðinu og verði að greiða hina umstefndu upphæð úr því að hann hefir ekki fært sönnur á að hún sje þegar greidd, því greiðsla stefnds til Hans Nielsen getur ekki hafa leyst hann frá greiðslu hans gegn firmanu Carl F. Jensen, þótt fram hafi farið, að svo miklu leyti, sem hún gekk ekki til þess upp í kartöfluandvirðið. Hinsvegar verða vextir af hinni umstefndu upphæð ekki tildæmdir frá fyrri tíma en 27. september 1921 því rjettarskjal nr. 3 ber það með sjer að vextir til þessa dags af kartöfluandvirðinu eru taldir með í hinni umstefndu upphæð.

Eftir þessum úrslitum þykir rjett að stefndur greiði stefnanda 75 krónur upp í málskostnað.

Mánudaginn 27 apríl 1925.

Nr 36/1924. **Karl & Jóhann** (B. P. Kalman)
gegn
bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar (Guðm. Ólafsson).

Um útsvarsskyldu.

Úrskurður fógetarjettar Ísafjarðar 22. febr. f. á. Hið umbeðna lögtak á fram að fara.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstarjettar með stefnu dags. 26. júlí f. á. samkvæmt áfrýjunarleyfi dags. sama dag.

Útsvarsupphæð sú, er hin stefnda bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefir krafið áfrýjanda um, er alls 1625 kr. og er upphæð þessi á útsvarsreikningi bæjarstjórnarinnar til áfrýjanda sundurliðuð þannig, að 600 kr. eru aukaútsvar v/s. »Freyja«, 525 kr. aukaútsvar v/s. »Frigg« og 500 kr. aukaútsvar v/s. »Sjöfn«, en öll þessi skip eru eign áfrýjanda og stunduðu síldveiðar frá Siglufirði sumarið 1923.

Það er upplýst og viðurkent í málinu, að áfrýjandi gjörði skipin »Frigg« og »Freyja« út á síldveiðar frá Siglufirði allan veiðitímann eða frá 22. júlí til 5. sept. 1923 og að þau lögðu allan aflann þar á land og höfðu bækistöðu sína þar að öllu leyti Ennfremur að einn meðeigandi firmans Karl & Jóhann, er var staddur á Siglufirði um síldveiðitímann, seldi *þar* í samráði við meðeigendur sína á Ísafirði nokkurn hluta af afla skipanna, en nokkur hluti aflans hafði verið seldur áður en veiði byrjaði, með símasamningi frá Ísafirði. Samkvæmt l. nr. 58. 28. nóv. 1919,

19. gr. 3ju málsgr., var heimilt að gjöra áfrýjanda að greiða aukaútsvar til Siglufjarðarkaupstaðar af þessum atvinnurekstri og ber því að staðfesta fógetarjettarúrskurðinn að því er snertir 1125 kr. af útsvarsupphæðinni.

Um skipið »Sjöfn« er það hinsvegar upplýst — að nokkru leyti með nýjum gögnum, sem lögð hafa verið fram í hæstarjetti — að áfrýjandi hefir áður en síldveiðarnar byrjuðu leigt útgerðarmanni einum skipið með veiðarfærum allan síldveiðitímann og voru skilmálar þeir, að áfrýjandi skyldi fá í leigu ákveðinn hundraðshluta af veiði skipsins og að leigutaki skyldi ábyrgjast áfrýjanda fyrirfram ákveðið verð fyrir hvert mál síldar af aflanum og leigan greiðast »eftir hver 500 mál landskipuð«. Hefir umboðsmaður áfrýjanda haldið því fram hjer fyrir rjettinum, að leigutaki skipsins hafi gert skipið út að öllu leyti á sinn kostnað og greitt áfrýjanda leiguna í peningum, með því verði á aflanum, sem ákveðið var í leigusamningnum. Þessari skýrslu hefir ekki verið hnekt og verður því að ganga út frá, að leigutaki skipsins hafi einn verið útgerðarmaður þess á síldveiðarnar og átt aflann og er þá ekki í lögum nr. 58, 28. nóv. 1919, 19. gr. 3ju málsgr. heimild til að gjöra áfrýjanda að greiða aukaútsvar til Siglufjarðarkaupstaðar af veiði skipsins eða sölu aflans. Og með því að heldur ekki var heimilt að leggja aukaútsvar til Siglufjarðarkaupstaðar á leigutekjur áfrýjanda af skipinu ber að fella lögtaksúrskurðinn úr gildi að því er snertir 500 kr. eða þann hluta útsvarsupphæðarinnar, sem áfrýjanda var gjört að greiða fyrir v/s. »Sjöfn«.

Eftir þessum úrslitum þykir rjett að málskostnaður fyrir hæstarjetti falli niður.

Því dæmist rjett vera:

Skiftarjettarúrskurðurinn staðfestist að því er snertir 1125 kr., en skal að öðru leyti vera ógildur.

Málskostnaður fyrir hæstarjetti falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Í máli þessu hefir bæjarstjórn Siglufjarðar krafist lögtaks á 1625 kr. aukaútsvari, er lagt hefir verið á 3 mótorskip firmans Karl & Jóhann, hjer í bænum, nefnilega 600 kr. á v/s. „Freyju", 500 kr. á v/s. „Sjöfn" og 525 kr. á v/s. „Frigg", í tjeðum kaupstað fyrir árið 1923.

Byggir gjörðarbeiðandi heimildina til útsvarsálagningar þessarar á því að tjeð skip gjörðarþola hafi stundað síldarveiði á Siglufirði síðastliðið sumar í fullar 4 vikur og haft þar bækistöð í 5 vikur.

Gjörðarþoli mótmælir aftur á móti lögtakinu og heldur því fram, að skipin „Freyja" og „Frigg" sjeu eigi útsvarsskyld, en skipið „Sjöfn" hafi verið leigð öðrum gegn 36 % leigu af afla þess og sje það því leigutaki en ekki gjörðarþoli er gjalda beri útsvarið.

Það er viðurkent í málinu, að greind skip stunduðu síldarveiði frá Siglufirði síðastliðið sumar í fullar 4 vikur og að þau höfðu bækistöð þar í 5 vikur.

Að vísu er það upplýst í málinu að mikill hluti aflans af skipunum „Freyju og „Frigg" hafði verið seldur fyrirfram, símleiðis hjeðan, en afgangurinn að miklu leyti á þann hátt, að einn meðeigandi firmans, gjörðarþola, er dvaldi mikið af úthaldstímanum á Siglufirði, fjekk samþykki meðeigenda sinna til sölunnar, er þannig fór fram frá Siglufirði. En þó að síldinni væri þannig að miklu leyti ráðstafað hjeðan fyrirfram, þá getur það þó eigi talist fullkomin sala fyr en síldin er veidd og afhent, en hvorttveggja virðist hafa farið fram frá Siglufirði.

Að því er skipið „Sjöfn" snertir, þá virðist það upplýst í málinu, að gjörðarþoli tók á móti leigunni, 36 % af afla skipsins á Siglufirði og ráðstafaði honum þar, og það er ómótmælt í mál-

inu, að gjörðarbeiðandi lagði umgetnar 500 kr. í aukaútsvar á þennan hluta af afla skipsins.

Rjetturinn lítur því svo á, að það sje nægilega upplýst í málinu, að framangreind skip gjörðarþola hafi stundað síldarveiði á Siglufirði, síðastliðið sumar, fullar 4 vikur og að hjer sje því um síldarveiði að ræða er gjörðarbeiðandi hafi haft heimild til að jafna á aukaútsvari sbr. l. nr. 58, 28. nóv. 1919, 19. gr. 3ju málsgrein. Verður útsvarsálagning sú er hjer hefir átt sjer stað að teljast lögleg og útsvarið að taka lögtaki.

Miðvikudaginn 29. apríl 1925.

Nr. 37/1925. **Sigurður Þorvarðsson** (B. P. Kalman)
gegn
Hreppsnefnd Súðavíkurhrepps
(Jón Ásbjörnsson).

Um útsvarsskyldu.

Úrskurður fógetarjettar Ísafjarðar 31. mars f. á. Umbeðið lögtak á fram að fara.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu hefir áfrýjandi skotið til hæstarjettar með stefnu útg. 26. júlí f. á., að fengnu áfrýjunarleyfi dags. s. d.

Það er upplýst í málinu, að áfrýjandi hefir nokkur ár átt á Langeyri í Súðavíkurhreppi hús ásamt lóð, fiskverkunarreitum, og tveimur bryggjum, að sum skipa þeirra, er hann hefir látið stunda þaðan fiskveiðar, eru skrásett að eiga heima þar, og að áfrýjandi hefir rekið þar árið 1923 fiskveiðar, fiskverkun, síldarbræðslu og lifrarbræðslu og verslun. Áfrýjandi hefir því haft, árið sem útsvar það, er í þessu máli greinir, var á hann lagt, heimilisfasta atvinnustofn-

un á Langeyri og var því heimilt að leggja á atvinnurekstur hans þar aukaútsvar til Súðavíkurhrepps árið 1923 samkvæmt 1. málsgr. 1. gr. laga nr. 29, 19. júní 1922.

Aðrar mótbárur áfrýjanda, þær er taldar eru í hinum áfrýjaða fógetaúrskurði gegn útsvarsálagningunni, varða útsvarsupphæðina, og koma því ekki til álita í þessu máli.

Samkvæmt framanskráðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð. Eftir þessum málalokum þykir rjett að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti, og er hann ákveðinn 200 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða úrskurði skal óraskað. Áfrýjandi, Sigurður Þorvarðsson, greiði stefndu, hreppsnefnd Súðavíkurhrepps, 200 krónur í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Haustið 1923 jafnaði hreppsnefnd Súðavíkurhrepps 5000 kr. aukaútsvari á Sigurð Þorvarðsson kaupmann í Hnífsdal, á útgerð hans og atvinnurekstur á Langeyri í Álftafirði í Súðavíkurhreppi fyrir fardagaárið 1923—24. En þareð gjörðarþoli neitaði gagngert að hann væri útsvarsskyldur í Súðavíkurhreppi hefir gjörðarbeiðandi krafist lögtaks á útsvarinu.

Gjörðarþoli er kaupmaður og útgerðarmaður og á lögheimili í Hnífsdal í Eyrarhreppi. En veturinn 1915—16 keypti hann helming íbúðarhúss og lóðar, er fyrverandi hvalveiðastöð hafði átt á Langeyri og árið eftir keypti hann hinn hluta eignarinnar. Síðan hefir gjörðarþoli haft þar útgerð að meira eða minna leyti og greitt árlega útsvar til Súðavíkurhrepps þar til síðastliðið haust að hann neitaði að vera þar útsvarsskyldur eins og fyr segir.

Neitun sína byggir gjörðarþoli á því, að hann sem er búsettur í Eyrarhreppi og greiði þar aukaútsvar sje undanþeginn út-

svari í Súðavíkurhreppi samkvæmt lögum nr. 29, 1922, 1. gr., 5. málsgr., er banni að leggja aukaútsvar á útvegsmenn í öðrum hreppi í sama sýslufjelagi eða við sama fjörð eða flóa, sem útræðið er, ef á þá er lagt útsvar í sveitarfjelagi þeirra. En um það er enginn ágreiningur í málinu að gjörðarþoli greiði aukaútsvar í Eyrarhreppi.

Í síðara varnarskjali sínu hjer fyrir rjettinum hefir gjörðarþoli haldið því fram að hann sje einungis meðeigandi vjelarbáta þeirra, sem riðnir eru við útgerðina og hefði þar af leiðandi átt að jafna útsvariuu á bátana. En þareð gjörðarþoli hefir engum mótmælum hreyft út af þessu, hvorki í brjefi því er hann ritaði gjörðarbeiðanda 9. nóv. f. á. þar sem hann mótmælir útsvarsskyldu sinni, nje heldur í fyrsta varnarskjali sínu hjer fyrir rjettinum verður þessi mótbára eigi til greina tekin, enda hefir því verið eindregið mótmælt af gjörðarbeiðanda að aðrir en gjörðarþoli einn sje eigandi útgerðarinnar eða eigi að teljast fyrir henni fremur nú en að undanförnu.

Þá hefir gjörðarþoli einnig í síðara varnarskjali sínu hjer fyrir rjettinum haldið því fram að útsvarsálagningin í heild sinni sje ólögmæt þareð niðurjöfnunin hafi farið fram án þess að fyrir hendi væri lögformleg áætlun um tekjur og gjöld hreppsins. En gegn eindregnum mótmælum gjörðarbeiðanda er þetta eigi sannað í málinu, og verður því eigi til greina tekið.

Í málinu er einungis spurning um útsvarsskyldu gjörðarþola, enda er spurningin um fjárhæð útsvarsins eigi dómstólamál.

Það er engin ágreiningur um það í málinu, og síðastliðið ár stundaði gjörðarþoli útgerð síldar og þorskveiða á Langeyri á 4 eða 5 vjelbátum, er eiga heima þar, að skipin lögðu upp afla sinn á Langeyri, að hann var verkaður þar og að gjörðarþoli hafði og hefir þar lýsisbræðslu og síldarbræðslu. Ennfremur hafa 38 menn í Súðavíkurhreppi vottað undir eyðstilboð í skjali dags. 12. mars þ. á. að gjörðarþoli hafi haft sjerstakt herbergi á Langeyri þar sem hann hafði ýmsar vörur til sölu, að hann hafi rekið fiskkaup í stórum stíl, brætt 2000—3000 tunnur síldar og selt beitusíld. Gjörðarþoli hefir að vísu mótmælt skjali þessu og vottorðsgefendum eigi gefist kostur á að staðfesta vottorðið. En hins vegar er það kunnugt hjer í nágrenninu, að síðastliðið ár, hefir gjörðarþoli keypt fisk til verkunar á Langeyri, að hann á þar 2 skipabryggjur, fisktöku- og fiskgeymsluhús og fiskreita

er hann notar við atvinnurekstur sinn auk íbúðarhússins, og að hann rekur þar síldarbræðslu og lýsisbræðslu eins og áður segir.

Að rjettarins áliti er hjer um arðsama atvinnu að ræða, er gjörðarbeiðanda var heimilt að jafna á aukaútsvari sbr. lög nr. 29, 19. júní 1922, 1. gr., 2. málsgr.

Undanþága tjeðra laga í 1. gr., 5. málsgr., kemur hjer eigi til greina sbr. Landsyfirjettardóm 13. nóv. 1916.

Miðvikudaginn 29. apríl 1925.

Nr. 2/1925. **Ólöf Benediktsdóttir**
gegn
Guðmundi Ólafssyni og Pjetri Magnússyni.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ólöf Benediktsdóttir, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hún af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti. — Svo greiði hún og stefndu, Guðmundi Ólafssyni og Pjetri Magnússyni, er látið hafa mæta í málinu, 40 kr. í ómaksbætur, að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 1. maí 1925.

Nr. 7/1925 **Valdstjórnin** (Lárus Jóhannesson)
gegn
Páli Stefánssyni, Jóni Guðmundssyni (Sveinn Björnsson), **Sigurjóni Jónssyni, Ingimundi Ögmundssyni og Ingjaldi Jónssyni** (Pjetur Magnússon).

Brot á aðflutningsbannlögunum.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 31. desbr. 1924: Kærður Páll Stefánsson greiði 1000 króna sekt til ríkissjóðs og sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 40 daga.

Kærður Jón Guðmundsson greiði 1000 króna sekt í ríkissjóð og sæti samskonar fangelsi í 20 daga.

Kærðir Sigurjón Jónsson, Ingimundur Ögmundsson og Ingjaldur Jónsson sæti sektum, hinn fyrstnefndi 1000 króna en hvor hinna 600 króna, til ríkissjóðs.

Hið ólöglega innflutta áfengi skal upptækt og eign ríkissjóðs.

Allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað greiði kærðir einn fyrir alla og allir fyrir einn.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Samkvæmt ástæðum þeim, er greindar eru í hinum áfrýjaða lögreglurjettardómi ber að staðfesta hann, þó þannig að fangelsisrefsing kærða Jóns Guðmundssonar ákveðst 40 dagar, sekt kærða Sigurjóns Jónssonar ákveðst 800 kr. og sekt hinna kærðu Ingimundar Ögmundssonar og Ingjalds Jónssonar 400 kr.

Hinir kærðu Páll Stefánsson og Jón Guðmundsson greiði hvor um sig kostnað við varðhaldsvist sína; svo greiði þeir in solidum málflutningskaup verjanda síns í hæstarjetti, er ákveðst 150 kr. Hinir kærðu Sigurjón Jónsson, Ingimundur Ögmundsson og Ingjaldur Jónsson, greiði einnig in solidum málflutn-

ingskaup verjanda síns í hæstarjetti 150 kr. Að öðru leyti greiði allir hinir kærðu in solidum allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talið málflutningskaup sækjanda í hæstarjetti 250 kr.

Því dæmist rjett vera:

Kærði Páll Stefánsson greiði 1000 kr. sekt til ríkissjóðs og sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 40 daga.

Kærði Jón Guðmundsson greiði einnig 1000 kr. sekt til ríkissjóðs og sæti 40 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Kærðu Sigurjón Jónsson, Ingimundur Ögmundsson og Ingjaldur Jónsson sæti sektum, hinn fyrstnefndi 800 kr. og hvor hinna 400 kr. til ríkissjóðs.

Ákvæði lögreglurjettardómsins um upptekt hins innflutta áfengis staðfestist.

Hinir kærðu Páll Stefánsson og Jón Guðmundsson greiði hvor um sig kostnað við varðhaldsvist sína; svo greiði þeir in solidum málflutningskaup verjanda síns í hæstarjetti, hæstarjettarmálaflutningsmanns Sveins Björnssonar, 150 kr. Kærðu Sigurjón Jónsson, Ingimundur Ögmundsson og Ingjaldur Jónsson greiði sömuleiðis in solidum málflutningskaup verjanda síns í hæstarjetti, hæstarjettarmálaflutningsmanns Pjeturs Magnússonar, 150 kr. Allan annan kostnað málsins, bæði í hjeraði og í hæstarjetti, greiði

allir hinir kærðu in solidum, þar með talið málflutningskaup sækjanda í hæstarjetti, hæstarjettarmálaflutningsmanns Lárusar Jóhannessonar, 250 krónur.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn þeim Páli Stefánssyni, kaupmanni, til heimilis í Vestmannaeyjum, Jóni Guðmundssyni, framkvæmdarstjóra h/fj. „Jón Guðmundsson & Co.“, Bakkastíg nr. 5, Sigurjóni Jónssyni, skipstjóra, til heimilis í Hafnarfirði, Ingimundi Ögmundssyni, útgerðarmanni, Bergstaðastræti 38, og Ingjaldi Jónssyni, útgerðarmanni, Baldursgötu 24, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 91 frá 14. nóvember 1917 um aðflutningsbann á áfengi.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Síðari hluta októbermánaðar síðastliðinn voru þeir staddir í Kaupmannahöfn kærðir, Páll Stefánsson og Jón Guðmundsson. Kom Páli þá til hugar að bæta fjárhag sinn, er hann kveður mjög bágborinn, með því að útvega sjer spiritus í Þýskalandi og selja með stórhagnaði hjer heima. Komst hann í kynni við Þjóðverja Hoffmann að nafni, er lofaði að vera honum hjálplegur til þess að útvega honum 5000 lítra af spiritus ef hann gæti borgað 1000 krónur við móttökuna. Sneri Páll sjer þá til Jóns Guðmundssonar um hjálp og hjálpaði hann Páli til þess í þessu skyni með því að skrifa á víxil fyrir hann, er Páll gat selt íslenskum kaupmanni í Kaupmannhöfn, er þekti þá báða, Pál og Jón. Um þetta leyti lá m/sk. „Veiðibjallan“, eign h./fj. „Jón Guðmundsson & Co.“ í Kaupmannahöfn og átti að taka farm þar og í Álaborg til Eyrarbakka og hingað. Lofaði Jón Guðmundsson Páli að hann skyldi láta það skip flytja spíritusinn hingað gegn 5—6000 króna farmgjaldi og skyldi Páll fara með skipinu en Jón fór heim með öðru skipi.

„Veiðibjallan“ fór 2. nóvember frá Kaupmannahöfn til Álaborgar og hafði kærður Jón Guðmundsson sagt skipstjóranum kærðum Sigurjóni Jónssyni, bæði að Páll ætlaði að fara með skip-

inu og eins hitt, að hann hafði lofað að flytja vörur á þilfari fyrir Pál, ef hann þyrfti þess með og skipstjóri áliti skipið geta tekið þær.

Meðan skipið lá í Álaborg fjekk skipstjórinn símskeyti um það frá kaupmanni þeim í Kaupmannahöfn er Páll hafði fengið peningana hjá, að það skyldi halda til Kielarborgar og taka þar farm á þilfarið. Skipið kom til Kielar 7. f. m. og hitti Páll þar Hoffmann þann, sem áður er nefndur. Samdist svo um milli þeirra, að Hoffmann útvegaði Páli 850 tíulítra brúsa af spiritus gegn því að Páll borgaði 1000 danskar krónur við móttökuna og lofaði að senda fisk og peninga hjeðan að heiman. Kveðst Páll hafa talið brúsana í vörugeymsluhúsi í Kiel, en þá var eftir að láta þá í kassa. Átti að láta 4 brúsa í hvern kassa, en þegar tilkom kveður Páll ekki hafa verið nógu marga kassa til af þeirri stærð, svo eitthvað af brúsunum — hve margir veit hann ekki, en giskar á að þeir muni hafa verið 50—60 — voru látnir einn og einn í kassa. Kassarnir voru settir út í skipið sunnudaginn 9. nóvember og komið fyrir í tiskikössum skipsins uppi á þilfarinu, en ekki voru þeir taldir, því skipstjórinn bjóst við að eigandi kassanna myndi sjá um að alt kæmist út í skipið, er fara ætti með því, en Páll taldi aldrei eða ljet telja kassana.

Skipið hrepti vond veður á leiðinni hingað upp og lá fyrir stormi $1^1/_2$ sólarhring undir Vestmannaeyjum, og sem næst tvo sólarhringa í Faxaflóa til að vita hvort það kæmist ekki inn á Eyrarbakka, án þess þó að hafa samband við land eða báta úr landi eftir því sem þeir halda fram, er á skipinu voru. Aðfaranótt föstudagsins 21. f. m. fór „Veiðibjallan“ inn á Hafnarfjörð og eftir samkomulagi milli Páls Stefánssonar og skipstjóra var áfengið sett í vjelarbátinn „Wivid“, sem lá þar mannlaus í vetrarlægi á firðinum og voru kassarnir, sem komið var fyrir í lest skipsins, þá heldur eigi taldir. Skipstjóri gjörði Jóni Guðmundssyni aðvart um komu skipsins og kom hann til Hafnarfjarðar á föstudaginn og skipaði svo fyrir, að skipið skyldi fara hingað, án þess að gjöra frekari tilraunir til þess að komast inn á Eyrarbakka og fór það hingað um kvöldið. Páll Stefánsson bað Jón Guðmundsson að útvega geymslustað fyrir áfengið hjer og annast um flutning á því hingað. Fjekk Jón geymslustað fyrir það í barkskipinu „Fjord“, sem liggur mannlaust hjer á höfninni, en eigi gaf að flytja það hingað sjóveg eins og tilætlunin var, þar til Jón Guðmundsson samdi svo um við kærðan Ingimund Ög-

mundsson 27. f. m. að hann skyldi flytja áfengið fyrir Pál úr Hafnarfirði í barkinn á m/b. „Höskuldur“, sem Ingimundur á í fjelagi við kærðan Ingjald Jónsson, sem er formaður á bátnum, og sagði Ingimundur Ingjaldi frá því samdægurs. Áfengið fluttu þeir svo aðfaranætur föstudagsins 28. og sunnudagsins 30. f. m. og ljetu upp í barkinn en kærðir Páll og Jón voru þar fyrir fyrri nóttina og komu áfenginu fyrir í káetu barksins, er Jón hafði fengið lykil að. Ekki voru kassarnir heldur taldir við þennan flutning.

Lögregla Reykjavíkur fjekk grun um, að geymt væri áfengi í barkinum, fór út í hann og fann áfengið. Hefir hún tekið það í sínar vörslur og reyndist það að vera 159 kassar með 4 tíulítra brúsum í hverjum kassa og þar að auki einn samskonar kassi tómur. Var þá hafin rannsókn í málinu og hafa kærðir skýrt svo frá og kannast við að eiga hlutdeild í því, að áfengið var í barkinum, sem að framangreinir. Er því haldið fram af kærðum, að meira áfengi hafi verið látið í m/b. „Wivid“, en fanst í barkinum en hinsvegar haldið fram af kærðum Ingimundi og Ingjaldi að þeir hafi tekið alt það áfengi, er þeir fundu í „Wivid“ og skilað því í barkinn, að undanskildum tveimur fjögrabrúsa kössum, er hafi brotnað og því verið hent í sjóinn með innihaldi. Verður það rannsakað í Hafnarfirði hvort aðrir en kærðir Ingimundur og Ingjaldur hafi tekið áfengi úr „Wivid“.

Brot kærðs Páls Stefánssonar, sem sat í gæsluvarðhaldi frá 5.—12. þ. m., heyrir að áliti rjettarins undir 1. gr. áðurnefndra laga og þykir refsing sú, er hann hefir tilunnið fyrir það eftir 14. gr. þeirra, hæfilega ákveðin 1000 kr. sekt til ríkissjóðs og 40 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Kærður Jón Guðmundsson, sem sat í gæsluvarðhaldi frá 3.—8. þ. m. var í ráðum með og hjálpaði kærðum Páli með öflun áfengisins og allan flutning á því og áskildi sjer, eða fjelagi því, sem hann er framkvæmdarstjóri fyrir, óhæfilega hátt farmgjald fyrir flutning þess hingað til landsins. Þykir hann því einnig hafa gjörst brotlegur gegn sömu lagagrein og refsing hans hæfilega ákveðin 100 króna sekt til ríkissjóðs og fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 20 daga.

Brot kærðs Sigurjóns Jónssonar heyrir undir 5. gr. sömu laga og þykir refsing hans eftir 16. gr. þeirra hæfilega ákveðin 1000 króna sekt til ríkissjóðs.

Brot kærðra Ingimundar Ögmundssonar og Ingjalds Jóns-

sonar hvors um sig heyrir undir 8. gr. laganna og þykir refsing þeirra eftir 17. gr. hæfilega ákveðin 600 kr. sekt til ríkissjóðs.

Hið ólöglega innflutta áfengi, sem er í vörslum lögreglunnar, sje upptækt og eign ríkissjóðs.

Allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað greiði allir kærðir in solidum.

Á rekstri málsins hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 6. maí 1925.

Nr. 34/1924. **Vátryggingarfjelagið Trekroner** (B. P. Kalman) gegn **lögreglustjóra Reykjavíkur f. h. ríkissjóðs** (Jón Ásbjörnsson).

Útaf tekju- og eignarskatti.

Úrskurður fógetarjettar Reykjavíkur 17. desbr. 1923: Hin umbeðna gjörð á fram að fara.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu er skotið til hæstarjettar samkvæmt áfrýjunarleyfi dags. 16. júní f. á. með stefnu útgefinni 12. júli s. á.

Við ákvörðun tekju- og eignarskatts í Reykjavík árið 1922 var tekjuskattur áfrýjanda ákvarðaður 3760 krónur. Hafði áfrýjandi rekið vátryggingarstarfsemi í Reykjavík árið 1921, en eigi talið fram tekjur sínar og skattstjóri því áætlað þær. Hinn 15. júní 1922, áður en kærufrestur var liðinn, ritaði umboðsmaður áfrýjanda skattstjóranum brjef. Kvaðst umboðsmaðurinn þar telja það álitamál hvort fjelagið væri skattskylt og skatturinn ákveðinn af handa-

hófi og ónærgætni. Mótmælti hann því skattálögunni í heild sinni og geymdi sjer allan frekari rjett þar að lútandi. Að öðru leyti gjörði hann enga kröfu um að skatturinn yrði feldur niður eða lækkaður og enga frekari grein fyrir þeim ástæðum, er hann byggði mótmæli sín á. Skattstjóri hafði ákvarðað skattinn eftir áætluðum iðgjaldatekjum áfrýjanda en eigi áætlað neinn frádrátt á fje því er áfrýjandi legði frá til tryggingar vátryggingarskuldbindingum sínum. Vegna þessa tók yfirskattanefnd málið til meðferðar, dró 25 % frá hinum áætluðu tekjum í þessu skyni og ákvað skattinn samkvæmt því 2560 krónur.

Áfrýjandi greiddi eigi tekjuskatt þennan og var því krafist lögtaks á honum. Í fógetarjettinum gaf áfrýjandi skýrslu um iðgjaldatekjur af umboði sínu í Reykjavík árið 1921, kostnað við það og bótafje greitt á árinu, svo og lagði hann fram reksturreikning fjelagsins fyrir umrætt ár. Samkvæmt þessum gögnum taldi hann að tekjur sínar árið 1921 hefðu eigi numið skattskyldri upphæð.

Í málinu er enginn ágreiningur um það, að áfrýjandi hafi rekið vátryggingarstarfsemi í Reykjavík árið 1921. Ágreiningurinn er aðeins um það, hve miklar skattskyldar tekjur hann hafi haft af þeirri starfsemi. Með því að umgetið brjef umboðsmanns áfrýjanda til skattstjóra 15. júní 1922 eigi verður skoðað sem fullnægjandi kæra yfir ákvörðun skattsins og áfrýjandi því aldrei hefir lagt mótbárur sínar gegn henni undir úrskurð skattstjóra og yfirskattanefndar verður skattákvörðun yfirskattanefndarinnar eigi haggað og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Málskostnað í hæstarjetti þykir rjett að áfrýjandi greiði stefnda með 100 krónum.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða úrskurði skal óraskað.

Áfrýjandi, vátryggingarfjelagið Trekroner greiði stefnda, lögreglustjóra Reykjavíkur fyrir hönd ríkissjóðs, málskostnað í hæstarjetti með 100 krónum að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Við ákvörðun tekju- og eignaskatts í Reykjavík árið 1922 var vátryggingarfjelaginu „Trekroner" af yfirskattanefnd gjört að greiða kr. 2560,00 í tekju- og eignaskatt.

Umboðsmaður fjelagsins hjer hefir neitað því að fjelagið ætti að greiða nokkurn tekju- og eignaskatt, en lögreglustjórinn, sem innheimtumaður ríkissjóðs, hefir krafist lögtaks fyrir greindum kr. 2560,00 og báðir málsaðiljar lagt ágreininginn undir úrskurð fógetarjettarins.

Umboðsmaður fjelagsins heldur því fram, að það eigi engan skatt að greiða árið 1922, með því að ársarður umboðsins hjer í Reykjavík, sem reikna skuli skattinn af, hafi verið 1921 aðeins kr. 31,13 samanborið við iðgjöld og tekjuafgang á ársreikningi fjelagsins, sem lagður er fram í málinu (rjettarskjal nr. 7).

Með því að þessari uppgjöf á tekjum og kostnaði fjelagsins árið 1921 hefir verið mótmælt hjer fyrir rjettinum, og umboðsmaður gjörðarþola engar sönnur á það fært, verður það að teljast ósannað að hlutfallslegur ársarður fjelagsins hjer á landi hafi ekki verið meiri en kr. 31,13 árið 1921.

Önnur mótmæli hafa eigi komið gegn framgangi gjörðarinnar.

Föstudaginn 8. maí 1925.

Nr. 11/1925. **Valdstjórnin** (Guðm. Ólafsson)
gegn
Ólafi Friðrikssyni (L. Fjeldsted).

Ill meðferð á fuglum.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 28. jan. 1925: Kærður, Ólafur Friðriksson, greiði 50 kr. sekt í ríkissjóð og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað. Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Það verður einnig að telja það brot gegn lögum nr. 34, 3. nóv. 1915, að kærði hefir veturinn yfir haldið hrafnana í svo þröngri netgirðingu, að þeim var varnað flugs og ekki sjeð þeim fyrir nægilegu skýli gegn vætu, vindi og kulda.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti samkvæmt ástæðum hins áfrýjaða lögreglurjettardóms ber að staðfesta hann, þó með þeirri breytingu, að sektin ákveðst 100 kr.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarjetti 60 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða lögreglurjettardómi skal óraskað, þó svo, að sektin ákveðst 100 kr.

Kærði, Ólafur Friðriksson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talið málflutningskaup sækjanda og verjanda fyrir hæstarjetti,

málaflutningsmannanna Guðmundar Ólafssonar og Lárusar Fjeldsted 60 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir kæru frá formanni Dýraverndunarfjelags Íslands, höfðað gegn Ólafi Friðrikssyni, bæjarfulltrúa, til heimilis í Austurstræti nr. 1 hjer í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 34 frá 3. nóvember 1915 um dýraverndun.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina og sannaðir eru með eigin játningu kærðs er kemur heim við það sem á annan hátt er upplýst í málinu.

Síðastliðið haust náði kærður í nokkra hrafna, súlur og svartbaka, alla á fyrsta ári. Hrafnana og svartbakana setti hann í tvær netagirðingar á lóð einni við Tjarnargötu hjer í bænum, en súlurnar, sem hann mun hafa náð í nokkru síðar, geymdi hann fyrst um sinn í portinu bak við húsið Austurstræti nr. 1, og flutti þær síðan í girðinguna til hrafnanna. Girðing sú, sem hrafnarnir og súlurnar eru geymdar í, er 4,1 m. á hvern kant og 1,25 m. á hæð, en girðingin, sem svartbakarnir eru geymdir í, er 4,70 m. á breidd, 5,70 m. á lengd og 1,50 m. á hæð. Í girðingunum báðum eru nokkrir kassar, sumir með vatni í, aðrir tómir, og eru þeir ætlaðir sem skýli fyrir fuglana í kulda og vondum veðrum.

Hrafnarnir, sem í girðinguna voru settir, voru upphaflega 9, af þeim hefir enginn drepist, en einn hefir verið sendur til útlanda og 4 hafa sloppið úr girðingunni. Svartbakarnir voru upphaflega 41, en af þeim hafa margir sloppið, einn þeirra fanst inni hjá Tungu og drapst þar, en einn svartbakur hefir drepist í girðingunni. Súlurnar, sem settar voru í girðinguna, voru upphaflega 14, þar af hefir ein drepist í girðingunni (festist milli kassa), en önnur verið skotin af einhverjum, eftir því sem kærður hefir skýrt frá. Kærður hefir játað, að allmargt af súlunum hafi drepist meðan þær voru geymdar í portinu og telur það stafa af einhverri pest, sem í þeim hafi verið.

Um líðan fuglanna á þessum stað hefir verið leitað álits tveggja manna, þeirra náttúrufræðings Bjarna Sæmundssonar og dýralæknis Magnúsar Einarssonar, og fer álit þeirra að nokkru leyti í sömu átt.

Náttúrufræðingnum farast, í álitsbrjefi sínu, orð á þessa leið: „Hrafnsungarnir líta allvel út og eru fjörugir, svartbaksungarnir virðast óeðlilega votir í rigningum og súlurnar líka, og að öðru leyti líta þeir lakast út, enda eru þeir „ekta“ sjófuglar og minst þroskaðir og landvistin getur vart átt vel við þá yfirleitt . . . . . Í votviðrum er æði óþrifalegt í kringum þá, en annars virðist eigandi reyna að hlúa að þeim eftir föngum. Að mínum dómi er staðurinn, sem að fuglum þessum er valinn, fyrir ýmissa hluta sakir óheppilegur og væri æskilegt að þeim væri fenginn annar hentugri, helst við sjó, þar sem að þeir hefðu sundpoll, svo rúmt um sig að þeir gætu flogið dálítið og svo skýli (þak), sem að þeir gætu verið undir í hrakviðrum.“

Um það hvort kærður hafi með fyrgreindri meðferð sinni á fuglunum brotið ákvæði dýraverndunarlaganna kveðst náttúrufræðingurinn ekki treysta sjer til að segja um, en telur dýraverndunarlögin aðallega taka til alidýra.

Í álitsbrjefi dýralæknisins segir meðal annars: „Að því er sjávarfuglana (svartbaka og súlur) snertir, hika jeg ekki við að telja meðferð bæjarfulltrúans á þeim illa og sektarverða, því þótt þeir kunni að fá nægilegt fóður, þá vantar þá öll tækifæri til að þjóna eðlishvöt sinni til nægilegrar hreyfingar (flugs) og sunds. Að vísu munu þeir hafa fengið nægilegt vatn til drykkjar, og eitthvað af skornum skamti til að skvampa í meðan þíður hjeldust, en nú er því ekki lengur til að dreifa eftir að frostin komu; hreyfingarleysið veldur því að fuglar þessir þola ver kuldann, enda mun hver og einn á þeim sjá að þeim líður ekki vel.“

Hröfnunum telur dýralæknirinn að líði „eflaust ekki eins illa og hinum fuglunum“, sökum þess að þeir eru ekki sundfuglar. „Þó líður þeim sýnilega ekki vel hreyfingalítlum í kuldanum.“

Rjetturinn er þeirrar skoðunar, að meðferð kærðs á súlunum og svartbökunum sje „ill meðferð“ og byggir þá skoðun sína á því áliti, sem fyrgreindir menn hafa látið í ljósi um að verustaðurinn, sem þeim er valinn þarna á lóðinni, sje þeim mjög óheppilegur, of þröngur, að fuglana vanti vatn til að baða sig í, og að skýlið sem þeir hafa í kössunum, sem eru í girðingunum, sje þeim í alla staði ófullnægandi í votviðrum og kuldum; ennfremur á þeirri játningu kærðs, að allmargar af súlunum hafi drepist, sjerstaklega meðan þær voru í portinu, án þess að hann hafi gert fullnægjandi grein fyrir ástæðum þess. Rjetturinn er því þeirrar skoðunar að kærður hafi með greindu framferði sínu brot-

ið ákvæði 1. og 2. gr. laganna nr. 34 frá 3. nóvember 1915 um dýraverndun. Lögin bera það raunar með sjer, án þess að þau geti þess beint, að ákvæðum þeirra er aðallega ætlað að taka yfir illa meðferð á alidýrum; en lögunum getur þó ekki verið ætlað að taka aðeins til dýra af þeim tegundum sem höfð voru hjer á landi sem alidýr, er lögin tóku gildi, heldur og til dýra af öðrum tegundum, sem tekin eru og höfð í haldi sem alidýr meðan greind lög eru í gildi, því ekkert mælir með því, að löggjafinn hafi getað ætlast til að þau dýr frekar en hin væru utan við lög og rjett.

Refsing sú, sem kærður hefir til unnið samkvæmt 1. gr. dýraverndunarlaganna, þykir hæfilega ákveðin 50 kr. sekt í ríkissjóð. Svo greiði hann og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 11. maí 1925.

Nr. 14/1925. **Rjettvísin** (Pjetur Magnússon)
gegn
Guðmundi Björnssyni (Jón Ásbjörnsson)
og Bjarna Finnbogasyni (L. Fjeldsted).

Brot gegn 253. gr. hegningarlaganna.

Dómur aukarjettar Reykjavíkur 16. febr. 1925:

Ákærður Guðmundur Björnsson sæti 14 daga einföldu fangelsi.

Ákærður Bjarni Finnbogason sæti 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð.

Svo greiði og ákærður Bjarni Finnbogason málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, cand. juris. Magnúsar Magnússonar, 30 kr., en allan annan af málinu löglega leiddan og leiðandi kostnað greiði báðir ákærðir, annar fyrir báða og báðir fyrir annan.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Hjeraðsdómarinn hefir rjettilega heimfært brot ákærða Bjarna Finnbogasonar undir 253. gr. alm.

hegningarlaga, og með því að hæstirjettur fellst einnig á refsingu þá, sem ákærði er dæmdur til, ber að staðfesta aukarjettardóminn að þessu leyti.

Ákærði Guðmundur Björnsson undirritaði eyðublöð að tjekkum á Landsbankann og setti nafn sitt aftan á þau, og veitti um leið meðákærða Bjarna Finnbogasyni ótakmarkaða heimild til að útfylla eyðublöðin og láta þau af hendi til greiðslu á vörum þeim, er Bjarni ætlaði að kaupa fyrir ákærða, án þess að hann ætti þá nokkurt fje í bankanum til að innleysa tjekkana, þá er þeim yrði framvísað, eða hefði nokkra vissu eða jafnvel líkur til að geta það. Ákærði hefir með þessum hætti gerst samsekur meðákærða Bjarna Finnbogasyni um refsiverða notkun verðlauss gjaldeyris, og verður einnig að heimfæra brot hans undir 253. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð, en eftir atvikum málsins, og sjerstaklega vegna þess að hann hefir játað brot sitt hreinskilnislega og undandráttarlaust, þykir mega ákveða, samkvæmt 1. gr. laga nr. 39, 16. nóv. 1907, að fullnustu refsingarinnar skuli fresta og að hún skuli niður falla að 5 árum liðnum frá uppsögn dóms þessa, ef ákærði fullnægir lögmæltum skilyrðum.

Ákvæði aukarjettardómsins um málskostnað í hjeraði ber að samþykkja. Hvor hinna ákærðu greiði 80 krónur til skipaðs verjanda síns fyrir hæstarjetti. Allan annan áfrýjunarkostnað málsins, þar á meðal 120 krónur í málflutningskaup til skipaðs sækjanda fyrir hæstarjetti, greiði hinir ákærðu in solidum.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði Bjarni Finnbogason sæti 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Ákærði Guðmund-

ur Björnsson sæti sömuleiðis 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð, en fullnustu refsingar hans skal fresta og skal hún niður falla að liðnum 5 árum frá uppsögn þessa dóms, ef skilorð laga nr. 39, 16. nóv. 1907 eru haldin.

Ákvæði aukarjettardómsins um málskostnað skulu vera óröskuð. Ákærði Guðmundur Björnsson greiði verjanda sínum fyrir hæstarjetti, Jóni hæstarjettarmálflutningsmanni Ásbjörnssyni, 80 krónur, og ákærði Bjarni Finnbogason greiði einnig verjanda sínum fyrir hæstarjetti, Lárusi hæstarjettarmálflutningsmanni Fjeldsted, 80 krónur, í málsvarnarlaun.

Allan annan kostnað af áfrýjun málsins, þar á meðal 120 krónur til skipaðs sækjanda málsins, Pjeturs hæstarjettarmálflutningsmanns Magnússonar, greiði hinir ákærðu in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Það er löglega sannað í máli þessu, sem höfðað er eftir fyrirmælum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins af rjettvísinnar hálfu gegn Guðmundi Björnssyni til heimilis á Framnesveg 1C og Bjarna Finnbogasyni, sem kveðst eiga heimili í Kaupmannahöfn, með eigin játningu ákærðra, sem kemur heim við það, sem á annan hátt er upplýst í því, að þeir hafa gerst sekir í athæfi því er nú skal greina.

Seinni hluta vetrarins 1924 kom það til tals milli ákærðra að Bjarni, sem ætlaði til útlanda þá með vorinu, skyldi í utanför sinni kaupa vörur fyrir Guðmund og senda honum til Reykjavíkur. Í þessu skyni gaf Guðmundur Bjarna, „ubegrænset Fuldmagt

til at köbe Varer . . . . . til et Belöb som dog ikke overstiger 65000 d. Kr. og i Forbindelse derved udlevere Chekker og Veksler, som jeg selv har undeskrevet og udleveret ham". Umboð þetta, sem hinar auðkendu setningar hjer að ofan eru teknar úr, undirritaði Guðmundur Björnsson 2. maí 1924, sama daginn eða daginn áður en Bjarni lagði á stað til útlanda.

Jafnframt því að ákærðir komu sjer saman um ofannefnd vörukaup, varð það einnig að samkomulagi á milli þeirra, að Guðmundur skyldi samþykkja víxla, gefa út og framselja tjekka og afhenda Bjarna til þess að hann greiddi með þeim vörurnar. Sama daginn og Guðmundur gaf Bjarna framannefnt umboð samþykti hann því allmikið af víxlum, undirskrifaði og framseldi 10—15 tjekkávísanaeyðublöð ódagsett og óútfylt að öðru leyti og afhenti Bjarna, sem átti að dagsetja víxlana og tjekkávísanirnar og fylla út að öðru leyti, eftir því, sem þörf gerðist, og í fyrnefndum tilgangi. Tjekkávísanir þessar eru gefnar út á ávísanaeyðublöð frá Landsbanka Íslands; þau lagði Bjarni til og hafði hann náð í þau úr dóti O. J. Havsteen, heildsala, hjer í bænum. Þegar Guðmundur gaf ávísanirnar út, átti hann ekkert fje inni í Landsbankanum, enda skýrði hann Bjarna greinilega frá því. Komu ákærðir sjer því saman um, að Bjarni skyldi dagsetja ávísanirnar fram í tímann svo mikið, að þeim yrði ekki framvísað til greiðslu í Landsbankanum fyr en Guðmundur hefði fengið vörurnar og haft ráðrúm til að koma þeim í peninga.

Guðmundur bað Bjarna þess sjerstaklega að megnið af vörunum yrði yfirbreiðslur (presenninger) og vefnaðarvörur, enda kvaðst hann þá hafa haft mjög góða aðstöðu til að koma þeim vörutegundum (yfirbreiðslunum) fljótt í peninga.

Ennfremur óskaði hann eftir því, að Bjarni greiddi vörurnar frekar með víxlum en tjekkum ef því yrði viðkomið.

Bjarni fer nú til útlanda, eins og áður er frá sagt, og 19. maí kaupir hann vörur í Kaupmannahöfn af Frode nokkrum Hansen, fyrir danskar kr. 2268,00, að því er hann sjálfur segir. Fyrir upphæð þessari útfyllir hann eina af tjekkávísunum frá Guðmundi, dagsetur hana í Reykjavík 25. maí 1924 og afhendir vöruseljandanum, sem greiðslu fyrir vörurnar, án þess að geta um að nokkuð væri við ávísun þessa að athuga, enda þótt hann hlyti að sjá að móttakandi tók á móti tjekkávísuninni sem greiðslu í þeirri trú, að útgefandi hennar ætti nægilega mikið inni í banka þeim, sem

hún var stíluð á, eða að svo mundi að minsta kosti verða, þegar ávísuninni yrði framvísað.

Vörurnar sendi Bjarni hingað til Reykjavíkur og greiddi farmgjaldið með því að útfylla og afhenda, sem greiðslu 180 króna tjekkávísun frá Guðmundi. Þessa ávísun afhenti hann og án þess að geta um að útgefandi ætti ekki inni fyrir henni.

Í júnímánuði var Guðmundi tilkynt frá afgreiðslu „Sameinaða gufuskipafjelagsins" að hann ætti þar vörur. Guðmundur fór þangað og athugaði vörurnar, sem hann vissi að vera myndi sending frá Bjarna. En við þessa athugun komst Guðmundur að raun um, að vörurnar voru alt aðrar, en hann hafði beðið Bjarna að útvega. Þessar vörur voru hálsfestar, fægilögur, rottueitur o. fl. Guðmundur vildi ekkert með vörurnar hafa þar sem hann áleit þær lítt seljanlegar og veitti þeim því aldrei móttöku.

Frode Hansen framseldi nú þriðjamanni tjekkávísunina og komst hún þannig í hendur kærandans í þessu máli, Christian Elton heildsala, sem gerði tilraun til að fá ávísunina greidda en komst þá að raun um, að útgefandi hennar Guðmundur Björnsson átti ekkert inni í Landsbankanum og hafði aldrei átt á tímabilinu frá 19. maí til þess tíma, er ávísunin var sýnd til greiðslu í Landsbankanum. Ávísunin var þá einnig sýnd Guðmundi og þess farið á leit, að hann greiddi hana, en hann neitaði því.

Af því sem að framan er sagt telur rjetturinn nægilega sannað, að ákærður Bjarni Finnbogason hafi athugasemdalaust afhent nefndar tjekkávísanir enda þótt hann hlyti að sjá að móttakendur byggust við að útgefandi ætti inni fyrir þeim, vitandi það að þær voru verðlausar, þar sem honum var kunnugt um að útgefandi þeirra átti ekkert inni í Landsbankanum, að hann var efnalítill eða efnalaus og að vörurnar, sem hann sendi, voru alls ekki eða lítt seljanlegar hjer á landi, svo hann hlaut af því að sjá, að ekki var unt fyrir Guðmund að koma þeim í peninga á næstunni.

Ákærðir eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna, Guðmundur Björnsson er fæddur 17. ágúst 1876, en Bjarni Finnbogason 24. mars 1898, og hafa þeir eigi áður verið dæmdir fyrir hegningarlagabrot.

Framantalið afbrot ákærðs Guðmundar Björnssonar heyrir að áliti rjettarins undir 259. gr. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869 og þykir refsing sú, er hann hefir til unnið fyrir það, hæfilega ákveðin 14 daga einfalt fangelsi.

Brot ákærðs Bjarna Finnbogasonar heyrir að áliti rjettarins

undir 253. gr. sömu laga og þykir refsing sú, er hann hefir til unnið, hæfilega ákveðin 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð.

Til iðgjalds hefir engin krafa verið gerð.

Ákærður Bjarni Finnbogason greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, cand. juris Magnúsar Magnússonar, er ákveðst 30 krónur. Allan annan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað greiði báðir ákærðir in solidum.

Á rekstri málsins hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Miðvikudaginn 13. maí 1925.

Nr. 31/1924. **O. Ellingsen f. h. eigenda og vátryggjenda kuttersins „Isabella“**
(B. P. Kalman)
gegn
Guðmundi Ólafssyni f. h. eigenda og vátryggjenda b/v. „Veresis“.
(Enginn).

Útaf skaðabótum og björgunarlaunum.

Dómur sjórjettar Reykjavíkur 16. júní 1923: Aðalstefnandi, Guðmundur Ólafsson f. h. eigenda og vátryggjenda b/v. „Veresis“ og gagnstefnandi O. Ellingsen f. h. eigenda og vátryggjenda kútter „Isabella“, eiga að vera sýknir hvor af annars kröfum í þessu máli og málskostnaður bæði í aðalsök og gagnsök að falla niður.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu er skotið til hæstarjettar samkvæmt áfrýjunarleyfi dags. 14. júní f. á. með stefnu útgefinni 10. júlí sama ár.

Stefndi hefir eigi mætt í málinu í hæstarjetti og hefir það því verið flutt skriflega samkvæmt 38. gr. hæstarjettarlaganna og dæmt samkv. N.L. 1—4—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Að vísu var »Veresis«, þótt botnvörpu hefði úti, skylt samkv. 20. gr. tilsk. nr. 3, 20. jan. 1899, að víkja úr leið fyrir »Ísabellu«, er skipin mættust, en af þeim ástæðum öðrum, sem greindar eru í forsendum hins áfrýjaða dóms verður að telja að bæði skipin eigi sök á árekstrinum. Með því ennfremur að atvik lágu svo til árekstrarins að eigi verður bygð á þeim skifting skaðabótanna í ákveðnum hlutföllum og eigi er upplýst að skaði »Ísabellu« hafi verið meiri en skaði »Veresis«, en málinu ekki gagnáfrýjað, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm sbr. 2. lið 225. gr. siglingalaganna. Með því að stefndi hefir ekki mætt fellur málskostnaður í hæstarjetti niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað.

Málskostnaður í hæstarjetti fellur niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Fimtudaginn 30. mars f. á. var færeyski fiskikúttarinn „Ísabella“ frá Trangisvaag, skipstjóri Benjamín M. Johannesen, að veiðum á að giska 26 sjómílur suðvestur frá Þorlákshöfn. Vindur var hægur á suðaustan. Kl. $9^1/_2$ um kvöldið var veiðum hætt, ljóskerin sett upp og farið að gera að aflanum. Var þá næstum logn en veður bjart en fjöldi skipa í nánd á allar hliðar. Í dagbók skipsins er svo skýrt frá seglútbúnaði þess, að skipið hafi legið: „bak med Stagfokken ophalt til Luvart (paasat Örefik) med Stor Mellemklyver, enkeltrevet Mesan og urevet Storsegl“. Stýrið var bundið miðskipa. Klukkan rjett um 10 um kvöldið var skipstjórinn niðri í lest skipsins en stýrimaðurinn var á verði. Sá hann þá botnvörpung koma kulborðsmegin með ljós, er sýndi að hann hafði botnvörpu úti, og stefna skáhalt á kúttarann. Þótti stýrimanninum á „Ísabellu“ vindurinn svo hægur, að eigi myndi hægt að stjórna skipinu þótt reynt væri og gjörði því enga tilraun í því efni og ekki gaf hann neitt merki þess, að hætta væri

á ferðum þótt botnvörpungurinn hjeldi áfram í sömu stefnu og gæfi þess ekkert merki að hann hefði sjeð kúttarann eða breytti um stefnu. 2—3 mínútum eftir að tekið var eftir botnvörpungnum frá kúttaranum, rákust skipin á þannig, að klýverbóma kúttarans rakst á stjórnborðshlið botnvörpungsins miðskipa og brotnaði. Urðu nokkrar skemdir á báðum skipunum en þau losnuðu þegar hvort frá öðru. Botnvörpungurinn fór að draga inn vörpu sína en skipstjórinn á kúttaranum fór í skipsbátnum yfir í botnvörpunginn og sagði skipstjóra hans, að þar sem skip sitt hefði beðið skaða óskaði hann þess, að botnvörpungurinn drægi það hingað til Reykjavíkur og varð það að samkomulagi. Lögðu skipin á stað kl. 12—12½ um miðnætti og komu hingað á ytri höfnina um kl. 10½ næsta morgun. Botnvörpungurinn var G. Y. 483 Veresis, skipstjóri Jón S. Oddsson. Var hann undir þiljum er árekstrinn varð, en stýrimaðurinn var einn á brúnni því háseti sá er á verði skyldi vera var inni í eldhúsi. Þegar árekstrinn varð stýrði botnvörpungurinn N.N.V. en kúttarinn í S. til V.

Stýrimaðurinn á botnvörpungnum hefir haldið því fram, að hann hafi ekki orðið kúttarans var fyrri en hann rakst á botnvörpungiun og engin ljós sjeð á honum fyrri en eftir árekstrinn, þá hafi hann sjeð græna ljósið stjórnborðsmegin, enda hafi kúttarinn þá verið búinn að snúa sjer. Hann hefir borið það og unnið eið að framburði sínum, að nægilegur vindur hafi verið til þess, að kúttarinn ljeti að stjórn. Skipstjórinn á botnvörpungnum, sem kom upp rjett í því að árekstrinn varð, skýrir svo frá, að verið hafi stinningsgola á suðaustan og háseti á sama skipi, Tómas Guðmundsson, sem búsettur er í Færeyjum, hefir borið það og sá framburður verið tekinn jafngildur og eiðfestur væri, að vindurinn hafi verið það, sem á færeysku er kallað „flau Kulling". Hinsvegar hefir skipstjórinn, stýrimaðurinn og hásetar á „Ísabellu" haldið því fram, að „Vinden var næsten stille" svo að skipið myndi ekki hafa látið að stjórn.

Þegar hingað kom var haldið sjóferðapróf út af árekstrinum. Svo fengu og báðir skipstjórar dómkvadda menn til þess að meta skemdirnar á skipunum. Mötti þeir skaðann á b/v. „Veresis" 3000 krónur en skaðann á kútter „Ísabella" kr. 2850,00.

Með stefnu útgefinni 18. maí þ. á. og birtri s. d. höfðaði svo Guðmundur Ólafsson hrjm. hjer í bænum f. h. eigenda og vátryggjenda b/v. „Veresis" mál þetta fyrir sjódóminum gegn

O. Ellingsen, kaupmanni hjer í bænum, sem umboðsmanni eigenda og vátryggjenda kútter „Ísabella“ til greiðslu á kr. 23000,00 sem skaðabótum og björgunarlaunum, ásamt 6 % ársvöxtum frá stefnubirtingardegi til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Stefndur hefir krafist sýknunar af kröfum stefnanda í málinu og málskostnaðar hjá stefnanda. Hann höfðaði og gagnsök með stefnu útgefinni 7. september f. á. til greiðslu á skaðabótum að upphæð kr. 20350,00, ásamt 6 % ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, með eða án skuldajafnaðar við kröfur stefnanda í aðalmálinu, og málskostnaðar í gagnsökinni eftir mati sjódómsins.

Aðalstefnandi hefir krafist sýknunar af kröfum gagnstefnanda í gagnsökinni og málskostnaðar hjá honum einnig í henni.

Kröfu sína í aðalsökinni sundurliðar aðalstefnandi svo:

1.	Aðgjörðarkostnaður á b/v. „Veresis“ eftir mati	kr. 3000,00
2.	Aflatap	— 10000,00
3.	Björgunarlaun fyrir að bjarga „Ísabellu“ hjer inn á höfn	— 10000,00
	Samtals	kr. 23000,00

Skaðabótakröfu sína í gagnsökinni sundurliðar gagnstefnandi þannig:

1.	Aðgjörðarkostn. á kútter „Ísabella“ eftir mati	kr. 2850,00
2.	Aflatap	— 17500,00
	Samtals	kr. 20350,00

Aðalstefnandi telur áreksturinn skipshöfninni á „Ísabellu“ einni að kenna. Telur hann áreksturinn hafa orðið um miðnætti eftir framburði skipstjórans og stýrimannsins á „Veresis“ eða tveim stundum síðar en skipshöfnin á „Ísabellu“ telur hann hafa orðið. Ennfremur dregur hann það í efa, að hliðarljósin á „Ísabellu“ hafi logað þegar áreksturinn varð, og hafi skipið þá brotið alþjóða siglingareglur með því að sigla án þeirra um miðnæturskeið. Byggir aðalstefnandi þessa skoðun sína á því, að stýrimaðurinn á „Veresis“ hafi engin ljós sjeð á „Ísabellu“ áður en áreksturinn varð og ekki rauða ljósið, hvorki áður, meðan á árekstrinum stóð, eða eftir hann.

Það er nú tekið beint fram í dagbókarútdrætti „Ísabellu“, sem lagður var fram við sjóferðaprófið hjer út af árekstrinum, að ljóskerin hafi verið sett upp kl. 9½ um kvöldið, og hafa skipstjórinn, stýrimaðurinn og 4 hásetar staðfest hann með undirskrift sinni. Skipstjórinn á „Ísabellu“ hefir og borið það, að hann hafi sjeð bæði rauða og græna ljósið á kúttaranum meðan

hann var í botnvörpungnum. Stýrimaðurinn á kúttaranum hefir borið, að hann hafi sjeð græna ljósið á honum þegar eftir að hann var kominn yfir í botnvörpunginn. Hásetinn Jóh. Jóhannesson á kúttaranum hefir borið við sjóferðaprófið og sá framburður hans verið tekinn jafngildur og eiðfestur væri, að hann hafi tekið niður rauða ljóskerið á „Ísabella“ eftir að árekstur inn varð og hafi þá ljósið lifað í því og ekki verið hreyft við ljóskerinu fyr en eftir árekstur inn. Ennfremur hefir skipstjórinn á „Veresis“ borið það, að eftir að skipstjórinn á kúttaranum hafi komið yfir í togarann, hafi rauða ljósið hans ekki sjest *af því að togarinn var kominn á stjórnborðsbóg á kúttaranum*, en græna ljósið hafi sjest og stýrimaðurinn á togaranum sá græna ljósið á kúttaranum eftir árekstur inn enda hafi hann þá snúið stjórnborðshliðinni að togaranum. Loks hefir stýrimaðurinn á kúttaranum borið og unnið eið að þeim framburði sínum, að botnvörpungurinn hafi verið í hring rauða ljóskersins á kúttaranum, er hann varð togarans fyrst var.

Með öllu þessu þykir nægilega upplýst, að kúttarinn hafi haft lögboðin ljós er árekstur inn varð.

Að því er mismuninn á klukkunum á togaranum og kúttaranum snertir þá stafar hann aðallega af því, að klukkan á togaranum hefir verið sett eftir enskum tíma, en klukkan á kúttaranum eftir íslenskum.

Gagnstefnandi heldur því fram, að árekstur inn sje eingöngu skipshöfninni á togaranum að kenna. Togarinn hafi eftir alþjóðlegum siglingareglum átt að víkja úr vegi fyrir kúttaranum, er hafi átt að halda áfram ferð og stefnu óbreyttri, sem hann og hafi gjört og sje því sökin á togarans hlið.

Við þetta er það að athuga, að togarinn hafði vörpu sína úti og ljósmerki, er sýndi það, og var því ekki „laust skip“, en við slík skip mun reglan í 20. gr. tilsk. 20. janúar 1899 aðalega eiga og sú ályktun e contrario frá 26. gr. hennar, að seglskipum skuli ekki undir neinum kringumstæðum vera skylt að víkja fyrir gufuskipum, er hæpin, sbr. 29. gr. tilskipunarinnar. Hinsvegar hafa ekki af hálfu skipshafnarinnar á togaranum verið hafðar fyrirskipaðar og tilhlýðilegar gætur, þar sem ekki varð vart við kúttarann fyrri en árekstur inn varð, þótt ljós hans væru í lagi og veður gott og heiðskírt.

Sjórjetturinn verður og að líta svo á, að það hafi verið óverjandi af skipshöfninni á kúttaranum að binda stýri skipsins fast

um nótt með jafnmiklum seglum uppi og á honum voru einkum þar sem var „en Masse Skibe omkring paa alle Sider", eins og stendur í dagbókarútdrætti hans, og ekki logn. Í dagbókarútdrættinum stendur að vísu að vindurinn hafi verið „næsten stille" og skipstjórinn og stýrimaðurinn á kúttaranum segja að vindurinn hafi verið svo hægur að þeir hafi álitið að kúttarinn ljeti ekki að stjórn, en skipstjórinn, stýrimaðurinn og háseti sá á botnvörpungnum, sem yfirheyrður var við sjóferðaprófið hjer hafa hinsvegar haldið því fram, að stinningsgola hafi verið. Þá þykir sjórjettinum það og óverjandi að stýrimaðurinn á kúttaranum skyldi enga tilraun gjöra til þess, að komast hjá árekstrinum, þar sem hann þó varð togarans var 2—3 mínútum áður en árekstur inn varð, hvorki með því að reyna að breyta stefnu, auka eða minka ferð skipsins eða gefa merki um, að hætta væri á ferðum, þótt hann sæi, að togarinn hjelt stefnu sinni óbreyttri og gæfi ekki merki þess, að hann ætlaði að breyta henni eða hefði orðið kúttarans var.

Að öllu þessu athuguðu þykir sjórjettinum bæði skipin eiga svo mikla sök á árekstrinum, að þau eigi hvort um sig að bera skaða sinn og að um björgunarlaun til handa togaranum geti ekki verið að ræða, þar sem hann var meðsekur í árekstrinum.

Eftir þeim úrslitum þykir og rjett að málskostnaður falli niður bæði í aðalsök og gagnsök.

Mánudaginn 18. maí 1925.

Nr. 12/1924. **Bjarni Þorsteinsson o.fl.** (B. P. Kalman)
gegn
Helga Guðmundssyni, Páli Kr. Jóhannssyni og dánarbúi Rakelar Pálsdóttur (Svb. Jónsson) **og gagnsök.**

Útaf landshlut af unnum hvölum.

Dómur aukarjettar Eyjafjarðarsýslu 28. febr. 1923: Stefndu, sjera Bjarni Þorsteinsson, verslunarstjóri Jón Guðmundsson, kaupmaður Helgi Hafliðason, hreppstjóri Guðmundur Hafliðason, kaupmaður Sophus Blöndal, Flóvent Jóhannsson, fyrv. bóksali Jón Jóhannesson og veitingasali Þorsteinn

Pjetursson, allir til heimilis á Siglufirði, greiði stefnendum þeim lækni Helga Guðmundssyni, Rakel Pálsdóttur (nú dánarbú henn-: ar) og Páli Kr. Jóhannssyni, 2540,84 — tvö þúsund fimm hundruð fjörutíu krónur, áttatíu og fjóra aura, — ásamt 5 % ársvöxtum af þeirri upphæð, frá 11. okt. 1917 að telja, þar til greitt er.

Svo greiði þeir og stefnendunum 300 — þrjú hundruð — krónur í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 3ja sólarhringa frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstarjettar af hálfu beggja aðila. Er aðaláfrýjunarstefnan útgefin 22. mars f. á., samkvæmt áfrýjunarleyfi dags. 27. febrúar s. á., en gagnáfrýjunarstefnan útgefin 24. mars f. á., einnig að fengnu áfrýjunarleyfi dags. 27. febrúar s. á.

Mál þetta snýst aðeins um skyldu aðaláfrýjenda til að standa gagnáfrýjendum skil á landshlut af hvölum þeim, er drepnir voru á Siglufirði 19. maí 1917 og aðaláfrýjendur ráðstöfuðu. Verður því að fallast á það, að undirdómarinn vísaði málinu eigi frá dómi sakir þess að það væri vettvangsmál.

Í hæstarjetti hafa aðaláfrýjendur fyrst og fremst krafist sýknunar af þeim sökum að málinu væri ranglega beint gegn sjer, en með því að viðurkent er að þeir ráðstöfuðu hinum umræddu hvölum, eru þeir rjettir varnaraðilar málsins og verður þessi sýknuástæða því eigi tekin til greina.

Það verður einnig að telja það nægilega sannað í málinu að hvalirnir hafi verið reknir í netlög jarðarinnar Hafnar og drepnir þar, er þeir kendu grunns. Ber því gagnáfrýjendum þriðjungur af hvölunum í landshlut samkv. Jb. Rb. 8.

Gagnáfrýjendur hafa ákveðið upphæð kröfu sinnar þannig að þeir áætla að af hverjum hval hafi fengist til jafnaðar 600 pd. spiks og 700 pd. kjöts. Með þessari þyngd og því gangverði, sem þeir skýra frá að þá hafi verið á spiki og hvalkjöti á Siglufirði, telja þeir verð hvers hvals til jafnaðar hafa verið 285 kr. Nemur þriðjungurinn af hvölunum eða verð 22 hvala eftir þessu 6270 kr. og er það aðalkrafa gagnáfrýjenda að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða sjer þá upphæð án nokkurs frádráttar. Aðaláfrýjendur hafa mótmælt þessari áætlun gagnáfrýjenda sem of hárri, bæði að því er snertir þyngd hvalanna og verð. Hafa þeir skýrt svo frá, að þeir hafi staðið bæjarstjórn Siglufjarðar skil á andvirði hvalanna, sem að öllum kostnaði frádregnum hafi numið kr. 7622,52. Nánari skilagrein á ráðstöfunum sínum hafa þeir eigi gjört í málinu, en hinsvegar er það upplýst að bæði hafa þeir gefið nokkuð af hvalnum og auk þess greitt af andvirði hans þóknun til nokkurra manna, er þátt tóku í hvalrekstrinum, en hvorugt þetta getur rýrt landshlut gagnáfrýjenda. Að þessu athuguðu og þegar þess er gætt, að aðaláfrýjendum bar að gera gagnáfrýjendum reikningsskil á ráðstöfunum sínum á hvölunum, verður að svo vöxnu máli að leggja útreikning gagnáfrýjenda á upphæð landshlutarins til grundvallar við dóm málsins.

Eins og getið er í forsendum hins áfrýjaða dóms var aðaláfrýjendum, samdægurs og hvalirnir voru drepnir, falið að ráðstafa þeim af mönnum þeim, er þátt tóku í rekstri hvalanna og drápi. Verður ekki sjeð að gagnáfrýjendur hafi hreyft neinum mótmælum gegn því, en 4 dögum síðar, 23. maí 1917, ritar einn gagnáfrýjenda aðaláfrýjendum brjef og áskilur

sjer og meðeigendum sínum fullan rjett til landshlutar af hvölunum samkvæmt gildandi lögum. Með þessu má telja að gagnáfrýjendur hafi sætt sig við að aðaláfrýjendur sæju um skurð og sölu á landshlut sínum. Þykir því rjett að frá kröfu gagnáfrýjenda dragist kostnaður við skurð og sölu landshlutarins og með hliðsjón af ákvæðum Jónsbókar Rb. 3., 4. og 5., þykir hann hæfilega ákveðinn fjórðungur af verði landshlutarins eða kr. 1567,50.

Samkvæmt þessu ber að dæma aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjendum kr. 6270,00 ÷ kr.1567,50 eða kr. 4702,50 með 5 % ársvöxtum frá sáttakærudegi 11. okt. 1917 til greiðsludags Um greiðslu málskostnaðar á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður, en málskostnað í hæstarjetti greiði aðaláfrýjendur gagnáfrýjendum in solidum með 300 krónum.

Því dæmist rjett vera:

Aðaláfrýjendur, síra Bjarni Þorsteinsson, Jón Guðmundsson, Guðmundur Hafliðason, Helgi Hafliðason, Sophus Blöndal, Flóvent Jóhannsson, Jón Jóhannesson og Þorsteinn Pjetursson greiði gagnáfrýjendunum Helga Guðmundssyni, Páli Kr. Jóhannssyni og dánarbúi Rakelar Pálsdóttur in solidum kr. 4702,50 með 5 % ársvöxtum frá sáttakærudegi 11. okt. 1917 til greiðsludags.

Um málskostnaðargreiðslu í hjeraði á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður en málskostnað í hæstarjetti greiði aðaláfrýjendur gagnáfrýjendum in solidum með 300 krónum.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Tildrög þessa máls eru þannig:

Fyrri part dags hinn 19. maí 1917 kom háhyrningavaður inn á Siglufjörð. Voru hvalirnir reknir, með atgöngu mikils mannfjölda úr Siglufirði, inn á höfn kaupstaðarins inn að timburhólma (kallaður Anlæg), sem bygður er á höfninni, fram undan landi jarðarinnar Hafnar. Voru 74 af hvölunum drepnir þar, ýmist lagðir eða skotnir, er þeir kendu grunns. Voru hinir drepnu hvalir síðan fluttir yfir á Siglufjarðareyri (á aðalkaupstaðarlóðina), til þess að þeir yrðu skornir þar og afurðunum ráðstafað. Eftir að búið var að drepa hvalina og flytja þá á land, var skotið á fundi meðal þeirra manna, er unnið höfðu að innrekstri, drápi og flutningi þeirra, en það hefir að líkindum verið mikill meiri hluti allra vinnufærra manna í Siglufirði. Var á þeim fundi kosin 9 manna nefnd til þess, að sjá um skurð hvalanna og til þess að ráðstafa afurðunum og koma þeim í verð á sem haganlegastan hátt. Hafði nefnd þessi síðan alla meðferð málsins í sinni hendi sagði fyrir um og rjeði menn til hvalskurðar, samdi um kaup við þá, skifti út og seldi hvalinn á Siglufirði, sendi sumt burt til sölu, tók ákvörðun um hvernig skyldi varið fje því, sem inn kom við hvalsöluna, og stóð loks skil á andvirðinu, að frádregnum öllum kostnaði til bæjarstjórnar Siglufjarðarkaupstaðar; en samkvæmt símskeyti bæjarfógetans, framlögðu í rjettinum undir rekstri málsins, sem rjettarskjal 18, var netto ágóðinn af háhyrningadrápinu 7622 krónur, 52 aurar.

Eins og að framan er sagt voru hvalirnir drepnir nálægt, sumir fast við, Timburhólma inn á botni Siglufjarðar. En hólma þennan hafði síldarkaupmaður O. Tynes (A/S „Siglefjords Sildesalteri & Anlægskompagni) bygt á landi jarðarinnar Hafnar eða rjettara sagt á leirunum framundan Hafnarlandi sbr. lóðarsamning 5. desbr. 1916, rjettarskjal 16. En samkvæmt þessu töldu eigendur jarðarinnar Hafnar, að hvalirnir hefðu verið reknir á þeirra land, og að þeir því ættu tilkall til landshlutar, samkvæmt gildandi landslögum. Þeir hafa því hafið mál þetta með sáttakæru, dags. 11. okt. 1917, gegn þeim átta, er búsettir voru í Siglufirði, af meðlimum nefndar þeirrar, er falið var að annast um skurð

hvalanna og koma afurðunum í verð. Krefjast þeir, að stefndu verði dæmdir „in solidum“ til að greiða þeim, kr. 6270,00 með 5 % vöxtum p. a. af þeirri upphæð frá 19. maí 1917 að telja til greiðsludags. Til vara krefjast þeir, að stefndu verði dæmdir til að greiða upphæðir þessar „pro rata“. Ennfremur krefjast þeir, að stefndu verði á sama hátt dæmdir til að greiða þeim málskostnað að skaðlausu eftir reikningi, eða eftir mati rjettarins.

Þessa dómskröfu telja stefnendurnir jafngilda $^1/_3$ af andvirði 66 hvala, er þeir fullyrða að hafi verið drepnir í lóð Hafnarlands, eftir því sem næst verður komist um stærð hvalanna og eftir því sem gangverð var á spiki og megru á Siglufirði, þegar hvalaafurðirnar voru seldar. En til þrautavara hefir umboðsmaður stefnendanna, síðar undir rekstri málsins, krafist, að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnendunum $^1/_3$ af netto andvirði hvalanna allra, ásamt vöxtum og málskostnaði eins og að framan segir.

Dómskröfur sínar byggir umboðsmaður stefnendanna á rekabálki Jónsbókar 8. kap. „Ef menn reka hval á land manns, þá eigu þeir tvá hluti, en landeigandi þriðjung“. Telur hann fullsannað með vottorðum og uppdráttum, sem lagðir hafa verið fram, og með vitnaleiðslum, sem fram hafa farið undir rekstri málsins, að, að minsta kosti 66 af hinum drepnu hvölum, eða öllu heldur minst 70 eða 72 af þeim, hafi verið drepnir í lóðhelgi Hafnarlands, og að hvalirnir allir hafi verið reknir á Hafnarland í þeirri merkingu, er tilvitnað Jónsbókarákvæði á við, þar eð aðstaðan við Hafnarland, og það eitt, hafi gert mögulegt að vinna hvalina.

Umboðsmaður stefndu hefir fyrst og fremst krafist, að máli þessu verði vísað frá dómi fyrir þá sök, að í því hefir aðeins verið stefnt þeim 8 af meðlimum hinnar svokölluðu háhyrninganefndar, sem búsettir voru á Siglufirði er málið var höfðað, en níunda manninum, er var búsettur í fjarlægð, slept. Síðar undir rekstri málsins, hefir einn hinna stefndu ennfremur krafist, fyrir hönd þeirra allra, að málinu verði vísað frá dómi fyrir þá sök, að það hafi átt að hefja það og reka sem landaþrætumál, eða að minsta kosti sem vettvangsmál.

Því næst og til vara hafa stefndu krafist, að þeir verði sýknaðir af öllum kærum og kröfum stefnenda í máli þessu, og að þeim verði tildæmur hæfilegur málskostnaður, eftir rjettarins mati, hvort sem málinu er vísað frá dómi, eða þeir eru sýknaðir. En til þrautavara krefjast þeir, að þeir aðeins verði dæmdir til að

greiða stefnendunum $^1/_3$ hluta af netto andvirði háhyrninganna með 4 % vöxtum p. a. af þeirri upphæð. Loks hefir umboðsmaður stefndu krafist að stefnendurnir verði sektaðir fyrir óþarfa þrætu. Sýknunarástæður sínar byggir umboðsmaður stefndu og þeir sjálfir á margvíslegum rökum.

Þeir mótmæla því, eða telja ósannað, að háhyrningarnir hafi verið drepnir í lóðhelgi Hafnarlands, nema þá ef til vill örfáir. En þó svo hefði verið, telja þeir, að eigendur Hafnar, hefðu ekki átt rjett til landshlutar, sumpart af því, að ákvæðið í rekabálki Jónsbókar 8. kap., um hvali, sem reknir eru á land, hafi aldrei átt við háhyrninga og aðra smáhvali, en sumpart af því, að ákvæði þetta hafi verið numið úr lögum með konungsbrjefi 23. júní 1779. Þá hafa þeir haldið því fram, að eigendur Hafnarlands sjeu eigi rjettir sóknaraðiljar í þessu máli, heldur O. Tynes, eigandi trjehólmans, sem hvalirnir voru reknir upp að, og leigjandi lóðarinnar undir honum og umhverfis hann.

Loks hafa stefndu haldið því fram, að máli þessu sje ranglega beint gegn þeim, það hafi átt að stefna þeim, er ráku háhyrningana inn, drápu þá og fluttu yfir á Siglufjarðareyri. Hvalirnir hafi ekki verið afhentir háhyrninganefndinni (stefndu), fyr en alt þetta var um garð gengið, eigi stefnendurnir því enga sök á hendur þeim (stefndu), þó um sök væri að ræða.

Frávísunarkröfur stefndu getur rjetturinn ekki tekið til greina. Ef eigendur Hafnarlands eiga skaðabótakröfu á hendur hinni svokölluðu háhyrninganefnd vegna athafna hennar í þessu máli, er enginn vafi á, að nefndarmenn eiga að svara til saka, einn fyrir alla og allir fyrir einn. Getur það því engin áhrif haft, þótt einum eða fleirum af nefndarmönnunum hafi verið slept, er stefnt var.

Þá eru málavextir eigi þannig, að ástæða hafi verið til, að höfða mál þetta sem landamerkjamál, nje reka það sem vettvangsmál.

Það verður að teljast sannað undir rekstri málsins, að flestir eða jafnvel flestallir hvalirnir, hafi verið reknir á Hafnarland í þeirri merkingu, sem rekbálkur Jónsbókar 8. kap. brúkar það orðatiltæki. Þeir hafa að minsta kosti flestir, verið drepnir í lóðhelgi Hafnarlands, þegar þeir kendu grunns, eða gátu eigi neytt sunds lengur. En aðstaðan við Hafnarland var notuð til að drepa þá alla, og hún ein gerði hvaladrápið mögulegt. Úrslitin að því er

aðalefni málsins snertir, velta því á, hvaða lagaákvæði gilda nú um háhyrninga, sem reknir eru á land og drepnir þannig.

Rjetturinn getur eigi fallist á þá skoðun stefndu, að Jónsbókar rekabálkur 8. kap. eigi ekki við háhyrninga, af því þar sje eingöngu átt við stærri hvali. Í tilvitnuðum kap. Jónsbókar er talað um hvali, og háhyrningar hafa vafalaust eftir málsvenjunni þá, verið kallaðir hvalir og svo er það enn. Ákvæðið í rekabálki Jónsbókar um hvali, sem reknir eru á land manns, er ekki úr lögum numið með konungsbrjefi 23. júní 1779. Þar er aðeins talað um flutningshvali, og ástæður eru ekki svo líkar, að heimilt sje, að láta konungsbrjef þetta, ná einnig til hvala, sem reknir eru á land manns. Önnur lög hafa heldur ekki breytt þessu Jónsbókarákvæði. Samkvæmt þessu verður rjetturinn að líta svo á, að eigendur Hafnarlands, hafi átt tilkall til landshlutar af hvölum þeim, sem drepnir voru á Siglufjarðarhöfn 19. maí 1917, því það kemur ekki til mála, að O. Tynes, sem hefir leigt þarna lóð til síldarsöltunar, eigi þetta tilkall, og sama er að segja um mann þann, sem var ábúandi á parti jarðarinnar, en ekki eigandi. Hann hefir lýst því yfir, að hann hefði engin rekarjettindi.

Stefndu, eða hinni svokölluðu háhyrningsnefnd, var á fundinum, sem haldinn var að kvöldi 19. maí 1917, falið að hafa alla umsjón með hvalskurðinum og öll umráð yfir hvalafurðunum, og fje því, sem inn kom við sölu þeirra. Með því varð nefndin fullkominn umboðsmaður hvalveiðimanna, og því rjett, að stefnendurnir beindu málssókn þessari gegn nefndarmönnunum, enda lítt gerlegt, eða öllu heldur alveg óframkvæmanlegt, að stefna öllum þeim, sem að innrekstrinum og drápinu unnu.

Upphæð dómkröfunnar miða stefnendurnir við „brutto“ verð hvalanna. Telja þeir, að þeir hafi átt $^1/_3$ hluta þeirra, og að hvalveiðimönnunum hafi verið óheimilt, að flytja þá (þennan $^1/_3$ hluta) burt úr lóðhelgi Hafnarlands. Þeir hafa þó ekki, að því er sjeð verður, hindrað eða gert tilraunir til þess að hindra, að hvalirnir væru fluttir yfir á Siglufjarðareyri og skornir þar. En það væri mjög óeðlilegt og ósanngjarnt, að stefnendurnir losnuðu við, að greiða í rjettu hlutfalli, kostnaðinn við sjálft hvaladrápið, skurð þeirra og við sölu afurðanna, og það því fremur, sem þeir eigi komu fram með kröfuuna, um landshlut af hinum drepnu hvölum, fyr en á 4. degi eftir drápið, og hafði þó að minsta kosti einn þeirra verið á fundinum að kvöldi 19. maí 1917, er ráðstafaði hvölunum og kaus háhyrninganefndina. Virðist því

rjett, með sjerstöku tilliti til þess, að kostnaður við innrekstur hvalanna, mun hafa verið greiddur af andvirði hvalaafurðanna, að krafa sú, er stefnendurnir hafa gert til þrautavara, verði tekin til greina, og að þeim verði dæmdur $^1/_3$ hluti af „netto“ andvirði hvalanna allra.

Samkvæmt þessu ber að dæma hina stefndu einn fyrir alla og alla fyrir einn, til að greiða stefnendunum kr. 2540,84, með 5 % ársvöxtum af þeirri upphæð, frá sáttakærudegi 11. okt. 1917 að telja, til greiðsludags. Svo ber og að dæma þá til, að greiða stefnendunum málskostnað, er eftir atvikum virðist hæfilega metinn 300,00 krónur.

Miðvikudaginn 20. maí 1925.

Nr. 16/1925. **Valdstjórnin** (Sveinn Björnsson)
gegn
Þórði J. Thoroddsen (L. Fjeldsted).

Um lögmæti ákvæða um sölu áfengis eftir lyfseðli í 5. og 6. gr. ásamt refsifyrirmælum 8. gr. reglugjörðar nr. 67, 7. ágúst 1922.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 12. mars 1925: Kærður Þórður Jónas Thoroddsen á að vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar í þessu máli.

Málskostnaður greiðist af almannafje.

Dómur hæstarjettar.

Mál þetta er höfðað á hendur kærða einungis fyrir brot á fyrirmælum reglugjörðar nr. 67, 7. ágúst 1922, og kemur því ekki til álita hvort hann kynni að hafa gerst brotlegur við aðrar rjettarreglur með athöfnum þeim, sem lýst er í hinum áfrýjaða lögreglurjettardómi.

Kærði hefir að vísu brotið ákvæði 5. og 6. gr. áðurnefndrar reglugjörðar, sem sett er af dómsmála-

ráðherra, svo sem í upphafi hennar segir, »samkvæmt 2. gr. laga nr. 62, 27. júní 1921«. En hvorki í 2. gr. tjeðra laga nje annarstaðar í þeim felst heimild til handa framkvæmdarvaldinu til þess að setja ákvæði þau um sölu áfengis eftir lyfseðli er í 5. og 6. gr. reglugjörðarinnar segir, ásamt refsifyrirmælum 8. gr. sömu reglugjörðar, og ber því að sýkna kærða af kærum valdstjórnarinnar í þessu máli, eins og hjeraðsdómarinn hefir gert. Einnig ber að staðfesta ákvæði lögreglurjettardómsins um málskostnað í hjeraði.

Eftir þessum málsúrslitum ber að greiða úr ríkissjóði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarjetti, 150 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði lögreglurjettardómur á að vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda málsins og verjanda, hæstarjettarmálaflutningsmannanna Sveins Björnssonar og Lárusar Fjeldsteds, 150 kr. til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er að fyrirlagi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn fyrverandi hjeraðslækni, Þórði Jónasi Thoroddsen, Túngötu nr. 12, hjer í bænum, sem eigi hefir áður sætt refsingu eða kæru fyrir brot gegn áfengislöggjöfinni, fyrir brot gegn ákvæðum reglugjörðar nr. 67/1922 um sölu áfengis til lækninga, og eru málavextir þeir er nú skal greina:

Í desembermánuði f. á. athugaði lyfsölustjórinn eftir ósk dóms- og kirkjumálaráðuneytisins í samráði við landlækni og í návist hans, áfengisseðla þá, er látið hafði verið úti eftir í lyfjabúðum eftir 154 áfengisseðlum frá kærðum í maímánuði og eftir 88 í nóvembermánuði. Af áfengisseðlunum frá kærðum, sem látið var úti eftir í lyfjabúðunum á þessum tveimur mánuðum, voru aðeins 1 lyfseðill í maí og 58 í nóvember ritaðir á hin sjerstöku eyðublöð, er ræðir um í 5. gr. reglugjörðar nr. 67/1922, hinir voru ritaðir á algeng lyfseðlaeyðublöð og af áfengisseðlunum, sem látið var úti eftir í maímánuði f. á. hljóðuðu 152, og af lyfseðlunum, sem látið var út eftir í nóvembermánuði f. á., hljóðuðu 72, um meira áfengi, en svarar 210 gr. af spiritus concentratus, eða stærri áfengisskamt, en 6. gr. reglugjörðarinnar heimilar mannalæknum að ávísa sjálfum sjer eða öðrum í einu, nema sjerstaklega standi á.

Kærður hefir ekki vjefengt skýrslurnar frá lyfsölustjóra og talið sennilegt að hann hafi gefið út eins marga áfengislyfseðla á þessum tveim mánuðum og þar eru taldir og að eins margir þeirra hafi brotið í bág við fyrirmæli 5. og 6. gr. reglugjörðar nr. 67/1922 og skýrslurnar telja. Ástæðurnar til þess, að kærður hefir gefið út eins marga áfengislyfseðla og skýrslurnar sýna, telur hann þær, að svo mikil aðsókn sje að honum sem lækni, sjerstaklega að innvortis sjúkdómum, að hann hafi sem læknir talið nauðsynlegt, að gefa út svona marga áfengislyfseðla í lækninga skyni. Hann kveður sjúkravitjanir sínar og viðtöl við sjúklinga vera um 8—9 þúsund á ári að meðaltali, og margt af því fólki, sem vitjar hans, eru sjómenn og eldra fólk, og hefir hann talið nauðsynlegt að verða við óskum þess um áfengi sem lyfi gegn ýmsum kvillum og til varnar innkulsi og ná úr sjer kvefi. Kveðst hann aldrei hafa látið úti áfengislyfseðil í öðru skyni en því, að fyrirbyggja eða lækna sjúkdóma eða kvilla.

Þar sem kærður hafi orðið að gefa út svo marga áfengislyfseðla hafi hin sjerstöku eyðublöð undir þá, er hann hafi fengið hjá landlækni hvergi nærri hrokkið til að sinna þeim kröfum, sem til hans hafi verið gerðar af sjúklingum, og hann sem læknir hafi talið sig verða að sinna. Hafi hann þá fylgt þeirri reglu, að fá hjá landlækni svo mörg slík eyðublöð, sem hann hafi getað fengið, eða sem svaraði 25 eyðublöðum á mánuði, og notað þau, meðan entust, en er þessi eyðublöð voru notuð skrifaði hann áfengisseðlana á venjulegan lyfseðlamiða.

Hann kveðst hafa fengið hjá landlækni 50—150 áfengislyfseðlaeyðublöð í einu og notað meðan entust og hafi því komið fyrir mánuðir, sem hann hafi ekkert slíkt eyðublað haft.

Aldrei kveðst kærður hafa látið úti lyfseðla, er hljóðuðu um meira en hinn tiltekna skamt af áfengi, nema hann hafi talið skilyrðin fyrir því eftir reglugjörðinni, vera fyrir hendi, nefnilega er um aðkomumenn var að ræða, er bjuggu langt frá lækni, eða menn sem ætluðu til sjós og hann vissi að ekki myndu misbrúka áfengið. Hann kveður lyfseðlana þó hafa hljóðað um venjulegast 300 gr., en þó einstöku sinnum 400 gr. Hitt játar hann, að hann hafi vanrækt að láta lyfseðlana bera þetta með sjer og ekki ritað ástæðurnar á þá, eins og boðið er í 6. gr. reglugjörðarinnar.

Svo hefir kærður borið brigður á það, að reglugjörð sú, er hann er kærður fyrir brot á, hafi nægilega stoð í gildandi lögum, og mótmælt því að hægt væri að refsa læknum fyrir brot gegn henni.

Kærður hefir brotið ákvæði 5. og 6. greinar reglugjörðar nr. 67/1922 með því að gefa út áfengislyfseðla, er ekki voru ritaðir á hin fyrirskipuðu eyðublöð, og með því að hafa áfengisskamtana stærri, en fyrirskipað er í henni, án þess að geta um ástæðurnar á þeim. Verður þá að athuga hvort sú vörn hans í málinu, að reglugjörð þessi hafi ekki nægа stoð í gildandi lögum er á rökum bygð.

Reglugjörð nr. 67/1922 um sölu áfengis til lækninga (stj tíð. s. á. B, bls. 150—152) er gefin út af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 7. ágúst 1922, og eftir því, sem það sjálft segir, sett samkvæmt heimild í 2. gr. laga nr. 62 frá 27. júní 1921 um einkasölu á áfengi. Áður giltu um sölu lyfja, sem áfengi er í, reglur settar 15. apríl 1920 af landlækni samkvæmt 9. gr. laga nr. 91 frá 14. nóvember 1917 um aðflutningsbann á áfengi, prentaðar í Lögbirtingablaðinu 14. maí 1920, og eru þær reglur úr gildi numdar frá 1. september 1922 að telja með 9. gr. reglugjörðarinnar nr. 67/1922.

Fyrri málsgrein 2. gr.l. nr. 62/1921 hljóðar svo: „Áfengi það, sem ríkisstjórnin flytur inn samkvæmt 1. gr. selur hún aðeins lyfsölum og læknum er ekki hafa rjett til lyfjasölu, svo og öðrum þeim, er bannlögin heimila. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um áfengissöluna. Í þeim reglum, skal það tekið til hve mikið áfengi megi láta af hendi við lækna, dýralækna og lyfsala, svo mest sje á ári hverju, eða um tiltekið tímabil".

Reglur þær, er ræðir um í öðrum málslið málsgreinarinnar, verður nú að álíta að eigi að vera um áfengissölu þá, sem ræðir um í 1. málslið málsgreinarinnar, en það er áfengissalan til lyfsala og lækna, en ekki salan frá þeim aftur á áfengi til lækninga. Þetta sjest af 3. málslið málsgreinarinnar, því ákvæði þau sem þar ræðir um, ná eingöngu til sölunnar til lækna og lyfsala, en ekki til sölunnar frá þeim aftur til lækninga.

Þetta er mjög eðlilegt. 2. og 3. málsliður málsgreinar þessarar leggja fyrir ríkisstjórnina að setja reglur um áfengissölu þá, sem henni er veittur einkarjettur á í 1. gr. laganna, en ákvæði um reglur fyrir sölu lyfja, sem áfengi er í, voru til í hinni gildandi löggjöf, nefnilega í 2. málsgrein 9. gr. laga nr. 91/1917 um aðflutningsbann á áfengi og þar ákveðið, að landlæknir skyldi setja reglur til tryggingar því, að áfeng lyf yrðu eigi höfð til neyslu heldur eingöngu lækninga. Það er athugandi, að sjerfræðisþekkingu í læknisfræði þarf til þess að setja reglur um sölu lyfja, sem áfengi er í, og því eðlilegt að það væri trygt í lögunum, að ríkisstjórnin leitaði álits landlæknis um slíkar reglur, áður en þær væru settar, ef stjórnin ætti að setja þær, sbr. og stjórnarfrv. það til laga um breytingar á bannlögunum, sem lagt hefir verið fyrir Alþingi það, sem nú situr, en ekkert slíkt ákvæði er í lögum nr. 62/1921, og bendir það til þess, að ríkisstjórninni hefir ekki verið ætlað í lögunum að setja slíkar reglur, heldur aðeins um sölu áfengis þess, er hún í lögunum fjekk einkarjett til sölu á, til lækna og lyfsala og annara er bannlög heimiluðu, og svo um sölu á suðuvökva og iðnaðaráfengi, því ákvæði vantaði í löggjöfina um setningu reglna um þessa sölu, sbr. nú 2. málsgr. 2. gr. laga nr. 62/1921, og reglugjörðir nr. 65 og 66/1922.

Nefnd sú á Alþingi 1921 (lyfjasölunefndin í Ed.), er bar fram frv. til laganna um einkasölu á áfengi, ætlaðist heldur eigi til að ríkisstjórnin fengi í þeim lögum heimild til þess að setja reglur um sölu áfengis til lækninga. Í 2. gr. frv., sem nefndin bar fram stóð berum orðum: „Um sölu áfengis til lyfja, fer samkvæmt gildandi bannlögum“ (Alþ.tíð. 1921 A, bls. 770). Þetta ákvæði fjell að vísu úr lagafrv. undir meðferð þess í Ed., án þess að sjeð verði að tilætlunin með burtfellingu þess hafi verið sú, að reglur þær er stjórninni var falið að setja, ættu einnig að ná til sölu áfengis til lækninga, og að minsta kosti var ákvæðið í 2. málsgr. 9. gr. bannlaganna, um setningu reglna af hálfu landlæknis um þetta efni, ekki felt úr gildi með einkasölulögunum

frá 1921. Það sjest að vísu í Alþingistíðindunum, að á Alþingi hafa sumir þingmenn litið svo á, að í frv. fælist heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að setja reglur um sölu áfengis til lækninga, en þar sem sú skoðun byggist ekki á orðum laganna og getur ekki samrýmst þeim, en ákvæðið í 9. gr. bannlaganna hinsvegar hefir ekki verið úr gildi felt, getur það enga þýðingu haft, þegar um það er að ræða, að beita lögunum.

Rjetturinn verður því að líta svo á, að reglugjörð nr. 67/1922 hafi ekki næga stoð í 2. gr. laga nr. 62/1921 eða annarsstaðar í gildandi lögum, og þar sem málshöfðunarfyrirskipun dómsmálaráðuneytisins gegn kærðum er einskorðuð við brot á ákvæðum þessarar reglugjörðar, verður að sýkna hann af kæru valdstjórnarinnar í þessu máli og málskostnaður að greiðast af almannafje.

Það skal og tekið fram, að í lögum nr. 62/1921 er ekkert ákvæði, er heimili að leggja í reglugjörð refsingu við brotum gegn ákvæðum hennar, en það hefir jafnan verið talið nauðsynlegt skilyrði fyrir því að refsing verði á lögð fyrir brot gegn ákvæðum reglugjörðar, að ótvíræð lagaheimild til þess væri fyrir hendi, og það svo að bráðabirgðalög hafa verið gefin út, ef lagaheimild þessa hefir vantað, sbr. til að mynda bráðabirgðalög nr. 72 frá 30. desember 1915.

Á rekstri máls þessa hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 3. júní 1925.

Nr. 64/1924. **Rjettvísin**
gegn
Birni Sveinssyni og Skúla Thorarensen.

Úrskurður.

Áður en mál þetta verður dæmt í hæstarjetti ber rannsóknardómaranum að útvega eftirgreind skilríki:

1. Hlaupareikning áfengissmásölunnar við Lands-

banka Íslands yfir tímabilið frá 4. ágúst 1922 til 31. mars 1924.

2. Viðskiftareikning áfengissmásölunnar við heildsölu áfengisverslunar ríkisins yfir sama tímabil, ásamt afhendingarseðlum og móttökukvittunum smásölunnar.
3. Sjóðbækur og útlánsbækur ákærða Björns Sveinssonar yfir tímabilið frá 4. ágúst 1922 til 31. mars 1924, með drögum til þeirra (Cladder) og lánsnótum.
4. Sjóðbækur ákærða Skúla Thorarensen frá 4. ágúst 1922 til 31. mars 1924 með tilheyrandi söluseðlum.
5. Mánaðarreikninga ákærða Björns Sveinssonar yfir tímbilið frá 4. ágúst 1922 til 30. apríl 1922 með vörutalningalistum og frumdrögum til þeirra, ef skjöl þessi kynnu að finnast eftir ítrekaða leit eftir þeim.
6. Fylgiskjölin með reikningi áfengissmásölunnar yfir tímann frá 4. ágúst til 31. desember 1922, ef nokkur hafa verið.
7. Ársreikning smásölunnar 1923 með fylgiskjölum.

Að fengnum þessum gögnum ber rannsóknardómaranum að framhalda rannsókninni og á sú rannsókn einnig að ná yfir rekstur áfengissmásölunnar yfir tímabilin frá 4. ágúst til 31. desember 1922 og 1. janúar til 31. mars 1924. Meðal annars ber rannsóknardómaranum:

að taka fyrir rjetti skýrslu P. Mogensens um það hverjar fyrirskipanir hann hafi gefið ákærðum um tilhögun verslunarrekstursins, bókhald, reikningsskil, um heildsöluverð og útsöluverð áfengisins og um það hvaða ábyrgð, hvor

hinna kærðu hafi átt að bera á verslunarrekstrinum

a ð rannsaka ítarlegar en gjört hefir verið efnahag ákærða Björns Sveinssonar 4. ágúst 1922, er hann tók við versluninni og 31. mars 1924, er hann skilaði henni af sjer, svo og hvernig hann hafi varið tekjum sínum meðan hann hafði forstöðu verslunarinnar á hendi

a ð yfirheyra verslunarmann Pál Stefánsson sem vitni, ef til hans næst og þá menn aðra, sem líkur eru til, að gætu gefið einhverjar upplýsingar í málinu og yfirhöfuð ber rannsóknardómaranum að útvega skýrslur þær og aðrar upplýsingar, er framhaldsrannsóknin kann að gefa tilefni til að leita.

Því úrskurðast:

Rannsóknardómaranum ber að útvega framangreindar skýrslur og upplýsingar svo fljótt sem verða má.

Mánudaginn 8. júní 1925.

Nr. 62/1924. **Ólafur Jóhannesson** (Jón Ásbjörnsson) gegn **skiftaráðandanum í Barðastrandarsýslu f. h. þrotabús h/f. „Patrekur“ o. fl.** (Enginn).

Úrskurður um gjaldþrotaskifti ómerktur.

Úrskurður skiftarjettar Barðastrandarsýslu 19. sept. 1924: Hlutafjelaginu „Patrekur“ Patreksfirði er slitið, og skulu eignir þess teknar til þrotabúsmeðferðar.

Dómur hæstarjettar.

Hinir stefndu mættu eigi í málinu, er sókn skyldi flutt í því. Hefir það því verið flutt skriflega samkvæmt 38. gr. hæstarjettarlaganna og ber að dæma það samkvæmt framlögðum skjölum og skilríkjum samkv. N. L. 1—4—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Málavextir eru þeir, að hinn 16. sept. f. á. sendu nokkrir hluthafar í h/f. »Patrekur« beiðni til skiftaráðandans í Barðastrandarsýslu, þar sem þess er farið á leit að nefnt hlutafjelag verði tekið til gjaldþrotaskifta. Á erindi þetta ritaði skiftaráðandi fyrirkall til fjelagsstjórnarinnar með tilvitnun til 6. gr. laga 13. apríl 1894 um gjaldþrotaskifti, og var fyrirkall þetta síðan birt stjórnendum fjelagsins, þar á meðal áfrýjanda, Ólafi konsúl Jóhannessyni, sem var formaður stjórnarinnar. Á tilsettum stað og stundu mættu 3 af gjörðarbeiðendunum, en af hálfu stjórnendanna mætti áfrýjandi og lagði fram skrifleg mótmæli gegn kröfu gjörðarbeiðanda. Það er því eigi rjett í forsendum hins áfrýjaða úrskurðar, að stjórn hlutafjelagsins hafi eigi mætti eða látið mæta á fundinum.

Þótt hlutafjelag það er hjer ræðir um, hafi verið komið í fjárþröng og ekki getað staðið í skilum við kröfuhafa sína, höfðu einstakir fjelagsmenn þess hvorki samkvæmt lögum fjelagsins eða samkvæmt lögum nr. 77, 27. júní 1921 um hlutafjelög neina heimild til þess að krefjast þess að fjelagið væri tekið til gjaldþrotaskifta, og þar sem gjörðarbeiðendur áttu hinsvegar eigi til neinnar skuldar að telja hjá fjelaginu, lá eigi fyrir nein lögmæt heimild til þess að taka bú þess til gjaldþrotaskifta. Það ber því að ómerkja hinn áfrýjaða skiftarjettar-

úrskurð. Samkvæmt þessum úrslitum verður að dæma gjörðarbeiðendur, er stefndir eru í máli þessu, til þess in solidum að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarjetti, og ákveðst hann 300 kr.

Það er aðfinsluvert að skiftaráðandi hefir eigi sjerstaklega tekið til úrskurðar kröfu, er fram kom á skiftafundinum frá áfrýjanda, um að hann (skiftaráðandi) viki úr sæti í málinu.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði skiftarjettarúrskurður á að vera ómerkur.

Hinir stefndu Magnús Þorsteinsson, F. A. Þórðarson, Bjarni Þórðarson, Þórarinn Árnason, Magnús Jóhannsson, Ari Einarsson, E. M. Bachmann, Guðmundur Þórðarson, Hallgrímur Guðmundsson, Ólafur Ólafsson og Jóhannes Jóhannesson greiði in solidum áfrýjanda Ólafi Jóhannessyni 300 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Með lögum 27. júní 1921 nr. 77 eru settar vissar ákveðnar reglur um hlutafjelög og eru sjerstök ákvæði í 59. gr. nefndra laga, að því er eldri fjelög snertir, og bar að hafa lokið skrásetning slíkra fjelaga sem þessa, innan 1. júlí 1922, en þessa hefir ekki verið gætt með þetta fjelag, og verður því samkvæmt ákvæðum nefndra laga, að líta á fjelag þetta, sem því hafi verið slitið, sbr. ákvæðin: „og skal þá slíta fjelaginu". Stjórn hlutafjelagsins „Patrekur" hefir hvorki mætt eða mæta látið, þótt fyrirkallið sje löglega birt og ber því að líta á kröfur hluthafanna samkvæmt ákvæðum 6. gr. í gjaldþrotalöggunum frá 1894, og telja kröfu *hluthafanna* á rökum bygða, enda viðurkent af stjórnar-

formanninum, að fjelagið eigi ekki fyrir skuldum sínum, og sje því insolvent, enda skip það, sem fjelagssapurinn bygðist á, selt, og því grundvellinum undir fjelagsskapnum kipt burt, auk þess, sem nú er að fjelaginu gengið af einum kröfuhafa með fjárnámi, verður að telja kröfu hluthafanna til að framselja fjelagið til gjaldþrotaskifta á fullum rökum bygða, og hafa heimild ekki einungis í 39. gr. laganna frá 1921, ef stjórnin hefði tilkynt fjelagið, svo sem skylda hennar var, heldur og í almennum ákvæðum um, að allir skuldheimtumenn skuli njóta sömu rjettinda, að því er eignirnar snertir, enda er nægilegt í þessu sambandi að vísa til 26. gr. gjaldþrotalaganna sbr. 263. gr. hegningarlaganna, og verður því krafa hlutafjárhafanna tekin til greina að þessu leyti, að fjelaginu sje slitið, og eignir þess teknar til gjaldþrotaskiftameðferðar.

Miðvikudaginn 10. júní 1925.

Nr. 12/1925. **Valdstjórnin** (Sveinn Björnsson)
gegn
Birni Ólafs (Lárus Jóhannesson).

Brot á lögum um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 26. jan. 1925: Kærður, Björn Ólafs, greiði fjórtán þúsund króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Með því að fallast má á ástæður lögreglurjettardómsins, sem ekki er hnekt með framlögðum nýjum skýrslum af hendi kærða, ber að staðfesta dóminn, enda styður svarbrjef forstöðumanns stýrimannaskólans, dags. 12. mars þ. á., við fyrirspurnum sækjanda

frá 7. s. m., framburð vitnanna um að kærði hafi kastað botnvörpu og dregið í landhelgi.

Eftir þessum úrslitum verður kærði að greiða allan áfrýjunarkostnað þar með taldar 100 kr. til hvors, sækjanda og verjanda málsins fyrir hæstarjetti.

Því dæmist rjett vera:

Lögreglurjettardóminum skal óraskað.

Kærði, Björn skipstjóri Ólafs, greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin sóknar- og varnarlaun til hæstarjettarmálflutningsmannanna, Sveins Björnssonar og Lárusar Jóhannessonar, 100 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn skipstjóra á b/v. R.E. „Maí" hjeðan úr bænum, Birni Ólafs, til heimilis í Mýrarhúsum á Seltjarnarnesi, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 5/1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, og eru málavextir þeir, er nú skal greina.

Fimtudaginn 20. mars f. á. var róðrarbáturinn „Bliki", sem haldið var út frá Dyrhólahöfn, á sjó skamt suður af Dyrhóladröngum. Sá bátshöfnin þá botnvörpung koma að austan, er nálgaðist „Blika" og stefndi til norðvesturs. Rendi hann fram hjá „Blika" innanvert við hann og sáu bátverjar þá, að þetta var botnvörpungurinn R.E. 155 „Maí". Var kallað af botnvörpungnum til bátsins og spurt um afla, en formaður svaraði því til að fisklaust væri. Litlu síðar staðnæmdist botnvörpungurinn, kastaði út stjórnborðs vörpunni og byrjaði að toga vestur með ströndinni.

Formaðurinn á „Blika" Þorsteinn Friðriksson, skólastjóri í Vík, sem verið hefir formaður á þeim bát 7 undanfarin ár á vertíð

undan Dyrhólaey og áður hafði stundað sjó á skútum og enskum botnvörpungum, hefir borið það sem vitni í málinu og staðfest þann framburð sinn með eiði, að botnvörpungur þessi hafi að hans dómi er hann kastaði út vörpunni og fór að toga, verið „ca. $^1/_2$ sjómílu (kvartmílu) vestur til suðurs (rjettvísandi) af Máfadrang við Dyrhólaey og ca. 1 sjómílu suður frá ströndinni". Taldi þetta vitni það ekki orka tvímælis, að hjer hafi verið um landhelgisbrot að ræða og kveðst hafa sjeð varðskipið taka botnvörpunga í landhelgi og hafi þeir þá allajafna verið utar, þar á meðal tveir botnvörpungar, sem varðskipið „Þór" tók í febrúarmánuði síðastliðnum og sektaðir voru í Vestmannaeyjum.

Sjö hásetar af „Blika" hafa og verið yfirheyrðir sem vitni í málinu og eru sumir þeirra alvanir sjómenn. Hafa öll vitnin borið að „Bliki" hafi verið fyrir innan landhelgislínuna og skamt suður af Dyrhólaey. Þau hafa öll lýst aðförum botnvörpungsins eins og formaðurinn gerði, öll sjeð að það var R.E. 155 „Maí" og að hann fór innan við bátinn, að hann kastaði síðan út vörpunni örfáum mínútum eftir að hann fór fram hjá bátnum (og tekur eitt vitnið það fram að það hafi sjeð hlerana síga í sjóinn og annað, að það hafi verið stjórnborðsvarpan og öll telja þau hann hafa verið í vafalausri landhelgi. Sum þeirra taka og fram, að þau hafi áður sjeð varðskip taka botnvörpunga fjær landi en „Maí" var í þetta skifti. Öll þessi vitni hafa staðfest framburð sinn með eiði.

Þá hefir og verið yfirheyrður sem vitni í málinu formaður á róðrarbátnum „Sigurbjörgu" er var á sjó sama dag á sömu slóðum, alvanur sjómaður og tveir hásetar á þeim bát. Kemur framburður þeirra heim við framburð bátshafnarinnar á „Blika" að öðru leyti en því, að formaðurinn á „Sigurbjörgu" kveðst ekki hafa sjeð, er botnvörpungurinn kastaði út vörpunni, en kveður bátverja sína hafa haft orð á því að hann hafi gert það. Einnig þessi vitni hafa staðfest framburð sinn með eiði.

Kærður kannast við að hann hafi verið að veiðum við suðurland hinn umrædda dag, enda stendur í dagbók skips hans, að það hafi þá verið að veiðum út af Jökulsá, en það telur kærður 8—10 sjómílur vestar en bátarnir hafi verið.

Hann man og eftir því, að hann á vertíðinni hafi haft tal af róðrarbátum út af Vík, að hann minnir, og spurt um afla og sjer hafi verið svarað því, að bátarnir yrðu ekki varir.

Hann hefir þverneitað því að hafa kastað út vörpu eða hafa

veitt í landhelgi um þetta leyti á þessum slóðum og kveður bátverjum mnni hafa missýnst er þeir hafa borið að hann hafi kastað út vörpunni og verið að veiðum.

Það verður þó að teljast nægilega sannað með framangreindum vitnaframburðum að kærður, sem ekki hefir sætt refsingu fyrir samskonar brot, hafi verið að veiðum innan landhelginnar skamt frá Dyrhólaey 20. mars f. á. og hefir hann því gerst brotlegur við ákvæði 1. gr. greindra laga og þykir refsing hans eftir 3. gr. þeirra fyrir það, hæfilega ákveðin 14000 kr. sekt, er renni í Landhelgissjóð.

Um upptöku afla og veiðarfæra er ekki að ræða, þar sem málið vegna staðhátta og erfiðleika á að ná mönnum á botnvörpungum til yfirheyrslu er höfðað svo löngu eftir að brotið er framið. Hinsvegar verður kærður að greiða allan af málinu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á rekstri málsins hefir enginn dráttur orðið.

Miðvikudaginn 17. júní 1925.

Nr. 59/1924. **Samband íslenskra samvinnufjelaga** (B. P. Kalman)

gegn

Birni Kristjánssyni og gagnsök

(Jón Ásbjörnsson).

Mál um meiðyrði, og bætur fyrir miska og lánstrausts-spjöll.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. ágúst 1924: Ummæli þau, er undir A 12 og 36 og B 4, 13, 17 og 21 segir, eiga að vera dauð og ómerk. Að öðru leyti á stefndur Björn Kristjánsson, að vera sýkn af kröfum stefnanda, Ólafs Briems f. h. Sambands íslenskra samvinnufjelaga, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstarjettar af hálfu beggja aðila.

Í ummælum þeim í riti gagnáfrýjanda, Verslunarólagið, bls. 47, sem átalin eru, er komist svo að orði:

„Og vel má búast við, að þeir menn setji öll járn í eldinn til þess að halda við ástandinu sem er, sem búnir eru að búa svo vel í haginn fyrir sig við kaupfjelagsmenskuna, að þeir njóta nú sumir sennilega hæstu launa allra manna í landinu, t. d. við Sambandið".

Í þessum orðum felst aðdróttun um, að starfsmenn Sambandsins, ótiltekið hverjir, kunni ef til vill að misbeita stöðu sinni í eiginhagsmunaskyni. Samskonar aðdróttun felst einnig í þessum ummælum á bls. 18 í Svari áfrýjanda til Tímarits íslenskra samvinnufjelaga, er einnig hafa verið átalin:

„En um þetta hafa nútíðarforkólfarnir ekki hugsað, þeir virðast hugsa aðeins um það, að troða sjálfum sjer fram með olnbogaskotum og steyttum hnefum. Dæmin eru líka deginum ljósari".

Hvorttveggja þessi ummæli eru meiðandi fyrir menn þá, er þeim er beint að. Ber því að ómerkja þau og láta gagnáfrýjanda sæta sektum fyrir þau samkvæmt 219. gr. hegningarlaganna.

Sömuleiðis eru átalin þessi ummæli á bls. 55 í ritinu Verslunarólagið:

„Þessi reikningsaðferð, sem Landsverslunin hefir notað þarf ekki að vera gerð í sviksamlegum tilgangi, og fráleitt er að svo sje hjer, en hún getur þó fætt af sjer sviksemi annara. Aðrir geta auðveldlega bygt uppgerð sína á reikningi Landsverslunarinnar, og þannig falið skuldaupphæðir í bili, er reikningurinn er gerður upp, og flutt þær yfir á næsta ár. Sjóðþurð má t. d. auðveldlega fela á þennan hátt. Og það má gera það í stærri og minni stíl. Það má fjölga viðskiftamönnum, sem eru svo góðsamir að kvitta skuld 31. des., þótt hún sje ekki greidd fyr en árið eftir. Og eftir þessu og öðru af líku tagi verður að líta, ekki einungis hjá Sambandinu, heldur og hjá kaupfjelögum, sem versla beint við Landsverslunina, eða aðra sem haga kunna reikningsfærslunni á líkan hátt".

Í ummælum þessum felast dylgjur um að aðaláfrýjandi muni ef til vill nota til blekkingar slíka reikningsfærslu viðskiftamanna sinna, sem lýst er næst á undan hjá Landsverslun. Ber að ómerkja þessi ummæli og láta gagnáfrýjanda sæta sektum fyrir þau samkvæmt 219. gr. hegningarlaganna.

Ennfremur þykir rjett að ómerkja þau af hinum átöldu ummælum, er hjer fara á eftir, og sem flest voru ómerkt í hinum áfrýjaða dómi:

Í ritinu Verslunarólagið bls. 37:

„tryggum huliðshjálmi virðist varpað yfir viðskifti þess".

Í Svari gagnáfrýjanda á bls. 14:

„Stefnir ekki starfsemi Sambandsins okkar einmitt í þveröfuga átt, að gera menn **ófrjálsa** og háða".

Á bls. 18 í sama riti:

„því hvernig innheimtu skuldanna er miskunnarlaust beitt, eftir að búið er að leiða menn út í skuldaógæfuna".

Á bls. 24 í sama riti:

„Því að það hefir ekki aðeins steypt kaupfjelögunum í skuldafjötra og hættu".

Orðið „felur" á bls. 30, og orðin „í pukri" á bls. 37 í sama riti.

Að öðru leyti verður, eftir því sem málið hefir verið flutt í hæstarjetti, og samkvæmt forsendum hins áfrýjaða dóms, er fallist verður á að mestu leyti, að telja það rjett að undirdómurinn eigi ómerkti fleiri af hinum átöldu ummælum nje ljet gagnáfrýjanda sæta refsingu fyrir þau. Í tilefni af flutningi málsins í hæstarjetti athugast, að ekki hefir verið stefnt í málinu til ábyrgðar samkvæmt 222. gr. hegningarlaganna, og kemur hún þegar af þeirri ástæðu ekki til greina í málinu.

Það hefir ekki verið sannað eða gert sennilegt,

að hin átöldu ummæli hafi bakað áfrýjanda tjón, og verður skaðabótakrafan því ekki tekin til greina. Sekt sú, er gagnáfrýjanda ber að greiða, ákveðst 100 krónur í ríkissjóð, ella sæti hann einföldu fangelsi í 10 daga.

Málskostnaður í undirrjetti falli niður, en gagnáfrýjanda ber að greiða 200 krónur upp í málskostnað í hæstarjetti.

Því dæmist rjett vera:

Framantalin ummæli eiga að vera dauð og ómerk.

Gagnáfrýjandi Björn Kristjánsson greiði 100 króna sekt í ríkissjóð, en sæti 10 daga einföldu fangelsi, ef sektin ekki er greidd á rjettum tíma.

Málskostnaður í hjeraði falli niður, en gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda, Sambandi íslenskra samvinnufjelaga, 200 krónur upp í málskostnað í hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Síðari hluta ársins 1922 ritaði stefndur í máli þessu Björn Kristjánsson, fyrv. ráðherra, og gaf út ritling nokkurn, er hann nefndi „Verslunarólagið". Eru þar fyrst ýmsar almennar athugasemdir um verslun landsins, en megin ritlingsins er um kaupfjelögin hjer á landi og Samband íslenskra samvinnufjelaga. Er þar nokkur grein gerð fyrir upphafi þeirra fjelaga, og einkum upphafi Sambands íslenskra samvinnufjelaga og skipulagi því, er á þessum stofnunum sje að áliti höfundarins. Einkum leitast höfundurinn við að sýna fram á það, hversu varhugaverð sje samábyrgð sú, er hvíli á hverjum einstökum fjelagsmanni og hverju kaupfjelagi, sem í Sambandi íslenskra samvinnufjelaga sje. Loks leggur stefndur til, að Samband íslenskra samvinnufjelaga verði

lagt niður. Af hálfu stefnanda, Sambands íslenskra samvinnufjelaga, birtast svo svargreinar við ritlingi stefnds í 3. hefti 16. árgangs Tímarits íslenskra samvinnufjelaga. Þessum greinum svaraði svo stefndur með nýjum ritlingi, sem hann nefndi: „Svar til Tímarits íslenskra samvinnufjelaga, 3. hefti 1922", og einnig kom út 1922. Fyrirsvarsmenn Sambands íslenskra samvinnufjelaga töldu allmargt í ritlingum þessum meiðandi og móðgandi fyrir Sambandið og starfsemi þess, og að stefndur hefði með ýmsum ummælum sínum og öllum andanum í ritlingi sínum bakað Sambandinu fjárhagstjón. Höfðaði því formaður Sambandsins, Ólafur Briem, fyrir þess hönd mál þetta fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 26. apríl f. á, og hefir gert þær dómkröfur, að ummæli þau, sem stefnt er fyrir, verði dæmd dauð og ómerk, að stefndi verði dæmdur fyrir þau í þyngstu refsingu, sem lög leyfa, að hann verði dæmdur til að greiða Sambandi íslenskra samvinnufjelaga kr. 500000,00 í miskabætur og láutraustsspjöll, og loks að stefndur verði dæmdur til að greiða málskostnað að skaðlausu eftir mati rjettarins.

Ummæli þau, sem stefnandi telur einkum að varða eigi stefndan ábyrgð, eru þessi:

A. Í ritlingnum „Verslunarólagið":

1. Bls. 23: „Að sjálfskuldarábyrgð . . . hún er líka".
2. Bls. 28: „Sú hugsun . . . kaupfjelagshreyfingu".
3. Bls. 29: „En um þverbak . . . var stofnað".
4. Á sömu bls.: „Sjálfskuldarábyrgðina . . . við verslun fengi".
5. Bls. 30: „Þegar kaupfjelagsskapurinn . . . að baki sjer".
6. Bls. 31: „Mjög hefir . . . síðustu árin".
7. Bls. 31: „Aðganginum að Landsbankanum . . . framkvæmdarstjórn bankans".
8. Bls. 34: „En þrátt fyrir . . . sennilega fyrir lífstíð".
9. Bls. 35: „Þegar nú Sambandið . . . nje kaupfjelögunum", á bls. 36.
10. Bls. 36: „Þannig var þetta litla fjelag . . . þótti best fara".
11. Bls. 36: „Mjer hefir fundist . . . sem á bakvið lá", bls. 37.
12. Bls. 37: „Tryggum huliðshjámi . . . viðskifti þess".
13. Bls. 38: „En þrátt fyrir það . . . lifa áfram".
14. Bls. 40: „En nú er sambandið vitanlega eignalítið".
15. Bls. 41: „Eignir Sambandsins . . . óseldum vörum".
16. Bls. 42: „Hitt mun hafa vegið meira . . . athöfnum Sambandsins".

17. Bls. 42: „En með því móti . . . reynsluna hafa“.
18. Bls. 44: „Þessi mikla vernd . . . Sambandsviðskiftin taka við“.
19. Á sömu bls.: „Því aldrei hefir . . . viðskifti sín“.
20. Bls. 45: „Og jeg hefi heyrt . . . og óseljanlegar“.
21. Bls. 46: „Þessu gætu kaupfjelögin breytt . . . flokkapólitíkina“.
22. Bls. 47: „Mitt álit er . . . í landinu“.
23. Bls. 47: „Það er hætt við . . . við Sambandið“.
24. Bls. 49: „Víðtækar sjálfskuldarábyrgðir . . . og allar lánsstofnanir“.
25. Á sömu bls.: „Í þessum tilfellum . . . viðskiftasjónarmiði“.
26. Bls. 50: „Ábyrgðirnar gefa allir í góðri trú . . . aldrei losnar við“, á bls. 51.
27. Bls. 51: „Þessu ástandi . . . virði þær eru“.
28. Bls. 53: „En endurskoðunarinnar . . . þar á staðnum sem þeir eru“.
29. Bls. 55: „Þessi reikningsaðferð . . . á líkan hátt“.
30. Bls. 56: „Hin dulklædda sósialista stefna . . . alstaðar fram“.
31. Á sömu bls.: „Með því er söluóheppni Sambandsins fóðruð“.
32. Á sömu bls.: „að öll þjóðin er í hættu stödd“.
33. Á sömu bls.: „Sala afurða Sambandsins . . . skuldir Sambandsins“, á bls. 57.
34. Bls. 57—58: „Þessa tvöföldu vexti . . . án þess að hún viti af“.
35. Bls. 58—59: „Fjelag það í Reykjavík . . . voru gerðar til þess“.
36. Bls. 59: „En gefa sig aðallega . . . á harðneskjulegan hátt“.
37. Bls. 60: „vernda hina vafasömu hugsjón, sambandsstarfsemina“.
38. Á sömu bls.: „Landbúnaðurinn yrði með því móti lagður í rústir“.
39. Bls. 60—61: „svo að jafnvel sveitarsjóðirnir . . . verslunin var frjáls“.
40. Bls. 61: „Auk þess dregur . . . búnaðarrekstursins“.
41. Bls. 61—62: „Þess vegna er líka svo hægt að villa henni sýn“.
42. Bls. 62—63: „Og þó að einstöku kaupfjelag . . . verulegt bar út af“.
43. Bls. 64: „Þess vegna verður . . . sínum eigin úrræðum“.
44. Bls. 65: „Niðurlagning Sambandsins . . . heild sinni“.

45. Bls. 70: „Jeg hefi reynt . . . grúfir nú yfir þjóðinni“.
46. Bls. 71: „Það mundi leiða . . . atorkumönnum“.

B. Í „Svarinu“:

1. Bls. 6: „Eins og jeg átti von á . . . kaupfjelögin kosta“.
2. Bls. 11: „Langt um minni ráð . . . allan af þeim sökum“.
3. Bls. 13: „En mikið ósköp . . . sem af því hefir hlotist“.
4. Bls. 14: „Stefnir ekki . . . og háða“.
5. Bls. 15: „Stefnuskiftin urðu . . . ritstjóraskiftin urðu“.
6. Bls. 18: „En um þetta hafa . . . þeir fátæku yfirgefnir“.
7. Á sömu bls.: „Og alt stafar þetta . . . út í skuldaógæfuna“.
8. Bls. 19: „Og hvernig líst mönnum . . . takmarkalaus og óendanleg“.
9. Bls. 21: „Það kom til af því . . . ráðunaut í kaupfjelagsmálum“.
10. Bls. 23: „Að skuldamyllusteinninn . . . verri vöru en í verslunum“.
11. Á sömu bls. „Samvinnuforkólfarnir í Reykjavík . . . vita af því“.
12. Bls. 23: „Og því . . . nógu miklu“.
13. Bls. 24—25: „Í þessu liggur höfuðmeinsemdin . . . og eignir þeirra verðlausar“.
14. Bls. 28: „Að kunna ekki að halda föntunum í skák“.
15. Bls. 29—30: „Voru nú flækt . . . undir stjórn eins einasta manns“.
16. Bls. 30: Sagan um þetta fjelag . . . í Reykjavík“.
17. Bls. 30: „Nær hefði verið . . . skylt að birta“.
18. Bls. 31: „Almenningur mátti ekki sjá þá lengur“.
19. Á sömu bls.: „Og það er vitanlega . . . í þetta net“.
20. Bls. 34—35: „En þegar menn gæta nú nánar . . . hinum tilvitnuðu orðum“.
21. Bls. 37: „Geta kaupfjelagsmenn yfir höfuð . . . unað við það?“.
22. Bls. 37—38: „Er það ekki einokunartilfinning . . . þola á einokunartímum“.
23. Bls. 39: „Þá smeygði hann . . . sambandslaganna voru samþykt“.
24. Bls. 40: „Þá er herra Jónas sýnilega búinn »að taka alla hendina«“.
25. Bls. 47: „Út úr því hættulega . . . teymd inn í“.

26. Bls. 48: „Það eina sanna er . . . sjálfstæðir menn".
27. Bls. 49: „Þessi skýrsla . . . einu sinni fulltrúarnir".
28. Bls. 50: „Þá er sagt . . . áður er sagt".
29. Bls. 53: „Fyrir lánardrotna . . . leggist niður".

Verður nú að athuga þessi ummæli og skulu þau greind í sömu röð, sem hjer að framan.

A. 1. Hjer talar stefndur um samábyrgð kaupfjelaga og kaupfjelagsmanna, og telur hana vanbrúkaða og varhugaverða, enda hljóti bankarnir að telja hana þýðingarlitla, eins og hún líka sje, og virðist hann þar eiga við það, að ekki megi á henni byggja, er fjelög þessi fái lán. Með því að höfundurinn telur samábyrgð þessa mjög hættulega einstökum fjelögum og fjelagsmönnum — og þá skoðun er honum bæði heimilt að hafa og vítalaust að rökstyðja — þá er honum einnig heimilt að leiða ályktanir sínar af þeim rökum, er hann telur sig hafa talið, og með því að ekki verður talið að stefndur hafi viðhaft í þessari grein nokkur orð, er fari út fyrir takmörk þess málfrelsis, er heimilt sje hverjum þeim, er opinber mál ræðir, þá verður hann ekki látinn sæta ábyrgð fyrir þau.

2. Hjer segir stefndur að hugsunin um að útrýma kaupmannastjettinni hafi ekki komið fram fyrr en óviðkomandi menn fóru að sjá sjer leik á borði að nota kaupfjelagshreyfinguna. Þessum ummælum stefnds er ekki beint til stefnanda, og stefndum verður þegar af þeirri ástæðu ekki gerð ábyrgð fyrir þau í þessu máli.

3. Hjer segir um framferði ýmsra fjelagsmanna kaupfjelaganna, en að stefnanda er hjer ekki vikið.

4. Stefndur talar hjer um það, að sjálfskuldarábyrgðina hafi átt að nota út í ystu æsar, því að takmarkið hafi verið orðið það, að útrýma allri kaupmannastjettinni úr landinu, en sú hugmynd hafi ekki komið frá bændunum heldur frá aðvífandi mönnum, sem aldrei hafi áður við verslun fengist. Í þessum ummælum er ekkert meiðandi nje móðgandi sagt um stefnanda.

5. Hjer segir að fjelagskapur fárra manna í Reykjavík er ekki hafi við verslun fengist, hafi myndast í því skyni, að aðstoða kaupfjelögin, og koma þeim undir eina sambandsstjórn. Er hjer engum meiðandi orðum um stefnanda farið.

6. Hjer er fundið að því, hvernig tímarit kaupfjelaganna sje, en alls ekki að stefnanda vikið.

7. Hjer segir að auðvelt hafi verið að ná aðganginum að

Landsbankanum, því að 1917 og 1918 hafi landsstjórnin verið svo hlynt þessum fjelagsskap (þ. e. kaupfjelags eða samvinnufjelagsskapnum), að hann hafi náð yfirráðum í framkvæmdarstjórn bankans. Er ekkert meiðandi nje móðgandi í garð stefnanda í þessum ummælum.

8. Hjer útlistar stefndur frá sínu sjónarmiði, hvaða máli sjálfskuldarábyrgð hvers einstaks fjelagsmanns skifti fyrir sjálfan hann, og er ekkert í þessari grein, sem stefnandi geti talið meiðandi eða móðgandi í sinn garð.

9. Hjer segir, að augljóst sje, að enginn fjelagsmaður geti löglega sagt sig úr Sambandinu nje kaupfjelögunum, með því að Sambandið skuldi sjálft svo miljónum skifti, þegar það skuldi minst á árinu. Stefndum er frjálst að lýsa skoðun sinni á því hversu einstakir fjelagar geti löglega sagt sig úr fjelagsskapnum, og það er ekki heldur óheimilt að tala opinberlega um hagi almenningsstofnunar, sem telja verður Samband íslenskra samvinnufjelaga, ef rjett er frá skýrt. En því hefir ekki verið haldið fram, að stefndur hafi hjer skýrt rangt frá högum stefnanda.

10. Stefndur segir hjer, að þetta litla reykvíkska fjelag hafi komið miklum hluta landbúnaðarviðskiftanna undir einn hatt, og að það hafi gjört því mögulegra að stjórna forlögum fólksins í landinu á þann hátt, sem því hafi þótt best fara. Stefndur hefir ekki farið hjer neinum þeim orðum um stefnanda, er bakað geti honum (stefndum) ábyrgð, því að hjer er yfir höfuð ekkert sagt um athafnir stefnanda honum til miska eða hnjóðs.

11. Stefndur segist hafa skýrt frá tildrögum stofnunar Sambandsins, með því að sjer hafi fundist, að ekki yrði hjá því komist, þegar skýra skyldi verslunarólagið í landinu. Stefndum var heimilt að skýra opinberlega frá skoðun sinni á stofnun Sambandsins, enda þótt þá kæmi í ljós, að hann teldi óheppilega að farið eða óheppilega stefnu tekna, og með því að sú skoðun hans er ekki í meiðandi búningi fyrir stefnanda, verður hann ekki látinn sæta ábyrgð fyrir þessa grein.

12. Hjer segir stefndur, að ekki sje auðið að drepa á nema einstöku atriði í starfsemi Sambandsins (stefndanda) því að „svo tryggum huliðshjálmi virðist varpað yfir viðskifti þess“, að furðu gegnir. Hjer segist stefndur eiga við það, að ekki sjeu nú birtir ársreikningar kaupfjelaganna í Tímariti þeirra, eins og áður hafði tíðkast, og ekki hafi reikningur sjálfs Sambandsins sjest á prenti, og að sagt sje að einstök kaupfjelög, sem þó sjeu eigendur Sam

bandsins, fái ekki afrit af reikningum þess, heldur einungis að senda einhvern ókunnugan þjón sinn snöggvast til að líta á reikninginn. Því hefir ekki verið sjerstaklega mótmælt að stefndur fari hjer rjett með. Stefndur vill átelja það, að reikningur almenningsstofnana, eins og kaupfjelaga og Sambands íslenskra samvinnufjelaga, sjeu ekki opinberlega birtir og dregur þá ályktun þar af að tryggum huliðshjálmi sje varpað yfir viðskifti sambandsins. Orð þessi virðast ekki, eftir því sambandi sem þau standa í, eiga að varða stefndum refsingu eða skaðabótum, en rjett þykir að ómerkja þau.

13. Hjer er ritstjóra Tímarits kaupfjelaganna kent um breytingu þá, er orðið hafi á um birtingu reikninganna, er fyr segir, og þá sennilega Sambandsins vegna, en jafnframt býst stefndur við, að gamla reglan verði tekin upp aftur, því að hún mundi auka traust fjelagsins (þ. e. Sambandsins), „ef það verður látið lifa áfram“. Hjer er engum meiðandi orðum farið um stefnanda, því að það getur ekki varðað við lög, þótt stefndur geti sjer þess til, að vegna Sambandsins hafi verið hætt að birta reikninga kaupfjelaganna opinberlega.

14. og 15. Hjer segir stefndur að Sambandið sje vitanlega eignalítið, og að eignir þess liggi í skuldum hjá kaupfjelögunum, og einhverju af óseldum vörum. Stefndur hefir eindregið neitað því, að hann hafi viljað gefa í skyn að Sambandið ætti ekki fyrir skuldum, heldur hitt, að það ætti lítla skuldlausa eign. Og ekki er heldur heimilt að leggja meira í orð stefnanda. Hinsvegar hefir stefndur leitt rök að því, að stefnandi hafi átt litlar skuldlausar eignir litlu fyrir og um það leyti sem ritlingur hans kom út, bæði með framlögðu eftirriti af kæru stefnanda frá árinu 1920 útaf aukaútsvari í Reykjavík, og með efnahagsreikningi stefnanda 31. des. 1921. Verður því stefndur talinn hafa rjettlætt þessi ummæli sín og verður því ekki látinn sæta ábyrgð fyrir þau.

16. og 17. Hjer segir stefndur að það muni hafa vegið meira að ná viðskiftunum undan kaupmönnum, og tryggja sjer þar með aukin yfirráð í landinu, en að skulda lítið, að með þessu sje gengið fram hjá þeim, sem reynsluna og þekkinguna hafi. Þessi ummæli eru ekki meiðandi. Einnig segir stefndur bæði hjer og annarsstaðar að „sósíalistastefna“ gægist líka fram í athöfnum Sambandsins, og verða þessi ummæli ekki heldur talin varða stefndan ábyrgð.

18. Stefndi hefir borið saman, hvernig viðskiftum milli kaup-

manna og viðskiftamanna þeirra skuli hagað lögum samkvæmt, og bendir á það, að viðskiftamaður eigi að fá jafnharðan skrá yfir úttekt sína og innlegg, en þetta segir hann að ekki eigi sjer stað í viðskiftum manna við kaupfjelögin, því hafi menn ekki samskonar vernd í viðskiftum sínum við þau. Þessu er ekki beint til stefnanda, og er þessi grein þegar af því ósaknæm í þessu máli.

19. Stefndur bendir á það í ritlingi sínum að kaupfjelögin skuldi Sambandinu og einstakir fjelagsmenn aftur kaupfjelögunum, og að viðskiftin sjeu vöruskiftaverslun. Telur stefndur skipulag þetta óheppilegt og ekki verði náð með því heilbrigðri stefnu í verslunarmálum, því að aldrei hafi vöruskifta- og lánsverslun verið betur trygð en í höndum kaupfjelaganna. Þessi ummæli varða ekki við lög, því að stefndum er heimilt að lýsa skoðun sinni á verslunarskipulagi Sambandsins og kaupfjelaganna, með þeim hætti, sem hann hjer hefir gert.

20. Hjer segist stefndur hafa heyrt kaupfjelagsstjóra kvarta sáran undan því, að þeir hafi stundum fengið alt aðrar vörur, en þeir hafi beðið um, og óseljanlegar. Stefndur hefir rjett áður haldið fram, að engri stofnun væri unt, að útvega hverjum einstökum stað þær vörur sem hann þarfnast, og því verði það stundum, að vörur sjeu sendar aðrar en um hefir verið beðið og óseljanlegar á þeim stað. Í ummælum stefnds felst ekkert meiðandi nje móðgandi, þótt þar sje sagt frá kvörtunum einhverra kaupfjelagsstjóra útaf því, að þeir hafi fengið aðrar vörur en um hafi verið beðið, því að eftir forsendum stefnds, hlyti slíkt að koma fyrir hjá hverjum þeim, er hygðist að birgja alla eða flesta staði á landinu að útlendum vörum.

21. Hjer segir stefndur að kaupfjelögin gætu breytt þessu, sem um var talað undir 20, ef þau væru ekki í þessum yfirhangandi skuldum og ábyrgðum, og Sambandið væri laust við „flokkapólitíkina“. Þessi ummæli varða sum alls ekki Sambandið og þau sem það varða, geta ekki talist varða við lög.

22. Stefndur kveður það sitt álit, að þjóðin sje ekki fær um að reka kaupfjelagsskap á þennan hátt hjer á landi, og því verði að breyta fyrirkomulaginu og finna rjettu orsökina til verslunarólagsins í landinu. Fara þessi ummæli hvergi út fyrir takmörk umræðufrelsis um almenn málefni.

23. Hjer segir stefndur að hætt sje við því, að þjóðin sökkvi dýpra og dýpra ofan í skuldafenið, þegar hún sje einu sinni komin í það. Það er skoðun stefnds, að með láns- og vöruskifta-

versluninni og samábyrgðinni hafi kaupfjelagsmenn komist í miklar skuldir. Síðan hvetur hann menn til þess að losa sig úr sjálfskuldarábyrgðunum eftir mætti, en efast um að það megi auðveldlega takast, með því að útgöngudyrnar muni þröngvar, þar sem skuldahelsið herði svo fast að, enda muni ýmsir menn, er búnir sjeu að búa svo vel í haginn fyrir sig við kaupfjelagsmenskuna, að þeir njóti nú sennilega hæstu launa allra manna í landinu t. d. við Sambandið, setja öll járn í eldinn til að halda ástandinu. Með ummælum þessum hefir stefndur ekki gengið út fyrir þau takmörk, sem setja verður, þegar menn ræða um mál, er almenning varða, enda engu ósæmilegu eða skemmandi bjer beint að stefnanda. Sjá ennfremur 34.

24.—27. Hjer ræðir stefndur um sjálfskuldarábyrgðir þær er hvíla á öllum fjelagsmönnum í kaupfjelögum þeim, sem í Sambandinu eru, og telur þær mjög hættulegar, bæði viðskiftalífinu alment og fjárhagslegu sjálfstæði einstaklinganna, enda sje lánað úr hófi fram út á ábyrgðir þessar. Segir hann loks að þessu ástandi þurfi að breyta sem fyrst. Stefndum verður að teljast heimilt að lýsa skoðun sinni í þessum efnum, eg leggja þau ráð við annmörkunum, er hann telur hugsanleg, eins og í hverjum öðrum almennum málum, og með því að ekki verður sjeð, að hann hafi viðhaft nein þau ummæli, er fari út fyrir takmörk málfrelsisins, þá verður hann ekki látinn sæta ábyrgð fyrir ummæli sín, sem hjer eru greind.

28. Hjer segir stefndur, að endurskoðunar sje ekki síður en annarsstaðar þörf hjá þeim, sem annist kaup útlendu vörunnar og sölu innlendu vörunnar. Þessi orð eru allskostar ósaknæm, með því að þar er engu saknæmu að nokkrum manni dróttað.

29. Hjer hefir stefndur lýst reikningsaðferð, sem höfð hefir verið hjá einum viðskiftamanni stefnanda, og stefndur telur ekki heppilega. Telur stefndur að eftir því verði að líta hjá Sambandinu og kaupfjelögum, sem versli beint við þennan viðskiftamann, að þau hagi ekki reikningsfærslu að þessu leyti eins og hann, með því að unt sje að leyna sjóðþurð með þeim hætti, auk annars. Engu óheiðarlegu er hjer að stefnanda dróttað, hvergi sagt meira en telja verður leyfilegt að segja um opinber málefni, nje heldur með öðrum hætti sagt.

30 og 32. Stefndur telur hjer dulklædda sósíalistastefnu Tímarits kaupfjelaganna og Sambandsstofnendanna allstaðar gægjast fram, því að því sje stöðugt haldið að þjóðinni, að best sje

öll verslun komin undir einum hatti, en öll þjóðin sje í hættu stödd, ef salan á öllum afurðum landsins er undir einum hatti, og hún mishepnast. Þessum ummælum er ekki beint að stefnanda, og geta því ekki verið meiðandi nje móðgandi fyrir hann.

31 og 33. Hjer getur stefndur óheppni stefnanda um sölu íslenskra afurða, og því sje þorri bænda kominn í botnlausar skuldir. En samanburður milli kaupmanna, sem allmargir hafi orðið gjaldþrota, og Sambandsins, sem standist óhöppin eða óheppnina, sje villandi, því að kaupmaður verði sjálfur að bera tapið, en Sambandið þurfi ekki annað en að jafna tapinu á þjóðina, því að hún verði að borga meðan hún getur. Það verður ekki talið óleyfilegt, að tala um, að stefnandi hafi verið einhverntíma óheppinn um sölu íslenskra afurða, enda alkunnugt að flestir eða allir sem við þá sölu fengust þau árin, sem stefndur á við, hafa orðið fyrir mikilli óheppni í þeirri grein. Er og hvergi sagt eða gefið í skyn að stefnanda verði á óheppninni sök gefin. Samanburður stefnds á afleiðingunum af tapi kaupmanna og tapi stefnanda varðar ekki heldur við lög, enda er stefnanda ekki borin á brýn nokkur ólögleg eða óheiðarleg aðferð í því efni.

34. Hjer talar stefndur um það, að kaupfjelagsmenn borgi tvöfalda vexti, en þar með á hann við það, að öllum vöxtum bæði af skuldum í bönkum og hjá öðrum vegna taps, og af lánum til vörukaupa verði jafnað á kaupfjelagsmenn, með því að hækka verð erlendu vörunnar eða lækka það, er gefið verði fyrir innlendu vöruna. En þetta geti kaupmaðurinn ekki lengur en samkeppin leyfi honum að hækka verð vöru sinnar. Í umræðum stefnds um þetta er ekkert, er fari út fyrir takmörk málfrelsis, þegar rætt er um almenningsstofnanir.

35. Hjer segir stefndur, að fjelag það í Reykjavík, sem hafi staðið bak við stofnun Sambandsins, hafi ætlað að ná allri verslun landsins og hafi þeir ætlað sjer að ná í ríkissjóðinn í þarfir þessara hugsjóna. Í þessum kafla er ekkert sem talið verði meiðandi eða móðgandi í garð stefnanda.

36. Þegar mistekist hafi að ná ríkissjóðnum í þarfir verslunarinnar, eins og stefndur hefir lýst því, og þegar Alþingi vildi ekki heldur halda Landsversluninni áfram, eins og hún hafði verið rekin um hríð, þá segir stefndur að Sambandið hafi orðið að hætta við að auka verslunarveltu sína, en gefa sig aðallega við innheimtu skulda, og það jafnvel á harðneskjulegan hátt. Þessi ummæli sín hefir stefndur talið rjettmæt, og hefir í því efni skír-

skotað til umburðarbrjefs þáverandi framkvæmdarstjóra Sambandsins til kaupfjelagstjóra úti um land frá 29. sept. 1921. En þar málar framkvæmdarstjórinn að ýmsu leyti ástandið með eins dökkum litum og stefndur gerir í ritlingi sínum. Það verður því að líta svo á, að stefndur hafi bæði trúað og haft ástæðu til að ætla þessi ummæli sín sönn og sannanleg, og verður hann ekki látinn sæta ábyrgð fyrir þau.

37. Stefndur kallar hjer Sambandsstarfsemina vafasama hugsjón, og verða þau ummæli alls ekki talin varða við lög.

38 og 40. Hjer talar stefndur um það, hver áhrif það hafi, á landbúnaðinn, ef þessi leið eða hin yrði farin út úr ógöngum þeim er hann telur kaupfjelögin og kaupfjelagsmenn komna í. Eru þau ummæli ekki meiðandi eða mógðandi fyrir stefnanda.

39. Hjer nefnir stefndur það, að svo sje jafnvel farið að þrengja að efnaminni bændum, að sveitarsjóðirnir verði að taka að sjer ábyrgð eða greiðslu á skuldum þeirra, og að kaupfjelagsstjórar bendi mönnum á að segja sig til sveitar, þegar þeir hafi lagt allar afurðir sínar í fjelagið, og jafnvel veðsett því skepnur sínar. Beinast ummæli þessi ekki að stefnanda, og eru því ekki meiðandi fyrir hann.

41. Hjer er talað um láns- og vöruskiftaverslunina og hún talin sú meinsemd, sem fyrst þurfi að lækna. Með henni sje svo hægt að villa þjóðinni sýn. Því er ekki beint að stefnanda að hann villi þjóðinni sýn, og verður stefndur því ekki látinn sæta ábyrgð fyrir þessi ummæli sín.

42 og 43. Stefndur víkur enn að samábyrgð kaupfjelaga og kaupfjelagsmanna og hvetur þá og þau til að losa sig úr henni. Eru ummæli þessi heimil og ósaknæm.

44. Hjer leggur stefndur til að Samband íslenskra samvinnufjelaga verði lagt niður, og telur hann það mundu verða hollara, bæði lánveitendum og bændum. Þessa skoðun sína og þessar tillögur verður að telja stefndum heimilt að bera opinberlega fram, og með því að hún er ekki í meiðandi búningi í garð neins, er stefndur vítalaus af þessum ummælum sínum.

45 og 46. Hjer lýsir stefndur í almennum orðum því, er fyrir honum hafi vakað, er hann ritaði bækling sinn, og um það, hverjar afleiðingarnar verði, frá hans sjónarmiði, ef þjóðin skyldi lenda í viðskiftavastri, sem engin sjái útúr, hvar lenda muni. Ekki verður sjeð að stefndur hafi hjer farið framar en honum var

heimilt, og verður hann því ekki látinn sæta ábyrgð fyrir um mæli sín í þessum greinum.

B. 1. Hjer er beinst að blöðum og tímariti samvinnumanna og þeim, sem yfir þeim ráða, en ekki stefnanda, og eru því ummælin ósaknæm í þessu sambandi.

2 og 3. Hjer gerir stefndur samábyrgð kaupfjelaga og kaupfjelagsmanna enn að umtalsefni, og talar um það að forstjóri Sambandsins hafi skift skoðun sinni á skuldaverslun kaupfjelaganna, og hvílíkt tjón hafi leitt af þeim skoðanaskiftum. Þessi ummæli fara ekki út fyrir þau takmörk, er telja verður umræðufrelsi um opinber málefni sett.

4. Hjer spyr stefndur, hvort starfsemi Sambandsins stefni ekki einmitt í þá átt, að gera menn ófrjálsa og háða. Hjer á stefndur sýnlega við bæði lánsverslun kaupfjelaganna, er hann hefir áður talað um, og samábyrgðir kaupfjelaganna, og er spurning hans í raun rjettri ályktun, sem hann leiðir af kenningum sínum um þessi efni hvorttveggja. Og verður honum heldur ekki talið óheimilt að gera það. Verður honum því ekki gerð ábyrgð fyrir þessi ummæli sín. Hinsvegar þykir rjett að ómerkja þau.

5., 9., 11., 12., 18., 23. og 24. Ummælin í þessum greinum beinast ekki að stefnanda, og verður því ekki dæmt um þau í þessu máli.

6., 7., 8., 15., og 28. Á þessum stöðum talar stefndur enn um samábyrgðir kaupfjelaga og kaupfjelagsmanna, og er ekkert í þeim það, er ekki verði eftir öllum atvikum að telja heimilt að segja í umræðum um almenn málefni.

10. Stefndur ber saman grundvöll þann, er kaupfjelagsskapurinn í Danmörku hafi verið bygður á, og grundvöll þann er hann hafi verið bygður á hjer á landi. Kemst hann að þeirri niðurstöðu að hjer sje „skuldamylnusteinninn“ hengdur um háls hvers fjelagsmanns að kalla megi.

Á hann auðvitað við það, að fjelagar eintsakra kaupfjelaga, skuldi fjelagi sínu meira eða minna vegna lánsverslunar þeirrar, sem tíðkist í kaupfjelögunum. Verður ekki talið að þessi ummæli þurfi að beinast að stefnanda, sem einungis birgir kaupfjelögin upp, og kemur því þegar af þeirri ástæðu ekki til álita að skapa stefndum ábyrgð fyrir þau í þessu máli.

Þá segir stefndur að kaupfjelagsskapurinn hjer á landi hvetji til eyðslu, vegna takmarkalausra lána. Þessi ummæli geta ekki

heldur bakað stefndum ábyrgð í þessu máli, og liggja til þess sömu rök, sem nú síðast voru talin.

Enn segir að kaupfjelagsmenn verði bæði fjárhagslega og pólitískt háðir, og kaupi oft dýrari vöru og verri en í verslunum. Þessu er ekki eða þarf ekki að vera beint að stefnanda, enda segir þar ekki, að hann selji gegn peningaborgun verri nje dýrari vörur, en fá megi í verslunum. Og verður stefndum því ekki gerð ábyrgð fyrir þetta.

13. Þau ummæli, er hjer gæti helst komið til mála að við lög varðaði, eru þessi: Að Sambandið hafi steypt kaupfjelögunum í skuldafjötra og hættu, að Sambandsfyrirkomulagið hafi veikt lánstraust landsins á erlendum peningamarkaði þeirra landa, sem hvergi eigi sinn líka í heiminum, að lagt hafi verið kapp á að koma Íslandsbanka inn í sama kaupfjelagsskuldafenið og Landsbankinn er kominn í, og að jafnframt sje tekið með járnhöndum á innheimtu skulda hjá bændum. Í umburðarbrjefi sínu 29. sept. 1921 lýsir þáverandi forstjóri hag þess og kaupfjelaganna enn svartar en stefndur í þessari grein. Segir forstjórinn að flestar deildir Sambandsins hafi skuldað stórfje um áramótin 1920/1921, hann ber megnan kvíðboga fyrir því að lánstraustið erlendis þrjóti, hann segir berum orðum að það „blasi beint við, að Sambandið hætti störfum öðrum enn þeim, að kalla inn skuldirnar, og hungursneyðin leggur undir sig landið". Til þess að komast hjá þessum búsifjum, ráðgerir forstjórinn meðal annars að skamta hverju kaupfjelagi vörur og að hver kaupfjelagsmaður verði að skuldbinda sig til að láta allar gjaldeyrisvörur, sem frá búi hans koma, til kaupfjelagsins, og til að minka skuldir sínar við það eftir ákvörðun fjelagsstjórnarinnar. Það virðist eftir þessu, að stefndur hafi ekki sagt meira en hann mátti standa við. Og þegar þess er gætt að „Svar" stefnds er deilurit, svar við all-harðorðum greinum, er ritaðar höfðu rjett nýlega verið, og birtar í Tímariti kaupfjelaganna gegn honum, þá virðist í því liggja næg afsökun fyrir því, að hann hafi viðhaft orð í sterkara lagi í grein þessari. Það virðist ekki ástæða til að gera stefndum ábyrgð fyrir þessi ummæli. Hinsvegar virðist rjett að ómerkja þau ummæli að Sambandsstarfsemin hafi steypt kaupfjelögunum í skuldafjötra.

14. Þessi orð beinast ekki að stefnanda, eða þurfa að minsta kosti ekki að gera það, og ábyrgð fyrir þau verður því ekki gerð í þessu máli.

16. Þessi orð varða ekki heldur stefnanda, og stefndur verður þegar af þeirri ástæðu ekki dæmdur til ábyrgðar fyrir þau í þessu máli.

17. Hjer segir stefndur, að nær hefði verið að birta reikninga kaupfjelaganna, sem Sambandið feli fyrir almenningi, og reikninga sjálfs Sambandsins, er því hafi verið skylt að birta. Ummæli þessi fara ekki út fyrir takmörk málfrelsis um almenn málefni og verður stefndur því ekki dæmdur til ábyrgðar fyrir þau. Aftur á móti þykir rjett að ómerkja þau ummæli, að stefnandi feli reikninga kaupfjelaganna fyrir almenningi.

19. Hjer neitar stefndur því að reikningar kaupfjelaganna sjeu einkamál þeirra, „þegar um helmingur þjóðarinnar er nú flæktur í þetta net". Stefndur á við samábyrgð kaupfjelaga og kaupfjelagsmanna, en það verður ekki álitið að hann hafi hjer farið út fyrir þau takmörk, er sett eru mönnum í umræðum um almenn málefni.

30. Forstjóri Sambandsins hafði borið nokkrar spurningar upp fyrir tveimur lögfræðingum, um skilning á fyrirmælum samþykta Sambandsins og kaupfjelaga um samábyrgð kaupfjelaga og kaupfjelagsmanna. Spurningar þessar segir stefndur hafa verið blekking, er virðist hafa verið gjörð að yfirlögðu ráði. Ummæli þessi eru ekki meiðandi fyrir stefnanda, því að þau beinast að forstjóra Sambandsins, sem þá var, og verður því ekki um þau dæmt í þessu máli.

21. Hjer spyr stefndur hvort kaupfjelagsmenn geti yfir höfuð unað við það, að standa í margra miljón króna sjálfskuldarábyrgð fyrir fjelag, sem aldrei sýni reikninga sína nema í pukri, nokkrum mönnum, sem snöggvast eru á ferð, og þekkja lítið til athafna fjelagsins. Stefndur á við það að almenningur eigi ekki aðgang að reikningunum, og engir nema fulltrúar einstakra kaupfjelaga, er Sambandsfundinn sæki einu sinni á ári. Stefndur hefir ekki sagt hjer neitt, er telja ber, að honum varði ábyrgð. Orðin: „í pukri" þykir þar á móti rjett að ómerkja.

22. Stefndur talar hjer um valdboð og fyrirskipanir til kaupfjelaganna í brjefi forstjóra Sambandsins, og á þar við ákvarðanir hans um vöruskömtun, innheimtu og skuldbindingar fjelagsmanna um að láta kaupfjelögin ein hafa búsafurðir sínar. Dregur stefndur svo ýmsar ályktanir, svo sem að valdboðið geti líka orðið pólitískt, og kveðst sjálfur hafa orðið var við það, að bændur hafi ekki þorað að kjósa til þings aðra, við landkjör til

alþingis, en þá sem hafi verið á „Tíma-listanum“, af ótta við það, að annars mistu þeir lánstraust sitt hjá kaupfjelagi sínu og hjá Sambandinu. Telur stefndur þetta fyrirkomulag, sem nú er, geti leitt til enn illvígari einokunar, en verið hafi á einokunartímunum. Stefndur hefir ekki, með því að lýsa skoðun sinni á efni brjefsins frá 29. sept. 1921, og leiða ályktanir sínar af efni þess og frásögn sinni um það, hvers hann hafi orðið áskynja í sambandi við kosningar til alþingis, gengið út fyrir takmörk umræðufrelsis um opinber málefni, enda hvergi sagt að stefnandi hafi beitt óleyfilegum meðölum í sambandi við nokkrar kosningar. Verður hann því ekki látinn sæta ábyrgð fyrir þau.

25. Hjer segist stefndur hafa í ritlingi sínum reynt að aðvara kaupfjelögin og að finna leið til að komast út úr því pólitíska völundarhúsi, sem þau hafi verið teymd inn í, svo að þau geti starfað sem frjáls samkeppnisverslun, þar sem þess þyki þörf. Í þessu er ekkert, er við lög varði, eða stefnandi eigi sök á.

26. Hjer segist stefndur hafa ráðið kaupfjelögunum til að leggja Sambandið niður, svo að einstaklingar þjóðfjelagsins geti orðið andlega, fjárhagslega og pólitískt sjálfstæðir menn. Stefndur lítur svo á, að láns- og vöruskiftaverslun sú, er hann hefir lýst í ritlingum sínum, og samábyrgð kaupfjelaga og kaupfjelagsmanna stefni í þá átt, að gera menn ósjálfstæða og hann kennir fyrirkomulagi Sambandsins um mikið af þessu, og er það því ályktun af þeim skoðunum hans, að niðurlagning Sambandsins sje ráðið til þess að gera þá menn, sem komist hafa í samábyrgðirnar, sjálfstæða. Það verður að líta svo á að stefndur hafi haft heimild til að láta þessa skoðun sína í ljós, án þess að sæta ábyrgð fyrir.

27. Hjer finnur stefndur að því, að skýrsla ein, er framkvæmdarstjóri Sambandsins hafi gefið, hafi verið „óvenjulega loðin“, og segir að Sambandið hafi skuldað Landsverslun meira, en gefið hafi verið upp í skýrslu þessari, en hve mikið það hafi verið, það fái enginn að vita. Að sumu er hjer einungis beinst að einum starfsmanni Sambandsins, en ekki því sjálfu, og á stefnandi ekki sök þeirra atriða. Að því leyti sem stefndur skýrir frá skiftum stefnanda við Landsverslun, þá verður að telja það full heimilt með því að í hlut eiga tvær opinberar stofnanir.

28. Hjer kannast stefndur við það, að hann hafi gert samábyrgðir kaupfjelagsmanna og kaupfjelaga tortryggilega í augum

almennings, en hann kveður það hafa verið skyldu sína. Eins og margoft er áður tekið fram, var stefndum heimilt að lýsa skoðun sinni á tjeðum samábyrgðum, og þar af leiðir að honum var það líka vítalaust, þó ritlingur hans um það málefni hafi gert samábyrgðina tortryggilega, þ. e. skotið mönnum skelk í bringu við hana.

29. Stefndur endurtekur hjer þá skoðun sína að hentugast sje fyrir lánardrotna að Sambandið leggist niður. Er hann og vítalaus af því, að ráða til niðurlagningar Sambandsins eins og samskonar ráðlegging eða tillögur um hverja aðra almenningsstofnun væri fullkomlega leyfileg.

Samkvæmt framanskráðu verður að sýkna stefndan af kröfum stefnanda um refsingu og skaðabætur í máli þessu. Eftir úrslitum málsins þykir rjett að málskostnaður falli niður.

Vegna þess hve mál þetta er umfangsmikið og annara embættisanna dómarans hefir dómurinn í því ekki verið kveðinn upp fyrri en nú.

Föstudaginn 19. júní 1925.

Nr. 63/1924. **H/f. Sjóvátryggingarfjelag Íslands**
(Lárus Fjeldsted)
gegn
Guðmundi Kristjánssyni
(B. P. Kalman).

Útaf greiðslu vátryggingarupphæðar.

Dómur sjódóms Reykjavíkur 9. ágúst 1924: Stefndur, A. V. Tulinius f. h. Sjóvátryggingarfjelags Íslands, greiði stefnandanum, Guðmundi Kristjánssyni, kr. 55986,05 með 6 % ársvöxtum frá 22. júní 1922 til greiðsludags innan 3ja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstarjettar.

Skip það, er ræðir um í máli þessu, var vátrygt í Sjóvátryggingarfjelagi Íslands til ferðar frá Gautaborg eða Larvik til Reykjavíkur fyrir 50000 kr.,

og er í vátryggingarskírteininu, dags. 14. júní 1920, meðal annars ákveðið, að um vátrygginguna, að öðru leyti en því er sjerstaklega er tekið fram í skírteininu, fari eftir samþykt Sjóvátryggingarfjelags Kaupmannahafnar 2. apríl 1850, en í 68. gr. samþyktarinnar er ákveðið að sjóvátrygging sje ekki bindandi fyrir ábyrgðarsala, ef skipið sje ekki sjófært, þá er það lætur af stað í ferð þá, er það er vátrygt til.

Umrætt skip lagði af stað frá Larvik, hlaðið símastaurum, að morgni hins 22. júlí 1920, en þegar sama dag kom að því töluverður leki, er ágerðist svo mjög daginn eftir, að skipstjóri afrjeð að leita hafnar og kl. $11^1/_2$ f. h. hinn 24. júlí komst skipið inn til Arendal. Hinn 26. s. m. mætti skipstjóri í sjórjettinum í Arendal; lagði þar fram útdrátt úr leiðarbók skipsins, er hann staðfesti í rjettinum ásamt stýrimanni og einum háseta. Þegar hinn sama dag skoðaði sjódómurinn skipið og fann eins og að orði er komist að »lasker og nader var adskilligt aabne og at der var adskillig raad rundt stönnere«. Ákvað sjódómurinn að farmi þeim, er var á þilfari, skyldi skipað í land til þess að ítarlegri skoðun gæti farið fram. Eftir að þetta hafði verið gjört skoðaði sjódómurinn skipið á ný hinn 29. s. m. og segir sjódómurinn meðal annars, »at lasker og nader er meget aabne og saa raatne at der er umulig at faa drevet til at staa«, og »at skibet i det store og hele er i en saa daarlig forfatning at retten finder at der vil paalöbe saa store utgifter ved at sætte skibet i södygtig stand for at fortsætte rejsen til Island at man anser en saadan reparation udelukket«; en til að meta skipið til verðs krafðist sjódómurinn að öllum farmi skipsins yrði skipað í land. Hinn 8. ágúst var búið að skipa farminum á land og fór þá enn

fram skoðun á skipinu, og endurtekur sjódómurinn hið fyrra álit sitt um að skipið sje mjög fúið, að það sje yfirleitt í mjög slæmu ástandi og að það geti ekki svarað kostnaði að gera það sjófært, og metur það í þáverandi ástandi á 15000 kr. Þetta álit sitt ítrekar rjetturinn hinn 16. s. m. og tekur það fram að þegar rjetturinn hinn 8. ágúst hafi álitið að ekki svaraði kostnaði að gera við skipið, þá hafi ástæðan verið »skibets raatne tilstand og dets i sig selv daarlige forfatning, der dog for en del skyldes skibets begivning i sjöen«. Loks hinn 24. sept. tekur sjódómurinn fram, að þar til gefnu tilefni, að að sjálfsögðu megi gjöra skipið sjófært, en að slík viðgerð eða nýbygging muni kosta 65000 kr, en metur skaða þann, er skipið hafi beðið á leiðinni frá Larvik til Arendal, 6000 kr. af öllum viðgerðarkostnaðinum, og skýrir þetta nánar þannig að rjetturinn ætlist til að þessar 6000 kr. gangi til eftirlits og að nokkru leyti til þjettingar (delvis drivning).

Ástæðuna til leka þess, er kom að skipinu á leiðinni frá Larvik til Arendal, telur skipstjórinn við sjóferðaprófið *þá*, að skipið hafi ekki þolað sjógang »ikke taaler at arbejde i Söen; stýrimaðurinn telur hina sömu ástæðu til sjótjónsins »skibet begav sig da det kom ut i aaben Sö og dette mener vidnet er grunden til skaden«. Útdrátturinn úr leiðarbókinni ber það með sjer, að þegar hinn 22. júlí, sama daginn og skipið fór frá Larvik, hefir komið tölverður leki að því. Er þar sagt að kl. 1 síðdegis hafi skipið verið dælt en kl. 4 var komið 22″ vatn í lestina og kl. 8 var aftur komið jafnmikið vatn í skipið, þótt það hefði verið dælt kl. 4. Kl. 12 á miðnætti var enn komið 22″ vatn í skipið en allan þennan dag lítur út fyrir að hafi verið gott veður; kl. 4 f. h.

hinn 23. var komið 30″ vatn í lestina og þótt dælt væri jafnt og þjett til kl. 8 s. d. jókst vatnið stöðugt og var þá orðið 34″, en fram að þessu virðist ekkert verulegt hafa verið að veðri, aðeins nokkur vindur og sjór. Kl. 8 fór fyrst að hvessa og er þá kominn »stiv kuling med temmelig höj sö« eftir því sem segir í útdrættinum úr leiðarbókinni og er þetta staðfest við sjóprófið bæði af skipstjóra, stýrimanni og háseta þeim, er mætti í sjódóminum, en við vitnaleiðslu í sjórjetti Reykjavíkur 28. júní 1924 hefir skipstjórinn skýrt frá því að hann með þessum orðum hafi átt við, að komið hafi verið að roki. Þótt nú væri dælt stöðugt og af öllum mætti jókst vatnið í lestinni og var orðið 39″ kl. 12 á hádegi; áleit skipstjórinn þá að skipið myndi fyllast af vatni á nokkrum klukkustundum, þó stöðugt væri staðið við dælurnar og afrjeð því að leita til hafnar, svo sem að framan er sagt.

Með þessum upplýsingum um ástæðuna til lekans á skipinu í sambandi við ástand skipsins, svo sem því hefir verið lýst af sjódóminum í Arendal, verður að telja það sannað, að skipið hafi ekki verið sjófært til ferðar þeirrar, er það var vátrygt til, er það ljet af stað, enda verður eigi álitið að veður það og sjór, er það hrepti 23. júlí hafi verið meiri en búast mátti við að það hrepti á ferð sinni til Íslands, og að skipið þoldi ekki þetta veður hafi eingöngu stafað af fúanum í skipinu og hinu slæma ástandi þess yfirleitt.

Af þessari ástæðu verður að fella hinn áfrýjaða sjórjettardóm úr gildi og sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda.

Eftir málavöxtum þykir rjett að málskostnaður

fyrir sjódóminum falli niður en málskostnað í hæstarjetti verður stefndi að greiða með 300 krónum.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandi, h/f. Sjóvátryggingarfjelag Íslands, á að vera sýkn af kröfum stefnda í máli þessu. Málskostnaður í hjeraði fellur niður, en málskostnað í hæstarjetti greiði stefndi Guðmundur Kristjánsson áfrýjanda með 300 kr., að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir sjódóminum, með stefnu dagsettri og birtri 22. júní 1922, af Guðmundi Kristjánssyni, skipamiðlara hjer í bænum, gegn A. V. Tulinius, framkvæmdarstjóra, f. h. h.fj. „Sjóvátryggingarfjelag Íslands", til greiðslu á kr. 55,986,05, með 6 % ársvöxtum frá stefnubirtingardegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eða eftir mati rjettarins.

Málavextir eru þeir er nú skal greina: Hinn 16. mars 1920 keypti stefnandi skonnortuskipið „SPES", sem lá þá í Kalfsund í Svíþjóð, fyrir 20,000 danskar krónur. Er svo ákveðið í sölusamningnum að seljandi skyldi láta ýmsar nánara tilteknar aðgjörðir á skipinu fara fram á sinn kostnað og auk þess útvega sjóvátryggingu fyrir skipið og timburfarm í því til Íslands. Skip þetta var að stærð 167 smálestir brutto en 145,17 netto, bygt árið 1874 og hafði fengið gagngjörða aðgjörð í Málmey 1915 (rjettarskjal nr. 21) og aðgjörð í Björkö 1920 (rjettarskjal nr. 17). Eftir að stefnandi var orðinn eigandi skipsins, kom hann því til aðgjörðar hjá skipasmiðunum Martinsson og Sveningsson í Björkö, er gjörðu það við skipið er þeir töldu nauðsynlegt til þess að það væri fullkomlega sjófært. Telur stefnandi kostnað sinn við aðgjörðir og útbúnað á skipinu um ísl. 10,000 krónur þannig að það hafi staðið sjer í 50,000 íslenskum krónum, er það var ferðbúið til Íslands. Um mánaðamótin apríl og maí 1920 sendi stefnandi Davíð skipstjóra Gíslason til Svíþjóðar. Skyldi hann sjá um aðgjörðir á skipinu og verða skipstjóri þess, en skipamiðlara-

firmað Korn & Kjellberg var beðið af stefnanda að aðstoða hann. Hinn 14. júní 1920 sjóvátrygði stefnandi skipið hjá „Sjóvátryggingarfjelagi Íslands“ fyrir 50,000 krónum til ferðarinnar Göteborg—Larvik til Reykjavíkur og Borgarness og leigði það um sömu mundir Landsíma Íslands til flutnings á farmi af símastaurum til Reykjavíkur og Borgarness. Skipið tók farminn — 69 standards af símastaurum — í Larvik og lagði af stað þaðan að morgni hins 22. júlí 1920, en varð í neyð að leita hafnar í Arendal 24. s. m. Voru þar sjóferðapróf haldin og skoðanir fóru fram í skipinu er lauk svo, að sjódómurinn dæmdi það óbætandi. Var skipið talið 15,000 króna virði eins og því þá var komið, en fullkomin viðgjörð á því mundi kosta 65,000 krónur. Kemst sjódómurinn að þeirri niðurstöðu að skaði sá er skipið hafði beðið stafaði sumpart af elli og fúa skipsins og sumpart af sætjóni er það hefði beðið á leiðinni frá Larvik og mat skaða þann, er af sætjóninu stafaði 6000 krónur. Þegar skipið var komið inn til Arendal skýrði stefnandi stefndum frá því, hvernig komið væri, og ljet hann af sinni hálfu mæta við sjóferðaprófin þar. Eftir talsvert þjark um greiðslu vátryggingarupphæðarinnar fyrir skipið, fjekk stefnandi brjef frá Sjóvátryggingarfjelaginu dags. 3. janúar 1921, þess efnis, að það teldi sjer óviðkomandi að bæta skaða þann er skipið „SPES“ hafði orðið fyrir.

Höfðaði stefnandi þá mál þetta og gjörði rjettarkröfur þær er að framan greinir. Eru 50,000 krónur af hinni umstefndu upphæð vátryggingarupphæð sú, er skipið var vátrygt fyrir, en kr. 5,986,05 kostnaður, eftir sundurliðuðum reikningi, sem stefnandi varð að greiða í Arendal útaf því hvernig fór fyrir skipinu.

Sýknukröfu sína í málinu byggir stefndur meðal annars á því að stefnandi hafi með „röngum upplýsingum“ um ástand skipsins o. fl. fengið sig til að vátryggja það, af því að það hafi ekki fengist vátrygt annarsstaðar, en fyrir þessu hefir hann engar sönnur fært, og heldur eigi fyrir þeirri staðhæfingu sinni, að skipið hafi ekki kostað stefnanda nándarnærri 50,000 krónur með aðgerðum og útbúnaði, er það lagði á stað frá Svíþjóð. Miklu fremur verður að telja það nægilega upplýst í málinu með rjettarskjali nr. 21 í sambandi við eiðfestan framburð vitnisins Davíðs Gíslasonar hjer í rjettinum 28. júní þ. á., að búið hafi verið að semja um vátryggingu á skipinu í Svíþjóð, en sá samningur fallið niður, er stefnandi vátrygði það hjá „Sjóvátryggingarfjelagi Íslands“ gegn lægra iðgjaldi en hann átti kost á í Svíþjóð, og að

skipið með útbúnaði hafi staðið stefnanda í um 50 þúsund krónum með rjettarskjölunum nr. 20, 27, og 29.

Aðallega byggir stefndur sýknukröfu sína á því, að skipið „SPES" hafi ekki verið sjófært þegar það lagði í ferð sína, og áhætta vátryggingarfjelagsins byrjaði, og sje fjelagið því úr allri ábyrgð á því eftir 68. gr. samþyktar Sjóvátryggingarfjelags Kaupmannahafnar frá 2. apríl 1850, en til þeirrar samþyktar er skírskotað í skipsvátryggingarskírteini fjelagsins frá 14. júní 1920, er það fjekk stefnanda í hendur fyrir ábyrgðinni. Byggir stefndur staðhæfingu sína um það að skipið hafi ekki verið sjófært, er það lagði út, aðallega á skoðunar- og matsgjörðum sjórjettarins í Arendal, er lagðar hafa verið fram í málinu, svo og útdrætti þeim úr dagbók skipsins, er þar var lagður fram.

Í hinum umræddu skoðunar- og matsgjörðum er fóru fram 26. og 29. júlí, 8. og 16. ágúst, 18. og 24. september 1920, er meðal annars þetta tekið fram um ástand skipsins: „Man finder at lasker og nader er meget aapne og saa raatne, at er umuligt at faa drevet til at staa" . . . . „Huden paa utsiden var paa flere steder meget raatten og enkelte steder ganske hul. Delvis var skandsklædningsstötterne ved dolbordet raatne og helt aapne. I det store og hele var skibet i en saa daarlig forfatning, at retten finder at der vil paalöpe saa store utgifter med at sætte skibet i sjödygtig stand for at fortsætte reisen til Island, at man anser en saadan reparation for utelukket" . . . . „Man fandt i rummet at der var en del raatne planker, samt at skibet i det hele var i en meget daarlig forfatning" . . . . „naar man under besigtigelsen den 8. ds. har uttalt at man ikke anser skibet for istandsættelse værd, saa er dette begrundet i skibets raatne tilstand og dets i sig selv daarlige forfatning; der for en del skyldes skibets begivning i sjöen" . . . . „Retten mener, at fartöjet maa siges at ha lidt havariskade derved at den var utsat for begivning, og herunder sprang læk" . . . . Retten antar, alle omstændheter sat i betragtning, at den lidte havariskade kan sættes til kr. 6000,00" . . . . „det omhandlede belöp kr. 6000,00 vil medgaa til eftirsyn og delvis drivning".

Í sjóferðaskýrslunni segir skipstjórinn, að er „SPES" hjelt út frá Larvik 22. júlí 1920: „Skibet var i nogenlunde tæt tilstand" og hefir hann skýrt þau ummæli í sjórjettinum hjer 28. júní þ. á., á þá leið að með þeim hafi hann meint að „skipið hafi verið forsvaranlega þjett". Auk þess upplýsir skipstjóri í sjó-

rjettarhaldinu í Mandal 26. júlí 1920 „at naar skibet i Larvik havde ligget lastet 24 timer maatte der pumpes i 10 à 12 minutter. Pumperne lænser paa 7 tommer". Þegar skipið kom út í rúmsjó fór lekinn að aukast, og var veður þó gott 22. júlí. Kl. 1 aðfaranótt 23. júlí fór að vinda af V.S.V. Kl. 3 um nóttina stendur í dagbókarútdrættinum: „Vind og sjö tiltok (bredfok, samt klyver gjordes fast, siden mellemstagsejl). Kl. 8 að morgni: „Stiv kuling V.S.V. med temmelig höj sjö", en með „stiv kuling" kveðst skipstjóri eiga við, að komið hafi verið að roki, þannig að sjórinn byrjaði að rjúka (samsaxaveður)". Kl. 12 á hádegi 23. júlí: „Vindstyrken c. 7 og tilsvarende sjö". Kl. 8 síðdegis: „begyndte Stormen at lægge sig". 24. júlí, kl. 1 árdegis: „fik en byge med vestlig storm". S. d. kl. $1^1/_2$ árdegis: „stille höj sjö". 23. júlí kl. 4 árdegis var lekinn: „30″ vand i lasten, pumpede til kl. 8 fmd. og hadde vi da 34″ vand i pumpen". Kl. 8 s. d.: „pumpede alt hvað vi orkede". Kl. 12 á hád. s. d.: hadde vi 39″ vand i pumpen og kunde ikke se andet en at skibet vilde bli fuldt med vand om nogen faa timer, skjöndt vi pumpede hele tiden. Forövrigt kunde vi godt merke at skibet begav sig ved at arbejde i sjöen. Noterne agter langs skandækket aabnedes, saa at man godt kunde stikke en kniv ned igjennem naar skibet slingrede i sjöen, men heldigvis fik vi ikke meget vand over. Vi var derfor nödt til at söke land hurtigst muligt, efter som stormen vedvarede, og vandet steg hele tiden i lasten, skjönt vi pumpede hele tiden".

Af þessum upplýsingum telur stefndur það augljóst og með þeim fullsannað, að skipið hafi verið ósjófært er það lagði á stað í ferðina. Það hafi gliðnað sundur er það kom í rúmsjó, í sæmilegu veðri, eð aað minsta kosti ekki lakara veðri en við mátti búast, af ástæðum, er voru fyrir hendi er það lagði á stað.

Um ástand skipsins „SPES" er það lagði á stað er þetta upplýst í málinu:

Þegar stefnandi hafði keypt skipið kom hann því til aðgjörðar á skipasmíðastöð í „Björkö" nálægt Stokkhólmi til skipasmiðanna Martinsson og Svenningsson. Hefir hinn síðarnefndi starfað sem skipasmiður í yfir 50 ár, en hinn fyrnefndi í 15 ár. Um þessa menn hefir K. Olsen í Gautaborg, löggiltur skipaskoðunarmaður seglskipa þar, vottað.

„Förnämmda Martinsson og Svenningsson har jeg sedan flera år tillbaka hört beskrivas såsom duktiga och i sitt fack

mycket samvetsgranna personer, fullt kompetenta både att reparera och bedöma ett fartygs sjövärdighet. Jåg anser därför att deras uttalande i förestående intyg är fullt tillförlitligt och bör fästas fullt förtroende till", en danski ræðismaðurinn í Gautaborg hefir staðfest undirskrift Olsons, og vottað að hann væri bær um að gefa slík vottorð. Á skipasmíðastöð þessari var skipið dregið á þurt (upptagen paa Slip) og botninn hreinsaður, kalfaktaður og seymdur þar sem þörf gjörðist (í hann reknir á annað þúsund spíkarar og boltar, skipið síðan sett á flot og plankabyrðingurinn sponsaður og kalfaktaður alstaðar þar sem þurfa þótti, sett í ný stórbóma og klýfirbóma, gjört við akkerisspilið, nýjir lúkukarmar settir og ýmislegt fleira. Auk þessarar aðgjörðar var reiði og segl bætt svo sem þurfa þótti. Aðgjörðin stóð yfir frá því í maímánuði þar til um 20. júní 1920, og hafði Davíð Gíslason, sem varð skipstjóri á skipinu, eftirlit með henni, og auk þess eftirlitsmaður frá sænsku ábyrgðarfjelagi er ætlaði að vátryggja skipið á hingaðferð þess, þar til frjettin um vátrygginguna hjer heima kom til Svíþjóðar, og að aðgjörðinni vann allan tímann maður sá, F. A. Petterson, sem varð stýrimaður á skipinu. Eftir aðgjörðina kveðst skipstjórinn hafa snúið sjer til danska kousúlsins í Gautaborg til þess að fá sjóferðavottorð fyrir skipið og fengið vottorð af „mönnum tilnefndum af honum" og hefir afrit af vottorðinu (en ekki útnefningin sjálf, ef skrifleg hefir verið, en það er ekki upplýst), verið lagt fram í málinu. Er það dagsett í Björkö 19. júní 1920 og undirskrifað af þeim Martinsson og Svenningsson og votta þeir eftir að hafa lýst aðgerðum þeim, sem fram hafa farið: „at fartyget nu efter vårt bedömmende befinner sig i ett godt og fullt sjövärdigt skick". Samhljóða vottorð hafa hinir sömu menn gefið undir eiðstilboð 29. janúar 1923 (rjettarskjal nr. 22) og er framannefnt vottorð K. Olssons ritað á það.

Að fengnu fyrnefnda vottorðinu var skipshöfnin lögskráð í skiprúm í Gautaborg, Svíarnir af sænskum skrásetningarvöldum, en öll skipshöfnin hjá danska ræðismanninum.

Davíð Gíslason hefir, sem vitni í málinu, staðfest þann framburð sinn með eiði hjer fyrir rjettinum, að hann hafi haft fyrirskipun frá stefnanda um það, að láta gjöra við skipið svo að það yrði sjófært hingað til Íslands, og heimtað að allar slíkar aðgerðir færu fram, enda álítur hann að skipið hafi verið í sjófæru standi, er það fór frá Svíþjóð.

F. A. Pettersson, stýrimaður á „SPES", sem áður er nefnd-

ur, vann eið að því fyrir sjórjettinum í Arendal, að: „han mente at skibet var fuldstændig sikkert ti han hadde selv været med og arbeidet paa det da det blev repareret i vaares paa Björkö".

P. H. Lundin, háseti á „SPES" vann og eið að þeim framburði sínum, við sama tækifæri, að: „han ansaa skuten for sikker da de gik ut, men mener at vind og sjö har bevirket at skuten er blit læk", og bæði skipstjóri og stýrimaður telja ástæðuna hina sömu til sjóskaða þess er skipið beið.

Sjórjetturinn verður að líta svo á, að það sje nægilega upplýst í málinu, að skipið „SPES" hafi beðið sjóskaða (lidt Hvari) á leiðinni frá Larvik til Arendal, og þar var skipið dæmt óbætandi. Hinsvegar þykir rjettinum það ekki nægilega sannað í málinu að skipið hafi verið ósjófært er það hóf ferð sína, og að vátryggingarfjelagið sje því ekki bundið við vátryggingarsamninginn.

Þegar vátryggingarsamningurinn var gjörður, var fjelaginu kunnugt um aldur skipsins, og eins og að framan getur, eru engar sönnur á það færðar, að stefnandi hafi gefið því rangar upplýsingar um ástand þess, eða aðgerðir þær, er fóru fram á því, enda hefði vátryggingarfjelaginu verið innan handar að láta fara fram skoðun á skipinu, áður en það tók það í ábyrgð, ef því hefði sýnst svo. Að dæma um ástand gamals skips, sem sjóskaða hefir beðið, áður en hann vildi til, er að áliti sjórjettarins mjög erfitt. Hinsvegar þykir mega byggja á áliti smiða þeirra, er gjörðu við skipið, og eftir upplýsingum þeim, sem fyrir liggja, eru hæfir og ábyggilegir menn, svo og skipstjóra og stýrimanns, sem voru við aðgerðina.

Það þykir því verða að taka til greina kröfu stefnanda um dóm yfir stefndum fyrir vátryggingarupphæðinni, og hinum umstefnda kostnaði, sem ekki hefir verið mótmælt sjerstaklega með rökum, með vöxtum eins og krafist er. Hinsvegar þykir rjettinum það eðlilegt að stefndur vildi leita úrskurðar dómstólanna um mál þetta, og þykir því rjett að málskostnaður falli niður í því.

Umboðsmaður stefnanda hefir haft óslitinn frest í málinu frá 4. nóvember 1922 til 17. nóvember 1923, en til þessa hafði hann samþykki umbjóðanda síns, og hefir rjettlætt frestinn.

Laugardaginn 20. júní 1925.

Nr. 22/1925. **Valdstjórnin** (Sveinn Björnsson)
gegn
Adolph Klietz (Jón Ásbjörnsson).

Brot á lögum um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi.

Dómur lögreglurjettar Vestmannaeyja 28. mars 1925: Kærði, Adolph Klietz, á að greiða sekt til Landhelgissjóðs Íslands að upphæð 15250 krónur. Öll veiðarfæri þar með taldir dragstrengir, svo og afli innanborðs í botnvörpungnum Kurland, skal upptækt vera og renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærði allan löglegan kostnað af málinu, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Það er sannað í málinu að varðskipið Fylla hitti kærða, á skipi sínu Kurland, innan landhelgislínunnar undan Dyrhólaey hinn 25. mars þ. á. Í lögreglurjettinum gaf kærði þá skýrslu um þetta, að hann hefði kastað botnvörpu kl. 12,15 nefndan dag og stýrt skipinu því næst 1 klst. og 3 stundarfjórðunga NV. t. V. Að því búnu kvaðst hann hafa snúið skipinu og hafi það tekið 20 minútur og því næst stefnt í SA. t. V. þar til kl. 3,30; þá hafi hann dregið upp vörpuna og stöðvað vjelina vegna þess að við hana hafi þurft að gera. Hafi þá verið stýrt í NV. nálægt einn stundarfjórðung, uns skipið var tekið.

Útaf þessari skýrslu kærða fjekk undirdómarinn varðskipsforingja þann, er mætti í málinu, til að marka á sjókorti hvar skip kærða hefði verið er botnvarpan var dregin upp samkvæmt skýrslu kærða. Kom foringjanum og kærða saman bæði um

stað þann er skipið hafði verið á er það hætti að reka og um að skipið mundi hafa rekið $1^1/_2$ sjómílu. Með því að ganga út frá þessu og með því að byggja að öðru leyti á skýrslu kærða, komst foringinn að þeirri niðurstöðu að skipið hefði verið $^1/_3$ úr sjómílu fyrir innan landhelgislínuna er varpan var dregin upp.

Eftir að dómur gekk í hjeraði hefir yfirforingi varðskipsins ásamt öðrum liðsforingja endurskoðað þessa mælingu og áætlun og hafa þeir sýnt á sjókorti er fram hefir komið í hæstarjetti, hvar skipið, samkvæmt skýrslu kærða, muni hafa verið statt er botnvarpan var dregin upp. Hafa þeir komist að sömu niðurstöðu og foringinn hafði komist að í lögregluryettinum. Þykir með þessu fengin nægileg sönnun fyrir því að kærði hafi gerst brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920 og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó þannig að sektin verði 15000 krónur, miðað við að krónan samkvæmt skýrslu Landsbankans, jafngildir í dag 68,94 aur. gulls.

Kærða ber að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins þar á meðal málflutningslaun til sækjanda og verjanda hjer í rjetti 80 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Lögreglurjettardóminum skal óraskað þó þannig að sektin sje 15000 krónur. Kærði Adolph Klietz greiði allan áfrýjunarkostnað þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarjetti, hæstarjettarmálflutingsmannanna Sveins Björnssonar og Jóns Ásbjörnssonar, kr. 80,00 til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Það er sannað með skýrslu foringjans á varðskipinu Fylla að kærði var miðvikudaginn 25. þ. m. á skipi sínu Kurland innan landhelgislínunnar með veiðarfæri laus á þilfari og auk þess á þilfarinu allmikið af lifandi þorski. Þessu hefir kærði ekki neitað en fullyrðir að það hafi ekki verið ætlun sín að fiska í landhelgi og að hafi svo orðið að hann kæmist eitthvað inn fyrir línuna þá hafi það orðið sjer óafvitandi. Að hann komst svo langt innfyrir landhelgislínuna (2 sjómílur) kveður hann að kenna því, að það hafi orðið að gera við vjelina eftir að varpan var dregin upp og að skipið hafi á meðan rekið nær landi. Má telja upplýst í málinu að svo hafi verið. En enda þótt gengið sje útfrá þessu og skýrslum kærða, virðast mælingar bygðar á þeim bera með sjer að kærði hafi hlotið að draga vörpuna eitthvað innan landhelgi ummræddan dag, sem það líka bendir til að lifandi þorskur var allmikill á þilfarinu, og sem því má gera ráð fyrir að hafi veiðst kringum klukkustund áður og kemur heim við það sem kærði ber.

Líkurnar fyrir því að kærði hafi brotið gegn 1. gr. laga um bann gegn botnvörpuveiðum nr. 5, 1920, þykja því nægar til þess að telja að svo hafi verið. Og þar sem hjer er um brot í fyrsta sinn að ræða álíst refsingin hæfileg 15250 krónur í sekt. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í botnvörpungnum vera upptækt. Ennfremur greiði kærði allan löglegan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Mánudaginn 22. júní 1925.

Nr. 21/1925. **Valdstjórnin** (Sveinn Björnsson)
gegn
Tamme Holländer (Jón Ásbjörnsson).

Brot á lögum um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi.

Dómur lögreglurjettar Vestmannaeyja 28. mars 1925: Kærði, Tamme Holländer, á að greiða sekt til Landhelgissjóðs Íslands að upphæð 10,000 krónur. Öll veiðarfæri þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í botnvörpungnum „Preussen" skal upptækt og renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærði allan löglegan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Það er sannað í máli þessu með skýrslu skipstjórans í varðskipinu Fylla dags. 26. mars þ. á., að kærði hafi 25. s. m. verið á skipi sínu, botnvörpungnum »Preussen« frá Nordenham, innan landhelgi vestur af Dyrhólaey, með botnvörpu sína í óreiðu hangandi utanborðs og hefir kærði ekki neitað þessu. Hann hefir því gerst brotlegur gegn 2. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920. Hinsvegar er það ekki sannað, að kærði hafi verið að veiðum í landhelgi og verður því ekki dæmdur eftir 1. gr. tjeðra laga.

Kærði hefir einu sinni áður sætt sekt fyrir sama brot og með tilliti til að gengi íslenskrar krónu er í dag, 68,91 aurar gullverðs samkvæmt skýrslu Landsbankans, þykir refsing hans samkvæmt 3. gr. nefndra laga hæfilega ákveðin 8000 krónur, er renni í Landhelgissjóð. Allur afli skipsins og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, skulu upptæk og andvirði þess renna í sama sjóð.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar bæði í hjeraði og fyrir hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarjetti 80 krónur til hvors.

Það athugast, að hjeraðsdómarinn hefir ekki tekið í dómgjörðirnar vottorð um dóm þann, er áður hefir gengið yfir kærða fyrir landhelgisbrot.

Því dæmist rjett vera:

Kærði, Tamme Holländer, skipstjóri á botnvörpungnum »Preussen« frá Nordenham greiði 8000 kr. sekt í Landhelgissjóð. Allur afli skipsins og öll veiðarfæri skulu upptæk og andvirðið renna í sama sjóð.

Svo greiði og kærði allan kostnað sakarinnar bæði í hjeraði og hæstarjetti, þar með talin sóknar- og varnarlaun til hæstarjettarmálflutningsmannanna Sveins Björnssonar og Jóns Ásbjörnssonar, 80 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Það er sannað með skýrslu foringjans á varðskipinu „Fylla" að kærði var miðvikudaginn 25. þ. m. á skipi sínu „Preussen" innan landhelgislínunnar með veiðarfæri að nokkru leyti utanborðs. Kærði hefir ekki neitað þessu en hinsvegar hefir hann eindregið neitað að hafa verið að fiskveiðum innan landhelginnar og haldið fram að ólag á netunum hafi valdið því að skipið komst inn fyrir línuna, með því að vjelin hafi verið stöðvuð og straumur og sjór borið skipið þannig, og telja má upplýst að umrætt ólag á netunum hafi verið. Gegn neitun kærða liggja ekki þær líkur fyrir í þessu máli að rjett sje að telja hann brotlegan gegn 1. gr. nefndra laga en aftur á móti er sannað að hann hefir

gerst brotlegur gegn 2. gr. þeirra og þar sem um ítrekað brot af hálfu kærða gegn þessum lögum er að ræða ákveðst refsingin 10,000 króna sekt til Landhelgissjóðs Islands. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir svo og allur afli innanborðs í botnvörpungnum vera upptækt og renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærði allan löglegan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Þriðjudaginn 23. júní 1925.

Nr. 38/1924. **Sigfús Daníelsson f. h. H/f. Hinar sameinuðu íslensku verslanir**
(Jón Ásbjörnsson)
gegn
hreppsnefnd Grunnavíkurhrepps
(Pjetur Magnússon).

Um útsvarsskyldu.

Úrskurður fógetarjettar Ísafjarðarsýslu 26. jan. 1924: Hið umbeðna lögtak á fram að fara.

Dómur hæstarjettar.

Í máli þessu, sem skotið hefir verið til hæstarjettar, samkvæmt áfrýjunarleyfi dags. 12. júlí f. á, með stefnu útgefinni 28. s. m. og flutt er af hendi stefnda með gjafvörn og skipuðum málflutningsmanni, er það sannað, að látin hafa verið út úr fisktökuhúsi áfrýjanda í Grunnavíkurhreppi til fiskimanna þar í grendinni um 7 smálestir af salti á tímabilinu frá 25. sept. til 28. okt. 1922. Saltið, sem áfrýjandi átti, var látið út af manni, sem hafði kauplausa íbúð í húsinu. Var það síðar skrifað í reikning viðtakenda við verslun áfrýjanda á Hesteyri og síðan borgað með afla þeirra frá vertíðinni þá um haustið. Auk þess keypti áfrýjandi á þessu tímabili fisk af Grunnvíkingum fyrir rúmar 4000 kr.

Vegna verslunarviðskifta þessara var hreppsnefndinni í Grunnavíkurhreppi heimilt samkv. 1. gr. laga nr. 50/1919 að leggja útsvar á áfrýjanda þar í hreppi haustið 1922, og ber því að staðfesta fógetarjettarúrskurðinn að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða kaup hins skipaða málflutningsmanns stefnda í hæstarjetti, og er það ákveðið 60 kr. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða fógetarjettarúrskurði skal óraskað.

Áfrýjandi, Sigfús Daníelsson f. h. Hinna sameinuðu íslensku verslana, greiði málflutningskaup hins skipaða málflutningsmanns stefnda, Pjeturs hæstarjettarmálflutningsmanns Magnússonar, 60 kr. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Með brjefi dags. 25. sept. f. á. krefst oddviti Grunnavíkurhrepps, að tekið verði lögtaki hjá h/f. Hinar sameinuðu íslensku verslanir á Ísafirði aukaútsvar að upphæð kr. 290,00, er hreppsnefndin lagði á tjeða verslun eða útbú hennar á Hesteyri, fyrir fardagaárið 1922—23.

Hefir gerðarþoli neitað að greiða útsvarið fyrir þá sök að hann hafi enga atvinnu rekið í Grunnavíkurhreppi árið 1922. Að vísu kveðst gerðarþoli hafa keypt fisk af Grunnvíkingum haustið 1922, en þau kaup hafi verið með þeim hætti að gerðarþoli sótti fiskinn til þeirra gegn leigu fyrir flutning hans til Ísafjarðar,

hafi hann svo keypt fiskinn hjer á Ísafirði og greitt andvirði hans hjer, sumpart með salti, er hann færði þeim og sumpart með úttekt. En til þess að hafa eftirlit með vigt og gæðum fisksins kveðst gjörðarþoli þó hafa orðið að hafa mann þar viðstaddan.

Samkvæmt skjölum málsins er það nægilega upplýst í málinu, að árin 1919—20 og 21 greiddi gjörðarþoli eða útbú hans á Hesteyri aukaútsvar til gjörðarbeiðanda fyrir atvinnurekstur, er var í því fólgin, að gjörðarþoli keypti fisk af Grunnvíkingum þar í hreppnum, og hafði hann í því skyni hús á Staðareyrum og mann þar við úthlutun á salti til fiskframleiðenda, og til þess að taka á móti fiski þeirra, er var vigtaður þar inn til gjörðarþola, með öðrum orðum keyptur þar, en fiskframleiðendur fengu andvirði hans að mestu leyti greitt í úttekt við Hesteyrarverslun.

Að því er frekast verður sjeð, virðist engin veruleg breyting hafa orðið á þessu árið 1922. Samkvæmt vottorði Friðbjörns Helgasonar, úthlutaði hann tæpum 7 tonnum af salti til fiskframleiðenda í Grunnavíkurhreppi, á rúmum 4 vikum úr húsi gjörðarþola á Staðareyrum, haustið 1922 og samkvæmt vottorðum 6 fiskframleiðenda í Grunnavíkurhreppi, áttu þeir svofeld viðskifti við gjörðarþola umrætt haust, að hann ljet taka móti fiski þeirra í húsið á Staðareyrum, meta hann þar og vigta inn til sín, fjekk þeim svo vigtarseðil, en úr því hafi fiskurinn verið kominn í vörslur gjörðarþola, á hans ábyrgð og hann ráðstafað honum að vild sinni, en andvirði hans greitt þeim sumpart með salti og sumpart í úttekt við Hesteyrarverslun líkt og fyrri árin; ennfremur hefir 7. fiskframleiðandinn átt við gjörðarþola að heimili sínu Dynjanda í Grunnavíkurhreppi umrætt haust.

Með því nú að vottorðum þessum hefir eigi verið mótmælt virðist það nægilega sannað, að gjörðarþoli hafi stundað þá atvinnu, að kaupa fisk í Grunnavíkurhreppi, um getið haust, líkt og að undanförnu og þar eð atvinnu þessa verður að telja arðsama, en ekkert framkomið í málinu af hálfu gjörðarþola um það, að atvinna þessi hafi eigi verið stunduð í fullar 4 vikur á gjaldárinu, enda bendir og vottorð Friðbjörns Helgasonar (rskj. 5) á, að svo hafi verið, lítur rjetturinn svo á, að umrætt aukaútsvar sje löglega lagt á gjörðarþola sbr. lög nr. 50, 28. nóv. 1919, 1. gr. 3. málsgrein.

Þriðjudaginn 23. júní 1925.

Nr. 1/1925. **Jóhannes Kr. Jóhannesson**
gegn
Gunnari Sigurðssyni.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jóhannes Kr. Jóhannesson, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Þriðjudaginn 23 júní 1925.

Nr. 13/1925. **Þorgeir Þorgeirsson**
gegn
Þórði Bjarnasyni.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Þorgeir Þorgeirsson, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Föstudaginn 18. sept. 1925.

Nr. 9/1925. **H. P. Duus f. h. eigenda og vátryggjenda m/sk. „Iho“** (L. Fjeldsted)
gegn
Ólafi Hvanndal f. h. sameignarfjelagsins „Úlfar“ (Pjetur Magnússon).

Skaðabætur vegna áreksturs skipa.

Dómur sjódóms Reykjavíkur 24. maí 1924: Stefndur Ingvar Ólafsson, f. h. eigenda og vátryggjenda m/sk. „Iho“, greiði stefnandanum, Ólafi Hvanndal f. h. eigenda m/b. „Úlfs“, kr. 13539,50 með 6 % ársvöxtum frá 3. mars 1922 til greiðsludags og 100 kr. upp í málskostnað, innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstarjettar samkvæmt áfrýjunarleyfi útgefnu 17. janúar þ. á. með áfrýjunarstefnu dagsettri 7. febrúar síðastliðinn.

Eftir því sem málið liggur fyrir hæstarjetti er aðeins spurnig um það, hvoru megin sökin á skemdum þeim, sem »Úlfur« varð fyrir, liggi, og ber þá, samkvæmt ástæðum hins áfrýjaða dóms, að staðfesta hann. Málskostnað í hæstarjetti greiði áfrýjandi stefnda með 300 krónum.

Á rekstri málsins hefir staðið óhæfilega lengi í sjódóminum. Málið var þingfest í sjódómi 17. júní 1922 en ekki tekið til dóms fyr en 12. apríl 1924. Á þessu tímabili voru veittir í málinu samtals 35 frestir, án þess að tilgreint væri til hvers ætti að nota þá. Er það ljóst að allur þorri fresta þessara hefir verið tekinn að þarflausu, enda er aðeins eitt vitni leitt í málinu og tvö sóknarskjöl og þrjú varnarskjöl framlögð. Þessi meðferð málsins bæði af hendi

sjódómsins og af hendi umboðsmanna aðilja, hæstarjettarmálflutningsmannanna Guðmundar Ólafssonar og Lárusar Fjeldsted, er mjög aðfinsluverð og verður ekki komist hjá að láta hinn síðastnefnda, er hefir haft í málinu alls 19 fresti í samtals 368 daga, sæta sekt samkvæmt 17. gr. tilsk. 15. ágúst 1832, sbr. 10. gr. tilsk. 3. júní 1796, fyrir drátt á málinu. Ákveðst sektin 40 kr. til fátækrasjóðs Reykjavíkur og greiðist innan 14 daga, en 4 daga einfalt fangelsi komi í sektarinnar stað sje hún eigi greidd á rjettum tíma.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað.

Áfrýjandi firmað H. P. Duus f. h. eigenda og vátryggjenda m/sk. »Iho« greiði stefnda Ólafi Hvanndal f. h. sameignarfjelagsins »Úlfar« málskostnað í hæstarjetti með 300 krónum.

Lárus hæstarjettarmálaflutningsmaður Fjeldsted greiði innan 14 daga 40 króna sekt í fátækrasjóð Reykjavíkur eða sæti 4 daga einföldu fangelsi ef sektin er ekki greidd á rjettum tíma.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Fimtudaginn 2. mars 1922 lá m/b. „Úlfur", eign sameignarfjelagsins „Úlfar" hjer í bænum við hafnarbakkann og var fermdur salti, er fara átti til Keflavíkur. Utan á „Úlfi" lá m/sk. „Iho", eign firmans H. P. Duus hjer í bænum, með bilaða vjel og sneru bæði skipin framstafni í austur. Var „Iho" fest með taugum, sem láu yfir „Úlf" í hafnarbakkann og jafnframt var „Iho" fest

við „Úlf“ með taugum aftan og framan. Þegar hleðslu „Úlfs“ var lokið kl. 7 um kvöldið var orðið dimt og strekkings-vindur af austri, er stóð yfir bakborðskinnung skipsins. Vildu Úlfsmenn þá fara frá hafnarbakkanum, en þess var ekki kostur nema „Iho“ væri leyst og færð frá „Úlfi“ á meðan. Voru Ihomenn þá beðnir að færa skipið meðan „Úlfur“ færi frá, en þeir kváðu ekki hægt að hreyfa skipið af því að vjelin væri biluð. Var hafnarfógeti þá sóttur og sömuleiðis skipstjórinn á „Iho“. Skipaði hafnarfógeti svo fyrir, að „Iho“ skyldi flytja sig svo „Úlfur“ kæmist frá, en þeirri skipun hans var ekki hlýtt. Vjelstjórinn á „Úlfi“ hafði fengið skipun skipstjóra um kvöldið til þess að hita upp vjelina, en hætti við það er hann sá að fyrirskipuninni um að „Iho“ flytti sig var ekki hlýtt. Þegar á nóttina leið var komið ofsarok og ljet skipstjórinn á „Úlfi“ þá hita upp vjelina, en meðan á því stóð sprakk klappinn, sem hliðartaugarnar voru festar um og hrökk báturinu þá vestur með bakkanum og lenti skuturinn á framstefni b/v. „Austra“ sem lá við bakkann fyrir vestan „Úlf“ og „Iho“, og brotnaði dekkið og báðar hliðarnar, enda hafði „Úlfur“ „Iho“ í eftirdragi, þar sem „Iho“ var bundin við „Úlf“. Fríholt voru sett á hliðar „Úlfi“ til hlífðar og vjelin látin ganga það sem eftir var nætur svo að skemdirnar yrðu sem minstar. Um kl. 8 um morguninn var „Iho“ loks dregin frá síðu „Úlfs“ og var veðrinu þá farið að slota. Fór „Úlfur“ þá frá bakkanum út á höfnina en rakst á e/s. „Skjöld“ og m/b. „Mars“, er lágu á höfninni og var það því að kenna, eftir staðhæfingum stefnanda, að „Úlfur“ ljet illa að stjórn vegna skemda á stýrinu, er orðið höfðu um nóttina.

Kostnaðurinn við aðgerð á skaða þeim, sem m/b. „Úlfur“ varð fyrir um nóttina, var metin af dómkvöddum mönnum á kr. 8889,50 en matskostnaðurinn nam kr. 150,00. Viðgerðin og töf mótorbátsins útaf henni er talin hafa tekið tvo mánuði og tjónið útaf töfinni 2000 krónur á mánuði. Auk þess er talið að uppskipunin á farminum úr m/b. „Úlfi“ og flutningskostnaður á honum hafi numið 500 kr. og er beina tapið, sem eigendur „Úlfs“ hafa beðið, því alls kr. 13539,50. Tjónið á m/b. „Mars“ útaf árekstri „Úlfs“ er metið á kr. 370,00 og tjónið á e/s. „Skildi“ kr. 1260,00 og hafa eigendur m/b. „Úlfs“ verið krafðir um þessar upphæðir.

Fyrir hönd eigenda m/b. „Úlfs“ hefir Ólafur Hvanndal því höfðað mál þetta [illegible] sjódómi[illegible]m með stefnu útgefinni 15. júní

1922 gegn framkvæmdarstjóra Ingvari Ólafssyni fyrir hönd eigenda og vátryggjenda m/sk. „Iho“, og krafist þess, að hann verði dæmdur til að greiða sjer samtals kr. 15649,50 með 6 % ársvöxtum frá 3. mars 1922 til greiðsludags og allan málskostnað að skaðlausu.

Stefndur hefir krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda í málinu og málskostnaðar hjá honum eftir mati sjódómsins.

Stefnandi telur m/b. „Iho“ valdan að öllu beinu tjóni því er eigendur m/b. „Úlfs“ urðu fyrir útaf skemdunum á honum nóttina milli 2. og 3. mars 1922 svo og hinu óbeina tjóni, sem hlaust af árekstri „Úlfs“ á m/b. „Mars“ og e/s. „Skjöld“ með því að „Iho“ gegndi ekki fyrirskipun hafnarfógeta um að færa sig til svo að „Úlfur“ kæmist frá hafnarbakkanum um kvöldið.

Stefndur hefir hinsvegar bygt sýknukröfu sína á því, að skipstjórinn á „Iho“ hafi hvorki sýnt af sjer vanrækslu eða óhlýðni og að skaði sá, er m/b. „Úlfur“ leið, hafi verið »hændelig Ulykke«. Hann hefir mótmælt því, að stýrið á m/b. „Úlfi“ hafi verið bilað og haldið því fram að árekstur hans á m/b. „Mars“ og e/s. „Skjöld“ hafi ekki stafað af því, heldur af hinu, að „Úlfi“ hafi verið klaufalega stjórnað, enda hafi „Úlfur“ haft nægt svigrúm til þess að vera búinn að varpa akkerum, áður en hann rakst á mótorbátinn og eimskipið, ef stýrið hefði verið bilað,

Það er nú nægilega sannað í málinu með útskrift af sjóferðaprófi því, er framfór 6. mars 1922 og vitna framburði Odds Jónssonar, hafnarfógeta, að hafnarfógetinn gaf skipstjóranum á „Iho“ þá fyrirskipun að kvöldi hins 2. mars 1922 að færa sig til við hafnarbakkann, svo m/b. „Úlfur“ kæmist frá honum og skipstjórinn á „Iho“ hefir játað við sjóferðaprófið, að þeirri fyrirskipun hefði hann getað fylgt en ekki gert, og er ástæðan, sem hann færir fyrir því bersýnilega röng og kemur í bága við það sem upplýst er í málinu. Þessari skipun hafnarfógeta var m/b. „Iho“ skylt að hlýða sbr. 4. og 14. gr. hafnarreglugjörðar fyrir Reykjavíkurkaupstað frá 12. nóvember 1917 (Stj.tíð. s. á. B, bls. 246) og verða eigendur og vátryggjendur hans að bæta tjón það, er af því hlaust að svo var eigi gert, og skal það tekið fram, að það skiftir ekki máli þótt „Úlfur“ lægi utan á „Iho“ áður en byrjað var að ferma „Úlf“ og færði sig út fyrir hann meðan verið var að ferma „Úlf“, úr því að „Úlfur“ komst ekki frá hafnarbakkanum án þess að m/b. „Iho“ væri færður.

Beina tjónið, sem leiddi af þessari óhlýðni verður að telja viðgerðarkostnaðinn á „Úlfi“, matskostnaðinn, uppskipunar- og flutningskostnað á farminum og tjónið vegna tafar bátsins frá ferðum, er af viðgerðinni leiddi. Hefir stefnandi ekki með rökum sýnt fram á að upphæðir þsssar sjeu of háar, eins og stefnandi telur þær, og verður því að taka kröfur hans í því efni til greina.

Að því er hinsvegar snertir kröfur stefnanda um dóm yfir stefndum fyrir bótum þeim, sem m/b. „Mars“ og e/s. „Skjöldur“ hafa gert kröfu til vegna skemda þeirra, er á þeim urðu við árekstur „Úlfs“, þá hefir því verið mótmælt, að þær hafi stafað af bilun á stýri „Úlfs“ og skoðunar- og matsgjörðin á „Úlfi“ bendir ekki til þess að stýrið hafi verið bilað, enda hefði það verið óvarfærni af skipstjóranum á „Úlfi“ að leggja skipinu hjálparlausu frá hafnarbakkanum með bilað stýri, þar sem engin nauður rak hann til þess, úr því veðrið var farið að batna.

Krafa stefnanda um dóm yfir stefndum fyrir þeim samtals kr. 2110,00, sem þessar kröfur nema, verður eigi tekin til greina.

Það verða því úrslit þessa máls hjer í rjettinum að dæma stefndan til að greiða stefnanda kr. 13539,50 með vöxtum eins og krafist er og eftir atvikum 100 kr. upp í málskostnað.

Mánudaginn 28. sept. 1925.

Nr. 27/1925. **Valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Eiríki Kjerúlf, Halldóri G. Stefánssyni (Pjetur Magnússon) **og Gunnari Juul** (Guðm. Ólafsson).

Brot á reglugjörð nr. 67, 7. ágúst 1922.

Dómur lögreglurjettar Ísafjarðarkaupstaðar 6. apríl 1925: Hinir kærðu Eiríkur Kjerúlf læknir, Halldór G. Stefánsson læknir og Gunnar Juul lyfsali sæti sektum, Eiríkur Kjerúlf 900 kr., Halldór G. Stefánsson 600 kr. og Gunnar Juul

700 kr, og renni sektin í ríkissjóð. Svo ber þeim in solidum að greiða allan kostnað málsins.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Mál þetta er höfðað gegn hinum kærðu, læknunum Eiríki Kjerúlf og Halldóri G. Stefánssyni og Gunnari lyfsala Juul, einungis fyrir brot á fyrirmælum reglugjörðar nr. 67, 7. ágúst 1922 um sölu áfengis til lækninga, og kemur því eigi til álita hvort þeir kynnu að hafa gerst brotlegir við aðrar rjettarreglur með athöfnum þeim, sem lýst er í hinum áfrýjaða lögreglurjettardómi.

Hinir kærðu læknar hafa brotið ákvæði 5. og 6. gr. áðurnefndrar reglugjörðar, og kærði Gunnar Juul er kærður fyrir að hafa brotið 3. og 4. gr. reglugjörðarinnar með því að hafa látið af hendi áfengi án löglegrar beiðni eða lyfseðils frá lækni og með því að hafa eigi haldið fyrirskipaða eyðslubók um áfengi.

Umrædd reglugjörð er sett af dómsmálaráðherra svo sem í upphafi hennar segir »samkvæmt 2. gr. laga nr. 62, 27. júní 1921«, en hvorki í 2. gr. tjeðra laga nje annarstaðar í þeim felst heimild til handa framkvæmdarvaldinu til þess að setja þau ákvæði um sölu áfengis, er í nefndum greinum reglugjörðarinnar segir, ásamt refsifyrirmælum 8. gr. reglugjörðarinnar, og ber því að sýkna hina kærðu af kærum valdstjórnarinnar í þessu máli. Eftir þessum málsúrslitum ber að greiða úr ríkissjóði allan kostnað sakarinnar bæði í hjeraði og fyrir hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun sækjanda 100 kr. og málflutningslaun verjenda í hæstarjetti 60 kr. til hvors.

Við rekstur málsins í hjeraði er það að athuga, að málunum gegn hinum kærðu hefir verið steypt saman án þess að brot þau, er þeim voru gefin að sök, væru svo samtengd, að nauðsynlegt hafi verið að sækja þá alla í sama máli.

Því dæmist rjett vera:

Hinir kærðu Eiríkur Kjerúlf, Halldór G. Stefánsson og Gunnar Juul eiga að vera sýknir af kærum valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur kostnaður málsins bæði í hjeraði og fyrir hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun sækjanda málsins hæstarjettarmálflutningsmanns Jóns Ásbjörnssonar 100 kr. og málflutningslaun verjenda hinna kærðu, hæstarjettarmálflutningsmannanna Pjeturs Magnússonar og Guðmundar Ólafssonar 60 kr. til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn læknunum Eiríki Kjerúlf, Halldóri Georg Stefánssyni og lyfsala Gunnari Juul, öllum til heimilis á Ísafirði, fyrir brot gegn reglugjörð nr. 67, 7. ágúst 1922 um sölu áfengis til lækninga.

Eins og útskrift af rjettarprófum málsins sýnir hefir rannsókn verið hagað þannig, að rannsóknardómarinn ljet semja skýrslu eftir áfengisbók lyfjabúðarinnar á Ísafirði, um tölu, áfengismagn og tegund lyfseðla þeirra, er útgefnir hafa verið af hinum kærðu læknum á tímabilinu frá 1. júlí 1923 til 30. júní 1924. Teknir voru þá æðimargir af áfengisseðlum kærðs Halldórs G. Stefánssonar til þess að sýna ásigkomulag þeirra. Ennfremur ljet rannsóknardómarinn semja skýrslu um magn áfengis þess, er lyfja-

búðin ljet út eftir áfengisbókum og ávísunum annara lækna og eftir laboratorium journal yfir sama tímabil til þess að komast fyrir hve mikið áfengi lyfjabúðin hefði alls látið úti, þar eð hún hafði eigi haldið fyrirskipaða eyðslubók.

Að því er nú snertir kærðan Eirík Kjerúlf lækni, sýnir greind skýrsla, að hann á tímabilinu frá 1. júlí 1923 til 30. júní 1924 hafði gefið út 1484 áfengislyfseðla og að áfengismagn þeirra var 366 lítrar, þar af 11 lítrar vina medicata. Af lyfseðlum þessum gaf hann út 1002 á tímabilinu 1. júlí 1923 til 31. desember s. á. og 482 á tímabilinu 1. jan. 1924 til 30. júní s. á. En af lyfseðlum þessum gat lyfjabúðin eigi afhent rannsóknardómara nema 1419, vantaði því 65 áfengisseðla á töluna samkvæmt áfengisbók lyfjabúðarinnar. Gegn mótmælum kærðs verður það því eigi talið nægilega sannað að hann hafi gefið út nema 1419 áfengisseðla á framangreindu tímabili og að telja megi áfengismagn þeirra samtals 348 lítra eins og kærður telur það í varnarskjali sínu þar með taldir 11 lítrar vina medica.

Samkvæmt áfengisbók lyfjabúðarinnar eru áfengislyfseðlar færðir í tvo dálka, fyrri og síðari dálk. Fyrri dálkurinn er fyrir vínanda óblandaðan eða vatnsblandaðan, en síðari fyrir vínanda blandaðan öðrum efnum. Flestallir áfengislyfseðlar kærðs eru færðir í síðari dálkinn, sökum þess að flestallir áfengislyfseðlar hans eru blandaðir öðrum efnum, langoftast eterol., carvi Gtt II og aq. dest. 350 eða eins og fyrirsögnin á rjskj. 4 og 7 sýna. Stöku sinnum er vínandaskamturinn blandaður medicinskum bitterefnum eða öðrum efnum.

Staðhæfir kærður að lyfseðla þessa beri eigi að skrifa á hin fyrirskipuðu eyðublöð samkvæmt 5. gr. reglugjörðarinnar. Af áfengislyfseðlum er ritast eigi á þau eyðublöð er umgetur í 5. gr. telur hann sig eigi hafa gefið út nema 97. En allir aðrir áfengislyfseðlar hans er í áfengisbók eru færðir eigi þar eigi heima og eigi að ritast á almenn eyðublöð.

Þá hefir kærður haldið því fram, að hann hafi eigi sjeð auglýsingu lækna og lyfsala um áfengiskaup, er út kom í september—október-blaði Læknablaðsins 1923, fyr en í desember s. á., og er það eigi sannað gegn mótmælum hans.

Að því er snertir spurninguna um það, hvort kærðum beri að skrifa greinda lyfseðla á hin fyrirskipuðu eyðublöð, þá þykir verða að svara því samkvæmt fyrirmælum reglugjörðarinnar í sambandi við fyrirmæli reglugjörðar nr. 66, 7. ágúst 1922, um sölu

á iðnaðaráfengi, suðuvökva o. fl. þannig, að orðin „ómengað áfengi“ í 3. gr. reglugjörðar nr. 67, 1922 beri að skýra með hliðsjón af fyrirmælum reglugjörðar nr. 66 1922 um mengaðan og hálfmengaðan vínanda. En samkvæmt því verður ekki álitið að vínandi verði mengaður, hálfmengaður eða fullmengaður þó hann sje blandaður ætherol. carvi. Gtt. II eða medicinskum bitterefnum. Það virðist eðlilegt að skoða það fremur smekkbæti en hitt að það breyti aðalâhrifum vínandans sem nautnarmeðals. Vínandinn verður þrátt fyrir svofelda blöndun að teljast ómengaður og leiðir af því, að kærðum ber að gefa lyfseðla á þannig lagaða vínandablöndu, á hin sjerstöku eyðublöð sbr. 5. gr. reglugjörðarinnar.

En kærður álítur að tómlæti hafi verið sýnt af hálfu þeirra, er áttu að hafa eftirlit með framkvæmd reglugjörðarinnar. Reglugjörðin sjálf er útgefin 7. ágúst 1922, ári eftir að lagaheimildin, lög nr. 62, 27. júní 1921 gekk í gildi, en nokkur nánari fyrirmæli um framkvæmd hennar kom svo út meira en ári þar á eftir, í auglýsing til lækna og lyfsala um áfengiskaup 23. ágúst 1923. Var auglýsingin, er eigi kom út í Læknablaðinu, birt í september- og október-blaði Læknablaðsins, er kærður kveðst eigi hafa lesið fyr en í desember s. á. eins og áður segir. Ennfremur kveðst kærður hafa snúið sjer hingað á skrifstofu embættisins, sumarið 1922, til þess að fá þar hin fyrirskipuðu eyðublöð og er hann fjekk þau eigi þar, skrifað annaðhvort landlækni eða stjórnarráði um það, hvar hann ætti að fá þau, en engin eyðublöð fengið.

Sannað er það nú að vísu eigi, að kærður hafi skrifað landlækni eða stjórnarráði brjef þess efnis. En rjetturinn lítur svo á, að framangreint kunni að hafa veikt ábyrgðartilfinningu kærðs og styrkt hann fremur í þeirri skoðun að tæplega myndi það vera tilætlunin að framfylgja reglugjörðinni stranglega eftir bókstafnum. Til nokkurra málsbóta verður það að teljast en frekar eigi. Kærður, er þekti fyrirmæli reglugjörðarinnar, vissi einnig, að minsta kosti í desember 1923, hve marga áfengislyfseðla var leyfilegt að gefa út, gætti þess þó eigi en gaf út hálfu fleiri áfengisseðla, fyrra helming ársins 1924 en reglugjörðin með viðauka heimilaði. Þá hefir það komið fyrir að kærður hefir gefið ávísanir á áfengi í síma til lyfsala og að hann hefir látið frá sjer ódagsetta áfengislyfseðla, en hvorugt er löglegt sbr. 5. og 6. gr. reglugjörðarinnar.

Kærður hefir gerst brotlegur gegn reglugjörð nr. 67, 7. ágúst 1922.

Kærður Halldór læknir G. Stefánsson flutti hingað til bæjarins síðustu dagana í nóvember 1923. Sýnir skýrsla um tölu og áfengismagn lyfseðla þeirra, er kærður gaf út á tímabilinu frá 1. júlí 1923 til 30. júní 1924, að hann hefir gefið út samtals 1345 áfengislyfseðla, þar af 15 á tímabilinu 1. júlí 1923 til 1. desember s. á., en hitt alt 1330 áfengislyfseðla á tímabilinu frá 1. desember 1923 til 30. júní 1924. Áfengismagn þeirra var alls 408,8 lítrar spiritus conc., $16^3/_4$ lítrar konjak og $2^1/_4$ lítrar sherry eða alls 428,8 lítrar áfengis, þar af til eigin nota 51,64 lítrar spiritus conc., $6^3/_8$ lítrar og $2^1/_4$ sherry. Lyfjabúðin skilaði þó eigi rannsóknardómara nema 1343 af áfengisseðlum kærðs og koma hjer því eigi fleiri til greina.

Það er upplýst í málinu og viðurkent af kærðum að hann ritaði eigi áfengislyfseða sína á hin fyrirskipuðu eyðublöð, samkvæmt reglugjörð nr. 67, 7 ágúst 1922, nema hvað kærðan minnir að hann kæmi með frá Akureyri eitt eyðublaðahefti eða hluta af því og notaði það að einhverju leyti í fyrstunni hjer. En kærður hefir borið það fyrir sig, að hann fyrri hluta desember 1923 hafi skrifað landlækni brjef þar sem hann bað hann senda sjer 2—3 hefti af hinum fyrirskipuðu eyðublöðum. Kveðst svo nokkru síðar hafa ítrekað beiðni sína í símskeyti en eigi fengið neitt svar og engin eyðublöð fengið send. Útaf þessu hefir rjetturinn leitað upplýsinga hjá landlækni, er í embættisskeyti til rjettarins hefir lýst því yfir að hann kannist ekki við að kærðum hafi verið neitað um eyðublöð þessi.

Að undanskildum fáeinum áfengislyfseðlum kærðs eru þeir ávísanir á spir. con. blandaðan vatni og færðir í fyrri dálk í áfengisbók lyfjabúðarinnar.

Að því er snertir lyfseðla þessa skal eftirfarandi tekið fram.

Í 6. gr. reglugjörðarinnar nr. 67, 1922 segir að enginn læknir megi ávísa hvorki sjálfum sjer nje öðrum meira en sem svarar 210 gr. spir. con. og eigi aftur sama neytanda fyr en að 3 nóttum liðnum, en undantekning gerð, sjerstaklega í tveimur tilfellum, í öðru þeirra, ef læknir telur þess brýna þörf t. d. handa sjúklingi, er býr mjög langt frá læknum. Af þessu leiðir í fyrsta lagi, að í lyfseðli á áfengi verður að tilgreina nafn og heimili neytenda svo greinilega að hægt sje að ganga úr skugga um, hver

neytandinn sje, í öðru lagi verður það að teljast óheimilt að auka skamtinn þó neytandinn búi á öðrum stað en hlutaðeigandi læknir, búi neytandinn nær öðrum lækni eða á sama stað.

Flestir hinna framlögðu áfengislyfseðla kærðs í þessu sambandi eru að meira eða minna leyti stórgallaðir, kemur fyrir að nafn neytanda er ólæsilegt, að heimili hans er eigi greint eða heimili hans of óákveðið, t. d. einhverjum fjarðanna, Dýrafirði, Önundarfirði, án frekari tilgreininga á heimili sbr. ýms hinna framlögðu rjsk. nr. 63—108, og að kærður hefir aukið skamtinn til neytenda er eiga heima á sama stað og annar læknir t. d. Bolungarvík eða Þingeyri, eða nær öðrum læknum sbr. ýms hinna framlögðu rjettarskjala nr. 20—44.

Hefir kærður því gerst brotlegur gegn umræddri reglugjörð bæði að þessu leyti og eins að því er snertir fjölda áfengisseðla og áfengismagn samkvæmt þeim.

Kærður Gunnar Juul hefir einkarjett til lyfjasölu á Ísafirði, og er enginn ágreiningur um það í málinu, að hann hefir afgreitt áfengisseðla þá, er að framan getur um. Ennfremur er það nægilega sannað, að kærður færði eigi fyrirskipaða eyðslubók, en færði áfengiseyðslu lyfjabúðarinnar inn í áfengisbókina, en þar er eigi skýrt frá eyðslunni nema mánuðina ágúst—des. 1922 og jan. og febrúar 1924. Varð því að rannsaka hve mikil eyðsla lyfjabúðarinnar hafði verið á tímabilinu frá 1. júlí 1923 til 30. júní 1924 eins og áður er greint. Sýndi áfengisbók og laboratoriumjournal lyfjabúðarinnar að eyðslan var 3186 lítrar áfengis eða freklega tvöfalt meira en heimilt var.

Þá er það nægilega sannað að Bjarni nokkur Björnsson fær afhenta 5 lítra spir. conc. tvisvar sama daginn, og veit kærður engin deili á honum, að dýralæknir fær útilátna rúma $11^3/_4$ lítra spir. conc. dagana 26. júlí (sic) til 7. júlí þ. á., að lyfjabúðin afgreiðir 4 lítra spir. conc. eftir áfengisbók, er heimilaði trjesmið 4 lítra hálfmengaða og 1 lítra ómeng. spiritus concentratus til eigin þarfa og að Björn Blöndal fær samtals 20 lítra spir. conc. dagana 10. júlí, 23. ágúst og 20. sept. 1923, án þess sjeð verði að hann hafi haft lyfsölurjett.

En að því er snertir lyfseðla hinna kærðu lækna heldur kærður því fram, að honum hafi borið skylda til að afgreiða þá, þar eð þeir sjeu útgefnir af löggiltum læknum en eins og hjer hagar til verður þetta eigi talið rjett.

Að vísu heimila bannlög læknum að ávísa áfengi sem læknislyfi og samkvæmt 2. gr. laga nr. 62, 1921, er ríkisstjórninni heimilt að selja læknum, er hafa rjett til lyfjasölu, áfengi. En lögin heimila ríkisstjórninni jafnframt að setja nánari reglur um áfengissöluna. Í þeim reglum skal það tiltekið, hve mikið áfengi megi láta af hendi við lækna og lyfsala, svo að mest sje á hverju ári eða um tiltekið tímabil. Samkvæmt þessari lagaheimild hefir ríkisstjórnin sett reglugjörð nr. 67, 1922 og samkvæmt 7. gr. hennar fyrirmæli um, hve mikið hverjum lækni mest megi láta í tje um árið áfengi og vín sbr. auglýsingu til lækna og lyfsala um áfengiskaup 23. ágúst 1923.

Með greindum reglum verður að álíta að lögin hafi takmarkað rjett lækna til að ávísa áfengi sem læknislyfi þannig, að noti læknir meira áfengi til lækninga en reglugjörðin heimilar eða gefi út fleiri áfengisseðla þá sje það ólöglegt og beri að telja það ólöglega áfengissölu, eða eigi læknislyf. Reglugjörðin með viðauka leyfir nú eigi hinum kærðu læknum að nota áfengi til lækninga um fram það er þeir mega ávísa með 500 lyfseðlum á ári. En eins og áður er sagt hafa þeir notað miklu meira áfengi og gefið út miklum mun fleiri áfengisseðla en heimilt var samkvæmt greindum reglum og fyrirmælum.

Þar eð nú kærður þekti hjer að lútandi lagafyrirmæli en takmarkaði þó eigi að neinu leyti afgreiðslu áfengislyfseðlanna þykir hann hafa orðið sekur um ólöglega áfengissölu og að hann því einnig að þessu leyti hafi gerst brotlegur gegn reglugjörð nr. 67, 1922.

Samkvæmt framangreindu hafa þá hinir kærðu gerst brotlegir gegn reglugjörð nr. 67, 7. ágúst 1922 um sölu áfengis til lækninga. En um brot gegn reglugjörðinni fer eftir fyrirmælum laga nr. 91, 1917, laga nr. 38, 1911 og laga nr. 62, 1921. Ber samkvæmt því að líta svo á, að hinir kærðu læknar hafi orðið sekir um að láta af hendi læknisseðil um áfengi í þeim tilgangi að það yrði notað öðruvísi en sem læknislyf, og heyrir brot þeirra undir 18. gr. laga nr. 91, 1917, um aðflutningsbann á áfengi og brot hins kærða lyfsala ber að skoða ólöglega sölu á áfengi og heyrir undir 1. málsgr. 9. gr. nefndra laga. En kærður Eiríkur Kjerúlf hefir tvisvar áður sætt sektum fyrir samskonar brot, í fyrra skifti samkvæmt yfirrjettardómi 16. júlí 1917, 200 kr. sekt og samkvæmt hæstarjettardómi 12. júní 1922, 600 kr. sekt. Kærður Halldór G. Stefánsson hefir einu sinni áður sætt

200 kr. sekt samkvæmt yfirjettardómi 26. mars 1917, og kærður Gunnar Juul 500 kr. sekt samkvæmt lögreglurjettarsætt 18. mars f. á. fyrir smyglun á áfengi.

Með tilliti til þessa þykir refsing kærðs Eiríks Kjerúlfs hæfilega metin 900 kr. sekt, refsing kærðs Halldórs G. Stefánssonar 600 kr. sekt og refsing kærðs Gunnars Juul 700 kr. sekt og renni sektin í ríkissjóð. Það þykir eigi næg ástæða til að svifta kærðan Eirík Kjerúlf læknisleyfi um stundarsakir enda heyrir spurning um það fremur undir landlækni sbr. lög nr. 38, 1911.

Allan kostnað málsins verða hinir kærðu eftir þessum úrslitum að greiða, og greiði þeir kostnaðinn in solidum.

Dómarinn lætur þess getið, að eftir að málið var tekið til dóms hafi framhaldsrannsókn fram farið og að skjöl málsins hafi í sama skyni verið send bæjarfógeta Reykjavíkur, þó það leiddi eigi til rjettarrannsóknar þar. Það og embættisannir, þar á meðal sýslufundahöld, hafa tafið fyrir því, að dómur yrði uppkveðinn í málinu fyr.

Það vottast að rekstur málsins hafi verið vítalaus og meðferð þess lögleg.

Miðvikudaginn 14. okt. 1925.

Nr. 19/1925. **Jóhannes J. Reykdal** (L. Fjeldsted)
gegn
bæjarstjórn Hafnarfjarðar (Enginn).

Landamerkjamál.

Dómur merkjadóms Gullbringu og Kjósarsýslu 5. desbr. 1924: Landamerki milli jarðarinnar Setbergs í Garðahrepp í Gullbringusýslu annarsvegar og þess hluta Garðakirkjulands, sem með lögum nr. 13, 22. október 1912 var selt Hafnarfjarðarkaupstað, skulu vera þau, sem hjer segir:

Úr neðstu jarðbrú í Kaplakrika eftir Kaplakrika í hraunjaðarinn beint vestur af stað þeim, þar sem Kaplalæk er nú veitt úr eldri farveg sínum rjett norðan við Baggalágar vestur af Setbergshamri, þaðan beina línu í stýflugarð rafstöðvarinnar, þá eftir garðinum og úr honum beint í markaþúfu suður og uppi á

holtinu, þaðan í upptök lækjar þess, sem Hafnarfjarðarkaupstaður fær neytsluvatn sitt úr, þá í Gráhellu og þaðan í miðjan Ketshelli.

Gera skal glögt og haldgott merki í hraunjaðarinn vestur af stað þeim þar sem Kaplalæk er veitt úr eldri farvegi sínum norðan við Baggalágar.

Málskostnaður samkvæmt reikningi, kr. 250,00 greiðist að hálfu af eiganda Setbergs en að hálfu af bæjarsjóði Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Dóminum að fullnægja að því er ídæmdan málskostnað og merkjasetningu snertir innan þriggja daga frá lögbirtingu hans að viðlagri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Hin stefnda bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar hefir eigi mætt eða látið mæta í máli þessu, þótt henni hafi verið löglega stefnt. Hefir málið því verið flutt skriflega samkvæmt 1. lið 38. gr. hæstarjettarlaganna og dæmt samkvæmt N. L. 1—4—32. og 2. gr. tilsk. 5. júni 1796.

Ágreiningurinn í málinu er um það hvar sje að finna þrjá staði eða örnefni, er löglega gjörð og þinglesin landamerkjaskrá fyrir jörðunni Setbergi í Garðahreppi dags. 5. júní 1890 miðar landamerki jarðarinnar við. Örnefni þessi eru: Syðri-Lækjarbotnar, Silungahella og túngarðsendinn.

Áfrýjanda hefir nú ekki tekist að sanna það, að Syðri-Lækjarbotnar sjeu annarsstaðar, en þar sem merkjadómurinn hefir talið þá vera og miðað landamerkin við, nje heldur að í landamerkjaskránni sje miðað við annan túngarð, en þann, sem nú er vörslugarður fyrir Setbergstúni og í málinu eru ekki fengnar neinar ábyggilegar upplýsingar um hvar svonefnd Silungahella hafi verið eða sje.

Áfrýjandi hefir þannig ekki sannað, að rjetti hans sem eiganda Setbergs sje hallað með því að ákveða landamerki jarðarinnar eins og merkjadómurinn hefir gjört, en málinu hefir hinsvegar ekki verið gagnáfrýjað, og eru því ekki fyrir hendi nægar ástæður til þess að ómerkja hinn áfrýjaða landamerkjadóm samkvæmt 15. gr. landamerkjalaganna og ber því að staðfesta hann.

Með því að hin stefnda bæjarstjórn hefir ekki mætt, á málskostnaður í hæstarjetti að falla niður.

Því dæmist rjett vera:

Landamerkjadóminum skal óraskað. Málskostnaður fyrir hæstarjetti falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er rekið útaf ágreiningi, sem er milli Jóhanness Reykdal, eiganda jarðarinnar Setbergs í Garðahreppi og bæjarstjórnar Hafnarfjarðarkaupstaðar vegna bæjarsjóðs sem eiganda þess hluta Garðakirkjulands, sem samkvæmt lögum nr. 18, 22. okt. 1912 var selt kaupstaðnum, um landamerki milli þess hluta Garðakirkjulands og jarðarinnar Setbergs. Lýsir eigandi Setbergs landamerkjunum á þessu svæði þannig: Úr neðstu jarðbrú Kaplakrika, svo eins og lækurinn afsker í túngarðsendann, sem er í vestur af Setbergshamri, úr honum í Silungahellu, sem stefndur efst á Hörðuvöllum í krikanum neðan við hraunið og er mjög auðþekkjanlegur hellusteinn, þaðan suður í þúfuna sem á holtinu stendur, þaðan í Syðri-Lækjarbotna, sem er sunnan við grasblettinn suður af aðalupptökum lækjarins, suður undir hrauninu og kemur þar nú vatn upp, þaðan í Gráhellu og þaðan í miðjan Ketshelli. Umboðsmaður Hafnarfjarðarkaupstaðar hefir aftur á móti mótmælt þessu að því leyti að hann telur óupplýst hvar „neðsta jarðbrú“ sje og heldur sje eigi um annan túngarðsenda að ræða en þann sem nú sje fyrir vestan Setberg og viðhaldið sje í vörslugarði, og ennfremur sje Silungahella ekki finnanleg.

Telur hann merkin vera gaddvírsgirðingu nokkra er gangi alla leið frá Stórakróki í Kaplakrika í nefnda þúfu í holtinu, norðvestanhalt á svonefndum Öldum og þaðan upp að Lækjarbotnum eins og girðingin ræður. Þó telur hann hana ganga of mikið út í hraunið til norður.

Samkvæmt landamerkjaskrá fyrir jörðina Setberg dags. 5. júní 1890, þingl. 9. s. m. og máldaga fyrir jörðina, dags. 6. juní 1525 eru landamerki hennar sem hjer segir: Úr miðjum Ketshelli og í stein þann er stendur í fremsta Tjarnholti, úr honum í Flóðhálsinn úr Flóðhálsinum í Álftatanga, úr honum í hellu þá, sem stendur í Lambhaga, þaðan í neðstu jarðbrú, svo eftir því er lækurinn afsker í túngarðsendann, þaðan í Silungahellu, svo þaðan í þúfuna sem á holtinu stendur, úr henni og í Syðri-Lækjarbotna, úr þeim og í Gráhellu, úr henni og í miðjan Ketshelli.

Málsaðilar eru á eitt sáttir um það, að neðsta jarðbrú á Kaplalæk muni hafa verið þar sem tjeð gaddavírsgirðing liggur yfir lækinn í Kaplakrika og er ágreiningurinn um merkin þaðan og að Gráhellu sem málsaðilar eru ásáttir um hvar sje sem og um Ketshelli.

Enginn ágreiningur er heldur um markaþúfu þá, sem umræðir í landamerkjaskránni, en ágreiningurinn er um það, hvar þrír af þeim stöðum, sem mörkin eiga að liggja um, sjeu, sem sje túngarðsendinn, Silungahella og Syðri-Lækjarbotnar. Um hið síðasttalda örnefni hefir eitt vitnið talið rjett að þeir sjeu þar sem eigandi Setbergs telur þá vera, sem í lægð nokkurri sje fáa metra vestan við upptök lækjar þess sem neysluvatn Hafnarfjarðar er tekið úr. Seitlaði þar nú dálítið vatn er landamerkjadómurinn gekk á merkin fyrir þremur dögum síðan, en þegar gengið var á merkin 1922 var þar svo sem ekkert vatn sjáanlegt og enginn lækur.

Aftur hafa hin önnur vitni, er leidd hafa verið í málinu haldið því fram, að Syðri-Lækjarbotnar sjeu þar sem neytsluvatn kaupstaðarins er nú tekið, enda virðist það sennilegast í alla staði og hafa vitni þau er leidd hafa verið að tilhlutun eiganda Setbergs talið það rangt, sem í vottorðum þeirra standi þar um. Landamerkjadómurinn hefir ekki getað sjeð aðra Lækjarbotna, en þá sem upptök lækjarins eru í og verður því að teljast eðlilegast að miða landamerkin við greinilegasta markastaðinn er þar sjest, sem sje sjálf upptök lækjarins, þar sem neytsluvatn bæjarins er tekið og þykir því rjett að telja landamerkin beina leið úr fyr-

greindri markaþúfu í lækjarupprásina, og þaðan beint í Gráhellu. Er þá aðalvafaatriðið merkin frá neðstu jarðbrú í Kaplakrika og í tjeða markaþúfu og þau tvö örnefni sem merkin eiga að liggja um þar á milli, sem sje, túngarðsendinn og Silungahella. Við skoðun á merkjunum fanst ekki votta fyrir neinum túngarði nema þeim, sem nú er viðhaldið sem vörslugarði um Setbergstún og ekki sást nokkurstaðar votta fyrir túni eða tóftarbrotum nálægt Setbergshamri. Að túngarður hafi legið vestur frá Setbergshamri þar sem eigandi Setbergs heldur fram að hann hafi verið og verið það greinilegur 1523, að landamerki væru við hann miðuð, en væri nú svo gersamlega horfinn, að hvergi sæist móta fyrir honum, einkum ofan til þar sem líklegt væri að hann hefði verið hlaðinn úr grjóti að meira eða minna leyti, er mjög ósennilegt, því fyrir túngarðinum sjest mjög víða móta frá afarlöngu liðnum tíma. Ekkert mælir heldur á móti því í rauninni að merkin hafi getað verið talin eftir Kaplalæk frá Stórakrók að núverandi túngarði og að sá hafi verið á samastað á 16. öld og nú þó hann sje bygður upp að nýju. Og vel gat þá túngarðurinn endað við Kaplalæk og þá líklega austurkvísl hans ef hann var þá í tveim kvíslum og er því ekkert er sjerstaklega mæli á móti því að túngarður sá, er ræðir um í Setbergsbrjefi frá 1523 hafi verið á sama stað og nú, nema þá það, hve hornótt og afkáraleg merkin yrðu ef Silungahella væri talin vera þar sem eig. Setbergs telur hana vera og merkin væru talin liggja frá túngarðinum í hana og síðan í margnefnda markaþúfu.

Í skjölum þeim, sem fram hafa verið lögð í málinu er engin upplýsing um það, hvar Silungahella hafi verið annað en það að örnefni þetta hlýtur að vera milli túngarðsenda þess, sem nefndur er og markaþúfunnar á holtinu. Eigandi Setbergs hefir talið Silungahellu vera hraunbjarg nokkurt, sem nefnt hefir verið í seinni tíð Skotklettur, í hraunkrika efst og nyrst á Hörðuvöllum og hefir hann leitt þrjú vitni að þessu, er borið hafa að þau hafi heyrt hraunbjarg þetta nefnt svo, þó þannig að eitt vitnið hefir talið örnefnið hafa verið litla hellu, sem legið hafi fyrir neðan bjargið, en nú hafi verið tekin burtu. Annað þessara vitna kveðst einnig muna eftir að hafa sjeð þessa hellu. Aftur hafa tvö önnur vitni, sem hafa verið samtímis hinum að nokkru á Setbergi á yngri árum sínum borið, að þau hafi aldrei heyrt talað um Silungahellu á þessum stöðum fyr en nú nýlega og hafi aldrei vitað landamerkin miðuð við þann stað, sem eigandi Setbergs telur vera

Silungahellu. — Annað vitnið telur merkin þegar það var á Setbergi á æskuárum sínum hafa verið talin eftir Kaplalæk og tjörnum, sem hann rennur um alla leið að þeim stað er lækurinn fer gegnum túngarðinn á Setbergi rjett fyrir ofan trjesmiðju Jóh. Reykdals og þaðan í tjeða markaþúfu á holtinu, en hitt telur þau hafa verið haldin nálægt beinni línu úr Kaplakrika í markaþúfuna. Öllum ber þó vitnunum saman um það, að Baggalágar hafi jafnan verið taldar í Setbergslandi eftir því sem þau viti til. Ennfremur hefir eitt vitnið borið það, að hafa heyrt að eitthvað af austurhluta Hamarskotsmýrar væri í Setbergslandi og annað vitnið hefir borið það, að móðir sín hafi eitt sinn sagt við Hamarskotsbóndann er hann tók upp mó þar í mýrinni, að nú væri hann að taka upp mó í Setbergslandi. Ef rjett væri að eitthvað af þessari mýri væri í Setbergslandi, þá fellur það stykki Hafnarfjarðar-megin við beina línu úr neðstu jarðbrú í markaþúfuna og gæti þá markalínan legið í Skotklett eftir því úr markaþúfunni. En að þessi Skotklettur og Silungahella sje það sama er vegna lögun klettsins næsta ólíklegt, þar sem hella er í venjulegri merkingu átt við flatan stein og þunnan, Skotklettur er aftur á móti hornótt hraunbjarg, drangur, sem að vísu hefir einn nokkurnveginn sljettan en mjög hrufóttan lóðrjettan kant, en því fer fjarri að á honum sje nokkurt hellulag. Aftur hefir Gráhella, sem eigandi Setbergs telur líka Skotkletti, stóran og all vel sljettan skáhallan flöt, sem er þannig að vel má nefna það hraunbjarg, hellu (hraunhellu). Af lögun Skotkletts er því ómögulegt að draga þá ályktun, að hann hafi verið nefndur Silungahella fyr á tímum og heldur ekki getur nafnið talist sennilega stafa frá hyl þeim sem eitt vitnið hefir nefnt að hafi verið í læknum á miðjum Hörðuvöllum og nefndur hafi verið Silungahylur. Og að landamerki hafi verið miðuð við lausa hellu litla, sem legið hafi undir klettinum eins og eitt vitnið vill halda fram, er lítt hugsanlegt.

Í málinu hefir verið lagt fram vitnisburðarskjal síra Einars Ólafssonar og Egils Einarsonar um landamerki Garðakirkjulands dags. 1579.

Sjest af því að síra Einar hefir um langan tíma haldið Garðastað og þá talið mörkin milli Setbergs og Garða liggja eftir læknum fyrir sunnan Setberg og eftir Kaplalæk frá því er lækirnir koma saman fyrir neðan Setberg. Þetta hafa verið mjög glögg og greinileg merki, enda þótt Kaplalækur renni að nokkru gegnum tjarnir og fen og rynni þá ef til vill í tvennu lagi um

Baggalágar. Annaðhvort væri Setbergsbrjefið þá að engu haft, eða það er síðari tíma tilbúningur, þar sem vottorðsgefendur nefna það ekki. En það sýnir að þegar á 16. öld og 17. hefir verið vafi um landamerki Setbergs á svæðinu frá Kaplakrika til Lækjarbotna og hafi Setbergsbrjefið þá verið til, hefir hlotið þá þegar að vera vafi á um örnefnin í því sem enn er eigi leystur. Og landamerkjaskráin frá 1890 hefir ekkert bætt úr þessu, því hún endurtekur að eins önefnin í Setbergsbrjefi án þess að það sjáist að neitt hafi verið athugað um það hvar þau sjeu. T. d. gæti túngarðsendinn, ef annar væri en í garði þeim, sem nú er um Setbergstún ekki verið með öllu horfinn síðan 1890, ef hann hefir þá verið svo greinilegur að til mála kæmi að miða landamerki við hann. Landamerkjadómurinn álítur þó ekki að skilja beri ákvæði landamerkjaskrárinnar þannig að því beri að slá föstu, að landamerkin liggi eftir Kaplalæk alla leið í túngarð þann eina sem nú finst, þar eð með því yrði engjaspildan Baggalágar, sem eftir framburði vitna þeirra, sem leidd hafa verið í málinu, jafnan hefir verið nytjuð frá Setbergi eftir því sem þau þekkja til, skilin frá Setbergi að nokkru leyti og það líklega með órjettu. Ennfremur telur landamerkjadómurinn líkur þær, sem eigandi Setbergs hefir fært fyrir að Skotklettur sje sama og Silunghella ekki nægar til þess að álíta hana hafa verið það, af því að klettur inn líkist alls ekki hellu og engin hella er þar finnanleg nálægt, enda mörkin svo afkáraleg, ef talin væru bæði um túngarðinn og Skollaklett, að ekki virðist koma til mála að þau hafi legið þannig. Virðist því ekki hægt að taka örnefnin, túngarðsendann og Silungahellu til greina við ákvörðun landamerkjanna milli neðstu jarðbrúar og margnefndrar Markaþúfu, nema að því leyti að Silungahella virðist hafa verið í norður frá markaþúfunni og því ekki óliklegt að eitthvað af austurhluta Hamarskotsmýrar ætti að fylgja Setbergi, eins og líka nokkrar líkur virðast til eftir framangreindum framburði tveggja vitna. Er ekki ósennilegt að Silungahella hafi verið einhversstaðar í eða fast við læk þann, sem rafstöð Hafnarfjarðar fær afl sitt úr.

Umboðsmaður Hafnarfjarðarkaupstaðar hefir talið það sönnun þess að núverandi eigandi Setbergs hafi ekki talið sig eiga land lengra en að girðing þeirri, er hann hefir sett milli Kaplakrika og Markaþúfunnar, að hann hefir sótt um byggingarleyfi til umráðamanns Garðakirkju þegar hann bygði rafstöð Hafnarfjarðar, sem var áður en Hafnarfjarðarkaupstaður eignaðist landið 1912

og ennfremur hafi hann 1920 sótt um byggingarleyfi til bæjarstjórnar Hafnarfjarðar undir aðra byggingu á landshluta þeim, er hann telur nú eiga að falla undir Setberg. Þetta getur þó landamerkjadómurinn ekki talið að hafa þá þýðingu að eigandi Setbergs hafi þar með afsalað sjer öllu tilkalli til landsins, ef síðar upplýstist að Setberg ætti það.

Landamerkjadómurinn getur ekki talið það sannað, að landamerki Setbergs sjeu rjett sett með gaddavírsgirðingu þeirri, er eigandi Setbergs hefir sett, enda er hún ekki bein nje vel fallin til að hafa landamerkin eftir henni. — Hinsvegar verður að álíta, að það sje eiganda Setbergs að sanna það, að landamerki jarðarinnar sjeu þar sem þau hafa verið haldin í hans tíð, eða að sönnunarbyrgðin ætti að minsta kosti að hvíla á honum í þessu efni. Hann hefir með framburði vitna fært nokkur rök fyrir máli sínu, þó ekki geti landamerkjadómurinn fallist á þau sem sönnun og með tilliti til þess, sem að framan segir, þykir landamerkjadómnum rjett að víkja mörkunum lítið eitt til frá gaddvírsgirðingunni svo að gleggri mörk fáist, og þykir því rjett að ákveða þau eftir Kaplalæk og í hraunjaðarinn beint vestur af stað þeim þar sem Kaplalæk er nú veitt úr eldri farvegi sínum, rjett norðan við Baggalágar, vestur af Setbergshamri, og skal þar setja glögt og haldgott merki, þaðan beina línu í stíflugarð rafstöðvartjarnarinnar og síðan eftir honum og beina línu í Markaþúfu suður og upp í holtinu. — Með þessu yrðu að teljast fengin mjög glögg og greinileg merki.

Eftir þessu ber að dæma landamerki milli Setbergs og Hafnarfjarðarkaupstaðar úr neðstu jarðbrú í Kaplakrika eftir Kaplalæk í hraunjaðarinn beint vestur af stað þeim, þar sem Kaplalæk er nú veitt úr eldri farvegi sínum rjett norðan við Baggalágar vestur af Setbergshamri, þaðan beina línu í stýflugarð rafstöðvartjarnarinnar, síðan eftir honum og beina línu í Markaþúfu suður og upp í holtinu, þaðan í upptök lækjar þess sem neysluvatn Hafnarfjarðar er tekið úr, þaðan í Gráhellu og þaðan í miðjan Ketshelli.

Málskostnaður alls kr. 250,00 samkvæmt framlögðum reikningi þykir hæfilegt að greiðist að hálfu af hvorum aðila eftir málavöxtum, en falli að öðru leyti niður.

Föstudaginn 16. okt. 1925.

Nr. 20/1925. **Sigfús Sveinsson** (Svb. Jónsson)
gegn
Lúðvík Sigurðssyni og gagnsök
(Guðm. Ólafsson).

Útaf verðuppbót á fiski.

Dómur aukarjettar Suður-Múlasýslu 23. ágúst 1924: Svo framarlega sem stefndur Sigfús Sveinsson kaupmaður á Norðfirði eftir löglegan undirbúning, á varnarþingi sínu vinnur eið að því að hann hafi ekki keypt fisk þann frá árinu 1918, sem stefnandi, Lúðvík kaupmaður Sigurðsson á Norðfirði, seldi honum árið 1918 og í janúar 1919 með þeim fyrirvara, að hann skyldi greiða stefnanda þá uppbót á verði fiskjarins, sem útflutningsnefnd síðar kynni að greiða honum, á hann að vera sýkn af kröfum stefnanda, en vinni hann ekki svofeldan eið, skal hann greiða stefnanda kr. 2225,20 með 6 % ársvöxtum frá 1. jan. 1921 til greiðsludags.

Dóminum skal fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga aðför.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstarjettar af hendi beggja aðila, af aðaláfrýjanda með stefnu dags. 6. maí þ. á. samkvæmt áfrýjunarleyfi 28. apríl s. á. og af gagnáfrýjanda með stefnu dags. 12. júní þ. á. samkvæmt gagnáfrýjunarleyfi 28. maí s. á.

Af ástæðum þeim, sem tilgreindar eru í hinum áfrýjaða aukarjettardómi, verður að fallast á, að úrslit málsins eru látin vera komin undir synjunareiði aðaláfrýjanda og ber því að þessu leyti að staðfesta aukarjettardóminn, þó með þeirri breytingu á orðalagi eiðsins, er síðar segir.

Ef aðaláfrýjandi vinnur synjunareiðinn, þykir rjett að málskostnaður í báðum rjettum falli niður,

en verði aðaláfrýjanda eiðfall skal hann greiða gagnáfrýjanda málskostnað í undirrjetti og hæstarjetti, er ákveðst 500 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Svo framarlega sem aðaláfrýjandi, Sigfús Sveinsson, eftir löglegan undirbúning innan 8 vikna frá birtingu dóms þessa, synjar fyrir það með eiði á varnarþingi sínu, að hann hafi keypt saltfisksframleiðslu gagnáfrýjanda, Lúðvíks Sigurðssonar, frá árinu 1918 með þeim kjörum, að gagnáfrýjandi skyldi fá greitt fyrir fiskinn, auk reikningsverðsins, þá uppbót á verði fiskjarins, sem útflutningsnefnd síðar kynni að greiða aðaláfrýjanda, þá á hann að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu og fellur þá málskostnaður í undirrjetti og hæstarjetti niður. En vinni aðaláfrýjandi ekki eiðinn skal hann greiða gagnáfrýjanda 2225 kr. 20 a. með 6 % vöxtum frá 1. janúar 1921 til greiðsludags og málskostnað í undirrjetti og hæstarjetti með 500 kr.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með stefnu útgefinni 17. nóvbr. 1922 hefir stefnandinn Lúðvík Sigurðsson á Norðfirði, höfðað mál þetta eftir árangurslausa sáttatilraun, fyrir aukarjetti Suður-Múlasýslu, gegn stefndum Sigfúsi Sveinssyni kaupmanni á Norðfirði til greiðslu á kr. 2225,20, sem hann telur vangreidda verðuppbót á fiski öfluðum á árinu 1918 og seldum stefndum 1918 og í jan. 1919, en

fisk þennan hafði stefndur selt aftur Útflutningsnefnd, ásamt 6 % ársvöxtum af tjeðri upphæð frá þeim degi er stefndur fjekk uppbótina greidda til greiðsludags, svo krafðist hann og málskostnaðar að skaðlausu eða eftir mati rjettarins.

Kröfur sínar byggir stefndur á þeim atvikum er hjer greinir:

Samkvæmt samningi landsstjórnarinnar við stjórnir Bandamanna í Norðurálfuófriðnum, dags. 22. maí 1918 var lögskipuð einkasala til útlanda á íslenkum afurðum, þar á meðal fiski, framleiddum á því ári, og sjerstakri nefnd, Útflutningsnefnd, falið að hafa þessa sölu á hendi í umboði landsstjórnarinnar. Útflutningsnefndin ákvað þegar verð það, er hún greiddi fyrir fiskafurðirnar og var það miðað við það verð, sem Bandamenn höfðu heitið að greiða fyrir fyrstu 12000 smálestir fiskjar, sem þeir keyptu.

Jafnframt var ákveðið hærra verð á þeim fiski, sem fulltrúi Bandamanna kynni að kaupa framyfir tjeðar 12000 smálestir og að endingu, er öll framleiðslan væri seld, átti að setja jafnaðarverð á hverja tegund. Yrði jafnaðarverðið hærra, en það verð, sem Útflutningsnefndin hafði upprunalega greitt, skyldi seljendum bættur mismunurinn upp, en reyndist jafnaðarverðið lægra, voru seljendur skyldir að endurgreiða það, sem þeim kynni að hafa verið borgað fram yfir jafnaðarverðið. Nú seldi stefnandi stefndum fisk sinn frá árinu 1918 á því verði, sem stefndur þá gaf fyrir fisk og sem miðaður var við hið lága verð Útflutningsnefndar, þannig að stefndur átti að hafa venjulegan kaupmannshagnað af viðskiftunum, enda þótt engin uppbót á verðinu yrði greidd honum af Útflutningsnefnd. Kveðst stefnandi hafa selt honum fiskinn með þeim fyrirvara að stefndur skyldi greiða sjer þá uppbót á verðinu, sem útflutningsnefnd síðar kynni að greiða honum og hafi stefndur lofað þessu.

Sú uppbót, sem stefndur síðar fjekk greidda nam 19 % af söluverði fiskjarins, og telur stefnandi að stefndur hafi að eins greitt sjer 10 % af verðinu eða kr. 2472,44 ógreitt sje 9 % eða kr. 2225,20, sem er upphæð sú er um er stefnt.

Samningar aðila um fiskkaupin voru munnlegir. Stefndur hefir krafist sýknunar og sjer tildæmdan málskostnað. Neitar hann því að stefnandi hafi selt sjer umræddan fisk með nokkrum sjerstökum fyrirvara eða skilyrði um verðuppbót, svo sem hann heldur fram.

Krafa stefnanda byggist fyrst og fremst á umræddum fyrir-

vara um uppbótina, sem hann telur sig hafa gert þegar salan fór fram.

En auk þess heldur hann því fram, að hann hefði átt heimtingu á tjeðri verðuppbót, enda þótt hann ekkert skilyrði hefði sett um að fá hana greidda, þegar samningar voru gerðir, með því að það hafi verið meining Útflutningsnefndar, að uppbótin rynni til framleiðendanna beint og samkvæmt tilkynningum Útflutningsnefndar hafi bæði kaupmenn og framleiðendur átt að vita að verðuppbót hver svo sem hún yrði ætti að ganga til framleiðendanna og út frá því hafi verið gengið í fiskviðskiftum alment.

Hefir stefnandi upplýst með framburði nokkurra vitna að ýmsir kaupmenn á Austfjörðum hafa greitt 15 % af andvirði fiskjar er þeir keyptu árið 1918 í verðuppbót.

Stefndur hefir mótmælt þessari röksemdafærslu stefnanda og telur sig á engan hátt hafa verið bundinn við að greiða verðuppbótina þar sem sala fiskjarins hafi verið skilyrðislaus af hálfu stefnanda og tilkynningar Útflutningsnefndar skuldbindi sig ekki heldur í þessu efni, þá telur hann sig ekki bundinn við gerðir annara kaupmanna í þessu tilliti.

Rjetturinn verður að líta svo á að af reglum þeim, sem útflutningsnefnd setti um sölu fiskjarins (sbr. tilkynningu nr. 5 frá 28. júní 1918) verði ekki dregin sú ályktun að verðuppbótin, hver svo sem hún yrði, skyldi tvímælalaust og án þess að um þyrfti að semja ganga beint til framleiðenda. Útflutningsnefnd keypti aðeins af vissum kaupmönnum og fjelögum og af framleiðendum, sem höfðu talsverða framleiðslu.

Allar sölureglur nefndarinnar virðast miðaðar við að ákveða afstöðu hennar til þessara viðskiftamanna sinna og ekki annara og þar sem talað er um væntanlega verðuppbót, er gengið út frá að hún gangi til seljenda en ekki framleiðenda, sem átt hefði að vera, ef slíkt hefði verið meining Útflutningsnefndar. En þar að auki hafði Útflutningsnefnd ekki gefið fyrirheit um neina ákveðna uppbót heldur gert ráð fyrir hvorutveggja, að jafnaðarverð það sem að lokum yrði sett á fiskinn gæti bæði orðið hærra og lægra en það verð sem hún hafði borgað. Var því ekki fyrirfram hægt að ganga út frá neinni uppbót, sem áreiðanlega yrði greidd, heldur mátti eins vel búast við að tap yrði fyrir kaupendur ef jafnaðarverðið yrði lægra.

En á hinn bóginn felst í tjeðum reglum Útflutningsnefndar einmitt bending til framleiðenda um að tryggja sjer með samningum við kaupendur sína þann hagnað sem verða kynni af sölunni framyfir hið lága verð útflutningsnefndar.

Á vitnisburðum þeim sem fram hafa verið færðir um greiðslu annara kaupmanna en stefnds á verðuppbót til viðskiftamanna þeirra verður ekki sjeð að um fasta venju hafi verið að ræða og í nokkrum tilfellum virðist greiðslan hvíla á samningum, sem gjörðir hafa verið eftir á á milli kaupenda og framleiðenda og verður því ekki á þessum upplýsingum bygð nein skilyrðislaus skylda fyrir stefndan til að greiða kröfu stefnanda.

Úrslit þessa máls eru því undir því komin, hvort salan hefir farið fram undir því skilyrði af hálfu stefnanda að honum yrði greidd verðuppbótin, eða ekki.

Stefnandi hefir í því efni bent á, að stefndur hafi þegar greitt sjer 10 % af söluverði fiskjarins í uppbót, og það mundi hann ekki hafa gert, ef hann hefði ekki álitið að sjer bæri skylda til þess.

22. apríl 1920 hefir stefndur fært stefnanda til tekna á viðskiftareikningi hans „Pr. prc. 1918 og jan. 1919 uppbót 10 % af kr. 24724,40, kr. 2472,40.

Telur hann ósannað að uppbót þessi sje verðuppbót á fisk innlegg stefnanda, heldur sje þessi greiðsla viðurkenning fyrir viðskiftum yfirleitt; en bæði er það, að stefnandi hefir fært ljós rök að því, sem ekki hafa verið hrakin af stefndum að þetta sje uppbót á umræddu fiskinnleggi hans og að sönnunarskyldan hvílir á stefndum en ekki stefnanda um það, hverskonar uppbót það var, sem hann færði stefnanda til innleggs 22. apríl 1920.

Verður því að ganga út frá að tjeð upphæð sje uppbót á fiskinnleggi stefnanda frá árinu 1918 og jan. 1919.

Með þessu er að vísu ekki fengin sönnun fyrir því eins og stefnandi heldur fram að fiskurinn hafi verið seldur stefndum með fyrirvara um uppbótina, en það verður að teljast mjög ósennilegt að stefndur hefði greitt þessa uppbót ef ekkert hefði verið um hana samið eða hann enga skyldu haft til að greiða hana.

Þegar þess er ennfremur gætt að ólíklegt þykir að stefnandi, sem virðist hafa verið einn í þeirra tölu, sem gat selt útflutningsnefnd beint, hafi ekki áskilið sjer við söluna uppbótina ef einhver yrði, þar sem hún að sjálfsögðu hefði runnið til hans, ef hann hefði selt nefndinni beint, og að eitt vitni hefir fyrir

rjettinum borið að stefndur hafi greitt því samkvæmt loforði uppbót, sem að minsta kosti hefir verið 15 %, af andvirði afla frá 1918 seldum stefndum, sem sýnir að stefndur hefir í þessu tilfelli gert samskonar samning og stefnandi heldur fram að hann hafi gert við sig, þá þykir að þessu athuguðu, sjerstaklega með tilliti til þeirrar uppbótar, sem stefndur hefir þegar greitt stefnanda, framkomnar svo miklar líkur fyrir staðhæfing stefnanda um skilmálana fyrir sölunni, að rjett sje að láta úrslit málsins vera komin undir eiði stefnds, þannig að ef hann synjar fyrir með eiði að hafa keypt fisk þann frá árinu 1918, sem stefnandi seldi honum 1918 og í jan. 1919 með þeim fyrirvara að hann skyldi greiða stefnanda þá uppbót á verðinu, sem Útflutningsnefnd síðar kynni að greiða honum á hann að vera sýkn af kröfum stefnanda máli þessu, en vinni hann ekki svofeldan eið á hann að greiða stefnanda kr. 2225,20 með 6 % ársvöxtum frá 1. jan. 1921, þar eð öll uppbótin virðist ekki hafa verið greidd stefnanda fyr.

Rjett þykir að málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 21. okt. 1925.

Nr. 6/1925. **Jónas Þorbergsson** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Þorvaldi Helgasyni o. ofl. (Enginn).

Meiðyrðamál.

Dómur aukarjettar Akureyrarkaupstaðar 24. maí 1924: Framangreind ummæli skulu vera dauð og ómerk. Þorvaldur Helgason, Aðalstræti 30, Benedikt Björnsson, Aðalstræti 12, Sveinn Helgason, Lækjargötu 22, Sigurjón Jóhannesson, Aðalstræti 72, Friðrik Jakobsson, Hafnarstræti 11, Sigurður J. Gíslason, Hafnarstræti 88, Sigurbjörg Ólafsdóttir, Ráðhústíg 2, Jóhanna Sveinsdóttir, Aðalstræti 12, Guðbrandur Sigfússon, Aðalstræti 63, Jakob Lilliendahl, Aðalstræti 18, Kristján Bjarnason, Lækjarbakka, Jón Helgason, Eyrarlandi, Stefán Pjetursson, Aðalstræti 34, Bessi Einarsson, Aðalalstræti 52, Ármann Tómasson, Lækjargötu 6, Sigurður Jónsson, Aðalstræti 12, Kristín Jóelsdóttir, Aðalstræti 12, Filippía Pálsdóttir, Aðalstræti 12,

Albína Helgadóttir, Aðalstræti 36, Tómas Jónsson, Lækjargötu 18 og Valdimar Halldórsson, Lækjargötu 14, öll til heimilis á Akureyri, greiði stefnandanum ritstjóra Jónasi Þorbergssyni, öll fyrir eitt og eitt fyrir öll 125 — eitt hundrað tuttugu og fimm — krónur í málskostnað.

Hið ídæmda að greiða innan 15 daga frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Við þingfestingu máls þessa í hæstarjetti 29. maí s. l., var mætt, bæði af hálfu áfrýjanda og stefndu, og málinu þá, með samþykki umboðsmanns stefndu, frestað til fyrirtektar í septembermánuði. En er málið þá skyldi flutt, mætir enginn af hálfu stefndu, og hefir málið því verið rekið samkvæmt 1. lið 2. mgr. 38. gr. hæstarjettarlaganna og dæmt samkvæmt N. L. 1—4—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Það er rjettilega tekið fram í hinum áfrýjaða dómi, að hin átöldu ummæli eru ærumeiðandi fyrir áfrýjanda, að þau eru eigi rjettlætt og að dæma beri þau ómerk. En með því að móðgun þeirri, er þau eiga að vera svar við, eigi var beint gegn stefndu, brestur heimild til að beita ákvæðum 221. gr. hegningarlaganna um þetta mál og verða stefndu því að sæta sektum fyrir þau samkvæmt 219. gr. hegningarlaganna. Ákveðst sektin 30 krónur í ríkissjóð fyrir hvert hinna stefndu og greiðist innan 14 daga frá löglegri birtingu dóms þessa, en þau hinna stefndu, er eigi greiða sekt sína innan þessa frests sæti 3ja daga einföldu fangelsi. Um ómerkingu hinna átöldu ummæla og málskostnað í hjeraði á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður, en stefndu greiði áfrýjanda in solidum málskostnað í hæstarjetti með 250 krónum.

Því dæmist rjett vera:

Stefndu Þorvaldur Helgason, Benedikt Björnsson, Sveinn Helgason, Sigurjón Jóhannesson, Friðrik Jakobsson, Sigurður J. Gíslason, Sigurbjörg Ólafsdóttir, Jóhanna Sveinsdóttir, Guðbrandur Sigfússon, Jakob Lilliendahl, Kristján Bjarnason, Jón Helgason, Stefán Pjetursson, Bessi Einarsson, Ármann Tómasson, Sigurður Jónsson, Kristín Jóelsdóttir, Filippía Pálsdóttir, Albína Helgadóttir, Tómas Jónsson og Valdimar Halldórsson greiði 30 króna sekt í ríkissjóð hvert innan 14 daga frá löglegri birtingu dóms þessa, en sæti 3 daga einföldu fangelsi sje sektin eigi greidd á rjettum tíma.

Um ómerkingu hinna átöldu ummæla og um málskostnaðargreiðslu í hjeraði á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður en málskostnað í hæstarjetti greiði stefndu áfrýjanda Jónasi Þorbergssyni in solidum með 250 krónum.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Meiðyrðamál þetta, sem er hafið með sáttakæru dags. 17. des. f. á. og rjettarstefnu 6. febrúer þ. á. er risið útaf yfirlýsingu er birt var í 44. tölublaði vikublaðsins Íslendingur er út kom 23. okt. f. á. Var yfirlýsing þessi undirrituð af nefndum Þorvaldi Helgasyni og 20 öðrum konum og körlum, er atvinnu höfðu hjá h/f. Carl Höepfner síðastliðið haust. Telur stefnandinn að í niðurlagi yfirlýsingar þessarar hafi undirskrifendurnir beint að sjer mjög niðrandi og ærumeiðandi ummælum er varði við lög. Eru

ummæli þau er stefnandi átelur þessi: „Viljum vjer um leið lýsa yfir því, *að vjer teljum slíka blaðamensku er ritstjóri Dags hefir tamið sjer óheiðarlega* o. s. frv.“ Krefst hann að hin átöldu ummæli verði dæmd dauð og ómerk og að hinir stefndu allir 21 að tölu verði dæmdir til að greiða sjer allan kostnað við mál þetta eftir reikningi eða mati rjettarins.

Umboðsmaður hinna stefndu krefst aftur á móti að þeir verði allir sýknaðir af kærum og kröfum stefnandans og að þeim verði, hverjum um sig, tildæmd hæfileg upphæð fyrir óþara málsýfingu og auk þess málskostnaður eftir reikningi eða mati rjettarins.

Dómkröfur sínar byggir umboðsmaður hinna stefndu á því fyrst og fremst að hin átöldu ummæli hafi verið sönn og rjettmæt og geti því eigi varðað við lög. Hefir hann til sönnunar þessu lagt fram í rjettinum 20 blöð af vikublaðinu Dagur (rjettarskjöl 8—27) og bent á fjölda af greinum eða kafla úr greinum er stefnandinn hefir ritað eða ber ábyrgð á sem ritstjóri blaðsins. Jafnframt heldur hann því fram, að þótt svo yrði litið á að hin viðhöfðu orð væru fullsterk, þá beri eigi að sekta stefndu fyrir þau, því þau hafi notað þau í nauðvörn og hafi stefnandinn unnið sjer til óhelgi með aðdróttunum þeim, sem hann hefir beint gegn verjanda málsins og verslunarstjóra þeim, er hefir veitt þeim (stefndu) atvinnu.

Af hinum framlögðu skjölum má sjá að tilefni til yfirlýsingar þeirrar er mál þetta er risið útaf er grein með fyrirsögninni „Íslendingar gegn útlendingum“ í 47. tölublaði blaðsins Dags er út kom 17. okt. f. á. Segir þar að sterkur orðrómur gangi um að þeir (það er erlendir selstöðukaupmenn og vikapiltar erlendra okurfjelaga) noti aðstöðu sína gagnvart fátækum vinnulýð) til þess að tryggja skjólstæðing sínum Birni Líndal fylgi, á þann hátt að hóta fátæku verkafólki atvinnumissi og öðrum óþægindum, ef það ekki kjósi hann. Má af öðrum stað í sömu grein sjá að ummælum þessum er beint meðal annars að Höepfnersverslun á Akureyri, en við þá verslun höfðu undirskrifendur yfirlýsingarinnar atvinnu haustið 1923.

Að rjettarins áliti er augljóst að hin átöldu ummæli eru ærumeiðandi og þá saknæm samkvæmt 219. gr. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869. Og þótt umboðsmaður hinna stefndu hafi bent á ýms orð og ummæli í mörgum blaðagreinum er stefnandinn ber ábyrgð á, sem verða að teljast óviðeigandi og alt of

hvatvísleg og sem varða við lög, þá rjettlætir það þó ekki nægilega þann almenna dóm stefndu um stefnandann, að hann hafi tamið sjer óheiðarlega blaðamensku. Aftur á móti verður rjetturinn að líta svo á, að hinar nærgöngulu og harðorðu aðdróttanir í garð vinnuveitanda hinna stefndu, í framannefndri grein í 47. tölublaði Dags f. á. og í ýmsum öðrum greinum, sem verjandi stefndu hefir vitnað í, hafi verið beinlínis móðgandi fyrir þá, bæði af því að þá tók sárt til vinnuveitandans og af því að þar kom fram lítilsvirðandi yfirlýsing á sambandi stefndu við vinnuveitandann. Verður þetta að teljast afsökun fyrir stefndu, og það því fremur sem þau eru öll lítt upplýst alþýðufólk, sem eigi kann eins vel að haga orðum sínum eins og þeir sem við ritstörf fást. Virðist því rjett að beita hjer ákvæðum 221. gr. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869 og láta sektarhegningu falla niður. En eins og að framan segir eru hin átöldu ummæli, „að vjer teljum slíka blaðamensku, er ritstjóri Dags hefir tamið sjer óheiðarlega“ engu að síður saknæm og ber því samkvæmt kröfu stefnandans að dæma þau dauð og ómerk. Þá ber og að dæma stefndu, einn fyrir alla og alla fyrir einn, til að greiða stefnandanum málskostnað, er virðist eftir atvikum hæfilega metinn 125 krónur.

Miðvikudaginn 21. okt. 1925.

Nr. 36/1929. **Þorgeir Þorgeirsson**
gegn
Þórði Bjarnasyni.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Þorgeir Þorgeirsson, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Föstudaginn 30. okt. 1925.

Nr. 18/1925. **Böðvar Bjarkan f. h. Herm. C. Boye**
gegn
Pjetri Pjeturssyni.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Böðvar Bjarkan f. h. Herm. C. Boye, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Föstudaginn 6. nóv. 1925.

Nr. 17/1925. **Jörgen J. Hansen** (L. Fjeldsted)
gegn
hreppsnefnd Hvítársíðuhrepps
(Pjetur Magnússon).

Útsvarsmál.

Úrskurður fógetarjettar Reykjavíkur 11. des. 1924: Hin framkomnu mótmæli verða ekki tekin til greina og lögtaksgjörðin á fram að ganga á ábyrgð gjörðarbeiðanda.

Dómur hæstarjettar.

Samkvæmt málflutningi aðilja hjer fyrir rjettinum, er ágreiningurinn í máli þessu, sem áfrýjandinn hefir skotið hingað með stefnu 4. apríl þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi 30. mars, aðeins um það, hvort hin stefnda hreppsnefnd hafi haft heimild að lögum til þess haustið 1923 að leggja útsvar á áfrýjanda, sem tekið hefir á leigu um mörg ár laxveiðirjett í

Kjarrá í Hvítársíðuhreppi, fyrir það eitt, að hann hafi aftur selt veiðirjett sinn á leigu og haft eigi alllitlar tekjur af framleigunni fardagaárið 1923/24.

4. málsgr. 1. gr. laga nr. 29/1922 heimilar nú að vísu að leggja útsvar á »laxveiðiafnot« utanhreppsmanns. En viðbótin: »hvort sem laxveiðin er rekin sem atvinna eða aðeins til skemtunar og á hvern hátt sem veiðin er stunduð«, sbr. og samband þessa ákvæðis við næsta ákvæði á eftir um heimild til útsvarsálögu á utanhreppsmann fyrir ábúð eða leiguliðaafnot á jörðu sýnir, að átt er við mann, sem sjálfur stundar eða lætur stunda laxveiði. Hreppsnefndina í Hvítársíðuhreppi brast því heimild til að leggja útsvar á áfrýjanda haustið 1923 fyrir þann hagnað, er hann hafði af framleigu veiðirjettar síns fardagaárið 1923/24.

Ber því að fella fógetarjettarúrskurðinn úr gildi og sýkna áfrýjanda af kröfum stefndu.

Eftir þessum úrslitum verður stefnda að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarjetti og er hann ákveðinn 200 kr.

Því dæmist rjett vera:

Fógetaúrskurðurinn er feldur úr gildi.

Stefnda, hreppsnefndin í Hvítársíðuhreppi, greiði áfrýjanda, Jörgen J. Hansen, 200 kr. málskostnað fyrir hæstarjetti.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Málavextir eru þeir að árið 1923 lagði hreppsnefnd Hvítársíðuhrepps 400 króna aukaútsvar á Jörgen Hansen, verslunar-

mann á Laufásveg 59 hjer í bænum, fyrir laxveiðiafnot, sem hún taldi hann hafa í Stóru-Þverá. Þetta útsvar hefir hann neitað að greiða og því hefir hreppsnefndin krafist þess að það verði tekið lögtaki hjá honum. Það er upplýst í málinu að árið 1918, eða þar um bil, leigðu jarðeigendur, sem land eiga að Stóru-Þverá í Hvítársíðu, stórkaupmanni Gran í Bergen veiði alla í ánni; en árið 1921 fjekk gjörðarþoli rjett þennan framseldan, tilkynti jarðeigendum það og hefir einatt síðan komið fram sem rjett-hafi gagnvart þeim, greitt leigu og sumpart stundað veiði í ánni, sumpart leigt hana öðrum og ómótmælt haft af því ríflegar tekjur. Umboðsmaður gjörðarþolans mótmælir framgangi lögtaksgjörðarinnar af þeim ástæðum að hann telur útsvarið ólöglega lagt á umbjóðanda sinn vegna þess að gjörðarþoli hafi framselt einum og öðrum afnotarjettinn, þeir stundað veiðina í ánni og á þá beri að leggja útsvarið.

Það verður að teljast viðurkent að gjörðarþoli sje samkvæmt fyrgreindum samningi, sem honum var framseldur, rjett-hafi laxveiðiafnota í Stóru-Þverá og hafi notfært sjer þau með því, meðal annars, að leigja öðrum veiðina í ánni og verður það einnig að áliti rjettarins að teljast veiðiafnot enda er því haldið fram að gjörðarþoli hafi og sumpart sjálfur stundað veiðina. Af þessum ástæðum verður fógetarjetturinn að vera þeirrar skoðunar að útsvarið sje löglega álagt samkvæmt 1. gr. 4 mgr. laga nr. 29 frá 19. júní 1922.

Miðvikudaginn 11. nóv. 1925.

Nr. 31/1925. **Bæjarstjórn Vestmannaeyja** (Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

Gísla J. Johnsen (Jón Ásbjörnsson).

Útsvarsmál.

Úrskurður fógetarjettar Vestmannaeyja 11. mars 1925: Hin umbeðna gjörð á ekki fram að fara.

Dómur hæstarjettar.

Atvik þessa máls eru þau, að í marsmánuði 1924 kærðu þrír gjaldendur í Vestmannaeyjum útsvör sín

til bæjarsjóðs fyrir niðurjöfnunarnefnd kaupstaðarins og tóku útsvar stefnda til samanburðar. Niðurjöfnunarnefnd úrskurðaði að kærum þessum skyldi ekki sint og skutu kærendur þeim til bæjarstjórnar. Tók bæjarstjórnin málið fyrir á fundi 19. júlí s. á. Urðu þar þau úrslit að bæjarstjórnin lækkaði útsvar eins af kærendunum, hækkaði útsvar stefnda um 900 krónur, en frestaði úrskurði á hinum kærunum tveimur til framhaldsfundar 21. s. m. Á þeim fundi samþykti svo bæjarstjórnin að hækka útsvar stefnda enn um 1500 kr. Þessa síðari útsvarshækkun hefir stefndi ekki viljað greiða og er mál þetta risið útaf henni. Krafðist bæjarstjórnin lögtaks á umgetnum 1500 kr. en með úrskurði uppkveðnum 11. mars þ. á. neitaði fógetinn um lögtakið.

Það er upplýst í málinu að stefnda var eigi, svo sem fyrir er mælt í 22. gr. l. 26, 22. nóv. 1918, gefinn kostur á að segja álit sitt um umgetnar kærur áður en niðarjöfnunarnefnd og bæjarstjórn feldu úrskurð sinn um þær. Það er ennfremur upplýst að kærum þeim, er úrskurðaðar voru á bæjarstjórnarfundinum 21. júlí, var skotið til bæjarstjórnar eftir að liðinn var frestur sá, er getur um í 5. málsgr. nefndrar lagagreinar. Af þessum ástæðum, og án þess að til athugunar komi hvort bæjarstjórninni, eftir að hún hafði lagt úrskurð á útsvar stefnda 19. júlí, væri heimilt að hækka það síðar, ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að niðurstöðu til.

Málskostnað í hæstarjetti þykir rjett að áfrýjandi greiði stefnda með 150 krónum.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða úrskurði skal óraskað. Áfrýjandi bæjarstjórn Vestmannaeyja greiði stefnda

Gísla J. Johnsen málskostnað í hæstarjetti með 150 krónum að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Það má telja upplýst að bæjarstjórn Vestmannaeyja hafi á fundi sínum 19. júlí f. á. úrskurðað að útsvar gjörðarþola skyldi hækka um 900 krónur og að þetta hafi hún bygt á framkomnum samanburðarkærum. Einnig má telja upplýst að, er hún á fundi sínum 21. s. m. hækkaði útsvarið um 1500 krónur í viðbót við áðurnefndar 900 krónur, hafi ekki legið fyrir henni önnur gögn í þessu máli, en á fundinum 19. s. m. Með tilliti til reglunnar í 40. gr. sveitarstjórnarlaganna frá 10. nóv. 1925 verður að líta svo á, að ef bæjarstjórn ekki telur nægjanlegar upplýsingar liggja fyrir sjer útaf framkomnum kærum, þá beri henni að fresta að kveða upp úrskurð sinn þangað til frekari skýrslur eru fengnar. En kveði hún upp úrskurð þá sje hann endanlegur. Þegar af þessari ástæðu verður krafa gjörðarbeiðanda ekki tekin til greina.

Föstudaginn 13. nóvbr. 1925.

Nr. 70/1924. **Jón Laxdal** (L. Fjeldsted)
gegn
Franz A. Andersen (Jón Ásbjörnsson).

Reikningsskilamál.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. apríl 1924: Stefndur, Jón Laxdal, greiði stefnandanum, Franz A. Andersen, 2224 krónur 41 eyri með 6% ársvöxtum frá 1. október 1923 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstarjettar með stefnu dags. 30. des. f. á. samkv. áfrýjunarleyfi 23. s. m.

Kröfur áfrýjanda hjer fyrir rjettinum eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði feldur úr gildi og áfrýjandi sýknaður af kröfum stefnda í málinu gegn því að greiða 841 kr. 67 a. með 6 % vöxtum frá sáttakærudegi. Svo hefir hann og krafist málskostnaðar fyrir hæstarjetti.

Stefndi, sem hefir ekki gagnáfrýjað, krefst hinsvegar staðfestingar á bæjarþingsdóminum og málskostnaðar fyrir hæstarjetti.

Áfrýjandi byggir kröfur sínar um framangreinda niðurfærslu á dómsupphæðinni á því er hjer segir:

Í fyrsta lagi telur hann að kr. 2374,42 eigi að koma til frádráttar í umbúðareikningi verksmiðjunnar »Mímir«, sökum þess að það hafi komið í ljós eftir að afhending verksmiðjunnar fór fram, að umbúðir vantaði fyrir þessa upphæð af því, sem afhendingarskráin taldi vera í vörslum viðskiftamanna verksmiðjunnar. Samkvæmt sölusamningnum áttu umbúðir að afhendast eftir upptalningu á afhendingardegi og er það viðurkent, að umbúðareikningur stefnda sje rjett gjörður eftir bókum verksmiðjunnar að viðstöddum umboðsmanni áfrýjanda og án þess að hann gjörði neinar athugasemdir við hann. Að þessu athuguðu, og með því ennfremur, að áfrýjandi fjekk samningi samkvæmt 10 % af andvirði umbúðanna fyrir væntanlegum vanhöldum og að áfrýjandi hefir hvorki með endurskoðun nje á annan hátt sannað, að bók verksmiðjunnar hafi hvað þetta snertir verið röng eða að umbúðir í vörslum viðskiftamanna eða skuldir þeirra fyrir umbúðir hafi verið minni en umbúða- og áhaldabók verksmiðjunnar tilgreinir, þá verður krafa áfrýjanda um niðurfærslu fyrir þessa sök ekki tekin til greina.

Í annan stað telur áfrýjandi að andvirði áhalda

hafi verið talið ofhátt um 114 kr. ÷ 10 % eða um kr. 102,60 og er upphæð þessi andvirði fyrir poka, tvær ámur og vatnskassa, er áfrýjandi telur, að ekki hafi átt að reikna í afhendingunni. Stefndi hefir hinsvegar haldið því fram, að verksmiðjan hafi keypt alla þessa muni og þeir verið hennar eign, og með því að það er viðurkent að munir þessir hafi verið settir á áhaldaskrána og verðsettir að viðstöddum umboðsmanni áfrýjanda og athugasemdalaust af hans hálfu, og afhentir áfrýjanda ásamt verksmiðjunni, þá er þessi krafa áfrýjanda ekki á rökum bygð.

Loks heldur áfrýjandi því fram, að hann af tekjum verksmiðjunnar árið 1922 hafi, auk 100 kr., er honum hafa verið reiknaðar fyrir símskeyti, átt að fá 1400 kr. fyrir störf sín í þágu verksmiðjunnar, eftirlit, ferðakostnað og útlagt fje, og að upphæð þessa hefði við afhendinguna átt að færa verksmiðjunni til útgjalda á ágóða og tapsreikningi. Stefndi, sem var framkvæmdarstjóri verksmiðjunnar og annaðist rekstur hennar að öllu leyti hefir neitað því, að áfrýjandi hafi unnið nokkur þau störf fyrir verksmiðjuna, sem hann eigi borgun fyrir og að hann hafi farið nokkra ferð í hennar þágu eða lagt út fje fyrir hana umfram endurgreiddan símakostnað. Af skjölum málsins verður það ekki sjeð, að áfrýjandi hafi átt rjett á að fá endurgjald fyrir persónuleg störf sín í þágu verksmiðjunnar og með því að hann hefir ekki gegn neitun stefnda sannað, að hann hafi tekist ferð á hendur í hennar þarfir eða lagt út fje fyrir hana, verður að fallast á að hjeraðsdómarinn hefir ekki tekið þessa kröfu áfrýjanda til greina.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða bæjarþingsdóm og verður þá áfrýjandi að

greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst 300 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Bæjarþingsdóminum skal óraskað. Áfrýjandi, Jón Laxdal, greiði stefnda, Franz A. Andersen, 300 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með bæjarþingsstefnu dagsettri 14. nóvember f. á. hefir stefnandi, Franz Andersen, til heimilis í Aðalstræti nr. 16 hjer í bænum, höfðað mál þetta gegn stefndum, Jóni Laxdal, stórkaupmanni hjer í bænum og krafist þess, að stefndur verði dæmdur til að greiða 6519 krónur 48 aura með 6 % ársvöxtum frá sáttakærudegi 1. okt. s. á. til borgunardags og málskostnað eftir reikningi eða mati rjettarins. Stefndur krefst af sinni hálfu algjörðrar sýknunar af kröfum stefnanda og að hann (stefnandi) verði dæmdur til að greiða sjer (stefndum) hæfilega upphæð eftir mati rjettarins fyrir óþarfa málsýfingu og málskostnað að skaðlausu.

Tildrög málsins eru þau er hjer greinir:

Með samningi dagsettum 8. mars 1921 seldi stefndur stefnanda þriðja hlutann af gosdrykkjaverksmiðjunni „Mími" hjer í bænum og gerðist stefnandi jafnframt framkvæmdarstjóri fyrirtækis þessa með ákveðnum launum. Aðiljar ráku svo verksmiðjuna í fjelagi til 1. desember 1922, er þeim kom saman um að slíta fjelagsskapnum, og keypti stefndur þá af stefnanda hans þriðjung í fyrirtækinu frá sama degi að telja. Samningur um endursölu á umræddum þriðjungi stefnanda í verksmiðjunni verður að teljast bygður á tveim brjefum hans, dagsettum 11. nóvember 1922 og 24. s. m. og áritun stefnds á hið síðara brjef.

Samkvæmt samningnum frá 8. mars 1921 fóru kaupin á $^1/_3$ hluta verksmiðjunnar til handa stefnanda þannig fram:

Verksmiðjan reiknuð eins og hún „er tekin upp á reikning 1. mars þ. á." (1921).

Er frekara sagt í samningnum: „Það sem selt er er þetta:

1. Hús og lóð við Nýlendugötu 14 ásamt föstum vjelum og öllu múr- og naglföstu, sem reiknast fyrir . . . kr. 40,000,00
2. Inventarium ásamt kössum og flöskum, reiknast — 8,323,30
3. Hráefni og annað til gosdrykkja, saftar, reiknast — 4,359,01
4. Tilbúin vín og saft og gosdrykkir á . . . . . — 443,58
5. Skuldir þær er verksmiðjan á útistandandi . . — 2,500,00

Kr. 55,625,89

Upphæðin kr. . . . . deilist með þremur (3) og kaupir Franz A. Andersen $^1/_3$ (einn þriðja hlutann) . . . . . .“

Andvirðið skyldi greiðast þannig: $^1/_4$ 1. júní 1921, $^1/_4$ 1. október s. á., eftirstöðvarnar með kr. 2000,00 á ári, þar til er öll upphæðin væri greidd. Ennfremur skyldi stefnandi greiða „7 % vexti af þeirri upphæð, er hann skuldar á hverjum tíma, þar til allri skuldinni er lokið. Loks er svo ákveðið í samningnum: „Nú vill annarhvor málsaðilja selja sinn hluta í verksmiðjunni, og skal þá hinn málsaðili eiga forkaupsrjett fyrir hlutfallslega sama verð og hjer er reiknað“. Í áðurgreindu brjefi frá 11. nóvember 1922 skýrir stefnandi stefndum frá því, að hann hafi ákveðið að selja sinn hluta úr verksmiðjunni og býður stefndum forkaupsrjett samkvæmt síðastnefndu ákvæði samningsins „fyrir hlutfallslega sama verð og þar er reiknað“. Ennfremur segir í brjefi þessu: „Að undantekinni eigninni hafa hlutföllinn breyst og verður því verðið að miðast við vöru- og áhaldauppталning, sem getur farið fram 30. nóv. næstk., ef um söluna semur. Í umgetnum samningi er húseignin ásamt föstum vjelum verðlögð á kr. 40,000,00 en jeg mun sætta mig við að hún sje reiknuð á kr. 38,000,00, en hvað viðvíkur rýrnun á kössum og öðrum þeim áhöldum, er rýrnað hafa, þá vil jeg gefa 5—10 % afslátt frá því verði er þetta var reiknað þann 1. mars 1921“. Loks eru tilskildir vextir, 7 % af eftirstöðvum. — Í síðara brjefinu, frá 24. nóvember, býður stefnandi stefndum eftir „samtali og samkomulagi við yður“ forkaupsrjett að umræddum þriðjungi verksmiðjunnar „með því verði og þeim skilmálum“, sem um er getið í brjefinu frá 11. s. m. — með eftirfarandi tilslökunum frá stefnanda hálfu.

„Að það sem jeg (stefnandi) vildi þar að reiknað væri kr. 38,000,00 verði nú reiknað kr. 37,000,00 og ennfremur, að umgetinn afsláttur sje 10 %“. Á þetta síðara brjef ritar svo stefndur samþykki sitt þannig:

„Samþykki kaup á yðar $^1/_3$ parti í „Mímir“ fyrir ofangreint verð. Borgun þannig: Kr. 5000,00 hinn 15. febrúar og afganginn fyrir lok apríl 1923 . . . . . .“

Fyrir viðskiftunum við stefndan útaf kaupi sínu á verksmiðjuhlutanum ($^1/_3$) með tilheyrandi og endursölu gerir stefnandi svofelda grein í framlögðu skjali er hann nefnir aðalreikning:

„1921		Debet:	Credit:
Mars 1.	$^1/_3$ hluti í Gosdrykkjaverksm. „Mímir“		kr. 18545,29
Júní 1.	An. Peningar . . . . . kr.	5000,00	
Okt. 1.	— —— . . . . . —	5000,00	
1922			
Mars 1.	Pro Vextir frá 11/3-21, 11/3-22		— 891,56
— 1.	An. Peningar . . . . . —	2891,56	
Des. 1.	$^1/_3$ hluti Gosdrykkjaverksm. „Mímir“ seldur yður . . . . . —	20803,78	
	Pro Vextir af eftirstöðvum kr. 6545,29 á 7 % í 275 daga		— 345,20
	Ágóði 1922 . . . . . —	4577,05	
	Jeg úttekið samkv. reikningi		— 2455,72
Des. 15/22	J. L. greitt með víxli		— 5000,00
Maí 4/23	J. L. — — ávísunn . .		— 5578,84
	Reikingur frá F. A. A. . . . —	525,00	
	Vextir frá 1/12-22 til 1/1-23 af kr. 16559,62 í 31 dag á 7 % —	92,91	
	Vextir frá 1/1-23 til 4/5-23 af kr. 11559,62 í 124 daga á 7 % —	724,89	
	Vextir frá 4/5-23 til 30/9-23 af kr. 5950,78 í 149 daga á 7 % —	170,90	
	Skuld J. Laxdals		— 6519,48
		Kr. 39336,05	kr. 39336,09“

Í þessari uppgerð hefir stefndur talið vextina af kr. 5980,78 er gerðir eru kr. 170,90 of lága. Þetta verður þó eigi talið á rökum bygt. Að öðru leyti virðist ekki ágreiningur um aðra liði þessarar upphæðar en um söluverð verksmiðjunnar ($^1/_3$), ágóðann 1922, er stefndur telur hvorutveggja of hátt sett og um reikning stefnanda 525 kr. er stefndur mótmælir algerlega. En af því leiðir aftur að hann mótmælir vöxtunum frá 1. desember 1922 til 30. september 1923 og skuldarupphæðinni.

Nýnefndur reikningur, 525 kr., er krafa um endurgjald fyrir „privat"-brjefaskriftir og ýmislegt annað er stefndur kveðst hafa unnið í þágu stefnds svo og fyrir störf fyrir hann meðan hann (stefndur) hafi dvalið erlendis. Stefndur mótmælir þessari kröfu, og segir það sem stefnandi hafi gert fyrir sig „privat", ekki nema greiða eitt eða tvö skifti, enda hafi hann (stefndur) gert greiða á móti. Það virðist ekki unt gegn mótmælum stefnds að taka þessa kröfu til greina, enda ekki sannað af stefnanda, að starf þetta hafi verið annað og meira en stefndur viðurkennir.

Um ágóðann fyrir 1922 er stefnandi telur kr. 4577,05 greinir aðilja mjög á. Stefnandi telur ágóðann þannig í reikningi, sem hann hefir lagt fram í málinu og kallar

„Ágóða og tapsreikning:	Debet:	Credit:
Ágóði frá f. á. (1921)		kr. 108,30
— af gosdrykkjaverksm. „Mímir"		— 11332,41
— af útlendum vörum		— 1663,56
Varasjóður		— 1500,00
Ágóði af vörum í umboðssölu		— 414,49
Kostnaðarreikningur . . . . . kr.	667,07	
Tap á innlendum vörum . . . . . —	30,80	
Kursreikningur . . . . . —	489,73	
J. Laxdal símskeyti & porto . . . . . —	100,00	
Ágóði: J. Laxdal $^2/_3$ . . kr. 9154,11		
— F. A. Andersen $^1/_3$ — 4577,05 —	13731,16	
Kr.	15018,70	kr. 15018,76"

Ágóðinn frá f. á. (1921) er ekki véfengdur. — Aftur á móti telur stefndur *ágóða af „Mími"* 1922 aðeins kr. 5680,39.

Ágóða þennan reiknar stefnandi út þannig í greinargjörð er fram er lögð í málinu, og er kölluð: „Gosdrykkjaverksmiðjan »Mímir«".

„1922		Debet:	Credit:
Nóv. 30	Samkvæmt aðalbók . . . . . kr.	57231,84	kr. 43789,51
Des.	Gengisskuld D. P. . . . . —	160,00	
	Eftirstöðvar útsvars 1922 . . . —	250,00	
	Gasreikningur . . . . . —	15,20	
	Símareikningur . . . . . —	6,45	
1923			
Jan.	Eftirstöðvar, skattur 1922 . . —	117,97	
	Skuld við Crown Cork Comp. (?) —	87,00	
	Vörubirgðir og útistandandi . .		— 25411,36
	Mismunur færist á ágóða og tapsreikning . . . . . —	11332,41	
	Kr.	69200,87	kr. 69200,87"

Við þessa greinargjörð athugar stefndur það er hjer segir: 1) að í eftirstandandi skatti sjeu vantaldar kr. 5,34, 2) að útsvarið sje vantalið um kr. 50,00, 3) að vanti að tilfæra kostnað við innheimtu á skuldum og vinna við að skrifa reikninga og 4) ennfremur kr. 18,25 í brunabótagjald. Fyrsta tölulið hjer virðist eigi vera nægilega mótmælt af stefnanda og þykir rjett að taka þann lið til greina í síðasttöldum reikningi undir „Debet“ með kr. 5,34. Kr. 50,00 viðbót við útsvarið og brunagjaldið (2. og 4. tölulið). Þessum liðum hefir stefndur ekki haldið fram, gegn mótmælum stefnanda, enda viðurkent, að þar umræddar upphæðir eigi ekki að reiknast stefnanda til gjalda, eða verksmiðjunni, meðan hann átti hana. Þessir liðir falla því burtu. Þriðja tölulið mótmælir stefnandi með því að sá kostnaður sje sjer óviðkomandi sökum þess, með hverjum skilyrðum útistandandi skuldir hafi verið seldar, og verður að fallast á það af ástæðum, er síðar greinir. — Loks telur stefndur vörubirgðir og útistandandi skuldir oftaldar um kr. 5400,93. Að öðru leyti er framantalin greinargjörð: „Gosdrykkjaverksmiðjunnar »Mímir«“ ekki vefengd nema að því leyti sem útkoman á ágóðanum breytist eftir því, sem reikningur þessi breytist að öðru leyti.

Vörubirgðir og útistandandi skuldir reiknar stefnandi þannig:

I.	Inventarium, kassar og umbúðir . kr.	9568,94
II.	Hráefni . . . . . —	5114,44
III.	Útistandandi skuldir . . . . . —	10727,98
	Kr.	25411,36

Töluliður I. Þennan lið telur stefndur kr. 2477,02 of háan, sem komi til af því, að stefnandi fari hjer eftir bókum verksmiðjunnar, án þess að taka tillit til hvort rjett er fært eða það til, sem talið er. Það er þannig viðurkent að þessi liður sje rjett talinn eftir bókunum. Auk þess skýrir stefnandi svo frá, að við upptalning vörubirgða og skulda hafi stefndur haft mann fyrir sig, og enginn ágreiningur um þetta milli aðilja að því er virðist um þetta leyti, er verksmiðjan var seld seinast á árinu 1922. Þessu er ekki nægilega mótmælt af stefndum. Virðist því verða að taka þennan lið til greina eins og stefnandi reiknar hann . . . . . kr. 10632,15

÷ umsömdum 10 %	—	1063,21
	Kr.	9568,94

Töluliður II. Við þennan lið athugar stefndur, að frá honum eigi að draga kr. 251,93 fyrir flöskumiða, er nú sjeu taldir, en eigi hafi orðið það í hinum fyrri viðskiftum. Þessu er ekki nægilega mótmælt af stefnanda og virðist því eiga að taka þennan frádrátt til greina, þannig að þessi liður verði talinn kr. 5114,44 ÷ kr. 251,93 = *kr. 4862,51.*

Töluliður III. Útistandandi skuldir telur stefnandi þannig: ..... kr. 12056,64

Frá dregst:

Afskrifað 1921	kr.	638,45	
Inneign viðskiftamanna ..	—	47,77	
20 % af 3212,27	—	642,44	— 1328,16
			Kr. 10727,98

Þessi 20 % eru afsláttur af efasömum og ófáanlegum skuldum. Stefndur reiknar útistandandi skuldir kr. 8056,00, og virðist mismunurinn fólginn í því, að stefndur dregur frá, eins og hann kemst að orði: „þær skuldir er annaðhvort voru alveg tapaðar, þegar stefnandi fór frá verksmiðjunni, eða mjer (stefndum) ekki hafði tekist eða ekki von um að fá greiddar þegar jeg gerði upp í apríl í vor (o: 1923)". Telur stefndur það eigi ná nokkurri átt að stefnandi reikni 20 % afslátt aðeins á töpuðum og vafasömum skuldum.

Hjer kemur til greina sjerstaklega atriði, sem virðist mega telja höfuðágreining í máli þessu og þýðing hefir fyrir málið yfirleitt, en það er hvort verksmiðjan hafi verið seld með tilheyrandi eins og hún var uppgerð, er virðist hafa farið fram um mánaðarmótin nóvember — desember 1922. Eftir hinum skriflegu samningum þá, samanbornum við samninginn frá 8. mars árið áður, þá virðist ekki unt að líta öðruvíti á þetta atriði, en að svo hafi verið — svo sem stefnandi heldur fram — umsamið að verksmiðjan með öllu tilheyrandi væri seld eins og hún stóð á þessum tíma. Stefndur heldur því að vísu fram, að hann hafi eigi keypt nema að sumu leyti eignir umræddS fjelagsskapar þá heldur eftir því sem þær reyndust síðar. Á þessa staðhæfing verður eigi fallist. Aðeins leikur nokkur efi á um það, hvernig er um útistandandi skuldir að þessu leyti. Þegar athugaðir eru hinir upphaflegu samningar um endursölu, sbr. samninginn frá 8. mars 1921, þá liggur næst að ætla, að skuldirnar hafi verið seldar eins og þær eru bókfærðar 30. nóvember 1922, og þá með

einhverjum afslætti, og kemur það heim við viðurkenning stefnanda í fyrsta sóknarskjali hans um það, að 20 % afsláttur hafi verið gefinn af útistandandi skuldum.

Þessi afsláttur sýnist og vera nær hæfi við það, er var um afslátt á skuldunum við kaupin 1921. Stefnandi hefir síðar undir rekstri málsins, í samræmi við áminstan reikning, dregið úr viðurkenning sinni um afslátt þannig, að það hafi aldrei verið tilætlunin að slá af öllum skuldunum, sem ógreiddar voru hinn 1. desember 1922, heldur af þeim skuldum, sem ógreiddar voru 30. apríl 1923, er lokagreiðsla átti að fara fram, því að þá hafi átt að gera endanlega upp, hversu mikið skyldi greiða. Þessari skýrslu mótmælir stefndur, enda er hún í sjálfri sjer ósennileg, og kemur ekki heim við það, er stefnandi heldur fram að þessu leyti, Með því að eigi virðist annað sannað frá hvorugri hliðinni, þá virðist og hjer eiga að byggja á hinum skriflegu samningum og telja skuldirnar seldar eins og þær voru bókfærðar 1. desember 1922 með 20 % afslætti þeim, er stefnandi viðurkennir, og verður þá útkoman þannig:

Bókfærðar skuldir		kr. 12056,64
÷ áður afskrifaðar skuldir .	kr. 638,45	
og innstæða viðskiftamanna .	— 47,77	— 686,22
		Kr. 11370,42
20 % afsláttur þar af		2274,08
Koma þá út		Kr. 9096,34

Eftir þessu ættu áhöld, vörubirgðir og útistandandi skuldir að teljast

kr. 9568,94 + 4862,51 + 9096,34 = *kr. 23527,79.*

Eftir framansögðu ætti greinargerðin eða reikningurinn: „Gosdrykkjaverksmiðjan »Mímir«“ að breytast þannig:

Liðirnir í „Creditdálkum“ verða 43789,51 + 23527,79 = *kr. 67317,30.* Við „Debetdálkinn“ bætast kr. 5,34 svo að „Debet“-megin verða alls (fyrir utan mismun) kr. 57873,80 og er það er dregið frá útkomunni í „Creditdálkinum“, kr. 67317,30, verður mismunurinn *kr. 9443,50* er færist í áðurnefndum Ágóða- og tapsreikning í stað kr. 11332,41.

Í nýnefndum „Ágóða- og tapsreikningi“ telur stefndur ágóða af útlendum vörum of hátt talinn „fyrst um sinn“ um kr. 154,36. Með því að þessi mótmæli stefnds virðast bygð á skoðun þeirri, er ekki verður fallist á, að hann hafi eigi keypt hluta stefnanda

í vöruleyfum eins og þær voru um mánaðarmótin nóvember — desember 1922, þá þykir ekki rjett að taka þessi mótmæli til greina, og verður ágóði þessi eins og stefnandi telur *kr. 1663,56*. Varasjóður *kr. 1500,00;* sú upphæð er ekki véfengd.

Stefnandi telur ágóða af vörum í umboðssölu kr. 414.49. Stefndur telur stefnanda þennan reikning óviðkomandi, en viðurkennir á hinn bóginn sig eiga að gera reikning fyrir vörunum. Af áðurtaldri ástæðu — að alt hafi verið keypt í einu, virðist þessi liður eiga að koma til greina. Annars virðist ágreiningurinn hjer aðallega um verð á þýskum mörkum er verksmiðjan sýnist hafa fengið í október 1921 hjá stefndum til þess að borga með vörur þessar. Nemur sá verðmunur kr. 331,00 og er fólginn í því, að stefnandi telur markið 3 aura virði en stefndur 4 aura virði fyrst (síðar um 5 aura). Það verður ekki sjeð á skjölum málsins með hvaða verði mörkin eru talin í bókum verksmiðjunnar. Ekki eru heldur færðar sönnur á það hvað markið hafi kostað á peningamarkaði í október 1921. Það þykir mega reikna markið á 4 aura, eins og stefndur gerir og taka þá þennan lið til greina með 414,49 ÷ 331,00 = *kr. 83,49*.

Enn er á hinum sama reikningi (Ágóða- og tapsreikningi) talinn kostnaðarreikningur kr. 667,07. En stefndur telur kr. 764,37. Munurinn er fólginn í brunabótagjaldi, kr. 97,30, er stefndur telur vantalið. Þetta verður að telja viðurkent, eða ekki nægilega mótmælt af stefnanda, og ber því að taka þennan lið til greina með *kr. 764,37*.

Á sama reikningi er kursmismunurinn talinn kr 489,73. Stefndur telur hann *kr. 1183,87*. Þetta verður að teljast viðurkent af stefnanda. Tekst liðurinn til greina með þeirri upphæð.

Þá telur stefndur að hjer eigi að koma til greina 1500 kr., er hann reiknar sjer fyrir eftirlit, part af ferðakostnaði, símskeyti m. m. í þarfir verksmiðjunnar. Af þessari kröfu hefir stefnandi tekið til greina 100 kr. fyrir símskeyti eg burðareyri, en mótmælir henni að öðru leyti. Það virðast eigi færðar fullar sönnur á það gegn mótmælum stefnanda, að þessi frekari krafa sje rjettmæt, og verður liðurinn þá óbreyttur kr. 100.

Loks greinir aðilja á um andvirði dúns, sem verksmiðjunni virðist hafa verið fært til útgjalda, en ófáanlegt er talið hjá kaupanda, þriðja manni, og nemur það *kr. 2215,21*. Þetta telur stefnandi eiga að vera fjelagi þeirra aðilja óviðkomandi, með því að stefndur hafi gert verslunina með dúninn án síns samþykkis og

þannig gegn ákvæði á hinum upprunalega fjelagssamningi, er segir ekki mega gera ábættusama verslun án samþykkis hins.

Stefndur segir stefnanda hafa verið vitandi um þessa verslun á sínum tíma og þá ekki mótmælt. Þessari staðhæfing stefnds virðist ekki hrundið og virðist því eiga að taka þetta tjón hjer til greina. Bætist þá við lið þann á oftnefndum reikningi, er nefndur er „Tap" á innlendum vörum, kr. 30,80, kr. 2215,21 og verður sá liður kr. 2246,01. Hinn umræddi Ágóða- og tapsreikningur verður þá þannig:

	Debet:		Credit:	
Ágóði frá f. á.			kr.	108,36
Ágóði af Gosdrykkjaverksm. „Mími"			—	9443,50
Ágóði af útlendum vörum			—	1663,56
Varasjóður			—	1500,00
Ágóði af vörum í umboðssölu			—	83,49
Kostnaðarreikningur	kr.	764,37		
Tap á innlendum vörum	—	2246,01		
Kursreikningur	—	1183,87		
Símskeyti & porto	—	100,00		
Ágóði J. Laxdals $^2/_3$	kr.	5669,73		
— F. A. Andersen $^1/_3$	—	2834,87	—	8504,60
	Kr.	12798,85	kr.	12798,85

Í framangreindum aðalreikningi sínum setur stefnandi verð verksmiðjunnar með tilheyrandi kr. 20803,78, og er þá verð þetta fengið út þannig:

Verksmiðjan sjálf	kr.	37000,00
Áhöld, vörubirgðir, útistandandi skuldir	—	25411,36
$^1/_3$ þar af	kr.	62411,36
	—	20803,78

Sje fylgt sömu reglu verður andvirðið samkvæmt framangreindri niðurstöðu, um áhöld, vörubirgðir og skuldir:

	kr. 37000,00
+	— 23527,79
	Kr. 60527,79
$^1/_3$ þar af	— 20175,93

Nú ber þess að gæta að í upphæðinni kr. 23527,79 er fólginn að talsverðu leyti að minsta kosti gróði verksmiðjunnar 1922, og þessi gróði er þegar tekinn til greina í ágóðanum fyrir það ár. Það þykir þó eigi þörf á að rannsaka það hve mikið skuli

lækka verð verksmiðjunnar m. m. þess vegna, því að stefndur hefir viðurkent verð þetta *kr. 19003,48*, og virðist eftir atvikum mega byggja á þessu.

Stefndur hefir talið liðinn: „Jeg úttekið samkvæmt reikningi 2455,72“ í aðalreikningi stefnanda eigi að vera kr. 1421,18, en þetta virðist vera, eins og tekið er fram af stefnanda hálfu, bygt á misskilningi.

Samkvæmt framanskráðu breytast tölurnar í aðalreikningi stefnanda þannig:

Í stað . . .	kr. 20803,78	kemur	kr. 19003,48
- — . . . —	4577,05	—	— 2834,87

Liðurinn „Reikningur frá F. A. A. kr. 525“ fellur burtu.

Eftirstöðvar af andvirði verksmiðjunnar m. m. verður frá 1. des 1922 *kr. 12492,14* í stað kr. 16559,62. Vaxtareikningurinn í niðurlagi aðalreikningsins breytist samkvæmt því. Vaxtadagatölunni er ekki mótmælt sjerstaklega, en 7 % eru reiknaðir eftir samningi:

Þessir vextir bætast þá við:

Vextir af kr. 12492,14 í	31 dag	kr.	74,31
— - — 7492,14 -	124 daga	—	179,65
— - — 1913,30 -	149 daga	—	57,15
	Þessar	kr.	311,11
að viðbættum eftirstöðvum 30. sept. 1923		—	1913,30
		Kr.	2224,41

verður þá mismunurinn í aðalreikningi stefnanda, kallað „Skuld J. Laxdals“, og virðist eiga að dæma stefndan til að greiða þessar kr. 2224,41 með 6 % ársvöxtum frá 1. október til greiðsludags.

Málskostnaður þykir rjett að falli niður.

Dómsuppsögn í máli þessu hefir dregist lengur en 6 vikur vegna embættisanna dómarans sem hefir kveðið upp dóma í 127 öðrum dómsmálum síðan það var tekið undir dóm, auk annara embættisstarfa.

Miðvikudaginn 18. nóv. 1925.

Nr. 34/1925. **Br. Árnason f. h. Sjur Lothe & Co. A/S.** (Sveinn Björnsson)

gegn

O. G. Syre. (Enginn).

Útaf skuld og sjóveðrjetti fyrir henni í skipi.

Dómur sjódóms Ísafjarðar 6. júní 1925: Stefndur O. G. Syre á að vera sýkn af kröfum stefnanda cand. jur. Br. Árnasonar í máli þessu fyrir hönd Sjur Lothe & Co. A/S Haugesund. Málskostnaður fellur niður.

Dómur hæstarjettar.

Stefndi hefir hvorki mætt nje látið mæta í máli þessu, og hefir það verið rekið skriflega samkv. 1. lið 38. gr. hæstarjettarlaganna og verður dæmt samkvæmt N. L. 1—4—32. og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr.

Hjer fyrir rjettinum heldur áfrýjandi því fram, að hin umstefnda skuld hafi að vísu ekki upprunalega verið stofnuð af stefnda, en hinsvegar hafi hann tekið að sjer greiðslu hennar, er hann keypti skipið »Hrönn« ex Solundir og þessu til sönnunar hefir hann lagt fram hjer í rjettinum brjef frá stefnda til Sjur Lothe & Co., dags. 20. apríl 1925, eða nokkru eftir að mál þetta var lagt í dóm í hjeraði, þar sem stefndi afsakar að hann hafi ekki staðið í skilum við Sjur Lothe & Co. á rjettum tíma og kveðst vonast til að geta greitt skuld sína hið fyrsta.

Þar eð ekki sjest, að um önnur skuldaskifti hafi verið að ræða milli málsaðilanna en þau, er ræðir um í máli þessu, og þar sem ekki er ágreiningur um upphæð skuldarinnar, verður að telja að í brjefi þessu felist næg viðurkenning frá stefnda hálfu fyrir skuldinni.

Það verður því samkvæmt kröfu áfrýjanda að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og dæma stefnda til að greiða umstefndar norskar krónur 5279,42 með 6 % ársvöxtum frá 11. júlí 1924 til greiðsludags. Þar sem ennfremur er upplýst að hin umstefnda skuld er til orðin við skuldbindingu, er skipstjóri hefir gengið í vegna stöðu sinnar, fylgir henni sjóveðrjettur í skipi stefnda »Hrönn« ex Solundir samkvæmt 236. gr. 4. lið siglingalaganna. Eftir þessum úrslitum verður stefndi að greiða áfrýjanda málskostnað bæði í hjeraði og í hæstarjetti er ákveðst 300 kr.

Því dæmist rjett vera:

Stefndi O. G. Syre greiði áfrýjanda cand. juris Br. Árnasyni f. h. Sjur Lothe & Co. A/S. Haugesund norskar krónur 5279,42 með 6 % ársvöxtum frá 11. júlí 1924 til greiðsludags, og málskostnað fyrir báðum rjettum með 300 kr.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með stefnu útgefinni 28. mars þ. á. hefir cand. jur. Br. Árnason fyrir hönd firmans Sjur Lothe & Co. A/S. í Haugesund höfðað mál þetta fyrir sjódóminum gegn eiganda og útgerðarmanni mótorskipsins „Hrönn" ex Solundir O. G. Syre á Ísafirði til greiðslu á skuld að upphæð norskar kr. 5279,42 ásamt með 6 % vöxtum frá 11. júlí 1924 til greiðsludags, að viðurkendur verði sjóveðrjettur fyrir kröfunni í skipinu og heimilað að láta selja skipið að undangengnu fjárnámi og að honum verði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu.

Stefndur hefir hvorki mætt nje mæta látið í málinu og þykir þó stefnan hafa verið löglega birt honum sbr. 9. gr. laga nr. 63,

1917. Það ber því að dæma málið eftir hinum framlögðu skjölum og skilríkjum samkvæmt N. L. 1—4—32. og tilsk. 3. júní 1796 2. gr.

Samkvæmt stefnu málsins eru tildrög þess á þá leið, að árið 1924, 9.—11. júlí hafi skipið Solundir fengið ýmislegt til Íslandsveiða og peninga til að greiða mannakaup með, hjá stefnanda, fyrir norskar kr. 4785,39, ennfremur áður á árinu til vorsíldarútgerðar úttekt fyrir norskar kr. 494,53, samtals norskar kr. 5279,42. Hafi það verið gert samkvæmt beiðni þáverandi skipstjóra á skipinu, Ole Omundssen, er ritað hefir samþykki sitt á reikningana yfir úttekt þessa. Þegar skuldin var stofnuð var skipið skrásett í Kannesund í Noregi og norsk eign en vöruúttektin og greiðsla á mannakaupi fer fram í Haugesund. — Telur stefnandi að sjóveðrjettur sje fyrir kröfunni samkvæmt siglingalögum nr. 56, 1914, 236. gr. 4. lið sbr. 53. gr. greindra laga.

Að því er kröfu stefnanda snertir er meginhluti hennar norskar kr. 4785,39 samkvæmt reikningi (rskj. 2) en reikningur þessi er ódagsettur og engar upplýsingar hvenær skuldin hafi verið stofnuð, nema það sem segir í stefnunni. En með því að stefndur hefir eigi mætt í málinu verður að álíta að hann hafi viðurkent að hún sje stofnuð 9.—11. júlí f. á.

Skjöl málsins sýna það að skipið „Hrönn" hefir áður verið norsk eign eða til 12. júlí f. á. og hjet þá „Solundir", en þá kemur beiðni frá eiganda þess til skrásetningarstjórans í Kannesund um að strika skipið útaf skipaskránni þar eð það sje selt til Íslands og að skipið hefir verið strikað út þann sama dag.

Í málinu eru engar upplýsingar framkomnar um það, að skuldin sje stofnuð af stefndum eða í umboði hans. Verður því að álíta að hún sje stofnuð af fyrverandi eiganda skipsins og með því að eigi liggur neitt fyrir í málinu um það að stefndur hafi tekið að sjer skuldina um leið og hann kaupir skipið verður eigi sjeð að honum beri að greiða hana og ber því að sýkna stefndan af kröfu stefnanda í málinu.

Að því þar næst snertir spurninguna um sjóveðrjett í skipinu fyrir umræddri kröfu, þá er á það að líta að krafan samkvæmt framangreindu er stofnuð af fyrverandi eiganda skipsins meðan það var norsk eign og átti heima í Noregi. Þar sem nú um hlutbundin rjettindi er hjer að ræða, verður að álíta að um stofnun sjóveðrjettar í þessu tilfelli fari samkvæmt norskum lögum. En fyrir því er engin sönnun færð í málinu að sjóveðrjettur hafi

stofnast eftir norskum lögum og því hefir eigi verið haldið fram í málinu. Eins og því málið liggur fyrir þykir það eigi nægilega sannað að sjóveðrjettur sje í skipinu „Hrönn“ ex „Solundir“ fyrir kröfu stefnanda.

Krafa stefnanda um sjóveðrjett í skipinu „Hrönn“ fyrir framannefndri kröfu samkvæmt siglingalögum nr. 56, 1914 verður því eigi til greina tekin.

Það ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu.

Þar sem stefndur hefir eigi mætt í málinu fellur málskostnaður niður.

Rjetturinn lætur þess getið að dráttur á uppsögn dómsins stafi af því að annar meðdómsmanna var fjarverandi um tíma.

Mánudaginn 30. nóv. 1925.

Nr. 23/1925. **Sören Goos** (Pjetur Magnússon)
gegn
Böðvari Bjarkan f. h. Óla Metúsalemssonar og gagnsök
(Bjarni Þ. Johnson).

Borgun fyrir dráttaraðstoð skips.

Dómur sjódóms Siglufjarðarkaupstaðar 13. febr. 1925: Stefndur Sören Goos útgerðarmaður á Siglufirði greiði stefnanda kr. 3000,00 með 4 % ársvöxtum frá 8. okt. s. l. til greiðsludags og 80 kr. í málskostnað. Hið ídæmda að greiða innan 3ja daga frá lögbirtingu að viðlagðri lagaaðför.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu hefir aðaláfrýjandi skotið til hæstarjettar með stefnu dags. 11. maí þ. á., en stefndi hefir gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 5. sept. síðastl., að fengnu uppreistarleyfi dags. s. d.

Að því athuguðu að veður var gott og vindur hagstæður til að sigla v/s. »Brödrene« inn á hafnir

við Skagafjörð með þeim seglbúnaði, er skipið hafði, verður að fallast á það álit sjódómsins að skipið hafi ekki verið statt í neyð, þótt vjel þess væri ónothæf, og að aðstoð sú, er eimskipið »Isafold« veitti skipinu, geti ekki talist björgun, og þykir borgun sú fyrir aðstoðina, er sjódómurinn hefir ákveðið, hæfilega metin 3000 krónur, með tilliti til þess að e/s. »Isafold« tafðist frá veiðum að minsta kosti 8 klukkustundir og það hinsvegar er upplýst að ýms skip veiddu töluverða síld á Skagafirði um þetta leyti eða dagana 26. og 27. júlí 1924.

Það ber og að dæma aðaláfrýjanda til að greiða 5 % vexti af framangreindri upphæð frá stefnudegi 8. okt. 1924 til greiðsludags og ber stefnda sjóveðrjettur í v/s. »Brödrene« fyrir þessum upphæðum samkv. 236. gr. 4. tölul. siglingalaganna.

Ákvæði sjódómsins um málskostnað í hjeraði samþykkjast; svo þykir rjett að aðaláfrýjandi greiði stefnda málskostnað í hæstarjetti, er ákveðst 250 kr.

Það er aðfinsluvert við meðferð málsins í hjeraði, að sjódómurinn hefir haft málið undir dómi frá 10. okt. 1924 til 18. febr. 1925 eða í rúma 4 mánuði, án þess að þessi dráttur á dómsuppsögninni hafi verið nægilega rjettlættur. Ennfremur hefir hjeraðsdómarinn eigi getið ritlauna á dómsgerðunum.

Því dæmist rjett vera:

Aðaláfrýjandi Sören Goos greiði stefnda Böðvari Bjarkan f. h. Óla Metúsalemssonar 3000 kr. með 5 % ársvöxtum frá 8. okt. 1924 til greiðsludags, og hefir stefndi sjóveðrjett í v/s. »Brödrene« til tryggingar upphæðum þess-

um. Ákvæði sjódómsins um málskostnað í hjeraði staðfestist. Svo greiði aðaláfrýjandi stefnda málskostnað í hæstarjetti með 250 kr.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með stefnu dags. 8. okt. s. l. hefir stefnandinn, Böðvar Bjarkan lögmaður á Akureyri f. h. Óla Metúsalemssonar, stefnt stefndum Sören Goos útgerðarmanni á Siglufirði til greiðslu á kr. 8000,00 eða eftir mati sjódómsins auk 6 % vaxta frá 27. júlí s. l. og málskostnað eftir mati fyrir björgun eða aðstoð við að skip stefnanda dró skip stefnds, v/s. „Brödrene", sem það hitti á Skagafirði nálægt Málmey með bilaða vjel, inn á Siglufjörð, svo krefst og stefnandi, að sjer verði tildæmur sjóveðrjettur í tjeðu skipi stefnds til tryggingar björgunarlaununum með vöxtum og málskostnaði. Heldur stefnandi fram, að skip stefnds hefði farist, ef skip stefnanda hefði ekki komið til hjálpar og dregið skipið inn og er í því efni fullyrt af stefnanda, að stórseglið hafi vantað á v/s. „Brödrene", án þess að stefndi hafi mótmælt því, og um verðmæti skipsins heldur stefnandi því fram ómótmælt af stefndum, að muni vera rúm 22,000 kr., og bætist þar við verðmæti síldar, um 250 tn., sem stefnandi áætlar um 2500 kr., en sem stefndur ekki mótmælir að öðru en því, að síld sú hafi átt að fara í verksmiðju til bræðslu og hafi því á sama staðið, hvort v/s. „Brödrene" hefði komið með hana strax eða ekki fyr en eftir nokkra daga.

Stefndur mótmælir kröfum stefnanda og vill að eins borga 1000 kr. aðstoðina, því að hjer hafi ekki verið um björgun að ræða, þar sem v/s. „Brödrene" hafi ekki verið statt í neyð og staðfestist það af dagbókarvottorði skipsins v/s. „Brödrene". Í málflutningnum hefir stefndur ennfremur upplýst, að stefnandi hafi krafist áður en málsókn hófst 3000 kr. fyrir aðstoðina, sem hann hafi ekki viljað borga.

Enda þótt v/s. „Brödrene" hafi verið með brotna vjel, telur dómurinn þó, að skipið hafi ekki verið al-ósjálfbjarga, svo að ástæða sje til þess að ætla að skipið hefði farist, ef því hefði

ekki verið hjálpað, þar sem það gat siglt, með fokku og messansegli, enda telur skipstjórinn á v/s „Brödrene“ skipið mundi hafa getað náð inn á Þórðarhöfða með þeim seglum, þótt hann kysi heldur að vera dreginn inn á Siglufjörð. Krafa stefnanda verður því eigi til greina tekin að því er snertir björgunarlaun.

Hinsvegar er auðsætt, að stefnanda ber rífleg borgun fyrir aðstoðina og þar sem skip stefnanda var í síldarleit og misti því færis á að veiða síld meðan á aðstoðinni stóð og við þá töf, er af henni stafaði, verður að telja hæfilegt, að stefndur greiði stefnanda 3000 kr. fyrir aðstoðina, en 4 % vextir greiðist aðeins af upphæðinni og aðeins frá stefnudegi, 8. okt. s. l. til greiðsludags, svo greiði og stefndur stefnanda málskostnað, sem álíst hæfilegur 80 krónur.

Hinsvegar ber stefnanda eigi sjóveðrjettur í v/s. „Brödrene“, þar eð eigi er að ræða um björgun þá, er lögin áskilja sjóveðrjett fyrir.

Mánudaginn 30. nóv. 1925.

Nr. 30/1925. **Stígur Guðjónsson** (Bjarni Þ. Johnson)
gegn
Jakobínu Jakobsdóttur. (Enginn).

Barnsfaðernismál. Ómerkingardómur.

Dómur lögreglurjettar Ísafjarðar 29. jan. 1925: Kærður Stígur Guðjónsson telst faðir að barni kæranda Anton Lindal fæddum 1. sept. 1924, og greiði meðlag með því, svo og barnsfararkostnað að sínum hluta eftir yfirvalds úrskurði samkvæmt gildandi lögum.

Dómur hæstarjettar.

Stefnda hefir ekki mætt í máli þessu, enda þótt henni hafi verið löglega stefnt. Hefir málið því verið rekið skriflega samkv. 1. lið 38. gr. hæstarjettarlaganna og er dæmt samkv. N. L. 1—4—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Það er upplýst í prófum málsins, að stefnda hefir um 12 ár samfleytt fram til jóla 1923 búið með nafn-

greindum manni og átt með honum í þeirri sambúð 5 óskilgetin börn og hefir hjeraðsdómarinn engra upplýsinga leitað um það, hvernig sambúð þessari hafi verið háttað tvo síðustu mánuðina eða hvort stefnda hafi haft eða líkur sjeu til að hún hafi haft holdlegar samfarir við þennan sambýlismann sinn mánuðina nóvember og desember 1923, en einhvern tíma á þeim mánuðum verður að telja líklegt að barn það sje getið, sem ræðir um í máli þessu.

Í annan stað hefir áfrýjandi undir prófum málsins nafngreint tvo menn aðra, er hann telur líkur fyrir, að hafi haft samfarir við stefndu á þeim tíma, er barnið gæti verið getið, og hefir hvorugur þessara manna verið kallaður fyrir rjett.

Samkvæmt 12. og 13. gr. í lögum nr. 46, 27. júní 1921 var hjeraðsdómaranum skylt að kalla alla þessa þrjá menn fyrir rjett og fá skýrslu þeirra, sem og útvega aðrar fáanlegar skýrslur um afskifti þeirra af stefndu, á þeim tíma, er hjer getur komið til greina. Og með því nú að þetta hefir eigi verið gjört og þar af leiðandi vantar upplýsingar, er verulega þýðingu geta haft fyrir úrslit málsins, þá þykir ekki fært að leggja að svo stöddu úrslitadóm á málið að efni til. Verður því að ómerkja hinn áfrýjaða lögreglurjettardóm og vísa málinu heim til nýrrar og löglegri meðferðar.

Málskostnaðar hefir ekki verið krafist og fellur hann því niður.

Það athugast að ritlauna og staðfestingargjalds hefir ranglega verið krafist sbr. 3. gr. laga nr. 2/1894 og 9. gr. laga nr. 27/1921.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og

er málinu vísað heim til nýrrar og löglegri meðferðar. — Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 30. nóvember 1925.

Nr. 38/1925. **Ingvar Guðjónsson**
gegn
H/f. Hamar.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ingvar Guðjónsson, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Föstudaginn 4. desbr. 1925.

Nr. 42/1925. **Magnús Kristjánsson f. h. Landsverslunar Íslands** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Knud Zimsen f. h. bæjarstjórnar Reykjavíkur (Guðm. Ólafsson).

Um útsvarsskyldu Landsverslunar; skilning l. 47/1924.

Úrskurður fógetarjettar Reykjavíkur 30. júní 1925: Hin framkomnu mótmæli verða ekki tekin til greina og lögtaksgjörðin á fram að ganga á ábyrgð gjörðarbeiðanda.

Dómur hæstarjettar.

Í hæstarjetti hefir áfrýjandi haldið því fram, að sjer sje óskylt að greiða eftirstöðvar þær, af auka-

útsvari sínu árið 1924, er ræðir um í máli þessu, fyrst og fremst af því, að l. 47/1924 hafi breytt ákvæðum eldri laga um útsvarsskyldu ríkisstofnana og beri að ákveða útsvar sitt fyrir þann hluta ársins, er leið eftir gildistöku nefndra laga, 4. júní 1924, eftir ákvæðum þeirra, en til vara hefir hann haldið því fram að lögjöfnuður frá ákvæðum 25. gr. tilsk. 20. apríl 1872, um útsvör gjaldþegna, er flytja úr bænum á gjaldárinu, leiði til þess að sjer sje óskylt að greiða umgetnar eftirstöðvar útsvarsins. Á þetta verður þó ekki fallist. Lög 47/1924 hagga eigi að neinu leyti skyldu áfrýjanda til að greiða löglega álagt útsvar og útsvar það, er hjer ræðir um, var lagt á hann áður en nefnd lög gengu í gildi og samkvæmt þeim reglum er þá giltu um útsvarsálagningu á ríkisstofnanir. Af þessari ástæðu og með því, að lögjöfnuður frá umgetnum ákvæðum tilsk. 20. apríl 1872 eigi getur leyst áfrýjanda undan því að greiða eftirstöðvar útsvarsins ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að niðurstöðu til.

Málskostnað í hæstarjetti greiði áfrýjandi stefnda með 400 krónum.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða úrskurði skal óraskað.

Áfrýjandi, Magnús Kristjánsson f. h. Landsverslunar Íslands, greiði stefnda, Knud Zimsen f. h. bæjarstjórnar Reykjavíkur, málskostnað í hæstarjetti með 400 krónum að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóðar svo:

Við aðalniðurjöfnun útsvara hjer í bænum árið 1924 lagði niðurjöfnunarnefndin 40 þúsund króna aukaútsvar á Landsverslunina hjer í bænum til bæjarsjóðs fyrir umrætt ár og verður ekki sjeð, að kært hafi verið yfir þeirri útsvarsálagningu. Hinn 29. júlí f. á. greiddi Landsverslunin þann helming útsvarsupphæðarinnar sem fjell í gjalddaga 1. apríl f. á., en nú hefir bæjargjaldkeri Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs krafist lögtaks á þeim helmingi útsvarsins sem fjell í gjalddaga 1. október f. á., auk kostnaðar við gjörð þessa og eftirfarandi uppboð.

Forstjóri Landsverslunarinnar hefir látið mæta í málinu og mótmæla framgangi lögtaksgjörðarinnar.

Hinsvegar hefir bæjargjaldkeri látið krefjast þess að lögtaksgjörðin nái fram að ganga og báðir málsaðilar lagt ágreininginn undir úrskurð fógetarjettarins.

Mótmæli sín gegn framgangi lögtaksgjörðarinnar byggir gjörðarþoli á lögum nr. 47 frá 4. júní 1924 um aukaútsvör ríkisstofnana. Telur hann þau lög nema burtu aukaútsvarsskyldu ríkisstofnana eftir eldri lögum alt árið 1924, þar sem þær eftir lögunum eigi að svara í stað aukaútsvars eftir eldri lögum 5% skatt í bæjarsjóði 1. mars 1925 af árságóða sínum árið 1924 og geti eigi komið til mála að stofnanirnar eigi nokkurn hluta ársins að greiða aukaútsvar eftir eldri lögum og jafnframt skattinn eftir lögunum nr. 47/1924. Telur gjörðarþoli því nefnd lög eiga að verka aftur fyrir sig til 1. janúar 1924. En þótt efasamt kynni að þykja, að lögin ættu að verka svo langt aftur fyrir sig, þá sje þó enginn vafi á því, að þau taki að verka frá gildistökudegi þeirra, 4. júní f. á. og þar sem Landsverslunin hafi greitt aukaútsvar til 30. júní nefnt ár, geti eigi komið til mála að henni beri að greiða síðari helming útsvarsins það ár.

Á þessa röksemdafærslu requisiti getur fógetarjetturinn ekki fallist.

Í lögum nr. 47/1924 er alls ekki svo fyrir mælt, að Landsverslunin eða aðrar ríkisstofnanir eigi að greiða skatt þann sem þar ræðir um, 1. mars 1925 af nettoágóða þeirra árið 1924. Þar stendur heldur ekki nokkurt orð um það, eð nokkur hluti löglega álagðs aukaútsvars á ríkisstofnanir skuli falla niður. Hinsvegar kveða lögin svo á, að engin ríkisstofnun sje útsvarsskyld eftir efnum og ástæðum, en verslunarstofnanir ríkissjóðs skuli greiða í bæjar- og sveitasjóði, þar sem aðalaðsetur þeirra og útibú sjeu,

5% af nettoágóða aðalbúsins eða útibúsins og greiðist sá skattur 1. mars ár hvert af ágóða næstliðins árs.

Þetta verður að áliti fógetarjettarins að skilja svo, að eftir gildistökudag laganna sje eigi heimilt að leggja aukaútsvar eftir efnum og ástæðum t. a. m. ekki við aukaniðurjöfnun eða aðalniðurjöfnun, er fram fer eftir þann dag, á nokkra ríkisstofnun. Hinsvegar er ekki með lögunum felldur niður nokkur hluti löglega álagðs aukaútsvars ríkisstofnana. Það hefði orðið að vera beint fram tekið í lögunum, ef svo hefði átt að vera.

Þegar útsvar það, sem hjef ræðir um, var lagt á Landsverslunina, var hún útsvarsskyld að lögum alt árið og útsvarið var lagt á hana í einu lagi fyrir alt árið en ekki helmingurinn fyrir fyrri helming þess og hinn helmingurinn fyrir síðari helming ársins þótt gjalddagar á ársútsvarinu sjeu tveir til hægðarauka fyrir gjaldendur.

Það er rjettilega tekið fram af gjörðarbeiðanda að ekki verði um það úrskurðað í þessu máli, hvernig fari með greiðslu hins nýja skatts Landsverslunarinnar eftir lögum nr. 47/1924, en það skal þó tekið fram, að á ársskattinum verður framvegis aðeins einn gjalddagi og hann miðaður við heils árs ágóða, því hvergi í lögunum er heimild til að miða skattinn við ágóða annars tímabils, enda munu fyrirtæki eins og Landsverslunin ekki gjöra reikninga sína fyrir lengri eða skemri tíma í einu en eitt ár, og leiks, að ekki virðist ástæða til að ætla, að Landsverslunin eigi fyrir nokkurt tímabil að greiða af ágóða sínum bæði aukaútsvar eftir efnum og ástæðum og skatt eftir lögum.

Fógetarjetturinn fær því ekki sjeð að hægt sje að taka til greina hin framkomnu mótmæli gegn framgangi gjörðar þessar.

Mánudaginn 7. desbr. 1925.

Nr. 50/1925. **Valdstjórnin** (L. Fjeldsted)
gegn
Stefáni Þorlákssyni (Björn P. Kalman).

Bifreiðarmál.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 25. ágúst 1925: Kærður Stefán Þorláksson, greiði 50 kr. sekt í bæjarsjóð

fyrir 10. sept. næstkomandi, en sæti ella einföldu fangelsi í 3 daga, ennfremur greiði hann allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Það verður að líta svo á að lögreglustjóra Reykjavíkur hafi samkvæmt stöðu sinni og samkv. 46. gr. 2. mgr. sbr. 45. gr. lögreglusamþyktar kaupstaðarins 19. apríl 1919, verið heimilt að skipa fyrir um tendrun ljósa á bifreiðum, sem ekið er um götur bæjarins, svo sem hann hefir gjört með auglýsingu 31. júlí þ. á. og hefir kærði með því að óhlýðnast þessum fyrirskipunum gjörst brotlegur gegn 46. gr. 2. mgr. lögreglusamþyktarinnar, en mál þetta er aðeins höfðað fyrir brot gegn þessu ákvæði. Og með því að fallast verður einnig að öðru leyti á ástæður hins áfrýjaða lögreglurjettardóms ber að staðfesta hann, þó með þeirri breytingu að sektin ákveðst 75 kr. og að 5 daga einfalt fangelsi komi í stað sektarinnar ef hún er ekki greidd innan 14 daga frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt þessum úrslitum ber kærða að greiða allan kostnað sakarinnar í hæstarjetti þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda 60 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Lögreglurjettardóminum skal óraskað, þó þannig að sektin ákveðst 75 kr. og að 5 daga einfalt fangelsi kemur í stað sektarinnar ef hún er ekki greidd innan 14 daga frá birtingu dóms þessa. — Kærði Stefán Þorlaksson

greiði allan kostnað sakarinnar í hæstarjetti, þar með talið málflutningskaup til sækjanda og verjanda, hæstarjettarmálflutningsmannanna Lárusar Fjeldsted og Björns P. Kalman, 60 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Stefáni Þorlákssyni bifreiðarstjóra, til heimilis á Vatnsstíg 9 hjer í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum lögreglusamþyktar fyrir Reykjavík.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina og sannaðir eru með eigin játingu kærðs, er kemur heim við það sem á annan hátt er upplýst í málinu. Mánudaginn 10. þ. m. um kl. 10 síðdegis ók kærður um Austurstræti á bifreið sinni R.E. 224 og vantaði á bifreiðina öll hin lögboðnu ljós. Hinn 1. þ. m. hafði settur lögreglustjóri hjer í Reykjavík látið birta auglýsingu um ljós á bifreiðum, að minsta kosti í þremur aðal dagblöðunum hjer í bænum. Auglýsing þessa má sjá á rjettarskjölum nr. 3 og nr. 5—7. En samkvæmt þeirri auglýsingu skyldu ljós 10. þ. m. tendruð á bifreiðum eigi síðar en kl. $9^1/_2$ síðdegis. Ákvæði þessi telur lögreglustjórinn sig setja samkvæmt heimild í 46. gr. og 55. gr. lögreglusamþyktarinnar, enda hefir slík auglýsing verið gefin út af lögreglustjóranum á hverju ári mörg undanfarin ár samkvæmt sömu heimild. Kærður telur sig ekki hafa brotið ákvæði lögreglusamþyktarinnar með áðurnefndu framferði sínu. Hann telur sjer óskylt að taka tillit til þeirra auglýsinga um ljós á bifreiðum, sem lögreglustjóri lætur birta. Telur hann sjer aðeins skylt að tendra ljós á bifreið sinni þegar sku„gsýnt sje að sínum dómi og kveikt er á götuljósum.

Dómarinn verður nú að fallast á þá skoðun lögreglustjórans, að hann hafi samkvæmt hinum tilvitnuðu greinum lögreglusamþyktarinnar haft heimild til að ákveða hvenær ljós skyldu tendruð á bifreiðum hjer í bænum. Ákvæðin hafa einnig verið nægilega birt. Dómarinn telur því að brot gegn hinum áðurnefndu auglýstu ákvæðum sje jafnframt brot gegn ákvæðum áðurnefndra greina lögreglusamþyktarinnar. Kærður hefir því, að áliti

dómarans, brotið ákvæði 46. gr. 2. mgr. lögreglusamþyktar fyrir Reykjavík með nefndu framferði sínu. Kærður hefir þrívegis verið sektaður fyrir brot á bifreiðarlögunum $^{15}/_{5}$ 1919 kr. 40,00, $^{31}/_{1}$ 1920 kr. 75,00, $^{4}/_{10}$ 1924 kr. 40,00. Með tilliti til þessa þykir refsing sú, sem hann hefir tilunnið fyrir brot sitt hæfilega ákveðin 50 króna sekt í bæiarsjóð. Sektin greiðist fyrir 10. sept. næstkomandi ella skal kærður sæta einföldu fangelsi í 3 daga. Ennfremur greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og eiðandi kostnað. -- Á máli þessu hefir engin óþarfur dráttur orðið.

Miðvikdaginn 9. desbr. 1925.

Nr. 52/1925. **Valdstjórnin** (Sveinn Björnsson)
gegn
Otto H. Tancrè (Bjarni Þ. Johnson).

Landhelgisbrot.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 28. okt. 1925: Hinir kærðu Otto H. Tancrè, Hermann Heuer og Friedrich Seemund, sæti sektum til Landhelgissjóðs Íslands, hinn fyrstnefndi 7000 króna, en hvor hinna síðastnefndu 12500 króna og komi í stað sektar hins fyrstnefnda 5 mánaða einfalt fangelsi, en í stað sekta hinna síðastnefndu 8 mánuða einfalt fangelsi, ef sektirnar eru ekki greiddar innan viku frá uppsögn dóms þessa. Auk þess greiði allir hinir kærðu allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað að $^{1}/_{3}$ hver.

Loks skulu öll veiðarfæri — þar með taldir dragstrengir — og allur afli í b/v. H. C. 106 „Neufundland", P. G. 301 „Jupiter" og P. G. 302 „Ernst Wittpfenning" upptæk og renni andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Dóminum í máli þessu hefir verið áfrýjað að eins að því er snertir einn hinna dómfeldu, Otto H. Tancrè, skipstjóra á botnvörpungnum »Neufundland« frá Cuxhafen.

Kærði, sem með dómi lögreglurjettar Suður-Múlasýslu 18. mars 1907 hafði verið dæmdur í 1068 kr. sekt fyrir botnvörpuveiðar í landhelgi, var með hinum áfrýjaða dómi, með tilliti til eldra dómsins, dæmdur í 7000 kr. sekt til landhelgisjóðs Íslands eða til vara í 5 mánaða einfalt fangelsi fyrir brot á 2. gr. laga nr. 5/1920, afli og veiðarfæri gerð upptæk og málskostnaður lagður á kærða að þriðjungi.

Eins og málið liggur fyrir hæstarjetti, verður að fallast á að kærði er að eins dæmdur eftir nefndri lagagrein, og má staðfesta ákvæði dómsins um upptekt afla og veiðarfæra og um málskostnað. Hinsvegar þykir nægilegt að gera kærða 5000 króna sekt til landhelgisjóðs — en brjefkrónan jafngildir nú 81.52 aurum gulls — og vararefsinguna 4 mánaða einfalt fangelsi, verði sektin ekki greidd innan 14 daga frá lögbirtingu dómsins.

Kærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin laun sóknara og verjanda í hæstarjetti, sem ákveðin eru 80 kr. handa hvorum.

Það athugast um meðferð málsins í hjeraði, að það var að nauðsynjalausu höfðað og rekið í einu lagi gegn 3 mönnum fyrir 3 sjálfstæð brot.

Því dæmist rjett vera:

Kærði, Otto H. Tancré, sæti 5000 kr. sekt til landhelgisjóðs eða 4 mánaða einföldu fangelsi, verði sektin ekki greidd innan 14 daga frá lögbirtingu dóms þessa. Að öðru leyti á lögreglurjettardóminum að vera óraskað, að því leyti, sem honum hefir verið áfrýjað.

Svo greiði kærði og allan kostnað af áfrýj-

un málsins, þar með talin sóknar- og varnarlaun hæstarjettarmálflutningsmannanna Sveins Björnssonar og Bjarna Þ. Johnson, 80 kr. hvorum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn skipstjórunum á b/v. H. C. 106 „Neufundland" frá Cuxhaven, P. G. 301 „Jupiter" frá Geestemünde og P. G. 302 „Ernst Wittpfenning" frá sama bæ, þeim Otto H. Tancré frá Cuxhaven, Hermann Heuer frá Geestemünde og Friedrich Seemund frá sama bæ, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 5 frá 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum.

Það er sannað með eigin játningu kærðra, sem kemur heim við skýrslu þá frá yfirforingjanum á varðskipinu „Íslands Falk", sem lögð hefir verið fram í málinu, að hinn fyrstnefndi hafði stjórborðsvörpu sína og hlera utanborðs og að nokkur hluti vörpunnar náði niður í sjóinn og að tveir hinir síðastnefndu voru að veiðum innan íslenskrar landhelgi suðvestur af Dyrhólaey aðfaranótt 27. þ. m. kl. langt gengin 3, er varðskipið kom þar að, tók togarana fasta og fór með þá hingað.

Með þessu framferði hefir kærður Otto H. Tancré sem með lögreglurjettardómi Suður-Múlasýslu uppkveðnum 18. mars 1907 var dæmdur í 1200 marka sekt fyrir botnvörpuveiðar í landhelgi, en ekki er upplýst um, að hafi í önnur skifti brotið gegn íslenskri fiskiveiðalöggjöf, gjörst brotlegur við ákvæði 2. gr. framangreindra laga og þykir refsing sú, sem hann hefir til unnið fyrir það eftir 3. gr. laganna, hæfilega ákveðin með tilliti til fyrra brots hans og þess, að gengi íslenskrar krónu er nú það eftir upplýsingum frá stjórn Landsbankans, að krónan gildir 80.81 eyri gulls, 7000 krónk sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi í stað sektarinnar, ef hún er ekki öll greidd innan viku, 5 mánaða einfalt fangelsi. Ennfremur sjeu öll veiðarfæri — þar með taldir dragstrengir — og allur afli í b/v. H. C. 106 „Neufundland" upptæk og renni andvirðið í sama sjóð.

Kærðir, Hermann Heuer og Friedrich Seemund, sem ekki er upplýst um, að hafi áður brotið íslenska fiskiveiðalöggjöf, hafa

hinsvegar gjörst brotlegir við ákvæði 1. gr. ofangreindra laga og þykir refsing sú, sem hver þeirra um sig hefir unnið til fyrir það eftir 3. gr. laganna, hæfilega ákveðin 12500 króna sekt til Landhelgissjóðs og komi í stað sektarinnar, verði hún ekki öll greidd innan viku, 8 mánaða einfalt fangelsi. Ennfremur sjeu öll veiðarfæri — þar með taldir dragstrengir — og allur afli í b/v. „Jupiter“ og „Ernst Wittpfenning“, upptækt og renni andvirðið í sama sjóð.

Loks greiði allir hinir kærðu allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað að $^1/_3$ hver.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Um hegningarvottorð kærðs Tancrè úr Suður-Múlasýslu hefir verið beðið símleiðis en það er ókomið.

Föstudaginn 11. desbr. 1925.

Nr. 32/1925. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs** (Jón Ásbjörnsson)

gegn

Þormóði Eyjólfssyni (Guðm. Ólafsson).

Tekjuskattsmál.

Úrskurður fógetarjettar Siglufjarðarkaupstaðar 26. jan. 1925: Lögtaksþoli sje laus við að greiða frekari tekjuskatt 1923.

Dómur hæstarjettar.

Ágreiningurinn í máli þessu er um það, hvort telja beri þær 5000 kr., er ræðir um í málinu, til skattskyldra atvinnutekna hins stefnda árið 1923, en þessar 5000 kr. stöfuðu frá því, að árið áður, 1922, hafði stefndi selt ónefndum manni síld fyrir 13800 kr., er áttu að greiðast við árslok, en þegar til kom greiddi maður þessi eigi skuld sína, og með því að stefndi, er hann gjörði skýrslu um framtal á tekjum

og eignum sínum fyrir árið 1922, taldi skuld þessa ófáanlega, taldi hann skuldina hvorki til tekna eða eigna það ár, með vitund meðskattanefndarmanna sinna. Af þessari upphæð innheimti stefndi á árinu 1923 5000 kr., og kom þá upp á árinu 1924 ágreiningur milli stefnda og skattnefndarinnar í Siglufjarðarkaupstað um það, hvort honum bæri að greiða tekjuskatt af upphæð þessari. Segir svo í úrskurði skattnefndar 26. apríl 1924, að nefndin hafi komist að raun um, eftir skýringum stefnda sjálfs, samanborið við framtal hans 1923 og 1924, að telja beri þessa upphæð til tekna hans 1923 og ákvað nefndin því að tekjuskattur hans skyldi vera 168 kr. í stað 8 kr. 50 a., er nefndin hafði áður sett skatt stefnda. Þennan úrskurð staðfesti svo yfirskattanefnd kaupstaðarins 28. maí s. á., en til hennar hafði ágreiningnum verið skotið.

Upp í tekjuskattinn greiddi stefndi 8 kr. 50 a., en neitaði hinsvegar að greiða eftirstöðvarnar 159 kr. 50 a. og með úrskurði uppkveðnum 26. jan. þ. á. neitaði fógetinn að taka þær lögtaki. Þessum úrskurði hefir fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs skotið til hæstarjettar og krafist þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og fógetinn skyldaður til að framkvæma lögtakið og stefndi dæmdur til málskostnaðargreiðslu.

Hjer fyrir rjettinum hefir stefndi skýrt mál þetta þannig, að árið 1922 hafi hann meðal annars keypt nýja síld fyrir 12420 kr. og þessa sömu síld hafi hann svo selt aftur fyrir 13800 kr. er greiðast áttu um áramót, en er hann sendi tekju- og eignarframtal sitt til skattanefndar í febrúar 1923 hafi þessi skuld verið enn ógreidd, og með því að hann hafi talið skuldina með öllu ófáanlega vegna [illegible]hags

skuldunauts, hafi hann ekki að eins slept að telja þessar 13800 kr. meðal tekna á árinu og til eigna við árslok, heldur hafi hann slept að færa innkaupsverð síldarinnar 12420 kr. til útgjalda í skattframtali sínu. Þessari síðari staðhæfingu stefnda hefir áfrýjandi algjörlega mótmælt; heldur hann því fram að skjöl málsins beri það með sjer að stefndi hafi við árslokin 1922 afskrifað umrædda skuld sem ófáanlega og fullyrðir að innkaupsverð síldarinnar hafi verið dregið frá í rekstursreikningi stefnda.

Þar sem nú stefndi hefir eigi fært sannanir fyrir þessari síðustu staðhæfingu sinni, verður eins og málið liggur fyrir að gera ráð fyrir að hann hafi fært innkaupsverð umgetinnar síldar inn í rekstursreikning sinn og það þar með komið til frádráttar atvinnutekjum hans 1922, og verður þá afborgun sú, er ræðir um í málinu, að sjálfsögðu að teljast til atvinnutekna hans 1923 eins og skattanefndin hefir gjört.

Samkvæmt þessu verður að fella hinn áfrýjaða lögtaksúrskurð úr gildi og skylda fógetann til þess að framkvæma lögtak fyrir hinum ógreiddu eftirstöðvum af tekjuskatti stefnda kr. 159.50. Eftir þessum úrslitum verður stefndi að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst 150 kr.

Það athugast að fógetinn hefir ekki reiknað nein gjöld fyrir útgáfu dómsgjörðanna í þessu einkamáli.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði lögtaksúrskurður er felldur úr gildi, og ber fógetanum í Siglufjarðarkaupstað að framkvæma lögtak hjá stefnda, Þormóði

Eyjólfssyni, fyrir eftirstöðvum tekjuskatts hans 1924 kr. 159,50.

Stefndi greiði áfrýjanda fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs 150 kr. í málskostnað í hæstarjetti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Eins og framlögð skjöl bera með sjer hafði lögtaksþola verið gjört að greiða í tekjuskatt af skattanefnd kr. 18,10, bygt á framtali hans 1924, en skattanefndin breytti síðar í kr. 177,10. Nú vjefengir skattanefnd ekki framtal lögtaksþola, hvorki fyrir 1922 nje 1923, en reiknar að 1924 (fyrir árið 1923) beri lögtaksþola að greiða tekjuskatt af 5000 kr. innborgaðri skuld, inneign lögtaksþola 1922, sem innheimtist á árinu 1923, en sem lögtaksþoli við framtal sitt 1923, fyrir árið 1922, með vitund skattanefndar taldi tapaða skuld, og taldi því hvorki til eignar nje öflun hennar til tekna fyrir 1922. Virðist skattanefndin vera sammála lögtaksþola um þetta og meta inneignina tapaða, því að samkvæmt vottorði 2ja skattanefnarmanna (lögtaksþoli er 3. skattanefndarmaðurinn), hefir lögtaksþoli skýrt meðnefndarmönnum sínum í skattanefndinni frá því að hann áliti umrædda skuldarinneign tapaða og hafi þeir þá ekkert haft við það að athuga, álitið skuldina tapaða líka. Nú borgast af þessari skuld, sem 1922 er álitin töpuð 1923 5000 kr. og telur lögtaksþoli í skattaframtali sínu 1924, fyrir 1923 þessar 5000 kr. í skattaframtali sínu 1924, fyrir 1923, sem aukna eign, en ekki til tekna, en skattanefndin telur rjett að telja upphæðina líka sem tekjur fyrir skattaframtal 1923. En þessu mótmælir lögtaksþoli og telur þetta gagnstætt lögum. Ennfremur ber vottorð skattanefndarmannanna með sjer, að þótt lögtaksþoli hefði talið umrædda borgun skuldarinnar, sem eign og tekjur 1922, við framtal 1923, þá hefðu skattskyldu tekjur hans ekki hækkað hið minsta vegna þess, að tapið 1922 nam meiru en þessum 5000 krónum.

Eftir framangreindu verður að telja það rjett, að inneign á útistandandi skuld, sem talin er töpuð, af skattanefnd — en það virðist skattanefndin hafa gert 1922 — geti síðari skuldin, ef innborguð verði, að eins skoðast sem eigna auki við innborgunina,

en ekki líka sem tekjur. Virðist það alveg hliðstætt því, að eignir skattþola hækki í verði.

Verður því ekki rjett, að telja skattþola til skattskyldra tekna 5000 krónur af innborgaðri skuld, sem skattanefndin áður hefir talið tapaða, og beri því lögtaksþola ekki skylda til að greiða tekjuskatt 1923 af þeirri innborgun eins og skattanefndin þó hefir gert honum að greiða, en þá hefir lögtaksþoli greitt allan þann tekjuskatt, sem honum ber rjettilega að greiða 1923 samkvæmt löglegum útreikningi og ber lögtakið því eigi fram að fara.

Mánudaginn 14. des. 1925.

Nr. 53/1925. **Valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Gesti Guðmundssyni (Guðm. Ólafsson).

Bruggun og sala öls með óleyfilegu áfengismagni.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 13. okt. 1925: Kærður Gestur Guðmundsson, sæti eins mánaðar einföldu fangelsi og greiði 1000 króna sekt til ríkissjóðs og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Sje hin ídæmda sekt ekki greidd innan eins mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa komi í stað hennar einfalt fangelsi í 48 daga.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Af ástæðum þeim, sem tilgreindar eru í hinum áfrýjaða lögreglurjettardómi ber að staðfesta hann, þó með þeirri breytingu, að sekt kærða þykir eftir atvikum málsins mega ákveða 700 kr. og komi 35 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar ef hún er ekki greidd innan eins mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar í hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda, 60 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Kærði Gestur Guðmundsson greiði 700 kr. sekt í ríkissjóð og komi 35 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún er ekki greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa. Að öðru leyti skal hinum áfrýjaða lögreglurjettardómi óraskað.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar í hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda, hæstarjettarmálflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Guðmundar Ólafssonar, 60 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Gesti Guðmundssyni, Laugaveg 33, sem rekur veitingasölu á Laugaveg nr. 6, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 25 frá 3. nóvember 1915 um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja o. fl. og laga nr. 15 frá 8. júní 1925 um aðflutningsbann á áfengi, og eru málavextir þeir sem nú skal greina.

Kærður kveðst hafa haft atvinnu síðan í marsmánuði síðastliðinn vetur af því, að selja hvítöl, er hann bruggar sjálfur, en síðan í júnímánuði í ár hefir hann einnig selt mjólk og kaffi til neyslu á staðnum. Miðvikudaginn 9. f. m. fóru tveir lögregluþjónar inn á veitingastofu hans á Laugaveg 6, keyptu öl á heillösku úr tunnu, sem gestunum var selt úr, komu henni á efnarannsóknarstofu ríkisins, ljetu rannsaka alkoholinnihald ölsins og reyndist það 2,59 % eftir rúmmáli. Hefir lögreglustjórinn síðan kært Gest fyrir brot á framangreindum lögum.

Kærður kveðst hafa ölmæli, sem þó er ekki nákvæmari en svo, að hann sýnir aðeins heila og hálfa hundraðshluta alkohols í ölinu. Með mæli þessum kveðst hann hafa mælt öl það, er hann bruggaði og þynnt ölið út, ef það kom fyrir, að það reyndist of sterkt. Hann kveðst ekki muna hvort hann hafi mælt þá ölbruggun, sem málið er risið út af, áður en hann fór að selja af því, en kveðst hafa mælt það á ölmæli sinn rjett eftir að lögreglan keypti á flöskuna og virtist áfengisstyrkleikinn vera um 2,30 %. Hann vjefengir ekki, að öl það, sem Efnarannróknarstofan hefir gefið vottorð um í þessu máli sje frá sjer og að mælingin sje rjett, en kveður það hafa orðið af vangá, að ölið hafi orðið of sterkt hjá sjer, en ekki í þeim tilgangi að brugga áfengi eða brjóta bannlögin. Hann kveðst hafa mælt á sinn mæli útlent og innlent pilsneröl, er hafi haft yfir 2,25 % styrkleika að rúmmáli, og því haldið sjer óhætt, að selja hvítölið, þó áfengisstyrkleiki þess væri svipaður styrkleika pilsnerölsins.

Í lögunum nr. 25/1915 er bannað að búa til eða brugga drykki er meira sje í af vínanda eða alkoholi en 2¼ % að rúmmáli og lög nr. 15/1925 leggja bann við því, að selja slíka drykki, kærður hefir því með bruggun og sölu ölsins gjörst brotlegur gegn ákvæðum beggja laganna.

Kærður hefir fjórum sinnum áður sætt refsingu fyrir brot gegn aðflutningsbannslöggjöfinni. Í fyrsta sinn undirgekst hann fyrir lögreglurjetti Reykjavíkur 13. júní 1922, 500 króna sektargreiðslu fyrir að hafa selt 4 lítra af spiritus, 25. október s. á. undirgekst hann fyrir sama rjetti að greiða 600 króna sekt fyrir að geta ekki gert grein fyrir áfengi, sem fanst í vörslum hans; með dómi hæstarjettar uppkveðnum 19. maí 1924 var kærður dæmdur í 1000 kr. sekt og 30 daga einfalt fangelsi fyrir sölu áfengis og fyrir að geta ekki gert grein fyrir áfengi, sem fanst í vörslum hans, og loks var kærður með dómi þessa rjettar uppkveðnum 6. nóvember f. á. dæmdur í 2000 króna sekt og 45 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi eftir 9. sbr. 15. gr. laga nr. 91/1917. Verður því ekki hjá því komist að ákveða refsingu hans fyrir framangreind brot eftir 3. gr. laganna frá 1915 og 14. gr. laganna frá 1925, 1000 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan eins mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist, að öðrum kosti með 48 daga einföldu fangelsi, og samskonar fangelsi í einn mánuð.

Svo greiði og kærði allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á rekstri málsins hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 16. desbr. 1925.

Nr. 55/1925. **Valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Hallgrími T. Hallgríms og Hildi Grandjean (Pjetur Magnússon).

Bruggun og sala öls með óleyfilegu áfengismagni.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 12. okt. 1925: Kærður, Hallgrímur T. Hallgríms, á að vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar í þessu máli.

Kærð, Hildur Grandjean, greiði 300 króna sekt til ríkissjóðs og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Sje hin ídæmda sekt ekki greidd innan 14 daga frá lögbirtingu dóms þessa, komi í stað hennar 18 daga einfalt fangelsi.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Að því athuguðu, að kærði Hallgrímur T. Hallgríms hafði eftir atvikum málsins ekki ástæðu til að ætla, að meira áfengi væri í hvítöli því, sem hann er kærður fyrir að hafa selt, en lög leyfa, ber að staðfesta hinn áfrýjaða lögreglurjettardóm, af ástæðum þeim, er greinir í dóminum, og kemur vararefsingin til framkvæmda, ef kærða Hildur Grandjean greiðir ekki sektina áður en mánuður er liðinn frá birtingu dóms þessa.

Kærða Hildur Grandjean á að greiða helminginn af öllum áfrýjunarkostnaði málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda í hæsta-

rjetti, 60 kr. til hvors, en hinn helmingur málskostnaðarins á að greiðast úr ríkissjóði.

Það athugast, að rannsókn málsins hefir ekki verið nægilega ítarleg.

Því dæmist rjett vera:

Lögreglurjettardóminum skal óraskað, og kemur vararefsingin í stað sektarinnar ef hún er ekki greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Kærða Hildur Grandjean greiði helming af öllum áfrýjunarkostnaði málsins, þar með talið málflutningskaup til sækjanda og verjanda, hæstarjettarmálflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Pjeturs Magnússonar 60 kr. til hvors, hinn helmingur áfrýjunarkostnaðarins greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn þeim Hallgrími T. Hallgríms, veitingamanni, Skólavörðustig nr. 19 og frú Hildi Grandjean, fráskilinni konu Gísla Hjálmarssonar kaupmanns, til heimilis á Spítalastíg 5, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 25 frá 3. nóvember 1915 um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja o. fl. og laga nr. 15 frá 8. júní 1925 um aðflutningsbann á áfengi og eru málavextir þeir, er nú skal greina.

Miðvikudaginn 9. f. m. fóru tveir lögregluþjónar inn í veitingastofu, sem kærður Hallgrímur rekur í húsinu nr. 6 við Laugaveg, keyptu hvítöl á heilflösku úr tunnu, sem gestum veitingastofunnar var selt úr, komu henni samstundis á Efnarannsóknarstofu ríkisins, ljetu rannsaka alkoholinnihald ölsins og reyndist það

2,47 % eftir rúmmáli. Hefir lögreglustjóri síðan kært Hallgrím fyrir brot gegn framangreindum lögum.

Það er nú upplýst í málinu, að kærður, Hallgrímur bruggar eigi sjálfur öl það, er hann selur, heldur hefir hann keypt það af kærðri Hildi. Verður honum því eigi gefinn tilbúningur ölsins að sök, en til álita kemur hvort hann hafi gjörst brotlegur við aðflutningsbannslögin með sölu þess. Í hinum tilvitnuðu lögum frá 1915 er bannað að búa til eða brugga drykki er meira sje í en 2,1/4 % að rúmmáli af vínanda eða alkoholi. Eiga menn í viðskiftum því að mega treysta því, að ekki sje bruggað hjer sterkara öl og að óhætt sje að selja slíkt öl án þess við lög varði, að því er styrkleika þess snertir. Það verður því að áliti rjettarins einnig að sýkna kærðan Hallgrím T. Hallgríms, sem með landsyfirrjettardómi 24/3 1919 var dæmdur í 300 króna sekt fyrir bannlagabrot, af kærunni fyrir sölu á umræddu öli, enda hefir hann haldið því fram, að hann hafi selt ölið í þeirri trú, að styrkleiki þess væri innan lögleyfðra takmarka og er ekki ástæða til að rengja það.

Kærð Hildur hefir kannast við að hafa bruggað og selt kærðum Hallgrími öl það, sem um er að ræða í þessu máli. Hún kveðst hafa bruggað hvítöl í 6 ár, engan ölmæli hafa haft og giskað á um styrkleika ölsins. Að áliti rjettarins verður hún að bera ábyrgð á því, að öl, sem hún hefir bruggað og selt, hefir reynst hafa inni að halda meira alkohol en lög heimila og hefir hún því gjörst brotleg við ákvæði beggja hinna tilvitnuðu laga. Þykir mega ákveða refsingu þá, er hún, sem eigi hefir áður sætt refsingu eða kæru fyrir brot gegn áfengislöggjöfinni hjer í umdæminu, hefir til unnið fyrir það eftir 3. gr. laganna frá 1915, og 14. gr. laganna frá 1925, 300 króna sekt til ríkissjóðs með tilliti til þess, að öl það, er hún bruggaði og seldi reyndist að eins lítið yfir hið lögákveðna mál að styrkleika og að hún rekur eigi veitingastofu svo upplýst sje. Sektin greiðist innan 14 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist að öðrum kosti með 18 daga einföldu fangelsi

Svo greiði kærð og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á rekstri málsins hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 18. desbr. 1925.

Nr. 40/1925. **Chr. B. Eyjólfsson**
gegn
Ole P. Blöndal f. h. póststjórnar Íslands.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Chr. B. Eyjólfsson, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju í hæstarjetti. — Svo greiði hann og stefnda, Ole P. Blöndal f. h. póststjórnar Íslands, sem látið hefir mæta í málinu, 40 kr. í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 18. desbr. 1925.

Nr. 54/1925. **Valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Helga Eiríkssyni (B. P. Kalman).

Bruggun og sala öls með ofmiklu áfengismagni.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 12. okt. 1925: Kærður, Helgi Eiríksson, greiði 400 króna sekt til ríkissjóðs og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Sje hin ídæmda sekt eigi greidd innan 14 daga frá lögbirtingu dóms þessa komi í stað hennar 23 daga einfalt fangelsi.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Af ástæðum þeim, er tilgreindar eru í hinum áfrýjaða lögreglurjettardómi ber að staðfesta hann, þó með þeirri breytingu að 25 daga einfalt fangelsi

á að koma í stað sektarinnar, ef hún er ekki greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar í hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda, 60 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Lögreglurjettardóminum skal óraskað, þó þannig að 25 daga einfalt fangelsi komi í stað sektarinnar, ef hún er ekki greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Kærði Helgi Eiríksson greiði allan kostnað sakarinnar í hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda, hæstarjettarmálflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Björns P. Kalman 60 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Helga Eiríkssyni Lokastíg nr. 4 hjer í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 25 frá 3. nóvember 1915 um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja o. fl. og laga nr. 15 frá 3. júní 1925 um aðflutningsbann á áfengi og eru málavextir þeir sem nú skal greina.

Kærður kveðst hafa lifað á hvítölsbruggun eingöngu síðastliðin 2 ár. Ölið bruggar hann á Laugaveg 19 en selur það í búð á Laugaveg nr. 12, bæði til neyslu á staðnum og út úr húsinu. Miðvikudaginn 9. f. m. fóru tveir lögregluþjónar inn í búðina, keyptu öl á heilflösku úr tunnu, sem gestunum var selt úr, komu henni samstundis á Efnarannsóknarstofu ríkisins, ljetu rannsaka alkoholinnihald ölsins og reyndist það 2,95 % eftir rúmmáli. Hefir lögreglustjóri síðan kært Helga fyrir brot gegn framangreindum lögum.

Kærður kveðst fyrripartinn í sumar hafa haft ölmæli og þá einatt mælt ölið og gætt þess, að það væri eigi of sterkt. Snemma í sumar kveður hann mælirinn hafa brotnað og hafi hann síðan áætlað áfengisstyrkleika ölsins og talið sjer óhætt að reiða sig á það með því að hann hafi 30 ára reynslu í ölbruggun. Hann hefir ekki vjefengt skýrslu Efnarannsóknarstofunnar um styrkleika ölsins og telur það öl er rannsakað var, muni hafa mjög svipaðan styrkleika og annað öl, sem hann hafi að undanförnu bruggað og selt.

Í lögunum nr. 25/1915 er bannað að búa til eða brugga drykki, er meira sje í af vínanda eða alkoholi en $2^1/_4$ % að rúmmáli og lögin nr. 15/1925 leggja bann við því, að selja slíka drykki. Kærður hefir því með bruggun og sölu ölsins gjörst brotlegur gegn ákvæðum beggja laganna og þykir refsing sú, er hann, sem eigi hefir áður sætt kæru eða refsingu fyrir brot gegn áfengislöggjöfinni hjer í umdæminu, eftir 3. gr. laganna frá 1915 og 14. gr. laganna frá 1925 hefir unnið til fyrir það, hæfilega ákveðin 400 króna sekt til ríkissjóðs, er greiðist innan 14 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist að öðrum kosti með 23 daga einföldu fangelsi.

Svo greiði kærður og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á rekstri málsins hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Efnisskrá.

		Dómur	Bls.
1.	Eigendur Stafnestorfunnar gegn eigendum Kirkjuvogstorfunnar. Landamerkjamál	$^{9}/_{1}$	1
2.	Beneficiarius Arnarbælis sira Ólafur Magnússon gegn Sigurbergi Jóhannssyni. Ómerkingardómur . . .	$^{12}/_{1}$	4
3.	P. A. Ólafsson og skiftaráðandi Rvíkur f. h. þb. Þorsteins Jónssonar gegn Guðm. Ólafssyni f. h. E. von Mehren. Kostnaður við heimsending sjóm.	$^{12}/_{1}$	6
4.	Jes Zimsen f. h. Hins ísl. steinolíuhlutafjel. gegn bæjarstjórn Rvíkur. Útsvarsmál	$^{26}/_{1}$	14
5.	Rjettvísin gegn Bertel Sigurgeirssyni. Brot gegn 262. gr. hegningarlaganna	$^{9}/_{2}$	19
6.	A. Godtfredsen gegn Gísla Oddssyni. Síldarkaup	$^{16}/_{2}$	23
7.	P. A. Ólafsson gegn skiftaráðanda Barðastrandarsýslu og póststjórninni. Um veðrjett í húsi . .	$^{18}/_{2}$	28
8.	Sveinn Árnason gegn Guðfinni Jónssyni. Viðgerð á skipi	$^{25}/_{2}$	31
9.	Gísli Gíslason gegn Sigurði Jónssyni. Útivistardómur	$^{27}/_{2}$	34
10.	Gísli Gíslason gegn Sigurði Jónssyni. Útiv.dómur	$^{27}/_{2}$	35
11.	Þorst. Johnson f. sjálfan sig og f. h. L. Zöllner gegn Kristni Ólafssyni f. h. P. Kühlke. Farmsamn.	$^{2}/_{3}$	35
12.	Gísli J. Johnson gegn skiftaráðanda Vestmannaeyja o. fl. Arfleiðslugjörningur	$^{18}/_{3}$	41
13.	Valdstjórnin gegn Th. Worthington. Botnvörpuveiðabrot	$^{27}/_{3}$	46
14.	Lyder Höydahl gegn Þórhalli Sæmundssyni. Útivistardómur	$^{30}/_{3}$	50
15.	L. Fjeldsted f. h. eigenda & vátr. „Ludolf Eide“ gegn H/f. Sleipnir. Björgunarlaun	$^{3}/_{4}$	50

		Dómur	Bls.
16.	B. P. Kalman f. h. lögerfingja Jóns Helgasonar gegn skiftaráðanda Rvíkur f. h. db. J. H. og konu hans o. fl. Frávísun	20/4	53
17.	Tómas Jónsson gegn Jóni Ásbjörnssyni f. h. C. F. Jensen. Viðskiftaskuld	24/4	56
18.	Karl & Jóhann gegn bæjarstjórn Siglufj.kaupstaðar. Útsvarsmál	27/4	59
19.	Sigurður Þorvarðsson gegn hreppsnefnd Súðavíkurhrepps. Útsvarsmál	29/4	62
20.	Ólöf Benediktsdóttir gegn Guðm. Ólafssyni og P. Magnússyni. Útsvarssmál	29/4	65
21.	Valdstjórnin gegn Páli Stefánssyni, Jóni Guðmundssyni o. fl. Bannlagabrot	1/5	66
22.	Vátryggingarfjelagið Trekroner gegn lögreglustjóra Rvíkur. Skattamál	6/5	71
23.	Valdstjórnin gegn Ólafi Friðrikssyni. Meðferð fugla	8/5	74
24.	Rjettvísin gegn Guðm. Björnssyni og Bjarna Finnbogasyni. Sviksamlegt athæfi	11/5	77
25.	O. Ellingsen f. h. eigenda & vátryggjenda Isabella gegn Guðm. Ólafssyni f. h. eig. & vátr. Veresis. Skaðabætur og björgunarlaun	13/5	82
26.	Bjarni Þorsteinsson o. fl. gegn Helga Guðmundssyni o. fl. Landshlutar af hvölum	18/5	87
27.	Valdstjórnin gegn J. Þ. Thoroddsen. Brot á reglugjörð 67/1922	20/5	95
28.	Rjettvísin gegn Birni Sveinssyni og Sk. Thorarensen. Úrskurður	3/6	100
29.	Ól. Jóhannesson gegn skiftaráð. Barðastr.sýslu f. h. þb. Patrekur. Gjaldþrotaskifti	8/6	102
30.	Valdstjórnin gegn Birni Ólafs. Botnv.veiðabrot	10/6	105
31.	S. Í. S. gegn Birni Kristjánssyni. Meiðyrði og miskabætur	17/6	108
32.	H/f. sjóvátr.fjelag Íslands gegn Guðm. Kristjánssyni. Vátrygging	19/6	126
33.	Valdstjórnin gegn Adolf Klietz Botnv.veiðabrot	20/6	136
34	Valdstjórnin gegn Tamme Holländer. Botnv.veiðabr.	22/6	139
35.	Sigfús Daníelsson f. h. H/f. Samein. ísl. versl. gegn hreppsnefnd Grunnavíkurhrepps. Útsvarsmál	28/6	141

		Dómur	Bls.
36.	Jóh. Kr. Jóhannesson gegn Gunnari Sigurðssyni Útivistardómur	23/6	144
37.	Þorgeir Þorgeirsson gegn Þórði Bjarnasyni. Útivistardómur	23/6	144
38.	H. P. Duus f. h. eig. & vátr. m/sk. „Iho“ gegn Ól. Hvanndal f. h. s.e/fjel. Úlfar	18/9	145
39.	Valdstjórnin gegn E. Kjerúlf, H. G. Stefánssyni og G. Juul. Brot á reglugj. 67/1922	28/9	149
40.	Jóhs. J Reykdal gegn bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar. Landamerkjamál	14/10	157
41.	Sigfús Sveinsson gegn Lúðvík Sigurðssyni. Verðuppbót á fiski	16/10	165
42.	Jónas Þorbergsson gegn Þorv. Helgasyni o. fl. Meiðyrðamál	21/10	170
43.	Þorgeir Þorgeirsson gegn Þórði Bjarnasyni. Útivistardómur	21/10	174
44.	B. Bjarkan f. h. H. C. Boye gegn P. Pjetursyni. Útivistardómur	30/10	175
45.	Jörgen J. Hansen gegn hreppsnefnd Hvítársíðuhrepps. Útsvarsmál	6/11	175
46.	Bæjarstjórn Vestmannaeyja gegn G. J. Johnsen. Útsvarsmál	11/11	177
47.	Jón Laxdal gegn F. A. Andersen. Reikningsskilamál	13/11	179
48.	Br Árnason f. h. Sjur Lothe & Co. A/S. gegn O. G. Syre. Skuld og sjóveðrjettur í skipi	18/11	192
49.	Sören Goos gegn B. Bjarkan f. h. Óla Metúsalemssonar. Dráttaraðstoð skips	20/11	195
50.	Stígur Guðjónsson gegn Jakobínu Jakobsdóttur. Barnsfaðernismál	30/11	198
51.	Ingvar Guðjónsson gegn H/f. Hamar. Útivistardómur	30/11	200
52.	Landsverslun gegn bæjarstjórn Rvíkur. Útsvarsmál	4/12	200
53.	Valdstjórnin gegn Stefáni Þorlákssyni. Bifreiðarmál	7/12	203
54.	Valdstjórnin gegn Otto H. Tancrè. Landhelgisbrot	9/12	206
55.	Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Þormóði Eyjólfssyni. Skattamál	11/12	209
56.	Valdstjórnin gegn Gesti Guðmundssyni. Áfengislagabrot	14/12	213

		Dómur	Bls.
57.	Valdstjórnin gegn Hallgr. T. Hallgríms og Hildi Grandjean. Áfengislagabrot	16/12	216
58.	Chr. B. Eyjólfsson gegn Ole P. Blöndal f. h. póststjórnar. Útivistardómur	18/12	219
59.	Valdstjórnin gegn Helga Eiríkssyni. Áfengislagabrot	18/12	219

Hæstarjettardómar

Útgefandi: Hæstarjettarritari.

VII. árgangur. 1926.

Mánudaginn 11. jan. 1926.

Nr. 58/1925. **Rjettvísin** (B. P. Kalman)
gegn
Fritz G. O. K. Berndsen (L. Fjeldsted).

Brot gegn 205. gr. hgl.

Dómur aukarjettar Reykjavíkur 28. okt. 1925: Ákærður Fritz Gunnlaugur Oddsen Kristjánsson Berndsen sæti 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð.

Eyjólfi Jóhannssyni greiði hann 220 kr. í skaðabætur.

Fullnustu refsingarinnar skal frestað, ef ákærður greiðir ídæmdar skaðabætur innan 20 daga frá lögbirtingu dóms þessa og hún þá falla niður, nema ákærður innan 5 ára frá uppsögn dómsins sæti ákæru í opinberu máli, fyrir glæp, drýgðan af ásettu ráði og sje í því máli dæmdur til þyngri refsingar en sekta.

Svo greiði ákærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Ídæmdar skaðabætur greiðist innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Af ástæðum þeim, er greindar eru í hinum áfrýjaða dómi ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 60 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði Fritz G. O. K. Berndsen sæti 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Svo greiði hann Eyjólfi Jóhannssyni 220 kr. í skaðabætur.

Fullnustu refsingarinnar skal frestað, ef ákærði greiðir dæmdar skaðabætur innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, og hún þá falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dómsins, ef skilorð laga nr. 39, 16. nóv. 1907 eru haldin.

Ákærði greiði allan kostnað málsins bæði í hjeraði og í hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda, hæstarjettarmálflutningsmannanna Björns P. Kalman og Lárusar Fjeldsted, 60 kr. til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Það er löglega sannað í máli þessu, sem höfðað er af rjettvísinnar hálfu gegn Fritz Gunnlaugi Oddsen Kristjánssyni Berndsen, verkamanni, til heimilis á Klapparstíg 42, með eigin játningu hans, er kemur heim við það, sem á annan hátt er upplýst í því, að hann hefir gerst sekur í athæfi því, sem nú skal greina:

Sunnudagskvöldið 11. þ. m. um kl. 7½ síðdegis gekk ákærður ásamt bróður sínum Þorvaldi að nafni uppeftir Laugaveginum; Þorvaldur var mjög mikið ölvaður. Á gangstjettinni fyrir framan húsið nr. 10 við Laugaveg mættu þeir konu einni og gekk Þorvaldur að henni, þreif til hennar og virtist ætla að faðma hana að sjer. Rjett í þessu kom Eyjólfur Jóhannsson, framkvæmdarstjóri, sama veg ásamt fleiri mönnum og gekk hann að Þorvaldi og sparkaði í hann með fætinum til þess að hjálpa konunni. Ákærður rauk þá þegar að Eyjólfi og greiddi honum hnefahögg mikið, sem ákærður segir að hafi lent á vinstri vanga Eyj-

ólfs, rjett neðan við gagnaugað. Eyjólfur fjell við höggið niður í götuna og rotaðist en um leið og hann fjell virðist höfuð hans hafa lent á gangstjettarbrúninni og kom sár aftan á höfuðið við það fall. Ákærður var þá í mjög æstu skapi, en þeir sem viðstaddir voru afstýrðu því að hann aðhefðist nokkuð frekara.

Samkvæmt læknisvottorði, sem lagt hefir verið fram í rjettinum, hefir Eyjólfur fengið heilahristing og lengi vel eftir áverkann var hann rænulítill og minnið hefir alt til þessa verið dálítið sljóvara en það var áður en hann fjekk áverkann; þó telur læknirinn fullvíst að hann muni verða alveg heill heilsu innan skamms.

Eyjólfur Jóhannsson hefir krafist þess að ákærði verði dæmdur til að greiða sjer kr. 220 — fyrir vinnutap, óþægindi og læknishjálp vegna áverkans og hefir ákærður samþykt þá kröfu.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna; hann er fæddur 7. ágúst 1902 og hefir aldrei sætt ákæru nje refsingu fyrir neitt hegningarlagabrot.

Framantalið brot ber, að áliti dómarans, að heimfæra undir 205. gr. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869 og þykir refsing sú, er kærður hefir til unnið, hæfilega ákveðin 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð.

Í skaðabætur greiði ákærður Eyjólfi Jóhannssyni kr. 220,00.

Með tilliti til ungs aldurs ákærðs, hreinskilinnar játningar hans og þess, að hjer er um fyrsta afbrot að ræða, þykir eftir atvikum mega ákveða, ef ákærður, með því að greiða hinar dæmdu skaðabætur, bætir tjón það, sem hann hefir valdið, að refsingin skuli vera skilorðsbundin, samkvæmt lögum nr. 39 frá 16. nóvember 1907.

Svo greiði ákærður og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 18. jan. 1926.

Nr. 29/1925. **Louis Le Maigat f. h. eigenda og vátryggjenda skonnortunnar „Yvonne“ og farms hennar**
(Jón Ásbjörnsson).
gegn
L. Fjeldsted f. h. eigenda og vátryggjenda kúttersins „Phebe“.
(Sjálfur).

Árekstrarmál.

Dómur sjódóms Reykjavíkur 30. desbr. 1924: Stefndur Louis Le Maigat f. h. eigenda og vátryggjenda skonnert „YVONNE“ frá Paimpol og farms þess, er í skipinu var 3. maí þ. á. greiði stefnandanum, L. Fjeldsted f. h. eigenda og vátryggjenda kutter „Phebe“ frá Klaksvig kr. 10710,00 með 6% ársvöxtum frá 20. maí þ. á. til greiðsludags og kr. 500,00 í málskostnað, og staðfestist löghaldsgjörðin frá 10. og 19. maí þ. á. fyrir þeim upphæðum.

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Stýrimaðurinn á Yvonne skýrði frá því í skýrslu sinni fyrir sjódóminum, að hann, til þess að forðast árekstur inn, hefði meðal annars skipað fyrir um að „filer la grande ecoute“. Túlkurinn við rjettarhaldið þýddi þessi orð á þá leið að hann hefði skipað „að vinda upp stórseglið“. Er bygt á þeirri þýðingu í hinum áfrýjaða dómi og Yvonne talin eiga sök á árekstrinum meðal annars með því „að fjölga seglum“. Í hæstarjetti er það upplýst að þýðing þessi er ekki rjett, en að hin umgetnu orð merkja það, að stýrimaður skipar að slaka á kló stórseglsins, og getur það, að seglum var hagað þannig, eigi bakað Yvonne sök á árekstrinum.

Það er upplýst að bæði skipin sigldu beitivind, að Yvonne hafði vindinn á stjórnborða, að Phebe hafði vindinn á bakborða og að bæði skipin breyttu stefnu í sömu átt, undan vindi, og rákust þá skipin á. En um nánari atvik að árekstrinum brestur sannanir. Það brestur þannig sönnun fyrir því hvert skipið breytti fyr stefnu og hve langt þá var á milli þeirra. Stýrimaðurinn á Yvonne bar það í sjódóminum að hann hefði breytt stefnu fyr en Phebe og þá hefði verið orðið svo skamt á milli skipanna að sýnt hefði verið að Phebe kæmist hvorugu megin fram hjá Yvonne. Háseti sá er stóð á verði á Yvonne bar það og að Yvonne hefði fyr breytt stefnu. Væru þessar skýrslur rjettar mundi verða að telja stefnubreytingu Yvonne rjettmæta samkv. 27. og 29. gr. sbr. athugasemd við 21. gr. hinna alþjóðlegu sjóferðareglna, enda þótt Yvonne hefði samkv. 21. gr. þeirra ella átt að halda stefnu sinni. Hinsvegar hafa þeir fjórir skipverjar á Phebe, er skýrslu gáfu í sjódóminum, borið það samhljóða, að Phebe hafi breytt stefnu fyr en Yvonne og það nálægt 8 mínútum áður en áreksturinn varð, en samkv. 17. gr. sjóferðareglnanna skyldi Phebe víkja úr leið fyrir Yvonne. Í sjóferðaprófunum sem eru mjög ófullkomin, er ekkert, sem sýni með nægilegri vissu hvor skýrslan sje rjettari. Sjerstaklega skal það tekið fram, að ekkert verður bygt á þeim framburði stýrimannsins á Phebe, að hann, er hann kom upp á þiljur, hafi sjeð rauða ljósið á Yvonne beint framundan og að það hafi verið komið á kulborða er hann tók að slá skipinu undan, því væri sú skýrsla rjett hefðu skipin verið komin hvert fram hjá öðru áður en Phebe var lagt undan, og er þá mjög ólíklegt að skipin hefðu rekist á. Þar sem málinu er þannig varið er eigi unt að leggja

sökina á árekstrinum, hvorki á annað skipið nje bæði. Verður því að dæma málið samkv. 226, gr. siglingalaganna og ber þá að fella hinn áfrýjaða dóm og löghaldsgjörðina frá 10. og 19. maí 1924 úr gildi og sýkna áfrýjanda að kröfum stefnda. Málskostnaður í sjódómi og hæstarjetti þykir rjett að falli niður.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandi Louis Le Maigat f. h. eigenda og vátryggjenda skonnortunnar Yvonne og farms hennar á að vera sýkn af kröfum stefnda Lárusar Fjeldsted f. h. eigenda og vátryggjenda kúttersins Phebe.

Löghaldsgjörðin frá 10. og 19. maí 1924 skal úr gildi feld.

Málskostnaður í sjódómi og hæstarjetti falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Laugardagskveldið 3. maí þ. á. um klukkan 11 voru kutter „PHEBE" frá Klaksvig á Færeyjum og skonnort „YVONNE" frá Paimpol á Frakklandi á siglingu með rifuðum seglum í jökuldjúpinu á 64,31 gr. norðlægrar br. og 26,33 gr. vestl. l. í góðu veðri með norðlægum vindi, og hafði „PHEBE" vindinn á bakborða en „YVONNE" á stjórnborða. Skipin rákust á þannig að „PHEBE" rak stefnið á stjórnborðshlið „YVONNE" við fokkuvantinn og skemdust bæði skipin nokkuð, en „YVONNE" þó meira. Komust bæði skipin hingað inn og var sjóferðapróf haldið hjer í málinu 6. maí þ. á.

Út af árekstri þessum hefir L. Fjeldsted, hrm., f. h. eigenda og vátryggjenda „PHEBE" höfðað mál þetta fyrir sjórjetti Reykjavíkur með stefnu útgefinni 22. maí þ. á. gegn skipstjóranum á „YVONNE" Louis le Maigat f. h. eigenda og vátryggjenda skipsins og farms þess til greiðslu skaðabóta, að upphæð kr. 10,710,00 fyrir tjón það, er „PHEBE" beið við árekstrinn með 6 % árs-

vöxtum frá 20. maí þ. á. til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Svo hefir stefnandi og krafist þess, að staðfest verði löghaldsgjörð á „YVONNE“ og farmi, er hann fjekk framkvæmda 10. og 19. maí þ. á. til tryggingar kröfum sínum.

Stefndur hefir krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda í málinu, og ríflegs málskostnaðar hjá honum. Byggir hann þær kröfur á því að skipverjar á „PHEBE“ en ekki á „YVONNE“ hafi átt alla sök á því, að árekstur inn varð.

Um atvikin að árekstrinum er það upplýst í sjóferðaprófinu, sem nú skal greina: Skipstjórarnir á báðum skipunum voru niðri á undan árekstrinum, en stýrimennirnir á verði og annar sjerstakur maður á varðbergi (Udkig) á „YVONNE“. Skipin sáu jafnsnemma hvort til ferða hins, eða hjerumbil 10 mínútum áður en árekstur inn varð og er ekki annað að sjá, en að öll ljós hafi verið í lagi á báðum skipunum.

Varðbergsmaðurinn á „YVONNE“ kveðst hafa aðvarað stýrimanninn á því skipi þegar er hann sá ljós „PHEBE“ hjer um bil 10 mínútum áður en árekstur inn varð og kveður stýrimaðurinn „PHEBE“ hafa stefnt á bakborðshlið „YVONNE“ og um leið og hann (þ. e. stýrimaðurinn) hafi nálgast skipið meir og meir og sjeð að það hafi leitast við að komast fram hjá „YVONNE“ og ef „YVONNE“ hefði haldið áfram ferð sinni myndi hún hafa rekist á „PHEBE“ því hann hafi sjeð að „PHEBE“ hafi hvorugu megin komist fram hjá, þá hafi hann skipað manni þeim, er við stýrið var, að leggja sveifinni upp í vindinn og vinda upp stórseglið til þess að reyna að komast hjá árekstri. Eftir það kveður stýrimaðurinn „PHEBE“ hafa sett undan fullum seglum á „YVONNE“. Kveður stýrimaðurinn hafa liðið 5—6 mínútur frá því að hann sá ljós „PHEBE“ fyrst þar til árekstur inn varð, en síðar í sjóferðaprófinu segir hann að liðið hafi 6—7 mínútur frá því að hann sá bæði ljósin á „PHEBE“ og þar til árekstur inn varð, en áður hafi hann verið búinn að sjá græna ljósið hennar. Vindinn kveður hann hafa verið A. N. A. en stefnu „YVONNE“, áður en hún sló undan, N. eða nálægt því.

Stýrimaðurinn á „PHEBE“ hafði skroppið niður í hásetaklefann áður en ljósin á „YVONNE“ sáust þaðan, en sett annan mann á varðberg. Þegar varðbergsmaðurinn á „PHEBE“ sá rauða ljósið á „YVONNE“ framundan „PHEBE“ kallaði hann til stýrimanns, er þegar fór upp á þilfarið ásamt hásetunum og sá hann þá rauða ljósið beint framundan „PHEBE“, fór stýrimaðurinn þá

þegar að stýrinu og sló undan og sá þá rauða ljósið frá „YVONNE“ til kulborða frá miðlínu skipsins og kveður hann tvær mínútur hafa liðið frá því að skipinu var slegið undan og þar til það var flatt fyrir vindi, en þá kveður stýrimaðuriun fyrst hafa sjest frá „PHEBE“ að hitt skipið hafði og slegið undan, og varð árekstnrinn að sögn hans hjer um bil 8 mínútum eftir að tekið var til starfa á „PHEBE“ út af því, að ljósin frá „YVONNE“ höfðu sjest. Stýrimaðurinn á „PHEBE“ heldur því fram eindregið, að stefnunni á „YVONNE“ hafi ekki verið breytt, fyrri en eftir að „PHEBE“ var búin að breyta stefnu, að hans dómi tveim mínútum síðar. Því er og haldið fram af einum hásetanna á „PHEBE“ (Andreas Jacobsen) að „PHEBE“ hafi breytt fyr um stefnu en „YVONNE“.

Að öðru leyti styðja framburðir annara á skipunum, en stýrimannanna, framburði þeirra hvers um sig, án þess að nokkrar verulegar upplýsingar felist í þeim, og hafa allir vitnaframburðir í málinu verið teknir jafngildir og eiðfestir væru.

Eftir alþjóðasiglingareglum átti „PHEBE“, sem hafði vindinn á bakborða að víkja úr vegi fyrir „YVONNE“ og það skip að halda stefnu sinni óbreyttri.

Því er nú haldið fram af stefndum að „PHEBE“ hafi ekki breytt stefnu fyrri en of seint og að árekstur hefði verið óumflýjanlegur ef „YVONNE“ hefði ekki breytt stefnu, en rjetturinn fær ekki sjeð að nægar sönnur sjeu komnar fram fyrir því í málinu. Á milli skipshafnanna er ágreiningur um það, hvort skipið hafi vikið fyrr. Skipshöfnin á „PHEBE“ heldur því fram, að það skip hafi orðið fyrra til að víkja og gjört það eins og skyldan bauð, þegar er rauða ljóssins frá „YVONNE“ varð vart, en skipshöfnin á „YVONNE“ heldur því fram að „PHEBE“ hafi ekki vikið fyrri en eftir að „YVONNE“ var búin að breyta stefnu. Það verður því ekki talið sannað í málinu að „PHEBE“ hafi breytt stefnu síðar en „YVONNE“. Hinsvegar virðist það atvik, að stýrimaðurinn á „PHEBE“ sá rauða ljósið frá „YVONNE“ á kulborða frá miðlínu „PHEBE“ er hann var að slá skipinu undan, í sambandi við það að 6—8 mínútur liðu frá því þar til árekstnrinn varð, benda til þess að „PHEBE“ hafi slegið nægilega snemma undan til þess að forðast árekstur, ef hitt skipið hjelt stefnu sinni, eins og stýrimaðurinn á „PHEBE“ átti að mega búast við að það gjörði.

Rjetturinn telur því ekki nægilega rjettlætt í málinu að „YVONNE“ fór að breyta um stefnu og fjölga seglum og verður því að telja það skip eiga sök á árekstrinum og verða eftir 225. gr. siglingalaganna að bæta skaða þann er „PHEBE“ beið við hann.

Í fyrsta varnarskjali umboðsmanns stefnda (rjettarskjali nr. 7) geymir hann sjer rjett til síðar að athuga kröfuupphæð stefnanda, sem hann til vara mótmæli sem alt of hárri — og nánari skilgreiningar í því efni, en í síðari varnarskjölum er skaðabótakrafan ekki nefnd sjerstaklega.

Þannig löguð mótmæli verða ekki tekin til greina og verður stefnanda því tildæmd skaðabótaupphæð sú, er hann hefir krafist. Sömuleiðis ber að taka til greina kröfu hans um staðfestingu löghaldsgjörðarinnar og um málskostnað, og þykir hann nægilega hátt ákveðinn 500 kr.

Mánudaginn 25. jan. 1926.

Nr. 44/1925. **Axel Ketilsson** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Útbúi Landsbankans, Ísafirði
(Pjetur Magnússon).

Um lögmæti kröfulýsingar í þrotabúi og gildi kröfunnar síðar gagnvart skuldunaut.

Dómur aukarjettar Ísafjarðarkaupstaðar 5. maí 1925: Stefndur Axel Ketilsson greiði stefnandanum Helga Guðmundssyni bankaútbússtjóra, Sigurg. Sigurðssyni gæslustjóra og Guðmundi Jónssyni gjaldkera fyrir hönd útbús Landsbankans 183060,00 kr. ásamt með 6 % vöxtum frá 31. desember 1920 til greiðsludags og 250 kr. í málskostnað. Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Áfrýjandi byggir sýknukröfu sína hjer fyrir rjettinum á því, að stefndi hafi mist skuldakröfuna á

hendur sjer fyrir þá sök, að henni hafi eigi verið lýst í þrotabúið áður en innköllunarfrestur var liðinn. En á þetta verður eigi fallist. Jafnvel þótt kröfunni hefði ekki verið lýst í þrotabúið hefði það að eins haft í för með sjer, að stefndi misti rjettinn til að fá skuldina greidda af eignum þrotabúsins, en ekki það, að stefndi misti rjett sinn gagnvart skuldunaut sjálfum, því skýlausa heimild er hvorki að finna í 90. gr. sbr. 22. gr. skiftalaganna nje annarstaðar fyrir því, að skuldheimtumaður missi kröfurjett sinn gagnvart skuldunaut sjálfum, þótt hann láti farast fyrir að lýsa skuldinni samkvæmt skuldainnköllun í þrotabúi hans.

Af þessari ástæðu og með því að hvorki skuldarupphæðinni nje vaxtakröfu stefnda hefir verið mótmælt, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti er ákveðst 400 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardóminum skal óraskað. Áfrýjandi, Axel Ketilsson, greiði Útbúi Landsbankans, Ísafirði 400 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með stefnu útgefinni 16. desember f. á. hefir stjórn útbús Landsbankans, þeir Helgi Guðmundsson bankaútbússtjóri, Sigurg. Sigurðsson gæslustjóri og Guðmundur Jónsson gjaldkeri höfðað mál þetta, eftir árangurslausa sáttatilraun, fyrir aukarjettinum

gegn Axel Ketilssyni fyrv. kaupmanni hjer í bænum til greiðslu á skuld að upphæð kr. 183060,00 ásamt með 6 % vöxtum, frá 31. desember 1920 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu samkvæmt reikningi eða til vara samkvæmt mati rjettarins.

Stefndur krefst þess hinsvegar, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnandans og að hann verði dæmdur til að greiða sjer ríflegan málskostnað eftir mati rjettarins.

Skuld sú sem mál þetta er út af, er stofnuð með víxli útgefnum á Ísafirði 27. september 1920 af Halldóri Sigurðssyni skipstjóra á hendur Axel Ketilssyni sem samþykkjanda til greiðslu í gjalddaga 31. desember 1920, framseldan útbúi Landsbankans hjer, að upphæð kr. 200000,00. Víxillinn var afsagður sökum greiðslufalls 3. jan. 1921. Af víxlinum hafa verið afborgaðar 6. júlí 1921 kr. 4440,00 og 4. okt. s. á. kr. 12500,00 eða samtals kr. 16940,00. Er því skuldin nú kr. 183060,00 eða eins og stefnt er fyrir. Telur stefnandi sig eiga almenna kröfu á stefndan sem aðalskuldara víxilsins fyrir greindri upphæð samkvæmt 93. gr. víxillaganna.

Með skjali dags. 1. ágúst 1923 framseldi stefndur bú sitt til gjaldþrotaskifta og lýsti því jafnframt yfir að útbú Landsbankans á Ísafirði ætti hjá sjer ca. 349000,00 kr. og að hann ætti engar eignir þar eð hann hafi selt þær allar greindu útbúi árinu áður. Var bú stefnds því næst tekið til gjaldþrotaskifta, gefin út innköllun til skuldheimtumanna og eftir það að innköllunarfresturinn var útrunninn, var skiftum lokið 3. desember f. á. En stefnandi hafði eigi lýst umræddri kröfu í búið.

Heldur stefndur því fram, að innköllun til skuldheimtumanna í þrotabúi stefnds er hafi verið löglega auglýst, sje præclusiv og krefst þar af leiðandi sýknunar í málinu.

Um innköllun til skuldheimtumanna í þrotabúum fer eftir 22. gr. skiftalaganna og segir þar, að um fyrning skulda eftir innköllun fari eftir eldri lögum. Er þá hjer að ræða um, innköllun í dánarbúum og þrotabúum, og öðrum búum þar sem innköllun til skuldheimtumanna á fram að fara samkvæmt opnu brjefi 4. jan. 1861.

Það verður nú að álíta, að innköllun til skuldheimtumanna í greindum búum sje præclusiv, enda er beint gert ráð fyrir því í lögum nr. 14, 1905 um fyrning skulda og annara kröfurjettinda. Væri það því svo, að kröfu stefnanda, hefði í raun og veru eigi verið lýst í búið, yrði að álíta að hún væri præcluderuð, þ. e. rjett-

urinn til, að sækja stefndan að lögum um greiðslu hennar nú, væri týndur.

En stefnandi hefir haldið því fram að stefndur hafi í fyrsta lagi sjálfur gefið tilefni til þess að skuldinni var eigi lýst, og í öðru lagi hafi hann viðurkent kröfuna eða henni verið lýst fyrir honum eftir að gefin hafi verið út innköllun til skuldheimtumanna.

Stefndur hefir hinsvegar mótmælt þessu.

Að því er fyrst talda ástæðu snertir, þá er á það að líta, að um leið og stefndur framselur bú sitt til gjaldþrotaskifta, lýsir hann yfir því, að hann skuldi útbúi Landsbankans cirka 349000,00 kr., og að hann eigi engar eignir þar eð hann síðastliðið ár hafi selt þær fyrnefndu útbúi, og telur sig þar af leiðandi eigi færan um að standa í skilum með skuldir sínar eins og áður hefir sagt verið.

Þar sem það nú er upplýst í málinu, að stefnandi mætti á skiftafundum í þrotabúi stefnds til þess að gæta rjettar síns útaf umræddri kröfu, er hann því virðist hafa álitið að lýst hafi verið í búið þá þykir eftir atvikum verða að líta svo á, að stefndur hafi með fyrgreindri lýsing á skuld stefnanda um leið og hann framselur bú sitt, sagt til hennar, eða að það verði eigi talið vítavert að frekari lýsing á skuldinni kom eigi í búið af stefnandans hálfu.

Hin umstefnda skuld, er eftir málfærslunni að dæma verður að telja innifalda í aðalupphæð þeirri, er stefndur, taldi sig skulda stefnanda, er hann framseldi bú sitt, hefir því samkvæmt framansögðu eigi prælcluderast við innköllun til skuldheimtumanna í þrotabúið, og virðist því stefnandi eiga rjett á að sækja stefndan að lögum um greiðslu hennar samkvæmt 93. gr. víxillaganna.

Það ber því að taka skuldakröfu stefnanda til greina ásamt 6 % vöxtum frá 31. desember 1920, enda hefir vaxtakröfunni eigi verið sjerstaklega mótmælt, svo og málskostnaðarkröfuna og þykir málskostnaður hæfilega metinn 250 kr.

Föstudaginn, 29. jan. 1926.

Nr. 15/1925. **Ásgeir I. Ásgeirsson** (B. P. Kalman).
gegn
Axel og Kristínu Dahlstedt. (Enginn).

Út af húsasölu.

Dómur gestarjettar Reykjavíkur 17. jan. 1925: Kaupsamningur um húseignina nr. 19 við Skólavörðustíg hjer í bænum, dags. 24. sept. 1921, er ógildur. — Stefndur Ásgeir I. Ásgeirsson greiði stefnendum, Axel og Kristínu Dahlstedt, 25000 krónur og í málskostnað 300 krónur.

Dómur hæstarjettar.

Við þingfestingu máls þessa í hæstarjetti 23. júní s. l. var mætt af hálfu bæði áfrýjanda og stefndu, og málinu þá, með samþykki umboðsmanns stefndu, frestað til fyrirtektar síðar. En er málið skyldi sótt fyrir rjettinum mætti enginn af hálfu stefndu og hefir það því verið rekið samkv. 1. lið 2. mgr. 38. gr. hæstarjettarlaganna og dæmt samkv. N. L. 1—4—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Að því athuguðu að í 4. gr. kaupsamnings aðila um húseignina nr. 19 við Skólavörðustíg, dags. 24. sept. 1921, er skýlaust gert ráð fyrir að stefndu fái til afnota 1. október það ár, kjallara hússins og aðra stofuhæðina, og að öðru leyti samkv. ástæðum hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann. Með því að stefndu hafa ekki mætt, á málskostnaður í hæstarjetti að falla niður.

Mál þetta var þingfest í gestarjettinum 10. maí 1922 en eigi tekið til dóms fyr en 10. desember 1924. Á þeim tíma voru veittir í málinu samtals 52 frestir, 34 frestir voru veittir umboðsmanni stefndu Gunnari málaflutningsmanni Benediktssyni, þar með 25

samfeldir frestir frá 18. okt. 1922 til 12. des. 1923, en 18 frestir voru veittir umboðsmanni áfrýjanda, Birni hæstarjettarmálaflutningsmanni Kalman. Flestir voru frestir þessir veittir án þess að tilgreint væri til hvers ætti að nota þá. Umboðsmenn aðila hafa reynt að rjettlæta þennan drátt á málinu, en þrátt fyrir það verður að telja hann að nokkru leyti þarflausan og verður að víta þessa meðferð þeirra og gestarjettarins á málinu.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað.

Málskostnaður í hæstarjetti falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með stefnu útgefinni 11. mars 1922 er mál þetta höfðað fyrir gestarjettinum af þeim hjónum Axel og Kristínu Dahlstedt, Laugaveg 49 hjer í bænum gegn Ásgeiri I. Ásgeirssyni, kaupmanni frá Tröð í Súðavíkurhreppi í Ísafjarðarsýslu, út af samningsrofum um kaup og sölu á húseignunum nr. 19 við Skólavörðustíg og nr. 12 B við Laugaveg. Hafa stefnendur gert þær rjettarkröfur, *að* kaup og sala á eignum þessum gangi til baka, *að* stefndur verði dæmdur til að endurgreiða þeim alla húsaleigu sem hann hafi innheimt eftir húseignina nr. 12 B við Laugaveg, *að* stefndur verði dæmdur til að greiða stefnendum 10000 krónur í skaðabætur og *að* hann verði dæmdur til að greiða málskostnað að skaðlausu. Að því er snertir riftingu áðurnefndra húsakaupa hafa stefnendur gert þá varakröfu, að þeim verði dæmdur hjá stefndum 23000 krónur sem þeir hafi greitt upp í andvirði húseignarinnar nr. 19 við Skólavörðustíg hjer í bænum.

Stefndur hefir krafist algjörðrar sýknunar í málinu og málskostnaðar eftir mati rjettarins.

Málavextir eru þessir:

Hinn 24. september 1921 gerðu aðiljar málsins með sjer kaupsamning um húseignina nr. 19 við Skólavörðustíg hjer í bæ. Átti stefndur að selja stefnendum hana fyrir 120000 krónur og

greiða seljanda andvirðið með því að taka að sjer skuldir, sem hvíldu á eigninni, að upphæð 97000 krónur, en afgangur kaupverðsins, 23000 krónur var greiddur um leið og samningur var gerður, á þann hátt, að stefnendur afsöluðu stefndum lausafjármunum fyrir 10000 kr. en 13000 kr. voru greiddar með hluta úr skuldabrjefi er framselt var stefndum. Skilmálarnir í kaupsamningi þessum voru að öðru leyti þeir, *að* stefnendur skyldu njóta alls arðs af eigninni eftir 1. okt. 1921, *að* ekkert væri afturkræft af hinu greidda ef kaupendur stæðu ekki í skilum, *að* seljandi skyldi annast f. h. kaupanda vaxta- og afborgunargreiðslu af hinni seldu húseign næstu 3 árin, með því skilyrði, að kaupendur greiddu seljanda mánaðarlega þetta tímabil ekki minna en 1200 krónur til þess að standast þessar vaxta- og afborgunargreiðslur, þó þannig, að nægilegt skyldi að greiddar væru 600 krónur á mánuði til 20. mai 1922, en 1200 krónur upp frá því, og afsal skyldi gefið út að liðnum þeim 3 árum.

Sama daginn og kaupsamningur þessi var gerður afsöluðu stefnendur stefndum húseignina nr. 12 B við Laugaveg hjer í bænum fyrir 75000 krónur og greiddi kaupandi alt kaupverðið, að undanteknum kr. 246,06 með því að taka að sjer skuldir er á húseign þessari hvíldu.

Stefnendur ætluðu sjer að taka til eigin afnota hinn 1. okt. 1921 allmikið af húseigninni nr. 19 við Skólavörðustíg, er þau samkvæmt framangreindu höfðu gert kaupsamning um, en er þau ætluðu að flytja í húsið var ekkert af því laust til notkunar og leið svo október mánuður að þau gátu ekki fengið þar inni og voru húsvilt, að því er virðist. Af þessum ástæðum sendu þau hinn 30. okt. 1921 stefndum símskeyti og kröfðust þess, að öll þau kaup sem þau höfðu gert með sjer 24. sept. s. á. og áður er nánar lýst, væru upphafin vegna vanefnda á samningunum um Skólavörðustíg nr. 19, sem sjerstaklega væru fólgin í því, *að* á þeirri húseign hvíldu eldri ógreiddir skattar, *að* þau hefðu ekki fengið inni í húsinu og að stefndur hefði með skriflegum samningi, er færi í bága við kaupsamninginn, ráðstafað leigu af eigninni eftir 1. okt. 1921.

Þessu símskeyti svaraði stefndur ekki, en 4. nóv. s. á. tilkynnir málafærslumaður hans stefnendum, að húsleigunefnd hafi úrskurðað, að maður, sem bjó á einni hæð umræddrar húseignar, skyldi rýma íbúð sína og skorar hann jafnframt á stefnendur að segja til, hvort þau óski að maður þessi sje borinn út með að-

stoð fógeta. Brjefi þessu svöruðu stefnendur með brjefi dags. 8. s. m. og lýstu því þar yfir, að þau mundu rifta samningnum og krefjast skaðabóta, þar sem aðaltilgangur sinn með því að kaupa húseignina nr. 19 við Skólavörðustíg hefði verið að útvega sjer þar íbúð og húsnæði í kjallara fyrir veitingar, en hvorugt hefði verið laust á tilsettum tíma.

Eftir þetta sjest ekki af skjölum málsins að neitt hafi í því gerst fyr en 11. mars 1922 er stefna var gefin út, eins og fyr er sagt.

Í rekstri málsins hafa stefnendur haldið því fram, að stefndur hafi, er kaupsamningurinn var gerður um húseignina nr. 19. við Skólavörðustíg lofað því eindregið, að hinn 1. okt. 1921 skyldi kjallari hússins, sem þá virðist hafa verið notaður til veitinga, vera laus til notkunar fyrir stefnendur og einnig ein hæð hússins til íbúðar og hafi stefnendur ætlað sjer að búa á þeirri hæð en reka veitingasölu í kjallaranum, enda er það og hefir verið atvinna þeirra.

Stefndur hefir aftur á móti haldið því fram í málinu, *að* hann hafi aðeins lofað lausri einni hæð til íbúðar, *að* engu hafi verið lofað um kjallarann og *að* það hafi verið stefnendum að kenna hversu seint var hægt að losa íbúðina, því að þeir hafi sjálfir leyft manni þeim, sem þar bjó þá, að hafa hana til 15. okt. 1922. En með vitnaframburðum í málinu verður það að teljast fullsannað, að engin af þessum staðhæfingum stefnds er rjett. Rjetturinn verður þvert á móti að álíta það fyllilega sannað með vitnaframburðunum, sem styðjast við annað, er fram er komið í málinu, að stefndur hafi, er kaupsamningur var gerður, lofað að bæði kjallarinn og ein hæð hússins skyldi laus til afnota fyrir stefnendur 1. okt. 1921. Nú er það upplýst í málinu, að konu, sem hafði kjallarann á leigu, hafði ekki verið sagt upp leigunni fyr en síðustu dagana í september og neitaði hún þá að fara og þar til 1. maí 1922 og um þetta ljet stefndur stefnendur ekkert vita. Um mann þann, er bjó í íbúð þeirri, sem stefnendur ætluðu sjer, er nokkuð öðru máli að gegna. Hann átti eftir samningum að fara burtu 1. okt., og var úrskurðaður úr íbúðinni hinn 22. s. m., en ekki virðast stefnendur hafa fengið að vita um það fyr en 4. nóv. s. á. Við þetta bætist það, að þótt svo sje berum orðum tiltekið í hinum nefnda kaupsamningi, að stefnendur skuli hafa allar tekjur af húseigninni frá 1. okt. 1921, þá kom það þó í ljós síðar, að stefndur hafði með samningi dags. 9. júlí

1921 eða meira en 3 mánuðum áður en kaupsamningurinn var gerður, ráðstafað hluta af húsaleigu af húsinu til fyrri eiganda þess til 20. maí 1922 og nam sá hluti húsaleigunnar kr. 900,00 á mánuði. Stefndur heldur því að sönnu fram, að hann hafi skýrt stefnendum frá þessu og að tilætlun sín hafi verið að greiða þetta. Hefir hann vísað í 4. gr. kaupsamningsins þessu til styrktar, en að áliti rjettarins styrkir sú grein alls ekki málsstað stefnds og gegn beinum orðum 3. gr. kaupsamningsins og eindregnum mótmælum stefnenda, getur skýrsla stefnds um þetta ekki orðið tekin til greina.

Eftir því sem liggur fyrir í málinu verður að leggja þá skýrslu stefnanda til grundvallar að þau hafi með kaupum á húseigninni nr. 19 við Skólavörðustíg, ætlað að útvega sjer húsnæði bæði til íbúðar og veitinga og með tilliti til þess og hliðsjón af hversu erfitt var þá að útvega sjer húsnæði og að athugaðri ráðstöfun húsaleigunnar í bága við kaupsamninginn, þykja stefnendur hafa haft næga ástæðu til að rifta samningnum. Hinsvegar verður ekki sjeð, að sala húseignarinnar nr. 12 B við Laugaveg standi í þannig löguðu sambandi við kaupsamninginn um húseignina nr. 19. við Skólavörðustíg, að sala hinnar fyrnefndu húseignar eigi að ónýtast þótt kaupsamningurinn falli úr gildi. Ber því að láta þá sölu haldast, en fella kaupsamninginn úr gildi.

Af hinu síðara leiðir, að dæma verður stefndan til þess að endurgreiða stefnendum það sem þau höfðu greitt upp í andvirði húseignarinnar nr. 19 við Skólavörðustíg, eða 23000 krónur. Vaxta af upphæðinni hefir alls ekki verið krafist.

Stefnendur hafa einnig krafist 10000 króna skaðabóta fyrir samningsrofin og hefir verið lögð fram í málinu sundurliðun á þeirri fjárhæð eða reikningur er nemur rúmlega 2000 kr. hærri fjárhæð. Stefndur hefir algerlega mótmælt þessum reikningi og stefnendur hafa ekki fært sönnur á rjettmæti hans, eins og hann liggur fyrir. En með tilliti til þess, að stefnendur, sem hafa veitingasölu að atvinnuvegi, gátu ekki, eftir því sem fyrir liggur í málinu, útvegað sjer hæfilegt húsnæði til veitingasölunnar fyr en nokkru eftir að þau áttu að fá húsrúm í húsinu nr. 19 við Skólavörðustíg, þykir ekki verða hjá því komist að dæma þeim skaðabætur, og virðast þær hæfilega ákveðnar 2000 krónur.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefndan til að greiða stefnendum málskostnað er ákveðst 300 krónur.

Föstudaginn 29. jan. 1926.

Nr. 46/1925. **Sigf. Daníelsson f. h. Sam. ísl. verslana**

gegn

Sigmundi Sæmundssyni.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigf. Daníelsson f. h. Sam. ísl. verslana, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Föstudaginn 29. jan. 1926.

Nr. 51/1925. **Helgi Benediktsson f. h. Verslunarfjel. Vestmannaeyja**

gegn

Sigurði Sigurðssyni.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Helgi Benediktsson f. h. Verslunarfjel. Vestmannaeyja, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Miðvikudaginn 10. febr. 1926.

Nr. 35/1925. **Lögerfingjar Jóns Helgasonar**
(Björn P. Kalman)
gegn
skiftaráðandanum í Reykjavík o. fl.
(Lárus Jóhannesson, Guðmundur Ólafsson, Pjetur Magnússon).

Um gildi erfðaskrár.

Úrskurður skiftarjettar Reykjavíkur 17. maí 1924: Erfðaskrárnar frá 27. apríl 1906, 28. júní 1909 og 19. apríl 1913 verða ekki teknar til greina. — Erfingjar þeir sem taldir eru í erfðaskrá Jóns sál. Heglasonar frá 24. apríl 1922 skulu erfa eftirlátnar eigur hans í hlutföllum þeim, er sú erfðaskrá greinir. — Erfð eftirlátinna eigna Margrjetar sál. Þorláksdóttur hverfur til erfingja hennar að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu var upphaflega skotið til hæstarjettar með stefnu, dags. 12. júlí 1924, en var vísað frá rjetti með dómi 20. apríl 1925. Nú hefir málinu aftur verið áfrýjað af hálfu lögerfingja Jóns Helgasonar, með stefnu, dags. 17. júlí 1925 samkv. 27. gr. hæstarjettarlaganna. Og þar sem hinir stefndu hafa ekki allir mætt, hefir málið verið flutt skriflega samkv. 1. lið 38. gr. hrj.laganna og er dæmt samkv. N. L. 1—4—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Hinum stefndu var öllum stefnt í eigin nafni og voru þó fjórir af þeim ólögráðir. En þar sem mætt hefir verið löglega af hendi allra hinna ólögráðu manna þykir ekki þurfa að frávísa málinu ex officio fyrir þessa sök.

Með því að fallast verður á það, að hin sameiginlega gagnkvæma erfðaskrá þeirra hjóna, Jóns Helgasonar kaupmanns og Margrjetar Þorláksdóttur,

frá 27. apríl 1906, sem er vjefengd, sje ógild að lögum, svo sem rjettarframburði vottanna að erfðaskránni er háttað og að öðru leyti samkvæmt forsendum skiftarjettarúrskurðarins, þá ber að staðfesta úrskurðinn.

Samkvæmt þessum úrslitum verður að dæma áfrýjandann Björn P. Kalman, til þess, f. h. lögerfingja Jóns Helgasonar, að greiða hinum stefndu, sem mætt hafa í málinu, krafist hafa málskostnaðar og fengið kröfum sínum framgengt, málskostnað fyrir hæstarjetti, og er hann ákveðinn 100 kr. handa hverjum.

Það athugast, að staðið hefir óhæfilega lengi á sókn og vörn ágreiningsefnisins fyrir skiftarjettinum vegna frests frá 3. jan. 1923 til 22. jan. 1924, og að lögmælt skilyrði brast til þess að annar vitundarvotturinn að ofnannefndri erfðarkrá mætti staðfesta framburð sinn með drengskaparheiti. En það verður að víta, að áfrýjandinn hefir í sóknarskjölum sínum hjer fyrir rjettinum farið ósæmilegum orðum um nafngreindan látinn mann.

Því dæmist rjett vera:

Skiftarjettarúrskurðinum skal óraskað.

Áfrýjandinn, Björn P. Kalman f. h. lögerfingja Jóns Helgasonar, greiði að viðlagðri aðför að lögum, þeim Guðrúnu Þorláksdóttur, Guðríði Guðmundsdóttur, Guðrúnu Jónsdóttur og lögráðamanni Jóns Ingólfs Sigurjónssonar f. h. Jóns 100 kr. hverju, svo og lögráðamanni þeirra

bræðra Jóns og Axels Hafsteins Þórðarsona 100 kr. f. h. hvors um sig.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Hinn 27. apríl 1906 gerðu hjónin Jón Helgason frá Hjalla kaupmaður hjer í bænum og Margrjet Þorláksdóttir, sem ekki eignuðust neitt lífsafkvæmi, sameiginlega erfðaskrá í þá átt, að allar eigur þeirra fastar og lausar, sem skuldlausar yrðu þegar þau væru dáin, skyldu falla til fósturbarna þeirra fjögra, þannig að Jón Einarsson skyldi erfa $^1/_3$ hluta, bróðir hans Eyjólfur Marteinn Einarsson $^1/_3$ hluta, Bjarni Engilbert Guðnason $^1/_6$ og Margrjet Guðjónsdóttir $^1/_6$ hluta. Þessi erfð skyldi þó ekki koma til greina fyr en bæði hjónin væru dáin og skyldi hvort hjónanna sem lengur lifði sitja í óskiftu búi eftir hitt. Í arfleiðsluskrá þessari er það tekið fram að hjónin hafi bæði undirritað hana í viðurvist tilkvaddra votta og að þau óski að hún verði bókuð í notarialbók Reykjavíkurkaupstaðar og skuli staðfest eftirrit af henni eftir bókinni hafa sama gildi og frumritið, en ekki ber arfleiðsluskráin það með sjer að hún hafi verið færð inn í notarialbókina. Jón sál. Helgason hefir sjálfur ritað nafn sitt undir arfleiðsluskrána, en undir nafninu Margrjet Þorláksdóttir stendur orðið „handsalað".

Nöfn vitundarvottanna eru eigi tilgreind í texta arfleiðsluskrárinnar en undir hana hafa skrifað sem vitundarvottar Guðm. Egilsson og Páll Guðmundsson, en eigi annað en nöfn sín, hvorki vottorð um það, að arfleiðendurnir hafi verið með fullu ráði, nje um það, að arfleiðsluskráin hafi verið lesin upp skilmerkilega fyrir Margrjeti áður en hún handsalaði nafn sitt undir hana eða hverjum hún hafi handsalað það, eða að hún hafi lesið arfleiðsluskrána sjálf.

Hinn 6. september 1906 andaðist arfleiðandinn Margrjet Þorláksdóttir og hjelt maður hennar fjelagsbúi þeirra óskiftu eftir sem áður að því er ætla verður með samþykki hlutaðeigandi skiftaráðanda. Hinn 6. desember 1907 andaðist svo Jón Einarsson sá, er erfa skyldi $^1/_3$ hluta eigna hjónanna eftir arfleiðsluskránni frá 27. apríl 1906, barnlaus. Gerði Jón Helgason þá 28. júní 1909 þann viðauka við arfleiðsluskrá þessa, ritaðan á

skrána sjálfa og undirritaðan í viðurvist notarii publici að dótturssonur hans Eyjólfur Marteinn Einarsson bróðir Jóns sál. Einarssonar, skyldi koma að því er til arftöku eftir þau hjónin snerti í stað Jóns sál. bróður síns, þannig að til hans fjellu að Jóni Helgasyni látnum $^4/_6$ hlutar búsins á móts við þá $^2/_6$ hluta er falla skyldu til Bjarna Engilberts Guðnasonar og Margjetar Guðjónsdóttur eftir sameiginlegu arfleiðsluskránni frá 27. apríl 1906.

Enn gerði Jón sál. Helgason nýja arfleiðsluskrá og ritaði á sama blaðið og arfleiðsluskráin frá 27. apríl 1906 og viðaukinn frá 28. júní 1909 og undirritaði hana í viðurvist notarii publici 19. apríl 1913. Í þeirri erfðaskrá gerði hann þá ráðstöfun á eignum sínum eftir sinn dag, og eru þar með taldar — eins og segir í þessari arfleiðsluskrá — „allar þær eignir sem jeg hef eignast að arfi eftir konuna mína sálugu Margrjeti Þorláksdóttur, að Jón Sigurjónsson til heimilis á Njálsgötu 42 hjer í bænum, skal að mjer látnum erfa $^1/_6$ — einn sjötta — hluta eignanna en Sigursteinn Guðmundur Þórðarson til heimilis á Grettisgötu 19 A hjer í bænum $^1/_2$ — helming — þeirra og skal hann hafa forgangsrjett til þess að eignast húseignina nr. 45 við Laugaveg hjer í bænum fyrir það verð, sem dómkvaddir menn meta". Jafnframt er svo ákveðið í arfleiðsluskrá þessari, að með henni skuli hinar tvær framanrituðu arfleiðsluskrár fallnar úr gildi að því er snerti ráðstöfun eignanna eftir hans dag.

Loks skrifaði Jón sálugi frá Hjalla 4. arfleiðsluskrána í viðurvist notarii publici 24. apríl 1922. Ráðstafar hann í þeirri arfleiðsluskrá eignum sínum öllum eftir sinn dag „þar með taldar eignir þær, sem jeg hef tekið að arfi eftir konuna mína sálugu, Margrjeti Þorláksdóttur" þannig: „$^1/_3$ — einn þriðja — hluta eigna minna erfi húsfrú Guðrún Jónsdóttir á Efri-Grímslæk í Ölvesi í Árnessýslu, $^1/_3$ — einn þriðja — hluta Jón Þórðarson á Grettisgötu nr. 19 A í Reykjavík, $^1/_6$ — einn sjötta — hluta Axel Hafstein Þórðarson á sama stað og $^1/_6$ einn sjötta hluta Jón Ingólfur Sigurjónsson á Njálgötu 42 í Reykjavík. Ennfremur stendur í arfleiðsluskrá þessari að með henni sjeu 3 áður gerðar arfleiðsluskrár hans dagsettar, 27. apríl 1906, 28. júní 1909 og 19. apríl 1913 fallnar úr gildi að því er snertir ráðstöfun eigna hans eftir hans dag.

Jón Helgason frá Hjalla andaðist 8. ágúst 1922 og var dánarbú hans tekið til opinberra skiftameðferðar. Á skiftafundi í búinu 6. nóvember 1922 komu fram mótmæli frá lögerfingjum

Margrjetar Þorláksdóttur gegn gildi hinnar sameiginlegu erfðaskrár frá 27. apríl 1906 og frá lögerfingjum Jóns Helgasonar gegn gildi erfðaskrár hans frá 28. júní 1909, 19. apríl 1913 og 24. apríl 1922. Hinsvegar mótmæltu erfingjarnir eftir arfleiðsluskrá Jóns sál. 24. apríl 1922 kröfum lögerfingja Jóns til arfs eftir hann og umboðsmaður erfingja eftir sameiginlegu erfðaskránni kröfum lögerfingja Margrjetar sál. til arfs eftir hana, auk þess sem umboðsmaðurinn geymdi sjer rjett til að mótmæla öllum erfðaskrám Jón sál. og kröfum lögerfingja hans til arfs eftir hann, en umboðsmaður lögerfingja Jóns sál. geymdi sjer rjett til að mótmæla sameiginlegu erfðaskránni.

Skiftarjetturinn leitaði um sættir í málinu en það reyndist árangurslaust og eftir að umboðsmenn þeirra, er gera kröfur til arfs úr búinu, hafa sett fram skriflega kröfur sínar og rökstudd mótmæli, hafa þeir lagt ágreininginn um það, hverjir skuli taka arf eftir hin látnu hjón, undir úrskurð skiftarjettarins.

Hinn 13. september 1922 mættu að tilhlutun umboðsmanna þeirra Margrjetar Guðjónsdóttur þá til heimilis í Ameríku og Bjarna Engilberts Þórðarsonar, þá til heimilis í Kaupmannahöfn, þeir Guðmundur kaupmaður Egilsson, Laugaveg 42 hjer í bænum og Páll bóndi Guðmundsson á Innra-Hólmi í Innri-Akraneshreppi í því skyni, að þeir yrðu eiðfestir, sem vottar að hinni sameiginlegu erfðaskrá frá 27. apríl 1906. Guðmundur Egilsson kannaðist við undirskrift sína sem vitundarvottur á arfleiðsluskránni og staðfesti með eiði sínum, löglega undirbúinn, þá undirskrift sína og þann framburð sinn, að Jón sálugi Helgason hefði sjálfur af fúsum vilja og með fullu ráði undirskrifað arfleiðsluskrána, en Margrjet sáluga Þorláksdóttir handsalað nafn sitt undir hana, sömuleiðis af fúsum vilja og með fullu ráði, þótt hún hefði verið veik og legið í rúminu er undirskriftin fór fram.

Páll bóndi Guðmundsson kvað það sannfæringu sína að hann hefði ritað nafn sitt sem vottur á arfleiðsluskrána og þá þar með, að hann hafi verið viðstaddur, er undirskriftirnar fóru fram, þótt hann myndi það ekki. Hann kvaðst hafa unnið um tíma að húsasmíði hjá hjónunum vorið 1906 og aldrei sjeð Margrjeti sál. öðruvísi en með fullu ráði. Kvað hann sig minna að hann hefði skrifað sem vottur undir einhvern samning er hjónin gerðu bæði. Hann kvaðst hafa heitið guði því að vinna ekki eið og ekki gera það. Hinsvegar staðfesti hann framanskráðan framburð sinn löglega undirbúinn með drengskaparvottorði sínu.

Eins og fram hefir verið tekið hafa komið fram mótmæli gegn gildi þessarar sameiginlegu erfðaskrár frá 27. apríl 1906 bygð á því, að ekki sje framkomin í málinu nægileg sönnun þess, að Margrjet sál. Þorláksdóttir hafi samþykt hana, sem síðasta vilja sinn og heimilað að skrifa undir hana sitt nafn af fúsum vilja og með fullu ráði eftir að hún hafði lesið sjálf arfleiðsluskrána eða hún verið lesin skilmerkilega upp fyrir henni og er arfleiðsluskráin þá nægilega rengd eftir 23. gr. tilskipunar um nokkrar breytingar á erfðalögunum á Íslandi frá 25. september 1850.

Á þetta verður rjetturinn að fallast.

Arfleiðsluvotturinn Guðmundur Egilsson hefir ekkert um það borið, hver hinn arfleiðsluvotturinn hafi verið, hver hafi lesið arfleiðsluskrána upp fyrir Margrjeti sálugu eða hún hafi lesið hana sjálf, eða hverjum hún hafi handsalað nafn sitt undir hana.

Hinn maðurinn sem leiddur hefir verið sem arfleiðsluvottur í málinu, mundi ekki beint eftir því að hann hefði verið viðstaddur arfleiðslugerninginn, en rjeði það af því, að hann þóttist þekkja nafn sitt á arfleiðsluskránni. Hann mundi það eitt að hann á þeim tíma, sem arfleiðslugerningurinn fór fram hafi unnið hjá hjónunum og minti að hann hafi skrifað sem vottur undir einhvern samning er hjónin gerðu. Hann hefir því ekkert getað um það borið að arfleiðsluskráin hafi verið lesin upp fyrir Margrjeti að hún hafi lesið hana sjálf, lýst því yfir að hún hefði síðasta vilja sinn inni að halda eða handsalað nafn sitt undir hana. Hann hefir auk þess neitað að staðfesta framburð sinn í málinu með eiði, en staðfest hann með drengskaparorði.

Arfleiðsluvottarnir fullnægja því ekki skilyrðum þeim og kröfum, sem gerðar eru til slíkra votta í hinni tilvitnuðu lagagrein og verður hin umrædda arfleiðsluskrá þá ekki lögð til grundvallar við skifti á búinu gegn mótmælum lögerfingja Margrjetar sál. Þorláksdóttur o. fl.

Því hefir verið haldið fram að lögerfingjar Margrjetar sál. hafi fyrirgert rjetti sínum til þess að mótmæla gildi erfðaskrár þessarar, af því að þeir hafi ekki hafið mótmæli gegn gildi hennar fyrri en eftir dauða mannns hennar sáluga og því samþykt hana óbeinlínis ef ekki beinlínis.

Á þetta verður þó ekki fallist.

Í málinu liggur ekkert fyrir um það að erfðaskráin hafi verið borin undir erfingja Margrjetar sál. við eða eftir lát hennar,

áður en maður hennar dó og í því að þeir hafa ekki fyrri en nú gert kröfur til arfs eftir hana þarf ekki að liggja annað eða meira en það, að þeir hafi fallist á það ákvæði hennar, að Jón sálugi skyldi sitja í óskiftu búi eftir konu sína meðan hann lifði.

Eins og tekið hefir verið fram var erfðaskráin frá 27. apríl 1906 sameiginleg og úr því að hún var ekki bindandi fyrir Margrjeti sálugu eða erfingja hennar, var hún heldur ekki bindandi fyrir Jón sáluga eða erfingja hans. Jóni sáluga var því heimilt að ráðstafa eignum sínum eftir sinn dag með arfleiðsluskrá eins og hann hefir gert, en þar sem arfleiðsluskrá hans frá 28. júní 1909 og 19. apríl 1913 — auk hinnar sameiginlegu erfðaskrár frá 27. apríl 1906 — eru afturkallaðar með arfleiðsluskránni frá 24. apríl 1922, er hjer aðeins spurning um gildi þeirrar arfleiðsluskrár, því verði hún tekin gild, eru hinar aðrar eo ipso úr gildi.

Auk þess sem arfleiðsluskrá Jóns frá 24. apríl 1922 hefir verið mótmælt á þeim grundvelli, að hún væri ógild af því, að Jón sál. hefði verið bundinn við sameiginlegu erfðaskrána, sem ekki verður fallist á af framangreindum ástæðum, hefir henni einnig verið mótmælt á þeim grundvelli að Jón sál. hefði verið svo sárþjáður orðinn bæði á sál og líkama um það leyti, sem sú arfleiðsluskrá var gerð, að hann hafi ekki getað talist hæfur til að gera erfðaskrá. En þetta kemur beint í bág við notarialvottorð það sem á erfðaskrána er ritað og framburð vitnisins Ólafs læknis Þorsteinssonar, sem var annar notarialvotturinn sbr. rjettarskjal nr. 7 og verður ekkert tillit tekið til mótmælanna gegn þessari arfleiðsluskrá að því er arf eftir Jón sál. Helgason snertir, en hann telst hálft fjelagsbú þeirra hjóna eins og það var við fráfall hans að viðbættum þriðjung af búshelmingi konu hans, sem hann erfir eftir hana samkvæmt 15. gr. áðurnefndrar tilskipunar.

Það verður því niðurstaða þessa máls hjer í rjettinum, að viðurkenna erfingja þá, sem taldir eru í arfleiðsluskrá Jóns sál. Helgasonar frá 24. apríl 1922, erfingja að eftirlátnum eigum hans í þeim hlutföllum, sem erfðaskráin tilgreinir, en lögerfingja Margrjetar sál. Þorláksdóttur erfingja að eftirlátnum eigum hennar í hlutföllum þeim er lög ákveða.

Föstudaginn 19. febr. 1926.

Nr. 33/1925. **Gísli Jónsson** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Jóni Eiríkssyni (Lárus Jóhannesson).

Meiðyrðamál.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. júní 1925: Hin umstefndu ummæli eiga að vera dauð og ómerk.

Stefndur, Gísli Jónsson, greiði 200 kr. sekt í ríkissjóð eða sæti 20 daga einföldu fangelsi ef sektin er eigi greidd á ákveðnum tíma og 150 krónur í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans, að viðlagri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Svo sem frá er skýrt í hinum áfrýjaða dómi höfðaði stefndi Jón Eiríksson meiðyrðamál þetta í hjeraði gegn áfrýjanda Gísla Jónssyni útaf nafnlausri grein, er birtist í 150. tölublaði Alþýðublaðsins 24. okt. 1923, er stefndi taldi meiðandi fyrir sig. Hefir áfrýjandi kannast við að hafa ritað grein þessa, en þar eð hann hefir eigi nafngreint sig í blaðinu sem höfund að greininni brestur hið lögboðna skilyrði samkvæmt 3. gr. tilsk. 9. maí 1855 fyrir því, að hann verði látinn sæta ábyrgð fyrir innihald greinarinnar. Verður því að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi að greiða áfrýjanda málskostnað í hjeraði og í hæstarjetti með 300 kr.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandi Gísli Jónsson á að vera sýkn af kröfum stefnda Jóns Eiríkssonar í máli þessu

Stefndi greiði málskostnað í hjeraði og í hæstarjetti með 300 kr. að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttatilraun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 17. jan. 1924 af Jóni Eiríkssyni stýrimanni gegn Gísla Jónssyni vjelstjóra, til heimilis við Garðastræti, útaf grein sem birtist í 150. tölublaði „Alþýðublaðsins" 24. október 1923 undir fyrirsögninni „Alvörustundir og ölæði" með undirskriftinni „Alvörumaður", en sem stefndur hefir kannast við að vera höfundur að, og telur stefnandi þessi ummæli sjerstaklega meiðandi og móðgandi fyrir sig: „. . . . . slaga ölvaður af stjórnpalli og gefa þaðan drafandi fyrirskipanir . . ." „að sjá „Esju" stinga sjer út í haustmyrkrið, undir stjórn ölóðs manns . . . ." . . . „að ráða menn sem eigi kunna sjer hóf á alvörustundum til að stjórna yfir lífi og eignum fjölda manna á hættulegum leiðum".

Hefir stefnandi gert þær rjettarkröfur í málinu, *að* hin tilfærðu ummæli verði dæmd dauð og ómerk, *að* stefndur verði dæmdur í þá þyngstu refsingu sem lög frekast leyfa og *að* stefndur verði dæmdur til að greiða sjer málskostnað að skaðlausu.

Stefndur, sem hefir látið mæta í málinu hefir hinsvegar krafist algerðrar sýknunar í málinu og sjer tildæmdan málskostnað. Auk þess hefir hann krafist ómerkingar á þessum ummælum er umboðsmaður stefnanda hefir viðhaft um umboðsmann stefnds, Sigurð Baldvinsson, póstmeistara, við vitnaleiðsluna á Seyðisfirði: „vegna fortíðar sinnar hefir ekki verið þektur fyrir það hingað til a. m. k. að vera neitt sjerstaklega vandur að meðulum er hann vill koma fram áhugamálum sínum".

Málavextir eru þeir, að stefnandi var um tíma árið 1923 skipstjóri á strandferðaskipinu „Esja", en á sama skipi var stefndur 1. vjelstjóri. Eftir komu skipsins hingað í októbermánuði skrifar stefndur grein þá í „Alþýðublaðið" sem hin umstefndu ummæli eru tekin upp úr. Segir þar að burtför skipsins frá Seyðisfirði 18. oktober hafi dregist eftir að skipið var orðbúið og gefur í skyn með hinum umstefndu ummælum hver orsökin hafi verið, nefnilega sú að skipstjórinn hafi verið ölvaður.

Þegar eftir útkomu þessarar greinar birtust í „Morgunblaðinu“ 27. október yfirlýsingar frá skipverjum og nokkrum farþegum og eftirlitsmanni Eimskipafjelagsins sem var með „Esju“ í hringferð þeirri sem hjer um ræðir, þar sem því er lýst yfir að hin umstefndu ummæli sjeu bæði ósönn og ómakleg og að stefnandi hafi ekki sjest undir áhrifum víns eða sjest neyta þess og að enginn farþegi hafi kvartað um óhug í ferðinni vegna framkomu skipstjórans.

Stefndur hefir viljað halda því fram að hin umstefndu ummæli sjeu ekki ærumeiðandi þar sem almenningsálitið taki ekki svo hart á því að menn sjeu drukknir, að slíkt sje til hnekkis virðingu manna. En aðallega hefir hann þó bygt sýknukröfu sína á því, að hin umstefndu ummæli sjeu sönn og hann hefir reynt að leiða rök að því með vitnaleiðslu sem fram hefir farið á Seyðisfirði. Hafa verið leidd 4 vitni um þetta, sem sáu stefnanda í umrætt skifti á Seyðisfirði. Fyrsta vitnið kveðst hafa sjeð að stefnandi reikaði og dregið af því þá ályktun að hann væri ölvaður. Annað vitnið kveðst hafa ráðið það af því að stefnandi væri drukkinn, að hann hefði talað svo óskírt að það skildist ekki sem hann sagði og sjer hafi virst hann reika, en segist þó ekki hafa sjeð hann hafa í frammi drykkjulæti. Þriðja vitnið kveðst hafa ráðið það af gangi stefnanda og mæli að hann væri mjög drukkinn, án þess þó að vitnið talaði sjálft við stefnanda. Fjórða vitnið kveðst hafa sjeð stefnanda reika talsvert á þilfarinu og dregið þá ályktun af tilburðum hans að hann væri ölvaður. Aftur á móti hafa verið leidd tvö vitni af hendi stefnanda, 1. stýrimaður og annar skipverja til hafa borið, að þau hafi ekki orðið þess vör að stefnandi væri undir áhrifum víns í umrætt skifti er lagt var frá Seyðisfirði, enda hefði þess ekki gætt í fyrirskipunum hans eða við stjórn skipsins.

Rjetturinn verður nú að vera þeirrar skoðunar, að hin umstefndu ummæli geti ekki rjettlætst af framburði vitna þeirra er stefndur hefir leitt í málinu, og að stefndum hafi ekki tekist að rjettlæta þau á annan hátt og það því síður sem framburður vitna þeirra sem stefnandi hefir leitt í málinu gengur mjög í þá átt, að hin umstefndu ummæli sjeu ekki á rökum bygð. Og með því að hin umstefndu ummæli verða að teljast meiðandi og móðgandi fyrir stefnanda, þá verður að taka kröfu hans um ómerkingu þeirra og sekt á hendur stefndum fyrir þau eftir 219. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1969, til greina,

og þykir sektin hæfilega metin á 200 kr. í ríkissjóð, eða til vara 20 daga einfalt fangelsi ef sektin er eigi greidd á ákveðnum tíma. Eftir þessum úrslitum þykir rjett að stefndur greiði stefnanda 150 kr. í málskostnað. Hin átöldu ummæli er umboðsmaður stefnanda hefir viðhaft um umboðsmann stefnds á Seyðisfirði ber eftir kröfu hans að ómerkja.

Mánudaginn 22. febr. 1926.

Nr. 6/1226. **Valdstjórnin** (Sveinbj. Jónsson)
gegn
Jónas Rekdal (L. Fjeldsted), **Bjarna Jónssyni og Kristni Stefánssyni** (Pjetur Magnússon).

Áfengislaga- og sóttvarnarlagabrot.

Dómur lögreglurjettar Vestmannaeyja 4. desbr. 1925: Kærði Jónas Rekdal á að sæta tveggja mánaða einföldu fangelsi og greiða 4000 króna sekt til ríkissjóðs fyrir 16. desember þ. á., vegna brots á lögum um aðflutningsbann, en afplána hana ella með þriggja mánaða og tíu daga einföldu fangelsi.

Fyrir brot á lögum um varnir gegn næmum sjúkdómum greiði hann 100 króna sekt í ríkissjóð fyrir sama dag, en sæti ella 5 daga einföldu fangelsi.

Kærði Bjarni Jónsson greiði 3000 króna sekt til ríkissjóðs fyrir 16. desember þ. á., vegna brots á lögum um aðflutningsbann á áfengi, en afpláni hana ella með 85 daga einföldu fangelsi.

Fyrir brot á lögum um varnir gegn næmum sjúkdómum greiði hann í ríkissjóð 100 króna sekt fyrir sama dag, en sæti ella 5 daga einföldu fangelsi.

Kærði Kristinn Stefánsson greiði 3000 króna sekt til ríkissjóðs fyrir 16. desember þ. á., en afplána hana ella með 85 daga einföldu fangelsi.

Allt áfengi í skipinu „Vaarblomsten" S. F. 39 B, skal upptækt og eign ríkissjóðs og sömuleiðis skal sjálft skipið upptækt og eign ríkissjóðs.

Allan kostnað af málinu, sem orðinn er og verður, greiði dómfeldu einn fyrir alla og allir fyrir einn, Jónas Rekdal að hálfu, en Bjarni Jónsson og Kristinn Stefánsson sinn fjórða hlutann hvor.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Í hjeraði var hinum kærðu hvorki birt dómstefna nje tilkynt af dómaranum að mál yrði höfðað gegn þeim af valdstjórnarinnar hálfu. En þar eð ætla má, að þeim hafi verið það ljóst af rannsókninni, að mál myndi verða höfðað gegn þeim, og með hliðsjón af því, að einn hinna kærðu vildi una dómnum og að framhaldsrannsókn fór fram í málinu að beiðni annars af hinum kærðu, eftir að hinn áfrýjaði dómur gekk, þykir eigi næg ástæða til að ómerkja dóminn af þessum sökum, en þessi vanræksla undirdómarans er mjög vítaverð.

Það er sannað í málinu, með eigin játningu kærða, Jónasar Rekdals, og öðrum gögnum, að hann hefir gerst brotlegur gegn 1. gr. l. nr. 15, 8. júní 1925 og 1. gr. l. nr. 31, 20. júní 1923. Refsing hans fyrir brot þessi, þykir, samkv. 13. gr. l. nr. 15, 1925 og 27. gr. l. nr. 34, 6. nóv. 1922 og með tilliti til þess, að kærði hefir verið í gæsluvarðhaldi síðan 17. des. f. á., hæfilega ákveðin einfalt fangelsi í einn mánuð og 3000 króna sekt í ríkissjóð, er afplánist með 80 daga einföldu fangelsi sje hún eigi greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Kærði Bjarni Jónsson hefir að vísu neitað því í prófum málsins að hafa átt þátt í hinum ólöglega áfengisinnflutningi, en með framburði kærðra Rekdals og Kristins og öðrum gögnum, sjerstaklega símskeytum þeim er fóru milli þeirra Kristins og Bjarna,

og Bjarni enga grein hefir getað gert fyrir, eru fengnar nægilegar líkur fyrir því, að Bjarni hafi átt svo verulegan þátt í innflutningi áfengisins að telja verður að hann hafi gjörst brotlegur gegn 1. gr. l. nr. 15, 1925. Það er og sannað að hann hefir gjörst brotlegur gegn 1. gr. l. nr. 31, 1923. Refsing hans fyrir brot þessi þykir, samkv. 13. gr. l. nr. 15, 1925 og 27. gr. l. nr. 34, 1902 hæfilega ákveðin einfalt fangelsi í einn mánuð og 2000 króna sekt í ríkissjóð er afplánist með 65 daga einföldu fangelsi sje hún eigi greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Um kærða, Kristinn Stefánsson er það sannað, með eigin játningu hans og öðrum gögnum, að hann var frá upphafi í ráðum með Rekdal og Bjarna um áfengisinnflutninginn og lagði nokkurt fje fram í því skyni. Auk þess tók hann að sjer að gera ráðstafanir til þess að áfenginu yrði komið á land í Vestmannaeyjum, þó að hann hinsvegar ekki virðist hafa gert neitt verulegt til undirbúnings því. Með þessu hefir hann gjörst brotlegur gegn 18. gr. l. nr. 15, 1925 og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 2000 króna sekt til ríkissjóðs er afplánist með 65 daga einföldu fangelsi sje hún eigi greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Um upptöku hins ólöglega innflutta áfengis og skipsins »Vaarblomsten« skal hinn áfrýjaði dómur vera óraskaður.

Kærði Jónas Rekdal greiði sjálfur varðhaldskostnað sinn og málflutningskaup hins skipaða verjanda síns í hæstarjetti 80 krónur. Kærði Bjarni Jónsson greiði sjálfur varðhaldskostnað sinn. Kærði Kristinn Stefánsson og kærði Bjarni Jónsson greiði in solidum málflutningskaup hins skipaða verjanda

sins í hæstarjetti, 80 krónur. Annan kostnað sakarinnar í hjeraði og hæstarjetti, þar með talið málflutningskaup hins skipaða sækjanda fyrir hæstarjetti, 100 krónur, greiði hinir kærðu einn fyrir alla og allir fyrir einn.

Það er aðfinsluvert að fullnægjandi hegningarvottorð hinna kærðu vantar í málinu.

Því dæmist rjett vera:

Kærði, Jónas Rekdal, sæti eins mánaðar einföldu fangelsi og greiði 3000 króna sekt í ríkissjóð, er afplánist með 80 daga einföldu fangelsi sje hún eigi greidd innan mánaðar frá birtingu þessa dóms.

Kærði, Bjarni Jónsson, sæti eins mánaðar einföldu fangelsi og greiði 2000 króna sekt í ríkissjóð, er afplánist með 65 daga einföldu fangelsi sje hún eigi greidd innan mánaðar frá birtingu þessa dóms.

Kærði, Kristinn Stefánsson, greiði 2000 króna sekt í ríkissjóð, er afplánist með 65 daga einföldu fangelsi sje hún eigi greidd innan mánaðar frá birtingu þessa dóms.

Um upptöku hins ólöglega innflutta áfengis og skipsins »Vaarblomsten« á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Kærði, Jónas Rekdal, greiði sjálfur varðhaldskostnað sinn og málflutningskaup hins skipaða verjanda síns fyrir hæstarjetti, hæstarjettarmálflutningsmanns Lárusar Fjeldsted, 80 krónur.

Kærði Bjarni Jónsson greiði sjálfur varðhaldskostnað sinn. Kærði Bjarni Jónsson og kærði Kristinn Stefánsson greiði in solidum málflutningskaup hins skipaða verjanda síns fyrir hæstarjetti, hæstarjettarmálflutningsmanns Pjeturs Magnússonar, 80 krónur. Annan kostnað sakarinnar í hjeraði og hæstarjetti, þar með talið málflutningskaup hins skipaða sækjanda fyrir hæstarjetti, cand. juris Sveinbjarnar Jónssonar, 100 kr., greiði hinir kærðu einn fyrir alla og allir fyrir einn.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Einn dómenda lagði fram ágreiningsatkvæði um ómerking hins áfrýjaða dóms og heimvísun málsins.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Sunnudaginn 29. f. m. kom mótorskipið „Vaarblomsten", sem er frá Noregi og hefir skrásetningarstafi og tölu S. F. 39 B, hingað til Vestmannaeyja. Þar eð áður hafði kvisast að skip þetta mundi vera með áfengi innanborðs, sem hjer ætti að smygla í land, var þetta strax athugað og reyndist rjett. Kom í ljós við rjettarhöld í málinu, að farmskírteini skipsins hljóðaði þannig að farmurinn væri 15000 lítrar af spiritus og ætti að fara til Murmansstrandar og afhendast þar eftir „Ordre". Var spiritusinn tekinn á skipið í Hamborg, en hinn kærði skipstjóri, Jónas Rekdal, virðist ekki hafa látið uppskátt við skipshöfnina, að ferðinni væri heitið til Íslands, eða yfirleitt ráðið hana þannig að hún gæti búist við þessu. Verður ekki talið upplýst að skipshöfnin hafi verið í vitorði um þetta, eða ætlað að veita aðstoð sína til hins ólöglega innflutnings. — Farmur skipsins reyndist eingöngu áfengi.

Aftur á móti verður að telja sannað í málinu að hinir 3 kærðu hafi gerst brotlegir gegn lögum um aðflutningsbann á áfengi af þeim ástæðum, sem hjer skulu greindar.

Kærði Jónas Rekdal hefir játað að hafa flutt áfengi í íslenska landhelgi í því skyni að selja það ásamt meðkærðu Bjarna

Jónssyni og Kristni Stefánssyni. Hann hefir viðurkent að — eins og dagbókarnefna skipsins ber með sjer — förinni hafi strax verið heitið til Íslands og Vestmannaeyja sjerstaklega. Hinsvegar er ekki sannað að hann hafi greitt fje fyrir áfengið, en skuldaviðurkenning til firmans, er afhenti áfengið bendir á að það hafi a. m. k. sumpart verið lánað.

Með þessu atferli sínu hefir kærði gerst brotlegur gegn 1. gr. laga um aðflutningsbann á áfengi og með tilliti til þess að hjer er um brot í fyrsta sinn að ræða álíst refsingin samkvæmt 13. gr. sömu laga hæfilega ákveðin tveggja mánaða einfalt fangelsi og 4000 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist fyrir 16. desember þ. á., en afplánist að öðrum kosti með þriggja mánaða og 10 daga einföldu fangelsi. Alt áfengi innanborðs í skipinu „Vaarblomsten" skal upptækt og vera eign ríkissjóðs og sömuleiðis á skipið sjálft að vera upptækt og eign ríkissjóðs.

Ákærði hefir sömuleiðis játað að hafa brotið gegn 7. gr. laga 6. nóv. 1902, um varnir gegn næmum sjúkdómum, með því að skjóta manni á land í Vestmannaeyjum áður en hann hafði fengið heilbrigðisvottorð, og álíst refsingin fyrir það hæfilega ákveðin 100 króna sekt, sem greiðist fyrir 16. desember þ. á., en afplánist að öðrum kosti með 5 daga einföldu fangelsi.

Kærði Bjarni Jónsson hefir eindregið neitað að hafa átt nokkurn þátt í útvegun hins ólöglega áfengis eða veitt neina aðstoð til þess að brotið var framið. Þrátt fyrir þessa neitun neitun hans verður að telja að hann hafi veitt aðstoð sína til lagabrotsins og er þetta því helst til sönnunar:

a. Meðkærðu Jónas Rekdal og Kristinn Stefánsson hafa báðir borið það.
b. Eitt vitni hefir unnið eið að því að hann hafi hlustað á kærða og skipstjórann eiga tal um kaup á spiritus og að kærði hafi aðstoðað við að taka á móti áfenginu í skipið og koma því þar fyrir.
c. Símskeyti, er kærði sendi til meðkærða Kristins Stefánssonar og fjekk aftur frá honum benda á samband milli þeirra á þessu tímbili, sem kærði hefir ekki gert grein fyrir, en verða skiljanleg sje það rjett, sem meðkærðu hans bera, að hann hafi verið einn í fjelagsskapnum um þessa áfengisútvegun.
d. Ferðalag kærða á skipinu, þar sem hann ekki var ráðinn skipverji og í sambandi við annað verður að teljast grunsamlegt.

e. Að miklar líkur eru til að hann hafi lagt nokkra upphæð fram til áfengiskaupa, sem ekkert varð úr, sbr. framburð skipstjóra, vitnisburð vjelmeistara og yfirlýsing á rskj. 7, alt um 150 mörk, sem kærði hafi átt að greiða í þessu skyni.

f. Að neitanir kærða um samband milli hans og Kristins Stefánssonar eru svo auðsjáanlega rangar að það gerir neitanir hans aðrar yfirleitt tortryggilegar.

Verður samkvæmt ofangreindu að álíta nægilega sannað að ákærði hefir með ráðum og framkvæmdum verið til aðstoðar við áðurnefnt lagabrot og að för hans meðal annars a. m. k. hefir verið gerð í því skyni.

Með þessu atferli sínu hefir kærði gerst brotlegur gegn 18. gr. laga um aðflutningsbann á áfengi frá 8. júní 1925 og þar eð hjer er um brot í fyrsta sinni að ræða álíst refsingin hæfilega ákveðin 3000 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist fyrir 16. desember þ. á., en afplánist ella með 85 daga einföldu fangelsi.

Ákærði hefir játað að hafa farið úr skipinu „Vaarblomsten" á land í Vestmannaeyjum áður en sóttvarnareftirlit hafði verið framkvæmt. Með þessu hefir hann brotið 7. gr. laga 6. nóv. 1922 um varnir gegn næmum sjúkdómum og álíst refsingin fyrir það hæfilega ákveðin 100 króna sekt, er greiðist fyrir 16. desember þ. á., en afplánist ella með 5 daga einföldu fangelsi.

Kærði Kristinn Stefánsson hefir játað að hafa verið í ráðum um hinn fyrirhugaða áfengisinnflutning og að hafa lagt nokkurt fje fram til farar þeirrar, sem gerð var í því skyni. Þetta styðst einnig við annað, sem upplýst er í málinu, símskeyti o. fl. Með þessu hefir kærði gerst brotlegur gegn 18. gr. laga um aðflutningsbann á áfengi frá 8. júní 1925 og þar eð hjer er um brot í fyrsta sinn að ræða álíst refsingin hæfilega ákveðin 3000 króna sekt, er greiðist fyrir 16. desember þ. á., en afplánist ella með 85 daga einföldu fangelsi.

Kostnaðinn af máli þessu, sem orðinn er og verður, greiði kærðu einn fyrir alla og allir fyrir einn, Jónas Rekdal helminginn en Bjarni Jónsson og Kristinn Stefánsson að einum fjórða hluta hvor.

Föstudaginn 26. febr. 1926.

Nr. 4/1926. **Valdstjórnin** (Guðm. Ólafsson)
gegn
Ara Þórðarsyni (L. Fjeldsted).

Brot á lögreglusamþykt Reykjavíkur.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 2. desbr. 1925: Kærður Ari Þórðarson greiði 75 króna sekt í bæjarsjóð innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella einföldu fangelsi í 5 daga.

Svo greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Af ástæðum þeim, sem greindar eru í hinum áfrýjaða lögreglurjettardómi, og með því að gögn þau, sem komið hafa fram af nýju í hæstarjetti ekki geta leitt til breyttrar niðurstöðu, ber að staðfesta dóminn og telst fresturinn til greiðslu sektarinnar frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar í hæstarjetti, þar með talið málflutningskaup til sækjanda og verjanda 50 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Lögreglurjettardóminum skal óraskað og kemur vararefsingin í stað sektarinnar, ef hún er ekki greidd innan 15 daga frá birtingu dóms þessa.

Kærði Ari Þórðarson greiði allan kostnað sakarinnar í hæstarjetti, þar með talið málflutningskaup til sækjanda og verjanda, hæstarjettar-

málflutningsmannanna Guðmundar Ólafssonar og Lárusar Fjeldsted 50 krónur til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Ara Þórðarsyni Skólavörðustíg 5, hjer í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum lögreglusamþyktarinnar fyrir Reykjavík frá 19. apríl 1919.

Málavextir eru þeir sem nú skal greina og sannaðir með eigin játningu kærðs, sem kemur heim við það er á annan hátt er upplýst í málinu.

Föstudaginn 20. f. m. um kl. 7 síðdegis var Kristjáni Jónassyni lögregluþjón tilkynt, að maður einn lægi ósjálfbjarga hjá húsi Gunnars kaupmanns Gunnarssonar í Hafnarstræti. Fór lögregluþjónninn því þangað, fann manninn og sá að hann var kærður Ari Þórðarson. Eftir að lögregluþjónninn hafði hrist kærðan til, fjekk hann hann til að tala við sig og spurði lögregluþjónninn kærðan þá um heimilisfang hans, en kærður þverneitaði að segja til þess. Þar sem lögregluþjóninum var ókunnugt um hvar kærður átti heima, fjekk hann sjer leigða bifreið og flutti kærðan í hegningarhúsið.

Kærður hefir nú lýst yfir því, að hann vefengi á engan hátt skýrslu lögregluþjónsins; hann hefir játað að hafa verið ölvaður hjer á götum bæjarins 20. f. m. og kveðst þann dag síðast muna eftir sjer á gatnamótum Austurstrætis og Pósthússtrætis. Kærður neitar samt sem áður, að greiða sekt fyrir framferði sitt af þeim ástæðum, að hann hafi jafnframt því að vera ölvaður, einnig verið veikur af öðrum ástæðum og því meðfram legið ósjálfbjarga á fyrnefndum stað fyrir þá sök; hann telur því að það hafi verið misráðið og rangt að láta sig í hegningarhúsið í í fyrnefndu ásigkomulagi, ekki síst þegar þess er gætt, að hann hafi verið látinn í versta fangaklefann sem þar sje að finna.

Á þessar varnarástæður kærðs verður ekki fallist. Það er nægilega upplýst í málinu að kærður hefir verið ölvaður á almannafæri, en það er hvorki sannað nje gert sennilegt að hann hafi verið veikur af öðrum ástæðum.

Kærður neitaði að segja lögregluþjóninum til heimilis síns og átti hann því ekki annars úrkosta en að fara með kærðan í

hegningarhúsið og samkvæmt upplýsingum frá fangaverðinum var enginn klefi laus í hegningarhúsinu, nema svonefndur „drykkjumannaklefi“ og inn í þann klefa var kærður settur, enda virðist það hafa verið sá rjetti staður fyrir hann.

Kærði hefir oft áður brotið ákvæði lögreglusamþyktarinnar og sætt refsingu fyrir þau brot: $^{21}/_{11}$ 1919 50 króna sekt, $^{20}/_{5}$ 1920 50 króna sekt, $^{23}/_{7}$ 1921, 100 króna sekt og $^{16}/_{5}$ 1923, 50 króna sekt.

Framantalið brot kærðs ber að áliti dómarans að heimfæra undir 8. gr. 2. mgr. lögreglusamþyktarinnar fyrir Reykjavík og þykir refsing sú sem hann hefir tilunnið hæfilega ákveðin kr. 75,00 sekt, sem renni í bæjarsjóð. Sektin greiðist innan 15 daga frá lögirtingu dómsins, ella sæti kærður einföldu fangelsi í 5 daga.

Einnig greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 26. febr. 1926.

Nr. 37/1925. **Margrjet Árnason**
gegn
Skiftaráðanda db. Ólafs Árnasonar o. fl.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Margrjet Árnason, sem ekki mætir í málinu greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs ef hún af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Föstudaginn 26. febr. 1926.

Nr. 47/1925. **Karl Eyjólfsson**
gegn
Verslunarfjelagi Vindhælinga.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Karl Eyjólfsson, sem ekki mætir í málinu greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Föstudaginn 26. febr. 1926.

Nr. 60/1925. **Árni Árnason f. h. Ásg. Ásgeirssonar.**
gegn
Hallgrími Pjeturssyni.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Árni Árnason f. h. Ásg. Ásgeirssonar, sem ekki mætir í málinu greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Miðvikudaginn 17. mars 1926.

Nr. 57/1925. **Ólafur Thors f. h. h/f. Kveldúlfur og Ásgeir Þorsteinsson f. h. Samtryggingar íslenskra botnvörpunga** (Jón Ásbjörnsson)

gegn

eigendum og vátryggjendum g/s. „Inger Benedicte" o. fl. og gagnsök (Sveinn Björnsson).

Árekstrarmál.

Dómur sjódóms Reykjavíkur 11. júlí 1925: Stefndur, Ólafur Thors f. h. h/f. „Kveldúlfur" greiði stefnandanum, Sveini Björnssyni f. h. eigenda og vátryggjenda eimskipsins „Inger Benedicte" frá Bergen og farms þess norskar kr. 388212,70, ísl. kr. 126664,83 £ 175-4-10 þó ekki yfir ísl. kr. 425000,00 alls, með 6 % ársvöxtum af upphæðunum frá 29. desember f. á. til greiðsludags og kr. 2000,00 ísl. upp í málskostnað og á stefnandi sjóveðrjett í b/v. „Skallagrími" fyrir upphæðunum og má láta gera fjárnám í skipinu eða tryggingu þeirri er sett var 4. febrúar þ. á. til þess að varna því, að löghald yrði lagt á skipið, og selja á opinberu uppboði til greiðslu þeirra.

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Í máli þessu útaf ásiglingu b/v. Skallagríms 29. des. 1924 á flutningaskipið Inger Benedicte, sem áfrýjað er af hendi beggja aðilja, hafa aðaláfrýjendurnir, h. f. Kveldúlfur og Samtrygging íslenskra botnvörpunga, aðallega krafist sýknunar og málskostnaðar fyrir báðum rjettum eftir mati hæstarjettar. En til vara krefst Kveldúlfur þess, að hann verði aðeins dæmdur til að bæta gagnáfrýjendunum, eigendum og vátryggjendum Inger Benedicte

og farms hennar og skipshöfn, tiltekinn hluta ásiglingartjónsins og verði málskostnaður fyrir sjódómi þá feldur niður. Krefst hann þess, að skaðabæturnar fari eftir mati rjettarins, þó þannig að bæturnar fyrir Inger Benedicte sjálfa fari ekki fram úr 150000 norskum krónum, og að skaðabæturnar allar verði ekki ákveðnar hærri en 425000 ísl. krónur, er Skallagrímur var metinn á og bankatrygging sett fyrir. Loks krefjast áfrýjendurnir málskostnaðar fyrir hæstarjetti eftir mati rjettarins.

Hinsvegar krefjast gagnáfrýjendurnir þess, að sjódómurinn verði staðfestur, þó með þeim breytingum, að viðurkendur verði sjóveðrjettur þeim til handa einnig í veiðarfærum og afla Skallagríms og tryggingarupphæðum þeirra verðmæta, að Kveldúlfur verði dæmdur til að greiða h/f. Trolle & Rothe 930 sterlingspund með 6 % ársvöxtum frá 29. des. 1924, er láðst hafi að taka rjettilega til greina í sjódóminum, að þeim verði tildæmdur 9998 kr. málskostnaður fyrir sjódómi, svo og málskostnaður í aðalsök og gagnsök fyrir hæstarjetti, eftir mati rjettarins.

Báðir aðiljar hafa lagt fram nokkur ný skjöl máli sínu til stuðnings m. a. notarialstaðfestar álitsgerðir um verð Inger Benedicte.

Um aðalágreiningsefnið, sýknukröfur aðaláfrýjendanna, má yfirleitt vísa til raka sjódómsins. Þó má geta þess um Inger Benedicte, að ekki varð búist við því að varðmaðurinn á henni, sem stóð á þilfarinu, sæi fyr til ferða Skallagríms, en Skallgrímsmenn á stjórnpalli og hvalbak sáu ljósin á Inger Benedicte. Ekki verður heldur búist við því, að skipshöfnin á Inger Benedicte hefðist handa, eins og ástóð, til þess að reyna að draga úr afleiðingum ásiglingarinnar, enda gekk skipstjórinn á Skallagrími

eftir því að hún kæmi sem fyrst yfir í Skallagrím, ef hún vildi komast með honum í land. Skallagrími bar og ekki síður skylda til þess að reyna að draga úr tjóninu sbr. 228. gr. siglingalaganna, en gerði ekkert í því efni. Þá má og geta þess um Skallagrím, að, auk þess að enginn yfirmanna hans var á stjórnpalli, verður ekki sjeð að sjerstakur útvörður hafi verið fram á skipinu, áður en 1. stýrimaður fór, skömmu fyrir ásiglinguna, upp á hvalbakinn með nokkrum hásetum í öðrum erindum. Og eftir skemdum þeim, sem urðu á Inger Benedicte þykir mega ráða það, að Skallagrímur hafi farið hraðar en góðu hófi gegndi, eins og ástóð, enda komust 2 skip, er komu úr hafi daginn áður, að öllum aðstæðum líkum, slysalaust fram hjá Inger Benedicte, annað að vestanverðu og hitt að austanverðu. Sjódómurinn hefir því rjettilega lagt alla ábyrgð af ásiglingunni á útgerð Skallagríms samkv. 13. gr. siglingalaganna.

Um sannvirði Inger Benedicte þykir mega ráða það meðal annars af upplýsingum, sem fengist hafa eftir uppsögn sjódómsins, að það hafi verið þá er hún sökk, allmiklu lægra en vátryggingarupphæðin. Skipið var keypt til Noregs frá Englandi árið 1915 fyrir 200000 norskar krónur og eftir eiðfestri skýrslu úr Englandi fjekst ekki 8300 sterlingspunda boð í það þar í sept. 1924. Með hliðsjón sjerstaklega af þessum tölum og aldri skipsins, sem var járnskip rúmlega 40 ára gamalt, þykir Inger Benedicte hæfilega metin 200000 norskar krónur, þá er hún sökk.

Um alla aðra kröfuliði gagnáfrýjendanna fyrir hæstarjetti, að sleptri málskostnaðarkröfunni fyrir báðum rjettum og um sjóveð í afla og veiðarfærum

Skallagríms, sem síðar getur, hefir áfrýjendunum komið saman, færi svo að Skallagrími yrði á annað borð gerð ábyrgð fyrir ásiglinguna.

Verður aðaláfrýjandinn, framkvæmdarstjóri Ólafur Thors f. h. h/f. Kveldúlfs, eftir þessu að greiða hæstarjettarmálflutningsmanni Sveini Björnssyni f. h. gagnáfrýjendanna: eftir 1. lið 200000 norskar krónur + 38212 kr. 70 a. eða samanlagt 238212 norskar krónur og 70 aura, eftir 2. lið 125100 íslenskar krónur + 1564 krónur 83 aura eftir 4. lið eða samanlagt 126664 íslenskar krónur og 83 aura og eftir 3. lið 930 sterlingspund + 82-4-10 eftir 5. lið, eða samanlagt 1012 sterlingspund, 4 sh. og 10 p., allar upphæðirnar með 6 % ársvöxtum frá 29. des. 1924, þó ekki yfir 425000 ísl. krónur alls.

Gagnáfrýjendurnir hafa sjóveðrjett í b/v Skallagrími fyrir öllum upphæðunum og mega gera fjárnám í honum og selja á opinberu uppboði svo og taka borgun í bankatryggingu þeirri, er Samtrygging íslenskra botnvörpunga setti þeim. Hinsvegar verður gagnáfrýjendunum, af ástæðum þeim, sem greinir í sjódóminum, ekki heimilaður sjóveðrjettur í veiðarfærum Skallagríms og afla.

Eftir þessum úrslitum verður Ólafur Thors f. h. Kveldúlfs og að greiða Sveini Björnssyni f. h. gagnáfrýjendanna málskostnað fyrir sjódómi og hæstarjetti og þykir mega ákveða hann í einu lagi 6000 kr.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandinn Ólafur Thors f. h. h/f. Kveldúlfs greiði Sveini Björnssyni fyrir hönd gagnáfrýjendanna 238212 kr. 70 a. í norskum krónum, 126664 kr. 83 a. í íslenskum krónum og 1012

sterlingspund 4 shillings og 10 pence, allar upphæðirnar með 6 % ársvöxtum frá 29. des. 1924 til greiðsludags, þó ekki yfir 425000 ísl. kr. alls.

Gagnáfrýjendurnir hafa sjóveðrjett í Skallagrími fyrir öllum upphæðunum og mega gera fjárnám í honum og selja hann á opinberu uppboði svo og taka borgun í bankatryggingu Samtryggingarinnar.

Loks greiði nefndur áfrýjandi nefndum umboðsmanni gagnáfrýjendanna 6000 kr. málskostnað fyrir sjódómi og hæstarjetti.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Fimtudaginn 25. desember f. á. kom eimskipið „Inger Benedicte“ frá Bergen, 1946 smálestir að stærð brutto, en 1207 netto hlaðið ca. 2307 smálestum af kolum, 300 tómum tunnum, 41 kassa með ávöxtum og ca. 20 smálestum af ýmsum varningi (Stykgods) hingað frá Grimsby og lagðist á ytri höfnina útaf Örfirisey kl. $2^1/_2$ um daginn, að því er skipstjóri ómótmælt hefir haldið fram, milli tveggja annara eimskipa — þó nær því skipi er grynnra lá, fyrir stjórnborðsakkeri og 45 faðma keðju. Síðar var bakborðsakkeri og sett út og 45 faðma keðja á því og bakborðskeðjan gefin út, svo úti voru 90 faðmar. Beið skipið þess að það kæmist inn á innri höfnina til þess að afferma og var búist við að það gæti orðið mánudagsmorguninn 29. desember, en á sunnudagskvöldið 28. kl. 7 kom hafnsögumaður út í „Inger Benedicte“ með þau skilaboð, að sökum storma, sem gengið hefðu, gæti ekki af því orðið. Ekki fann hafnsögumaðurinn neitt að stað þeim, er skipið lá, en þar hafði það lagst án þess að hafnsögumaður hefði komið út í það og vísað því á legustað, því skipstjórinn hafði komið hingað þrisvar áður. Sunnudagskvöldið 28. desember voru legulýs sett út á „Inger Benedicte“ og er tekið

fram í dagbókinni að þau hafi logað skært. Vökumaður var og uppi á verði á skipinu um nóttina.

Þessa nótt kom b/v. „Skallagrímur“ hjeðan úr bænum, skipstjóri þá Guðmundur Sigurjónsson, af veiðum. Um 3-leytið um nóttina fór hann fram hjá Garðskaga, og fór þá skipstjórinn, sem tjáist hafa verið búinn að vaka um 30 stundir, niður að sofa, en 2. stýrimaður var á verði. Kl. $5^1/_2$ mánudagsmorguninn 29. desember var botnvörpungurinn útaf Gróttuvita. Var veður gott, hæg austanátt og ekki óvenjulega dimt. Setti 2. stýrimaður þá einn af hásetunum, sem meira stýrimannsprófi hafði lokið við sjómannaskólann hjer í bænum árið 1920 og fengið skirteini sem stýrimaður á fiskiskipum, vökumann, sagði honum að taka við stjórninni af sjer, hverja stefnu halda skyldi, og jafnframt að hann skyldi láta vekja skipstjóra áður en inn væri komið. Fór 2. stýrimaður þá að því er sjeð verður, niður að sofa og sváfu þeir þá allir þrír, skipstjórinn og báðir stýrimennirnir, en skipið komið inn á móts við Gróttu. Þegar „Skallagrímur“ var að sigla inn eftir hvíta ljósinu frá Engeyjarvitanum, sendi vökumaðurinn einn af hásetunum niður til þess að vekja skipstjórann. Sá kom upp aftur og kvaðst ekki vita hvort sjer hefði tekist að vekja skipstjórann og var ekki gjörð frekari gangskör að því. Um sömu mundir virðist 1. stýrimaður hafa verið vakinn, því hann kom upp er botnvörpungurinn var kominn inn fyrir Engey og var í græna ljósi Engeyjarvitans en hvíta ljósi innsiglingarvitans hjer. Kveðst hann ekki hafa vitað betur, en að skipstjóri væri á stjórnpalli og að hann sjálfur ætti að fara á sinn venjulega stað við innsiglingu og gæta sinna venjulegu starfa, og fór því fram á hvalbakinn. Rjett eftir að stýrimaðurinn var kominn upp á hvalbakinn sá hann hvítt ljós framundan, er hann vissi að var leguljós skips, en sá ekki nema eitt ljós, því hann segir að hitt ljósið á „Inger Benedicte“ hafi borið í ljósin í landi. Gekk hann út frá að „Skallagrímur“ væri vel frí af því skipi sem ljósið var á, mundi komast fyrir aftan það með stefnu þeirri, sem haldin var. 1—2 mínútum síðar sá hann aftara ljósið á „Inger Benedicte“ sem þá skar sig úr ljósunum í landi. Sá hann þá þegar að það var ljós á sama skipinu og ljósið sem hann hafði áður sjeð og að það skip var miklu lengra en hann hafði búist við og áleit að ógjörlegt væri að komast fram hjá því. Kallaði hann þá þegar upp, að skip væri framundan og að setja ætti fulla ferð aftur á bak í vjelinni og var þeirri skipun þegar hlýtt, en engu að síður

rendi „Skallagrímur“ á „Inger Benedicte“. Kvaðst hann hafa veitt því eftirtekt að „Skallagrímur“ var farinn að beygja til stjórnborða áður en árekstnrinn varð.

Vökumaðurinn, sem hafði stjórn „Skallagríms“ á hendi, hefir skýrt svo frá, að fremra ljósið á „Inger Benedicte“ muni hafa borið í ljósin á landi og þeir á stjórnpalli ekki hafa greint það fyrri en ofseint. Aftara ljósið sáu þeir ekki fyrri en rjett um leið og árekstnrinn varð. Hann kveðst óðara er hann sá fremra ljósið hafa snúið stýrinu hart til stjórnborða og er hann sá að ekki var hægt að komast frí af skipinu fyrir aftan það með því, hafi hann gefið fyrirskipun til vjelarinnar um að hafa aftur á fullum krafti og verið búinn að því áður en 1. stýrimaður kallaði upp að skip væri fyrir stafni. Hann kveðst strax og árekstnrinn varð hafa hlaupið niður til skipstjóra og vakið hann því hann hafi ekki vaknað við árekstnrinn. Hann kvað þá á brúnni hafa aðeins getað merkt árekstnrinn og „Skallagrímur“ hafi verið í þann veginn að hætta að síga áfram, er hann varð. 1. stýrimaður á sama skipi hefir og skýrt svo frá að árekstnrinn hafi ekki verið meiri en svo að hann og menn þeir, er stóðu frammi á skipinu hjá honum, duttu ekki og fanst árekstnrinn hægur og í sömu átt gengur framburður annara af „Skallagrími“ er yfirheyrðir hafa verið.

Skipstjórinn á „Inger Benedicte“ og skipshöfnin á því skipi hafa hinsvegar haldið því fram, að árekstnrinn hafi verið mjög harður, svo að skipstjórinn og aðrir, er sváfu, hafi hrokkið upp með andfælum þegar í stað.

Um ferðina á „Skallagrími“ á undan árekstrinum stendur í vjelardagbók skipsins, að það hafi farið með fullri ferð áfram þar til kl. 6,22 á mánudagsmorguninn, síðan með hægri ferð áfram til kl. 6,30 og svo með fullri ferð aftur á bak og að vjelin hafi verið búin að vinna aftur á bak í $^1/_4$—$^3/_4$ mínútu þegar árekstnrinn varð.

„Skallagrímur“ lenti á bakborðshlið „Inger Benedicte“ fyrir aftan 4. lestarop og gekk inn í skipið. Kom mikið gat á skipið og sjórinn fossaði inn og skipið fór að sökkva. Skipshöfnin fór í bátana yfir í „Skallagrím“, er beið skamt frá og hafði gjört ráðstafanir til að setja út báta ef með þyrfti. Þegar síðari báturinn, 15—20 mínútum eftir að árekstnrinn varð, yfirgaf „Inger Benedicte“, var sjórinn farinn að fljóta yfir þilfarið. Þegar „Skallagrímur“ var búinn að taka skipshöfnina af hinu skipinu,

hjelt hann til lands, ca. $^1/_2$ stundu eftir að árekstrinn varð, bæði af því, að álitið var að hann gæti engu bjargað úr hinu skipinu og svo til þess að ná sem fyrst til björgunarskipsins Geir sem búist var við að lægi hjer á höfninni, en var vestur á Dýrafirði. Þegar „Skallagrímur" yfirgaf „Inger Benedicte" loguðu leguljós þess skips enn þá og ljós í bakborðskýrauga á því var rjett við sjávarflötinn. Þegar er skipstjórinn á „Inger Benedicte" kom í land fjekk hann sjer vjelarbát og fór á honum á vettvang, en er þangað kom, hjer um bil hálfri stundu síðar, var „Inger Benedicte" sokkin.

Eftir skýrslu kafara, sem skoðaði „Inger Benedikte" þar sem hún lá á mararbotni, liggur skipið á stjórnborðshliðinni og er glufa sú, sem á það kom við árekstrinn 18 fet frá lunningunni niður eftir skipinu $2^1/_2$ fet á breidd og gengur 2 fet inn þilfarið. Skipið snýr í suðaustur með framstefnið og í vesturrönd hvíta ljóssins frá innsiglingarvitanum eftir staðarákvörðun forstöðumanns stýrimannaskólans, en skipstjórinn á „Inger Benedicte" hefir skýrt svo frá, að skipið hafi legið þannig, að sjest hafi bæði hvíta og græna ljósið frá innsiglingarvitanum, eftir því hvernig skipið sveigði fyrir vindinum.

Botnvörpungurinn „Skallagrímur" hefir af dómkvöddum mönnum verið metinn á kr. 425000,00. Veiðarfæri þau, sem á honum voru þegar árekstrinn varð kr. 16500,00, kol kr. 1625, salt kr. 4050,00 og afli kr. 19500,00.

Hinn 4. febrúar þ. á. krafðist hrjm. Sveinn Björnsson hjer í bænum f. h. eigenda og vátryggjenda „Inger Benedicte" og farms, að löghald verði lagt á b/v. „Skallagrím" til tryggingar kröfum þeirra útaf árekstrinum, með vöxtum frá árekstrardegi og öllum málskostnaði. Við löghaldsgjörðina var mætt af hálfu eigenda b/v. „Skallagríms" h/f. „Kveldúlfs" og Samtryggingar ísl. botnvörpunga hjer í bænum, sem b/v. „Skallagrímur" er vátrygður hjá. Var framgangi lögtaksgjörðarinnar mótmælt í einu af hálfu beggja og er þeim mótmælum var hrundið með úrskurði fógetarjettarins, uppkveðnum samstundis, afhentu umboðsmenn eiganda Samtryggingarinnar ábyrgðarskjal frá Íslandsbanka vegna Samtryggingarinnar til gjörðarbeiðanda, á greiðslu upphæðar þeirrar, er eigendur kynnu að verða dæmdir til að greiða með fullnaðardómi í máli útaf árekstri skipanna 29. desember f. á. þó aðeins til þeirrar upphæðar er „Skallagrímur" yrði metinn af dómkvödd-

um mönnum. Fjell gjörðarbeiðandi þá frá því að lögtaksgjörðin færi fram og fjell hún niður.

Með stefnu útgefinni 18. febrúar þ. á. höfðaði svo hrjm. Sveinn Björnsson f. h. hinna sömu mál þetta fyrir sjódóminum gegn Ólafi Thors framkvæmdarstjóra f. h. eigenda b/v. „Skallagríms" h/f. „Kveldúlfs" og Gunnari framkvæmdarstjóra Egilson f. h. Samtryggingar ísl. botnvörpunga í Reykjavík, sem vátryggjanda „Skallagríms" og hefir í málinu gjört þær kröfur að stefndir f. h. hinna greindu fjelaga verði annaðhvort báðir in solidum eða annar dæmdir til að greiða sjer f. h. umbjóðenda sinna:

1. Eigenda eða vátryggenda „Inger Benedicte" andvirði skipsins norskar kr. 435000,00, og eigendunum auk þess andvirði tómra tunna, bunkerkola, skipsforða m. m. samkvæmt reikningi, samtals n. kr. 395309,70.
2. Vátryggjenda kola í skipinu og epla, andvirði þeirra ísl. kr. 125000,00.
3. Vátryggjenda annara vara, sem h/f. Trolle & Rothe eru umboðsmenn fyrir £ 93-0-0.
4. Skipshafnar „Inger Benedicte" verðmæti muna þeirra, fatnaður o. fl. er þeir mistu ásamt launamissi, samtals ísl. kr. 25537,00.
5. H/f. „Alliance" andvirði tveggja vírrúlla £ 82-4-10. Allar upphæðirnar með 6 % ársvöxtum frá 29. desember f. á. til greiðsludags og ennfremur málskostnað að skaðlausu eftir reikningi, að upphæð kr. 10163,00.

Loks hefir stefnandi krafist þess að viðurkendur verði með dóminum sjóveðrjettur í b/v. „Skallagrími" með veiðarfærum, farmi og vátryggingarupphæðum skips, veiðarfæra og farms fyrir framangreindum upphæðum og honum heimilað að gjöra fjárnám í því og tryggingarfje því er sett var við löghaldsgjörðina 4. febrúar þ. á. að svo miklu leyti sem með þarf, selja það á opinberu uppboði til greiðslu þeim með vöxtum og kostnaði ásamt kostnaði við fjárnám og uppboð, alt að skaðlausu og að rjettlætt verði löghaldsgjörðin frá 4. febrúar þ. á.

Stefndur Gunnar Egilson hefir krafist þess sjerstaklega að hann fyrir hönd Samtryggingar ísl. botnvörpunga verði sýknaður af kröfum stefnanda í málinu og tildæmdur hæfilegur málskostnaður hjá honum eftir mati rjettarins, þar sem það sje aðeins útgerðarmaður skips, en eigi vátryggjandi þess, sem með vissum skilyrðum ábyrgist slíkt tjón og hjer um ræðir.

Rjetturinn verður þó að vera stefnanda samdóma um það, að stefndur Gunnar Egilson fyrir hönd Samtryggingarinnar hafi með allri framkomu sinni í löghaldsmálinu milli stefnanda og útgerðarmanna „Skallagríms“ 4. febrúar þ. á. gert sig sjálfan að varnaraðila ásamt þeim, einnig í þessu máli, þar sem meðal annars er krafist staðfestingar á löghaldsgjörðinni og rjettar til fjárnáms í hinni settu tryggingu, og sje því rjettilega stefnt í því. Verður sýknukrafa hans í málinu því ekki tekin til greina af þeirri ástæðu.

Stefndur Ólafur Thors f. h. h/f. „Kveldúlfur“ hefir aðallega krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda í málinu og málskostnaðar hjá honum. Til vara hefir hann krafist þess að hann verði aðeins dæmdur til að greiða tiltekinn hluta tjónsins af árekstrinum eftir nákvæmari ákvörðun rjettarins og málskostnaður verði látinn falla niður. Undir öllum kringumstæðum hefir hann krafist þess, að bætur sem kunni að koma til greina, verði takmarkaðar við skipið „Skallagrím“ (þ. e. bankatryggingu þá er sett var) þar sem útgerðarmaður ábyrgist slíkt tjón, sem hjer er um að ræða, einungis með skipi og farmgjaldi, en um hið síðara sje hjer ekki að ræða.

Framangreinda kröfu sína byggir stefndur á því að „Inger Benedicte“ en ekki „Skallagrímur“ hafi verið orsök í ásiglingunni. Hún hafi legið á ytri höfninni beint í innsiglingaleiðinni inn á innri höfnina og valið sjer sjálf þennan hættulega stað. Hinsvegar verði skipshöfninni á „Skallagrími“ ekki kent um þótt hann sigldi á hana á þessum stað, þar sem ljósin á henni hafi borið við ljósin í landi, svo að ekki hafi verið hægt að greina þau. Þar sem árekstrinn þannig hafi eigi orsakast af ásettu ráði, vítaverðu hirðuleysi eða gáleysi skipshafnarinnar á „Skallagrími“, beri útgerð hans enga ábyrgð á tjóninu af honum eftir 13. gr. siglingalaga nr. 56/1914. Auk þessa hafi varðmaðurinn á „Inger Benedicte“ átt að aðvara „Skallagrím“ og loks hefðu skipverjar „Inger Benedicte“ getað dregið úr tjóninu að minsta kosti með því að koma skipinu á grynningar og bjarga þannig farminum í stað þess að fara í bátana og yfirgefa skipið.

Því verður síst neitað að staður sá á ytri höfninni, sem „Inger Benedicte“ lá var mjög óheppilegur og hættulegur skipum á innsiglingu í innri höfnina, eins og kom á daginn, og furðar sjórjettinn á því, að hafnarstjórnin skyldi líða jafnstóru skipi að liggja þar sólarhringum saman í svartasta skammdeginu og ekki

neyta valds síns eftir 12. gr. hafnarreglugjörðarinnar fyrir Reykjavíkur kaupstað nr. 100/1917 til þess að heimta skipið flutt á óhultari stað. Eftir upplýsingum þeim sem liggja fyrir í málinu liggur „Inger Benedicte" á mararbotni í hægri rönd hvíta ljóssins frá innsiglingarvitanum þegar inn er siglt og tekur yfir 75 metra af rákinni, sem öll mun vera á þessum stað um 269 metra breið. Hinsvegar virðist skipstjóranum á „Inger Benedicte" ekki verða gefin sök á því, þótt hann legðist þarna og hjeldi áfram að liggja þar, úr því að hafnsögumaður sá, sem út í skipið kom, hafði ekkert við staðinu að athuga og skipstjórinn fjekk enga fyrir skipun um að flytja sig. Í málinu liggur fyrir vottorð frá hafnarstjóra um það, að vegna legu innsiglingarvitans og þess hvernig leguplássi á ytri höfninni sje háttað, sje það óhjákvæmilegt að skip, sem hingað koma og leggjast á ytri höfnina, verði að leggjast og liggi oft á öllum tímum árs lengri eða skemri tíma í hvíta ljósinu frá innsiglingarvitanum og ætti að minsta kosti yfirmönnum á íslenskum fiskiskipum, sem hjeðan eru gerð út, að vera þetta kunnugt, og þau því að viðhafa sjerstaka aðgæslu við innsiglingu hingað á dimmum vetrarnóttum. Þessarar sjerstöku varúðar hefir ekki verið gætt af yfirmönnum af skipshöfninni á „Skallagrími" við innsiglinguna hingað aðfaranótt 29. desember f. á. og því verður rjetturinn að telja „Skallagrím" eiga alla sök á ásiglingunni og útgerðarmenn skipsins verða eftir 13. gr. siglingalaganna að bæta tjón það, sem af ásiglingunni hlaust. Vökumaðurinn á „Inger Benedicte" bar það við sjóprófið að „Skallagrímur" „kom saa fort at han ikki kunde varsko den, der var ikke Tid der til", og hann verður ekki sakaður um skyldubrot. Rjetturinn verður að vera þeirrar skoðunar að eftir öllum atvikum hafi eigi verið annars að vænta, en skipshöfnin á „Inger Benedicte" hugsaði fyrst og fremst um það að forða lífi sínu eftir árekstrinn og gjörði eigi tilraunir til að bjarga skipi og farmi, enda mjög tvísýnt og efasamt að það hefði komið að nokkru haldi, þar gufa var ekki á spilinu og ekki nema 65 punda þrýsting á katlinum, en hálf klukkustund hefði liðið áður en fullum þrýstingi (85 pundum) hefði verið náð.

Skulu þá teknir til athugunar hinir einstöku kröfuliðir stefnanda.

Það er viðurkent í málinu að „Inger Benedicte" var vátrygð hjá norska ábyrgðarfjelaginu »Polaris« fyrir 350 þúsund norskum krónum og vátryggingarfjelagið hefir greitt eiganda

skipsins þessa upphæð og fengið framseldan rjett eiganda á hendur „Skallagrími".

Stefndir hafa mótmælt því, að vátryggingarupphæðin verði lögð til grundvallar fyrir bótum fyrir skipið, telja hana alt of háa og telja skipið, sem er smíðað 1883 og því yfir 40 ára gamalt, er því var sökt, hæfilega metið 150 þúsund norskar krónur. Þessu til sönnunar hafa stefndir vísað á skýrslu um sölu skipa, yngri og á svipuðum aldri og í líkum vátryggingarflokki, tekna úr dönsku dagblaði er sýna að söluverðið á þeim skipum hefir verið ca. $72^1/_2$ norsk króna pr. brutto smálest að meðaltali.

Stefnandi hefir staðhæft, að vátryggingarupphæðin væri í samræmi við verðmæti skipsins og bent á að vátryggingarfjelög gæti þess jafnan að vátryggja ekki skip fyrir meira en sannvirði, enda kæri ábyrgðartaki sig ekki um að greiða hærra iðgjald en þurfi til þess að hann fái skaða sinn bættan. Hann hefir mótmælt því að nokkuð væri hægt að byggja á skýrslu stefnda um söluverð skipa, bæði af því að skip þau er hún nær til eru flest mun stærri en „Inger Benedicte" og því ódýrari pr. brutto smálest, og benti á upplýsingar um sölu á skipi í blaði því, sem skýrsla stefnds er tekin eftir, þó mun yngra en „Inger Benedicte", þar sem verðið er tiltölulega hærra en vátryggingarupphæð þess skips. Auk þess telur hann gömlum skipum sem boðin eru til sölu og seld, hafa venjulega verið haldið illa við, en hinsvegar sjeu gömul skip, er vel hafi verið haldið við, eins og átt hafi sjer stað um „Inger Benedicte", ekki höfð á boðstólum eða seld.

Í málinu liggja ekki fyrir neinar upplýsingar um það hvenær vátryggingarupphæðin fyrir „Inger Benedicte" var ákveðin 350 þúsund norskar krónur, eða um það, hvort sú upphæð er bygð á mati skipsins eða eigi. Samt sem áður verður sjórjetturinn að líta svo á, að vátryggingarupphæðin sje hin eina ábyggilega upplýsing um verðmæti skipsins sem fyrir liggur og meiri hlutinn treystir sjer ekki til þess að slá því föstu að það hafi eigi verið svo mikils virði, þegar tekið er tillit til hins lága gengis norsku krónunnar, sem verið hefir. Einn dómendanna, Guðmundur Kristjánsson, skipamiðlari, telur nægilega upplýst að „Inger Benedicte" hafi ekki verið meira en 275 þúsund norskra króna virði.

Þá hefir stefnandi f. h. eigenda „Inger Benedicte" gjört

kröfu til bóta fyrir 500 tómar tunnur er í skipinu voru að upphæð £ 362-10-0 á n. kr. 31,30 pr. £.

Stefndir hafa mótmælt þessum lið sem ofháum um £ 50-0-0 eða n. kr. 1575 og þar sem stefnandi hefir eigi fært nein rök fyrir því, að hann sje rjett talinn, verður að taka til greina kröfu stefnda um niðurfærslu á honum.

Þá hafa stefndir mótmælt eftirfarandi liðum á reikningi umboðsmanns eigenda „Inger Benedicte" til þeirra sem þeir hafa krafist stefndu dæmda til að endurgjalda sjer:

1.	Afgreiðslugjöld og klarering hjer fyrir „Inger Benedicte" kr. 3072,50 + 250 ísl. kr.	kr. 3322,50
2.	Upphæð greidda skipstjóra fyrir árekstrinn . .	— 1700,00
3.	Kjöt keypt 2 dögum fyrir árekstrinn	— 29,40
4.	Læknishjálp	— 141,00
5.	Útskrift og þýðing á sjóferðaprófi	— 67,00
	Samtals ísl.	Kr. 5259,90
	á norskar kr. 115,00 = norskar	kr. 5522,00

Telja þeir liðina 1.—4. sjer óviðkomandi og 5. liðinn vera málskostnað og teljast til hans.

Stefnandi hefir ekki rökstutt að stefndir eigi að endurgjalda þessar upphæðir, en haldið fast við kröfuna um dóm yfir þeim og lagt á vald sjódómsins að skera úr því, hvort sú krafa verði tekin til greina.

Sjórjetturinn verður að vera þeirrar skoðunar að taka beri til greina kröfu stefnda um frádrátt á þessum n. kr. 5522,00.

Skipagjöld fjelln í gjalddaga, er skipið lagðist hjer á höfnina og hafa eigendur skipsins fengið þau greidd með farmgjaldinu fyrir farm þess. Um það, til hvers 1700 krónurnar til skiptil skipstjóra hafi gengið, liggja engar upplýsingar fyrir í málinu. Andvirði kjötsins, ef þess hefir ekki verið neytt áður en árekstrinn varð felst væntanlega í liðnum „Stores" á reikningi skipseigenda (rjettarskjal nr. 13). Það er ekki upplýst að neinn af skipshöfn „Inger Benedicte" hafi meiðst eða sýkst við ásiglinguna og kostnaðurinn við útskrift og þýðingu af sjóferðaprófinu verður að teljast til málskostnaðar.

Verður þá að draga n. kr. 1575,00 + n. kr. 5522,00 = n. kr. 7097,00 frá kröfulið stefnanda, verða þá eftir af honum n. kr. 388212,70.

Við 2., 3. og 5. kröfulið stefnanda hafa stefndir ekki haft neitt sjerstakt að athuga, er til greina verði tekið eftir framan-

sögðu. Verður þá að taka þá liði til greina með fullum upphæðum.

4. Kröfuliðnum hefir stefnandi fallið frá undir rekstri málsins, að undanskildum ísl. kr. 1564,83 og hafa stefndir ekkert haft við það að athuga.

Eins og að framan greinir hefir stefnandi krafist þess að viðurkendur verði með dóminum sjer til handa f. h. umbjóðenda sinna sjóveðrjettur í b/v. „Skallagrími" með veiðarfærum, farmi og í vátryggingarupphæðum skips, veiðarfæra og farms og honum heimilað að gjöra fjárnám í því til tryggingar fje því, sem sett var við löghaldsgjörðina 4. febrúar, og, að svo miklu leyti sem með þarf, selja það á opinberu uppboði til greiðslu á kröfum þeim sem hann hefir gjört í málinu. Hann viðurkennir að eftir siglingalögunum sje ábyrgð útgerðarmanna og sjóveðrjettur fyrir tjóni af ásiglingu takmarkaður við skip og farmgjald, en heldur því fram, að til skipsins verði að teljast alt sem því tilheyrir, einnig veiðarfæri á fiskiskipum, því án þeirra sje fiskiskipið óhæft til notkunar þeirrar, er það sje ætlað til. Þá heldur stefnandi því og fram, að afli á fiskiskipum sje farmur þeirra og verði að koma í stað farmgjaldsins, er um flutningaskip sje að ræða, þar sem útgerðarmaður fiskiskipa sje eigandi aflans, en útgerðarmaður flutningaskipa venjulega ekki eigandi farmsins, heldur eigandi farmgjaldsins. Telur hann þá umbjóðendur sína eiga sjóveðrjett í allri eign eigenda „Skallagríms", sem í skipinu var er það sigldi á „Inger Benedicte".

Á þetta verður þó ekki fallist.

Eftir 236. gr. siglingalaganna nær sjóveðrjettur í skipi og til skipsbúnaðar — þó ekki til vistabirgða, eldiviðar, kola eða annara vjelarnauðsynja, — en það orð verður í siglingalöggjöf Norðurlandaþjóðanna og þá einnig í siglingalöggjöfinni íslensku, að skiljast svo, að það taki aðeins til þess skipsbúnaðar, sem ákvarðaður og nauðsynlegur er til stöðugrar notkunar á skipinu á siglingu, þ. e. a. s. þegar það er að flytja farþega eða farm, en eigi til áhalda eða hluta, sem á því eru vanir að vera eða eru í öðrum ákveðnum tilgangi, t. a. m. til björgunar, veiða eða hagnýtingar aflans, þótt tilgangurinn með þeim sje framkvæmdur á sjó úti, sbr. Conv. 2. apríl 1850, 38. gr. og dóm hæstarjettar Noregs frá 30. september 1914 (Nord. Domme i Sjöfartsanliggender 1914, bls. 321).

Til þess að beita ákvæðum siglingalaganna um farmgjöld

við afla fiskiskips eða nokkurs hluta andvirðis hans eða matsverðs er heldur ekki heimild og í 238. gr. þeirra er það beint tekið fram að sjóveðrjettur taki ekki til vátryggingarupphæða veðsins. Verður stefnanda því eigi tildæmdur sjóveðrjettur í öðrum eignum h/f. „Kveldúlfs“ en b/v. „Skallagrími“ með venjulegum skipsbúnaði eins og hann var metinn 3. febrúar þ. á. (rjettarskjal nr. 6.) og fjelagið ekki dæmt til þess að greiða hærri skaðabætur en matsverðinu nemur.

Við vaxtakröfu stefnanda hafa stefndir ekki haft neitt sjerlegt að athuga.

Það verða þá úrslit þessa máls hjer í rjettinum að dæma stefndan Ólaf Thors f. h. h/f. „Kveldúlfs“ til þess að greiða stefnanda f. h. umbjóðanda hans eftir 1. kröfulið n. kr. 388212,70, eftir 2. kröfulið ísl. kr. 125100,00, eftir 3. kröfulið £ 593-0-0, eftir 4. kröfulið ísl. kr. 1564,83 og eftir 5. kröfulið £ 82-4-10 alls n. kr. 388212,70, ísl. kr. 126664,83 og £ 175-4-10 — ekki yfir ísl. kr. 425000,00 samtals — með 6 % ársvöxtum frá 29. desember f. á. til greiðsludags, viðurkenna sjóveðrjett í b/v. „Skallagrími“ fyrir þessum upphæðum og rjett stefnanda til að gjöra fjárnám í skipinu eða tryggingu þeirri, sem sett var 4. febrúar þ. á. Löghaldsgjörðin frá sama degi verður ekki staðfest eins og stefnandi krefst, þar sem hún fór aldrei fram, heldur var varnað með því að trygging var sett.

Eftir þessum úrslitum þykir rjett að stefndur Ólafur Thors greiði stefnanda 2000 krónur upp í málskostnað.

Miðvikudaginn 17. mars 1926.

Nr. 48/1925. **Magnús Matthíasson** (Pjetur Magnússon)
gegn
Steingrími Guðmundssyni (Enginn).

Um gildi samnings um gjörðardóm.

Dómur gestarjettar Reykjavíkur 11. apríl 1925:

Máli þessu vísast frá dómi.

Stefnandinn, Magnús Matthíasson, greiði stefndum, Steingrími Guðmundssyni, 75 krónur í málskostnað, innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu hefir verið áfrýjað til hæstarjettar með stefnu dags. 10. okt. f. á. og var það þingfest samkvæmt stefnunni í desembermánuði f. á. Var þá löglega mætt af hálfu beggja aðila og áfrýjanda veittur frestur til febrúarmánaðar þ. á., en er málið þá skyldi flutt mætti enginn af stefnda hálfu og hefir það því verið rekið skriflega samkv. 1. lið 2. mgr. 38. gr. hæstarjettarlaganna og er dæmt samkvæmt N. L. 1—4—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Með því að fallist verður á ástæður hins áfrýjaða gestarjettardóms ber að staðfesta hann og á þá málskostnaður í hæstarjetti að falla niður.

Því dæmist rjett vera:

Gestarjettardóminum skal óraskað. — Málskostnaður í hæstarjetti fellur niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir heimild í verksamningi dagsettum í júlí 1923 höfðað fyrir gestarjettinum með stefnu útgefinni 25. febrúar þ. á. af Magnúsi Matthíassyni, kaupmanni hjer í bænum, gegn Steingrími húsasmið Guðmundssyni, Amtmannsstíg 4, til greiðslu skaðabóta, að upphæð kr. 30073,50 útaf byggingu húss stefnanda nr. 5 við Túngötu, með 6 % ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu með kr. 1095,00.

Stefndur hefir krafist frávísunar málsins frá rjettinum, 1050 króna málskostnaðar hjá stefnanda og auk þess kr. 151,00 sem endurgjaldi á kostnaði við yfirmat. Til vara hefir stefndur krafist hæfilegs frests til andsvara um málið að efninu til.

Málavextir eru þeir, að með ofangreindum samningi tók stefndur að sjer að reisa tvær hæðir ofan á hús stefnanda nr. 5 við Túngötu eftir uppdrætti og verklýsingu. Skyldi stefndur leggja til alt efni og vinnu og hafa lokið verkinu svo að húsið

væri að forfallalausu tilbáið til innflutnings 1. desember 1923, en fá fyrir það 42500,00. Síðan segir í samningnum:

„Ágreining, sem kynni að rísa útaf samningi þessum, lýsingu eða uppdrætti, um efni eða vinnu, skal ráða til lykta með úrskurði þar til hæfs manns, er aðiljar koma sjer saman um innan þriggja daga eftir uppkomu ágreinings, en að öðrum kosti nefnir bæjarfógeti manninn. Ágreininginn skal úrskurða eigi síðar en 3 dögum eftir kvaðninguna.

Mál, er rísa kann útaf samningi þessum, má reka fyrir gestarjetti Reykjavíkur".

Skaðabótakrafa stefnanda er nú bygð á því, að verkinu hafi eigi verið lokið eins snemma og vera bar eftir samningnum, að byggingarkostnaðurinn hafi lækkað vegna breytinga frá verklýsingu o. fl., skemdir hafi orðið af leka, er stafað hafi af óforsvaranlegum frágangi, partur af þakinu hafi fokið af sömu ástæðu, tjón hlotist vegna smíðisgalla á steypulofti o. fl.

Frávísunarkröfu sína byggir stefndur á því, að ágreiningur sá milli málsaðilja, sem mál þetta er risið af, heyri ekki undir úrskurð dómstólanna, heldur skuli honum, eftir ofangreindum samningi, ráðið til lykta með úrskurði þar til hæfs manns, er aðiljar hafi komið sjer saman um eða bæjarfógeti tilnefnt.

Þessu mótmælir stefnandi með skírskotun til þess fyrst og fremst, að hið tilvitnaða ákvæði í samningnum sje ekki eiginlegt gjörðardómsákvæði, er sjáist á því, að í samningnum sje gjört ráð fyrir að mál rísi útaf honum og hvar það skuli rekið, og í öðru lagi hafi mat farið fram í málinu af tveim mönnum, dómkvöddum af bæjarfógeta, og með því sje fullnægt þeim anga af gjörðardómsákvæði, er í samningnum kunni að felast. Svo hefir stefnandi og mótmælt málskostnaðarkröfu stefnda sem alt of hárri á þessu stigi málsins og málskostnaðarkröfu hans sem sjer óviðkomandi.

Rjetturinn verður nú að vera stefndum samdóma um það, að gjörðardómsákvæðið í oftnefndum samningi sje svo ákveðið og fortakslaust, að stefnandi geti ekki einhliða frá því vikið og gjörir það á því enga breytingu þótt einnig sje í samningnum ákvæði um það, hvernig mál skuli rekið, er rísa kunni útaf honum.

Þá verður það heldur eigi álitið, að gjörðardómsákvæði samningsins sje fullnægt, þótt stefnandi hafi fengið dómkvadda tvo menn „til þess að skoða og meta skemdir, sem orðið hafa af

völdum ofviðris í dag (o: 21. janúar þ. á.) á húsi mínu og meta þær, sem og aðrar skemdir, sem stafa kunna af óvönduðum frágangi á húsinu (smíði þess yfirleitt) og gefa álit sitt um það, hvort forsvaranlega hefir verið frá þaki og annari smíð hússins gengið", eins og segir í beiðni stefnanda um dómkvaðninguna, enda eru kröfuliðir stefnanda í málinu að minstu leyti bygðir á mati hinna dómkvöddu manna.

Það þykir því verða að taka til greina aðalkröfu stefnds um frávísun málsins og um málskostnað, er eftir atvikum þykir hæfilega ákveðin 75 krónur. Fyrir kröfu sinni í málinu um endurgjald af hendi stefnanda á kostnaði við yfirmat hefir stefndur eigi gagnstefnt og kemur hún þegar af þeirri ástæðu ekki til álita.

Miðvikudaginn 24. mars 1926.

Nr. 21/1925. **Ari Þórðarson** (Björn P. Kalman)
gegn
Páli Ólafssyni (Lárus Jóhannesson).

Um greiðslu skuldar samkv. svokölluðum »víxli«.

Dómur gestarjettar Reykjavíkur 2. apríl 1925: Stefndur Páll Ólafsson á að vera sýkn af kröfum stefnandans Ara Þórðarsonar í þessu máli. Stefnandi greiði stefndum í málskostnað kr. 100,00 innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Veturinn 1923—1924 keypti stefndi $^1/_2$ húseignina nr. 17 B við Óðinsg. hjer í bænum af áfrýjanda; var söluverðið ákveðið í kaupsamningnum 20000 kr. og greiddi stefndi andvirði húseignarinnar sumpart með því að taka að sjer veðskuldir, er hvíldu á húseigninni, að upphæð 11500 kr., sumpart með vörum og loks með »víxli« þeim að upphæð 4929 kr. 46 a., er ræðir um í máli þessu. »Víxill« þessi, sem hefir verið lagður

fram í hæstarjetti, er ritaður á alment víxileyðublað, dags. 20. sept. 1921 og átti að greiðast 20. desbr. s. á., og hefir maður sá, er »víxillinn« var stílaður á, Jón Sigmundsson gullsmiður, ritað á hann samþykki sitt, en með því að enginn hafði undirskrifað »víxilinn«, sem útgefandi, uppfylti hann eigi fyrirskipað form víxla og veitti því eigi víxilrjett.

Umræddan »víxil« ljet áfrýjandi upp í skuld til þriðjamanns en í máli, er þessi maður höfðaði gegn samþykkjanda Jóni Sigmundssyni, lagði Jón fram kvittun fyrir því að hann hefði greitt »víxilinn« 4. nóv. 1922 og var þá málssóknin gegn honum látin falla niður. Áfrýjandi höfðaði þá mál þetta gegn stefnda til þess að fá hann dæmdan til að greiða sjer upphæð »víxilsins« ásamt 6 % vöxtum frá gjalddaga.

Stefndi heldur því í fyrsta lagi fram, að áfrýjandi hafi engan rjett mist gegn samþykkjanda, þótt hann hafi verið búinn að greiða »víxil«upphæðina, með því að »víxillinn« hafi eigi borið það með sjer að hann væri greiddur, en á þetta verður eigi fallist, með því að hvernig sem á skjal þetta er litið að öðru leyti, getur það, sökum þess hvernig það er úr garði gert, eigi talist viðskiftabrjef í þeirri merkingu, að skuldari sje útilokaður frá því að koma fram með sýknukröfu bygða á því að skuldin sje greidd, þótt kvittunin sje eigi rituð á skjalið.

Þá hefir stefndi neitað því að hann hafi tekið á sig nokkra ábyrgð á því að »víxillinn« fengist greiddur. Það liggur nú ekkert fyrir í málinu um það, að stefndi hafi tekið á sig ábyrgð á greiðslugetu samþykkjanda og eftir atvikum málsins verður heldur eigi álitið að áfrýjandi hafi haft ástæðu til að ætla að stefndi vildi ábyrgjast greiðsluna, en hinsvegar

hafði áfrýjandi rjett til þess að treysta því að skuld þessi væri í gildi er hún var honum framseld, og þar sem þetta brást, verður stefndi að greiða áfrýjanda bætur fyrir það. Þessar bætur geta þó ekki talist upphæð »víxilsins«, svo sem áfrýjandi gerir kröfu til, með því að það þykir ljóst, af öllu því er fram er komið í málinu — meðal annars því hve langt var liðið frá gjalddaga »víxilsins« er salan fór fram — að málsaðilar hafi ekki við samningsgjörðina metið umræddan »víxil« sem peningagreiðslu eftir nafnvirði hans heldur sem óvissa skuldakröfu. En með tilliti til þess, sem upplýst er í málinu um sannvirði húseignarinnar verður að telja að krafa þessi hafi verið 2500 kr. virði, er salan fór fram.

Það verður því að fella hinn áfrýjaða gestarjettardóm úr gildi og dæma stefnda til þess að greiða áfrýjanda 2500 kr. ásamt 6 % ársvöxtum frá stefnudegi 14. júní 1924 til greiðsludags; svo verður stefndi að greiða áfrýjanda 300 kr. upp í málskostnað fyrir gestarjetti og hæstarjetti.

Því dæmist rjett vera:

Stefndi Páll Ólafsson greiði áfrýjanda Ara Þórðarsyni 2500 kr. með 6 % ársvöxtum frá 14. júní 1924 til greiðsludags. Svo greiði stefndi áfrýjanda 300 kr. upp í málskostnað í hjeraði og hæstarjetti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir gestarjetti Reykjavíkur með stefnu útgefinni 14. júní f. á. samkvæmt heimild í lögum nr. 59 frá 1905

af Ara Þórðarsyni fasteignasala hjer í bænum gegn Páli Olafssyni framkvæmdarstjóra í Viðey, til greiðslu á kr. 4929,26 (sic) auk skaðabóta og málskostnaðar. Auk þess hefir stefnandi krafist þess að stefndur verði dæmdur til refsingar fyrir að hafa haft svik í frammi við sig. Til vara hefir stefnandi krafist þess, að kaupum þeim er stefndur gerði við hann á $^1/_2$ húseigninni nr. 17 B við Óðinsgötu verði rift, þannig að húsinu verði skilað honum í hendur í ekki lakara ástandi en það var í er hann seldi það auk leigu frá þeim tíma og skaðabóta.

Stefndur sem hefir látið mæta í málinu hefir hinsvegar krafist þess, *að* hann verði algjörlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu, *að* stefnandi verði dæmdur í sekt fyrir óþarfa málsýfingu og *að* sjer verði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu með kr. 300,00.

Málavextir eru þeir eftir því sem stefnandi tjáir, að síðastliðinn vetur selur stefnandi þessa máls stefndum Páli Ólafssyni $^1/_2$ húseignina nr. 17B við Óðinsgötu, og greiddi kaupandi andvirðið sumpart með því að taka að sjer greiðslu áhvílandi veðskulda, sumpart í vörum og loks með kr. 4929,26 (sic) „víxli", er ræðir um í þessu máli, en „víxill" þessi var samþyktur af Jóni Sigmundssyni gullsmið hjer í bæ með gjalddaga 20. des. 1921; útgefandi var enginn. „Víxil" þennan kveðst stefnandi síðan hafa látið Þórð J. Thoroddsen hafa upp í skuldaviðskifti. En er læknirinn krafði samþykkjanda „víxilsins" Jón Sigmundsson um greiðslu á honum lagði Jón fram kvittun fyrir greiðslunni frá Hjálmtý Sigurðssyni kaupmanni hjer í bæ. Ljet þá læknirinn málið niður falla og er málshöfðun þessi útaf því sprottin að stefnandi telur stefndan skyldan að svara til ábyrgðar fyrir það gagnvart sjer, að tjeður „víxill" var greiddur af samþykkjanda hans, áður en stefndur framseldi honum hann. Stefndur hefir hinsvegar haldið því fram að hann hafi keypt umrætt hús af Erlendi Erlendssyni blaðamanni, en eftir því sem fram hefir komið í málinu, virðist þó svo sem kaupin á nefndu húsi hafi í raun og veru gerst milli aðilja í þessu máli. Auk þess hefir stefndur haldið því fram að hann hafi ekki betur vitað en að umræddur „víxill" hafi verið með öllu ógreiddur er hann framseldi hann til stefnanda enda hafi „víxillinn" ekki á nokkurn hátt borið það með sjer að svo væri.

„Víxill" sá sem hjer um ræðir hefir ekki verið lagður fram í málinu og heldur ekki hefir nokkuð komið fram um það að „víxillinn" hafi borið það með sjer að hann væri greiddur að

nokkru eða öllu leyti, nje heldur um það að stefndum hafi verið kunnugt um að svo hafi verið, er hann ljet „víxilinn“ af höndum við stefnanda og verður stefndur þá heldur ekki talinn skyldur til að svara til ábyrgðar fyrir það gagnvart stefnanda þó „víxillinn“ kynni að vera greiddur án þess að hann bæri það með sjer sbr. 39. gr. víxillaganna frá 1882.

Samkvæmt þessu verður því að sýkna stefndan af öllum kröfum stefnanda í þessu máli og þykir rjett eftir þeim úrslitum að stefnandi greiði stefndum málskostnað og ákveðst hann 100 kr.

Hinsvegar þykir ekki nægileg ástæða til að taka sektakröfu stefnds á hendur stefnanda, fyrir óþarfa málsýfingu, til greina.

Föstudaginn 26. mars 1926.

Nr. 26/1925. **Geo. Copland**
gegn
Jóni Laxdal.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Geo. Copland, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Föstudaginn 26. mars 1926.

Nr. 64/1925. **Ermanrekur Jónsson**
gegn
Ólafi Magnússyni.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ermanrekur Jónsson, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Föstudaginn 26. mars 1926.

Nr. 1/1926. **Guðjón Jónsson**
gegn
Garðari Gíslasyni.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðjón Jónsson, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Miðvikudaginn 14. apríl 1926.

Nr. 41/1925. **H. Benediktsson & Co.** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Þorgilsi Ingvarssyni f. h. Útbús Landsbankans, Eskifirði.
(Pjetur Magnússon).

Um skyldu stefnda til að kvitta víxil, útg. af áfrýj., af fje er samþ. víxilsins greiddi stefnda.

Dómur gestarjettar Reykjavíkur 11. júlí 1925: Stefndur, Þorgils Ingvarsson f. h. Útbús Landsbankans á Eskifirði, á að vera sýkn af kröfum stefnandans, firmans Hallgrímur Benediktsson & Co., í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstarjettar.

Í yfirlýsingu Pjeturs Bóassonar til stefnda, dags. 11. apríl 1923, þeirri, er getur um í forsendum hins áfrýjaða dóms, verður að telja að felist heimild fyrir stefnda til að ákveða hverjar skuldir Pjeturs Bóassonar við útbúið skyldu kvittaðar með því, er greidd-

ist inn í útbúið af söluverði innlendra afurða, er Pjetur keypti á árinu 1923. Gegn neitun stefnda verður það og eigi talið sannað, að stefndi hafi, hvorki í sambandi við samninga áfrýjanda og Pjeturs Bóassonar um mánaðamót maí og júní 1923 nje endranær, skuldbundið sig til að hlíta því, að víxill sá, er mál þetta er risið útaf, yrði greiddur af fje þessu. Af þessum ástæðum og með því að eigi hefir verið vjefengt að fjárhæð sú, er áfrýjandi telur Pjetur Bóasson hafa greitt stefnda víxilinn með, hafi verið af því fje er ræðir um í áðurnefndri yfirlýsingu Pjeturs frá 11. apríl 1923, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm og ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað í hæstarjetti með 300 krónum.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður. Áfrýjandi, H. Benediktsson & Co. greiði stefnda, Þorgilsi Ingvarssyni f. h. útbús Landsbankans á Eskifirði, málskostnað í hæstarjetti með 300 krónum, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir samkomulagi málsaðilja höfðað fyrir gestarjettinum með stefnu útgefinni 8. september f. á. af firmanu Hallgrímur Benediktsson & Co. hjer í bænum, gegn Þorgils Ingvarssyni úsbússtjóra á Eskifirði f. h. útbúsins s. st., til greiðslu á kr. 27858,50 með 6 % ársvöxtum frá 2. apríl 1924 til greiðsludags og málskostnaði eftir mati rjettarins.

Stefndur hefir krafist sýknu af ofangreindum kröfum stefnanda og málskostnaðar eftir mati rjettarins.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Fyrir ársbyrjun 1923 hafði Pjetur kaupmaður Bóasson á Reyðarfirði staðið um alllangt skeið í viðskiftasambandi við stefn-

anda máls þessa, og var kominn í allmiklar skuldir við hann. Samþykti Pjetur víxla fyrir nokkrum hluta skuldanna og seldi þá Útbúi Landsbankans á Eskifirði. Um áramótin 1922—1923 var Pjetur orðinn svo illa staddur fjárhagslega, að við borð lá, að hann yrði að hætta atvinnurekstri sínum. Varð það þó úr, að útbúið ljet hann hafa rekstursfje, en krafðist þess jafnframt, að af væntanlegu andvirði seldra afurða yrðu hin nýveittu rekstrslán greidd fyr og látin ganga fyrir eldri skuldum. Ennfremur skuldbatt Pjetur sig til þess með brjefi dags. 11. apríl 1923, að selja ekki nje ráðstafa á neinu hátt innlendum afurðum, sem hann eignaðist á árinu 1923 nema með vitund og samþykki Útbúsins og skyldi alt andvirði þeirra ganga til greiðslu á skuldum Pjeturs við Útbúið, sem þá þegar voru miklar, auk hinna nýju rekstrslána.

Hinn 15. apríl 1923 gaf stefnandi máls þessa út víxil, að upphæð kr. 27000,00 og samþykti Pjetur Bóasson hann til greiðslu í Útbúi Landsbankans á Eskifirði 15. október s. á. Víxill þessi var seldur Útbúinu og er það viðurkent af málsaðiljum, að hann hafi verið gefinn út og keyptur til framlengingar þremur víxlum að upphæð kr. 100000,00 + 10000,00 + 70000,00, sem Útbúið hafði áður átt og sem gefnir voru út af stefnanda, en samþyktir af Pjetri Bóassyni.

Vorið 1923 sendi stefnandi mann fyrir sig austur til Reyðarfjarðar til þess að semja við Pjetur Bóasson um skuldir þær, er hann þá stóð í við stefnanda, og víxilábyrgðir þær, er stefnandi hafði tekið á sig fyrir Pjetur í Útbúi Landsbankans á Eskifirði. Komust á samningar hinn 8. júní um vorið og skuldbatt Pjetur Bóasson sig þar til meðal annars, að greiða nefndan 27000,00 króna víxil upp í gjalddaga 15. október þá um haustið.

Svo fór þó að víxillinn var ekki greiddur á gjalddaga og gekk fje það, er kom inn fyrir afurðasölu Pjeturs árið 1923 alt til greiðslu annara skulda hans við Útbúið, en víxils þessa.

Eftir kröfu Útbúsins greiddi stefnandi því næst víxilinn hinn 2. apríl 1924, sem þá nam með áföllnum kostnaði kr. 27858,50. Áskildi stefnandi sjer fullan rjett til þess að krefjast endurgreiðslu á fje þessu sem ranglega af sjer kröfðu. Höfðaði hann síðan mál þetta og hefir gert í því kröfur þær er áður greinir.

Ástæður þær, er stefnandi færir fyrir endurgreiðslukröfu sinni eru þær, er hjer segir:

Fyrst og fremst heldur hann því fram, að samningur sá, er gerðist með umboðsmanni hans og Pjetri Bóassyni 8. júní 1923

hafi verið gerður í viðurvist útbússtjóra Landsbankans á Eskifirði og hafi útbússtjórinn þá ákveðið lofað því að víxillinn skyldi greiðast upp af fje því, sem kæmi inn á reikning Pjeturs Bóassonar í Útbúinu fyrir seldar afurðir árið 1923. Hefir stefnandi bent á það, að loforð um greiðslu víxilsins á gjalddaga hafi verið ritað á víxilinn og þar sem Útbúið hafi keypt víxilinn athugasemdalaust þrátt fyrir áritun þessa, og enda þótt það vissi að Pjetur Bóasson hefði eigi ráð á öðru fje en því, sem inn kæmi fyrir seldar afurðir og áður var heitið Útbúinu með skuldbindingu Pjeturs 11. apríl 1923, þá hafi Útbúið þegjandi, ef ekki berum orðum, skuldbundið sig gagnvart stefnanda til þess að sjá um að víxillinn yrði greiddur af því fje, er til Útbúsins kæmi frá Pjetri Bóassyni. Stefnandi hefir lagt fram í málinu vottorð frá Pjetri Bóassyni, dags. 29. mars 1924, þar sem hann skýrir svo frá um þetta atriði, að loforðið um greiðslu víxilsins hafi verið gefið með fullri vitund og samþykki útbússtjórnarinnar, með það fyrir augum, að fje það er greiddist til Útbúsins fyrir seldar afurðir hans, gengi til greiðslu þessarar. Vottorð þetta staðfesti Pjetur fyrir rjettinum 15. apríl þ. á. og gaf hann þá jafnframt þá skýringu á ofangreindri yfirlýsingu, að hana ætti ekki að skilja þannig að útbússtjórinn hafi lofað að víxillinn yrði greiddur af fje því, er inn kæmi fyrir afurðir hans, enda kvaðst hann eigi hafa farið fram á það, af þeirri ástæðu að hann hafi álitið sig sjálfan hafa ráðstöfunarrjett á fje því, er inn kæmi fyrir afurðirnar. Þá hefir maður sá, sem í umboði stefnanda gerði samninginn við Pjetur Bóasson 8. júní 1923, og sem áður er frá greint, gefið vottorð um það, og því ekki verið mótmælt sem óstaðfestu, að loforð Pjeturs Bóassonar í nefndum samningi um greiðslu víxilsins á gjalddaga, hafi verið gefið með vitund og vilja útbússtjórans.

Stefndur hefir staðfastlega mótmælt því að útbússtjórinn hafi gefið nokkurt loforð um, að víxillinn skyldi greiðast af andvirði því fyrir seldar afurðir Pjeturs Bóassonar, er Útbúið átti að veita móttöku. Þvert á móti kveður hann útbússtjórann hafa neitað því ákveðið að svo gæti verið, og þótt Pjetur hafi gefið stefnanda loforð hjer að lútandi, þá hafi það verið útbúinu algerlega óviðkomandi.

Stefnandi hefir engar sönnur fært á það í málinu gegn ákveðnum mótmælum stefnds, að stefndur hafi berum orðum tekið að sjer að sjá um, að víxlllinn yrði greiddur upp á gjalddaga,

en enda þótt útbússtjóranum væri kunnugt um loforð það, er Pjetur Bóasson gaf stefndanda víðvíkjandi greiðslu víxilsins, þá verður eigi álitið að hann, með því einu að taka við víxlinum til framlengingar eldri víxlum, hafi tekið á sig nokkrar skyldur til þess að sjá um að loforð Pjeturs gagnvart stefnanda yrði fullnægt. Stefnandi hefir og í öðru sambandi í máli þessu haldið því eindregið fram, að Útbúið hafi engan ráðstöfunarrjett haft á því, hverjar af skuldum Pjeturs Bóassonar við Útbúið yrðu greiddar af fje því, er inn kom fyrir seldar afurðir og getur sú staðstaðhæfing ekki samrýmst því, er hann heldur fram um þetta atriði.

Í öðru lagi byggir stefnandi kröfur sínar í málinu á því, að Pjetur Bóasson hafi hinn 2. desember 1923, eftir að víxillinn var fallinn í gjalddaga, krafist þess af útbússtjórninni, að víxillinn yrði greiddur með kr. 20000,00, er hann átti von á að yrðu greiddar inn á reikning sinn næstu daga og að öðru leyti af fje því, er hann ætti óráðstafað í Útbúinu, sem hann taldi nema um 35000,00 krónum. Kveður stefnandi útbússtjórnina ekki hafa mótmælt þessu, en samt sem áður hafi hún látið bæði áðurgreindar 20000 krónur greiðast inn í Útbúið 3. desember og eins fje það, er Pjetur taldi sig eiga óráðstafað í Útbúinu, ganga til greiðslu á öðrum skuldum Pjeturs við Útbúið, en látið víxilskuldina standa ógreidda. Telur stefnandi útbússtjórnina enga heimild hafa haft til þess að ráðstafa inneign Pjeturs í Útbúinu þannig að honum fornspurðum, enda veiti skuldbinding Pjeturs til Útbúsins frá 11. apríl 1923 enga heimild til þess.

Stefndur hefir fyrst og fremst eindregið mótmælt því að nokkur krafa hafi komið fram frá Pjetri Bóassyni til Útbúsins um að fje hans yrði látið ganga til greiðslu víxilsins, fyr en svo seint að alt fje hans hafi verið uppeytt. Telur hann þáverandi útbússtjóra ekki geta sagt um það nú eftir svo langan tíma hvaða dag krafan hafi komið, en svo mikið sje víst, að þá hafi ekkert fje verið fyrir hendi og ekki komið síðar. Hann heldur því og fram, að samkvæmt áðurgreindri skuldbindingu Pjeturs hafi Útbúið haft fullan rjett til að ákveða hvaða skuldir yrðu kvittaðar af fje því, er samkvæmt skuldbindingunni átti að ganga til Útbúsins, en þrátt fyrir það hafi Pjetur jafnan verið látinn vita fyrirfram hverjar skuldir yrðu greiddar og hafi hann aldrei gert neinar athugasemdir við það.

Pjetur Bóasson hefir gefið vottorð í málinu, sem að öllu

leyti kemur heim við það, sem stefnandi heldur fram um þetta atriði. Hefir hann staðfest vottorðið fyrir rjettinum og jafnframt borið það, að Útbúið hafi eftir miðjan ágústmánuð 1923 ráðstafað um 60000 krónum af reikningi sínum án þess að spyrja sig ráða.

Stefnandi hefir eigi fært frekari líkur fyrir þessum framburði sínum en þær, sem ofangreindur framburður Pjeturs Bóassonar veitir.

Rjetturinn verður að álíta að sönnunarbyrðin fyrir því, að Útbúið hafi ráðstafað fje Pjeturs Bóassonar í heimildarleysi, og eins fyrir því að krafan um greiðslu víxilsins hafi komið fram fyr en að fje Pjeturs í Útbúinu var til þurðar gengið, hvíli á stefnanda, en þar sem hann hefir ekki fært fullar sönnur á þau atriði í málinu ber að sýkna stefndan af kröfum hans í því, því rjetturinn getur ekki látið úrslit málsins vera komin undir eiði þegar af þeirri ástæðu, að ekkert er upplýst um það í málinu gagnvart hverjum krafa Pjeturs um greiðslu víxilsins, sem stefnandi telur hann hafa gert 2. desember 1923, hefir komið fram, nje heldur hver þá hafi verið útbússtjóri Landsbankans á Eskifirði.

Eftir öllum atvikum þykir rjett að málskostnaður í máli þessu falli niður.

Föstudaginn 16. apríl 1926.

Nr. 24/1926. **Valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Arnbergi Stefánssyni (Lárus Jóhannesson).
Bifreiðarslys.

Dómur lögreglurjettar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 15. des. 1925: Hinn kærði, Arnbergur Stefánsson, greiði 200 króna sekt í ríkissjóð og allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað.

Dómnum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Það er upplýst í máli þessu að orsökin til slyss þess, er ræðir um í málinu, var sú, að maður sá, er

fyrir slysinu varð, Þorbjörn Gíslason, hljóp á síðustu stundu frá hægri vegarbrún, þar sem hann var staddur, inn á veginn í veg fyrir bifreið kærða, svo að bifreiðin rakst á hann. Það verður eigi talið að kærði hafi sýnt neina vítaverða óvarkárni við þetta atvik; þannig er það sannað að hann hægði á bifreiðinni og gaf aðvörunarmerki með hljóðpípunni í tæka tíð og stöðvaði bifreiðina eins fljótt og auðið var, er hann sá hættuna. Kærða verður heldur eigi gefið það að sök að hann hjelt áfram á miðjum veginum, með því að hann, eftir því sem upplýst er um breidd vegarins og breidd bifreiðarinnar, skildi eftir að minsta kosti 1,5 m. bil milli bifreiðarinnar og vegarbrúnarinnar, og var það nægilegt til þess að komast slysalaust fram hjá Þorbirni, ef hann hefði ekki farið inn á veginn í veg fyrir bifreiðina, en þessu gat kærði ekki gert ráð fyrir.

Það ber því að sýkna kærða af kæru valdsstjórnarinnar í máli þessu, og verður allur kostnaður sakarinnar, bæði í hjeraði og hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda hjer í rjetti, 80 kr. til hvors, að greiðast af almannafje.

Því dæmist rjett vera:

Kærði Arnbergur Stefánsson á að vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu. Allur kostnaður sakarinnar, bæði í hjeraði og í hæstarjetti, greiðist af almannafje, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda, hæstarjettarmálflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Lárusar Jóhannessonar, 80 kr. til hvors þeirra.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Máli þessu er þannig varið. Sunnudaginn 20. sept. þ. á. kom kærði í fólksflutningabifreið sinni MB 8, sem er ný Fordbifreið, framan frá Hraunsnefi á leið til Borgarness og hafði meðferðis 5 farþega. Þegar kom ofan í Sandvíkina efri, efst í Borgarnesi, keyrði hann á miðjum vegi eða því sem næst og sá hann þá neðst í Sandvíkinni að maður kom upp á veginn vinstra megin nokkru neðar á veginum og gekk yfir veginn yfir á hægri vegbrún og svo eftir henni á leið til Borgarness. Kærður hjelt áfram að keyra eftir veginum miðjum eða því sem næst og er hann átti hjer um bil 8 faðma að manninum hægði hann ferðina og bljes í pípuna. Þegar búið var að blása hrökk maðurinn við og hljóp í fátinu inn á veginn og fyrir bifreiðina og rakst á hægra hornið á vatnskassanum og fjell áfram við höggið, en bifreiðarstjóranum tókst, með því hraðinn var lítill, að stöðva bifreiðina svo fljótt, að hún rann ekki yfir manninn. Maðurinn, sem fyrir bireiðinni varð, hjet Þorbjörn Gíslason úr Borgarnesi, 83 ára að aldri, og beið hann bana síðar af afleiðingum meiðslanna.

Að vísu virðist bifreiðin hafa verið á hægri ferð, er hún nálgaðist manninn og bifreiðarstjórinn bæði bljes og tókst að stöðva bifreiðina svo fljótt, að hún ekki rann yfir Þorbjörn, en kærður hefir vanrækt að færa bifreiðina út á vinstri vegbrún, eins og honum bar, þegar hann nálgaðist manninn og hefir því keyrt nær manninum, en hann mátti, enda var vegurinn svo breiður, að bifreiðin hefði sennilega verið runnin fram hjá áður en slys varð af, þó Þorbjörn hefði hlaupið inn á veginn í fátinu, ef bifreiðin hefði keyrt á vinstri vegbrún.

Með þessu athæfi verður að telja að kærður hafi brotið á móti 7. gr. bifreiðarlaganna nr. 88 frá 14. nóv. 1917 og ber því að dæma hann til að greiða sekt til ríkissjóðs, er virðist, með tilliti til þess, að hann hefir ekki áður verið sakaður um neitt lögbrot, hæfilega ákveðin 200 kr. Svo ber honum að greiða allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 21. apríl 1926.

Nr. 13/1926. **Magnús Magnússon f. h. Fiskiveiðafjelagsins Defensor**
(Jón Ásbjörnsson)
gegn
Jóni J. Bjarnasyni (Björn P. Kalman).

Um skilning ákvæðis í samn. milli Fjelags ísl. botnvörpuskipaeig. og sjóm.fjelags Reykjavíkur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. jan. 1925: Stefndur, Magnús Magnússon f. h. H/fj. „Defensor", greiði stefnandanum Jóni J. Bjarnasyni kr. 189,25 með 5 % ársvöxtum frá 11. júní f. á. til greiðsludags og kr. 100,00 í málskostnað, innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstarjettar samkvæmt áfrýjunarleyfi dags. 20. janúar þ. á. með stefnu útg. 5. febrúar s. l.

Af ástæðum þeim, er getur í forsendum hins áfrýjaða dóms, og fallist verður á í öllum aðalatriðum, og með því auk þess að því er ómótmælt haldið fram í málinu, af hálfu stefnda, að áfrýjandi hafi athugasemdarlaust tekið við lifrarmatsvottorðum hans og lagt þau til grundvallar við útreikning á lifrarhlut háseta sinna, enda tilkynt stefnda þegar matið átti að fara fram, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, með þeirri leiðrjettingu að nafn fjelagsins er, eftir því sem aðiljar hafa upplýst hjer í rjettinum, Fiskiveiðafjelagið Defensor en ekki h/f. Defensor eins og það áður hefir verið nefnt í málinu.

Málskostnað í hæstarjetti ber áfrýjanda að greiða stefnda með 200 krónum, en málinu hefir ekki verið gagnáfrýjað.

Framkvæmdarstjóra Magnúsi Magnússyni, er ekki mætti í sáttanefnd við sáttaumleitun í málinu, ber að greiða sekt samkv. tilsk. 11. ágúst 1819. Ákveðst sektin 20 krónur til ríkissjóðs og greiðist innan 14 daga frá birtingu dóms þessa, en 2 daga einfalt fangelsi komi í sektarinnar stað, sje hún eigi greidd á rjettum tíma.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandi, Magnús Magnússon f. h. Fiskiveiðafjelagsins Defensor, greiði stefnda, Jóni J. Bjarnasyni, kr. 189,25 með 5 % ársvöxtum frá 11. júní 1924 til greiðsludags og krónur 100,00 í málskostnað í hjeraði og kr. 200,00 í málskostnað í hæstarjetti.

Magnús Magnússon framkvæmdarstj. greiði innan 14 daga frá birtingu þessa dóms 20 króna sekt í ríkissjóð, en sæti 2 daga einföldu fangelsi sje sektin ekki greidd á rjettum tíma.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 19. júní f. á. af Jóni Bjarnasyni, Þingholtsstræti 8 B gegn framkvæmdarstjóra h/f. „Defensor" hjer í bænum, Magnúsi Magnússyni, fyrir fjelagsins hönd til greiðslu á kr. 189,25 fyrir mælingu og mat á 757 fötum af lifur úr b/v. „Gylfa" á fyrra helmingi ársins 1924, með 5 % ársvöxtum frá sáttakærudegi 11. júní f. á. til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu með kr. 330,00.

Stefndur hefir mótmælt kröfum stefnanda í málinu og krafist sýknu af þeim.

Málavextir eru þeir að 22. september 1923 gjörðu stjórnir „Fjelags íslenskra botnvörpuskipaeigenda“ og „Sjómannafjelags Reykjavíkur“ með sjer samninga um ráðningakjör háseta, matsveina og kyndara á botnvörpuskipum þeim, sem eru í hinu fyrnefnda fjelagi, fyrir tímabilið frá undirskriftardegi til 1. október 1924, en þó aðeins meðan botnvörpuskipin stunduðu ís- eða saltfisksveiðar. Í 2. gr. samnings þessa er svo ákveðið að skipverjar skuli auk umsamins kaups fá aukaþóknun er vera skuli 25 krónur fyrir hvert fult fat lifrar, er sje flutt í land úr skipinu. Í 4. gr. samningsins er svo ákveðið að leggi skipið afla sinn hjer á land, skuli lifrin mæld að viðstöddum umboðsmanni „Sjómannafjelagsins“. „Skal hann útnefndur af „Sjómannafjelaginu“ en samþyktur af „Fjelagi íslenskra botnvörpuskipaeigenda“, enda vilja útgerðarmenn ganga inn á að greiða laun hans með 25 — tuttugu og fimm — aurum fyrir hvert fat lifrar, sem flutt er á land“. Síðar í greininni er svo ákveðið að skipverjum skuli greidd 80 % af ákveðinni aukaþóknun, miðað við fjölda þeirra fata lifrar, sem frá borði eru flutt en afgangurinn að loknu mati og að umboðsmanni „Sjómannafjelagsins“ skuli tilkynt með alt að tveggja daga fyrirvara hvenær hans sje óskað að vera viðstaddur mat á lifrinni, en hafi hann enga tilkynningu fengið innan 6 daga frá því lifrin var flutt frá borði, skuli aukaþóknum skipverja greidd af tunnutali því, er á land hafi verið flutt.

Á fundi í „Sjómannafjelaginu“ í janúarmánuði 1924 var stefnandinn í þessu máli kosinn lifrarmatsmaður með 163 atkvæðum og tilkynti stjórn fjelagsins stjórn hins fjelagsins þessa kosningu í brefi dags. 21. janúar 1924 og að stjórn „Sjómannafjelagsins“ væntist samþykkis stjórnar hins fjelagsins á kosningu þessari hið fyrsta. Hinn 17. febrúar 1924 tilkynti stjórn „Sjómannafjelagsins“ stefnanda kosningu hans og ákvað að hann skyldi taka til starfa daginn eftir, og þar sem henni hafði þá ekkert svar borist frá stjórn hins fjelagsins við brjefi hennar frá 21. janúar, ritaði hún stjórn botnvörpuskipaeigenda fjelagsins annað brjef sama dag, og hvaðst líta svo á, að þar sem engin skrifleg mótmæli hefðu komið henni í hendur gegn kosningu lifrarmatsmannsins, þá skoðaði hún þögn fjelagsins, sem samþykki á kosningunni og tilkynti að hinn nýkosni lifrarmatsmaður tæki við starfinu frá og með næsta degi en í brjefi dags. 13. s. m. hafði stjórn botnvörpungafjelagsins tilkynt stjórn sjómannafjelagsins að maður sá, er gegnt hafði lifrarmatsstarfinu áður, og kosinn hafði verið

eftir eldra samningi milli fjelaganna, hefði að áliti botnvörpuskipaeigendanna leyst starfa sinn vel og óaðfinnanlega af hendi, og þætti stjórninni því í þetta sinn rjett að neyta rjettar síns samkv. 4. gr. samningsins frá 22. september 1923 og samþykkja ekki kosningu stefnanda. Urðu síðan nokkrar brjefaskriftir milli stjórnanna um málið og hjelt stjórn „Sjómannafjelagsins“ fast við tilnefningu stefnanda sem lifrarmatsmanns, þar sem engin rökstudd andmæli hefðu komið fram gegn honum, en hin stjórnin skrifaði henni 11. mars f. á. að meðan svo stæðu sakir, að engin löglegur lifrarmatsmaður væri, hefði verið samþykt á fjelagsfundi, með öllum greiddum atkvæðum, að stefnanda yrði ekki greidd þóknun frá skipum fjelagsmanna, jafnvel þótt hann kæmi til að framkvæma þar mat á lifur. Stefnandi tók hins vegar til starfa sem lifrarmatsmaður, og hafa botnvörpuskipaeigendur, þar á meðal h/fj. „Defensor“ ómótmælt tekið við mats- og mælingarvottorðum frá honum og bygt á þeim í viðskiftum sínum við skipsverja og lifrarkaupmenn, og ýmsir útgerðarmenn, sem eru í „Fjelagi íslenskra botnvörpuskipaeigenda“ greitt honum þóknun þá fyrir starf hans, sem tiltekin er í samningnum frá 22. september 1923.

Sýknukröfu sína í málinu byggir stefndur á því, að tilnefning „Sjómannafjelagsins“ á stefnanda sem liframatsmanni hafi ekki fengist samþykt af hinn fjelaginu og eigi hann því ekki kröfu til þóknunar þeirrar frá útgerðarmönnum, sem greinir um í 4. gr. áðurnefnds samnings, því það skilyrði vanti að hann sje samþyktur af botnvöpungaeigendafjelaginu.

Stefnandi leggur áherslu á það, að „Sjómannafjelagið“ eigi eftir samningnum að útnefna lifrarmatsmanninn, og að ákvæðið um samþykki á honum af hinu fjelaginu sje sett til tryggingar því, að aðeins hæfur maður til starfans verði útnefndur. Nú hefir „Sjómannafjelagið“ ekki fundið neitt að hæfileikum stefnanda sem lifrarmatsmanns, en ástæða þess til að neita að samþykkja hann hafi verið sú ein, að það fjelag vildi að maður sá, sem áður hafði stöðuna á hendi, hjeldi henni og framvegis. Ef botnvörpueigendafjelagið gæti af einskis verðum ástæðum neitað að samþykkja þá menn, sem „Sjómannafjelagið“ útnefndi til starfans, þá gæti það fjelag með einhliða breytni sinni gjört það að verkum að ákvæðin um lifrarmatsmanninn í samningnum kæmu ekki til framkvæmda, og væri því undanfærsla botnvörpueigendafjelagsins frá því að samþykkja stefnanda markleysa, enda of seint fram komin, og loks

hafði stefndur með því að þiggja mat af stefnanda, taka við mats- og mælingarvottorðum hans og byggja viðskifti sín við skipverja og lifrarkaupmenn á þeim, beinlínis undirgengist að greiða honum kaup fyrir verkið.

Samningurinn frá 22. september 1923 ber þess ljósan vott að ákvæði hans um lifrarmatsmanninn eru tekin upp í hann að tilhlutun „Sjómannafjelagsins“ og til hagsmuna sjerstaklega fyrir það. Lifrarmatsmaðurinn er „umboðsmaður“ þess fjelags og því er áskilinn ótvíræður rjettur til að ráða vali hans, þar sem það á að útnefna hann, en útgerðarmenn „vilja ganga inn á að greiða laun hans“. Hinsvegar er botnvörpuskipaeigendafjelaginu áskilinn rjettur til að samþykkja val mannsins, auðvitað til tryggingar því, að jafnan verði hæfur maður í stöðunni, er bæði fjelögin geti treyst og sje starfinu vaxinn. Verður undanfærsla þess fjelags frá því að samþykkja val eða útnefningu mannsins því að áliti rjettarins að byggjast á því, að hinn útnefndi maður einhverra hluta vegna sje óhæfur til starfans, en ekki t. d. eins og átti sjer stað á því, að annar hæfur maður hafi áður gegnt starfanum er botnvörpuskipaeigendafjelagið álíti að eigi og óski eftir að haldi starfinu áfram, því þá væri rjettur „Sjómannafjelagsins“ eftir samningnum til þess að útnefna o: velja manninn skertur umfram það, sem eðli málsins og þörf krefur. Í samningnum er ekkert ákvæði um það, hvernig fara skuli að, ef fjelögin komi sjer ekki saman um manninn, þannig að botnvörpuskipaeigendur vilji ekki samþykkja nein þann mann sem „Sjómannafjelagið“ útnefnir. Hlýtur það að stafa af því, að semjendur hafi gengið út frá því að slíkt geti ekki komið fyrir, en það álit þeirra aftur að byggjast annarsvegar á því, að mótmæli sem bygðust á öðru en því, að maðurinn væri ekki starfinu vaxinn væru marklaus, og að „Sjómannnafjelagið“ myndi hinsvegar ekki halda fast við útnefningu manns, er með rökum væri sýnt fram á, að ekki væri starfinu vaxinn. Hitt getur hinsvegar ekki hafa verið meining semjenda, að botnvörpuskipaeigendafjelagið gæti með ástæðulausri undanfærslu frá því að samþykkja útnefningu lifrarmatsmannsins komið því til leiðar, að ákvæðin um hann í samningnum kæmust eigi í framkvæmd. Rjetturinn verður því að telja undanfærslu botnvörpuskipaeigendafjelagsins frá því að samþykkja útnefningu stefnanda sem lifrarmatmanns ekki á rökum bygða eftir því sem málið liggur fyrir, og honum því bera rjettur til kaups þess, sem ákveðið er í samningnum frá 22. septem- 1923 og verður þá að taka til greina kröfu hans um dóm yfir

stefndum fyrir hinni umstefndu upphæð, sem ekki hefir verið mótmælt sjerstaklega, með vöxtum eins og krafist er og málskostnaði.

Umboðsmaður stefnanda hefir gjört kröfur til svo hás málskostnaðar sem að framan greinir með tilliti til þess, að hjer sje um „princip"-mál að ræða og hafi því úrslit þess áhrif á úrslit fleiri mála en þess, sem hjer liggur fyrir.

Umboðsmaður stefnds hefir mótmælt því, að umbjóðanda hans eigi að svíða undan því, þótt svo sje, og verður rjetturinn að telja þau mótmæli á rökum bygð. Þykir málskostnaður sá, sem stefndur á að greiða stefnanda, eftir atvikum nægilega hátt ákveðinn 100 krónur.

Föstudaginn 23. apríl 1926.

Nr. 27/1926. **Valdstjórnin** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Jóni Jónssyni, Wilhelm Schekat, Carl Poul Max Becker, og Adolf Michelsen (Guðm. Ólafsson).

Brot á aðflutningsbannslögunum.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 13. mars 1925: Kærður, Jón Jónsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í tvo mánuði og greiði 3000 króna sekt í ríkissjóð, er afplánist með 80 daga einföldu fangelsi, sje hún ekki greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Kærðir, Wilhelm Schekat, Carl Poul Max Becker og Adolf Michelsen, sæti hver um sig einföldu fangelsi í tvo mánuði og greiði hvor um sig 2000 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist með 65 daga einföldu fangelsi, sje hún ekki greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

E/S. „Siegfried" frá Hamborg, svo og hið ólöglega innflutta áfengi á að vera upptækt og eign ríkissjóðs.

Kærðir, Jón Jónsson, Wilhelm Schekat og Adolf Michelsen, greiði hver um sig kostnaðinn við gæsluvarðhald sitt. Allan

annan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað greið allir hinir kærðu einn fyrir alla og allir fyrir einn.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Af ástæðum þeim, sem teknar eru fram í hinum áfrýjaða lögreglurjettardómi ber að staðfesta hann, þó með þeirri breytingu, að fangelsisrefsing kærða Jóns Jónssonar ákveðst þriggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og fangelsisrefsing Carl Poul Max Becker tveggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Fresturinn til greiðslu sekta allra hinna kærðu telst frá birtingu dóms þessa. Hinir kærðu greiði hver um sig gæsluvarðhaldskostnað sinn, og einn fyrir alla og allir fyrir einn skulu þeir greiða allan kostnað sakarinnar í hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda 150 kr. og verjanda 100 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða lögreglurjettardómi skal óraskað, þó þannig, að kærði Jón Jónsson sæti þriggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og kærði Carl Poul Max Becker sæti tveggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Fresturinn til greiðslu sektanna telst frá birtingu dóms þessa.

Hinir kærðu Jón Jónsson, Wilhelm Schekat, Carl Poul Max Becker og Adolf Michelsen greiði hver um sig gæsluvarðhaldskostnað sinn, og einn fyrir alla og allir fyrir einn greiði þeir allan kostnað sakarinnar í hæstarjetti þar með

talið málflutningskaup til sækjanda kand. jur. Stefáns Jóh. Stefánssonar 150 kr. og til verjanda hæstarjettarmálflutningsmanns Guðmundar Ólafssonar 100 kr.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Sunnudaginn 7. þ. m. kom eimskipið „Siegfried“ frá Hamborg, einkennisbókstafir A. J. W. V. inn á Vogavík í Gullbringusýslu og lagðist þar uppi undir landi á 5 faðma dýpi. Skipið skaut báti í land, án þess að fullnægja fyrirmælum sóttvarnarlaganna, og voru í honum 6 menn, þar á meðal Íslendingurinn Jón Jónsson, áður bryti, til heimilis á Klapparstíg 19 hjer í bænum, 27 ára að aldri. Gekk hann rakleiðis til Hafnarfjarðar og kom í bifreið þaðan hingað til bæjarins um kvöldið. Í Vogavík hvesti og brimaði svo, að báturinn komst ekki út í skipið aftur. Þótti ferðalag skipsins grunsamlegt svo hlutaðeigandi hreppstjóri gjörði sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu aðvart um það, en hann aftur stjórnarráðinu. Sýslumaðurinn ljet sækja mennina til Vogavíkur og setja í sóttvarnarhald í Hafnarfirði en hingað voru þeir fluttir daginn eftir. Stjórnarráðið fjekk varðskipið „Fylla“ til þess að fara á vettvang. Kom það til Vogavíkur aðfaranótt mánudagsins, og er það sýndi sig að skip þetta hafði áfengi innanborðs, tók varðskipið það fast og kom með það hingað á mánudaginn og byrjaði rannsókn þessa máls þá um kvöldið.

Við rannsóknina kom það í ljós að farmur e/s. „Siegfried“ var:

1665	10 lítra dunkar	með	spiritus,
60	heilflöskur	með	»cognac«,
126	——	—	»rommi«,
273	——	—	»Whisky«.

Annan eða meiri farm hafði skipið ekki meðferðis og fyrir honum hafa engin farmskjöl fundist og allir hlutaðeigendur hafa neitað að hafa eða hafa orðið varir við slík skjöl.

Skipsböfnin var ráðin til ferða um Norður- og Austursjóinn eftir því sem hún hefir borið og á skipshafnarskránni stendur og er ekki ástæða til að ætla, að hún hafi ætlað sjer að hjálpa til

áfengisflutnings hjer til landsins. Hinsvegar eru 4 menn af þeim sem á skipinu voru, riðnir við áfengisinnflutninginn og er því mál þetta höfðað gegn þeim fyrir brot gegn aðflutningsbannslögunum og sóttvarnarlöggjöfinni.

Framannefndur *Jón Jónsson* hefir kannast við það, að hann hafi í Hamborg komist í samband við mann, að nafni dr. Hartmann, sem eftir því sem upplýst er í málinu, mun vera í fjelagi því „Nordische Seefischerei" í Hamburgh", sem á e/s. „Siegfried", og eiga farminn eða hafa haft umráð yfir honum. Samdist svo um með þeim, að Jón skyldi kaupa allan farminn, er hingað kæmi, og átti hann að kosta 80 þúsund íslenskar krónur allur, en gæti hann ekki keypt allan farminn, lofaði hann að hjálpa til að selja hann hjer og átti Jón þá að borga 5 krónur fyrir spiritus líterinn. Hann kveðst hafa borgað dr. Hartmann 100 sterlingspund upp í áfengið í Hamborg og samþykt 3000 íslenskra króna víxil í sama skyni, er greiðast átti hjer í Reykjavík 14 dögum eftir sýningu. Jón var farþegi á „Siegfried" hingað upp og fór í land með þeim hætti, sem að framan er frá skýrt, til þess að vita, hve mikið hann gæti keypt af farminum sjálfur og hve mikið selt öðrum, og átti „Siegfried" að bíða hans á Vogvík. Hann hefir skýrt svo frá, að svo hafi verið umtalað í Hamborg, að skipið færi með það af farminum til Noregs og seldi þar, sem ekki seldist hjer. Jón var tekinn fastur af lögreglunni á mánudaginn, honum úrskurðað gæsluvarðhald um kvöldið og hefir hann setið í því síðan.

Wilhelm Schekat, fæddur 27. september 1894 í Þýskalandi, heimilislaus, hefir kannast við það, að hann beri ábyrgð á ferðalagi e/s. „Siegfried", því annar skipstjóri sje ekki á skipinu. Hann hefir og kannast við það, að hann hafi vitað, að farmur skipsins var áfengi og fengið að vita áður en skipið fór frá Cuxhaven, að ferðinni væri heitið til Íslands, og að útgerðarmaður þess hafi á kortinu bent sjer á Vogavík sem ákvörðunarstað skipsins. Hann hefir haldið því fram að hann hafi ekkert átt að hafa með farminn að gera. Fyrst skýrði hann svo frá, að samkærður Carl Becker hefði sagt sjer, að útgerðarmaður „Siegfried" ætti farminn en hann (Becker) hefði umráðin yfir honum fyrir hans hönd, síðar í prófunum gekk hann frá þessum framburði og kvað útgerðarmanninn hafa sagt sjer þetta. Loks gekk hann frá því í síðasta rjettarhaldinu að hann hefði sagt nokkuð um það, hver hefði umráð yfir farminum. Nafn hans stendur

ekki á skipsskjölunum sem skipstjóra, heldur nafn manns, sem upplýst er í málinu að var skipstjóri á „Siegfried", þar til skipið fór í þessa ferð. Schekat fór í land í bátnum í Vogavík og var honum úrskurðað gæsluvarðhald á mánudagskvöldið og hefir hann verið í því síðan.

Kærður *Carl Poul Max Becker*, fæddur 6. september 1891 á Þýskalandi, til heimilis í Cuxhaven, hefir kannast við það, að hann sje stýrimaður á e/s. „Siegfried". Nafn hans stendur ekki á skipshafnarskránni og hefir hann skýrt svo frá, að ástæðan til þess sje sú, að hann hafi átt að vera skipstjóri á skipinu þessa ferð, en siglingapróf sitt verið svo ófullknmið, að hann hafi ekki mátt vera skipstjóri á skipi, er færi til Íslands; hafi hann því útvegað W. Schekat sem skipstjóra á ferðinni. Hann hafði umboð (rjettarskjal nr. 3) frá útgerðarfjelagi e/s. „Siegfried" til þess að vaka yfir ferðalagi skipsins og taka að sjer skipstjórnina, ef breytt væri frá reglum þeim, sem útgerðin hefði sett, sjerstaklega ef farið væri inn fyrir landhelgislínuna. Hann skoðaði og kallaði skipshöfnin skipsstjóra en Schekat stýrimann. Hann hefir neitað því að hann hafi haft nokkur umráð yfir farminum, en sú neitun kemur í bág við umboð það sem hann hefir sjálfur afhent rjettinum.

Kærður *Adolf Michelsen* fæddur 15. október 1903 á Þýskalandi, til heimilis í Hamborg, er lögskráður á e/s. „Siegfried" sem „super cargo" enda hefir hann skýrt svo frá, að dr. Hartmann, Hamburg 5, Kirchenstrasse 43, eigi eða sje umráðamaður farmsins í „Siegfried" en hann sjálfur hafi haft umráð farmsins fyrir hans hönd. Hann hefir kannast við, að hann hafi átt að selja farminn fyrir dr. Hartmann og að dr. Hartmann hafi treyst sjer til að koma með peningana fyrir farminn. Í síðasta rjettarprófinu vildi hann þó halda því fram, að hann hafi ekki átt að hafa með sölu farmsins að gera, heldur aðeins taka á móti borguninni, en það kemur í bág við framburð hans sjálfs áður og framburði hinna annara kærðu.

Hinir kærðu Becker og Michelsen fóru ekki í land í Vogavík en komu á skipinu hingað. Hinn fyrnefndi hefir verið í skipinu síðan og vörður á því. Hinum síðarnefnda var úrskurðað gæsluvarðhald 9. þ. m. og hefir hann verið í því síðan.

Kærður Jón Jónson hefir tvívegis áður verið sektaður fyrir ólöglegan innflutning áfengis, í fyrra sinnið 29. september 1919

um 600 krónur og í síðara sinnið 6. júní 1923 um 500 krónur og hefir hann greitt þær sektir.

Það hefir ekki orðið upplýst að hinir aðrir kærðir hafi gerst sekir um brot á aðflutningsbannslöggjöfinni íslensku.

Rjetturinn verður að telja alla hina kærðu með framangreindu framferði sínu hafa gerst brotlega gegn 1. gr. l. nr. 15, 1925 og þá Jón Jónsson og W. Schekat auk þess einnig gegn 1. gr. l. nr. 31, 1923.

Refsing sú, sem kærður Jón Jónsson hefir unnið til eftir 13. gr. laganna frá 1925 og 27. gr. l. nr. 34, 1902, þykir hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í tvo mánuði og 3000 króna sekt í ríkissjóð, er afplánist með 80 daga einföldu fangelsi sje hún eigi greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Refsing kærðs W. Schekat eftir sömu lagagreinum þykir hæfilega ákveðin einfalt fangelsi í tvo mánuði og 2000 króna sekt í ríkissjóð, er afplánist með 65 daga einföldu fangelsi sje hún ekki greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Refsing kærðu Carl Becker og Adolf Michelsen eftir 13. gr. laga nr. 15, 1925 hvors um sig, þykir hæfilega ákveðin einfalt fangelsi í tvo mánuði og 2000 króna sekt í ríkissjóð, er afplánist með 65 daga einföldu fangelsi sje hún ekki greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 13. gr. laganna frá 1925 verður að dæma e/s. „Siegfried" frá Hamburg og áfengi það, er í því var ólöglega innflutt upptækt og eign ríkissjóðs.

Hinir kærðu Jón Jónsson, W. Schekat og Adolf Michelsen greiði hver um sig kostnaðinn við gæsluvarðhald sitt. Allan annan af málinu löglega leiddan og leiðandi kostnað greiði allir hinir kærðu in solidum.

Á rekstri málsins hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 30. apríl 1926.

Nr. 61/1925. **Tryggvi Þórhallsson**
(Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Sigurði Sigurðssyni og gagnsök
(Guðm. Ólafsson).

Meiðyrðamál.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. maí 1925: Framangreind meiðandi ummæli eiga að vera dauð og ómerk.

Stefndur, Tryggvi Þórhallsson, greiði 100 kr. sekt í ríkissjóð eða sæti 12 daga einföldu fangelsi ef sektin er eigi öll greidd í tækan tíma.

Stefndur greiði stefnanda, Sigurði Sigurðssyni, kr. 1000,00 í skaðabætur fyrir álitsspjöll og kr. 100,00 í málskostnað, innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Meiðyrðamáli þessu hefir verið áfrýjað af hálfu aðaláfrýjanda með stefnu dags. 26. nóvbr. f. á. og af hálfu gagnáfrýjanda með stefnu dags. 14. jan. þ. á., að fengnu uppreistarleyfi dags. 13. s. m.

Af ástæðum þeim, er greinir í hinum áfrýjaða dómi, verður að telja þar greind ummæli meiðandi og móðgandi fyrir gagnáfrýjanda, og þykir refsingin fyrir þau hæfilega ákveðin af undirdómaranum 100 kr. sekt til ríkissjóðs og komi í stað sektarinnar 10 daga einfalt fangelsi, ef hún er eigi greidd á rjettum tíma.

Ákvæði dómsins um ómerkingu hinna átöldu ummæla skal óraskað.

Hin átöldu ummæli eru að vísu löguð til þess að spilla áliti manna á starfshæfileikum gagnáfrýjanda, en með því að hann hefir eigi sannað eða gert sennilegt að þau hafi í raun og veru bakað honum tjón, verður skaðabótakrafa hans eigi tekin til greina.

Ákvæði undirrjettardómsins um málskostnað í hjeraði samþykkist, en málskostnaður í hæstarjetti á að falla niður.

Því dæmist rjett vera:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um ómerking hinna átöldu ummæla skal óraskað.

Aðaláfrýjandi Tryggvi Þórhallsson greiði 100 kr. sekt í ríkissjóð eða sæti 10 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi greidd innan 14 daga frá birting dóms þessa.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda Sigurði Sigurðssyni 100 kr. í málskostnað í hjeraði en málskostnaður í hæstarjetti fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Í 48. tbl. 8. árg. vikublaðsins „Tímans", sem kom út hjer í bænum 29. nóvember f. á., eru í ritstjórnargrein, með fyrirsögninni: „Samband kaupfjelaganna á Íslandi", svofeld ummæli:

„Heyr á endemi:

Og þó kaupmenn fái til þessarar þjónustu mann, sem eitt sinn starfaði fyrir samvinnufjelögin, en þau ljeta fara frá sjer af því hann var gersamlega óhæfur til þess starfa, þá kemur það fyrir ekki".

Ummælum þessum taldi stefnandi máls þessa, Sigurður Sigurðsson frá Kálfafelli, beint að sjer, og höfðaði hann, eftir árangurslausa sáttaumleitun mál þetta með stefnu útgefinni 12. janúar s. l., gegn stefndum, ritstjóra „Tímans", Tryggva Þórhallssyni í Laufási, hjer í bænum. Hefir stefndi gjört þær kröfur í málinu að ofangreind ummmæli verði dæmd dauð og ómerk, að stefndur verði dæmdur fyrir þau í þyngstu refsingu er lög leyfa, og að stefndur

verði dæmdur til að greiða sjer kr. 2000,00 í skaðabætur fyrir atvinnuspjöll. Svo hefir hann og krafist málskostnaðar að skaðlausu eftir mati rjettarins.

Stefndur hefir krafist sýknu af framangreindum kröfum stefnanda og málskostnaðar eftir mati rjettarins.

Stefndur hefir viðurkent að hinum umstefndu ummælum sje beint að stefnanda að undanteknum þremur fyrstu smá orðunum (Heyr á endemi), sem hann kveður eiga við það sem á undan er komið í greininni, og verður rjetturinn að fallast á að svo sje, og koma þau orð því ekki til álita í þessu máli.

Stefndur byggir sýknukröfu sína á því, að ummælin sjeu algjörlega ósaknæm. Með þeim sje ekki dróttað neinu óheiðarlegu nje ósæmilegu að stefnanda, heldur aðeins sagt að hann sje óhæfur til ákveðins starfa, sem hann vinni nú ekki lengur að. Þá heldur hann og því fram, að með ummælunum sjeu engin verðmæti skert, svo að útilokað sje að stefnandi hafi beðið eða geti beðið nokkurt fjárhagslegt tjón af þeim. Hinsvegar hefir stefndur engar sönnur fært á það, að ummælin sjeu rjett. Hafa báðir aðiljar lagt fram vottorð frá ýmsum mönnum, máli sínu til stuðnings, en þar sem þeim hefir öllum verið mótmælt af gagnaðiljanum sem röngum og óstaðfestum utanrjettarvottorðum, og ekkert þeirra hefir verið staðfest fyrir rjetti, verður ekkert tillit tekið til þeirra í málinu.

Af skjölum málsins má sjá, að stefnandi hefir búið sig sjerstaklega undir verslunarstarfsemi erlendis og kynt sjer samvinnumálefni, gengið síðan í þjónustu samvinnufjelaganna hjer og starfað hjá þeim bæði sem afgreiðslumaður hjá „Sambandi íslenskra samvinnufjelaga", kaupfjelagsstjóri hjá „Kaupfjelagi Reykvíkinga" og kennari við „Samvinnuskólann". Jafnframt má og sjá að stefnandi starfar nú eigi lengur hjá samvinnufjelögunum, en ekkert í málinu bendir til þess að hann hafi verið „látinn fara" úr þjónustu þeirra. Þvert á móti má telja það viðurkent af stefndum að stefnandi hafi sagt upp starfi því er hann síðast hafði hjá samvinnufjelögunum.

Rjetturinn verður nú að líta svo á, að þau ummæli stefnds að stefnandi sje gersamlega óhæfur til starfs, sem hann hafði aflað sjer sjerstakrar mentunar til og starfað að, og sem hann hefir fullyrt að sjer sje hugleikið að starfa að í framtíðinni og þó sjerstaklega þau orð að samvinnufjelögin hafi látið hann fara frá sjer af þessari ástæðu, sjeu svo móðgandi fyrir stefnanda, að saknæmt

sje eftir 219. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869, og þar eð stefndur hefir ekki rjettlætt ummælin ber að dæma þau dauð og ómerk og stefndan í refsingu fyrir þau, er þykir hæfilega ákveðin 100 króna sekt, sem renni í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar, ef hún er ekki greidd á rjettum tíma, 12 daga einfalt fangelsi.

Að því er tekur til kröfu stefnanda til skaðabóta fyrir atvinnuspjöll, þá verður rjetturinn einnig að fallast á þá skoðun hans, að ummælin sjeu þannig löguð, að þau hljóti að spilla mjög áliti manna á starfshæfileikum stefnanda, og það því fremur sem þau birtast í víðlesnu opinberu blaði og áhrifamiklu hjá samvinnufjelöguuum. Og þar sem taka verður þá staðhæfingu trúanlega, að hann hafi í hyggju að starfa hjá samvinnufjelögum í framtíðinni, sem einnig styðst við það, að hann hefir aflað sjer sjerstakrar mentunar á því sviði, þá ber að dæma stefndan til að greiða stefnanda bætur fyrir álitsspjöll, sem eftir atvikum virðast nægilega hátt ákveðnar kr. 1000,00.

Eftir þessum úrslitum þykir hæfilegt að stefndur greiði stefnanda kr. 100,00 upp í málskostnað.

Föstudaginn 30. apríl 1926.

Nr. 64/1924. **Rjettvísin** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Birni Sveinssyni (Guðm. Ólafsson) **og**
Skúla Thorarensen (Björn P. Kalman).

Brot gegn 13. kap. hegningarlaganna.

Dómur aukarjettar Reykjavíkur 15. nóv. 1924: Ákærði Björn Sveinsson sæti 40 daga, en ákærði Skúli Thorarensen 30 daga, fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. En fullnustu refsingar beggja skal frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39, 16. nóv. 1907 eru haldin.

Ákærðu greiði — annar fyrir báða og báðir fyrir einn — skaðabætur til ríkissjóðs 900 kr. Ennfremur greiði ákærði Björn Sveinsson varðhaldskostnað sinn og skipuðum talsmanni sínum hrj.mflm.

Guðmundi Ólafssyni 100 kr. í málsvarnarlaun. Ákærði Skúli Thorarensen greiði varðhaldskostnað sinn og skipuðum talsmanni sínum hrj.mflm. Pjetri Magnússyni 100 kr. í málsvarnarlaun Að öðru leyti greiði ákærðu in solidum allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Með úrskurði hæstarjettar 3. júní f. á., var lagt fyrir rannsóknardómarann að útvega ýms nánar tilgreind gögn í máli þessu og framhalda rannsókninni. Þetta hefir verið gjört og hafa gögn þessi ásamt framhaldsprófum verið lögð fram hjer í rjettinum. Málið hefir verið rekið skriflega samkvæmt 2. lið 38. gr. hæstarjettarlaganna.

Ákærðu, Björn Sveinsson og Skúli Thorarensen, gegndu, hinn fyrnefndi starfanum sem forstöðumaður og hinn síðarnefndi starfanum sem gjaldkeri við smásöludeild áfengisverslunar ríkisins í Reykjavík, frá því í ágústmánuði 1922 og til þess, er þeim var vikið frá í marsmánuði 1924. Forstjóri áfengisverslunar ríkisins rjeði báða hina ákærðu til þessara starfa og er það upplýst, að við hvorugan þeirra var gerður skriflegur ráðningarsamningur og að hvorugum þeirra var fengið neitt erindisbrjef um starf þeirra, en forstjórinn tjáist hafa sett þeim þær reglur um starfrækslu verslunarinnar, er getur í undirrjettardóminum og hafa ákærðu að öllu verulegu kannast við, að svo hafi verið. Auk þessa var reglur um starfrækslu verslunarinnar að finna í reglugjörð nr. 65. 18. júlí 1922, sem að vísu eigi var birt ákærðu sjerstaklega, en birt í stjórnartíðindunum. En að því leyti, sem þessar reglur ná ekki til verður um starf hinna ákærðu og starfsvið þeirra hvors gagnvart öðrum að hafa

hliðsjón af starfsreglum og verkaskiftingu slíkra starfsmanna við lík fyrirtæki.

Ákærði Björn Sveinsson átti samkvæmt stöðu sinni að bera fullá ábyrgð á öllum rekstri smásölunnar, bæði vera í ábyrgð fyrir öllu fje verslunarinnar og sem yfirmaður hinna verslunarmannanna sjá um að verslunin væri rekin samkvæmt settum reglum.

Þegar ákærði Björn Sveinsson í janúarmánuði 1924 gerði upp reikning verslunarinnar fyrir árið 1923 kom í ljós, að vöntun var. Samkvæmt reikningsskilum þeim, er hann afhenti forstjóra áfengisverslunarinnar, nam vöntunin 20872 kr. 16 a., en við reikningsendurskoðun, er þá þegar fór fram reyndist hún að vera mun meiri og eftir að ábyggileg talning á vörubirgðunum hafði farið fram 1. febr. 1924 og reikningar gerðir upp á grundvelli þeirrar talningar má telja það upplýst, að vöntunin sje kr. 27455,10.

Af vöntun þessari má telja það upplýst, að kr. 3200,00 sje sjóðþurður, er telja verður ákærða Birni Sveinssyni til ábyrgðar, og stafar sumpart af því, að ákærðu höfðu, er reikningsgjörðin fór fram, lánað starfsmönnum verslunarinnar kr. 2300,00 eins og getur um í VII. lið undirrjettardómsins, en sumpart af því að vantaði í peningaskáp útsölunnar, að sögn ákærða Björns Sveinssonar, 900 kr. af því fje, sem gjaldkerinn kvaðst hafa látið í skápinn og með þeim atvikum, sem skýrt er frá í V. lið undirrjettardómsins. Að öðru leyti er ekkert upplýst um það hvernig á vöntun þessari stendur, hvort hún stafar af því að innkomnir peningar hafa horfið, vörur verið teknar af birgðum smásölunnar eða yfirleitt með hvaða hætti fje þetta hefir farið forgörðum, sbr. undirrjettardóminn undir VIII. lið.

Það er ennfremur sannað með eigin játningu

Björns Sveinssonar, að hann hefir samið rangan lista yfir birgðir smásölunnar í árslok 1923 og látið hann fylgja reikningsskilum sínum og var rangfærslan í því fólgin að birgðirnar voru taldar að minsta kosti c. 5400 kr. meiri en þær höfðu reynst við talningu og var þetta sumpart gjört til að dylja sjóðþurð þann, er að ofan getur og sumpart að sögn ákærða til að gjöra fyrir tapi, er reynast kynni á versluninni.

Þá er það og sannað, að það hafi verið samkomlag milli beggja hinna ákærðu, að Skúli Thorarensen færði röng nöfn í sölubækur sínar svo sem síðar segir.

Og loks má telja það sannað, að ákærði Björn Sveinsson hefir sýnt af sjer stórkostlegt hirðuleysi í starfi sínu. Þannig er það upplýst, *að* frá aprílmánaðarlokum 1923 ljet hann hætta að telja vínbirgðirnar mánaðarlega og búa til mánaðarreikning og hefir reikningsleg endurskoðun þó sýnt, að þá þegar var orðin veruleg vöntun, *að* hann dögum saman hefir verið lítið eða ekkert á sölustaðnum og oft ekki til staðar að kvöldi þegar hann átti að veita peningum úr búðinni viðtöku, *að* hann hefir vitað og látið viðgangast, að sölumiðar voru ekki ritaðir yfir alt sem selt var og ekki allir sölumiðar, er ritaðir voru, færðir í dagbækurnar, en þetta hvortveggja hafði það í för með sjer, að aðhald og eftirlit með því, að full skil yrðu gjörð fyrir öllu því selda varð ómöglegt, *að* sölubækurnar voru hirðulauslega taldar saman og *að* hætt var við að rita spjaldskrána yfir kaupendur, svo að engin tök voru á að framfylgja ákvæðum reglugjörðar 18. júlí 1922 um hve mikið mætti selja hverjum kaupanda á mánuði.

Ákærði Skúli Thorarensen átti að kvöldi hvers dags að afhenda Birni Sveinssyni peninga þá, er guldust í sölubúðinni yfir daginn, hafa umsjón með búðar-

sölunni, færa sölubækur yfir alt, sem selt var, rita spjaldskrá yfir alla kaupendur og sjá um, að ákvæðum reglugjörðar 18. júlí 1922 um mánaðarskamt ofl. væri framfylgt.

Samanburður á sjóðbók Skúla við sjóðbók Björns sýnir nú, að Skúli hefir á hverjum degi allan tímann greitt til Björns það, er sjóðdagbók hans telur að goldist hafi í búðinni, þannig að á öllu tímabilinu munar að eins á tveimur daggreiðslum samtals 70 kr., er sjóðbók Björns telur minna greitt, en sjóðdagbók Skúla telur selt fyrir í sölubúðinni. Og er það ekki sannað að Skúli hafi tekið á móti meira fje, en sjóðdagbók hans greinir, að undanskildum áðurgreindum 900 kr. Skúla verður því ekki talinn til ábyrgðar meiri sjóðþurður eða vöntun en þessar 900 kr.

Enn er það sannað, að Skúli hefir verið í ráðum með Birni um að leyna þeim 3200 kr. sjóðþurði, sem áður var nefndur, með því að vera í ráðum um það, að vínbirgðirnar í árslok 1923 voru taldar hærri um þessa upphæð en þær voru. Og einnig er það upplýst, að hann hefir lánað smáupphæðir úr sjóði þeim, er hann hafði undir höndum.

Eins og nánar segir í undirrjettardóminum er það og sannað, að ákærði Skúli Thorarensen ljet oft farast fyrir að rita eða láta rita miða yfir söluna fyrir peninga út í hönd og að rita söluna jafnharðan inn í sjóðdagbókina. Varð þetta til þess, að jafnaðarlega var meira í sjóðnum að kvöldi en sjóðdagbók sýndi og færði hann þá það, sem umfram var, á nöfn annara er keypt höfðu og þá helst á nöfn þeirra, er vænta mátti, að ekki tækju fullan lögleyfðan mánaðarskamt. Var þetta gjört með ráði og samþykki Björns til þess að leyna því, að ákvæðum reglugjörðarinnar um hámarksskamt á mánuði var ekki framfylgt.

Auk þess að Skúli Thorarensen, svo sem fram hefir verið tekið, hefir vanrækt að rita eða láta rita sölumiða fyrir mjög miklu af því, er selt var, voru sölumiðar oft ekki ritaðir í dagbækurnar og heldur ekki nöfn kaupenda jafnóðum og salan fór fram. Sölubækurnar voru hirðulauslega taldar saman og sölumiðar rangt innfærðir og hætt var við, að færa spjaldskrá yfir kaupendur. Verður að telja alt þetta stórkostlegt hirðuleysi og vanrækslu í starfinu.

Þar sem smásala áfengisverslunarinnar var rekin fyrir reikning ríkissjóðs voru báðir hinir ákærðu fastir starfsmenn í þjónustu ríkisins, þeim var falin framkvæmd á ákvæðum í reglugjörð er stjórnarráðið hafði sett lögum samkvæmt og birt var í stjórnartíðindunum og staða hvors um sig afmörkuð og sjálfstæð innan vissra takmarka. Hinir ákærðu voru því báðir *sýslunarmenn* í þeirri merkingu, sem orð þetta hefir í 145. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Afbrot ákærða Björns Sveinssonar ber að heimfæra undir 136. gr. 135. gr. og 144. gr. allar samanbr. við 145. gr. hegningarlaganna og afbrot Skúla Thorarensen heyra undir 136. gr. 1. lið, 135. gr. sbr. 49. gr. og 144 allar samanb. við 145. gr. sömu laga, en með tilliti til þess að hinum ákærðu voru ekki fengin erindisbrjef og þeim var ekki á annan hátt bent á ábyrgð þá, er starfi þeirra var samfara og með því að ávirðingar þeirra að nokkru leyti stafa af eftirlitsleysi yfirboðara þeirra, ákveðst refsing Björns Sveinssonar þriggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og refsing Skúla Thorarensen mánaðar einfalt fangelsi.

Lán þau, er ákærðu veittu af fje verslunarinnar hafa verið endurgreidd og nemur hin raunverulega vöntun því kr. 25155,10. Fullra skaðabóta hefir verið

krafist og ber samkvæmt 302. gr. hegningarlaganna að dæma ákærða Björn Sveinsson til að greiða áfengisverslun ríkisins kr. 25155,10 og Skúla Thorarensen til að greiða in solidum með Birni 900 kr. af upphæðinni.

Málskostnaðarákvæði undirrjettardómsins skal óraskað. Hvor hinna ákærðu um sig greiði málflutningslaun til verjanda síns í hæstarjetti, 400 kr., en allan annan áfrýjunarkostnað málsins greiði þeir annar fyrir báða og báðir fyrir annan, þar með talin málflutningslaun til sækjanda 400 kr.

Það athugast, að það sjest ekki, að ákærða Birni Sveinssyni hafi verið gefinn kostur á að vera viðstaddur eiðfesting tveggja manna, er leiddir voru sem vitni í málinu.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði Björn Sveinsson sæti þriggja mánaðar fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og ákærði Skúli Thorarensen mánaðar einföldu fangelsi.

Ákærði Björn Sveinsson greiði áfengisverslun ríkisins kr. 25155,10 og af þeirri upphæð greiði Skúli Thorarensen in solidum með Birni 900 kr.

Um málskostnað skal undirrjettardóminum óraskað. Ákærði Björn Sveinsson greiði málsvarnarlaun, 400 kr., til talsmanns síns fyrir hæstarjetti, málaflutningsmanns Guðmundar Ólafssonar, og ákærði Skúli Thorarensen greiði verjanda sínum málaflutningsmannni Birni P.

Kalman 400 kr. í málsvarnarlaun fyrir hæstarjetti. Allan annan kostnað sakarinnar í hæstarjetti, þar með talin sóknarlaun til málaflutningsmanns Jóns Ásbjörnssonar, 400 kr., greiði hinir ákærðu báðir fyrir annan og annar fyrir báða.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með lögum nr. 62/1921 var ríkisstjórninni veittur einkarjettur frá 1. janúar 1922 til innflutnings vínanda og áfengis, sem heimilt var að flytja til landsins eftir aðflutningsbannslögunum nr. 91/1917, og rjettur til sölu á því til lyfsala og lækna og annara svo sem bannlögin heimiluðu. Samkvæmt lögunum var síðan sett á stofn Áfengisverslun ríkisins og skipaði stjórnin mann til að veita henni forstöðu og hafa á hendi eftirlit með lyfjabúðum landsins. Með lögum nr. 9 frá 31. maí 1922, sem gengu þegar í gildi, var svo ákveðið, að með konunglegri tilsk. mætti ákveða að vín, sem ekki eru í meira en 21 % af vínanda að rúmmáli skuli undanþegin ákvæðum bannlaganna og að reglugjörð skuli sett til varnar gegn misbrúkun við sölu og veitingar þessara vína. Var tilskipunin gefin út sama dag og lögin og samkvæmt henni reglugjörð 18. júlí 1922 um sölu og veitingar þessara vína. Í reglugjörðinni er áfengisverslun ríkisins falið að annast innflutning og sölu á vínunum til útsölustaða og annara, sem heimiluð var smásala, en í 5. gr. reglugjörðarinnar er svo fyrir mælt, að í Reykjavík hafi landsstjórnin sjálf smásöluna og hana fól stjórnin Áfengisversluninni, er rak smásöluna fyrst um sinn beint frá skrifstofu sinni, en opnaði í lok ágústmánaðar 1922 sjerstaka búð fyrir hana, og til þess að veita búð þessari forstöðu rjeð forstjóri Áfengisverslunarinnar ákærða Björn Sveinsson og til gjaldkerastarfsins þar meðákærða Skúla Thorarensen, hinn fyrrnefnda þó eftir bendingu og meðmælum frá þáverandi dómsmálaráðherra. Fjekk hvorugur þessara manna skipunarbrjef fyrir starfa sínum og eigi heldur neinn skriflegan ráðningarsamning. Erindisbrjef um framkvæmd starfsins og starfssviðs hvors um sig eða gagn-

vart hver öðrum fengu þeir heldur ekki, en forstjóri Áfengisverslunarinnar hefir skýrt frá (rskj. nr. 2), að þeim reglum, er nú skal greina, skyldi fylgt í útsölunni: „Vín eru þannig afhent frá heildsölunni til útsölunnar, að með hverri vínúttekt fylgir kvittunarseðill, þar sem öll vín eru sundurliðuð á, og kvittar útsalan þann seðil". En sala útsölunnar átti samkv. skýrslu forstjórans að fara þannig fram: „I. Sjerhver vínbeiðni til afgreiðslunnar er ritað á á nótu, sem er afhent gjaldkera. Eftir að hann hefur athugað spjaldskrána og fullvissað sig um, að kaupandi megi fá umbeðið vín, ritar hann á nótuna „greitt" og veitir peningunum um leið móttöku. Nótan er síðan færð inn í kassabók búðarinnar, sem daglega er gjörð upp, og eftir að hún er stemd við kassa búðarinnar, eru forstöðumanninum afhentir peningarnir. Skiftipeningar búðarinnar eru 50 krónur. II. Lánsverslunin fer fram á sama hátt, nema viðskiftamaðurinn verður færður í lánsviðskiftabókina, í staðinn fyrir kassabókina. Reikningar eru sendir út mánaðarlega, og greiðslur allar fara beint til forstöðumannsins, sem færir þetta sjerstaka bókhald. Birgðirnar áttu að teljast upp og bera þær saman við bókfærsluna á hverjum mánuði".

Hinn 26. jan. 1924 kom ákærði Björn Sveinsson til forstjóra Áfengisverslunarinnar með ársreikning útsölunnar fyrir árið 1923, og skýrði forstjóranum frá því, að reikningarnir sýndu vöntun að upphæð kr. 2082.16, sem hann vissi ekki hvernig stæði á. Við reikningslega rannsókn og vöruupptalningu, sem forstjórinn ljet þá framkvæma, kom það í ljós, að vöntunin nam í árslok kr. 23645.10 og við birgðatalning, sem fór fram 1. febr. þ. á. kom ennfremur fram halli í janúarmánuði, er taldist nema kr. 4160.25. Hinn 29. febr. þ. á. kærði forstjórinn málið, með brjefi stíluðu til lögreglustjóra en sem virðist hafa verið sent dómsmálaráðuneytinu, og kvaðst verða að gera ráð fyrir því, að vörum fyrir ofantaldar upphæðir hafi verið stolið úr útsölunni. Ráðuneytið afgreiddi málið frá sjer með brjefi dags. 8. mars þ. á., til lögreglustjóra og voru síðan haldin að tilhlutun hans lögregluþróf í málinu 14. s. m. og þau með brjefi dags. 24. s. m. send dómsmálaráðuneytinu, er næsta dag lagði fyrir bæjarfógetann að taka málið til rannsóknar. Hófust síðan rjettarpróf í málinu 1. n. m. sem var framhaldið af bæjarfógeta og fulltrúum hans uns hæstarjettarritara Birni Þórðarsyni með brjefi dómsmálaráðuneytisins, dags. 15. apríl þ. á., var sem setudómara falið að framhalda rannsókninni og fara með málið. Var síðan próf um í málinu framhaldið þar til útskrift af þeim var send dómsmálaráðuneytinu 14.

júlí þ. á. Með brjefi 16. sept. þ. á. fyrirskipaði ráðuneytið sakamálshöfðun gegn báðum hinum ákærðu fyrir brot gegn 13. kapítula hegningarlaganna og útaf öðrum brotum gegn sömu lögum sem þeir kynni að teljast sekir um eftir prófunum í málinu og gerir ráðuneytið kröfu til þess, að ríkissjóði verði tildæmdar fullar skaðabætur vegna vöntunarinnar af hendi ákærða Björns Sveinssonar eða af hendi þeirra beggja, hans og meðákærða Skúla Thorarensen. Eftir að frambaldspróf höfðu farið fram 18.—22. sept. var með stefnu, dags. 24. s. m. í samræmi við áðurgreinda ákæruskipun, höfðað sakamál gegn hinum ákærðu og málið tekið undir dóm 24. f. m. er hinir skipuðu talsmenn hinna ákærðu höfðu skilað varnarskjölum sínum.

Um tilhögun og framkvæmd hinnar daglegu starfsemi í útsölunni er það upplýst undir prófum málsins, er hjer segir.

Ákærði Björn Sveinsson hafði á höndum aðalbókhald og reikningshald útsölunnar og hafði vörslu þess fjár, er inn kom fyrir seld vín, þannig að ákærði Skúli Thorarensen afhenti honum að kveldi dags peninga fyrir seldar vörur um daginn og lokaði B. Sv. peningana inni í venjulegum peningaskáp, er var á skrifstofunni, en báðir höfðu þeir þó lykla að skáp þessum. B. Sv. skrifaði reikningana til viðskiftamanna og tók sjálfur við hinum innheimtu peningum án þess að þeir færu um hendur gjaldkerans, Sk. Th. Búðarherbergin, auk geymslu í kjallara, sem útsalan fjekk fyrst til umráða í nóvember f. á., voru tvö, skrifstofa innar af búðinni og hafðist B. Sv við á skrifstofunni og tók ekki þátt í daglegum afgreiðslustörfum. Í búðarherberginu sjálfu var gjaldkerinn, sem hjelt dagbók yfir sölu dagsins og varðveitti búðarkassann, sem hann einn hafði lykil og aðgang að. Í búðinni voru tveir afgreiðslumenn, Axel R. Magnússon og Sigurður Magnússon. Áður en víngeymslan var innrjettuð í kjallaranum, voru í búðarherberginu geymdar í hyllum allar vínbirgðir útsölunnar.

Eftir framburði beggja hinna ákærðu og afgreiðslumanna var reglum þeim, sem áður eru nefndar, fyrst framan af og til ársloka 1922 fylgt nokkurnveginn vel og við reikningslok þá taldist B. Sv. svo, að halli hefði þá að eins verið nálægt 100 kr. Talning á vörubirgðum fór fram í lok hvers mánaðar og 4 mánuðina fyrstu af árinu 1923 og taldist honum þá koma fram um 100 kr. halli mánuð hvern, og með því að honum þótti þessi niðurstaða býsna góð, ákvað hann að hætt skyldi mánaðartalningu og hefir hann enga aðra skýringu en þessa gefið á því. Talning á vörubirgðum fór svo ekki fram fyr en fyrstu daga

ársins 1924. Talninguna frömdu ætíð gjaldkerinn og afgreiðslumennirnir og afhentu síðan B. Sv. talningarlistana, sem hreinskrifaði þá, en leit að öðru leyti aldrei eftir mánaðartalningunni og kom þar ekki að. Tók talningin nálægt einni klukkustund.

Starfsmenn útsölunnar, ákærðir og afgreiðslumennirnir, hafa borið það að þess hafi brátt orðið vart á miklum söludögum, að erfitt reyndist að halda nákvæmlega reglunum um afgreiðslu og sölu, en þegar kom fram á árið 1923 tók óreglan að aukast og magnast eftir því sem á árið leið. Afvikin frá reglum þeim, sem fylgja bar um söluna voru aðallega fólgin í því, sem nú skal greint.

I. Það átti að vera undantekningarlaus regla, að sölumiði (nóta) væri ritaður fyrir hverri vöruafgreiðslu, sem borguð var út í hönd. Átti hlutaðeigandi afgreiðslumaður að skrifa miðann og afhenda gjaldkera til innritunar innihald hans í dagbókina. Við rannsókn sem framkvæmd hefir verið á dagbók útsölunnar, hefir það komið í ljós, að þegar snemma á árinu 1923 hafa verið talsverð brögð að því, að sölumiðar hafa ekki verið skrifaðir heldur nöfn kaupenda ásamt söluupphæð rituð beint í dagbókina. Í marsmánuði nam kontantsala, sem þannig var ástatt um nálægt 2000 kr. Ágerðist þetta síðan, en ekki kveðst ákærði Björn Sveinsson hafa vitað um að þessu fór fram fyr en í maímánuði. Kveðst hann hafa vandað um þetta bæði þá og oftar, og er sá framburður staðfestur bæði af ákærða Sk. Th. og öðrum afgreiðslumanninum en hinn afgreiðslumaðurinn kveðst ekki hafa heyrt B. Sv. vanda um þetta nema í byrjun. En hvort sem B. Sv. hefir gert þetta oftar eða sjaldnar, er það upplýst, að engin breyting varð á ritun sölumiða til batnaðar. Við rannsókn í þessu efni á tímabilinu frá 7.—21. júlí 1923, en þá var ákærði Sk. Th. fjarverandi, voru ekki ritaðir sölumiðar fyrir 5000 kr., en í fjarveru gjaldkerans bar ákærða B. Sv. auðvitað sjerstaklega að hafa eftirlit með ritun sölumiða. Þegar ákærði Sk. Th. tók aftur til starfa tók ákærði B. Sv. sjer sumarleyfi frá 26. júlí til 21. ágúst, fór þá hinu sama fram, sem á undan hafði gengið og reyndist kontantsala á þessu tímabili fyrir kr. 9145.50 óritað á sölumiða, en nöfn og upphæð rituð beint í dagbók, eins og áður segir. Eftir þetta magnaðist vanrækslan með ritun sölumiða svo mjög, að af allri kontantsölu var aðeins lítill hluti ritaður á sölumiða, en ákærði Sk. Th. og afgreiðslumennirnir hafa þó borið það, að því hafi aldrei verið hætt með öllu.

Ákærði B. Sv. hefir stöðugt haldið því fram, að hann hafi

oft ámint starfsmennina um að skrifa sölumiða og meinti hann að hann hefði haft nákvæmar gætur á þessu meðan Sk. Th. var í sumarleyfi sínu, en við athugun þess hvernig reglunni var þá haldið kannaðist hann við, að hann við rannsókn hafi aldrei sannfært sig um, að sölumiðar væru skrifaðir, því að hann bar hvorki þá eða endranær sölumiðana saman við dagbókina, og kveðst hann ekki hafa gert það, því að það hefði átt að gerast frammi í búðinni. Og ennfremur hefir hann haldið því fram, að borið hafi allmikið á mótþróa hjá gjaldkeranum, ákærða Sk. Th., gegn ritun sölumiðanna, hann talið það óframkvæmilegt nema að láta viðskiftamennina bíða lengi, ritun miðanna væri óþörf og henni mundi hætt. Báðir afgreiðslumennirnir hafa borið það, að gjaldkerinn hafi enga áherslu lagt á það, að sölumiðarnir væru ritaðir og ennfremur að gjaldkerinn hafi sagt þeim að nægilegt væri að þeir kölluðu til hans nafn kaupandans og færði hann það inn í dagbókina, og hafa þeir unnið eið að þeim framburði. En annar þeirra, Sigurður Magnússon, hefir þó kannast við, að það kunni einnig að hafa verið af vangá, að ekki voru skrifaðir sölumiðar og neitar því ekki með öllu, að gjaldkerinn kunni að hafa int að því, að gott væri að starfsmennirnir skrifuðu sölumiða. Ákærði Sk. Th. hefir neitað því, að hann hafi talið nægilegt að kallað væri til sín nafn viðskiftamannsins, en kannast við að það hafi hann skritað eftir því sem kallað var, og sömuleiðis hefir hann neitað því, að hann nokkurntíma hafi gefið það eftir að hætt yrði að skrifa sölumiða. En skráin um það hvernig þessu fór fram á meðan ákærði Sk. Th. var ráðsmaður búðarinnar, og ákærður B. Sv. var í sumarleyfi, sýnir það til fullnustu, að hann hefir lítið eða ekkert hirt um að skrifaðir væru sölumiðar þá og hefir ennfremur játað það, að eftir þann tíma var hætt að bera saman sölumiðana við dagbókina.

Alt fyrirkomulag útsölunnar bygðist nú á því, að sölumiðar væru skrifaðir fyrir hverri afgreiðslu, því að án sölumiðanna var ekki hægt að sannprófa það að kveldi hvað selt hafði verið yfir daginn. Að vísu var það hugsanlega mögulegt, að öll sala kæmist alt að einu í dagbók gjaldkera, en það var komið undir því, að afgreiðslumenn kölluðu nöfn og upphæðir og gjaldkeri heyrði rjett og sæist ekki yfir, en fyrir þessu var engin trygging.

II. Það kom líka snemma fram, að dagbókin var harla lítil trygging fyrir því hve mikið hafði verið selt. Ákærði Sk. Th. hefir borið það, að það hafi því nær aldrei komið fyrir, utan einu sinni haustið 1922, voru það milli 5 og 6 kr. er þá vantaði,

að vantað hafi í búðarkassann að kvöldi. Hitt var reglan að einatt var í kassanum að kveldi umfram það, er dagbókin sýndi. Þessari umfram upphæð var þá þannig komið fyrir, að henni var deilt niður á ýms nöfn, þektra manna, sem keypt höfðu. Dagbókin var gerð upp, talin saman, á kvöldin, en ekki í þeirri veru að hún sýndi hversu mikið væri í kassanum, heldur, að minsta kosti upp á síðkastið, að eins til þess að finna mismuninn á upphæðinni í kassa og þeirri, sem dagbók sýndi og miðla því sem umfram var í kassanum á nöfn. Áður innfærðar tölur í dagbókina voru þessvegna hækkaðar, eftir því sem með þurfti til að koma upphæðinni í kassanum fyrir. Segir ákærði Sk. Th., að einkum hafi verið hilst til að miðla á nöfn þeirra manna, sem ekki höfðu tekið eða búast mátti við að ekki tækju sinn lögheimilaða 10 lítra skamt á mánuði. Það er ekki sannað hvor þeirra ákærðu átti frumkvæðið að þessu, en hitt játað að það varð að samkomulagi milli þeirra að hafa þetta svo. Mánuði þá, sem verslunin stóð af árinu 1922 voru þessar umframupphæðir, sem þá voru ekki mjög stórar, lagðar sjer í umslag og geymdar til árslokanna og þá dreift niður á ýms nöfn í árslokin eða seint á árinu, en eftir nýár 1923 kom báðum hinum ákærðu saman um að jafna upphæðunum niður daglega.

Fyrir þessari miðlun á nöfn hafa þeir ekki gert aðra grein en þá, að það hafi verið til þess að láta líta svo út, sem reglugjörðinni frá 18. júlí 1922 um vínsöluna væri fylgt. Neitað hafa þeir því, að þeir hafi miðlað upphæðum á tilbúin nöfn eða nöfn annara en þeirra, er keypt höfðu.

III. Auk þeirrar óreglu á bókfærslunni, sem getið er hjer á undan, voru allmikil brögð að því, að sölumiðar, sem skrifaðir voru fyrir kontantsölu, væru ekki ritaðir í dagbókina. Við rannsókn sem gerð hefir verið til reynslu yfir nokkur tímabil, hefir það komið í ljós, að t. d. í marsmánuði 1923 hafa sölumiðar að upphæð kr. 1108.75 ekki verið innfærðir í dagbók: frá 7. júlí til 25. s. m. kr. 793.75 og frá 26. júlí til 21. ágúst kr. 1329.25. Ákærði Sk. Th. hefir gefið þá skýringu á þessu, að kaupendur muni hafa borgað og haldið eftir sölumiðunum. Ennfremur hefir það borið við, að nokkuð af sölumiða hefir verið innfært í dagbók en ekki allt og telur Sk. Th. að þetta stafi af vangá við innfærsluna, en sölumiðinn ekki síðan borinn saman við dagbókina. Samskonar skýringar hafa afgreiðslumennirnir gefið á þessu, en ákærði B. Sv. hefir ekki getað skýrt þetta, ekki einu sinni á tímabilinu 7.—21. júlí, þegar Sk. Th. var í sumarleyfinu. Enda

er það með framburði afgreiðslumannanna sannað, að B. Sv. hafði á þessu tímabili ekki betra eftirlit með því, sem í búðinni gerðist en endranær. Annars hefir öllum þeim yfirheyrðu borið saman um það, að þessar upphæðir hafi allt að einu runnið í búðarkassann og komið þar fram sem umframupphæðir.

Með þessari villandi og ófullkomnu bókfærslu á kontantsölunni, sem lýst hefir verið hjer á undan og með því hvernig hún var gerð upp, var starfsmönnum verslunarinnar, gjaldkera jafnt sem afgreiðslumönnum, eiginlega alveg gefinn laus taumurinn um skil fyrir því, sem selt var. Aðhaldið um að standa skil á öllum þeim peningum, sem inn komu fyrir kontantsöluna var úr sögunni nema að svo miklu leyti sem ráðvendni þeirra og heiðarleiki aftraði þeim frá að misbrúka aðstöðu sína til að draga sjer peninga með ófrjálsu móti. Reikningslega sjeð verða ekki leiddar sönnur að því, að búðarkassinn hafi tekið við peningum fyrir alla söluna og að halli verslunarinnar stafi einmitt ekki frá því, að meira eða minna leyti, að búðarkassinn hafi annaðhvort ekki tekið við eða ekki skilað til aðalkassans öllu því fje, sem inn kom í raun og veru fyrir vörur, sem borgaðar voru við móttöku. Ákærði Sk. Th., sem þetta atriði áhrærir sjerstaklega, hefir þó staðfastlega neitað því, að hann hafi dregið sjer nokkurn eyri af fje verslunarinnar eða að það hafi runnið inn til hans, og engar sönnur eru á annan hátt komnar fram fyrir því og jafnvel ekki líkur fram yfir möguleika þá, sem áður eru nefndir. En fyrir kontantsöluna tók ákærði B. Sv. ekki við öðrum peningum en þeim, er honum voru að kveldi afhentir af gjaldkeranum eða þeim, er í forföllum hans varðveitti búðarkassann, sem gjaldkerinn einn hafði lykil að en forstöðumaðurinn ekki.

IV. Lán á vörum til viðskiftamanna átti sjer stað í útsölunni í stórum stíl. Við lánssöluna átti að hafa líka aðferð og við kontantsöluna, að sölumiða átti að skrifa fyrir hverju vöruláni og rita síðan í höfuðbók. En út af þessari reglu var brugðið mjög á árinu 1923, einkum síðari hluta ársins. Vínúttektin var títt aðeins færð í sölumiðabókina (lánsnótubókina) en ekki í höfuðbók. Hefir ákærði B. Sv. gert þá grein fyrir þessu háttalagi, að honum hafi fundist það óþarft, þegar menn ætluðu að borga bráðlega eða eftir örfáa daga, að rita þá inn í höfuðbók. Að vísu hafi það oft komið fyrir að menn þessir borguðu ekki fyr en alllöngu síðar og þá samkv. reikningum sem skrifaðir voru eftir sölumiðunum. En þegar þeir borguðu átti að innrita í dagbók yfir kontantsölu hina innheimtu upphæð. Við rannsókn á

þessu atriði hefir það nú komið í ljós, að allmikill misbrestur hefir orðið á því, að þannig greidd lán væru innfærð í dagbókina, en á búðarkassanum varð þetta ekki merkt, sbr. það sem sagt er um kontantsöluna hjer að framan. Það sem ógreitt var af þessum lánum í árslokin 1923 var þá innfært í höfuðbók á nöfn lántakenda. Hvort þannig löguð lán hafa annars öll komið til skila, er ekki mögulegt að fá fulla vitneskju um. Sölumiðarnir gátu týnst og misfarist án þess að saknað yrði og varð þá ekki frekar aðgert gagnvart þeim, er skulduðu. En auk þess, sem forstöðumaðurinn sjálfur lánaði út á þenna hátt, lánuðu hinir starfsmennirnir út einnig á sama hátt allverulegar upphæðir, ýmist með vitund forstöðumanns eða án. Starfsmennirnir hafa fullyrt, að þær upphæðir, er þeir lánuðu út hafi verið greiddar, en um slíkt eru engar sannanir fyrir hendi. Hvort meira eða minna fje hafi farið forgörðum vegna þessa ljelega eftirlits með lánum verður ekkert fullyrt um. Auk þessa eftirlitsleysis, sem ákærði B. Sv. verður að teljast eiga sök á, hafa honum og orðið á í bókfærslunni nokkrar villur, samlagningaskekkjur og rangar innfærslur úr einni bók í aðra og síðan í reikning viðskiftamanna, en með því að hjer virðist um gáleysi og ekki um stórfeldar upphæðir að ræða, þykir ekki þörf að rekja þann feril nákvæmara.

V. Eins og áður er sagt skilaði gjaldkerinn á kvöldin peningum þeim, sem inn töldust hafa komið yfir daginn, til forstöðumanns, og var það regla gjaldkera að leggja dagbókina saman og rita upphæðina á miða, sem fylgdi peningaupphæðinni. Ljet forstöðumaður sjer það nægja að telja saman dagbókina, en í þeirri samlagningu hafa þó fundist allmargar skekkjur, en þær eru bæði of og van og hafa ekki neina verulega þýðingu fyrir heildarútkomuna yfir lengra tímabil. Ljet forstöðumaðurinn peningana inn í peningaskáp sinn. Nú bar það stundum við, að forstöðumaður var farinn á kveldin áður en gjaldkeri skilaði af sjer og lagði gjaldkerinn þá sjálfur upphæðina inn í peningaskápinn, því að hann hafði einnig lykil að honum. Þegar svona stóð á og stundum endranær, athugaði svo ákærði B. Sv. ekki peninga þá, er gjaldkeri afhenti fyr en morguninn eftir og stundum söfnuðust fyrir fleiri dagssölur. Nú vildi svo til stöku sinnum, að ákærði B. Sv. taldi sig vanta peninga af þeim, sem gjaldkeri kvaðst hafa látið í skápinn eða afhent. Voru það þó oftast smá upphæðir, en eitt sinn yfir 200 krónur og þann 29. eða 30. okt. 1923 vöntuðu 500 kr. Hversu miklu þessar upphæðir hafa samtals numið getur hvorugur hinna ákærðu gefið neina ábyggilega

skýrslu um, en af prófunum virðist það ljóst, að þær hafa ekki verið undir 900 kr. og geti eftir skýrslu ákærða Sk. Th. hafa numið 14 til 15 hundr. kr. Þegar ákærði B. Sv. taldi sig vanta þannig í skápinn gekk hann eftir hinni vantandi upphæð hjá ákærða Sk. Th., er greiddi honum upphæðina, en af fje þess dags, sem innkom fyrir vín, er krafan var gerð. Hefir ákærði B. Sv. haldið því fram, að gjaldkerinn hafi greitt þessar upphæðir mótþróalaust og orðalaust, og kveðst hann hafa gengið út frá því, að gjaldkerinn hefði mistalið og af því stafaði vöntunin. Ákærði Sk. Th. hefir nú ekki mótmælt þessu, en haldið því fram að hann hafi skoðað þetta sem bráðabirgðagreiðslu til B. Sv. og hann mundi greiða þetta að lokum; en B. Sv. hefir haldið fram gagnstæðum skilningi og kveðst ávalt hafa litið svo á, að Sk. Th. ætti að borga þetta persónulega. Ennfremur hefir Sk. Th. borið það, að í það sinn er 500 kr. vöntuðu hafi peningaskápurinn verið opinn um morguninn áður og í annað sinn hafi það borið við að skápurinn var ólokaður að morgni. Um þetta er þó enginn til frásagnar nema Sk. Th. Ákærði B. Sv. virðist í fyrstunni alls ekki hafa athugað það af hvaða fje Sk. Th. greiddi þessa vöntun og virðist hafa álitið öllu vel borgið ef hallinn í peningaskápnum að eins væri jafnaður, en um reikningslokin 1923 var honum það þó fyllilega ljóst, eins og síðar mun sagt verða, að Sk. Th. hafði ekki greitt þetta úr sínum vasa. Þessi millifærsla milli kassanna sýnir ljóslega hve ákærði B. Sv. gerði litla tilraun til þess að skoða niður í kjölinn þær sakir, er hann var settur yfir og greiðsla gjaldkerans virðist hljóta að hafa verið gerð að eins í blekkingarskyni við ákærða B. Sv., að minsta kosti um smærri upphæðirnar, en 500 kr. upphæðina má ætla, að ákærði B. Sv. hafi vitað um, að Sk. Th. greiddi ekki af sínu fje.

VI. Eins og áður er sagt hætti B. Sv. mánaðarlegri birgðatalningu í apríl 1923 og taldist honum þá til, að hallinn mundi vera um 500 kr. Nú hefir það verið rannsakað hvernig hagur verslunarinnar stóð þá, með sömu aðferð og B. Sv. kveðst hafa haft, og hefir það komið í ljós að halli verslunarinnar var þá orðinn kr. 4835.50. Undir prófunum hefir B. Sv. enga skýringu getað gefið á þessu en kannast við, að eftir verslunarbókunum og birgðalistanum, er hann samdi sjálfur í apríllokin hljóti þessi útkoma að vera rjett. En hann hefir neitað því fastlega, að hann hafi vitað um að sjóð- eða vöruvöntun væri önnur en sú, er hann fyr greinir, eða að hann hafi þá ætlað sjer að leyna nokkurri þurð. Þessari neitun ákærða B. Sv. verður nú að vísu ekki hnekt,

en hið raunverlega ástand í aprílloku sýnir, ef skýrsla ákærða er rjett, að birgðalistinn, sem hann fór eftir hefir verið annar en nú liggur fyrir og að hinir mánaðarlegu birgðlistar hans hafa verið gerðir af honum í hreinni blindni sem og hin mánaðarlega prófun á hag verslunarinnar gerð öldungis án rannsóknar af hans hálfu eða nokkurrar þekkingar á málavöxtum. Ákærði Sk. Th. hefir hinsvegar neitað því, að hann hafi vitað nokkurn hlut um hvernig B. Sv. fjekk þá útkomu er áður greinir. Hvort birgðirnar hafi í árslokin 1922 verið þær, er birgðalistinn þá greindi er ennfremur alveg ósannað mál og jafnvel alt eins líklegt að birgðirnar hafi verið snögt um minni en þær voru taldar vera.

VII. Auk lánsúttektar á vínum, er starfsmenn verslunarinnar höfðu fengið og skrifað var í bækur verslunarinnar, bar það ekki ósjaldan við, að þeir fengju lán af innkomnum peningum. Sumarið 1923 lánaði þannig ákærði B. Sv. ákærða Sk. Th. 1000 kr. og 600 kr. er þó í bæði sinn var greitt innan fárra daga. Við árslokin 1923 skulduðu allir starfsmenn versluninni peninga, allstórar upphæðir, sem þeir höfðu fengið lánaðar bæði úr skáp hjá ákærða B. Sv. og einnig úr kassa gjaldkera og nam skuldarupphæðin við síðarnefndan kassa um 2300 kr. um áramótin. Þessari upphæð ásamt 900 kr. fyrir vöntun í skáp, sbr. V. hjer á undan, kom báðum hinum ákærðu saman um að leyna þannig, að upphæðin taldist sem víneign. Afgreiðslumennirnir, er skulduðu nokkuð af þessari upphæð, vissu ekki um þetta fyr en alllöngu síðar. Á birgðalista þeim, sem ákærði B. Sv. afhenti forstjóra Áfengisverslunarinnar sem fylgiskjal með ársreikningnum 1923 var talin sem víneign þessar 3200 kr. Hafa báðir hinir ákærðu tregðulaust játað, að þeim hafi komið saman um að leyna þessari upphæð á þenna hátt, og hafði forstjóranum verið skýrt frá þessu af ákærða Sk. Th. 28. jan. eða daginn eftir að forstjórinn sjálfur rannsakaði vínbirgðirnar. En við rannsókn á vínbirgðunum í lok jan. kom það ennfremur í ljós við samanburð á talningu þeirri sem fram fór um áramótin og sölunni í janúarmánuði, að vínbirgðirnar að viðbættum 3200 kr., voru um 2000 kr. minni en birgðalisti ákærða B. Sv. taldi. Undir prófum málsins hefir ákærði B. Sv. játað að hann einn hafi bætt við þessari upphæð, og án þess að ákærði Sk. Th. eða nokkur annar vissi, fyrst á birgðalistann 1. jan. og aftur við talningu birgðanna 27. jan. Fyrir þessu afbroti sínu, sem ákærði B. Sv. ekki skýrði frá þrátt fyrir endurtekið tilefni þar til, fyr en alllöngu eftir að próf í málinu byrjuðu, hefir hann ekki gert aðra grein en þá, að hann

hafi ætlað með þessu að gera fyrir tapi á árinu og láta þar með líta svo út sem verslunin bæri sig vel, en hinu hefir hann fastlega neitað, að hann hafi með viðbótinni verið að leyna vöntun eða að birgðalistinn hafi verið gerður rangur í sviksamlegum tilgangi. Hver frumkvæðið átti að því að leyna 3200 krónunum hefir ekki orðið upplýst, en hvor þeirra sem það hefir verið, þá verður að líta á það, að það er að eins B. Sv. sem í raun og veru gat framið afbrot þetta, því að hann átti að ábyrgjast að að birgðalistinn væri rjettur. En báðum hinum ákærðu hefir borið saman um það, að launung þessi hafi ekki verið gerð í því skyni að losna við skuldirnar heldur hafi átt að færa þær á rjettan stað sem fyrst á árinu 1924.

VIII. Með þessu háttalagi í verslunarrekstrinum, sem lýst hefir verið, er það samt sem áður enganveginn sannað hvernig stendur á meginsjóðþurðinum í versluninni. Allir starfsmenn við útsöluna hafa eindregið neitað því, hver fyrir sig, að þeir hafi tekið að ófrjálsu frá versluninni vín eða peninga. Þeir kveðast heldur ekki geta gert sjer neina grein fyrir því, af hverju þurðurinn stafar. Ákærði B. Sv. og afgreiðslumennirnir hafa verið þeirrar skoðunar, að þurðurinn stafi mestmegnis frá því, að peningar hafa verið teknir, en hafa þó ekki getað bent á neinn, er valdur kunni að vera að peningatöku. Ákærði Sk. Th. hefir aftur haft þá skoðun, að vín hafi verið tekið án þess að peningar kæmu fyrir það til verslunarinnar. Að víndrykkja eða óregla um meðferð vína í hibýlum útsölunnar hafi átt sjer stað, hefir ekki orðið neitt upplýst um undir prófum málsins. Þá gæti verið spurning um hvort útsalan hefir tekið á móti öllu því víni, sem hún af heildsölunni er talin að hafa fengið. Eftir skýrslum starfsmanna útsölunnar og öðrum upplýsingum, sem fáanlegar hafa verið, verður að líta svo á, að þar hafi farið alt fram með feldu. Og þá er loks það atriði, hvort vínbirgðir útsölunnar hafi verið í svo tryggri geymslu, að utanaðkomandi menn hafi ekki getað náð sjer víni þar. Starfsmenn útsölunnar hafa nú ekki orðið þess varir, að horfið hafi af vínbirgðunum hvorki í kjallara nje úr búðinni, en hafa jafnframt tekið það fram, að taka hefði mátt æðimargar flöskur í senn með lægni svo ekki hefði verið auðsýnilegt. En venjulegar birgðir útsölunnar voru fram í nóvember 1923 um 20 þús. kr. virði og þar eftir um 60 þús. kr.

Með tilliti til þess möguleika að vín hefði verið hægt að taka af birgðum útsölunnar af utanaðkomandi mönnum, fór fram skoðun á hibýlum þar. Þessi skoðun var að vísu ekki gerð fyr

en eftir miðjan apríl þ. á. en þá var alt við hið sama og verið hafði áður. Málið horfir ekki þannig við, að þörf sje á að lýsa læsingum og herbergjaskipun, en það skal aðeins tekið fram, að aðgangur að vingeymslunni í kjallaranum var gálauslega og jafnvel undursamlega auðveldur fyrir óviðkomandi menn og þaðan aftur um herbergi verslunarinnar. Og í skýrslu sem yfirlögregluþjónninn gaf um skoðunina, telur hann að utanaðkomandi mönnum hafi verið auðvelt að komast bæði inn í áfengisverslunina og þaðan út aftur án þess nokkur merki sæust eftir það. En undir rannsókn málsins hefir það þó ekki orðið upplýst, að víni hafi verið stolið.

Hjer að framan hefir verið lýst þeim athöfnum og því framferði hinna ákærðu, sem tilefni hefir gefið til málshöfðunar gegn þeim. Nú eru hinir ákærðu sakaðir um brot gegn 13. kap. hinna alm. hegningarlaga og ákæran gegn þeim að öðru leyti ekki einskorðuð innan takmarka hegningarlaganna og verður því fyrst fyrir að athuga, hvort hinir ákærðu geta talist sekir um brot gegn þessum kapítula, sem ræðir um afbrot í embættisfærslu. Spurningin er þá hvort hinir ákærðu voru embættis- eða sýslunarmenn, í þeim skilningi sem hegningarlögin eiga við. Þótt þessari spurningu yrði svarað játandi um ákærða Björn Sveinsson er það ekki alveg víst að hið sama gildi um ákærða Skúla Thorarensen, en geti hinn fyrnefndi ekki talist embættis- eða sýslunarmaður gildir hið sama um hinn síðarnefnda. Þá er að athuga stöðu ákærða Björns Sveinssonar.

Í íslenskum lögum er það hvergi skilgreint hverjir sjeu embættis- eða sýslunarmenn í lagalegum skilningi. Á milli embættis- og sýslunarmanna er heldur ekki greint með neinu lagákvæði öðru en 16. gr. stjórnarskrárinnar, er fyrirskipar að hver embættismaður skuli vinna eið að stjórnarskránni. En þegar litið er á með hvaða hætti ákærði B. Sv. var veitt umrædd staða, þykir mega fullyrða það, að hann geti ekki talist embættismaður hvorki í skilningi 16. gr. stjórnarskrárinnar nje eftir almennum skilningi þess orðs, sbr. og 2. gr. laga nr. 71/1919, um laun embættismanna, sem gerir ráð fyrir því, að þeir, er laun taka samkv. þeim lögum fái veitingarbrjef fyrir stöðu sinni. En þau lög taka ekki að eins til starfsmanna, sem eftir almennum skilningi teljast embættismenn heldur einnig til sýslunarmanna. En þá er spurningin gat starf ákærða B. Sv. talist til opinberra sýslana. Það verður ekki vefengt að ákærði var starfsmaður í þjónustu ríkisins. En allir þeir, er vinna verk fyrir ríkið og fá hjá því kaup fyrir starf

sitt, geta þó ekki talist opinberir starfsmenn eða opinberir sýslunarmenn, eftir þeim skilningi, sem málvenja og rjettarmeðvitund almennings leggur í þetta hugtak. Sbr. og landsyfirrj. VI. bls. 245—256. Til þess að starf geti talist opinber sýslan virðist verða að krefjast þess að það sje liður, smár eða stór, í einhverri stjórnargrein, afmarkað og ákveðið annaðhvort samkvæmt venju, lögum, orðuðu ákvæði umboðsstjórnarinnar eða fyrirmælum einhvers þess valds, sem rjett hefir til að gefa opinberar skipanir eða fyrirmæli. Þótt telja megi sjálfa Áfengisverslun ríkisins lið í stjórnargrein og forstjórn hennar sýslan, þá þarf engan veginn hið sama að gilda um starf þjónustumanna við hana. Smásala Spánarvínanna hjer í Reykjavík var falin Áfengisversluninni, en hin sjerstaka útsala var ekki annað en skipulagsatriði innan verkahrings Áfengisverslunarinnar, sem hagað var eftir því, sem hagkvæm verkaskifting krafði. Fyrst var smásalan rekin beint frá skrifstofu verslunarinnar og hin auknu störf, sem af henni leiddi, unnin af verka- og þjónustuliði verslunarinnar. Það er ráðið eftir því sem þörfin krefur eins og til starfs við venjulegt privat-fyrirtæki, og hvert starf, sem einhver þjónustumaður er látinn vinna við verslunina, getur enganveginn talist opinber sýslan. Nú varð smásalan ekki í eðli sínu önnur þótt hún fengi sjerstakt húsnæði, og menn þeir er ráðnir voru til starfs við hana fengu ekkert meira opinbert snið á sig en aðrir þjónustumenn Áfengisverslunarinnar, og að ákærðu B. Sv. og Sk. Th. hafi ekki haft neina sjerstöðu í þessu efni, þykir nægilega sannað með þeim hætti, er þeir voru ráðnir til starfsins og að framan getur.

Af þessum sökum þykir að sýkna verði báða hina ákærðu fyrir brot á 13. kap. hegningarlaganna.

Þótt hinir ákærðu verði ekki dæmdir fyrir brot á nefndum kap. hegningarlaganna og þótt ákæruefnið sje að öðru leyti ekki ákveðið, virðist þó eiga að taka til álita hvort hinir ákærðu hafi ekki gerst sekir um athæfi, sem refsivert er eftir hegningarlögunum. Ávirðingar þeirra hafa verið taldar undir I—VII lið hjer að framan. Um þær allar gildir það, að ósannað er, að þær hafi verið gerðar í sviksamlegum tilgangi til þess að draga sjer fje. Þótt þær allar sjeu mjög vítaverðar, virðist þó að eins verknaður sá, sem greindur er undir II. lið, hækkun talna í dagbók, V. lið, millifærslan milli peningakassanna, og VII. lið, fölsun birgðalistanna, þannig vaxinn að hann sje hegningarverður, og virðast öll þessi afbrot eiga að færast undir 259. gr. hegn-

ingarlaganna, þannig að báðum hinum ákærðu, sem komnir eru yfir lögaldur sakamanna, beri að refsa fyrir verknað þann, er greindur er undir II. lið og V. lið samkv. 259. gr. sbr. 48. gr., en fyrir verknaðinn undir VII. lið, Birni Sveinssyni samkv. 259. gr. og Skúla Thorarensen samkv. 259. gr. sbr. 48. gr., 2. mgr., og þykir refsing þeirra hæfilega ákveðin, Björn Sveinssonar 40 daga en Skúla Thorarensen 30 daga fangelsi, hvorttveggja við venjulegt fangaviðurværi. Ennfremur ber báðum hinum ákærðu samkv. 302. gr. hegningarlaganna in solidum að greiða ríkissjóði skaðabætur 900 kr., sem telja verður sannað, að misfarist hafi fyrir vanrækslu þeirra. En með tilliti til þess, *að* ákærðu hafa ekki áður sætt ákæru eða refsingu fyrir neitt lagabrot, *að* þeir sátu í gæsluvarðhaldi frá 7.—14. apríl þ. á., *að* þá, einkum Björn Sveinsson virðist hafa skort þekkingu til að rækja sæmilega starf það, er þeir voru settir til að gegna og *að* ávirðingar þeirra virðast að nokkru leyti stafa af aðgerðar- og eftirlitsleysi yfirboðara þeirra, þykir mega ákveða samkvæmt 1. gr. laga nr. 39, 16. nóv. 1907, að fullnustu refsingarinnar skuli frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dómsins ef fullnægt verður lögmæltum skilyrðum.

Ákærðu greiði hvor skipuðum talsmanni sínum 100 kr. í málsvarnarlaun og varðhaldskostnað sinn, en að öðru leyti greiði þeir in solidum allan löglegan kostnað sakarinnar.

Á rekstri málsins hjer fyrir rjettinum hefir enginn ónauðsynlegur dráttur orðið.

Föstudaginn 30. apríl 1926.

Nr. 5/1926. **O. J. Havsteen**
gegn
Carli Lárussyni.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi O. J. Havsteen, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Miðvikudaginn 5. maí 1926.

Nr. 66/1925. **Landsbanki Íslands f.h. Sparisjóðs Árnessýslu** (Pjetur Magnússon)
gegn
H.f. Kol & Salt (Lárus Jóhannesson).

Út af ábyrgðarskuldbindingu sparissjóðsins.

Dómur gestarjettar Árnessýslu 16. sept. 1925: Stefndur, Sparisjóður Árnessýslu á Eyrarbakka, greiði stefnanda h/f. Kol & Salt 33000 kr. með 6% ársvöxtum frá 15. jan. 1923 til greiðsludags. Málskostnaður falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 3 sólarhringa frá lögbirting hans að viðlagðri lagaaðför.

Dómur hæstarjettar.

Eftir að hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp hefir Landsbanki Íslands með samningi tekið við skyldum og rjettindum Sparisjóðs Árnessýslu og hefir hann fyrir sparisjóðsins hönd skotið máli þessu til hæstarjettar.

Tildrög málsins eru þau, að á vetrarvertíðinni 1920 keypti Þorleifur Guðmundsson í Þorlákshöfn salt hjá stefnda í allstórum stíl og var svo umsamið að andvirði saltsins skyldi greitt þegar fiskeigendur í Þorlákshöfn hefðu selt og fengið borgaðan fisk þann, er þeir öfluðu á þeirri vertíð. Hinn 8. júní 1920 gaf stefndi út víxil á hendur Þorleifi fyrir skuld þessari, að upphæð 35000 kr., og samþykti Þorleifur hann til greiðslu 1. sept. 1920. Hinn 18. júní s. á. gaf Sparisjóður Árnessýslu út ábyrgðarskuldbindingu þá er getur í forsendum hins áfrýjaða dóms. Víxilinn greiddi Þorleifur eigi á gjalddaga enda var sölu fiskjarins þá eigi lokið. Var hann því framlengdur til 14. júní 1921 og seldi stefndi Íslandsbanka fram-

lengingarvíxilinn. Í marsmánuði 1921 var sölu fiskjarins lokið og hann greiddur að fullu. En alt að einu greiddi Þorleifur eigi víxilinn á gjalddaga hans 14. júní 1921, heldur var honum framlengt á ný og síðan nokkrum sinnum, í síðasta skifti með gjalddaga 15. janúar 1923. Var víxillinn þá að upphæð 33000 kr. Alla þessa framlengingarvíxla seldi stefndi Íslandsbanka og lá ábyrgðarskuldbinding sparisjóðsins jafnan í bankanum með víxlunum. Eftir gjalddaga síðasta víxilsins leysti stefndi hann til sín og krafði sparisjóðinn um greiðslu skuldarinnar samkvæmt ábyrgðarskuldbindingunni. Þegar sparisjóðurinn ekki varð við þeirri kröfu, höfðaði stefndi mál gegn honum til greiðslu skuldarinnar og lauk því máli í hjeraði með hinum áfrýjaða dómi.

Áfrýjandi hefir eigi vefengt það hjer fyrir rjettinum að sparisjóðurinn hafi, með umgetinni ábyrgðarskuldbindingu tekið á sig sjálfskuldarábyrgð á saltskuld Þorleifs. Kröfu sína um sýknun, byggir áfrýjandi hjer í rjetti á því einu, að ábyrgarskylda sparisjóðsins sje fallin niður fyrir það að stefndi, er hann framlengdi umgetna víxla, hafi veitt aðalskuldaranum, Þorleifi Guðmundssyni, greiðslufrest á skuldinni, og hafi hvorki ábyrgðarskuldbindingin sjálf heimilað, gagnvart sparisjóðnum, að slíkur frestur væri veittur án samþykkis sparisjóðsins, nje sparisjóðurinn með öðrum hætti samþykti frestinn.

Stefndi heldur því hinsvegar fyrst og fremst fram, að ábyrgðarskuldbindingin sje svo víðtæk og skilyrðislaus að það haggi eigi ábyrgðinni þó að aðalskuldara væri veittur greiðslufrestur jafnvel án samþykkis sparisjóðsins. Á þetta verður þó ekki fallist. Ábyrgðarskuldbindingin virðist gefin með það

fyrir augum, að eindaga aðalskuldarinnar verði eigi breytt frá því, sem þá hafði verið ákveðið.

Þá hefir stefndi haldið því fram, að mikill hluti af andvirði fiskjarins hafi verið greitt til sparisjóðsins, að sparisjóðnum hafi verið skylt að ráðstafa því til greiðslu saltskuldarinnar en eigi gjört það, heldur ráðstafað því með öðrum hætti. Sparisjóðurinn eigi þannig sök á greiðslufalli skuldarinnar og rjettlæti þetta greiðslufrestinn gagnvart sparisjóðnum. Það er nú að vísu sannað að allmikill hluti af andvirði fiskjarins hafi verið greiddur til sparisjóðsins, og það verður að telja það líklegt, að tilætlun aðilja hafi í upphafi verið sú, að skuldin yrði greidd af andvirði fiskjarins og að sparisjóðnum hafi verið þetta ljóst. En með því að ekki sjest að stefndi hafi gjört nokkra kröfu til greiðslu af andvirði fiskjarins nje mótmælt ráðstöfunum sparisjóðsins á því, þá verður eigi talið að þær ráðstafanir rjettlæti greiðslufrestinn gagnvart sparisjóðnum.

Loks hefir stefndi staðhæft það, að framlengingar víxlanna hafi farið fram með vilja og vitund sparisjóðsins og jafnvel eftir beiðni hans og honum til hagsmuna. Hafi bankinn í hvert skifti leitað samþykkis formanns sparisjóðsins til framlenginganna. Um þetta atriði eru framkomnar þær upplýsingar, er hjer skal greina. Einn af starfsmönnum bankans, er sjerstaklega hafði með afsagða víxla að gjöra, hefir borið það sem vitni, að sjer hafi skilist að framlengingar víxlanna færu fram eftir beiðni sparisjóðsins og hafi hann árið 1922 krafið formann sparisjóðsins um greiðslu víxilsins og formaðurinn þá farið fram á og fengið frest til þess að sjá um að víxlinum þá yrði kipt í lag. Fyrverandi forstjóri hins stefnda hlutafjelags og aðalskuldarinn, Þorleifur Guð-

mundsson, hafa báðir borið það sem vitni að það væri með vilja og vitund stjórnar sparisjóðsins að víxlarnir voru framlengdir. Byggir forstjórinn þessa skoðun sína á sögn tveggja af starfsmönnum bankans, en Þorleifur á sögn eins af þáverandi bankastjórum, á því er hann sjálfur segist hafa orðið áheyrsla er hann var viðstaddur símtal úr bankanum við formann sparisjóðsins og loks á því að hann sjálfur hafi skýrt formanni sparisjóðsins frá framlengingu víxilsins og formaðurinn engar athugasemdir gjört við því. Gegn eindreginni neitun áfrýjanda verður það eigi talið að stefndi með þessum gögnum hafi fært fulla sönnun fyrir því að víxillinn hafi verið framlengdur með samþykki formanns sparisjóðsins, en telja verður að samþykki formannsins hefði verið nægilegt til að halda ábyrgðinni í gildi, en hinsvegar eru með þessu komnar fram svo miklar líkur fyrir þessari staðhæfingu stefnda, að rjett þykir að úrslit málsins sjeu komin undir eiði fyrverandi formanns Sparisjóðs Árnessýslu, Guðmundar Sigurðssonar, þannig að ef hann eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu, innan mánaðar frá birtingu þessa dóms, neitar því með eiði að hann fyrir hönd Sparisjóðs Árnessýslu hafi samþykt að umræddir víxlar yrðu framlengdir, þá á áfrýjandi að vera sýkn saka af kröfum stefnda í máli þessu og fellur þá málskostnaður í báðum rjettum niður, en vinni hann ekki eiðinn ber áfrýjanda að greiða stefnda kr. 33000.00 með 6% ársvöxtum frá 15. jan. 1923 til greiðsludags og 500 kr. í málskostnað í hæstarjetti en málskostnaður í hjeraði falli niður. Vaxtakröfunni hefir eigi verið mótmælt sjerstaklega og málinu eigi gagnáfrýjað.

Því dæmist rjett vera:

Svo framarlega sem fyrverandi formaður Sparisjóðs Árnessýslu, Guðmundur Sigurðsson, eftir löglegan undirrbúning, innan mánaðar frá birtingu þessa dóms, neitar því með eiði á varnþingi sínu að hann hafi fyrir hönd Sparisjóðs Árnessýslu samþykt það, að víxlar þeir er ræðir um í máli þessu og stefndi gaf út, Þorleifur Guðmundsson samþykti og Íslandsbanki keypti, væru framlengdir, þá á áfrýjandi Landsbanki Islands f. h. Sparisjóðs Árnessýslu að vera sýkn af kröfum stefnda h/f. Kol & Salt í máli þessu og fellur þá málskostnaður niður í báðum rjettum. En vinni hann ekki eiðinn ber áfrýjanda að greiða stefnda kr. 33000.00 með 6% ársvöxtum frá 15. jan. 1923 til greiðsludags og 500 kr. í málskostnað í hæstarjetti en málskostnaður í hjerað fellur niður.

Dóminum skal fullnægja að viðlagri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með stefnu, dags. 10. maím. f. árs, hefir stefnandi h/f. Kol & Salt í Reykjavík krafist að stefndur, Sparisjóður Árnessýslu á Eyrarbakka, verði dæmdur til að greiða sjer 33000 kr. með 6% ársvöxtum frá 15. jan. 1923 og málskostnað að skaðlausu.

Krafa þessi er gerð út af því að stjórn Sparisjóðs Árnessýslu hinn 18. júnímánaðar 1920 gaf út til handa stefnda svofelt ábyrgðarskjal:

„Eyrarbakka 18. júní 1920.

Sparisjóður Árnessýslu á Eyrarbakka tekst hjermeð á hendur ábyrgð á kr. 35000,00 — þrjátíu og fimm þúsund

króna skuld fyrir salt, er herra alþingismaður Þorleifur Guðmundsson óðalsbóndi í Þorlákshöfn hefir fengið hjá h/f. Kol & Salt í Reykjavík og lofað að greiða þegar fiskeigendur í Þorlákshöfn hafa selt og fengið borgaðan fisk þann, er þeir öfluðu síðastliðna vetrarvertíð. Er nefndu verslunarfjelagi því heimilt — eftir þann tíma — að snúa sjer til vor, verði þá vanskil á greiðslu.

Sparisjóður Árnessýslu.

G. Sigurðsson.

S. Guðmundsson".

Það er upplýst í málinu að hið síðasta af fiski þeim, er greinir í ábyrgðarskjalinu var seldur vorið 1921 og var þá ekkert greitt af skuldinni, en á tímabilinu til 15. jan. 1923 hafa verið greiddar 2000 kr., svo að hún þá var komin niður í 33000 kr. Ábyrgð stefnds er gefin gegn vanskilum á greiðslu saltskuldarinnar, án nokkurs skilyrðis eða takmörkunar, og í málinu er ekkert komið fram, er bendi til að stefnandi hafi á neinn hátt brotið af sjer rjett til hennar. Þvert á móti er það sannað í málinu, að stefndum hefir verið greidd þó nokkur fjárhæð af andvirði fisksins og framkomnir vitnisburðir og önnur atvik hníga öll í þá átt, að dráttur á að ábyrgðin var gerð gildandi gegn stefndum hafi orðið með hans vitund, enda fremur honum til hagræðis.

Samkvæmt þessu verður að taka aðalkröfu stefnda til greina en þar sem enginn reikningur hefir verið lagður fram fyrir málskostnaði og dóminum eigi falið að meta hann, er eigi unt að taka kröfu um málskostnað til greina.

Föstudaginn 21. maí 1926.

Nr. 33/1926. **Valdstjórnin** (B. P. Kalman).

gegn

C. M. H. Mewes (Jón Ásbjörnsson).

Ólöglegar botnvörpuveiðar.

Dómur lögreglurjettar Vestmannaeyjakaupstaðar 20. febr. 1926: Kærði Carl Martin Heinrich Mewes á að greiða sekt að upphæð kr. 12250.00 til Landhelgisjóðs Íslands.

Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir svo og allur afli innanborðs í togaranum „Frida“ S. O. 99 frá Kiel vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Að því viðbættu, að það er sannað með eiðfestum framburði tveggja stýrimanna á eftirlitsskipinu »Þór«, sem aflað hefir verið að tilhlutun sækjanda eftir uppsögn löreglurjettardómsins, að ekkert skip hafi verið svo nálægt skipi kærða »Frida« þá er »Þór« sá til hennar föstudagsmorguninn 19. febr. þ. á. og þangað til hann tók hana, að henni gæti verið búin nokkur árekstrarhætta, verður af ástæðum þeim, sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, að telja kærða sekan um brot gegn 1. gr. laga nr. 5/1920. Og þessari niðurstöðu geta ekki raskað gögn þau frá Þýskalandi, er verjandi hefir lagt fram af hendi kærða.

En þar sem kærði skeytti ekki aðvörunarskotum eftirlitsskipsins, þykir sekt hans, eftir atvikum og með hliðsjón af því að ísl. króna jafngildir í dag 81.74 gullaurum, hæfilega ákveðin 15000 kr., er renni í Landhelgissjóð. Og komi 8 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa. Að öðru leyti á lögreglurjettardóminum að vera óraskað.

Samkv. þessum úrslitum verður kærði að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin laun sóknara og verjanda í hæstarjetti, 150 kr. hvorum.

Því dæmist rjett vera:

Kærði, C. M. H. Mewes, sæti 15000 kr. sekt til Landhelgissjóðs, er afplánist með 8 mánaða

einföldu fangelsi, verði sektin ekki greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Að öðru leyti á lögreglurjettardóminum að vera óraskað.

Kærði greiði og allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin sóknar- og varnarlaun til málaflutningsmannanna B. P. Kalman og Jóns Ásbjörnssonar, 150 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Það er sannað í málinu með skýrslu skipstjórans á varðskipinu „Þór" og játning kærða sjálfs að hann í gærmorgun var staddur á skipi sínu togaranum „Frida" S. O. 99 frá Kiel fyrir innan landhelgislínuna með botnvörpu utanborðs og að veiðum. Hefir kærði borið fyrir sig að það hafi ekki verið ætlun sín eða vilji að fara inn á landhelgissvæðið heldur hafi hann neyðst til þess svo að hann kæmist hjá árekstri við annan togara. En bæði er það að kærða virðist hafa verið innan handar að stöðva skip sitt snöggvast og svo hitt að sveigur sá inná við, sem telja má að hann hafi farið vegna hins togarans, hlýtur að hafa verið svo lítill að hann út af fyrir sig, gat ekki verið nógur til þess að kærði kæmist á skipi sínu eins langt inn fyrir landhelgislínuna og skýrsla skipstjóra varðskipsins ber með sjer. Þetta getur því ekki orðið tekið til greina honum til sýknunar, heldur verður að líta svo á að kærði hafi gerst brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 5 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, og þar sem hjer er um brot í fyrsta sinn að ræða telst refsingin með hliðsjón af að dagsgengi krónunnar er 81.65 af gullkrónu hæfilega ákveðin sekt að upphæð kr. 12250.00 sem rennur til Landhelgissjóðs Íslands. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í áðurnefndum togara vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Loks ber kærða að greiða allan kostnað af máli þessu sem orðin er og verður.

Miðvikudaginn 26. maí 1926.

Nr. 67/1925. **Jón Laxdal** (L. Fjeldsted)
gegn
Pjetri A. Ólafssyni (Enginn).

Um eignarrjett áfrýjanda að 9 lýsisfötum útfluttum undir nafni stefnda.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. ágúst 1925: Stefndur, Pjetur A. Ólafsson, konsúll, á að vera sýkn af kröfum stefnanda í þessu máli.

Málskostnaður falli niður.

Dóminum að fullnægja innan fimtán daga frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Stefndi hefir ekki mætt í hæstarjetti enda þó að honum hafi verið löglega stefnt. Hefir málið því verið rekið skriflega samkv. 1. lið 38. gr. hrj.laganna og er dæmt samkv. N. L. 1—4—32. og 2. gr. ts. 3. júní 1796.

Málsatvik eru þau, að sumarið 1921 bræddi h.f. Sólbakki í Önundarfirði nokkuð af síld fyrir báða aðilja þessa máls. Um miðjan september s. á. sendi fjelagið 55 föt af lýsi undir nafni stefnda til nafngreinds firma í Noregi, til sölu þar, og skýrði stefnda frá sendingunni með símskeyti, dags. 13. og brjefi dags. 14. s. m.

Alllöngu seinna, að sögn stefnda um ári eftir lýsissendinguna, gaf áfrýjandi sig fram við stefnda sem eigandi að 9 fötum og krafðist borgunar fyrir þau. En mál þetta höfðaði áfrýjandinn þó ekki fyr en með stefnu, dags. 26. jan. 1925, eftir að sátta hafði verið leitað um ágreininginn 29. jan. árið áður.

Hafði áfrýjandi verðlagt hvert lýsisfat, eftir tilsögn stefnda, á 43 norskar krónur og 16 aura, og

heimtaði sjer því tildæmdar 388 n. kr. og 44 a. með 6% ársvöxtum frá 1. okt. 1922 og málskostnað að skaðlausu. En stefndi krafðist sýknu og málskostnaðar, eða til vara að úrslit málsins yrðu látin velta á eiði hans og málskostnaði þá hagað eftir því hversu færi um eiðinn.

Áfrýjandi hefir gert sömu kröfur í hæstarjetti sem í hjeraði, að viðbættri kröfu um málskostnað hjer í rjetti.

Stefndi bar fyrir sig í hjeraði, að lýsissending in hefði öll verið talin sín eign bæði í framannefndu símskeyti og brjefi, að hún hefði ekki numið meiru en hann hefði mátt búast við, eftir því hve mikla síld hann ljet bræða, að hann hefði ekki samþykt það, að áfrýjandi sendi lýsi undir sínu nafni og að áfrýjandi hefði sagt of seint til kröfu sinnar.

Það er nú að vísu rjett, að næst liggur að skilja nefnt skeyti og brjef svo sem stefndi hafi einn átt lýsið, eða a. m. k. haft ráðstöfunarrjett yfir því, en það getur ekki skapað stefnda eignarrjett yfir þeim hluta þess, er áfrýjandi kynni að hafa átt. Og í því efni hefir forstöðumaður lýsisbræðslu Sólbakkafjelagsins vottað það afdráttarlaust 11. janúar og 20. okt. 1923, að áfrýjandi hafi átt 9 af þeim 55 lýsisfötum, er fjelagið sendi í sept. 1921 undir nafni stefnda til Noregs og að hann (forstöðumaðurinn) hafi tilkynt stefnda þetta strax eftir útskipun lýsisins eða a. m. k. mjög fljótlega eftir för skipsins frá Önundarfirði. Þessi vottorð hefir forstöðumaðurinn síðan staðfest fyrir rjetti sem vitni, og hefir sá framburður hans verið tekinn jafngildur, sem eiðfestur hefði verið.

Í annan stað hefir stefndi aldrei beint neitað því, að áfrýjandi hafi átt margnefnd 9 lýsisföt, held-

ur dregið þá ályktun af framantilnefndum varnarástæðum sínum, að hann hafi haft ástæðu til að telja sig eiganda þeirra. En þannig löguð mótmæli eru ekki nægilega tvímælalaus, enda hefir stefndi í tilsvari sínu við einni af áskorunum áfrýjanda kannast við það, þó með nokkrum fyrirvara sje, að hann hafi við nánar tiltekið tækifæri »tekið vel í það« við áfrýjanda, að greiða honum andvirði hluta hans úr lýsinu.

Af þessum ástæðum verður að líta svo á, að áfrýjandi hafi átt margnefnd 9 lýsisföt. Og með því að aðrar varnarástæður stefnda koma ekki til greina, að svo vöxnu máli, og stefndi hefir hinsvegar ekki mótmælt kröfuupphæð áfrýjanda, þá verður að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda umstefndar 388 n. kr. 44 aura, með 6% ársvöxtum, en vextina ber að telja frá stefnudegi í hjeraði, 26. jan. 1925, þar eð óþarfur dráttur virðist hafa orðið á höfðun málsins.

Samkvæmt þessum úrslitum verður stefndi að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir báðum rjettum, og þykir eftir atvikum mega ákveða hann 200 kr.

Það athugast, út af niðurlagi dómsorðsins, að fullnægjuákvæði á ekki við sýknudóm.

Því dæmist rjett vera:

Stefndi, Pjetur A. Ólafsson, greiði áfrýjanda, Jóni Laxdal, 388 norskar krónur og 44 aura með 6% ársvöxtum frá 26. jan. 1925.

Svo greiði stefndi áfrýjanda og málskostnað fyrir báðum rjettum með 200 kr.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitan höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 26. janúar þ. á. af Jóni Laxdal, stórkaupmanni hjer í bænum gegn Pjetri A. Ólafssyni, konsúl, sama staðar, til greiðslu skuldar, að upphæð norskar kr. 388.44, samkvæmt reikningi fyrir 9 föt af lýsi, með 6% ársvöxtum af upphæðinni frá 1. okt. 1922 til greiðsludags og málskostnaður að skaðlausu.

Stefndur hefir látið mæta í málinu en hinsvegar krafist algerðar sýknunar í málinu og sjer tildæmdan málskostnað.

Stefnandi skýrir svo frá málavöxtum að árið 1921 hafi hann sent h/f. „Sólbakki" á Önundarfirði liðugar 100 tunnur af síld til bræðslu og hafi fengist úr þeim 9 föt af lýsi, sem eftir samkomulagi hafi verið send undir nafni stefnds ásamt samskonar lýsi er sent var frá honum með skipinu „Marna" í september 1921; voru fötin samtals 55 sem send voru og kveðst stefnandi þar af hafa átt 9 föt, en stefndur hin 46. Þessu til sönnunar hefir stefnandi lagt fram vottorð frá forstjóra h/f. „Sólbakki", Jóhanni P. Jónssyni, er hermir þetta rjett vera og hefir hann staðfest vottorðið fyrir rjetti. Þessu er aftur á móti algjörlega mótmælt af stefndum sem kveðst hafa átt öll 55 fötin er send voru með skipinu „Marna" í umrætt skifti, en sje það frekar minna en meira eftir því sem vænta megi að fáist úr síld þeirri sem brædd var fyrir hann. Stefndur hefir lagt fram símskeyti og brjef frá h/f. „Sólbakki", þar sem ekki er annars getið, en að stefndur sje einn eigandi umræddrar lýsissendingar, og heldur stefndur því fram að honum fyrst ári síðar hafi borist það til eyrna að hann hefði ekki átt að vera eigandi að öllum 55 fötunum og hefir þeirri staðhæfingu stefnds ekki verið nægilega hnekt. Og með því að rjetturinn verður að vera þeirrar skoðunar, að stefnanda hafi ekki gegn neitun stefnds, tekist að sanna að hann hafi átt hin umræddu 9 lýsisföt, þykir verða að sýkna stefndan af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rjett að málskostnaður falli niður.

Dráttur sá sem orðið hefir á dómsuppsögn í málinu stafar af fjarveru dómarans um 3 vikna skeið og síðan af embættisönnum.

Mánudaginn 31. maí 1926.

Nr. 19/1926. **Hreppsnefnd Þingvallahrepps**
(Guðm. Ólafsson)
gegn
hreppsnefnd Grímsneshrepps
(Lárus Jóhannesson).

Um útsvarsskyldu.

Úrskurður fógetarjettar Árnessýslu 31. maí 1925: Umbeðið lögtak skal ekki fram fara.

Dómur hæstarjettar.

Áfrýjandi, hreppsnefnd Þingvallahrepps, hefir fengið gjafsókn í máli þessu og skipaðan málflutningsmann, og stefndi, hreppsnefnd Grímsneshrepps, hefir og fengið gjafvörn í málinu og skipaðan málflutningsmann.

Þar sem 1. gr. laga nr. 29, 19. júní 1922, heimilar eigi að leggja aukaútsvar á Grímsneshrepp fyrir upprekstrarrjett þann, er hreppurinn á í Þingvallahreppi og ræðir um í málinu, ber að staðfesta hinn áfrýjaða fógetarjettarúrskurð.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða kaup hins skipaða málflutningsmanns stefnda í hæstarjetti, er ákveðst 80 kr., en kaup hins skipaða málflutningsmanns áfrýjanda 80 kr. greiðist af almennafje. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða fógetarjettarúrskurði skal óraskað.

Áfrýjandi, hreppsnefnd Þingvallahrepps, greiði málflutningskaup hins skipaða málflutningsmanns stefnda, hæstarjettarmálflutningsmanns

Lárusar Jóhannessonar, 80 kr. Málflutningskaup hins skipaða málflutningsmanns áfrýjanda, hæstarjettarmálflutningsmanns Guðmundar Ólafssonar, 80 kr., greiðist af almannafje. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Haustið 1924 lagði hreppsnefnd Þingvallahrepps útsvar á Grímsneshrepps að fjárhæð 150 kr. Rjett til álagningar þessarar byggir lögtaksbeiðandi á því, að samkvæmt konungsúrskurði 14. jan. 1896 hafi lögtaksþoli eignast allstóra landspildu úr afrjettarlandi Þingvallakirkju innan Þingvallahrepps til eignar, afnota og umráða og beri því að greiða útsvar til Þingvallahrepps

Heimild til þessa útsvarsálags mun eiga að vera í ákvæðum 1. gr. laga nr. 29, 19. júní 1922, um að gjöra mönnum útsvar, er hafa ábúð á jörð eða jarðarhluta, leiguliðaafnot af jörð eða lóðarafnot, sem einhvern arð gefa, í sveitarfjelagi utan síns lögheimilis.

Það er upplýst að lögtaksþoli hefir notað greinda afrjettarspildu til uppreksturs sauðfjár á sumrum og annars ekki.

Ábúð á jörð geta slík afnot ekki kallast og því síður leiguliðaafnot, eins og þau eru takmörkuð í greindum ákvæðum („svo sem slægjuafnot"). Hinsvegar verður með skýrskotun til nýgreindrar takmörkunar heldur eigi talið að orðið „lóðarafnot" eigi við búnaðarafnot jarða, því við það yrði ósamræmi milli ákvæðanna. Almenn skilyrði fyrir að beita greindum ákvæðum verður að telja, að afnotin sje rekin sem atvinna en það er víst, að lögtaksþoli með engu móti getur kallast reka atvinnu með upprekstrarafnotum þessum. Þá mun það mjög hæpið að greind ákvæði um jarðarafnot nái til afrjetta enda afrjettarspilda þessi ekki metin til fasteignaverðs, fremur en aðrar afrjettir.

Af þessum rökum verður að telja næsta ólíklegt, að oftgreindum undantekningarákvæðum sje ætlað að ná til slíkra afnota hreppsfjelags og hjer um ræðir og getur því lögtaksbeiðnin ekki orðið tekin til greina.

Mánudaginn 31. maí 1926.

Nr. 12/1926. **Eiríkur Stefánsson og Ögm. Guðmundsson**
gegn
Eiríki Einarssyni f. h. Útbús Landsbankans, Selfossi.

Dómur hæstarjettar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Eiríkur Stefánsson og Ögmundur Guðmundsson, sem ekki mæta í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs ef þeir af nýju vilja fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Mánudaginn 7. júní 1926.

40/1926. **Valdstjórnin** (Lárus Jóhannesson)
gegn
Jóni Jónssyni (Pjetur Magnússon).

Spurning um brot á l. nr. 40/1923 og l. nr. 47/1901.

Dómur lögreglurjettar Ísafjarðar 9. febr. 1926: Kærður Jón Jónsson formaður Blóma- og trjáræktarfjelags Ísafjarðar á að vera sýkn í málinu. Málskostnaður greiðist af almannafje.

Dómur hæstarjettar.

Það er upplýst í málinu að Blóm- og trjáræktarfjelag Ísafjarðar, er kærði er formaður fyrir, hefir það markmið að glæða áhuga manna á trjá- og blómrækt og vinnur fjelagið að því markmiði með því að halda uppi gróðrarstöð á Ísafirði. Það er ennfremur upplýst að ágóðinn af skemtun þeirri, er

fjelagið hjelt 2. janúar s. l., átti allur að ganga til greiðslu á skuld, er fjelagið hafði bakað sjer með framkvæmdum samkv. þessum tilgangi sínum. — Skemtun þessi var haldin til styrktar málefni, er miðar að almenningsheill, og var hún því undanþegin skemtanaskatti samkv. l. nr. 40, 20. júní 1923, 3. gr. b. Kærði hefir því eigi brotið lög þó hann greiddi eigi skatt af skemtun þessari. Með því ennfremur að skemtun þessi var auglýst sem innanfjelagsskemtun og ekki er sannað að öðrum utanfjelagsmönnum hafi verið leyfður aðgangur að henni en þeim, er jafnframt lofuðu að gerast fjelagsmenn, þá verður skemtunin eigi talin haldin fyrir almenning eða almenn skemtun sbr. l. nr. 40, 1923, og l. nr. 47, 20. des. 1901, 9. gr. og verður kærði því hvorki talinn hafa gerst brotlegur gegn síðastnefndri lagagrein nje gegn 4. gr. l. nr. 40, 1923. Samkv. þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm og sýkna kærða af kröfum valdsstjórnarinnar í máli þessu. Allan kostnað af áfrýjun málsins ber að greiða af almannafje, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 60 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda, málflutningsmannanna Lárusar Jóhannessonar og Pjeturs Magnússonar, 60 kr. til hvors, skal greiða af almannafje.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir lögreglurjettinum gegn kærðum Jóni Jónssyni, formanni Blóm- og trjáræktarfjelags Ísafjarðar, fyrir brot á lögum nr. 40, 1923 og lögum nr. 47, 1901, til greiðslu sekta, skemtunarskatts og málskostnaðar.

Atvik og tildrög málsins eru þannig.

Laugardaginn 2. jan. þ. á. hjelt greint fjelag skemtun í kjallaranum undir kvikmyndahúsinu hjer í bænum með upplestri, ræðum og dans á eftir. Skemtunin var áður auglýst á götunum sem innanfjelagsskemtun, en aðgang að henni fengu fjelagsmenn gegn því að greiða 1 kr. en þeir sem eigi voru fjelagsmenn áður gátu orðið það við innganginn með því að greiða 1 kr. í innritunargjald, fengu þá fjelagsskírteini er þeir notuðu fyrir aðgöngumiða. Innritun þessi fór þannig fram að tveir menn rituðu á skrá nöfn þeirra manna er báðu um aðgang, fengu fjelagsskírteini gegn áðurgreindu gjaldi og notuðu það sem aðgöngumiða. Fengu 35 menn aðgang að skemtuninni á þenna hátt, einn þeirra neitaði að verða fjelagsmaður en fjekk samt fjelagsskírteini.

Þá er það upplýst í málinu að samkvæmt lögum fjelagsins geta menn eigi orðið fjelagsmenn nema á fundi, en um það gat hjer eigi verið að ræða þar eð menn fengu innritunarskírteini við inngangin á skemtunina. Það verður því að líta svo á að umgetnir 35 menn sjeu ólöglega teknir í fjelagið í því skyni að afla því tekna.

En með tilliti til þess að skemtunin var auglýst innanfjelagsskemtun og einnig eitt vitni upplýst að það hafi ætlað á skemtunina en hætt við það fyrir þá sök að því var tjáð að skemtunin væri einungis fyrir fjelagsmenn, virðist hjer eigi um almenna skemtun að ræða, er ríði í bága við lög nr. 40, 1923, 1. gr. nje 4. gr. laganna með því hana virðist eiga að skýra í sambandi við 1. gr. — Með því nú að lög nr. 47, 1901 banna einungis almennar skemtanir sbr. 9. gr. virðist hjer heldur eigi um brot á þessum lögum að ræða. Það ber því að sýkna kærðan í máli þessu og greiða málskostnað af almannafje.

Miðvikudaginn 9. júní 1926.

Nr. 49/1925. **Lárus Fjeldsted f. h. eiganda, skipstjóra og skipshafnar m/k. Gracie**
(Pjetur Magnússon)
gegn
Louis le Maigat f. h. eigenda og vátryggjenda s/k. Yvonne og f. h. eigenda og vátryggjenda farms hennar
og
gagnsök (Jón Ásbjörnsson).

Um upphæð björgunarlauna.

Dómur sjódóms Reykjavíkur 18. apríl 1925: Stefndur, Louis Maigat f. h. eigenda og vátryggjenda skn. P. 5. „Yvonne" frá Paimpol og farms þess, er í skipinu var 5. maí f. á., greiði stefnandanum, L. Fjeldsted f. h. eiganda m/k. T. G. 630 „Gracie" frá Vaag í Færeyjum kr. 6000.00 með 6% ársvöxtum frá 5. maí f. á. til greiðsludags og 200 krónur upp í málskostnað og staðfestist löghaldsgjörðin frá 10.—12. maí f. á. fyrir þeim upphæðum.

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Með því að fallast má á forsendur sjórjettardómsins, sem áfrýjað hefir verið af hálfu beggja aðilja, ber að staðfesta dóminn og fellur málskostnaður fyrir hæstarjetti að svo vöxnu máli niður.

Því dæmist rjett vera:

Sjórjettardóminum skal órasakað. — Málskostnaður fyrir hæstarjetti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Laugardagskvöldið 3. maí f. á. rákust 2 m.sk. P. 5 „Yvonne“ frá Paimpol 163.56 smálestir að stærð brutto og 2. m. kutter „Phebe“ frá Klaksvig, á í Jökuldjúpinu á 64, 31. gr. norðl. br. og 26, 33. gr. vestl. l. Bæði skipin skemdust nokkuð við árekstur inn. „Yvonne“ þó meira. Fokkumastrið á „Yvonne“ brotnaði svo að eftir af því urðu hjer um bil 5 metrar og um leið og það fjell dró það stórmastrið með sjer, svo að eftir af því urðu hjer um bil 9 metrar og jafnframt brotnaði klyverboman. Sakir þess að sjór var ókyrr, lamdist dræsan við skipið; kveður skipstjórinn á „Yvonne“ hafa verið ómögulegt að innbyrða dræsuna og skipverjar því hafa neyðst til að skera hana frá sjer. Skrokkurinn á „Yvonne“ og stýrið var óskemt. Skipstjórinn kveðst hafa sett upp tvö rauð neyðarmerki og hafa haft neyðarblys alla nóttina. Bugspjótið og framstefnið á „Phebe“ brotnaði og mistu skipverjar stjórn á því um stund og kveðst skipstjórinn á því skipi hafa gefið neyðarbendingar þar til hann sá kutter T. N. 194 „Silver Belle“ var kominn að „Yvonne“. Þá er skipstjórinn á „Phebe“ hafði fengið stjórn á skipi sínu aftur sigldi hann því upp að „Yvonne“ og „Silver Belle“ og fór yfir í „Yvonne“, en í þeim svifum kom þar að m/k. „Gracie“ T. S. 630 frá Waag í Færeyjum, stærð skipsins og afl vjelar er ekki upplýst í málinu. Var klukkan þá um 4 á sunnudagsmorguninn. Hafði það skip verið á siglingu í Jökuldjúpinu og tekið eftir neyðarbendingunum og farið á vettvang. Varð það úr, að „Gracie“ fjekk lánaðan drátt-arkaðal hjá „Silver Belle“ og tók að draga „Yvonne“ hingað kl. 6 um morguninn og var komin með hana í eftirdragi hingað á höfnina eftir ca. 20 stundir eða kl. 2 síðd. mánudaginn 5. maí f. á.

Eftir dagbókarútdráttum „Phebe“ og „Silver Belle“ var „frisk Kuling“ af N. A. sunnudaginn 4. maí f. á. og eftir skýrslu frá veðurstofunni hjer í bænum var áttin N—NNA eftir settri átt dagana 3.—5. maí f. á. og vindhæðin 1—7.

Þriðjudaginn 6. maí fór fram hjer í bænum sjóferðapróf yfir skipshöfnunum á „Yvonne“, „Phebe“, „Gracie“ og „Silver Belle“ út af árekstri „Yvonne“ og „Phebe“ og afleiðingum hans. 10.—12. s. m. fjekk skipstjórinn á m/k. „Gracie“ lagt löghald á „Yvonne“ og farm hennar til tryggingar greiðslu björgunarlauna að upphæð samtals kr. 26.166.66, svo og kostnaði við löghaldsgjörðina og eftirfarandi staðfestingarmál og með sjódómsstefnu útgefinni 23. s.m. hefir L. Fjeldsted hrm., f. h. eiganda m/k. „Gracie“ höfðað mál þetta fyrir sjódóminum gegn skipstjóranum á „Yvonne“,

Louis Maigat, h. f. eigenda og vátryggjenda þess skips og farms þess, sem í því var, *til* staðfestingar framangreindrar löghaldsgjörðar, *til* greiðslu björgunarlauna að upphæð 16000 krónur með 6% ársvöxtum frá 5. maí f. á. til greiðsludags, *til* greiðslu á 1000 krónum, sem kostnaði við mat og ýmsa utanrjettaraðstoð við löghaldsgjörð o. fl. ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, *til* greiðslu málskostnaðar í þessu máli að skaðlausu, þar með ómakslaunum sínum við löghaldsgjörðina og rjettargjöld þar eftir reikningi að upphæð kr. 956.50 og loks *til* viðurkenningar sjóveðsrjetti í skipinu „Yvonne" P. 5 áamt farmi þess til tryggingar öllum ofannefndum kröfum.

Samkvæmt dómkvaðningu 6. maí f. á. hafa 2 menn 10. s. m. metið „Yvonne" eins og hún þá var kr. 15000.00 og farm hennar, kol, matvæli og veiðarfæri á kr. 30155.00 eða skipið með öllu sem í því var á kr. 45155.00.

Stefndur hefir mótmælt öllum framangreindum kröfum stefnanda og krafist algerðrar sýknunar gegn því að hann greiði 1500 krónur fyrir dráttaraðstoð. Svo hefir hann og krafist hæfilegs málskostnaðar hjá stefnanda eftir mati rjettarins.

Málsaðilja greinir á um það hvers virði aðstoð sú hafi verið, er Gracie" ljet „Yvonne" í tje. Stefnandi heldur því fram að um fullkomna björgun hafi verið að ræða. Því hvorki „Phebe" eða „Silver Belle" hefðu getað dregið „Yvonne" til hafnar þar sem þau voru minni seglskip án vjelar og að „Yvonne" myndi hafa rekið til hafs og hún farist með farmi, kolum og vistum ef „Gracie" hefði ekki dregið hana hingað, þar sem „Yvonne" var búin að missa bæði möstrin og öll segl og að öllu leyti ósjálfbjarga, enda hafi skipshöfnin verið farin að búa sig undir að yfirgefa skipið, er „Gracie" kom að.

Stefndur hefir mótmælt þessu og haldið því fram að „Yvonne" hefði með varatækjum sínum getað komist af eigin ramleik undir land og hafi því aðeins verið um dráttaraðstoð að ræða, er sje fulllaunuð með 1500 krónum, þar sem „Gracie" hafi aðeins tafist 3 sólarhringa við dráttinn, frá því 6. maí f. á. hafi sjóferðaprófi verið lokið og hefði skipið þá getað farið út á veiðar aftur og látið málafærslumann sinn annast um það, sem frekar þurfti að gera í málinu.

Rjetturinn verður nú að líta svo á að „Yvonne" hafi verið svo nauðlega stödd eftir áreksturinn að mjög sje hæpið, að hún hefði komist hjálparlaust til hafnar af eigin rammleik og að „Phebe" eða „Silver Belle" hefðu ekki getað veitt henni nauð-

synlega hjálp til hafnar og hæpið að önnur skip hefðu komið til, er það hefðu getað. Verður rjetturinn því að líta svo á að um björgun hafi verið að ræða.

Þegar nú annars vegar er athuguð hætta sú, er „Yvonne" var stödd í og verðmæti hins bjargaða, en hinsvegar *að* „Gracie" er lítið og ódýrt skip, *er* ekki var stofnað í neina hættu við björgunina, *er* var mjög auðveld og tók eigi nema 20 stundir, þykja björgunarlaunin hæfilega ákveðin 6000 krónur. Fyrir kröfunni um 1000 króna greiðslu fyrir utanrjettaraðstoð hefir stefnandi ekki gegn mótmælum stefnds gjört nægilega grein og verður sú krafa því ekki tekin til greina.

Þar sem rjetturinn annarsvegar hefir ekki sjeð sjer fært að taka til greina nema þriðjung af kröfu stefnanda en stefndur hefir hinsvegar ekki viljað greiða nema fjórðung þess, er stefnanda ber að áliti rjettarins, þykir rjett að stefndur greiði stefnanda 200 krónur upp í málskostnað og ber að staðfesta löghaldsgjörðina fyrir þeim upphæðum sem stefnandi fær sjer tildæmdar.

Miðvikudaginn 9. júní 1926.

Nr. 63/1925. **Bræðurnir Proppe** (L. Fjeldsted)
gegn
Einari M. Jónassyni, sýslumanni í Barðastrandarsýslu, f. h. þrotabús Guðm. Bergsteinssonar og gegn honum persónulega, og Lárusi Jóhannessyni f. h. Jakobs Gunnlögssonar (Enginn).

Ómerking uppboðs.

Úrskurður uppboðsrjettar Barðastrandarsýslu 22. sept. 1925: Uppboðsafsal fyrir húseignum og skipum tilheyrandi þrotabúi Guðmundar Bergsteinssonar í Flatey, samkvæmt uppboði 6. júlí þ. á. skal gefið Proppébræðrum í Reykjavík, að greiddum áskildum 4000.00 krónum lögmæltum uppboðslaunum í ríkissjóð, 4% innheimtulaunum af uppboðsandvirðinu 57

þúsund krónum, og að greiddum veðskuldum 1. og 2. veðhafa, eða yfirlýstu skilyrðislausu samþykki þeirra, eða tryggingu settri fyrir því.

Dómur hæstarjettar.

Þann 6. júlí f. á. fór fram í Flatey á Breiðafirði eftir ákvörðun skiftafundar í þrotabúi Guðmundar kaupmanns Bergsteinssonar þriðja og síðasta uppboð á fasteignum, vjelskipum og vjelbátum þrotabúsins. Í söluskilmálum uppboðsins, er lagðir voru fram í rjettinum, var meðal annars ákveðið, að hæstbjóðandi og næsthæstbjóðandi skuli vera bundnir við boð sín í 8 daga eftir uppboðið og sjest það af skjölum málsins, að boðin áttu innan þess tíma að leggjast undir samþykki skiftafundar í þrotabúinu. Uppboðsráðandi var innheimtumaður uppboðsins og átti kaupandi samkvæmt söluskilmálunum um leið og boð hans væri samþykt að greiða af kaupverðinu 4000 kr. til innheimtumanns og 4% í innheimtulaun og ennfremur átti hann þá auk uppboðsandvirðisins að greiða allan kostnað af uppboðinu og skatta og opinber gjöld, er á eignunum hvíldu.

Áfrýjandi, er átti síðasta veðrjett í nálega öllum eignunum, ljet umboðsmann mæta fyrir sig á uppboðinu, og var þar lagt fram símskeyti frá hæstarjettarmálaflutningsmanni Lárusi Jóhannessyni, er fór með umboð erlends skuldheimtumanns í þrotabúinu, þess efnis, að hann vænti þess, að uppboðið færi þannig fram, að húseignir og skip yrðu boðin upp fyrst í einu lagi og síðan hvert hús og skip út af fyrir sig. Nefndur málflutningsmaður mætti ekki á uppboðinu, en uppboðsráðandi skipaði honum, að því er virðist af eigin hvötum, talmann til að mæta í rjettinum og gæta hagsmuna hans. Uppboðið fór

síðan þannig fram, að fyrst var árangurslaust boðin upp hver eign út af fyrir sig og síðan allar eignirnar í einu lagi og bauð hinn skipaði umboðsmaður Lárusar Jóhannessonar fyrir hans hönd næsthæsta boðið 56100 kr. en umboðsmaður áfrýjanda var hæstbjóðandi að þeim fyrir 57000 kr., og með því að upphæð þessi nægði ekki til lúkningar veðskuld hans og veðskulda þeirra, er betri forgangsrjett höfðu, krafðist hann þá þegar á uppboðinu, að eignirnar yrðu útlagðar áfrýjanda til eignar sem ófullnægðum veðhafa.

Áður en liðnir voru 8 dagar frá uppboðsdegi eða 13. júlí f. á. var haldinn skiftafundur á Patreksfirði í þrotabúi Guðmundar Bergsteinssonar til þess að taka ákvörðun um framangreind boð í eignirnar. Skiftaráðandi boðaði áfrýjanda og málflutningsmanni Lárusi Jóhannessyni fundinn með símskeyti 9. s. m., en það sjest ekki að boðað hafi verið á annan hátt til fundarins eða öðrum kröfueigendum í þrotabúinu hafi verið gert aðvart um hann. Á fundi þessum mætti hvorki áfrýjandi nje Lárus Jóhannesson nje neinn annar af skuldheimtumönnum þrotabúsins, en skiftaráðandi skipaði hvorum þessara tveggja um sig umboðsmann, er hann ljet mæta í skiftarjettinum og er svo bókað í skiftabókina, að þessir umboðsmenn hafi komið sjer saman um »að Proppebræðrum yrði útlögð eignin samkvæmt uppboðsskilmálunum að þeim uppfyltum, ef ekki sannaðist að nefndur Lárus Jóhannesson hefði ekki fengið skeyti skiftaráðanda, sem honum voru send sumpart úr Flatey og sumpart frá Patreksfirði«. Verður ekki annað sjeð en að skiftarjetturinn hafi samþykt þetta, eða ekkert haft við það að athuga.

Út af símskeytum, sem fóru milli áfrýjanda og

hins stefnda uppboðs- og skiftaráðanda út af þessu, ritaði áfrýjandi stefnda tvö brjef 21. ág. og 8. sept. s. á., sendi honum skilríki fyrir því, að hann hefði fengið samþykki þeirra, er veð höfðu á undan honum í hinum seldu eignum, til að taka á sig þær skuldir, og krafðist enn á ný, að eignirnar yrðu útlagðar sjer til eignar fyrir hæsta boð, gegn því að greiða lögmætan kostnað við uppboðið, en neitaði að greiða innheimtulaun þau, 4% af 57000 kr., er hinn stefndi uppboðsráðandi hafði krafið hann um. Hinn stefndi uppboðs- og skiftaráðandi varð ekki við þessari útlagningarkröfu, heldur setti hann uppboðsrjett á skrifstofu sýslunnar á Patreksfirði 22. sept. f. á., til þess að framhalda áðurgreindu uppboði í Flatey 6. júlí f. á., og án þess að boða áfrýjanda eða aðra til þessa uppboðsþings. Kvað hann samstundis upp úrskurð og hratt kröfu áfrýjanda um útlagningu eignanna, en úrskurðar að »uppboðsafsal fyrir húseignum og skipum tilheyrandi þrotabúi Guðmundar Bergsteinssonar í Flatey, samkvæmt uppboði 6. júlí þ. á., skal gefið Proppebræðrum í Reykjavík, að greiddum áskildum 4000 kr., lögmæltum uppboðslaunum í ríkissjóð, 4% innheimtulaunum af uppboðsandvirðinu 57000 kr., og að greiddum veðskuldum 1. og 2. veðhafa eða yfirlýstu skilyrðislausu samþykki þeirra, eða tryggingu settri fyrir því«.

Áfrýjandi hefir nú með stefnu dags. 9. des. f. á. áfrýjað bæði uppboði því, er fór fram í Flatey 6. júlí f. á. og uppboðsrjettarúrskurðinum 22. sept. f. á. og er aðalkrafa hans hjer fyrir rjettinum, að öll meðferð málsins fyrir uppboðsrjettinum þar með talinn nýnefndur úrskurður, verði ómerkt í öllum greinum og að þrotabú kaupmanns Guðmundar Berg-

steinssonar verði dæmt til að endurgreiða sjer kr. 1718.79, er hann hafi greitt af lánum, sem á eignum þrotabúsins hvíldu. Til vara krefst áfrýjandinn þess, að uppboðsrjettarúrskurðurinn 22. sept. verði feldur úr gildi og skiftaráðandinn í nefndu þrotabúi skyldaður til að leggja sjer út til eignar, sem ófullnægðum veðhafa, eignir þær, er áfrýjandi varð hæstbjóðandi að á uppboðinu 6. júlí. Hefir hann stefnt Einari M. Jónassyni sýslumanni í Barðastrandarsýslu sem uppboðshaldara og skiftaráðanda fyrir hönd þrotabúsins og jafnframt persónulega til ábyrgðar og krafist þess, að hann verði sektaður eða vittur fyrir ólöglega meðferð málsins, svo og til þess in solidum með þrotabúi Guðmundar Bergsteinssonar eða til vara einn, að greiða sjer allan kostnað, er af uppboðinu hafi leitt fyrir sig, svo og málskostnað í hæstarjetti að skaðlausu eða eftir mati rjettarins. Svo hefir og verið stefnt hæstarjettarmálaflutningsmanni Lárusi Jóhannessyni fyrir hönd stórkaupmanns Jakobs Gunnlögssonar í Kaupmannahöfn, en á hendur honum hafa engar kröfur verið gerðar.

Hvorugur hinna stefndu hefir mætt eða látið mæta í hæstarjetti og hefir því málið verið rekið þar skriflega samkv. 1. lið 38. gr. hæstarjettarlaganna og er dæmt samkv. N. L. ..—4.—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Áfrýjandi rökstyður aðalkröfu sína með því, að öll meðferð uppboðsráðandans á málinu hafi verið löglaus, og verði ekki úr því bætt nema með því að ómerkja með öllu uppboðið, er fór fram í Flatey 6. júlí f. á., og allar gjörðir uppboðsráðandans eftir þann tíma, en einkum telur hann það hafi verið með öllu óheimilt að uppboðsráðandi skipaði málflutningsmanni Lárusi Jóhannessyni umboðsmann á

uppboðinu, er gerði boð fyrir hans hönd, er uppboðsráðandi tók gild og varð til þess að baka áfrýjanda tjón, þar sem enginn annar hafi boðið í eignirnar móti honum. Er það tekið fram í sókn áfrýjanda hjer fyrir rjettinum, að hann hafi mótmælt þessu á uppboðinu, en ekkert fengið um það bókað í uppboðsbókina.

Það verður að fallast á, að gallar þeir, sem eru á uppboðinu 6. júlí f. á. og meðferð málsins þar eftir verði að hafa ómerkingu í för með sjer. Í málinu brestur sönnun fyrir því að fleiri uppboð en eitt hafi verið haldið á eignum þessum og að uppboð á þeim hafi verið löglega birt. Í söluskilmálum þeim, sem lagðir voru fram í rjettinum 6. júlí f. á. eru taldar upp sundurliðaðar eignir þær, sem selja eigi við uppboðið, en söluskilmálarnir telja færri eignir boðnar fram til sölu en ráða virðist mega af uppboðsbókinni að boðnar hafi verið upp. Og er bókunin þó svo ógreinileg að af henni verður ekki sjeð með vissu, hverjar eignir hafi verið boðnar upp og hvort sömu söluskilmálar hafa gilt fyrir allar eignirnar. Fyrirkomulag uppboðsins er einnig öðruvísi en vænta mátti eftir innihaldi veðbrjefanna. Og ennfremur var, svo sem áfrýjandi hefir tekið fram, uppboðsráðanda óheimilt að skipa fjarverandi manni að honum fornspurðum, umboðsmann til að mæta á uppboðinu og bjóða í eignirnar fyrir hann og að taka slík boð gild. Loks er uppboðsrjettarúrskurðurinn 22. sept. f. á. bygður á misskilningi uppboðsráðanda á því, er fram hafði farið í málinu og á ekki við nein gild rök eða lög að styðjast. Þessir gallar á meðferð málsins eru svo verulegir, að það verður ex officio að ómerkja uppboðið í Flatey 6. júlí f. á. og alla meðferð málsins eftir þann

tíma, þar með talinn uppboðsrjettarúrskurðurinn 22. september f. á.

Hinsvegar verður ekki sint þeirri kröfu áfrýjanda, að skiftaráðandinn í þrotabúi Guðmundar Bergsteinssonar verði fyrir hönd þrotabúsins dæmdur til að endurgreiða þær kr. 1718.79, er áfrýjandi hefir greitt af skuldum þrotabúsins, þegar af þeirri ástæðu að krafan um endurgreiðslu þessa hefir ekki verið lögð undir úrskurð eða dóm í hjeraði.

Eftir atvikum þykir ekki vera alveg næg ástæða til að sekta hinn stefnda uppboðs- og skiftaráðanda fyrir ólöglega meðferð málsins, en það verður að dæma hann til að greiða áfrýjanda allan kostnað hans við að láta mæta á uppboðinu í Flatey 6. júlí síðastl. og nemur sá kostnaður alls 792 kr. samkvæmt framlögðum sundurliðuðum reikningi. Ennfremur ber honum að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst 300 kr.

Því dæmist rjett vera:

Uppboð það, er fram fór í Flatey á Breiðafirði 6. júlí f. á. á fasteignum, skipum og bátum þrotabús Guðmundar Bergsteinssonar, svo og öll meðferð málsins eftir þann tíma þar með talinn úrskurður uppboðsrjettar Barðastrandarsýslu 22. sept. f. á., skal ómerkt vera.

Hinn stefndi uppboðs- og skiftaráðandi Barðastrandarsýslu, Einar M. Jónasson, greiði áfrýjanda, firmanu Brædurnir Proppe 792 krónur og ennfremur 300 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti, hvorttveggja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 11. júní 1926.

Nr. 59/1925. **Kaupfjelag Reykvíkinga**
(Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Ársæli Sigurðssyni
(Bjarni Þ. Johnson).

Út af því hvort stefndi hafi verið fjelagi í K. R. 5. mars 1923 og 22. mars 1925.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. okt. 1925: Stefndur Ársæll Sigurðsson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Haraldar Guðmundssonar f. h. Kaupfjelags Reykvíkinga í máli þessu. — Stefnandi greiði stefndum 35 kr. í málskostnað, innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Með því að fallast má á ástæður hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti, er eftir atvikum ákveðst 100 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýjandi, Kaupfjelag Reykvíkinga, greiði stefnda, Ársæli Sigurðssyni, 100 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitan höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 28. maí s. l. af Haraldi Guð-

mundssyni kaupfjelagsstjóra f. h. Kaupfjelags Reykvíkinga, gegn Ársæli Sigurðssyni, Laugaveg 71 hjer í bæ, til greiðslu framlaga á tekjuhalla Kaupfjelags Reykvíkinga fyrir árin 1922 og 1924, samtals að upphæð kr. 280,00 með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi 18. maí þ. á., til greiðsludags og málkostnaðar að skaðlausu.

Stefndur hefir krafist sýknu af framangreindum kröfum stefnanda og hæfilegs málkostnaðar.

Málavexti tjáir stefnandi vera þá, að stefndur hafi gerst fjelagi í „Kaupfjelagi verkamanna í Reykjavík" árið 1917 og undirritað lög fjelagsins eins og þau voru samþykt á fundi fjelagsins 24. janúar þess árs, en í 3. gr. laganna sje meðal annars það ákvæði, að fjelagsmenn taki að sjer „sjálfskuldarábyrgð (in solidum) á öllum skuldbindingum fjelagsins" og að þeir sjeu háðir lögum og reglum fjelagsins eins og þau þá voru eða síðar kynnu að vera breytt á löglegan hátt. Á aðalfundi fjelagsins 19. febrúar 1920 hafi verið samþykt að breyta firmanafni fjelagsins þannig að það þar á eftir hjeti „Kaupfjelag Reykvíkinga", og sje stefndur því löglegur meðlimur þess fjelags, með því að hann hafi aldrei sagt sig úr því á löglegan hátt.

Nú kveður stefnandi tap hafa orðið á rekstri fjelagsins árin 1922 og 1924. Hafi því fjelagið á aðalfundum þess, 5. mars 1923 og 22. mars 1925, samþykt að jafna tapinu niður á fjelagsmenn. Hafi niðurjöfnunin fyrir fyrra árið að því er stefndan snertir numið kr. 150,00 en fyrir hið síðara kr. 130,00, eða til samans hinni umstefndu upphæð. Kveður stefnandi stefndan hafa neitað að greiða tillögin og hafi hann því höfðað mál þetta og gert í því framangreindar kröfur.

Sýknunarkröfu sína byggir stefndur aðallega á því, að hann hafi verið genginn úr fjelaginu áður en ofangreindar samþyktir voru gerðar og sjeu þær sjer því óviðkomandi. Skírskotar hann í því efni til síðari hluta 8. gr. laga „Kaupfjelags verkamanna í Reykjavík" frá 1917, en þar segir svo: „Hafi fjelagsmaður eigi verslað neitt við fjelagið í 2 ár samfleytt, skal hann álitinn genginn úr fjelaginu". Neitar stefndur því staðfastlega að hann hafi verslað við fjelagið eftir árið 1917.

Stefnandi hefir mótmælt skilningi stefnds á fyrnefndu ákvæði 8. gr. Kaupfjelagslaganna, telur það aðeins vera heimild fyrir stjórn fjelagsins til þess að strika menn út af fjelagsskrá, en enga skyldu. Heldur hann því og fram að stefndur hafi altaf öðru hvoru verslað við fjelagið gegn peningaborgun út í hönd, enda

sje honum tilfærður arður fyrir árin 1918 og 1919 og vextir af inneign fram til þessa árs.

Rjetturinn verður að líta svo á, að framangreind ákvæði 8. gr. fjelagslaganna sje svo ákveðið og skilyrðislaust orðað, að sá maður, sem ekki hefir verslað við fjelagið tvö ár samfleytt, geti ekki lengur talist fjelagsmaður í neinum skilningi. Samkvæmt 5. gr. sömu laga á og stjórn fjelagsins að sjá um að þeir menn skuli strikaðir út af fjelagsskrá, en þótt svo hafi ekki verið gert í því tilfelli, er hjer liggur fyrir, þá getur það eitt ekki skapað stefndum neinar skyldur, gagnvart fjelaginu. Loks eru í 9. gr. fjelagslaganna sjerstök ákvæði um brottrekstur fjelagsmanna úr því. Stefnandi hefir engar sönnur á það fært gegn ákveðnum mótmælum stefnds, að hann (stefndur) hafi verslað við fjelagið árin 1920 og 1921. Verður því samkvæmt lögum fjelagsins að álíta stefndan hafa verið genginn úr því 1. janúar 1922 og þar með leystan undan öllum síðari skuldbindingum þess. Ber því að sýkna stefndan af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir þessum málslokum þykir rjett að stefndandi greiði stefndum kr. 35,00 í málskostnað.

Föstudaginn 11. júní 1926.

Nr. 21/1926. **Sigurður Briem** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Tryggva Þórhallssyni (Enginn).

Meiðyrðamál.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. des. 1925:

Framantalin ummæli skulu dauð og ómerk.

Stefndur Tryggvi Þórhallsson greiði 100 króna sekt til ríkissjóðs og komi í stað sektarinnar ef hún er ekki öll greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, 7 daga einfalt fangelsi.

Svo greiði stefndur og stefnanda, aðalpóstmeistara Sigurði Briem, 120 krónur í málskostnað.

Dæmdur málskostnaður greiðist innan 15. daga frá lögbirtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Stefndi í máli þessu hefir ekki mætt í hæstarjetti, þótt áfrýjunarstefnan hafi verið honum löglega birt, og hefir málið því verið flutt skriflega samkv. 1. lið 2. mgr. 38. gr. hæstarjettarlaganna og er dæmt samkv. N. L. 1—4—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Áfrýjandi hefir krafist þess hjer fyrir rjettinum, *að* öll þau ummæli, sem átalin voru fyrir undirrjetti og tilgreind eru í bæjarþingsdóminum, verði dæmd dauð og ómerk, *að* hin ídæmda sekt verði hækkuð eftir því, sem lög frekast leyfa, og *að* stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum rjettum eftir mati hæstarjettar.

Ummæli þau, sem átalin eru í greininni »Gögnin á borðið« í 8. tölublaði IX. árg. Tímans, innihalda áburð á hendur áfrýjanda, sem er virðingu hans til hnekkis. Eru þau því refsiverð samkvæmt 219. gr. hinna almennu hegningarlaga, og getur það ekki losað stefnda við refsingu eða rýrt refsiábyrgð hans, að þau eru sett fram sem ályktun dregin út úr skjölum þeim, er birt voru í sama blaðinu á eftir ummælunum með því að heimild til slíkrar ályktunar felst ekki í skjölum þessum.

Sömuleiðis eru hin átöldu ummæli í greininni »Opið brjef« í 27. tölublaði Tímans sama ár móðgandi fyrir áfrýjanda og innihalda aðdróttanir, sem eru virðingu hans til hnekkis og því refsiverð samkvæmt sömu grein hegningarlaganna. Grein sú í Póstblaðinu, sem »Opið brjef« er svar við, getur eigi að neinu leyti dregið úr ábyrgð stefnda á ummælum þessum og það er heldur ekki neitt upplýst í málinu um það, að áfrýjandi hafi vitað, að auglýsingin hafi á sama hátt verið send með öðru vikublaði, nje

heldur að annar ritstjóri hefði gert samskonar samning og stefndi um útsending auglýsingarinnar.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til bæjarþingsdómsins verður að líta svo á, að stefndi hafi ekki rjettlætt neitt af hinum átöldu ummælum og ber því að dæma þau öll dauð og ómerk og sekta stefnda fyrir þau samkvæmt 219. gr. hegningarlaganna. Sömuleiðis á stefndi samkv. tilsk. 11. ágúst 1819 að greiða sekt fyrir það, að hann mætti ekki fyrir sáttanefnd Reykjavíkur við sáttaumleitun í málinu, þykir sekt stefnda hæfilega ákveðin í einu lagi 200 kr., er renni í ríkissjóð og komi 15 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún er ekki greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum verður og að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir undirrjetti og hæstarjetti, er ákveðst samtals 300 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Öll hin átöldu ummæli skulu vera dauð og marklaus.

Stefndi, Tryggvi Þórhallsson, greiði 200 króna sekt í ríkissjóð og komi 15 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún er ekki greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Svo greiði og stefndi áfrýjanda Sigurði Briem 300 krónur í málskostnað fyrir undirrjetti og hæstarjetti.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitan höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 4. júní þ. á. af aðalpóstmeistara Sigurði Briem hjer í bænum, gegn ritstjóra vikublaðsins „Tíminn“ Tryggva Þórhallssyni í Laufási hjer í bænum, og hefir stefnandi krafist þess að stefndur verði dæmdur í þá þyngstu sekt sem lög frekast leyfa, fyrir ummæli um sig í greindu blaði, sem stefnandi telur meiðandi fyrir sig, að meiðyrðin verði dæmd dauð og ómerk og að stefndur verði dæmdur til að greiða sjer málskostnað að skaðlausu.

Hin umstefndu ummæli um stefnanda, er hann átelur, birtust í 8. og 27. tölublaði IX. árg. „Tímans“, er út kom hjer í bænum 21. febrúar og 25. maí s. l., og eru þessi:

Í fyrra tölublaðinu í nafnlausri grein með fyrirsögninni: „Gögnin á borðið“ . . . . . „heldur sjálfur aðalpóstmeistariun, sem hefir látið hafa sig til þess, að misbeita stöðu sinni með því, að fella dóm og hegna saklausum manni, að málavöxtum lítt eða órannsökuðum“.

Í síðara tölublaðinu í grein með yfirskriftinni: „Opið brjef til hins röggsama aðalpóstmeistara“ . . . . „Samt leyfið þjer yður að hafa slíkan tón í skrifi yðar, sem er líkastur dónalegri ádeilugrein. Þjer stimplið mig einan ritstjóra og ábyrgðarmanna sem lagabrjót . . . . og samt vitið þjer, herra aðalpóstmeistari, að með sömu póstferðinni fór sama auglýsingin með Ísafold og sú er fór með „Tímanum“. . . . . „Slík framkoma embættismanna er óverjandi, og það er óverjandi að nota blað, sem gefið er út fyrir opinbert fje til þess að kasta hnútum að mönnum, sem yður kunna að vera þyrnar í auga“. . . . . „Þetta, sem þjer hafið gert, er að misnota embættisstöðu yðar. Það liggur fyllilega orð á, að þjer hafið fyr vegið í þennan knjerunn, herra aðalpóstmeistari“.

Greinin: „Gögnin á borðið“ fjallar um kærur er komu fram árið sem leið, yfir vanskilum á blaðasendingum, er gengið höfðu um brjefhirðinguna á Kirkjubæjarklaustri, og um það að tveir aukapóstar voru fluttir þaðan um síðustu áramót og látnir ganga frá öðrum bæ, og lúta hin átöldu orð í greininni að því. Á síðasta Alþingi var borin fram þingsályktunartillaga í sameinuðu þingi um það, að aukapóstarnir yrðu aftur sendir frá Kirkjubæjarklaustri (Alþt. 1925, A. bls. 937). Lítur stefndur svo á, að þeir alþingismenn, sem greiddu atkvæði með greindri þingsályktunartillögu, hafi verið sjer samdóma um aðfinslur hans til stefnanda,

en hinir sem greiddu atkvæði gegn henni, dregið taum stefnanda, og þar sem hinn reglulegi hjeraðsdómari í Reykjavík var einn af þeim, lítur stefndur svo á, að hann hafi tekið afstöðu til máls þessa og hefir því skorað á hann að víkja úr dómarasæti í því. Að öðru leyti hefir stefndur krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og hæfilegs málskostnaðar hjá honum þar sem málið sje óþarflega höfðað.

Dómarinn lítur svo á að með atkvæðagreiðslunni um greinda þingsályktunartillögu hafi úr því einu verið skorið, hvort Alþingi ætti að hlutast til um, að aukapóstarnir yrðu aftur sendir frá Kirkjubæjarklaustri, en engin afstaða tekin til greinar þeirrar, sem hin umstefndu ummæli eru í, og telur sjer því ekki heimilt að úrskurða sig úr dómarasæti í málinu.

Sýknukröfu sína í málinu styður stefndur við það, að hvergi í hinum umstefndu greinum sje vikið að persónu stefnanda heldur sje fundið að gerðum hans sem embættismanns. Það sje skylda blaðanna að hafa vakandi auga á embættismönnum þjóðarinnar og finna að við þá ef ástæða þyki til og megi ekki hefta frelsi blaðanna í því efni og telur hann sig í hvorugri hinna umstefndu greina hafa farið út fyrir þau takmörk, sem leyfileg eigi að vera í því efni.

Að því er snertir hin átöldu ummæli í greininni: „Gögnin á borðið", vísar stefndur til þess, að brjefhirðingarmaðurinn á Kirkjubæjarklaustri, sem málið sje kunnast, telji sig sjálfan rangindum beittan við flutning aukapóstanna, og eins hafi 11 alþingismenn, er greiddu atkvæði með áðurnefndri þingsályktunartillögu, þar á meðal einn fyrverandi ráðherra og einn af dómurum landsins litið á málið eins og hann (stefndur).

Opna brjefið til stefnanda skrifaði stefndur í tilefni af því, að hann hafði sent út með blaði sínu prentaða auglýsingu frá þýsku firma. Taldi stefnandi þetta brot á reglugjörð um notkun pósta 23. gr. 3. málsgr. og gat um það í Póstblaðinu fyrir febrúar þ. á. „til leiðbeiningar fyrir póstmenn, sem taka á móti blöðum og tímaritum og afhenda, til þess að þeir athugi að þessar sendingar hafa í heimildarleysi komist í póst, en hvorki verið leyfðar af póststjórninni eða pósthúsinu í Reykjavík", að „ritstjóri og ábyrgðarmaður „Tímans" hefir laumað auglýsingu, prentaðri í Þýskalandi um Persil inn í blað sitt og komið því af stað með síðustu póstum".

Stefndur hefir haldið því fram að hann hafi sent út hina umræddu auglýsingu með blaðinu í þeirri trú, að það væri full-

komlega lögmætt og að um ekkert laumuspil hafi verið að ræða. Hann hefir og upplýst að samskonar samningur um útsendingu þessarar sömu auglýsingar og gerður var við hann, hafi verið gerður við ritstjóra annars blaðs hjer í bænum, og kveðst ekki efast um að sá ritstjóri hafi staðið við samninginn. Loks hefir hann haldið því fram, að með „Tímanum“ og öðru blaði hjer í bænum hafi skömmu síðar verið sent út lesmál frá Rauða krossi Íslands sem gengið hefir verið frá nákvæmlega á sama hátt og auglýsingunni um Persil.

Framan við hin átöldu ummæli í greininni með yfirskriftinni: „Gögnin á borðið“, standa þessi orð: „En gögn þau er hjer fara á eftir leiða það ótvírætt í ljós, að það eru ekki póstafgreiðslumenn úr hópi samvinnumanna heldur“ . . . . . o. s. frv. Hin átöldu ummæli eru því ályktun, sem stefndur dregur út úr skjölum þeim, sem prentuð eru á eftir ummælunum, og sem sjerhver sá, er ummælin les, á kost á að kynna sjer og getur dæmt um sjálfur, hvort ályktunin sje rjett, eftir gögnum þeim, sem hún er dregin af. Þar sem málefni það, sem um er rætt, varðaði almenning verður stefndur ekki látinn sæta refsingu fyrir, þótt hann ljeti í ljósi opinberlega álit sitt á því, hvernig málið komi honum fyrir sjónir, eftir gögnum þeim, sem lögð voru fyrir almenning í því, og skeikaði dómgreindin. Í skjölum þeim, sem á eftir ummælunum fara í blaðinu, er engin sönnun þess að stefnandi hafi látið hafa sig til að misbeita stöðu sinni, eða felt dóm og hegnt saklausum manni að málavöxtum lítt eða órannsökuðum, og þar sem ummælin eru móðgandi fyrir stefnanda verður að ómerkja þau eftir kröfu hans, þótt stefndum verði ekki gerð refsing fyrir þau af framangreindum ástæðum.

Koma þá til álita hin átöldu ummæli í „Opna brjefinu“.

Eins og að framan er tekið fram viðhafði stefnandi þau orð um stefndan í Póstblaðinu fyrir febrúarmánuð þ. á., að hann hefði „laumað“ þarumræddri auglýsingu inn í blað sitt. Í þessum orðum felst aðdróttun til stefnds um það, að hann hafi vitað að það væri óheimilt og reynt að dylja það. Það þykir því ekki ástæða til að sekta stefndan fyrir ummælin um tón þann, sem hann kveður grein stefnanda skrifaða í, en rjett þykir að ómerkja orðið „dónalegri“.

Hin önnur átalin ummæli í grein þessari eru mjög móðgandi fyrir stefnanda — sjerstaklega aðdróttanirnar til hans um það, að hann hafi stimplað stefndan einan sem lögbrjót, þótt hann hafi vitað að annar hefði gert sig sekan í hinu sama, og að hann

hafi misnotað embættisstöðu sína þá og áður — og ekki rjettlætt. Verður því eftir kröfu stefnanda að ómerkja þau og láta stefnda sæta sekt fyrir þau eftir 219. gr. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869. Þegar sekt stefnds er ákveðin þykir hinsvegar verða að taka tillit til upplýsinga þeirra frá hans hálfu, sem að framan greinir, nefnilega að samskonar samningur og gerður var við hann hafi verið gerður við ritstjóra annars blaðs hjer í bænum, og að tengdasonur stefnanda var ritstjóri þess blaðs, þótt eigi væri samningurinn gerður við hann, en þessu hefir ekki verið neitað. Þykir sekt stefnds að þessu athuguðu hæfilega ákveðin 100 krónur til ríkissjóðs, og komi í stað hennar ef hún er ekki öll greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, 7 daga einfalt fangelsi.

Eftir þessum úrslitum og með tilliti til þess, að stefndur mætti eigi við sáttaumleitun í málinu og hefir þó eigi aðrar afsakanir fram að færa en gleymsku sína, verður hann að greiða stefnanda málskostnað er ákveðst 120 krónur.

Miðvikudaginn 16. júní 1926.

Nr. 10/1926. **Björn Ólafsson fyrir sjálfan sig og f. h. h/f. Johan Hansens Sönner** (Pjetur Magnússon)
gegn
Versluninni Geysir og h/f. Hrogn & Lýsi (Stefán Jóh. Stefánsson)

Ógilding fjárnámsgjörðar.

Dómur hæstarjettar.

Með gestarjettardómi Reykjavíkurkaupstaðar 24. okt. f. á. var hið stefnda firma h/f. Hrogn & Lýsi dæmt til að greiða meðstefnda, versluninni Geysir kr. 3707.18 ásamt vöxtum og kostnaði. Að liðnum aðfararfresti krafðist dómshafi fjárnáms til fullnustu dómsins og gerði fógetarjettur Reykjavíkur 18. des.

f. á. fjárnámið, að geymdum betri rjetti sjerhvers þriðja manns, í 2 herpinótum og 10 reknetum, er stjórnarformaður hlutafjelagsins Hrogn & Lýsi vísaði fógetanum á, að hlutafjelagið ætti geymt í svonefndum Haukshúsum í Reykjavík.

Fjárnámi þessu hefir verið skotið til hæstarjettar með stefnu 30. jan. og framhaldsstefnu 11. febr. þ. á. og hafa áfrýjendurnir krafist þess, að fjárnámið verði felt úr gildi og að hin stefndu firmu verði in solidum dæmd til að greiða málskostnað í hæstarjetti eftir mati rjettarins.

Hin stefndu firmu hafa hinsvegar krafist, að fjárnámsgjörðin verði staðfest og að þeim verði dæmdur málskostnaður eftir mati rjettarins.

Áfrýjendur byggja kröfu sína um ógildingu fjárnámsins á því, að hinir fjárnumdu munir hafi ekki verið eign h/f. Hrogn & Lýsi þegar fjárnám fór fram, heldur hafi herpinæturnar verið eign h/f. Johan Hansens Sönner í Bergen og reknetin eign áfrýjanda Björns Ólafssonar.

Um herpinæturnar er það með nýjum gögnum upplýst fyrir hæstarjetti, að hlutafjelagið Hrogn & Lýsi fjekk þær hjá h/f. Johan Hansens Sönner í Bergen og var um þær gerður skriflegur samningur dags. 25. júní f. á., er af hálfu h/f. Hrogn & Lýsi var undirritaður af framkvæmdarstjóra þess, er jafnframt var prókúruhafi með valdsviði eins og ákveðið er í 25. gr. laga nr. 42, 13. nóv. 1903. Í samning þessum segir, að h/f. Johan Hansens Sönner leigi h/f. Hrogn & Lýsi herpinæturnar til notkunar fyrir 25540 kr., er einnig var söluverð nótanna. Átti helmingur leigunnar að greiðast 15. ágúst og hinn helmingurinn 15. sept. f. á. og ef leigan þannig var greidd varð h/f. Hrogn & Lýsi þar með eigandi

herpinótanna. Í samningnum er það ennfremur tekið fram, að meðan næturnar eru leigðar sjeu þær í ábyrgð leigusala eftir reglum þeim, er gildi um lán og ef leigan sje ekki greidd á rjettum gjalddögum þá sje leigusala heimilt að taka næturnar aftur af leigutaka, er sje að eins handhafi þeirra, en hafi ekki sjálfstæðan eignarhaldsrjett á þeim. Samkvæmt samningi þessum samþykti h/f. Hrogn & Lýsi tvo víxla fyrir leigunni með gjalddögum eins og að framan segir. Hvorugur víxla þessara er greiddur á rjettum tíma og nokkrum tíma áður en fjárnámið fór fram eða þ. 27. okt. f. á. afhenti framkvæmdarstjóri h/f. Hrogn & Lýsi næturnar áfrýjanda Birni Ólafssyni, er var aðalumboðsmaður hjer á landi fyrir h/f. Johan Hansens Sönner og tilkynti framkvæmdarstjórinn þetta brjeflega manni þeim, er geymdi herpinæturnar og það með, að þær væru h/f. Hrogn & Lýsi óviðkomandi frá þeim degi, en geymslumaður tilkynti aftur Birni Ólafssyni, að næturnar yrðu geymdar fyrir hann.

Hvað sem því líður hvern rjett framanefndur leigusamningur hefir skapað samningsaðilum eða skuldheimtumönnum þeirra verður að líta svo á, að afhending nótanna til umboðsmanns leigusala 27. okt. f. á. hafi það í för með sjer, að næturnar væru ekki eign h/f. Hrogn & Lýsi þegar fjárnámið var gert og skuldheimtumönnum síðastnefnds fjelags því óheimilt að gera fjárnám í þeim.

Um reknetin er það upplýst, einnig með nýjum gögnum, að þ. 27. okt. f. á. seldi framkvæmdarstjóri og prókúruhafi h/f. Hrogn & Lýsi áfrýjanda Birni Ólafssyni 100 reknet, er hlutafjelagið átti geymd í »Haukshúsum« og er það viðurkent að þau 10 reknet, er fjárnámi voru tekin, var einn hluti af þess-

um netum. Framkvæmdarstjórinn tilkynti og sölu þessa samdægurs þeim, er annaðist geymslu netanna og hann gaf aftur Birni Ólafssyni brjeflega viðurkenningu fyrir því, að netin væru þar eftir geymd fyrir hann. Með gögnum þessum er í málinu fengin full sönnun fyrir því, að reknetin hafi verið eign Björn Ólafssonar þegar fjárnámið fór fram.

Með því þannig að næg sönnun er framkomin í málinu fyrir því, að áfrýjendurnir hafi verið eigendur herpinótanna og reknetanna, er fjárnámið fór fram, verður samkvæmt kröfu þeirra, að fella það úr gildi.

Eftir þessum úrslitum þykir rjett, að hin stefndu firmu in solidum greiði áfrýjendum málskostnað í hæstarjetti, er ákveðst 250 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Hin áfrýjaða fjárnámsgjörð er úr gildi feld.

Stefndu, Verslunin Geysir og h/f. Hrogn & Lýsi, greiði in solidum áfrýjanda Birni Ólafssyni sjálfs hans vegna og fyrir hönd h/f. Johan Hansens Sönner í Bergen, 250 krónur í málskostnað fyrir hæstarjetti að viðlagðri aðför að lögum.

Fógeti kvað ekki upp reglulegan úrskurð í málinu.

Laugardaginn 19. júní 1926.

Nr. 56/1925. **Helgi Sveinsson** (Björn P. Kalman)
gegn
Sigurði Kristjánssyni og gagnsök
(Lárus Jóhannesson).

Meiðyrðamál.

Dómur aukarjettar Ísafjarðar 21. júlí 1925: Framantalin meiðandi ummæli um stefnanda Helga Sveinsson eiga að vera dauð og ómerk. Stefndur Sigurður Kristjánsson greiði 150 kr. sekt í ríkissjóð eða sæti 20 daga einföldu fangelsi sje sektin eigi greidd í tæka tíð. Hann greiði og stefnanda 100 kr. í málskostnað. Að öðru leyti á stefndur að vera sýkn af kröfum stefnanda í málinu.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá löglegri birtingu dómsins, að viðlagri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Aðaláfrýjandi, Helgi Sveinsson, f. útbússtjóri, hefir skotið máli þessu til hæstarjettar með stefnu útg. 7. nóv. f. á. og gert þær kröfur, *að* hin átöldu ummæli verði dæmd dauð og ómerk, *að* aðalstefndur, Sigurður Kristjánsson ritstjóri, verði dæmdur til refsingar fyrir þau og allt að 100 þúsund króna bætur fyrir miska, lántraustsspjöll og tjón, er ummælin hafi valdið honum, og loks *að* aðalstefndur verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum dómum. Sigurður Kristjánsson hefir gagnáfrýjað málinu, að fengnu uppreistarleyfi dags. 20. mars þ. á., með stefnu útg. s. d., og hefir krafist þess *aðallega að* hann verði sýknaður af öllum kröfum aðaláfrýjanda, en *til vara*, að hann verði sýknaður af refsi- og skaðabótakröfu aðaláfrýjanda og til *þrautavara*, að undirrjettardómurinn verði staðfestur, þó svo, að

aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað, hvernig sem málið fer.

Báðir hafa aðiljar lagt fram ný gögn í hæstarjetti.

Af hinum átöldu ummælum eru þau, er nú skal greina, bæði refsiverð og eigi heldur rjettlætt: Ummælin í »Vesturlandi« I. árg. 22. tbl. frá 11. des. 1923, ummæli í sama blaði 1. árg. 23. tbl. frá 18. des. 1923, er byrja á »grípur Helgi Sveinsson . . . . og enda á . . . . til hvers fjeð þurfti að notast«, ummælin í sama blaði I. árg. 36. tbl. frá 18. mars 1924, orðin »pólitiskur flugumaður« í sama blaði I. árg. 52. tbl. frá 15. júlí 1924, umælin í sama blaði I. árg. 64. tbl. frá 7. okt. 1924: »Breiða yfir vammir . . . . Helga Sveinssonar« og orðin: »En þetta er ekki einasta bragð Helga . . . sem tap útibúsins hjer var ásetlað«.

Fyrir framangreind ummæli ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða sekt í ríkissjóð samkvæmt 217. sbr. 218 gr. alm. hegningarlaga, og þykir sektin hæfilega ákveðin kr. 400 00, og komi til vara 25 daga einfalt fangelsi, ef sektin er ekki greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dómsins. Svo ber og að ómerkja tjeð ummæli.

Önnur hinna átöldu ummæla varða meðferð aðaláfrýjanda á útibúi Íslandsbanka á Ísafirði, er hann hafði stýrt um 17 ára skeið þar til er hann fór úr þeirri stöðu samkvæmt beiðni sinni í nóvember 1921, og skifti hans við nokkra viðskiftamenn útibúsins. Það er meðal annars upplýst í málinu, að aðaláfrýjandi braut í verulegum atriðum fyrirmæli yfirboðara sinna um lánveitingar úr útibúinu og vanrækti framkvæmd á öðrum fyrirskipunum þeirra. Ennfremur er það upplýst, að aðaláfrýjandi notaði stöðu sína sjer til eiginhagsmuna framar en sæmilegt má teljast,

með því að hann lánaði sjálfum sjer úr sjóði bankans álitlegar upphæðir. Einnig lánaði hann 2 tilteknum mönnum stórfje til þess að kaupa fasteignir sjálfs hans dýru verði til þess að bjarga honum úr skuldakröggum þeim, er hann var í kominn. Fóru kaup þessi svo, að hvorugur kaupandinn gat staðið í skilum, en fyrir harðfylgi aðaláfrýjanda varð einn ábyrgðarmanna annars þeirra að taka að sjer eignina og virðist hafa orðið allmikið tap á því. Hina eignina misti kaupandinn vegna vanefna, og hefir útbúið tapað á honum yfir 150 þús. krónur. Leiddu þessar og fleiri misfellur aðaláfrýjanda á starfi sínu til þess, að yfirboðarar hans, forstjórar Íslandsbanka í Reykjavík, töldu hann ekki mega lengur vera fyrir útibúinu og æsktu því með brjefi 28. okt. 1921 heimildar bankaráðsins til þess að segja honum upp stöðunni fyrirvaralaust. Aðaláfrýjandi svaraði brjefi þessu, er hann fjekk til umsagnar, 4. nóv. 1921, og svöruðu bankastjórarnir athugasemdum hans 6. s. m. Varð endirinn sá, að daginn eftir, 7. nóv. 1921, beiddist aðaláfrýjandi sjálfur lausnar frá starfa sínum með eftirlaunum, og fjekk hann hvortveggja samkvæmt ákvörðun bankaráðsins.

Eftir að aðaláfrýjandi ljet af forstöðu útbúsins fluttist hann til Reykjavíkur. Í júlí 1923 framseldi hann bú sitt hjer til gjaldþrotaskifta og taldi þá skuldir sínar yfir 130 þús. krónur, en eignir rúmar 2400 krónur. Litlu síðar rjeðu 2 af bankastjórum Landsbankans aðaláfrýjanda til eftirlitsmanns við útibú bankans á Eskifirði. Virðist þeim eigi hafa verið kunnugt um misfellur þær, er verið höfðu á forstöðu hans fyrir útibúi Íslandsbanka á Ísafirði. Þessi ráðstöfun forstjóra Landsbankans gaf tilefni til ummæla þeirra í »Vesturlandi« I. árg. 23., 52., 64.

tbl, er aðaláfrýjandi hefir átalið og lúta að forstöðu hans fyrir útibúinu á Ísafirði og framkomu við viðskiftamenn þess nokkra. Sum umælanna eru í sjálfu sjer ósaknæm, en þau, er efni sínu samkvæmt gætu verið það, eru rjettlætt með því, sem fram er komið og lýst hefir verið um misfellur aðaláfrýjanda í stjórn hans á útibúi Íslandsbanka á Ísafirði. Hafði gagnáfrýjandi því heimild til að viðhafa þau, og verður þess vegna ekki látinn sæta refsingu fyrir þau. Hinsvegar þykir rjett að ómerkja þessi ummæli: Orðið »ginna« á tveimur stöðum í »Vesturlandi« I. árg. 23. tbl., »þennan víxil vildi Helgi ekki kaupa« í sama tbl. og þau ummæli í sama tbl., að aðaláfrýjandi hafi »slegið« viðskiftamenn útibúsins um »mest« af þeim »200.000 kr.« sem sagt sje, að gjaldþrot hans nemi, ummælin í sama blaði I. árg. 52 tbl.: »ekki gat talist óhættulegur hag og sóma stofnunarinnar«, orðin: »til þess að fá nokkurskonar heiðarlegleikavottorð«, »en til þeirra freklega gintur af H. Sv.« og »sá kvaðst geta gefið honum vottorð um að hvorttveggja (þ. e. gint og svikið) hefði hann gert«, og loks þessi ummæli í sama blaði I. árg. 64. tbl.: »manni, sem Helgi hafði notað sem verkfæri til að afla sjálfum sjer fjár« og ummælin: »Er það ekki ofmælt, að á honum lifðu saurblöð þau«.

Eins og fyrr getur, hafði aðaláfrýjandi framselt bú sitt til gjaldþrotaskifta nokkru áður en nokkur hinna átöldu ummæla birtust. Og eftir því sem hag bús hans var farið og áður er vikið að, þá verður ekki álitið, að þau hafi spilt lánstrausti hans. Ekki verður heldur talin ástæða til að dæma honum sjerstaklega miskabætur fyrir ummælin. Hitt má að vísu telja upplýst í málinu, að lýsing sú, er gagnstefnandi birti af meðferð aðaláfrýjanda á útibúinu og

framkomu hans við suma viðskiftamenn þess, hafi orðið þess valdandi, að forstjórar Landsbankans sleptu honum úr þjónustu sinni nokkru eftir að ummælin í 23. tbl. I. árg. »Vesturlands« voru orðin þeim kunn, enda hefir annar bankastjórinn, sá þeirra, er upptökin átti að ráðningu aðaláfrýjanda í þjónustu Landsbankans, borið það fyrir rjetti, að hann mundi ekki hafa mælt með ráðningu hans, ef honum hefði þá verið kunnugt um það, að aðaláfrýjandi hefði framið verk þau, er hann er sakaður um. Og það, að Landsbankastjórnin slepti aðaláfrýjanda úr þjónustu sinni þegar er hún fjekk vitneskju um það, hverjum sökum hann var borinn, er nægur vottur þess, að hún mundi ekki heldur hafa ráðið hann nokkurn tíma í þjónustu bankans, ef henni hefði þá verið þessar sakargiftir kunnar. — Með því að sakir þær, er ollu því, að aðaláfrýjandi varð að sleppa forstöðu sinni fyrir útibúinu og síðan að fara úr þjónustu sinni hjá Landsbankanum, að því er ætla má, eru í aðalatriðum sannaðar, þá verður gagnáfrýjandi ekki dæmdur til að greiða aðaláfrýjanda bætur fyrir það tjón, er honum hefir hlotist eða kann að hljótast af því, að þær voru gerðar heyrinkunnar. Það verður ekki heldur talið, að hin ummælin, sem ekki eru rjettlætt í máli þessu hafi bakað eða sjeu löguð til að baka aðaláfrýjanda annað eða meira tjón en hin ummælin, sem gagnáfrýjandi er talin hafa haft heimild til að birta. Verður skaðabótakrafa aðaláfrýjanda því ekki til greina tekin.

Eftir úrslitum málsins þykir rjett að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað fyrir hjeraðsdómi og hæstarjetti, og þykir hann hæfilega metinn kr. 400.

Því dæmist rjett vera:

Framangreind ummæli eiga að vera dauð og marklaus. Gagnáfrýjandi, Sigurður Kristjánsson, greiði 400 kr. sekt í ríkissjóð, en ef sektin verður ekki greidd innan mánaðar frá birtingu dómsins, þá sæti hann 25 daga einföldu fangelsi. Í málskostnað greiði gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda, Helga Sveinssyni, kr. 400.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með stefnu útgefinni 9. desember f. á. hefir stefnandinn Helgi Sveinsson fyrverandi bankaútbússtjóri í Reykjavík höfðað mál þetta fyrir aukarjettinum, eftir árangurslausa sáttatilraun, gegn ritstjóra og ábyrgðarmanni blaðsins Vesturlands, Sigurði Kristjánssyni kennara á Ísafirði út af móðgandi og ærumeiðandi, lánstrausts- og atvinnuspillandi ummælum, er hann hafi skrifað um sig í 22. tbl. 1. árg. nefnd blaðs, er út kom 11. desember 1923 í grein með fyrirsögninni: „Til rógberanna", í 23. tbl. I. árg. er út kom 18. desember 1923 í grein með fyrirsögninni: „Ekki bólar á Barða enn", í 36. tbl. I. árg. er út kom 18. mars 1924 í grein með fyrirsögninni: „Meðal farþega", í 52. tbl. I. árg. er út kom 15. júlí 1924 í grein með fyrirsögninni: „Andsvar", og í 64. tbl. I. árg. er út kom 7. október 1924 í grein með fyrirsögninni: „Rógurinn um Íslandsbanka", til refsingar og til þess að umstefnd ummæli verði dæmd dauð og ómerk, svo og til að greiða sjer 100,000 kr. í miskabætur og lánstraustsspjöll og greiðslu málskostnaðar.

Hin átöldu ummæli kveður stefnandi vera þessi sjerstaklega: Úr 22. tbl. I. árg., er út kom 11. desember 1923: . . . . . „En þetta verður ekki svo torskilið, þegar þess er gætt, að hjer hefir lifað og starfað í áratugi eljumesti rógberi og ötulasti mannorðsþjófur þessa lands. Og þegar sami maður er jafnframt fífldjarfur fjárglæframaður og svo hundheppinn að fugthúsin virðast vera

honum jafn harðlæst, eins og mannorðs- og fjesjóðir manna hafa legið lausir fyrir honum, þá er ekki að furða þótt námfúsir andlegir venslamenn slíkra manna rumskist við og brokki á eftir þeim út á hinn breiða veg, sem virðist liggja svo þráðbeint að fljótteknum gróða“ . . . . .

Úr 23. tbl. er út kom 18. desember 1923: . . . . . „Þetta þótti mörgum ótrúlegt þeim sem vissu fortíð hans sem útbússtjóra Íslandsbanka, og var ritstjóri Vesturlands einn þeirra manna, sem álitu þetta meira hneiksli en svo, að kyrt mætti liggja . . . . . afdankaði Íslandsbankaútibússtjóri . . . . . að hag bankans þyki með því borgið og sóma hans samboðið að setja þennan mann í trúnaðarstöðu . . . . . Árið 1921 byrjar H. Sv. að selja fasteignir sínar fyrir margfalt verð og láta útibúið, er hann stjórnaði, borga þær. Þetta verður á þann hátt, að hann ginnir einstaka menn til að kaupa eignirnar og lánar þeim frá bankanum andvirðið, sem svo fer í Helga vasa . . . nær H. Sv. tangarhaldi á manni . . . . en þennan mann fær H. Sv. til að kaupa . . . . . Varð sá endirinn á þessu braski, að bankinn tapaði meira en húsverðinu á kaupandanum . . . . . Nokkru eftir umgetna sölu H. Sv. náði hann í annan mann . . . . . að ginna menn til . . . . . Klemmir þá H. Sv. eignunni inn á einn ábyrgðarmanninn . . . . Meðferð H. Sv. bæði á bankanum og kaupandanum í þessum hússölumálum, mun víst enginn telja sæmandi bankastjóra, enda mun Íslandsbanki hafa litið svo á að ekki væri ráðlegt að láta slíkan mann stjórna útibúinu . . . . . um 20. s. m. grípur H. Sv. 15000 kr. úr hússjóði stúknanna hjer . . . . . þessar 15 þús. kr. urðu stúkurnar síðan að „gefa“ H Sv. . . . . Svör gjaldkerans voru þau að þeir hefðu ekki mátt eiga það á hættu að stúkurnar segðu nei, þetta svar og það að von var á nýjum bankastjóra eftir 3 4 daga, getur kannske gefið mönnum bendingu um það, til hvers fjeð þurfti að notast. Margar fleiri ástæður virtist Íslandsbanki geta haft til að losa sig við H. Sv. . . . . Þennan víxil vildi H. Sv. ekki kaupa en bauð hins vegar að kaupa af manninum 15 þús. kr. víxil ef hann lánaði sjer 5 þús. kr. af andvirðinu. Að þessu varð maðurinn að ganga . . . . Segist hann hafa verið leiddur inn í hús, er hann man ekki hvaða hús var en þar hafi verið hjá sjer H. Sv. og annar maður. Segist hann hafa verið látinn skrifa þar á skjal, en ekki man hann hvað í skjali þessu hefir staðið nje hvað hann skrifaði á það . . . . . Er gjaldþrotið sagt að nemi 200 þús. kr. og er það mest fje er hann hefir „slegið“ viðskiftamenn útibúsins, er hann stjórnaði,

um . . . . . Þessi fáu atriði sem gripin eru hjer af handa hófi ættu að nægja til þess að sýna að tæplega er hægt að ætlast til þess, að landsmenn láti það óátalið, að slíkur maður sem H. Sv. sje settur í trúnaðarstöðu við ekki ómerkilegri stofnun en Landsbanki Íslands er . . . . afrek . . . . og hve lengi hann á að punta upp á Landsbankann í þeirri stöðu".

Úr 36. tbl. er út kom 18. mars 1924:

„ . . . . Ef orðheldni þessa háttsetta bankamanns skyldi vera tekin til gjaldþrotameðferðar óskar „Vesturland" upplýsinga um, hvar lýsa eigi kröfum í það þrotabú".

Úr 52. tbl. er út kom 15. júlí 1924:

„ . . . . að hún setti í trúnaðar- og ábyrgðarstöðu við bankann, mann, sem samkvæmt fortíð sinni ekki gat talist óhættulegur hag og sóma stofnunarinnar . . . . virtist sendimaðurinn til Eskifjarðar H. Sv. betur fallinn til að vera pólitískur flugumaður, heldur en til hins að rjetta fjárhag Landsbankans þar . . . . rök að því að ráðstöfunin var óforsvaranleg. Þau rök voru tilfærð og tekin úr fortíð H. Sv. Var það eitt tilfært sem skjallega er sannanlegt . . . . . því ummælin í greininni 18. des. f. á eru þess háttar, að enginn maður sem mannorð ætti að verja, mundi geta sætt sig við annað en að fá þeim hrundið með dómi . . . . . að H. Sv. hafði gengið á milli manna til að fá nokkurskonar heiðarlegleikavottorð . . . . . en til þeirra freklega gintur af H. Sv. . . . . Sá sem íbúðarhúsið keypti, bauð að gefa honum vottorð um að hann hefði keypt það allsgáður og ótilneyddur, H. Sv. kvað sjer það eigi nóg, og vildi fá vottorð um að hann hefði hvorki gint nje svikið kaupandann. Sá kvaðst geta gefið honum vottorð um, að hvorttveggja það hefði hann gert . . . . . Loks fór H. Sv. til ábyrgarmannanna fyrir íbúðarhúsinu og vildi fá hjá þeim vottorð, einkum þeim, er húsið var klemt á. Vildu þeir eigi gefa vottorð er eigi væru sannleikanum samkvæm og fór hann því vottorðalaus frá þeim . . . . . vaðall algerlega staðlaust yfirklór" . . . . .

Úr neðanmálsgreinum við greinina í 52. tbl.:

„H. Sv. segir að þær 5000 kr. er hann „sló" þennan mann um . . . . . Hvorttveggja eru ósannindi. H. Sv. fjekk sjálfur þessa peninga".

Úr 64. tbl. er út kom 7. okt. 1924:

„ . . . . . breiða yfir vammir mágs síns Helga Sveinssonar fv. bankastjóra útibúsins . . . . . sem Helgi hafði notað sem verkfæri til að afla sjálfum sjer fjár . . . . . Er það eigi ofmælt að á

honum lifði síra Guðmundur, hyski hans alt og saurblöð þau er er hann gaf út, í meira en tug ára . . . . . auk framannefndra framfæringa . . . . . Afleiðingin varð sú að H. Sv. komst í botnlausar skuldir. Þessu varð að bjarga við, og björgunarhellan var bankinn, sem hann stjórnaði. Hann keypti hússkrokk . . . . . ljet hann standa og gerast . . . . . Kaupverðið lánaði hann kaupandanum af fje útibúsins sem hann stjórnaði . . . . Hvort mun nú sitja vel Guðmundi sem fylt hefir á síra sinn eigin belg fyrir þá peninga, er Helgi aflaði á þennan hátt . . . . . sem mágur hans . . . . . hefir hagnýtt sjer svona . . . . . En þetta er ekki einasta bragð Helga. Hann ljek á því lúalagi að narra fje út af viðskiftamönnum útibúsins, og til þess að koma því í kring varð hann að vera „flott" með lánveitingar til þeirra. Má fullyrða, að til þeirra viðskiftamanna og aftur frá þeim til H. Sv. hafi runnið það, sem nú er ótalið af þeim 600 þús. kr. sem tap útibúsins hjer var áætlað".

Stefndur Sigurður Kristjánsson krefst þess hins vegar að hann verði sýknaður af kærum og kröfum stefndandans í málinu og sjer tildæmdur málskostnaður.

Heldur stefndur því fram að sumpart sjeu hin átöldu ummæli eigi ærumeiðandi eða að hann hafi fært sönnur á rjettmæti þeirra.

Með úrskurði uppkveðnum 22. maí þ. á. var stefnanda synjað um framhaldsfrest í málinu, af þargreindum ástæðum og málið tekið til dóms í því ástandi er það var, er stefnandi fjekk frest í því 14. mars þ. á. Er því málfærslan af stefnandans hálfu einungis að nokkru leiti framkvæmd í málinu.

Að því er snertir hin átöldu ummæli í 22. tbl. I. árg. blaðsins Vesturlands: „En þetta verður ekki svo torskilið" o. s. frv., þá er á það að líta að nafn stefnanda er eigi nefnt í greininni. Gegn mótmælum stefnds verður það því eigi talið sannað að átt sje við stefnanda með ummælum þessum.

Að því er þar mest snertir, hin átöldu ummæli í 23. tbl. I. árg. Vesturlands er byrja á orðunum: „um þ. 20. s m. grípur H. Sv. 15 þús. kr. . . . ." og út málsgreinina er endar á orðunum: „til hvers fjeð þurfti að notast", athugast: Í málinu er það sannað, að stefnandi fjekk hjá hússjóði Good-templarastúknanna á Ísafirði 15 þús. kr. lán þannig, að stefnandi fjekk lán þetta í fyrstu með samþykki eins af meðstjórnendum sjóðsins. En síðar samþykkja stúkurnar lánið á sameiginlegum fundi. Lánið fær stefnandi í júlí 1921, en er stefnandi fór hjeðan alfarinn árið

eftir, færa stúkurnar honum 10 þús. kr. að gjöf, en 5 þús. kr. greiðir stefnandi með ýmsum verðbrjefum, er stúkurnar telja fullnaðargreiðslu á láninu. Er hjer því að ræða um málefni milli stefnanda og stúknanna er eigi virðist neitt sjerstakt að athuga við. Hins vegar felst í hinum tilvitnuðu ummælum ótvíræð aðdróttun um óreiðu í fjármálum af stefnanda hendi, bæði að því er lántökuna sjálfa snertir og eins að því er snertir samband hans við útibú Íslandsbanka. Ummælin sem eru órjettmæt og órökstudd, eru því freklega meiðandi og móðgandi fyrir stefnanda.

Í 64. tbl. I. ágr. Vesturlands segir:

„. . . . . breiða yfir vammir mágs síns Helga Sveinssonar fv. bankastjóra útibúsins“ . . . . . Ummæli þessi er eigi sjest að eigi við neinn tilgreindan verknað og eigi eru rjettlætt á annan hátt, eru freklega meiðandi fyrir stefnanda.

Að því er snertir ummælin: „En það er eigi ofmælt að á honum lifði síra Guðmundur“ o. s. frv., er stefnandi eigi rjettur aðili. Verður því eigi krafa hans um ómerking þeirra og refsing fyrir þau til greina tekin í þessu máli.

Að því er loks snertir ummælin: „En þetta var eigi einasta bragð Helga. Hann ljek á því lúalagi að narra fje út“ o. s. frv. málsgreinina út. Í orðunum narra út fje felst aðdróttun um það, að stefnandi hafi haft fje af mönnum með ósannindum um atriði, er lánveitanda var ókunnugt um en urðu þess valdandi að hann ljet fjeð af hendi. En eigi er neitt upplýst um það í málinu að svo hafi verið. Ummælin eru því freklega meiðandi fyrir stefnanda.

Eins og málið nú liggur fyrir rjettinum verða eigi önnur af hinum átöldu ummælum til greina tekin.

Framantalin meiðandi ummæli um stefnanda ber eftir kröfu hans að dæma dauð og ómerk sbr. 220. gr. hinna alm. hegningarlaga 25. júní 1869. Fyrir meiðyrðin verður stefndur að sæta sektum samkvæmt 217. og 219. gr. sbr. 218. gr. ofangreindra laga, og þykir sektin hæfilega metin 150 kr. er renni í ríkissjóð, en í stað sektarinnar komi 20 daga einfalt fangelsi, ef hún er eigi greidd á rjettum tíma.

Eftir þessum úrslitum þykir rjett að stefndur greiði stefnanda málskostnað er ákveðst 100 krónur.

Að því er snertir skaðabótakröfu stefnanda, hefir hann eigi fært sönnur á að hann hafi beðið skaða og verður hún því eigi til greina tekin gegn eindregnum mótmælum stefnds.

Dómarinn lætur þess getið, að skjöl málsins hafi honum verið afhent 4. f. m. en sökum manntalsþinga og annara embættisanna hefir hann ekki getað kveðið upp þennan dóm fyr.

Mánudaginn 21. júní 1926.

Nr. 31/1926. **Sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu** (B. P. Kalman)
gegn
stjórn Svínvetningabrautarfjelags (Pjetur Magnússon).

Um gildi samþyktar nr. 79, 12. okt. 1920.

Dómur gestarjettar Reykjavíkur 17. mars 1926: Stefndur, Jón Jónsson, Páll Hannesson, Jóhannes Helgason, Jóhann Guðmundsson og Jón Stefánsson f. h. Svínvetningabrautarfjelagsins eiga að vera sýknir af kröfum stefnandans, Boga sýslumanns Brynjólfssonar f. h. sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu vegna sýslusjóðs tjeðrar sýslu í þessu máli, en stefnandi að greiða stefndum 200 krónur í málskostnað, innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Samkvæmt ástæðum hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í hæstarjetti með 200 krónum.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað.

Áfrýjandi, sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu, greiði stefnda, stjórn Svínvetningabraut-

arfjelags málskostnað í hæstarjetti með 200 krónum.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir samkomulagi málsaðilja höfðað fyrir gestarjettinum með stefnu útgefinni 25. september f. á. af Boga Brynjólfssyni, sýslumanni á Blönduósi f. h. sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu vegna sýslusjóðs tjeðrar sýslu, gegn stjórnendum Svínvetningabrautarfjelags, þeim Jóni bónda Jónssyni Stóradal, Páli bónda Hannessyni á Guðlaugsstöðum, Jóhannesi bónda Helgasyni á Svínavatni, Jóhanni bónda Guðmundssyni í Holti og Jóni bónda Stefánssyni á Kaganarhóli f. h tjeðs fjelags, til þess aðallega að fá viðurkenningardóm fyrir því, að þrátt fyrir samþykt um sýsluveginn Svínvetningabraut frá 12. október 1920 eigi sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu einvörðungu en ekki stjórn Svínvetningabrautarfélagsins ákvörðunarrétt um það, hve mikið fje úr sýslusjóðnum skuli árlega veitt til lagningar sýsluvegarins Svínvetningabrautar, *til vara*, að ofangreind samþykt um tjeðan veg verði dæmd ólögleg, ógild og óskuldbindandi fyrir sýslunefnd og sýslusjóð Austur-Húnavatnssýslu, og *til þrautavara*, að sýslusjóði Austur-Húnavatnssýslu beri ekki að leggja neitt fram af kostnaðinum við lagningu vegarins nema því að eins, að styrkur fáist úr ríkissjóði og undir engum kringumstæðum yfir $^1/_4$ hluta kostnaðar, svo að það, sem sýslusjóðnum kunni að bera að greiða til brautarinnar beri honum ekki að greiða fyrri, en reikningur yfir hvers árs lagningarkostnað liggur fyrir og verkinu sje lokið fyrir það ár. Svo hefir stefnandi og krafist málskostnaðar að skaðlausu eftir mati rjettarins.

Hinir stefndu stjórnendur Svínvetningabrautarfjelagsins hafa krafist algerðrar sýknu af kröfum stefnanda í málinu og málskostnaðar hjá honum að skaðlausu, og telja hann vegna fjárhæðar þeirrar, er málið snýst um, ekki mega lægri vera en 500 krónur.

Hin tilvitnaða samþykt um sýsluveginn Svínvetningabraut (Stj.tíð. 1920 B. bls. 236—237) er samin og samþykt samkvæmt lögum nr. 38/1919 og staðfest af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu 12. október 1920 og tekur til sýsluvegarins frá Húnvetn-

ingabraut að Guðlaugsstöðum og hliðarbrautarinnar frá Tindum vestan Svínavatns austur yfir Svínadalsá og er svo ákveðið í 2. gr. samþyktarinnar, að vegur þessi skuli gerður akfær svo ört, sem hægt sje að fá menn til lagningar hans og gerður samkvæmt ákvörðun sýslunefndar 1919 og vel vandaður að öllu. Í 3 gr. samþyktarinnar er svo ákveðið, að helminginn af kostnaði við vegagerð þessa, sem ekki fáist úr ríkissjóði, greiði sýslusjóður Austur-Húnavatnssýslu, en hinn helming kostnaðarins skuli notendur vegarins greiða eftir vissum reglum, sem settar eru í samþyktinni. Eru allir einstakir menn, er til vegarins gjalda, meðlimir svonefnds Svínvetningabrautarfjelags, er skal kjósa sjer stjórn og eru þeirri stjórn í samþyktinni faldar allar framkvæmdir vegagerðarinnar, svo sem að útvega menn og annað, sem til hennar þarf, heimta saman tekjur vegarins, hafa á hendi reikningshald, o. s. frv. og loks er stjórninni heimilað að taka lán til lúkningar stofnkostnaði vegarins, gegn tryggingu í tekjum hans og sjálfskuldarábyrgð fjelagsmanna.

Eigi verður annað sjeð á skjölum málsins, en að samþykt þessi hafi fengið löglegan undirbúning eftir lögum nr. 38/1919, þannig að álits vegamálastjóra hafi verið leitað um vegalagninguna og hann ráðið til hennar og að sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hafi fyrir sitt leyti samþykt samþyktarfrumvarpið áður en það var samþykt á samþyktarsvæðinu, enda myndi samþyktin eigi hafa náð staðfestingu atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins ef undirbúningurinn hefði ekki verið lögmætur.

Aðalkröfu sýna í málinu byggir stefnandi á því, að eftir gildandi lögum ráði sýslunefndin ein yfir fje sýslusjóðsins og eigi ein ákvörðunarrjettinn um allar fjárveitingar úr honum. Það kæmi því í bág við grundvallarreglur laga ef stjórn Svínvetningabrautarfjelagsins gæti ráðið því, hve mikið ætti að greiða úr sýslusjóði til vegagerðarinnar árlega og hefði stjórnarráðið því átt að neita samþyktinni staðfestingar og sje hún því ógild að lögum og ekki bindandi fyrir sýslunefndina eða sýslusjóðinn þar sem stjórnarráðið með staðfestingu hennar hafi farið út fyrir valdsvið sitt. Því væri samþyktin gild hefði sýslunefndin svift sjálfa sig fjárforræði en það geti enginn. En þótt nú svo yrði álitið að samþyktin sje gild, þá eigi sýslunefndin en ekki fjelagsstjórnin að ráða því, hve mikið fje sje greitt úr sýslusjóði til vegagerðarinnar árlega, enda sje fjelagsstjórninni í samþyktinni hvergi heimilað að ráða því. Að því er þrautavarakröfuna snertir, heldur stefnandi því fram, að gengið hafi verið út frá því, er

samþyktin var sett, að ríkissjóður nyndi greiða að minsta kosti helming alls kostnaðar við vegagjörðina, en þar sem fyrirsjáanlegt hafi verið, að ekki væri víst að ríkissjóður gæti það árferðisins vegna, hefði stjórnarráðið átt að sjá hag sýslufjelagsins borgið með því að neita staðfestingu samþyktarinnar, og einnig í þessu tilfelli gengið út fyrir valdsvið sitt, því nú sjeu svo miklar kröfur gerðar til sýslusjóðsins um framlag til vegagerðarinnar, að hann rísi eigi undir því, og sýslunefndin sjái sjer eigi fært að leggja þau gjöld á sýslubúa, enda hafi sýslan bundist ýmsum öðrum viðfangsefnum, svo sem sjúkraskýlishaldi, síðan samþyktin um Svínvetningabrautina var sett, auk þess sem berklavarnarlögin baki sýslusjóðnum mikil útgjöld.

Þess ber að gæta í þessu máli að það eru sýslunefndirnar en ekki einstökum hreppum eða fjelögum einstakra manna sem í lögum nr. 38/1919 er heimilað að gera samþyktir um akfæra sýslu- og hreppsvegi. Það er því sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu, sem að fengnu áliti og tillögum vegamálastjóra, hefir sett og samþykt frumvarpið til samþyktarinnar frá 12. október 1920 um sýsluveginn Svínvetningabraut á undan Svínvetningabrautarfjelaginu og hefir látið bera frumvarpið undir það til samþyktar. Það er sýslunefndin sjálf sem hefir ákveðið að veginn skuli leggja svo ört, sem hægt sje að fá menn til lagningarinnar og ákveðið að helmingur kostnaðar við lagninguna, að svo miklu leyti sem hann fáist ekki greiddur úr ríkissjóði, skuli greiddur úr sýslusjóði, og hefir með því skuldbundið sig til þess að leggja fram úr sjóðnum nægilegt fje á móti notendum vegarins, til þessa, þegar á þurfi að halda. Það er loks sjálf sýslunefndin sem eftir fyrirmælum laga nr. 38/1919, 5. greinar, hefir sett ákvæðið í samþyktina um stjórn vegamálsins og falið hana að öllu leyti stjórn Svínvetningabrautarfjelagsins, án þess að áskilja sjálfri sjer yfirstjórn þess að nokkru leyti. Til allra þessara ráðstafana hafði sýslunefndin að áliti rjettarins fulla heimild, og eigi verður sjeð að þær komi í bág við grundvallarreglur nokkurra laga. Að sýslunefndin hafi svift sjálfa sig fjárforræði með þessum ákvörðunum fær rjetturinn heldur eigi sjeð, hitt væri sönnu nær að hún svifti sig fjárforræði ef hún gengi einhliða frá samþykt þeirri sem hún hefir sjálf sett og samþykt. Það verður heldur eigi álitið að sýslunefndin með samþykt samþyktarinnar hafi bundið sýslufjelaginu þann bagga er það fái ekki undir risið, þegar þess er gætt, að áskilið er í samþyktinni, að notendur vegarins, sem eru aðeins lítill hluti sýslufjelagsins, leggja fram fje á móti sýslu-

sjóðnum, og sýslunefndin hefir vald til þess að leggja á þessa sömu menn sama gjald til sýslusjóðsins eins og aðra sýslubúa. Hinsvegar virðist áhugi og fórnfýsi notenda vegarins bera vott um nauðsyn hans og gagnsemi fyrir hlutaðeigandi sveitir og þá alt sýslufjelagið í heild sinni.

Rjetturinn verður því að vera þeirrar skoðunar að samþyktin frá 12. október 1920 komi ekki í bág við grundvallarreglur laganna og að atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hafi eigi gengið út fyrir valdsvið sitt við staðfestingu hennar. Þar sem ennfremur verður að líta svo á, að samþykt samkvæmt lögum nr. 38/1919 verði eigi feld úr gildi af sýslunefnd einhliða sbr. 2. málsgrein 4. greinar laganna, og sú ákvörðun sýslunefndarinnar á aðalfundi 1924, að fella samþyktina úr gildi, sje því markleysa, þar sem hún náði ekki samþykt Svínvetningabrautarfjelagsins og staðfestingu atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, verður að líta svo á, að samþyktin sje enn í fullu gildi, og er þá ekki hægt að taka neina af kröfum stefnanda til greina. Af samþyktinni má sjá, að gengið hefir verið út frá því, að úr ríkissjóði fengist eitthvað af kostnaðinum við vegalagninguna, en í henni er ekkert sem bendir til þess, að það hafi verið forsenda af sýslunefndarinnar hálfu að ákveðinn hluti af kostnaðinum fengist þaðan, enda er því mótmælt af stefndum og sönnur hafa ekki verið á það færðar af stefnanda.

Eftir þessum úrslitum verður stefnandi að greiða stefndum málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn 200 krónur.

Miðvikudaginn 23. júní 1926.

Nr. 20/1926. **Einar Þorgilsson** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Hirti B. Helgasyni (Bjarni Þ. Johnson).

Ut af farmgjaldi.

Dómur sjódóms Hafnarfjarðarkaupstaðar 23. nóv. 1923: Stefndur, Einar Þorgilsson, greiði stefnanda, Hirti B. Helgasyni, kr. 350,00, ásamt 5% ársvöxtum af hinni ídæmdu

upphæð frá 1. febrúar þ. á. til borgunardags. — Málskostnaður falli niður.

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Með því að gagnáfrýjandi skilaði ekki vörum þeim, er hann átti að flytja, þar sem þeim bar að skila, en aðaláfrýjandi hefir hinsvegar frá upphafi boðið fram 140 kr. fyrir þann hluta flutningsleiðarinnar, sem farin var, þá verður áfrýjandi að eins dæmur til að greiða gagnáfrýjanda þá upphæð.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað fyrir hæstarjetti og er hann ákveðinn 200 kr., en málskostnaðarákvæði sjórjettardómsins þykir eftir atvikum mega staðfesta.

Því dæmist rjett vera:

Aðaláfrýjandi, Einar Þorgilsson, greiði gagnáfrýjanda, Hirti B. Helgasyni, 140 kr.

Hinsvegar greiði gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda 200 kr. málskostnað fyrir hæstarjetti, en um málskostnað í hjeraði á sjórjettardóminum að vera óraskað.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Samkvæmt kæru til sjódómsins, dags. 4. júlí þ. á., með árituðu fyrirkalli, dags. 8. s. m. og rjettartökudag 14. s. m. hefir Hjörtur B. Helgason frá Klöpp Miðneshreppi krafist þess, að stefndur Einar Þorgilsson kaupmaður hjer í bænum, verði dæmdur til þess að greiða honum kr. 350.00 fyrir flutning á vörum með m/b.

„Óðinn“ í síðastliðnum janúarmánuði þ. á. frá Hafnarfirði til Hafna og ennfremur 5% ársvexti af hinni umstefndu upphæð frá 1. febrúar þ. á. til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu eftir mati rjettarins. — Skýrir stefnandinn frá því, að umræddur mótorbátur hafi á leiðinni til Hafna, farist — sokkið á Sandgerðisvík í ofviðri — og vörurnar skemst, en hlutaðeigandi vátryggingarfjelag hafi vottað að það hafi greitt til stefnds vátryggingarupphæðina fyrir vörur þessar svo og flutningsgjald kr. 350.00, og fjelagi þessu kveðst stefnandinn hafa boðið, að flytja vörurnar frá Sandgerði til Hafna, sem eigi hafi verið þegið.

Stefndur eða umboðsmaður hans í málinu, telur það eigi rjett vera að stefnandinn hafi átt að fá kr. 350.00 aðeins fyrir að flytja umgetnar vörur frá Hafnarfirði til Hafna, Kirkjuvogshverfis og Kalmannstjarnar, heldur hafi hann, fyrir sömu borgun, átt að taka fisk þar syðra og flytja hann til Hafnarfjarðar, en þegar til Sandgerðis hafi komið á suðurleiðinni, hafi fyrgreindur mótorbátur sokkið þar á höfninni, sem stefndur telur vangæslu á umbúnaði bátsins að kenna, og hafi vörurnar eyðilagst er í honum voru, en bátinn sjálfan hafi eigi sakað. Kveðst stefndur hafa skorað á stefnanda að flytja umræddan fisk til Hafnarfjarðar, en hann eigi fengist til þess, og hafi hann svo orðið að flytja vörur sínar suður og að sunnan á bifreiðum, er orðið hafi honum æríð kostnaðarsamt, en flutningskostnaðurinn er eigi nánar tilgreindur eða sundurliðaður.

Samkvæmt þessu lítur stefndur svo á, að stefnandi eigi ekki heimtingu á neinu flutningsgjaldi, og verði um greiðsluskyldu af hans hendi að ræða, þá sje það aðeins eftir vegalengd, þannig að gjaldið væri aðeins þóknun hlutfallslega eftir þeirri vegalengd, er farið hafi verið með vörurnar, miðað við alla ferðina, og sem honum reiknast að verið hafi um $^2/_5$ hl. leiðarinnar, sem þá samsvaraði lækkun á flutningsgjaldinu niður í kr. 140.00, og hefir stefndur boðið stefnanda að greiða honum upphæð þessa, og jafnvel 150 kr. til að losna við málastapp út af þessu, eða til samkomulags, en hann ekki þegið.

Er það krafa stefnds að hann verði algjörlega sýknaður í málinu gegn því að greiða til stefnanda 140.00 krónur, og þar sem hann ávalt hafi verið fús til að greiða þá upphæð, krefst hann málskostnaðar að skaðlausu eftir rjettarins mati.

Það virðist nú eigi gegn mótmælum stefnanda, sannað, að hann fyrir umrædda þóknun, kr. 350.00, hafi einnig tekist á hendur að flytja umræddan fisk til Hafnarfjarðar, hvorki í þessari

ferð nje síðar, en á hinn bóginn er það upplýst í málinu að hlutaðeigandi vátryggingarfjelag hafi greitt til stefnds, auk tryggingargjalds fyrir hinar skemdu vörur, sem flutningsgjald eingöngu fyrir vörur þessar, kr. 350.00, eftir kröfu stefnds, eða sömu upphæð og ákveðið var á milli málsaðilja fyrir flutning á vörunum til Hafna, en fjelagi þessu virðist hafa verið með öllu óviðkomandi flutningur á umgetnum fiski þaðan og til Hafnarfjarðar. Ennfremur virðist greiðsla þessi af hálfu vátryggingarfjelagsins til stefnds, eigi benda til þess, að það hafi verið stefnandanum að kenna, að vörurnar eigi komust óskemdar alla leið, sem og framlagt sjóferðapróf eigi heldur ber með sjer.

Samkvæmt framansögðu verður að dæma stefndan til þess að greiða stefnandanum hina umstefndu upphæð, kr. 350.00, svo og 5% ársvexti af upphæðinni frá 1. febr. þ. á. til greiðsludags, en málskostnaður virðist eftir atvikum eiga að falla niður.

Miðvikudaginn 23. júní 1926.

Nr. 18/1926. **Guðbjarni Guðmundsson** (Jón Ásbjörnsson) gegn **skiftaráðanda Reykjavíkur f. h. þb. O. J. Havsteen, og M. Júl. Magnús** (B. P. Kalman).

Um skiftaúthlutun.

Dómur hæstarjettar.

Skiftaráðanda Reykjavíkur hefir verið stefnt til að mæta fyrir hæstarjetti í máli þessu fyrir hönd þrotabús O. J. Havsteen, en hann hefir ekki mætt eða látið mæta fyrir búið, þótt stefnan hafi verið honum löglega birt, og hefir því málið verið flutt skriflega samkv. 38. gr. 1. lið hæstarjettarlaganna.

Það er viðurkent í málinu, að áfrýjandi var starfsmaður hjá kaupmanni O. J. Havsteen, er bú

hans var tekið til gjaldþrotaskifta af skiftarjetti Reykjavíkur í júnímánuði 1922. Áfrýjandi lýsti í tækan tíma kröfu í þrotabúið að upphæð samtals kr. 3297 55. Þar af voru 1050 kr. kaupkrafa á hendur þrotabúinu fyrir 3 mánuði frá gjaldþrotadegi, en kr. 2247.55 af upphæðinni taldi áfrýjandi O. J. Havsteen hafa skuldað sjer á gjaldþrotadegi, og heldur áfrýjandi því fram, að öll þess upphæð sje vangoldið kaup frá næsta ári áður en gjaldþrotaskiftin byrjuðu. Þann 26. okt. 1925 var skiftafundur haldinn í þrotabúinu og lagði skiftaráðandi þar fram skrá yfir eignir og skuldir búsins, er jafnframt var frumvarp til úthlutunargjörðar í búinu. Á skrá þessari og úthlutunarfrumvarpi var krafa áfrýjanda til launa í 3 mánuði frá gjaldþrotadegi feld úr 1050 kr niður í 350 kr. og þessum 350 kr. skipað sæti meðal forgangsskulda, en kr. 2247 55 af kröfu áfrýjanda var skipað sæti meðal skulda án forgöngurjettar og átti búið ekkert til lúkningar þeim. Á skiftafundi þessum mætti áfrýjandi og sömuleiðis stefndi M. Júl. Magnús læknir, sem er einasti skuldheimtumaður í þrotabúinu, er krafa áfrýjanda varðar. Samkvæmt skiftabókinni ljet áfrýjandi bóka þá athugasemd við skuldaskrána og úthlutunarfrumvarpið, að öll sú upphæð, er hann hefði lýst í búið, væri kaupskuld og sjest það ekki að stefndi M. Júl. Magnús hafi mótmælt þessu eða að skiftarjetturinn hafi sint þessari athugasemd að neinu. Tæpum mánuði síðar eða þ. 23. nóv. 1925 var svo skiftafundur haldinn á ný í þrotabúinu og úthlutunarfrumvarpið þá lagt fram óbreytt, en hvorugur málsaðilja var þá mættur og var þá eigum búsins úthlutað samkvæmt frumvarpinu og skiftum búsins þar með lokið.

Það verður nú að líta svo á, að í framangreindri

athugasemd við skuldaskrána og frumvarpið til úthlutunargjörðarinnar, samanborinni við skuldlýsingu áfrýjanda í þrotabúið, felist krafa um að fá útlagða sem forgangsskuld þær 2247 kr. 55 a. af kröfu áfrýjanda, er skiftaráðandi hafði skipað sæti meðal skulda án forgöngurjettar, en þar sem skiftaráðandi hefir eigi kveðið upp úrskurð um kröfu þessa eða að því er sjeð verður á annan hátt tekið hana til athugunar, verður samkvæmt kröfu áfrýjanda að fella hina áfrýjuðu skiftagjörð úr gildi og leggja fyrir skiftaráðanda að taka búið til nýrrar og löglegri meðferðar frá 26. okt. 1925.

Eftir atvikum málsins þykir rjett að málskostnaður fyrir hæstarjetti falli niður.

Því dæmist rjett vera:

Skiftameðferðin á þrotabúi O. J. Havsteen eftir 26. okt. 1925 á ómerk að vera, og ber skiftaráðanda Reykjavíkur að taka búið til skifta af nýju frá þessum degi að telja.

Málskostnaður í hæstarjetti fellur niður.

Mánudaginn 20. sept. 1926.

Nr. 45/1926. **Sveinn Björnsson f. h. Trueba y Pardo** (Sjálfur)
gegn
h/f. Ísólfur (Enginn).

Útaf synjun gjaldþrotaskifta.

Úrskurður skiftarjettar Reykjavíkur 6. maí 1926: Beiðni hæstarjettarmálaflutningsmanns Sveins Björnssonar

um að bú hlutafjelagsins Ísólfs verði tekið til gjaldþrotaskifta skal ekki tekin til greina.

Dómur hæstarjettar.

Stefndi h/f. Ísólfur hefir ekki látið mæta í máli þessu enda þótt stjórn hlutafjelagsins hafi verið löglega stefnt. Hefir málið því verið rekið skriflega og er dæmt samkvæmt N. L. 1—4—32. og tilsk. 3 júní 1796, 2. gr.

Með dómi gestarjettar Reykjavíkur uppkveðnum 13. mars þ á. var hlutafjelagið Ísólfur dæmt til þess að greiða áfrýjanda Sveini Björnssyni f. h. firmans Trueba y Pardo £ 6000-0-0 í skaðabætur auk 6% vaxta frá 12. jan. þ. á. og 4132 kr. í málskostnað. Við fjárnám það, er áfrýjandi ljet fara fram hjá hlutafjelaginu 7. apríl þ. á. til fullnægingar dómi þessum, kom það í ljós, að hlutafjelagið átti ekki fyrir skuldum og gat það ekki vísað á aðra muni til þess að gera fjárnám í en útistandandi skuldir, er töldust við síðastl. nýjár kr. 59351.12, eða ekki nærri helmingur af dómkröfu áfrýjanda. Tveim dögum síðar eða 9. s. m. krafðist áfrýjandi að bú stefnda væri tekið til gjaldþrotameðferðar. Stefndi mótmælti þessari kröfu af þeirri ástæðu, að hann hefði áfrýjað til hæstarjettar bæði umræddum dómi og eftirfarandi fjárnámsgjörð. Tók skiftarjetturinn þessi mótmæli til greina, og neitaði með hinum áfrýjaða úrskurði uppkveðnum 6. maí þ. á. að taka bú stefnda til gjaldþrotaskifta.

Á þetta verður ekki fallist. Þar eð það er sannað, að stefndi átti ekki fyrir skuldum, og þar eð áfrýjandi fjekk ekki fullnægjandi fjárnám fyrir dómkröfu sinni þá átti hann samkv. 3. gr. gjaldþrotaskiftalaganna heimtingu á því, að bú hlutafjelagsins

yrði tekið til gjaldþrotaskifta, og hefir það í þessu efni eigi þýðingu að hlutafjelagið hefir áfrýjað áminstum dómi og fjárnámsgjörð.

Samkvæmt þessu verður að fella hinn áfrýjaða skiftarjettarúrskurð úr gildi og leggja fyrir skiftaráðanda að taka bú hlutafjelagsins til gjaldþrotaskifta. Eftir þessum úrslitum verður að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarjetti, og þykir hann hæfilega ákveðinn 200 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði skiftarjettarúrskurður er úr gildi feldur og ber hinum setta skiftaráðanda að taka bú hlutafjelagsins Ísólfur til gjaldþrotaskifta.

Stefndi, h/f. Ísólfur, greiði áfrýjanda Sveini Björnssyni f. h. firmans Trueba y Pardo 200 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Í brjefi dags. 9. f. m. til bæjarfógetans í Reykjavík hefir Sveinn Björnsson, hæstarjettarmálaflutningsmaður beiðst þess fyrir hönd firmans Trueba y Pardo í Bilbao, að bú hlutafjelagsins Ísólfs verði tekið til gjaldþrotaskifta. Styður hann þá kröfu sína við fjárnám, er fram fór hjá hlutafjelaginu 7. f. m. samkvæmt dómi uppkveðnum í gestarjetti Reykjavíkur 13. mars þ. á. í málinu: Sveinn Björnsson f. h. firmans Trueba y Pardo gegn h/f. Ísólfi, en í þeim dómi var hið stefnda hlutafjelag dæmt í £ 6000-0-0 í skaðabætur auk málskostnaðar. Reyndist fjárnám þetta að mestu árangurslaust og það sannaðist við fjárnámið að hlutafjelagið á hvergi nærri fyrir skuldum. Fjárnám var þó gert í útistandandi skuldum hlutafjelagsins að upphæð kr. 59 351.12 er fram fór án virðingar.

Eftir að setuskiftaráðandi hafði verið skipaður 21. f. m. til þess að fara með gjaldþrotamál þetta, kvaddi hann gjörðarþola

ásamt gjörðarbeiðanda til fundar 24. s. m. Ítrekaði gjörðarbeiðandi þar kröfu sína um gjaldþrotaskiftin og krafðist úrskurðar. Hinsvegar mótmælti umboðsmaður gjörðarþola að krafa gjörðarbeiðanda yrði tekin til greina og bygði þau mótmæli sín á því að umræddum gestarjettardómi frá 13. mars þ. á. ásamt fjárnámi því, er fram fór samkvæmt honum hjá gjörðarþola 7. f. m., hefði verið áfrýjað til hæstarjettar samkvæmt áfrýjunarstefnu er hann sýndi í rjettinum. Til vara krafðist umboðsmaður gjörðarþola að gjaldþrotakrafan yrði ekki tekin til greina nema gjörðarbeiðandi setti nægilega tryggingu, en gjörðarbeiðandi mótmælti því og neitaði að honum yrði gert að setja frekari tryggingu, en hann hefði þegar gert, sem var 100 kr.

Það er nú nægilega upplýst að hlutafjelagið á ekki fyrir skuldum, en hinsvegar er á það að líta, hvort umrædd dómkrafa er þannig vaxin að telja megi að henni verði ekki hrundið. Í hinum áfrýjaða dómi kemur það ekki til álita á hve miklum rökum dómkröfur stefnanda, og þar á meðal skaðabótakrafan, voru bygðar, þar sem málið var dæmt mótmælalaust af hálfu stefnanda, sem ljet mæta í málinu, að því er efnishlið þess snertir. Verður þá heldur ekki um það sagt að svo stöddu, hverjar varnir stefnandi kann að hafa fram að færa í málinu og hver niðurstaða kann að verða fyrir hæstarjetti eftir að efnishlið þess hefir verið ræddd fyrir rjettinum.

Rjetturinn verður því að líta svo á að dómkrafa sú, sem gjaldþrotabeiðnin byggist á sje ekki nægilega ótvíræð til þess að rjett sje að svo stöddu að taka beiðni gjörðarbeiðanda um að bú h/f. Ísólfs verði tekið til gjaldþrotaskifta til greina, og þá því síður sem gjörðarbeiðandi hefir fengið tryggingu í öllum útistandandi skuldum gjörðarþola.

Miðvikudaginn 22. sept. 1926.

Nr. 64/1926 **Valdstjórnin** (Pjetur Magnússon)
gegn
Heinrich Lüers (L. Fjeldsted).

Botnvörpuveiðabrot

Dómur lögreglurjettar Vestmannaeyja 19. apríl 1926: Kærði Heinrich Lüers á strax að greiða sekt að upphæð

kr. 12250,00 til Landhelgissjóðs Íslands. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í togaranum „Delme“ O. N. 91, frá Nordenham, vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Af ástæðum þeim, er tilgreindar eru í hinum áfrýjaða lögreglurjettardómi, ber að staðfesta hann, að því viðbættu, að kærði skal afplána hina ídæmdu sekt með sjö mánaða einföldu fangelsi, ef hún verður ekki greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber og að greiða allan kostnað sakarinnar í hjeraði og fyrir hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 60 krónur til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða lögreglurjettardómi skal óraskað og afplánist sektin með sjö mánaða einföldu fangelsi, ef hún verður ekki greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Heinrich Lüers, greiði allan kostnað sakarinnar í hjeraði og fyrir hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarjetti, málaflutningsmannanna Pjeturs Magnússonar og Lárusar Fjeldsted, 60 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Það er sannað í máli þessu með skýrslu skipstjórans á varðskipinu „Þór“ og játning kærða sjálfs, að hann í gærmorgun á skipi sínu, togaranum „Delme“ O. N. 91 frá Nordenham, var á fiskiveiðum á landhelgissvæðinu út af Hjörleifshöfða. Hann hefir fært fram sjer til málsbóta, að hann hafi aðeins óviljandi farið inn á landhelgissvæðið, vegna þess að hann bygði á sjókorti sínu, sem hafi verið rangt á þessum slóðum. Þetta getur þó ekki orðið tekið til greina honum til sýknunar heldur verður að álíta að kærði hafi með þessu gerst brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920 og þykir refsingin, með tilliti til að hjer er um þesskonar brot í fyrsta sinn að ræða og með hliðsjón af að dagsgengi krónunnar er kr. 81.70 af gullkrónu, hæfilega ákveðin sekt að upphæð kr. 12250.00 er greiðist nú þegar og rennur í Landhelgissjóð Íslands. Auk þess skulu öll veiðarfæri þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í áðurnefndum togara vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. — Loks ber kærða að greiða allan kostnað málsins sem orðinn er og verður.

Miðvikudaginn 6. okt. 1926.

Nr. 67/1926. **Rjettvísin og valdstjórnin**
(Stefán Jóh. Stefánsson).
gegn
Sigurði Gíslasyni (B. P. Kalman).

Brot gegn 205. gr. hgl. og 4. gr. lögr.samþ. Rvíkur.

Dómur aukarjettar Reykjavíkur 12. ág. 1926:

Ákærður Sigurður Gíslason greiði 100 kr. sekt til ríkissjóðs innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti hann einföldu fangelsi í 7 daga í hennar stað.

Svo greiði ákærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað þar með taldar 35 krónur í málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns síns hjer í rjettinum B. P. Kalmans hrm.

Ennfremur greiði hann Jóni Guðmundssyni kr. 245,00 í skaðabætur.

Dóminum að fullnægja, að því er ídæmdar skaðabætur snertir innan 3 sólarhringa frá lögbirtingu hans, og að öðru leyti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Gegn synjun ákærða verður það ekki álitið, að hann hafi ætlað sjer að slá barn það, Gróu Torfhildi Jónsdóttur, sem fyrir högginu varð, heldur annan mann, Pjetur Hoffmann fisksala. Þótt höggið lenti ekki á þessum manni heldur öðrum, hefir ákærði gerst sekur um fullframinn líkamsáverka, sem varðar við 205. gr. almennra hegningarlaga, og jafnframt varðar verknaður hans við 4. gr. lögreglusamþyktar Reykjavíkur, 19. apríl 1919, með því hann fór fram á almannafæri. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 14 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Ákvæði aukarjettardómsins um málskostnað í hjeraði og skaðabætur eiga að vera óröskuð. Svo greiði ákærði allan sakarkostnað fyrir hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda málsins, 80 kr. til hvors.

Það athugast, að hegningarvottorð ákærða úr Suður-Múlasýslu hefir ekki verið lagt fram í málinu.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði, Sigurður Gíslason, sæti 14 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Ákvæði aukarjettardómsins um málskostnað í hjeraði og skaðabótagreiðslu eiga að vera óröskuð. Svo greiði ákærði og allan sakarkostnað fyrir hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda málsins og verjanda, hæstarjettarmál-

flutningsmannanna Stefáns Jóh. Stefánssonar og Björns Kalmans, 80 kr. til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af rjettvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu gegn Sigurði Gíslasyni, fisksala, Þingholtsstræti 8, hjer í í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum 18 kapitula alm. hegningarlaga frá 25. júní 1869 og lögreglusamþyktarinnar í Reykjavík frá 19. apríl 1919.

Málavextir eru þeir sem nú skal greina og sannaðir með eigin játningu ákærðs og framburði vitna.

Hinn 22. maí s. l. um kl. $10^1/_2$ f. h. var ákærður með fiskvagn sinn á torginu milli Óðinsgötu og Týsgötu að selja fisk. Rjett þar hjá var einnig annar fisksali, að nafni Pjetur Hoffmann, með sinn fiskvagn. Kom þá þarna að lítil telpa, Guðrún Torfhildur Jónsdóttir, 8 ára, Skólavörðustíg 17 og bað um fisk fyrir 50 eða 60 aura. Ákærður virðist hafa verið byrjaður að vigta telpunni, fisk, er Pjetur eða maður, sem var við vagn hans tók að reyna að fá hana til að kaupa fiskinn heldur hjá þeim. Þetta leiddi til þess, að ákærður reiddist Pjetri, reiddi reislu sína til höggs og kveðst hafa ætlað að slá Pjetur með ýsunni, sem hjekk á reislukróknum. Hann gætti þess ekki að telpan stóð rjett hjá og reislan lenti því á enni hennar, en barnið fjell niður í götuna, veinandi og hafði fengið barnshandarstóran áverka hægra megin og tvö smá sár sitt hvoru megin á nefrótum, eftir skýrslu læknis, sem var þegar sóttur handa barninu og hefir gefið vottorð um áverkann, en eftir honum að dæma hefir höggið verið talsvert mikið. Litla telpan lá lengi rúmföst með talsverðum hita en 17. júní var hún þó komin á fætur og gróin sára sinna, en ör eftir.

Það verður að áliti dómarans að taka það trúanlegt af ákærðum, að hann hafi ætlað sjer að berja Pjetur Hoffmann, en ekki litlu telpuna, enda er það í samræmi við framburð vitnanna. Hinsvegar verður því ekki trúað að ákærður hafi aðeins ætlað að slá til Pjeturs með ýsunni, því reiðiástand það, sem ákærður játar sjálfur að hafa verið í gerir það ósennilegt að hann hafi ætlað sjer að hnitmiða höggið svo mjög, og áverkarnir, sem litla

telpan fjekk, sýna að hann hefir ekki gert það. Vitnin hafa ennfremur skýrt svo frá, að ákærður hafi sýnst hamslaus af reiði, er hann framdi verkið.

Það verður því að teljast sannað að ákærður hefir gert sig sekan í tilraun til að berja Pjetur Hoffmann með reislunni. Þetta afbrot ákærðs ber að áliti dómarans að heimfæra undir 205. sbr. 46. gr. hegningarlaganna sbr. og 4. gr. lögreglusamþyktarinnar.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 16. jan. 1896, og hefur aldrei sætt ákæru nje refsingu fyrir neitt afbrot.

Refsing sú, sem ákærður hefir tilunnið, er að áliti dómarans hæfilega ákveðin 100 króna sekt, er renni í ríkissjóð og greiðist innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti ákærður einföldu fangelsi í 7 daga í hennar stað.

Svo greiði ákærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns síns hjer í rjettinum, B. P. Kalmans, hrm., er þykir hæfilega ákveðin 35 krónur.

Faðir litlu stúlkunnar, Jón Guðmundsson, hefir gert þá kröfu að ákærður verði dæmdur til að greiða sjer kr. 245,00 í skaðabætur. Þessa skaðabótakröfu verður að taka til greina, með tilliti til þess, að ákærður hefir ekki mótmælt henni sem of hárri.

Á þessu máli hefir enginn óþarfur dráttur orðið og rekstur þess verið lögmætur.

Föstudaginn 8. okt. 1926.

Nr. 55/1926. **Rjettvísin** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Ólafi Guðmundi Elísi Sigurðssyni
(Guðm. Ólafsson).

Þjófnaðarmál.

Dómur aukarjettar Ísafjarðar 4. maí. 1926:

Ákærður, Ólafur Guðmundur Elis Sigurðsson sæti 8 — átta — mánaða betrunarhúsvinnu. Í iðgjöld greiði hann Jóni Sn. Árnasyni kaupmanni á Ísafirði kr. 7,90. Svo greiði ákærður og allan af málinu leið-

andi kostnað, þar með taldar 20 kr. málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns síns Páls Jónssonar yfirdómslögmanns. Iðsemd iðgjöld greiðist innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Af ástæðum þeim, sem tilgreindar eru í hinum áfrýjaða aukarjettardómi, ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði allan kostnað sakarinnar í hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda, 80 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardóminum skal óraskað. Ákærði Ólafur Guðmundur Elís Sigurðsson greiði allan kostnað sakarinnar í hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda, málflutningsmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Guðm Ólafssonar, 80 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Það er löglega sannað í máli þessu, sem höfðað er af hálfu rjettvísinnar gegn ákærðum Ólafi Guðmundi Elís Sigurðssyni til heimilis hjer í bænum, með eigin játningu hans, er kemur heim við það sem á annan hátt er upplýst, að hann hefir gert sig sekan í eftirfarandi atferli:

Mánudagskvöldið 8. febrúar þ. á. kl. um 8 fór ákærður ásamt 14 ára gömlum dreng inn í búð Jóns Sn. Árnasonar kaupmanns við Fjarðarstræti 24 hér í bænum með lykli, er hann í þessu skyni hafði keypt nokkrum dögum áður og sorfið á skerðingu, svo að hann gekk að skránni á búðarhurðinni. Fór ákærður

innfyrir diskinn og að skúffu undir diskinum, er hann vissi að geymdir voru peningar í. Tók úr henni tvo 50 kr. bankaseðla, er lágu undir peningakassa í skúffunni, og tvo 10 kr. seðla og einn 5 kr. seðil er var í peningakassanum; eða samtals 125 krónur í bankaseðlum. Auk þess tók ákærður 47 búnt af vindlingum (cigarettum) og voru 10 vindlingar í hverju búnti. Að því búnu fór ákærður aftur út úr búðinni og lokaði henni með lyklinum. En þýfið höfðu ákærður og fyrnefndur drengur á burt með sjer, útveguðu poka undir það, fóru með hann upp í grjótgarð ofarlega í kaupstaðnum og huldu hann með grjóti.

Þá hefir ákærður kannast við, að hann laugardaginn 6 s. m. ásamt fyrnefndum dreng hafi farið inn í sömu búð kl. 7—8 um kvöldið með sama lykli og að framan greinir, tók þar 3 epli, 3 appelsínur og 10—12 mola af confekti. Fór svo út aftur og lokaði hurðinni með lyklinum. Ennfremur hefir ákærður kannast við að hann, nokkru eftir nýárið í vetur sem leið, hafi tekið tvenn spil úr búðinni hjá Jóni Sn. Árnasyni meðan hann var í búðinni.

Ákærður hefir skilað aftur bankaseðlunum, spilunum og 36 búntum af vindlingum. En Jón Sn. Árnason hefir krafist iðgjalda fyrir 11 bunt af vindlingum með útsöluverði þeirra, 50 aura fyrir hvert búnt eða kr. 5,50 fyrir vindlingana og kr. 2,40 fyrir appelsínurnar, eplin og confektið, eða samtals kr. 7,90 og kemst ákærður eigi hjá að greiða iðgjöld þessi.

Ákærður er fæddur 14. nóvember 1907 og hefir eigi áður sætt ákæru eða refsingu fyrir neitt lagabrot.

Ákærður er því kominn yfir lögaldur sakamanna og var það er hann framdi verknaðinn. Afbrot hans ber að rjettarins áliti að heimfæra undir 230. og 231. gr. 4. málgrein, sbr. 63. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869 og þykir hegning hans hæfilega metin 8 mánaða betrunarhúsvinna. Í iðgjöld greiði ákærður kr. 7,90. Svo greiði og ákærður allan af málinu leiðandi kostnað, þar með taldar 20 kr. í málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns síns.

Það vottast að rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Mánudaginn 18. okt. 1926.

Nr. 25/1926 **O. Ellingsen f. h. eigenda og vátryggjenda „Lilly“** (L. Fjeldsted)

gegn

Helga Zoëga f. h. Jóns Oddssonar v. eigenda og vátryggjenda b/v. Ceresio (Pjetur Magnússon).

Úrskurður:

Af stefnda hálfu hefir þess verið krafist, að máli þessu verði vísað frá hæstarjetti og byggist frávísunarkrafan á því, að leyfi til áfrýjunar hafi verið veitt eftir að 12 almanaksmánuðir voru liðnir frá dómsuppsögn án þess að lögmælt skilyrði hafi verið fyrir hendi.

Áfrýjandi hefir hinsvegar krafist, að frávísunarkröfunni verði hrundið og að sjer verði veittur þriggja vikna frestur til undirbúnings sóknar í málinu.

Dómur í máli þessu hefir verið kveðinn upp 9. ágúst 1924, en áfrýjunarleyfið er útgefið 15. febrúar 1926. Af innihaldi leyfisbrjefsins sjest, að áfrýjunarleyfið hefir verið veitt samkvæmt undantekningarákvæðinu í niðurlagi 1. málsgreinar 28. gr. hæstarjettarlaganna og með því að líta verður svo á, að það heyri undir valdsvið dómsmálaráðherra að meta hvort lögmæt skilyrði sjeu fyrir hendi til að veita áfrýjunarleyfi eftir að liðnir eru 12 mánuðir en áður en liðin eru 3 ár frá uppsögn dómsins, þá verður frávísunarkrafan ekki tekin til greina og veitist áfrýjanda 3ja vikna frestur til að undirbúa sókn í málinu.

Því úrskurðast.

Frávísunarkrafa stefnda verður ekki tekin til greina. Áfrýjanda veitist 3ja vikna frestur.

Mánudaginn 25. okt. 1926.

Nr. 34/1926. **Hreppsnefnd Rauðasandshrepps** (Lárus Jóhannesson)
gegn
Erlendi Kristjánssyni og Kristjáni Erlendssyni (Enginn).

Ómerking; ólögleg málasamsteypa

Úrskurður fógetarjettar Barðastrandarsýslu 13. mars 1925: Hin umbeðna gjörð á ekki fram að fara, og hinir lögteknu munir leystir úr löghaldi.

Dómur hæstarjettar.

Hinir stefndu hafa hvorki mætt nje látið mæta í máli þessu, og hefir það því verið flutt skriflega eftir 1. tölulið 38. gr. hæstarjettarlaganna, og er því dæmt samkvæmt framlögðum skjölum og skilríkjum eftir N. L. 1—4—32. og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr.

Haustið 1923 lagði áfrýjandi, hreppsnefnd Rauðasandshrepps, á hina stefndu hreppsgjöld fyrir fardagaárið 1923—1924, 289 krónur á stefnda Erlend Kristjánsson og 15 krónur á stefnda Kristján Erlendsson Skyldi greiða gjöld þessi í peningum fyrir 31. desember 1923 til hreppsnefndaroddvita. Hinir stefndu gerðu þetta þó ekki, heldur ljetu skrifa upphæðirnar hreppnum til tekna inn í reikning hans við Pöntunarfjelag Rauðasandshrepps. Pöntunarfjelagið, sem varð gjaldþrota á næsta ári, virðist ekki hafa greitt hreppnum upphæðir þessar. Hreppsnefndaroddviti krafðist því lögtaks á þeim 6. nóv. 1924. Lagði fógeti 14. s. m. fyrir hreppstjóra að gera lögtak hjá hinum stefndu. Gerði hreppstjóri svo lögtak hjá hinum stefndu þrátt fyrir mótmæli þeirra, sem þeir bygðu á því, að þeir hefðu greitt gjöldin með

þeim hætti sem fyr segir. Með 2 brjefum 7. jan. 1925 krafðist hvor þeirra um sig, að fógetinn feldi lögtakið á útsvari sínu úr gildi, og 17. s. m. var fógetarjettur haldinn í skrifstofu sýslumanns og þar farið með málið í einu lagi sem eitt mál væri og í sama úrskurði dæmt um lögtökin bæði á þann veg að þau skyldi falla úr gildi.

Þessum úrskurði hefir hreppsnefndin skotið til hæstarjettar, að fengnu uppreistarleyfi 12. mars þ. á. með stefnu 7. apríl síðastl. Hefir áfrýjandi fengið gjafsókn og talsmann skipaðan í málinu. Hefir þess verið krafist, *að* hinn áfrýjaði úrskurður verði feldur úr gildi, *að* lagt verði fyrir fógetann að framkvæma hið umbeðna lögtak, og loks *að* hinir stefndu verði dæmdir til að greiða áfrýjanda málskostnað eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Það er ólögmæt meðferð af hálfu fógetans, að halda eina rjettargjörð og úrskurða í einu lagi báðar lögtakskröfurnar og lögtaksgjörðirnar sjá kgsbr. 3. jan. 1755 sbr. 16. gr. 2. málsgr. í lögum nr. 27, 27. júní 1921 og verður sökum þessarar lögleysu ex officio að ómerkja hinn áfrýjaða fógetarjettarúrskurð og alla undanfarandi meðferð málsins fyrir fógetarjettinum.

Eftir atvikum þykir rjett að málflutningslaun hins skipaða talsmanns áfrýjanda, er ákveðast 80 kr., greiðist úr ríkissjóði, en að málskostnaður í hæstarjetti falli að öðru leyti niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði fógetarjettarúrskurður og öll meðferð málsins í fógetarjettinum á ómerk að vera.

Málflutningslaun hins skipaða talsmanns áfrýjanda, hæstarjettarmálflutningsmanns Lárusar Jóhannessonar, 80 kr, greiðist úr ríkissjóði. Að öðru leyti fellur málskostnaður í hæstarjetti niður.

Föstudaginn 29. október 1926.

Nr. 47/1926. **Sigurður Ágústsson og Hannes Jónsson** (Pjetur Magnússon)
gegn
Gísla Gíslasyni, og gagnsök
(Stefán Jóh. Stefánsson).

Útaf skaðabótum o. fl.

Dómur gestarjettar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu: Hinir stefndu Hannes Jónsson og Sigurður Ágústsson greiði einn fyrir báða og báðir fyrir einn stefnanda Gísla Gíslasyni 455 kr. 38 aura með 5 % ársvöxtum frá 29. desember 1924 til borgunardags.

Málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 3 sólarhringa frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu hefir verið áfrýjað af hálfu beggja aðila og eru aðalkröfur hvors þeirra um sig þær sömu sem fyrir undirrjetti.

Svo sem samningurinn eða söluumboðið frá 14. júní 1924 ber með sjer átti meginandvirði íbúðarhússins og mótorbátsins að ganga til lúkningar skuld gagnáfrýjanda við Sparisjóð Stykkishólms, er aðaláfrýjendur ásamt fleirum voru sjálfskuldarábyrgðarmenn fyrir. Hafði sparisjóðurinn krafið aðal-

áfrýjendur um greiðslu skuldarinnar vegna vanskila gagnáfrýjanda og var þeim vegna þessa fengið söluumboðið í hendur og kom á móti loforð þeirra um að greiða skuldina án rjettar til endurgjalds frá gagnáfrýjanda um fram það, er söluverð hússins og mótorbátsins hrykki til. Aðaláfrýjendur áttu þannig einnig eiginhagsmuna að gæta við söluna og var því aðstaða þeirra önnur en eftir venjulegu söluumboði. Verður eftir atvikum að telja, að í umboðinu felist rjettur til að fara í eða láta fara í íbúðarhúsið og einstök herbergi þess. Gagnáfrýjandi hafði að vísu áskilið sjer rjett til að búa í íbúðarhúsinu til 20. sept. 1924, en þetta verður að telja óverulegt aukaatriði í umboðinu og það því fremur, sem gagnáfrýjandi og kona hans voru um stundarsakir farin úr húsinu áður en salan fór fram. Máttu því aðaláfrýjendur ganga út frá því, að gangáfrýjandi mundi fremur vilja falla frá þessu skilyrði en verða af kauptilboði, er hann undir rekstri málsins hefir viðurkent að var viðunandi hvað söluverðið snertir, enda hafði kona gagnáfrýjanda í brjefi dags. 13. júní 1924 gert ráð fyrir því, að húsgögnin kynnu að verða flutt úr húsinu áður en hún kæmi heim. Verður því að líta svo á, að það hafi verið vítalaus framkvæmd á söluumboðinu, að áfrýjendur seldu og afhentu húsið svo sem þeir gerðu og ljetu flytja húsgögn gagnáfrýjanda úr því áður en sá tími var liðinn, er hann hafði áskilið sjer að búa í húsinu.

Þá er það og upplýst í málinu, að aðaláfrýjendur ljetu sjer ant um, að vel væri farið með húsmuni gagnáfrýjanda, er þeir voru fluttir úr húsinu og var það gert undir umsjón kvenmanns, er kona gagnáfrýjanda hafði í brjefinu 13. júní 1924 beðið að sjá um flutning þeirra, ef hann færi fram áður en hún

kæmi heim. Ennfremur að aðaláfrýjendur hafa á sinn kostnað útvegað viðunandi geymslustað fyrir húsgögnin og látið flytja þau heim til gagnáfrýjanda, er hann kom aftur til Stykkishólms. Hefir gagnáfrýjandi ekki sannað, að skemdir hafi orðið á búsmununum við flutninginn eða neitt af þeim hafi vantað, er þeim var skilað, og verða aðaláfrýjendur því ekki dæmdir til að greiða bætur fyrir vöntun eða skemdir á þeim.

Þá verður krafa gagnáfrýjanda um bætur fyrir húsaleigu ekki tekin til greina þegar af þeirri ástæðu, að við það að aðaláfrýjendur afhentu húsið um leið og salan fór fram spöruðust gagnáfrýjanda vextir af sparisjóðsskuldunum, er námu meiru en tekjur gagnáfrýjanda af húsinu munda hafa orðið frá því er salan fór fram til 20. sept, og hefir vaxtaupphæðin verið færð gagnáfrýjanda til tekna í skilagreininni fyrir sölunni.

Að því er snertir söluna á mótorbátnum þá er það upplýst í málinu, að hann var ekki í nothæfu ástandi er samningurinn 14. júní 1924 var gerður og aðgerð á honum nauðsynleg til þess að salan gæti farið fram. Hafa aðaláfrýjendur lagt fram sundurliðaða skilagrein fyrir aðgerðarkostnaðinum og er það rjettilega tekið fram í dómi undirrjettarins, að gagnáfrýjandi hefir ekki með rökum sýnt fram á, að viðgerðin hafi verið meiri en þurfti að vera, og ekki sannað, að hærra söluverð hafi verið fáanlegt fyrir bátinn, en hann var seldur fyrir. Verður því að fallast á, að hjeraðsdómarinn hefir sýknað aðaláfrýjendur af kröfu gagnáfrýjanda útaf vangreiðslu á kr. 1172,08 af söluverði bátsins.

Loks verður krafa gagnáfrýjanda til vangreiddrar leigu af bátnum, eftir að gert hafði verið við

hann, ekki tekin til greina. Aðaláfrýjendur höfðu umráð yfir bátnum og máttu leigja hann gagnáfrýjanda til hags svo sem þeir gerðu. Hafa þeir lagt fram óvjefengda sundurliðaða skýrslu yfir þessar leigutekjur af bátnum og fært gagnáfrýjanda þær til tekna í skilagreininni og átti gagnáfrýjandi ekki rjett á að fá aðra eða meiri leigu af bátnum en goldist hafði og skilagreinin tilgreinir

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna aðaláfrýjendur af öllum kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu, og þykir rjett eftir þessum úrslitum og málavöxtum að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjendum málskostnað fyrir undirrjetti og hæstarjetti, er ákveðst samtals 400 kr.

Því dæmist rjett vera:

Aðaláfrýjendur, Sigurður Ágústsson og Hannes Jónsson, eiga að vera sýknir af kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu.

Gagnáfrýjandi, Gísli Gíslason, greiði aðaláfrýjendum 400 kr. í málskostnað fyrir undirrjetti og hæstarjetti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með samningi gjörðum milli aðilja máls þessa hinn 14. júní f. á. fól stefnandi Gísli Gíslason, formaður í Stykkishólmi, hinum stefndu Hannesi Jónssyni dýralækni og Sigurði Ágústssyni bókhaldara, báðum í Stykkishólmi, að selja íveruhús sitt í Stykkishólmi ásamt lóðarrjettindum og tilheyrandi, svo og mótorbát sinn „Sæljónið“ með vjel, seglum og öðru tilheyrandi, og skyldi andvirði eignanna ganga til greiðslu á ábyrgðarláni stefnanda úr Sparisjóði Stykkishólms, að upphæð þá með áföllnum vöxtum frá 23. maí 1923 kr. 4782,00, sem hinir stefndu ásamt fleirum voru

ábyrgðarmenn fyrir, og ennfremur til greiðslu á fasteignarveðláni úr Sparisjóði Stykkishólms með 1. veðrjetti í húseigninni, að upphæð þá með áföllnum vöxtum frá 29. september 1923, kr. 1026,00. Allur nauðsynlegur kostnaður leiðandi af sölunni skyldi ennfremur greiðast af andvirði eignanna. Alt, sem stefndu gjörðu söluunni viðvíkjandi skyldi jafngilt og stefnandi hefði gjört það sjálfur. Stefndi áskildi sjer í samningnum rjett til að búa í íveruhúsinu til 20. september f. á. Hinir stefndu tóku í samningnum að sjer að greiða tjeðar sparisjóðsskuldir stefnanda að fullu, hvort sem andvirði eignanna reyndist nægilegt eða eigi til lúkningar skuldanna. Loks er í samningnum ákveðið, að rísi mál út af samningnum skuli það rekið fyrir gestarjetti í Stykkishólmi.

Með stefnu útgefinni 29. des.br. f. á. hefir stefnandi, Gísli Gíslason, höfðað mál þetta fyrir gestarjetti sýslunnar í Stykkishólmi gegn hinum stefndu Hannesi Jónssyni dýralækni og Sigurði Ágústssyni bókhaldara í Stykkishólmi, og skýrt frá því, að þrátt fyrir það þótt honum hefði með framangreindum samningi verið áskilinn rjettur til að búa í íveruhúsinu til 20. sept.br. f. á., hefði stefndi Sigurður Ágústsson látið hinn 13. júlí f. á. stinga upp hús stefnanda að honum og konunni fjarverandi, er þá stunduðu bæði atvinnu á Vestfjörðum, flytja húsgögn hans úr húsinu, og ennfremur hafi leigutaki þeirra í húsinu, tengdamóðir stefnanda, orðið að fá sjer leigt annarsstaðar. Tekur stefnandi fram, að húsgögn þeirra hjóna hafi orðið fyrir hnjaski við flutninginn eins og gengur og gerist, og þótt hann eftir heimkomu sína til Stykkishólms 6. sept.br. f. á. hafi fengið flest af lausafje sínu aftur, hafi það verið á ringulreið og tekið talsverðan tíma að koma því í lag. Krefst stefnandi þess, að hinir stefndu verði dæmdir til að greiða sjer 2000 kr. í skaðabætur fyrir skemdir á húsinu og húsgögnum, vinnu við að koma húsgögnunum í lag, svo og fyrir álitshnekki og hneysu, er hann hafi beðið af þessu; auk þess hafi hann komið til Stykkishólms 6. septbr. f. á. og átti þá rjett á að hafa húsið til afnota í 14 daga. Húsið hafi hinir stefndu selt fyrir 4200 kr., og hefir stefnandi ekkert við það að athuga. Í öðru lagi tekur stefnandi fram, að hinir stefndu hafi notað mótorbátinn „Sæljónið" heimildarlaust á tímabilinu 4.—23. septbr. f. á. og selt hann síðan fyrir 3200 kr., eftir að hafa áður látið gera við hann fyrir kr. 1422,08. Nauðsynlegan kostnað við aðgerð bátsins telur stefnandi hafa verið í mesta lagi kr. 250,00, og telur því til skuldar hjá hinum stefndu út af mótorbátssölunni

kr. 1172,08. Fyrir notkun bátsins á tímabilinu 4.—23. sept. f. á. eða 20 daga reiknar stefnandi 10 kr. í leigu á dag eða kr. 200,00 yfir tímann; fyrir nefnt tímabil færa hinir stefndu stefnanda til tekna samkvæmt sundurliðaðri skrá samtals kr. 144,62. Mismuninn eða kr. 55,38 krefur stefnandi sjer tildæmdan. Samkvæmt þessu gjörir stefnandi eftirgreindar dómkröfur:

1. Skaðabætur fyrir skemdir á húsgögnum og húsi, leigutap o. fl. . . . . kr. 2000,00
2. Vangreitt af söluverði m/b. „Sæljónið“ . . . — 1172,08
3. Vangreidd leiga fyrir sama bát . . . . . — 55,38

Upphæðina kr. 3227,46

krefur stefnandi hina stefndu dæmda til að greiða in solidum ásamt 5 % ársvöxtum frá stefnudegi til borgunardags og málskostnaði að skaðlausu eftir mati rjettarins.

Að því er 1. liðinn í dómkröfum stefnanda snertir, hafa hinir stefndu tekið fram, að kaupandi sá, er þeim tókst að fá að húseign stefnanda, hafi gjört það að skilyrði fyrir kaupum á húsinu, að hann fengi húsið til íbúðar um miðjan júlímánuð f. á., og með því að þeim var það áríðandi að missa ekki af kaupandanum, hafi þeir gjört ítrekaðar tilraunir til að ná símasambandi við stefnanda eða konu hans til þess að fá samþykki þeirra til flutnings húsgagnanna úr húsinu í því skyni, en er ekki tókst að ná samþykki þeirra hjóna til þessa símleiðis, hafi þeir til að missa ekki af kaupandanum neyðst til að láta flytja húsgögnin úr húsinu og í trygga geymslu í öðru húsi í Stykkishólmi. Í húsinu bjó yfir sumarið tengdamóðir stefnanda og var húsið því opið, aðeins þurfti að opna eina stofuhurðarskrá með bognum nagla og skemdir á húsinu hafi alls engar orðið. Tengdamóðir stefnanda hefir vottað að hún hafi flutt góðviljuglega úr húsinu og í annað hús í Stykkishólmi, og greiddi stefndi Sigurður Ágústsson húsaleigu þar fyrir hana til 1. október f. á. Húsaleigu fyrir húsgögn stefnanda hafi hinir stefndu greitt, og eftir heimkomu stefnanda og konu hans til Stykkishólms snemma í september f. á. hafi þeir flutt húsbgögnin heim í hina nýju íbúð þeirra í Stykkishólmi og afhent húsgögnin með bestu skilum að sögn hjónanna sjálfra þá. Við sölu húss þessa fyr en 20. septbr. f. á. hafi stefnanda áskotnast vextir frá kaupandanum 84 kr., og fyrir söluna á húsinu og mótorbátnum hafi þeir alls ekkert reiknað. Krefjast hinir stefndu því algjörðrar sýknunar af tjeðri 2000 kr. skaðabótakröfu stefnanda.

Að því er snertir kröfu stefnanda um að fá tildæmdar kr. 1172,08, sem vangreiddar af söluverði m/b. „Sæljónið“ og vangreidda leigu fyrir bátinn kr. 55,38, hafa hinir stefndu tekið fram, að er þeir fengu söluumboð fyrir bátnum, hafi hann verið ónothæfur sakir stórfeldra bilana og yfirleitt í algjörðu lamasessi, og því enginn kostur þess að selja bátinn nema því að eins, að gagngjörð aðgerð færi áður fram á honum og vjel hans, þannig að sýnt yrði, að báturinn væri í nothæfu ástandi, og hafi þeir því neyðst til að láta umrædda aðgerð á bátnum fara fram. Ennfremur hafi verið nauðsyn þess, að báturinn væri látinn fara nokkrar reynsluferðir að viðgerðinni lokinni, til þess að reynsla fengist fyrir því til leiðbeiningar fyrir kaupanda, hvort vjelin væri í nothæfu standi. Krefjast hinir stefndu því algjörðrar sýknunar einnig af þessum kröfum stefnanda og að þeim verði tildæmdur málskostnaður eftir mati rjettarins.

Eins og að framan greinir, hafði stefnandi í samningnum við hina stefndu dags. 14. júní f. á., áskilið sjer rjett til að búa í íveruhúsinu til 20. september f. á., og hinir stefndu undirgengist það skilyrði samningsins gagnvart stefnanda. Við þetta ákvæði voru hinir stefndu því bundnir, og þótt kaupandi að húsinu setti það skilyrði af sinni hálfu fyrir kaupinu að húsið fengist laust úr íbúð stefnanda um miðjan júlí f. á., gat það út af fyrir sig ekki, án þess að samþykki stefnanda lægi fyrir, veitt hinum stefndu rjett til að rifta þessu ákvæði samningsins og til að svifta stefnanda þá þegar notkunarrjetti að húsinu. Þar sem hinir stefndu þannig gagnstætt samningnum tóku undir sig að stefnanda fornspurðum umráðarjett og afnot hússins þegar um miðjan júlí f. á. og fluttu húsgögn stefnanda úr húsinu, hafa þeir þar með bakað sjer skaðabótaskyldu gagnvart stefnanda. Með vitnaframburði er það sannað í málinu, að engar skemdir urðu á húsinu við flutning þennan og söluverð hússins því ekki lækkað af þeirri ástæðu, enda hefir stefnandi beint lýst því yfir í málinu, að hann hefði ekkert að athuga við söluverðið. Stefnandi hefir eigi heldur sannað, að neinar vantanir hafi orðið á húsgögnum sínum, nje að sjerstakar skemdir hafi orðið á þeim, og gengu vitnisburðir flutningsmanna húsgagnanna í sömu átt. Hinsvegar þykir sá framburður stefnanda hafa við rök að styðjast, að búslóð hans hafi orðið fyrir óhjákvæmilegu hnjaski við flutningana fram og aftur og komist á ringulreið í flutningunum og það orsakað nokkra vinnu að koma munum í lag á hinum nýja bú-

stað stefnanda í Stykkishólmi; einnig hefir flutningurinn bakað stefnanda hálfsmánaðar húsaleigugreiðslu frá heimkomu hans 6. september f. á. til 20. s. m. Auk þess telur stefnandi sig hafa orðið fyrir álitshnekki og vansa af völdum hinna stefndu við að búslóð hans var borin út úr húsinu, og felst rjetturinn á það. Hinsvegar þykir skaðabótakrafa stefnanda 2000 kr. keyra úr hófi með tilliti til að engar vantanir eða sjerstakar skemdir urðu á húsgögnunum.

Eftir áliti rjettarins þykja skaðabæturnar hæfilega ákveðnar 400 kr., og er þar við einnig tekið tillit til þess, að sakir losunar hússins úr íbúð þegar um miðjan júlímánuð hafa stefnanda bæst vextir frá kaupanda hússins, og fær hann því samkvæmt skilagrein hinna stefndu greiddan afgang af andvirði eignanna kr. 76,80.

Að því er sölu mótorbátsins „Sæljónið“ snertir athugast, að stefnandi hafði með samningnum 14. júní f. á. falið hinum stefndu að selja bátinn án nokkurs fyrirvara um upphæð söluverðs nje um sölutíma, og höfðu hinir stefndu því heimild til að taka bátinn í sínar hendur til söluráðstafana. Samkvæmt söluumboðinu skyldi allur nauðsynlegur kostnaður leiðandi af sölunni greiðast af andvirðinu. Nú hefir stefnandi sjálfur viðurkent, að aðgerð hafi þurft að fara fram á bátnum, en telur að 250 krónur hefðu átt að nægja í því skyni. Verður því ekki álitið að það komi í bága við söluumboðið, þótt stefndu hafi látið gjöra við bátinn til þess að gjöra hann seljanlegan, enda hafa stefndir með framburðum vitna leitt rök að því, að báturinn hafi verið í ónothæfu standi og mjög af sjer genginn. Hinn framlagða sundurliðaða reikning yfir viðgerðarkostnaðinn hefir stefnandi ekki með rökum hrakið, nje sýnt rökstutt fram á, hverjir liðir hans hafi verið ofháir eða með öllu óþarfir. Hin almennu mótmæli stefnanda hjer að lútandi geta því eigi orðið tekin til greina. Stefnandi hefir eigi heldur sannað, að „Sæljónið“ hefði getað orðið selt fyrir hærra verð en hinir stefndu seldu það fyrir og ekki bent á neinn lysthafanda að bátnum, en því hinsvegar ómótmælt framhaldið af hinum stefndu, að hann hafi haft bátinn árangurslaust á boðstólum undanfarin missiri. Samkvæmt þessu verður því að sýkna hina stefndu af kröfum stefnanda um tildæming á vangreiddum kr. 1172,08 af söluverði mótorbátsins „Sæljónið“.

Hinsvegar þykir notkun hinna stefndu á mótorbátnum „Sæljónið“ á tímabilinu 4.—23 september f. á. ganga út fyrir það

sem nauðsynlegt hefði verið til reynsluferða til leiðbeiningar fyrir væntanlegan kaupanda um nothæfi bátsins, og athugast í því sambandi, að samningur aðilja 14. júní f. á. heimilar aðeins sölu en ekki notkun eða útleigu bátsins. Hinir stefndu hafa að vísu haldið því fram, að samninginn beri að skoða sem fullkomna afhending eignanna í þeirra hendur, en sá skilningur þeirra hefir ekki stoð í samningnum. Stefnandi hefir haldið því fram, að báturinn muni hafa skemst við notkun hinna stefndu á bátnum á umræddu tímabili, en þar sem hann gegn neitun hinna stefndu hefir engar sönnur fært fyrir þessari staðhæfing sinni, getur hún eigi orðið tekin til greina. Fyrir notkun á bátnum nefnt tímabil hefir stefnandi eins og áður greinir sett upp 200 kr. leigu, og hinir stefndu ekki til vara rökstutt mótmælt hæð leigunnar fyrir tímabil þetta. Í skilagrein hinna stefndu eru stefnanda færðar til tekna fyrir notkun bátsins á þessu tímabili kr. 144,62. Mismunninn kr. 55,38 þykir eiga að dæma hina stefndu til að greiða stefnanda.

Samkvæmt framangreindu ber þannig að dæma hina stefndu til þess in solidum að greiða stefnanda kr. 400,00 + kr. 55,38 eða samtals kr. 455,38, með 5 % ársvöxtum frá stefnudegi 29. desember 1924 til borgunardags.

Eftir öllum atvikum þykir rjett að málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 29. okt. 1926.

Nr. 43/1926 **Grímur Sigurðsson**
gegn
Jóni Hannessyni.

Dómur hæstarjettar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Grímur Sigurðsson, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Mánudaginn 8. nóv. 1926.

Nr. 46/1926. **Rjettvísin** (L. Fjeldsted)
gegn
Guðmundi Þorkelssyni (Kalman).

Sýknun af ákæru um tilraun til að fá 2 menn til að bera falsvitni fyrir rjetti.

Dómur aukarjettar Reykjavíkur 24. apríl 1926: Ákærður, Guðmundur Þorkelsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 20 daga. Svo greiði hann og allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað, þar á meðal 40 krónur í málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns síns hjer í rjettinum, Gunnars E. Benediktssonar, cand. juris.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Eftir upplýsingum málsins, sem að nokkru leyti hefir verið aflað eftir að dómur gekk í málinu í hjeraði, þykir það varhugavert, gegn eindreginni neitun ákærða, að telja það sannað, að ákærða hafi verið það ljóst, að vottorð það, er hann reyndi að fá hjá bræðrunum Jóhannesi og Þorleifi Þorgrímssonum, væri rangt, og verður því að sýkna ákærða af ákæru rjettvísinnar í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum verður kostnaður málsins bæði í hjeraði og hæstarjetti að greiðast úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda í undirrjetti 40 kr. og málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti 100 kr. til hins fyrnefnda og 150 kr. til hins síðarnefnda.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði, Guðmundur Þorkelsson, á að vera sýkn af ákæru rjettvísinnar í máli þessu. Allur

kostnaður málsins í hjeraði og hæstarjetti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda í hjeraði, cand. juris Gunnars E. Benediktssonar, 40 kr., og málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, hæstarjettarmálflutningsmannanna Lárusar Fjeldsted og Björns P. Kalman, 100 kr. til hins fyrnefnda og 150 kr. til hins síðarnefnda.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af rjettvísinnar hálfu gegn Guðmundi Þorkelssyni, kaupmanni, Bergstaðastræti 28, fyrir brot gegn ákvæðum 14. kapítula almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869, og eru málavextir þeir, er nú skal greina.

Hinn 13. febrúar s. l. kl. á 9. tímanum síðdegis kom ákærður Guðmundur Þorkelsson; heim til bræðranna Jóhannesar Ólafs og Þorleifs Benedikts Þorgrímssona frá Miklaholti í Skagafirði, er þá voru til heimilis á Laugaveg 30 A, hjer í bænum. Höfðu þeir bræður áður gjört samning við ákærðan um vörukaup o. fl., en þeim samningi hafði verið riftað með samþykki beggja aðilja fyr um daginn (13. febrúar) meðal annars fyrir milligöngu lögfræðings eins hjer í bænum. Er ákærður var kominn inn til bræðranna beindist samtal þeirra þriggja að fyrnefndum lögfræðing, og átti ákærður upptökin að því. Beindi hann þá þeirri ósk til bræðranna að þeir gæfu sjer yfirlýsingu um það, að lögfræðingurinn hefði reynt að æsa þá til þess að kæra ákærðan og að hann (lögfræðingurinn) hefði viðhaft ýms ófrægingarorð um ákærðan í þeirra áheyrn. Kvaðst ákærður ætla að nota yfirlýsingu þessa í máli gegn lögfræðingnum. Bræðurnir neituðu að verða við þessari ósk ákærðs og kváðu yfirlýsinguna með ofangreindu efni ekki vera sannleikanum samkvæma. Mótmælti ákærður því ekki og skýrði þeim ekki frá því, að hann hefði ástæðu til þess að ætla, að það væri rjett, sem hann fór fram á, að þeir vottuðu. Samt sem áður ítrekaði hann beiðni sína og bauð bræðrunum að greiða þeim þúsund krónur ef þeir gæfu sjer yfirlýsingu með ofangreindu efni. Bræðurnir hjeldu hinsvegar fast við

neitun sína og fór ákærður nokkru síðar frá þeim, án þess að hafa fengið þá til þess að gefa nokkra yfirlýsingu.

Bræðurnir gáfu síðan fyrnefndum lögfræðing vottorð um það, sem þeim og ákærðum hafði farið á milli ofangreint kvöld, og óskaði hann þá rannsóknar á málinu. Hafa báðir bræðurnir, Jóhannes Ólafur og Þorleifur Benedikt staðfest ofangreindan framburð sinn með eiði eftir löglegan undirbúning.

Ákærður hefir neitað því staðfastlega að hafa farið fram á það við bræðurna, að þeir gæfu honum yfirlýsingu með ofangreindu efni, eða að hann hafi boðið þeim fje til slíks, og kveður hann framburð þeirra um það, sem gerst hafi milli sín og þeirra fyrgreint kvöld, vera algjörlega rangan, en gegn eiðfestum framburði þeirra verður sú neitun ekki tekin til greina og í málinu er ekkert það framkomið, er hnekkt geti framburði þeirra sem lögfullra vitna.

Framantalið brot ákærðs, sem með dómi hæstarjettar 1. september 1924 var dæmur til 20 daga fangelsisvistar við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn ákvæðum 156. sbr. 53. og 46. gr. hinna almennu hegningarlaga, en eigi hefir sætt ákæru eða refsingu fyrir önnur brot, ber að áliti rjettarins að heimfæra undir 147. gr. sbr. 53. og 46. gr. fyrnefndra laga og þykir refsing sú, er hann hefir til unnið hæfilega ákveðin 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Svo greiði og ákærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar á meðal 40 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns hjer í rjettinum Gunnars E. Benediktssonar caud. juris.

Á máli þessu hefir enginn ónauðsynlegur dráttur orðið.

Mánudaginn 15. nóv. 1926.

Nr. 42/1926. **Þórarinn Þorvarðarson** (B. P. Kalman)
gegn
Ársæli Árnasyni og Jóni Laxdal
(L. Fjeldsted).

Um rjett til andvirðis gripa, er veðsettir voru og afhentir stefndu.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. ágúst 1925:

Stefndir Ársæll Árnason og Jón Laxdal eiga að vera sýknir af kröfum stefnandans, Þórarins Þorvarðssonar í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstarjettar með stefnu dags. 29. apríl þ. á., að fengnu uppreistarleyfi dags. 15. s. m., og hefir áfrýjandi fengið gjafsókn og skipaðan málflutningsmann.

Með því að afhendingu þeirri á nokkrum kúm til Ársæls Árnasonar, er áfrýjandi byggir rjett sinn á, hefir eigi verið rift samkvæmt 32. gr. laga 13. apríl 1924 um gjaldþrotaskifti, þá verður hún að teljast jafn bindandi fyrir áfrýjanda sem fyrir þrotabú Guðmundar Þorlákssonar.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsenda hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða hinum stefndu málskostnað í hæstarjetti, er ákveðst 100 kr., en málflutningslaun hins skipaða málflutningsmanns áfrýjanda, 80 kr., greiðist úr ríkissjóði.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi skal óraskað. Áfrýjandi Þórarinn Þorvarðsson greiði hinum stefndu Ársæli Árnasyni og Jóni Laxdal 100 kr. í málskostnað í hæstarjetti. Málflutningskaup hins skipaða málflutningsmanns áfrýjanda, Björns P. Kalman, 80 kr., greiðist úr ríkissjóði.

Þessum dómi skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttatilraun og að fengnu gjafsóknarleyfi höfðað fyrir bæjaþinginu með stefnu útgefinni 27. nóvember f. á. af Þórarni Þorvarðssyni, Njálsgötu 4 B, hjer í bæ gegn þeim Ársæli bóksala Árnasyni, Vesturgötu 33, og Jóni Laxdal, kaupmanni, Sólheimum við Tjarnargötu, báðum hjer í bæ. Hefir stefnandi gjört þær kröfur í málinu, að stefndir verði in solildum, pro rata eða hvor í sínu lagi, dæmdir til þess að greiða honum kr. 1622,81 með 5 % ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu eftir mati rjettarins, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndu hafa aðallega krafist frávísunar málsins en til vara að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda í því. Svo hafa þeir og krafist ríflegs málskostnaðar hjá stefnanda hvernig sem málið fer.

Stefnandi skýrir svo frá tildrögum málsins, að í byrjun októbermánaðar árið 1921 hafi Guðmundur Þorláksson á Korpúlfsstöðum framselt bú sitt til skiftameðferðar sem þrotabú, og hafi stefnandi því átt kaupkröfu á Guðmund að upphæð kr. 1680,00, er hann hafi lýst í búið og gert kröfu til að fá greidda. Við skifti á búinu 24. desember 1922 hafi honum verið úthlutað upp í kröfuna kr. 57,19 og standi því eftir kr. 1622,81.

Nú kveður stefnandi það hafa verið upplýst í sakamálsrannsókn og máli, sem höfðað hafi verið gegn Guðmundi, og ennfremur á skiftafundum í búinu, að stefndur Ársæll Árnason hafi fengið afhentar, um það bil er Guðmundur framseldi bú sitt til gjaldþrotaskifta, 4 kýr upp í veðskuld, er á þessum kúm hvíldi til Ársæls. Ennfremur hafi hann og fengið afhent um það leyti ýmsa lausafjármuni úr búinu. Síðar hafi komið í ljós að þær 4 kýr, er afhentar voru Ársæli hafi verið veðsettar stefndum Jóni Laxdal, samkvæmt eldra þinglesnu veðbrjefi. Kveðst stefnandi ásamt Jóni Laxdal hafa krafist þess á skiftafundi í búinu, að innheimt yrði í búið andvirði þeirra 4 kúa, er Ársæli voru afhentar, en úrskurður skiftaráðanda hafi fallið í þá átt, að þar eð fyrirsjáanlegt væri að innheimtan yrði ekki framkvæmd nema með málssókn, sem búið hefði ekki efni á að kosta, þá ætlaði það að leiða hjá sjer þann málarekstur, en jafnframt hafi stefnanda og Jóni Laxdal verið heimilað að innheimta andvirðið á sinn kostnað, en þrotabúinu óviðkomandi að öllu leyti.

Eftir að úrskurður þessi var fallinn, kveður stefnandi Jón

Laxdal hafa höfðað mál gegn Ársæli Árnasyni til greiðslu andvirðis kúnna, en því máli muni hafa lokið með utanrjettarsátt þannig, að Ársæll muni hafa greitt Laxdal nokkurn hluta eða alt andvirðið.

Telur stefnandi kröfu sína í búið hafa verið forgangskröfu, sem hafi átt að ganga fyrir skuldum, er tryggðar voru með veðrjetti í lausafje búsins, og eigi hann því kröfu til að stefndu endurgreiði sjer svo mikið af andvirði kúnna, sem nægi til lúkningar kröfu hans.

Kröfur sínar í málinu byggir stefndur á því, að nefnt þrotabú eigi eitt aðild þessa máls en stefnandi ekki, *að* frestur sá, sem ákveðinn er í lögum nr. 7, 13. apríl 1894, 32. gr. hafi verið löngu liðinn er mál þetta var höfðað og *að* riftingarmál eins og þetta eigi að höfðast fyrir gestarjetti. Ennfremur halda þeir því fram, að hinn áðurnefndi skiftarjettarúrskurður verði að teljast endanlegur og geti rjetturinn því ekki kveðið upp efnisdóm í málinu.

Samkvæmt 32. gr. laga nr. 7, 13. apríl 1894 er svo ákveðið að mál til riftunar á ráðstöfunum gjaldþrota manns skuli höfða innan 4 eða 12 vikna frá því að málssókn er ákveðin á skiftafundi, en eins og að framan greinir er ákvörðun skiftarjettar á þá leið að búið skyldi ekki sjálft höfða riftunarmál. Vitanlega gat stefnandi þá höfðað riftunarmál sjálfur, en allar ástæður virðast mæla með því að slíkt mál verði einnig að vera höfðað innan þeirra tímatakmarka, sem sett eru í greininni. Þetta hefir ekki verið gert og verður því að áliti dómarans að sýkna stefndu af kröfum stefnanda í málinu.

Eftir atvikum þykir rjett að málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 19 nóv. 1926.

Nr. 72/192 **Hjalti Jónsson f. h. h/f. Kol & Salt**
(Lárus Jóhannesson)
gegn
Magnúsi Sigurðssyni, Ludvig Kaaber og Georg Ólafssyni f. h. Landsbanka Íslands og Sparisjóðs Árnessýslu (Pjetur Magnússon).

Út af eiðvinningu.

Úrskurður gestarjettar Reykjavíkur 17. maí

1926: Hin framkomnu mótmæli verða ekki tekin til greina. — Eiðvinningin skal fram fara.

Úrskurður fógetarjettar Reykjavíkur 30. júní 1926: Hin umbeðna fjárnámsgjörð á hendur Landsbanka Íslands fyrir hönd Sparisjóðs Árnessýslu á eigi fram að ganga.

Dómur hæstarjettar.

Með dómi hæstarjettar 5. maí þ. á. í málinu nr. 66/1926: Landsbanki Íslands f. h Sparisjóðs Árnessýslu gegn h/f. Kol & Salt var svo ákveðið, að Landsbankinn f. h. nefnds sparisjóðs skyldi vera sýkn af kröfum Kol og Salts, ef fyrverandi formaður sparisjóðsins, Guðmundur Sigurðsson, eftir löglegan undirbúning innan mánaðar frá birtingu dómsins »neitaði« því með eiði á varnarþingi sínu, að víxlar þeir, er ræðir um í málinu, hefðu verið framlengdir með hans samþykki. Ella átti Landsbankinn f. h. sparisjóðsins að greiða Kol & Salt þar tilteknar upphæðir.

Dómurinn var birtur stjórn Landsbankans 15. maí. Og sama dag ljet bankinn birta Guðmundi Sigurðssyni og stjórn h/f. Kol & Salt eiðstefnu til fyrirtektar í gestarjetti Reykjavíkur 17. s. m.

Þegar fyrir eiðsrjettinn kom neitaði Guðmundur Sigurðsson að vinna eið í málinu nema því að eins að hann, í stað þess að neita samþykki til framlengingar ofannefndra víxla, mætti sverja, að hann »mintist ekki« að hafa samþykt framlengingu víxlanna f. h. sparisjóðsins. H/f. Kol & Salt mótmælti þannig löguðum eiði, en dómarinn í eiðsmálinu heimilaði Guðmundi eiðinn með úrskurði, enda vann Guðmundur eiðinn.

H/f. Kol & Salt leit svo á, sem Guðmundi Sigurðssyni hefði í rauninni orðið eiðfall, og sneri sjer

því til fógetans með beiðni um fjárnám hjá Landsbankanum f. h. sparisjóðsins samkvæmt fyrnefndum hæstarjettardómi. En fógeti taldi sjer ekki fært að verða við þeirri kröfu, úr því að dómarinn í eiðsmálinu hafði úrskurðað Guðmundi eið og Guðmundur unnið eiðinn. Hratt fógetinn því fjárnámskröfunni með úrskurði 30. júní.

Báðum þessum gerðum hefir áfrýjandinn h/f. Kol & Salt nú skotið til hæstarjettar með stefnu dags. 24. sept. Krefst fjelagið þess, að fyrnefndur úrskurður eiðsdómarans og eiðvinningin verði ómerkt og sömuleiðis synjunarúrskurður fógetans á fjárnáminu, svo og þess, að fógetinn verði skyldaður til að framkvæma fjárnámið og Landsbankinn f. h. sparisjóðsins dæmdur til að greiða fjelaginu málskostnað eftir mati rjettarins. Stefndu hafa hinsvegar krafist staðfestingar hinna áfrýjuða gerða og málskostnaðar fyrir hæstarjetti.

Eins og getið er að framan, mótmælti áfrýjandinn því fyrir eiðsdómaranum, að Guðmundur Sigurðsson fengi að vinna þann eið, sem dómarinn úrskurðaði honum, taldi þann eið óheimilan samkvæmt hæstarjettardóminum. Þessa skoðun áfrýjanda verður að telja rjetta, með því að eiður sá, er eiðsdómarinn gerði Guðmundi Sigurðssyni er annar en sá, er hæstarjettardómurinn ætlaði Guðmundi að vinna, en til slíkrar breytingar brast eiðsdómarann vitanlega alla heimild.

Verður því, samkv. kröfu áfrýjanda, að ómerkja umgetinn úrskurð eiðsdómarans og jafnframt fella eiðvinninguna úr gildi. Þá verður og að ógilda fógetarjettarúrskurðinn, sem bygður var á úrskurði eiðsdómarans og eiðvinningunni. Málinu hefir ekki verið gagnáfrýjað, nje heldur hefir fjárnámskröfu áfrýj-

anda verið sjerstaklega mótmælt, og verður þegar af þeirri ástæðu einnig að taka þá kröfu til greina.

Samkvæmt þessum úrslitum verða stefndu að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarjetti og er hann ákveðinn 300 kr.

Því dæmist rjett vera:

Úrskurður eiðsdómarans 17. maí á að vera ómerkur. Eiðvinningin og fógetarjettarúrskurðurinn 30. júní eru feld úr gildi. Fógetanum ber að gera fjárnám fyrir dómkröfum áfrýjanda samkvæmt þar að lútandi ákvæðum ofannefnds hæstarjettardóms 5. maí þ. á.

Loks greiði hinir stefndu bankastjórar, Magnús Sigurðsson, Ludvig Kaaber og Georg Ólafsson f. h. Landsbanka Íslands og Sparisjóðs Árnessýslu, áfrýjanda, Hjalta Jónssyni f. h. h/f. Kol & Salt, málskostnað fyrir hæstarjetti með 300 kr.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur úrskurðar gestarjettarins hljóða svo:

Dómarinn getur eigi fallist á það að orðin „minntist ekki“ í því sambandi sem þau hafa verið sett inn í eiðstafinn af dómaranum, komi að nokkru leyti í bága við hinn framlagða hæstarjettardóm, verða því hin framkomnu mótmæli gegn því að eiðvinningin fari fram samkvæmt eiðstaf þeim sem dómarinn hefir stílað og sjálfur fært inn í rjettarbókina ekki tekin til greina heldur úrskurðast, að eiðvinningin skuli fram fara sje eiðstefndur enn fús til að vinna eiðinn.

Forsendur úrskurðar fógetarjettarins hljóða svo:

Málavextir í þessu máli eru þannig; að með dómi hæstarjettar uppkveðnum 5. maí þ. á. í málinu Landsbanki Íslands f. h. Sparisjóðs Árnessýslu gegn h/f. Kol & Salt, var svo ákveðið, að svo framarlega sem fyrverandi formaður Sparisjóðs Árnessýslu, Guðmundur Sigurðsson, eftir löglegan undirbúning innan mánaðar frá birtingu þessa dóms neitaði því með eiði á varnarþingi sínu, að hann hafi fyrir hönd Sparisjóðs Árnessýslu samþykt að víxlar þeir, er ræðir um í máli þessu og stefndi gaf út, Þorleifur Guðmundsson samþykti og Íslandsbanki keypti, væru framlengdir, þá ætti áfrýjandi, Landsbanki Íslands f. h. Sparisjóðs Árnessýslu að vera sýkn af kröfum h/f. Kol & Salt í máli þessu og málskostnaður að falla niður í báðum rjettum. En inni hann ekki eiðinn bæri áfrýjanda að greiða stefnda 33,000,00 kr. með 6 % ársvöxtum frá 15. jan. 1923 til greiðsludags og kr. 500,00 í málskotsnað í hæstarjetti en málskostnaður í hjeraði að falla niður.

Dómur þessi var birtur stjórn Landsbanka Íslands f. h. sparisjóðsins 15. maí síðastliðinn. Hinn 17. maí þ. á. var fyrir gestarjetti Reykjavíkur rjettarhald í tjeðu máli, haldið af settum dómara cand. jur. Gunnari E. Benediktssyni, og mætti þar Guðmundur Sigurðsson, fyrverandi formaður Sparisjóðs Árnessýslu samkvæmt stefnu.

Fyrir eiðsrjettinum ljet Guðmundur Sigurðsson fyrverandi formaður Sparisjóðs Árnessýslu þess getið, að hann væri fús til að vinna synjunareiðinn, ef það væri tekið upp í eiðsformúluna, að hann „minntist ekki“ að hafa fyrir hönd Sparisjóðs Árnessýslu samþykt að víxlar þeir, sem ræðir um í þessu máli og stefndi gaf út, Þorleifur Guðmundsson samþykti og Íslandsbanki keypti, væru framlengdir, en ljet þess jafnframt getið, að hann neitaði að vinna synjunareiðinn væru ekki orðin „minntist ekki“ tekin upp í eiðstafinn.

Stílaði eiðsdómarinn eiðstafinn í samræmi við þetta og vann svo Guðmundur Sigurðsson, eftir löglegan undirbúning þrátt fyrir mótmæli frá umboðsmanni h/f. Kol & Salt eið að því, að hann „minntist ekki“ að hafa fyrir hönd Sparisjóðs Árnessýslu samþykt það að víxlar þeir, sem umræðir í máli þessu og stefndi gaf út, Þorleifur Guðmundsson samþykti og Íslandsbanki keypti væru framlengdir. Þessi eiðvinning hefir stefndi í ofannefndu hæstarjettarmáli, h/f. Kol & Salt, haldið fram að væri marklaus, með því að heimildarlaust hafi verið af eiðsdómaranum að taka

öðruvísi eið af fyrnefndum formanni sparisjóðsins en hæstirjettur hafi ákveðið, og hefir því beiðst þess, að fjárnám yrði framkvæmt hjá Landsbanka Íslands fyrir hönd Sparisjóðs Árnessýslu samkvæmt fyrnefndum hæstarjettardómi uppkveðnum 5. maí þ. á. bæði fyrir dómkröfunni kr. 33,000,00 með 6 % vöxtum frá 15. jan. 1923 til greiðsludags og kr. 500,00 í málskostnað auk kostnaðar við fjárnám þetta og eftirfarandi uppboð, svo sem að eiðfall hafi orðið, en gjörðinni hefir verið mótmælt af Landsbankanum f. h. Sparisjóðs Árnessýslu.

Hjer fyrir fógetarjettinum ber þess að gæta, að farið hefir fram eiðvinning eftir lögmætan undirbúning fyrir eiðsdómaranum, að uppkveðnum úrskurði dómarans í eiðsrjettinum um að eiðstafur sá, er hann stílaði eiðstefndum Guðmundi Sigurðssyni, fyrverandi formanni Sparisjóðs Árnessýslu og hjer að framan getur, færi eigi í bága við hæstarjettardóminn að neinu leyti og því skyldi eiðvinning framfara þrátt fyrir mótmæli stefnda í hæstarjettarmálinu. Hefir eiðvinningunni, er þannig fór fram, eigi verið hrundið. Um lögmæti úrskurðar eiðsdómarans, er eiðvinningin þannig bygðist á, er fógetarjetturinn eigi bær að dæma eða þá um samræmi eiðstafsins, er eiðsdómarinn stílaði eiðstefnda, við það, er ætlast var til í hæstarjettardóminum. Það verður því eigi sjeð að sá grundvöllur liggi fyrir hjer í rjettinum, er hægt sje að byggja á framkvæmd fjárnámsgjörðar, svo sem eigi hefði verið svarið.

Mánudaginn 22. nóv. 1926.

Nr. 69/1926. **Valdstjórnin** (Pjetur Magnússon)
gegn
Ernst Seemund (Jón Ásbjörnsson).

Ólöglegar botnvörpuveiðar.

Dómur lögreglurjettar Vestmannaeyja 13. maí 1926: Kærði Ernst Seemund á að greiða nú þegar sekt að upphæð kr. 12,500,00 til Landhelgissjóðs Íslands. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í togaranum P. G. 347 „Grethe Putz“ frá Geestemünde vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Svo sem segir í hinum áfrýjaða lögreglurjettardómi stöðvaði varðskipið Fylla skip kærða 0,3 úr sjómílu innan landhelgislínunnar með botnvörpu hangandi á borðstokknum og lifandi fisk á þilfari. Og 20 mínútum áður en skip kærða var stöðvað hafði Fylla mælt fjarlægð þess frá landi og reyndist skipið þá að vera 1,2 sjómílu innan landhelgislínunnar og hafði það þó þá samkvæmt athugunum varðskipsins siglt í nokkrar mínútur út frá landi. Kærði hefir í framburði sínum fyrir lögreglurjettinum í Vestmannaeyjum ekki vjefengt þessa skýrslu yfirforingja varðskipsins og viðurkent, að hann þremur stundarfjórðungum áður en skip hans var stöðvað hafi verið innan landhelgi og haft poka botnvörpu sinnar í sjó og tekið fisk úr vörpunni og er þessu ekki hnekt með rjettarskýrslum þeim, er teknar hafa verið í málinu í Vestmannaeyjum og Þýskalandi eftir að dómur var kveðinn upp í hjeraði og lagðar hafa verið fram í hæstarjetti.

Þessi verknaður kærða er brot gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920. Hjeraðsdómarinn hefir því rjettilega heimfært brot kærða undir þessa lagagrein, og með því refsing kærða þykir hæfilega ákveðin og fallist verður á dóminn að öðru leyti, ber að staðfesta hann, þó þannig að sektin greiðist innan mánaðar frá birtingu dóms þessa, en ella skal kærði afplána sektina með sjö mánaða einföldu fangelsi sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 13, 8. júní 1925.

Kærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar í hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda, 100 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Lögreglurjettardóminum skal óraskað, og skal sektin afplánast með sjö mánaða einföldu fangelsi, ef hún verður ekki greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Kærði Ernst Seemund greiði allan kostnað sakarinnar í hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda, málflutningsmannanna Pjeturs Magnússonar og Jóns Ásbjörnssonar, 100 krónur til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Samkvæmt skýrslu foringjans á varðskipinu „Fylla“ var kærði í máli þessu, Ernst Seemund, fæddur 12. mars 1892, staddur á skipi sínu togaranum, „Grethe Putz“ P. G. 347 frá Geestemünde, kl. 7 í morgun 0,3 úr sjómílu fyrir innan landhelgislínuna, og hafði þá um hálfa klukkustund haldið stefnu úteftir. Var stjórnborðsvarpa á skjólborði og lifandi fiskur á þilfari þegar að skipinu var komið. Hefir kærði viðurkent að varpan með fiskinum í hafi verið í sjó þrem kortjerum áður en varðskipið stöðvaði hann, og ekki vjefengt skýrslu kaptajnlautinants á „Fyllu“ sem mætti í málinu, að hann einnig þá hefði verið fyrir innan landhelgislínuna, en haldið fram að hafa byrjað að draga inn ca. $1^3/_4$ klukkustund þar áður, og varpan verið í sjó enn, vegna þess að hún var í ólagi, en hann ekki litið svo á að hann væri inni á landhelgissvæðinu eða ætlaði að fiska þar.

Það verður að álíta, að þar sem kærði var með netin í sjó á landhelgissvæðinu þar að draga vörpuna, og með lifandi fisk á þilfari (þorsk), þá sje fengin næg sönnun fyrir því, að kærði hafi gerst brotlegur gegn 1. grein laga nr. 5, 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, og með tilliti til þess að hjer er um samskonar brot í fyrsta sinn að ræða og með hliðsjón af því að dagsgengi krónunnar er 81,71 úr gullkrónu, telst refsingin hæfilega ákveðin sekt að upphæð kr. 12,500,00, sem rennur í Land-

helgissjóð Íslands. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í áðurnefndum togara vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð.

Loks greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Mánudaginn 24. nóv. 1926.

Nr. 74/1926. **Valdstjórnin** (Guðm. Ólafsson)
gegn
Johan Fuhrmann (L. Fjeldsted).

Ólöglegar botnvörpuveiðar.

Dómur lögreglurjettar Vestmannaeyja 21. apríl 1926: Kærði Johan Fuhrmann á strax að greiða sekt að upphæð kr. 12250,00 til Landhelgissjóðs Íslands. Auk þess skulu öll veiðarfæri þar með taldir dragstrengir svo og allur afli innanborðs í togaranum „Sardella" R.O. 96 frá Róm, vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Af ástæðum þeim, er greindar eru í hinum áfrýjaða lögreglurjettardómi, ber að staðfesta hann, þó með þeirri breytingu að veita ber kærða mánaðarfrest til greiðslu sektarinnar og komi 7 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar ef hún verður eigi greidd í tæka tíð.

Svo greiði hinn kærði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 80 kr. til hvors þeirra.

Því dæmist rjett vera:

Kærði Johan Fuhrmann sæti 12250 kr. sekt til Landhelgissjóðs Íslands, er afplánist með 7

mánaða einföldu fangelsi verði sektin eigi greidd innan eins mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Að öðru leyti á lögreglurjettardóminum að vera óraskað.

Kærði greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, málflutningsmannanna Guðmundar Ólafssonar og Lárusar Fjeldsted, 80 kr. til hvors þeirra.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Það er sannað í máli þessu með skýrslu skipstjórans á varðskipinu „Þór" og játning kærða sjálfs að hann að morgni þessa dags var staddur á skipi sínu togaranum „Sardella" R.O. 96 frá Róm, að fiskiveiðum hálfri sjómílu fyrir innan landhelgislínuna. Hefir kærði fært fram sjer til málsbóta, að samkvæmt mælingum stýrimanns síns hafi hann átt að vera fyrir utan línuna, og að það hafi ekki verið með sínum vilja að skipið komst inn á landhelgissvæðið.

Þetta getur þó ekki orðið tekið til greina honum til sýknunar heldur verður að telja að kærði hafi með þessu gerst brotlegur gegn 1. grein laga nr. 5, 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum og þykir refsingin með tilliti til þess að hjer er um þesskonar brot í fyrsta sinn að ræða og með hliðsjón af dagsgengi krónunnar er kr. 81,70 af gullkrónu, hæfilega á kveðin sekt að upphæð kr. 12250,00, er greiðist nú þegar og rennur í Landhelgissjóð Íslands.

Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í áðurnefndum togara vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Loks ber kærða að greiða allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Mánudaginn 29. nóv. 1926.

Nr. 58/1926. **Ásgeir I. Ásgeirsson**
gegn
R. P. Leví.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ásgeir I. Ásgeirsson, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Mánudaginn 29. nóv. 1926.

Nr. 63/1926. **Helgi Benediktsson f. h. Verslunarfjelags Vestmannaeyja**
gegn
Carl Christensen.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Helgi Benediktsson f. h. Verslunarfjelags Vestmannaeyja, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Föstudaginn 3. desbr. 1926.

Nr. 25/1921. **O. Ellingsen f. h. eigenda og vátryggjenda „Lilly“** (L. Fjeldsted)

gegn

Helga Zoëga f. h. Jóns Oddssonar v. eigenda og vátryggjenda b/v. Ceresio (Pjetur Magnússon).

Um skaðabætur út af árekstri.

Dómur sjódóms Reykjavíkur 9. ágúst 1924: Stefndur, Helgi Zoëga f. h. eigenda og vátryggjenda b/v. H. 447 „Ceresio“, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, O. Ellingsen f. h. eigenda og vátryggjenda d/b. „Lilly“, í þessu máli og málskostnaður að falla niður.

Dómur hæstarjettar.

Af ástæðum þeim, sem tilgreindar eru í hinum áfrýjaða sjórjettardómi ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst 300 krónur.

Það er aðfinsluvert, að málflutningsmenn aðilja hafa í hjeraði fengið frest á frest ofan án þess að nokkrar ástæður sjeu færðar fyrir því í málinu og hefir þetta orsakað óþarfa drátt á rekstri málsins.

Því dæmist rjett vera:

Sjórjettardóminum skal óraskað. Áfrýjandi, O. Ellingsen f. h. eigenda og vátryggjenda »Lilly«, greiði stefnda, Helga Zoëga f. h. Jóns Oddssonar v. eigenda og vátryggjenda b/v. Ceresio, 300 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Miðvikudagsmorguninn 18. apríl 1923, kl. um $7^1/_2$ eftir íslenskum tíma rákust skipin, dekkbáturinn „Lilly“ frá Gjöv í Færeyjum, og botnvörpungurinn H. 447 „Ceresio“ á úti á rúmsjó suðaustur af Reykjanesi. „Lilly“ laskaðist nokkuð og sigldi áleiðis hingað án þess að skipshafnirnar töluðust við. Kom skipið hingað til Reykjavíkur föstudaginn 20. s. m. kl. 2 síðdegis. Var sjóferðapróf haldið eftir beiðni skipstjórans daginn eftir, en við það var enginn til staðar af hálfu botnvörpungsins. Þriðjudaginn 24. s. m. voru dómkvaddir tveir menn til þess að meta skemdirnar á „Lilly“ og möttu þeir þær á kr. 3010,00 og að viðbættum kostnaðinum við að leita hafnar hjer kr. 275,00, skaðann samtals kr. 3285,00 og er þá ekkert tillit tekið til aflatjóns eða kostnaðarins við skoðunar- og matsgjörðina, en nam kr. 68,00. Síðar kom botnvörpungurinn „Ceresio“ hjer inn og var haldið sjóferðapróf yfir skipshöfninni á honum 28. apríl 1923 og var þar til staðar umboðsmaður af hálfu eigenda og vátryggjenda „Lilly“.

Með stefnu útgefinni 3. maí f. á. höfðaði svo O. Ellingsen, kaupmaður hjer í bænum, f. h. eigenda og vátryggjenda d/b. „Lilly“ mál þetta gegn kaupmanni Helga Zoëga hjer í bænum f. h. eigenda og vátryggjenda b/v. „Ceresio“, en í sjóferðaprófinu 28. apríl s. á. hafði skipstjórinn á botnvörpungnum, Jón Oddsson samþykt f. h. eigenda og vátryggjenda botnvörpungungsins að mál út af árekstrinum yrði rekið fyrir sjórjettinum hjer og falið Helga kaupmanni Zoëga að taka móti stefnu í málinu fyrir þeirra hönd. Í málinu hefir stefnandi gjört þær rjettarkröfur, að stefndur verði dæmdur til þess f. h. umbjóðanda hans að greiða sjer f. h. umbjóðenda sinna ofangreindar kr. 3285,00, + 68,00 að viðbættum kr. 8647,00 fyrir aflatjón skipsins meðan það tafðist frá veiðum vegna árekstursins, samtals kr. 12000,00 með 6 % ársvöxtum frá 3. maí 1923 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu eða eftir mati rjettarins.

Stefndur hefir principaliter krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda í málinu, og málskostnaðar hjá honum að skaðlausu eða eftir mati rjettarins. Subsidiært hefir stefndur krafist þess að verða aðeins dæmdur til að greiða stefnanda kr. 3010,00 með 5 % ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaður falli niður.

Um atvikin að samrekstri skipanna er þetta upplýst.

Morguninn 18. apríl 1923 var bjart veður „Storm af SO“ eftir því sem stendur í dagbókarútdrætti „Lilly“ (rjettarskjal nr. 4),

en „strekkingstormur af SSE“ eftir því sem stendur í sjóferðaskýrslu skipshafnarinnar á „Ceresio“. Lillymenn skýra svo frá, að skip þeirra: „drev paa Bagbords Hals med to Reb i Storsejlet og den mindste Klyver, ingen Mesan og ingen Fokke“. Kveða þeir þá b/v. „Ceresio“ hafa komið „sejlende“ (úr hvaða átt er ekki getið) og lagst kyrr „tet forud om Bb., uden at vise noget signal at den ikke kunde gaa af Vejen og da den blev liggende stille endskönt vi raabte til den blev Sammenstöd uundgaaeligt. For at forebygge den störste Skade og ikke komme med stevnet lige paa Læsiden af Trawleren, tog vi Roret op og stak Storsködet ud og det lykkedes ogsaa at komme i Læ af Trawleren, men da denne ikke foretog nogen Manövre kom vi langs Siden af den og begyndte at stöde og det saa alvorligt, at vores Skib blev læk og vi begyndte at pumpe“. Kveðast skipverjar hafa hrópað á hjálp meðan verið var „at udbedre Lækken“, en ekki fengið svar og botnvörpungurinn þó legið kyrr án þess að hjálpa eða spyrjast fyrir um skaða „Lilly“ og þegar það hafi sýnt sig að þeir gætu tæmt skipið með dælunum, hafi sett upp segl og siglt hingað. Lillymenn kveðast hafa sjeð „Ceresio“ c. hálfri stundu áður en samreksturinn varð í c. tveggja sjómílna fjarlægð og hafi hann þá haft 4—5 sjómílna ferð en stöðvað ferðina alt í einu 3—5 mínútum fyrir árekstur inn. Hafa 3 þeirra staðfest framburð sinn í málinu með eiði.

Ceresiomenn skýra hinsvegar svo frá atvikum, að vjelin í botnvörpungnum hafi verið stöðvuð næstum 2 klukkustundum áður en samreksturinn varð og skipið látið reka þvert með vindi með framstefni í SW og mesansegl uppi en stýrimaður og 2 hásetar hafi verið uppi á verði. Hafi þeir sjeð seglskútu nálgast, sem stefndi í SSW, með á að giska 3—4 mílna hraða. Hafi þeir eigi getað betur sjeð en að hún hafi ætlað að sigla framhjá fyrir aftan „Ceresio“ en á síðustu stundu, er hún hafi verið komin svo að segja fast að „Ceresio“ hafi hún slegið undan vindinum og rent fram með botnvörpungnum stjórnborðsmegin, en rekist með skutinn á stjórnborðshekkið á honum. Kveðast þeir ekkert hafa getað gjört til að forðast árekstur inn, þar sem skrúfan hafi ekki verið í gangi og stefnubreyting skútunnar komið þeim alveg óvænt og ekki fyrri en örstuttur spölur hafi verið eftir milli skipanna. Stýrimaðurinn, sem var á verði, hefir haldið því fram, að „Lilly“ hefði komist fram hjá „Ceresio“ ef hún hefði ekki breytt um stefnu — of seint að hans áliti, er hann hyggur hafa komið af því, að hann sá, að stýrimaðurinn á „Lilly“ er var þar á verði,

hafi verið fipaður. Hann kveðst hafa gefið skipun til vjelarinnar um fulla ferð áfram, þegar hann hafi sjeð „erfiðleika“ stýrimannsins á „Lilly“ með stýri miðskipa, en skipið hafi tæplega verið komið á stað, er árekstur inn varð. Hann kveður og að ekki hafi verið hægt að hafa tal af skipshöfninni á „Lilly“ vegna þess að skipverjar þar hafi verið mjög hræddir og að „Ceresio“ hafi fylgt dálítið á eftir „Lilly“ en hún dregið upp danska fánann, fjölgað seglum og siglt á stað. Háseti á „Ceresio“ sem var á verði, segir að hann hafi sjeð „Lilly“ c. hálfri stundu áður en árekstur inn varð, og hafi stefna hennar þá verið SW og miðað við „Ceresio“ aftan við skipið stjórnborðsmegin en stýrimaðurinn á „Ceresio“ segir að stefna „Lilly“ hafi verið aftan á „Ceresio“ stjórnborðsmegin. Framburður skipsmanna á „Ceresio“ í sjóferðaprófinu var tekinn jafngildur og eiðfestur væri.

Stefnandi heldur því nú fram, að þar sem „Ceresio“ hafi verið „laust gufuskip“, en „Lilly“ seglskip, hafi botnvörpungnum borið að víkja úr vegi og sje skaðinn á „Lilly“ því honum að kenna.

Stefndur byggir hinsvegar sýknukröfu sína á því, að „Lilly“ hafi siglt botnvörpunginn uppi og því átt að víkja úr vegi fyrir honum eftir 24. gr. í tilsk. 20. janúar 1899.

Upplýsingar þær, er liggja fyrir í málinu, benda að áliti rjettarins í þá átt, að stefndur hafi rjett að mæla. Um stefnu skipanna, er samrekstur inn varð, er ekkert upplýst í framburði Lillymanna, eða hvar á „Ceresio“ „Lilly“ lenti. Í orðunum í dagbókarútdrætti „Lilly“ „For at forebygge den störste Skade og ikke komme med Stævnet lige paa Læsiden af Trawleren“, liggur ekki, eins og stefnandi heldur fram, að „Lilly“ hafi stefnt beint á botnvörpunginn miðjan eða þar fyrir framan. Þau gefa yfirleitt engar upplýsingar um það, hvar á hliðsíðu botnvörpungsins „Lilly“ hafi lent, ef stefnunni hefði ekki verið breytt. Hinsvegar upplýsir framburður Ceresiomanna þetta atriði í þá átt er stefndur heldur fram.

Sjórjetturinn verður því að líta svo á, að árekstur inn hafi stafað af því, að Lillymenn álitu að botnvörpungurinn væri á siglingu, en að svo var ekki, áttu þeir að geta sje í björtu veðri um bjartan dag. Botnvörpungnum verður ekki kent um árekstur inn og verður þá að sýkna stefndan af kröfum stefnanda í málinu.

Hinsvegar telur rjetturinn það ekki sannað í málinu að botnvörpungurinn hafi gjört það, sem í hans valdi stóð til að draga úr áhrifum árekstursins, skal í því efni bent á, að stýrimaðurinn

á honum hefir haldið því fram, að hann hafi þegar gefið skipun til vjelarinnar, er hann sá hvað verða vildi, en vjelstjórinn kveðst enga skipun hafa fengið fyrri en hann „hafði fundið að eitthvað rakst á skipið“. Af þessari ástæðu þykir rjett, að málskostnaður í máli þessu falli niður.

Mánudaginn 6. des. 1926.

Nr. 26/1926. **Þorvaldur Benediktsson**
(Jón Ásbjörnsson)
gegn
Þorbergi Þorleifssyni (L. Fjeldsted).

Skaðabótamál.

Dómur gestarjettar Norður-Múlasýslu 27. apríl 1925: Stefndi, Þorvaldur Benediktsson í Hjarðarhaga í Jökuldal, greiði stefnandanum, Þorbergi Þorleifssyni á Hólum í Hornafirði 300 kr. í skaðabætur og 1684 krónur í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstarjettar með stefnu dags. 16. mars þ. á. samkvæmt áfrýjunarleyfi 3. s. m.

Svo sem segir í hinum áfrýjaða gestarjettardómi hefir áfrýjandi ekki sannað eða fært neinar líkur fyrir því, að hann hafi fest kaup á hesti þeim, er ræðir um í málinu, áður en hann skildi við stefnda á Skjöldólfsstöðum, nje fyrir því að stefndi hafi heimilað honum nokkra notkun eftir það á hestinum aðra en þá að ríða honum út fyrir túngarðinn á Skjöldólfsstöðum. Það verður því að líta svo á, að áfrýjandi hafi í heimildarleysi farið með hestinn heim til sín, brúkað hann, og haldið honum vikutíma fyrir stefnda og er það ennfremur nægilega

upplýst, að hesturinn hefir skemst og megrast meðan hann var í vörslum áfrýjanda. Er áfrýjanda skylt að bæta tjón það, er stefndi hefir beðið við þetta, og með því að skaðabæturnar þykja hæfilega metnar 300 krónur af hjeraðsdómaranum ber að staðfesta gestarjettardóminn að þessu leyti.

Að því er snertir málskostnað í undirrjetti, er lagður var undir mat dómarans, þá hefir stefndi að vísu lagt fram sundurliðaða reikninga yfir hann og samkvæmt þeim hefir hann kostað jafnvel meiru til málsins í hjeraði, en hann hefir fengið sjer tildæmt. En þessi mikli kostnaður á rót sína að rekja til þess, að stefndi hefir fyrir gestarjettinum hagað rekstri málsins öðruvísi en eðlilegt var og vænta mátti eftir eðli málsins og fjárhæð þess.

Þykir eftir atvikum hæfilegt að meta málskostnaðinn í hjeraði stefnda til handa 800 kr. og ber því að færa málskostnaðarupphæð gestarjettardómsins niður í þá upphæð.

Áfrýjanda ber að greiða stefnda málskostnað í hæstarjetti með 200 krónum.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandinn Þorvaldur Benediktsson greiði stefnda Þorbergi Þorleifssyni 300 kr. í skaðabætur, 800 kr. í málskostnað fyrir undirrjetti og 200 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir Þorbergur Þorleifsson, Hólum í Hornafirði í Skaftafellssýslu höfðað gegn Þorvaldi Benediktssyni í Hjarðar-

haga á Jökuldal í Norður-Múlasýslu, til skaðabóta fyrir heimildarlausa töku á hesti og brúkun á honum.

Eftir því sem stefnandi skýrir frá í stefnunni eru málavextir þeir, að sumarið 1922, 24. júlí var stefnandi á ferð um Jökuldal í Norður-Múlasýslu og slóst þá stefndi í för með honum frá Hjarðarhaga að Skjöldólfsstöðum. Vildi þá stefndi fá að reyna hesta stefnanda og fjekk hann meðal annars leyfi til að koma á bak rauðstjörnóttum fola 6 vetra og reið hann folanum heim að Skjöldólfsstöðum og fór svo að semja um kaup á honum. Tilboð gjörði hann í folann, sem smáhækkaði upp í 700 kr. En stefnandi lýsti því yfir í votta viðurvist, að folinn væri ekki falur undir 800 krónur. En stefndi lýsti því yfir, að hann vildi ekki gefa meir en 700 krónur fyrir folann og brást reiður við þegar stefnandi vildi ekki samþykkja það tilboð hans. Kvað stefnandi það þykkjulaust frá sinni hlið og tók jafnframt fram, að úttalað væri um það mál, en heimild gaf hann stefnda til að ríða folanum út fyrir túnið á Skjöldólfsstöðum, þar sem hinir aðrir hestar stefnanda voru, ásamt tveim hestum, sem stefndi var með. — Morguninn eftir þegar hestar stefnanda voru sóttir, vantaði umræddan fola. Með því að foli þessi skildi aldrei við hesta þá, er stefnandi var með, þóttist stefnandi strax vita að stefndi myndi hafa haft folann heim með sjer, og datt í hug, að stefndi hefði tekið folann í þeim tilgangi að borga hann fullu verði, 800 kr. Stefnandi hélt áfram ferð sinni norður að Grímsstöðum á Fjöllum, frjetti hann þar pr. síma, að stefndi hefði verið á ferð með folann á Fossvöllum. Á baka leið, þegar stefnandi kom að Eiríksstöðum á Jökuldal, frjetti hann að stefndi hefði verið þar á ferð með folann. Svo þegar stefnandi kom að Ekkjufelli í Fellum, 30. júlí að kveldi, var þar fyrir sendimaður stefnda með folann ásamt brjefi frá stefnda. Getur stefnandi þess, að folinn hafi verið mjög illa útlítandi þegar sendimaður kom með hann, svo að mikill munur var á og þegar stefndi tók við honum, taldi folann ef til vill eyðilagðan sem gæðing, en hann hafi verið upplagt gæðingsefni.

Út af framanrituðu gjörir stefnandi þær kröfur, að stefndi greiði 500 kr. skaðabætur fyrir gripdeild á framangreindum hesti, heimildarlausa brúkun á honum og illa meðferð, og sömuleiðis að stefndi greiði allan málskostnað, er þetta mál hefir í för með sjer samkvæmt mati dómarans.

Frá málavöxtum skýrir stefndi á þá leið (sbr. rjettarhald í málinu 21. okt. 1922), að hinn 24. júlí 1922 hafi stefndi orðið

stefnanda samferða frá Hjarðarhaga að Skjöldólfsstöðum, og hafi þá stefnandi gjört fala hesta sína, og kveðst stefndi hafa tekið það fram, að hann vildi ekki kaupa víxlaðan hest, fjekk þá stefnandi stefnda til reiðar rauðstjörnóttan fola, reið stefndi fola þessum heim að Skjöldólfsstöðum. Síðan gjörði stefndi 700 kr. boð í hestinn, er stefndi hafnaði en stefndi skýrir svo frá, að stefnandi hafi nefnt votta að því, að stefndi mætti hafa hestinn burt með sjer fyrir 800 kr., hvarf stefndi þá frá því að kaupa hestinn. Kveðst stefndi þá hafa gengið til hesta sinna út fyrir túnið á Skjöldólfsstöðum, segir hann að stefnandi hafi komið á eftir honum og sagt stefnda, að sjer þætti ilt, að þeim gæti ekki komið saman um kaup á hestinum og stakk upp á því, að stefndi borgaði hestinn með 750 krónum. Kveðst stefndi í fyrstu hafa haldið fast við 700 kr. boð sitt, en loks hafi þeim komið saman um, að stefndi keypti hestinn á 750 kr. Segir stefndi að þeir hafi síðan í sameiningu lagt hnakkinn á hestinn í votta viðurvist og stefndi riðið síðan heim til sín. — En bráðlega kveðst stefndi hafa orðið þess var, að folinn væri mjög víxlaður., og ásetti sjer því, að rifta kaupunum, og kveðst hafa farið með folann upp í Eríksstaði, til að skila stefnanda honum, en þangað hafi hann átt von á stefnanda, sem var á leið frá Grímsstöðum á Fjöllum. Þeir hittust þó ekki í það skifti og sendi stefndi því mann með hestinn að Ekkjufelli og afhenti sendimaður hestinn stefnanda þ. 30. júlí s. á. — Samkvæmt þessu kveðst stefndi hafa farið með hestinn frá Skjöldólfsstöðum með samþykki stefnanda og telur að hjer hafi verið um afgjörð kaup að ræða.

Af framangreindum ástæðum, krefst stefndi þess, að hann verði dæmdur sýkn af kröfu stefnanda, að orðið „gripdeild“ í stefnunni verði dæmt dautt og ómerkt og að stefnandi verði dæmdur til að greiða allan kostnað af máli þessu.

Samkvæmt framanrituðu eru ástæðurnar, sem stefndi byggir á kröfur sínar, þær, að stefnandi hafi komið til stefnda fyrir utan túnið á Skjöldólfsstöðum, og að þar hafi orðið að samningum milli þeirra tveggja, að stefndi keypti hestinn á 750 krónur. — Það verður nú að álítast, samkvæmt málsskjölunum, að ekki sjeu minstu líkur, er komið geti til greina, fyrir þessari staðhæfingu stefnda, því síður, að nokkur sönnun sje í málsskjölunum fyrir því, að hestkaupin hafi gjörst í milli stefnda og stefnanda. Þar sem þannig vanta allar sannanir og líkur, sem hægt er að taka taka til greina, fyrir því að hestkaupin hafi farið fram, þá getur stefndi ekki borið fyrir sig hestkaupin gegn kröfum stefnanda,

eða sem heimild fyrir því að hafa haft hestinn undir sinni hendi. Samkvæmt málsskjölunum eru ekki heldur neinar aðrar heimildir fyrir stefnda til þess að taka hestinn og brúka hann. Samkvæmt þessu verður það að álítast, að stefndi hafi tekið hestinn og brúkað hann í algjörðu heimildarleysi.

Þar sem nú þannig samkvæmt framanrituðu álítast verður, að stefndi hafi tekið hestinn og brúkað hann í heimildarleysi, þá er að athuga hvort og að hversu miklu leyti þetta hafi orsakað stefnanda skaða eða tjón.

Virðist hjer geta verið að ræða aðallega um þrenns konar skaða:

1. Afnota missi.
2. Sölu missi.
3. Skemdir á hestinum.

Viðvíkjandi fyrsta atriðinu er alls enginn vafi á því, að það hafi orsakað stefnanda skaða, að missa af brúkun hestsins þann tíma, sem hesturinn var í vörslum stefnda, einkum þar sem stefnandi var á ferðalagi, og þarf þar engra frekari sannana við.

Viðvíkjandi öðru atriðinu skal það tekið fram, að málsskjölin bera það með sjer, að markmið stefnanda með umræddu ferðalagi sínu var hestasala, og misti því stefnandi öll tækifæri til að selja hestinn þann tíma, sem hesturinn var í vörslum stefnda, er það vitanlega skaði fyrir hestasala, að geta ekki haft hestinn á boðstólum, hvenær sem tækifæri býðst. Og samkvæmt málsskjölunum, (sbr. rskj. nr. 10) eru talsverðar líkur þess, að stefnandi hefði fengið kaupanda að hestinum fyrir 800 krónur, ef stefndi hefði ekki útilokað stefnanda frá því, með heimildarlausri töku hestsins, að hafa hestinn með í ferðinni að Grímsstöðum. Það verður því að álítast, að líkur sjeu fyrir því, að stefnandi hafi mist af sölu hestsins fyrir tiltæki stefnda, og þar með orsakað stefnanda skaða.

Viðvíkjandi þriðja atriðinu, um skemdir á hestinum þann tíma, sem hesturinn var í vörslum stefnda, skal það tekið fram, að samkvæmt málsskjölunum, sjerstaklega rjettarskj. nr. 7, 8 og 9, eru miklar líkur fyrir því og talsverðar sannanir, að hesturinn hafi skemst af meðferð stefnda, þann tíma, sem hesturinn var hjá honum; sjerstaklega virðist um verulegar sannanir að ræða, vottorð þeirra manna, sem *þektu og sáu* hestinn *áður* en hann komst í hendur stefnda og *eftir það*, sbr. málsskjölin.

Þar sem þannig samkvæmt umræddum gögnum álíta verður,

að hesturinn hafi skemst af meðferð stefnda, þá hefir stefndi þar með orsakað stefnanda skaða og tjón.

Samkvæmt framanrituðu virðast vera sannanir að sumu leyti og líkur að sumu leyti fyrir því, að stefndi hafi orsakað stefnanda skaða, með heimildarlausri töku og brúkun á hestinum, og virðast þessi sönnunargögn bera að takast til greina, einkum þar sem sú almenna regla er viðurkend, bæði af lögfræðislegum vísindamönnum (sbr. t. d. Einar Arnórsson: Dómstólar og rjettarfar bls. 475) og af Hæstarjetti Danmerkur, (sbr. Dómasafn hæstarjettar) að taka til greina skaðabótakröfu fyrir heimildarlausa notkun á annars manns hlut, þótt ekki sjeu lög-fullkomnar sannanir fyrir hendi um skaða þess, er hlutinn átti, og að minsta kosti verði ekki krafist strangra sannana fyrir tjóninu.

Samkvæmt þessu virðist bera að taka til greina kröfu stefnanda, um að stefndi greiði skaðabætur fyrir heimildarlausa töku og brúkun hestsins, og að öllu athuguðu virðist sú upphæð hæfilega metin 300 krónur sem stefndi greiði stefnandanum.

Með tilliti til málavaxta og úrslita málsins, verður að taka til greina málskostnaðarkröfu stefnanda. Með því að mál þetta hefir orðið mjög umfangsmikið, einkum þar sem stefnandi hefir orðið að sækja málið sunnan úr Skaftafellssýslu og norður í Norður-Múlasýslu norðarlega og upp til afdala, og þar að auki hafa vitnaleiðslur í málinu orðið að fara fram í fleiri sýslum, þar eð umboðsmaður stefnda ekki hefir viljað taka framlögð vottorð í málinu gild, án þess að þau væru staðfest fyrir rjetti — þá hefir málskostnaðurinn óhjákvæmilega orðið geysilega mikill. Verður dómarinn eftir nákvæma athugun að álíta málskostnaðinn hæfilega metinn 1684 krónur, sem stefnda beri að greiða stefnandanum.

Aðilar þessa máls hafa gjört kröfur um að ýms orð og ummæli verði dæmd dauð og ómerk, svo sem:

Samkvæmt rjettarskjali nr. 20 hefir umboðsmaður stefnanda krafist ummæli umboðsmanns stefnda dæmd dauð og ómerk, að því leyti sem þau sjeu ærumeiðandi fyrir stefnanda.

Samkvæmt rjettarskjali nr. 13 hefir umboðsmaður stefnda krafist þess, að orðin „þrælbrúka og svelta", í sókn stefnanda verði dæmd dauð oð ómerk sem meiðandi fyrir stefnda.

Eftir atvikum og úrslitum málsins virðist ekki vera hægt að taka þessar kröfur aðilanna til greina.

Umboðsmaður stefnda kemst að orði á þá leið í rjettarskjali nr. 25, að máli þessu verði að vísa frá dómi ex officio þar eð

málið hafi verið höfðað löngu áður en nokkur skaði hlaust af verknaði stefnda.

Út af þessu skal það tekið fram, að ekki kemur til mála að vísa málinu frá ex officio, af þeirri ástæðu, því að *skaði var skeður* fyrir stefnanda *á meðan* stefndi hafði umræddan hest í sínum vörslum, og var *það löngu áður en mál þetta* var höfðað, — og vísast að öðru leyti til þess, sem að framan er skrifað og málsskjalanna. Verður því ekki hægt að taka þessa frávísunarkröfu til greina.

Með tilvísun til framanritaðs, er ekki hægt að taka kröfur stefnda til greina. — Kröfur stefnanda virðist ekki hægt að taka frekar til greina en gjört er hjer að framan.

Föstudaginn 10. des. 1926.

Nr. 78/1926. **Rjettvísin** (Svb. Jónsson)
gegn
Marinus Buch (Stefán Jóh. Stefánsson).

Sviksaml. athæfi skv. 259. gr. hgl.

Dómur aukarjettar Reykjavíkur 7. sept. 1926:

Ákærður, Marinus Buch, sæti 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð og greiði allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar með taldar kr. 35 í málsvarnarlaun til hins skipaða verjanda síns hjer í rjettinum, Garðars Þorsteinssonar, cand. juris.

Fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður, nema ákærður innan 5 ára frá uppsögn dóms þessa, sæti ákæru í opinberu máli fyrir glæp drýgðan af ásettu ráði, og sje í því máli dæmur til þyngri refsingar en sekta.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Með því að fallast má á forsendur aukarjettardómsins, ber að staðfesta hann, þó þannig að refsing ákærða verði 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, sem eru ákveðin 100 kr. til hvors með hliðsjón af því, að framhaldsprófi, sem þeir báðir voru viðstaddir, fóru fram í málinu undir rekstri þess hjer í rjetti.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardóminum skal óraskað, þó þannig að refsing ákærða Marinus Buch verði 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin sóknar- og varnarlaun til hæstarjettarmálflutningsmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Stefáns Jóh. Stefánssonar, 100 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af rjettvísinnar hálfu gegn Marinusi Buch, hjólhestasmið, Laugaveg 119, fyrir brot gegn ákvæðum 26. kapítula almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Málavextir eru þeir sem nú skal greina og sannaðir með eigin játningu ákærðs, er kemur heim við það, sem á annan hátt er upplýst í málinu.

Árið 1924 keypti ákærður vörur af firmanu Godfred Olsen & Rönnebæk, Jernbanegade 9, í Kaupmannahöfn fyrir um kr. 1500.00. Hann stóð ekki fyllilega í skilum með greiðslu þessara vara, en hafði þó greitt þær að fullu í febrúarmánuði 1925.

Jafnframt því, að afsaka þennan drátt greiðslunnar í brjefi til nefnds firma dags. 9. febrúar 1925 bað hann aftur um vörur að láni fyrir um 8000—9000 krónur og lofaði firmanu, að greiða vörurnar jafnóðum og hann seldi þær.

Firmað varð við pöntun ákærðs og sendi honum vörur fyrir mikið á níunda þúsund krónur. Af þeirri skuld hefir ákærður greitt um kr. 3000 — en firmað telur nú til skuldar hjá honum, að upphæð kr. 5687,63, sem hann hefir ekki mótmælt að sje rjett.

Ákærður tók það fram í áðurnefndu brjefi dags. 9. febrúar 1925, að hann ætti engar eignir (Kapital) enda er það upplýst í málinu, að hann hefir þá skuldað um 2900 krónur og að meginið af þeirri skuld er stofnað til þess að greiða skuld þá, er ákærður stóð í við firmað Godfred Olesen & Rönnebæk fyrir fyrra vörulánið.

Ástæðan til þess að ákærður stóð ekki í skilum er sú, að hann er hinn mesti óreglumaður og hefir eytt peningum þeim, sem komið hafa inn fyrir vörurnar og vinnu hans í áfengi og annan óþarfa. — Jafnframt hefir hann greitt fyrnefnda skuld að upphæð kr. 2900,00. Hinn 1. nóvember 1925 seldi ákærður verslun sína og vöruleifar fyrir um 200 krónur og er nú eignalaus.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, hann er fæddur 6. nóvember 1891 og hefir aldrei svo kunnugt sje, sætt ákæru nje refsingu fyrir nokkurt afbrot.

Það þykir nú varhugavert að hafna þeim framburði ákærðs, að hann hafi ætlað sjer að borga vörurnar, er hann fjekk þær að láni. Hinsvegar ber að áliti dómarans að heimfæra það framferði ákærðs, að verja andvirði varanna til annars en að borga þær, þrátt fyrir loforð sitt og þar sem ekkert útlit var fyrir, að hann gæti greitt þær með öðru, undir 259. gr. hegningarlaganna og þykir refsing sú, sem hann hefir tilunnið fyrir þetta afbrot hæfilega ákveðin 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð.

Með tilliti til þess að ákærður hefir játað afbrot sitt hreinskilnislega og að hjer er um fyrsta brot að ræða, þykir eftir atvikum mega ákveða að refsingin skuli vera skilorðsbundin samkvæmt ákvæðum laga nr. 39. frá 16. nóvember 1927.

Svo greiði ákærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns síns hjer í rjettinum, Garðars Þorsteinssonar cand. juris, er þykja hæfilega ákveðin kr. 35,00.

Firmað Godfred Olsen & Rönnebæk hefir ekki gert kröfu til þess að ákærður verði í þessu máli dæmdur til að greiða því skuld þá, er hann stendur í við það.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið og rekstur þess verið lögmætur.

Mánudaginn 13. desbr. 1926.

Nr. 48/1926. **Tryggvi Þórhallsson** (Pjetur Magnússon)
gegn
Garðari Gíslasyni (Sjálfur).

Meiðyrða- og skaðabótamál.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. apríl 1926: Hin átöldu meiðandi og móðgandi ummæli eiga að vera dauð og ómerk. Stefndur, Tryggvi Þórhallsson, greiði 300 króna sekt í ríkissjóð eða sæti 20 daga einföldu fangelsi ef sektin er ekki greidd áður aðfararfrestur er liðinn. Svo greiði stefndur stefnanda, Garðari Gíslasyni, 25000 krónur í skaðabætur og 300 krónur í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan fimtán daga frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Hin átöldu ummæli í VIII. árg. »Tímans« 4., 8., 31., 39., og 40. tölubl. eru, svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða dómi, meiðandi og móðgandi í garð stefnda, og með því áfrýjandi hefir ekki rjettlætt þau, þá verður að dæma hann til refsingar fyrir þau samkvæmt 217. gr. sbr. 218. gr. og 219. gr. hinna almennu hegningarlaga, og þykir refsingin fyrir þau hæfilega ákveðin 200 kr. sekt til ríkissjóðs, en ef sektin er ekki greidd í tæka tíð, þá komi 15 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar.

Þessi ummæli ber og að dæma dauð og ómerk.

Að því er snertir skaðabótakröfu stefnda, sem hefir verið nægilega mótmælt í undirrjetti, þá hefir stefndi aðallega bygt kröfuna á tapi á hrossaverslun sinni árið 1924. Hefir hann lagt fram í málinu staðfestan útdrátt úr verslunarbókum sínum, er sýna gróða hans á hrossaverslun árið 1923, um 13000 kr. en um 14000 kr. tap árið 1924; en það verður að

telja upplýst í málinu, að tap stefnda á hrossaverslun inni 1924 sje aðallega af öðrum rótum runnið en hinum átöldu blaðagreinum. Að því hinsvegar athuguðu, að verslun með hross og aðrar landbúnaðarafurðir er og var, þegar framangreind meiðyrði og móðgunaryrði birtust, einn þáttur í atvinnurekstri stefnda, og ummælin eru til þess fallin að spilla áliti hans sem kaupmanns og fæla menn frá viðskiftum við hann og að stefndi ennfremur hefir undir rekstri málsins gert það sennilegt að þau hafi spilt atvinnu hans, ber að dæma áfrýjanda til þess að greiða stefnda skaðabætur, er eftir málavöxtum þykir hæfilega ákveðnar 5000 kr.

Akvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað í hjeraði samþykkjast en málskostnaður í hæstarjetti þykir eiga að falla niður.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandi Tryggvi Þórhallsson greiði 200 kr. sekt í ríkissjóð eða sæti 15 daga einföldu fangelsi, ef sektin er ekki greidd innan 14 daga frá birtingu dóms þessa.

Framantalin meiðandi og móðgandi ummæli eiga að vera dauð og ómerk.

Áfrýjandi greiði stefnda Garðari Gíslasyni 5000 kr. í skaðabætur og 300 kr. í málskostnað í hjeraði, en málskostnaður í hæstarjetti fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir stefnandi, Garðar stórkaupmaður Gíslason, höfðað á hendur stefndum, Tryggva ritstjóra Þórhallssyni fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu útgefinni 12. jan. f. á. út af meiðandi og móðgandi ummælum um sig í blaðinu „Tíminn". Eru ummælin í ýmsum nafnlausum greinum eða greinum með merkjum eða dulnefnum undir, svo að ritstjóri blaðsins, verður að lögum að bera byrgð á efni þeirra.

Stefnandi gerir þær kröfur, *að* öll hin átöldu ummæli verði dæmd dauð og ómerk og sömuleiðis hinar tilvitnuðu greinar í heild sinni að því leyti sem í þeim felast meiðandi ummæli eða aðdróttanir til hans, *að* stefndur verði dæmdur í hina þyngstu refsingu fyrir meiðyrðin, sem lög frekast leyfa, *að* stefndur verði dæmdur til að greiða stefnanda 25000,00 kr. í skaðabætur fyrir tap og álitsspjöll, og loks *að* stefndur verði dæmdur til að greiða allan málskostnað að skaðlausu. Stefndur krefst þar á móti, *að* hann verði algerlega sýknaður í málinu og *að* stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað eftir mati dómarans.

Ummæli þau, er stefnandi átelur, eru þessi:

1. Í grein í „Tímanum" 46. tbl. VII. árg., er út kom hjer í bænum 22. desember 1923 með yfirskriftinni „Hrossakaup á Norðurlandi" og undirritaðri „N.".

2. Í grein 1. tbl. VIII. árg. sama blaðs útkomnu 5. janúar 1924, með fyrirsögn: „Játning Garðars", merkt ** (tvær stjörnur): „Sú staðreynd . . . Gat ekki kept við kaupfjelögin um verðið". — „Tvær ástæður voru hugsanlegar . . . . í lágu verði".

3. Í grein í 4. tbl. VIII. árg., útkomnu 26. janúar 1924, með fyrirsögn: „Hrossakaup Garðars" og undirritaðri: „Sunnlenskur bóndi": „Og þótt Garðar láti . . . . seint og síðar meir".

4. Í grein í 8. tbl. VIII árg., útkomnu 23. febrúar 1924, með yfirskrift: „Hrossakaupin" og undirritaðri: „G. G": „að ekki ljeti Garðar sjer alt fyrir brjósti brenna . . . blátt áfram tölustafi væri að ræða". „Verðlagið á hrossum olli mönnum tjóns í stórum stíl á sveitavísu" og „viðskiftaófarnaði".

5. Í grein í 31. tbl. VIII. árg., útkomnu 2. ágúst 1924, með yfirskrift: „Enn segir Garðar" og ómerktri: „Það væri að vísu þægilegt fyrir yður (þ. e. stefnanda) . . . yðar stóra vasa" og „benda þeim á . . . . alt of lágt verð".

6. Í grein í 39. tbl. VIII. árg., útkomnu 27. sept. 1924, fyrirsögn: „Svikaheimspeki Garðars", ómerktri: „Hann (þ. e.

stefnandi) er sjerfræðingur . . . . . rjett að svíkja alla“ og „Garðar má setja upp bros . . . hefir verið tengt við“.

7. Í grein í 40. tbl. VIII. árg., útkomnu 4. okt. 1924, með yfirskrift: „Yfir landamærin“ merktri: „X“. „Garðar er orðinn hræddur við . . . . . ljet lítið á sjer kræla“.

Fyrir ummælin í 46. tbl. VII. árg, „Tímans“ frá 22. des. 1923 og 1. tbl. VIII. árg. frá 5. jan. 1924 verður ekki dæmd refsing í þessu máli, með því að sök var að því leyti fyrnd þegar mál þetta var höfðað.

Í greinum þeim sem átaldar eru í VIII. árg., „Tímans“ 4., 8. og 31. tbl. eru hrossakaup stefnanda sumarið 1923 gerð að umtalsefni, og er þar meðal annars dróttað að stefnanda brigðmælgi og óskilvísi í þeim viðskiftum, að hann muni ekki láta sjer alt fyrir brjósti brenna, og eigi líklega ekki örðugt með að skeyta skökku við í smámunum, t. d. þegar svona blátt áfram væri að ræða um tölustafi, að svo skuli ummælt að fangamark stefnanda (G. G.) forði betur hjer eftir en hingað til frá viðskiftaófarnaði, og er þar með átt við það, að menn muni framvegis ekki skifta við stefnanda, og loks, að stefnandi hafi haft af bændum umrætt sumar með því að gefa þeim óhæfilega lágt fyrir hrossin og stungið þar með óhæfilegum gróða í sinn „stóra vasa“. Í greinum „Tímans“ í VIII. árg. 39. og 40. tbl. er því þar á móti haldið fram, að stefnandi hafi haldið fram þeirri skoðun eða ónefnt blað að undirlagi stefnanda, að skuldunautar ættu ekki að greiða skuldir sínar, að stefnandi sje sjerfræðingur blaðsins um þessa tegund viðskifta, að þessi „svika-heimspeki“ stefnanda sje það eina heimspekiskerfi, er nafn hans sje tengt við og að stefnandi sje nú orðinn hræddur við svika-heimspekina og muni nú vilja „vinna til að hætta að ofsækja bændur til að sleppa við umtalið um síldarbraskið og tímann, þegar hann lá og ljet lítið á sjer kræla“.

Ummæli þessi öll verður að telja mjög meiðandi og móðgandi í garð stefnanda, og með því að stefndur hefir ekki rjettlætt þau, þá verður að dæma hann til refsingar fyrir þau samkvæmt 217. sbr. 218. gr., almennra hegningarlaga, og þykir refsingin hæfilega ákveðin 300 kr. til ríkissjóðs, en ef sektin er ekki greidd í tækan tíma, þá komi í stað hennar 20 daga einfalt fangelsi.

Í hinum átöldu greinum í VII. árg. „Tímans“ 46. tbl. og VIII. árg. 1. tbl. — en refsiábyrgð vegna þeirra ummæla er fyrnd samkvæmt framansögðu — segir, að stefnandi hafi ekki getað

kept við kaupfjelögin, eða ef hann hefir getað það, þá hafi hann gefið lægra fyrir hrossin en kaupfjelögin til þess að græða sem mest sjálfur. Í málinu er ekkert upplýst um það hvaða verði stefnandi hafi keypt hross sín 1923, nje heldur hvað aðrir hafi keypt þau fyrir, og verður því að telja þessi ummæli um stefnanda, sem hefir atvinnu af viðskiftum, órjettmæt. Því þykir rjett að dæma þau, ásamt hinum öðrum átöldu ummælum, dauð og ómerk.

Ummæli þau, sem átalin eru í máli þessu, og órjettmæt eru talin, virðast vel löguð til þess að spilla áliti stefnda sem kaupmanns og fæla menn frá viðskiftum við hann, einkum þar sem þau birtust í víðlesnu blaði. Það verður því að taka til greina skaðabótakröfu stefnanda, enda hefir stefndur ekki sjerstaklega mótmælt *upphæð* skaðabótakröfunnar. Ber því að dæma stefndan til að greiða stefnanda kr. 25000,00 í skaðabætur.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber stefndum að greiða stefnanda málskostnað og þykir hann hæfilega metinn 300 krónur.

Sakir annara embættisanna dómarans varð dómur í máli þessu ekki kveðinn upp síðastliðinn fimtudag, en fimtudaginn þar áður var skírdagur.

Efnisskrá.

		Dómur	Bls.
1.	Rjettvísin gegn Fritz G. O. K. Berndsen. Ofbeldi	11/1	225
2.	Louis Le Maigat v. „Yvonne“ gegn L. Fjeldsted v. „Phebe“. Árekstrarmál	18/1	228
3.	Axel Ketilsson gegn Útbúi Landsbankans, Ísafirði. Kröfulýsing í þrotabú	25/1	233
4.	Ásgeir I. Ásgeirsson gegn Axel og Kristínu Dahlstedt. Hússala	29/1	237
5.	Sigf. Daníelsson f. h. Sam. ísl. verslana gegn Sigm. Sæmundssyni. Útivistardómur	29/1	242
6.	Helgi Benediktsson f. h. Versl.fjel. Vestm.eyja gegn Sigurði Sigurðssyni. Útivistardómur	29/1	242
7.	Lögerfingjar Jóns Helgasonar gegn skiftaráðanda Rvíkur o. fl. Erfðaskrá	10/2	243
8.	Gísli Jónsson gegn Jóni Eiríkssyni. Meiðyrðamál	19/2	250
9.	Valdstjórnin gegn J. Rekdal, Bjarna Jónssyni og Kristni Stefánssyni. Áfengislagabrot	22/2	253
10.	Valdstjórnin gegn Ara Þórðarsyni. Brot á lögreglusamþykt Rvíkur	26/2	260
11.	Margrjet Árnason gegn skiftaráðanda db. Ólafs Árnasonar o. fl. Útivistardómur	26/2	262
12.	Karl Eyjólfsson gegn Verslunarfjel. Vindhælinga. Útivistardómur	26/2	263
13.	Árni Árnason f. h. Ásg. Ásgeirssonar gegn Hallgr. Pjeturssyni. Útivistardómur	26/2	263
14.	Ólafur Thors f. h. h/f. Kveldúlfur og Ásg. Þorsteinsson f. h. Samtr. ísl. botnv. gegn eig. & vátr. Inger Benedicte o. fl. Árekstrarmál	17/3	264
15.	Magnús Matthíasson gegn Steingr. Guðmundssyni. Gildi gjörðardómssamings	17/3	278
16.	Ari Þórðarson gegn Páli Ólafssyni. „Víxil“-mál	24/3	284
17.	Geo. Copland gegn Jóni Laxdal. Útivistardómur	26/3	285
18.	Ermanrekur Jónsson gegn Ólafi Magnússyni. Útiv.d.	26/3	285
19.	Guðjón Jónsson gegn Garðari Gíslasyni. Útiv.d.	26/3	586
20.	H. Benediktsson & Co. gegn Þorg. Ingvarssyni f. h. Útbús Landsb., Eskifirði. Kvittun víxils	14/4	286

		Dómur	Bls.
21.	Valdstjórnin gegn Arnbergi Stefánssyni. Bifreiðarslys	16/4	291
22.	M. Magnússon f. h. fiskiveiðafjel. Defensor gegn Jóni J. Bjarnasyni. Lífrarmat	21/4	294
23.	Valdstjórnin gegn Jóni Jónssyni, W. Schekat, C. P. M. Becker og A. Michelsen. Bannlagabrot	23/4	299
24.	Tryggvi Þórhallsson gegn Sig. Sigurðssyni. Meiðyrðamál	30/4	305
25.	Rjettvísin gegn Birni Sveinssyni og Skúla Thorarensen. Sjóðþurður	30/4	308
26.	O. J. Havsteen gegn Carli Lárussyni. Útiv.d.	30/4	328
27.	Landsbanki Íslands f. h. Sparisjóðs Árnessýslu gegn H/f. Kol & Salt. Ábyrgðarskuldbinding	5/5	329
28.	Valdstjórnin gegn C. M. H. Mewes. Botnvörpuveiðabrot	21/5	334
29.	Jón Laxdal gegn Pjetri A. Ólafssyni. Skuld	26/5	337
30.	Hreppsn. Þingvallahr. gegn hreppsn. Grímsneshr. Útsvar	31/5	341
31.	Eir. Stefánsson og Ögm. Guðmundsson gegn Eir. Einarssyni v. Útbús Landsb. Selfossi. Útiv.d.	31/5	343
32.	Valdstjórnin gegn Jóni Jónssyni. Sýknudómur	7/6	343
33.	L. Fjeldsted v. „Gracie“ gegn Louis Le Maigat v. „Yvonne“. Björgunarlaun	9/6	346
34.	Bræðurnir Proppé gegn Einari M. Jónassyni persónulega og v. þb. Guðm. Bergsteinssonar. Uppboðsúrskurður ómerktur	9/6	349
35.	Kaupfjelag Reykvíkinga gegn Ársæli Sigurðssyni. Ábyrgðarkrafa	11/6	356
36.	Sigurður Briem gegn Tryggva Þórhallssyni. Meiðyrðamál	11/6	358
37.	Björn Ólafsson sjálfur og f. h. Joh. Hansen Sönner A/S gegn Versluninni Geysir og H/f. Hrogn og Lýsi. Fjárnám ógilt	16/6	364
38.	Helgi Sveinsson gegn Sigurði Kristjánssyni. Meiðyrðamál	19/6	368
39.	Sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu gegn Svínvetningabrautarfjelagi. Samþ. nr. 79/1920	21/6	378
40.	Einar Þorgilsson gegn Hirti B. Helgasyni. Farmgjald	28/6	382
41.	Guðbjarni Guðmundsson gegn skiftaráð. Rvíkur f. h.		

		Dómur	Bls.
	þb. O. J. Havsteen, og M. Júl. Magnús. Skiftaúthlutun	23/6	385
42.	Sveinn Björnsson f. h. Trueba y Pardo gegn h/f. Ísólfur. Ómerking skiftarjettarúrskurðar	20/9	387
43.	Valdstjórnin gegn Heinrich Lüers. Botnvörpuveiðabrot	22/9	390
44.	Rjettvísin og valdstjórnin gegn Sigurði Gíslasyni. Áverki	6/10	392
45.	Rjettvísin gegn Ólafi G. E. Sigurðssyni. Þjófnaður	8/10	395
46.	O. Ellingsen v. „Lilly“ gegn H. Zoëga v. „Ceresio“. Úrskurður	18/10	398
47.	Hreppsn. Rauðasandshr. gegn Erl. Kristjánssyni og Kristjáni Erlendssyni. Lögtaksúrsk. ómerktur	25/10	399
48.	Sigurður Ágústsson og Hannes Jónsson gegn Gísla Gíslasyni. Skaðabætur o. fl.	29/10	401
49.	Grímur Sigurðsson gegn Jóni Hannessyni. Útiv.d.	29/10	409
50.	Rjettvísin gegn Guðm. Þorkelssyni. Falsvitni. Sýknun	8/11	410
51.	Þórarinn Þorvarðsson gegn Ársæli Árnasyni og Jóni Laxdal. Um gildi veðsetningar	15/11	412
52.	Hjalti Jónsson f. h. h/f. Kol & Salt gegn Magnúsi Sigurðssyni, Ludvig Kaaber og Georg Ólafssyni f. h. Landsbanka Íslands og Sparisjóði Árnessýslu. Útaf eiðvinningu	19/11	415
53.	Valdstjórnin gegn Ernst Seemund. Botnvörpuveiðabrot	22/11	420
54.	Valdstjórnin gegn Johan Fuhrmann. Botnvörpuveiðabrot	24/11	423
55.	Ásgeir I. Ásgeirsson gegn R. P. Levi. Útiv.d.	29/11	425
56.	Helgi Benediktsson f. h. Verslunarfj. Vestm.eyja gegn Carl Christensen. Útivistardómur	29/11	425
57.	O. Ellingsen v. „Lilly“ gegn H. Zoëga v. „Ceresio“. Árekstrarmál	3/12	426
58.	Þorvaldur Benediktsson gegn Þorbergi Þorleifssyni. Skaðabótamál	6/12	430
59.	Rjettvísin gegn Marinus Buch. Svik	10/12	436
60.	Tryggvi Þórhallsson gegn Garðari Gíslasyni. Meiðyrði og skaðabætur	13/12	439

Hæstarjettardómar

Útgefandi: Hæstarjettarritari.

VIII. árgangur. 1927.

Mánudaginn 10. jan. 1927.

Nr. 41/1926. **Einar Einarsson** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Sigríði Þórðardóttur (Pjetur Magnússon).

Barnsfaðernismál.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 31. mars 1926: Ef kærandi, Sigríður Þórðardóttir, innan mánaðar frá uppsögn dóms þessa, eftir löglegan undirbúning vinnur eið að því á varnarþingi sínu, að kærður, Einar Einarsson, hafi haft samfarir við sig á tímabilinu frá 20. ágúst til 20. nóvember 1922, skal kærður teljast faðir tvíburu þeirra, er kærandi ól 19. júní 1923 og vera skyldur til að greiða að sínum hluta meðlag með þeim og barnsfararkostnað eftir yfirvaldsúrskurði, svo og greiða kærandi 25 krónur í málskostnað.

Verði kærandi hinsvegar eiðfall, á kærður að vera sýkn af kröfum hennar í málinu og málskostnaður að falla niður.

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Í máli þessu, sem áfrýjað er með stefnu, dags. 26. apríl f. á., og stefnda hefir fengið gjafvörn í fyrir hæstarjetti og sjer skipaðan talsmann þar, hefir áfrýjandi aflað allmargra vottorða eftir uppkvaðningu lögreglurjettardómsins, og látið staðfesta nokkur þeirra fyrir rjetti. Hafa upplýsingar þessar síðan verið lagðar fram í hæstarjetti, þar á meðal staðfest vottorð um það, hvað stefndu og presti hafi farið á milli,

er börn þau, sem ræðir um í málinu, voru skírð 22 júní 1923, 3 dögum eftir fæðingu þeirra.

Það athugast fyrst, að gefnu tilefni frá áfrýjanda, að ekki þykir ástæða til að ómerkja lögregluríettardóminn ex officio og vísa málinu frá lögregluríettinum fyrir þá sök, að dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefir með brjefi, dags. 25. jan. 1926, undirskrifuðu »f. h. r. e. u« af aðstoðarmanni í ráðuneytinu, framlengt »málshöfðunarfrestinn í tjeðu máli um 4 mánuði«. Að vísu liggur næst að skilja hin tilfærðu orð svo, að við lögmælta ársfrestinn frá fæðingu barnanna skuli bætast 4 mánuðir. En þar sem ráðuneytið hefir vitanlega ætlast til að framlengingin kæmi stefndu að liði, þykir mega skilja leyfið svo, sem fresturinn sje lengdur um 4 mánuði, talið frá dagsetningu leyfisbrjefsins eða a. m. k. frá 11. des. 1925, dagsetningu framlengingarbeiðninnar.

Ekki þykir heldur þurfa að ómerkja lögregluríettardóminn ex officio og vísa málinu heim til nýrrar meðferðar fyrir það, að manni þeim Jóhannesi Þórðarsyni, sem stefnda hafði búið með í mörg ár, var eigi stefnt sem sakaraðilja samkvæmt 13. gr. laga nr. 46/1921, með því að málið horfði í lok lögreglurjettarrannsóknarinnar þann veg við, að ekki þykir óforsvaranlegt að honum var ekki stefnt.

Og víkur þá máli að aðalatriðinu, faðerni barnanna, sem eitt var sótt og varið hjer í rjetti.

Að vísu má telja víst, að bæði prestur og skírnarvottarnir hafi talið Jóhannes Þórðarson, sem ekki var viðstaddur skírnarathöfnina, föður barna stefndu, vegna þess hve lengi þau höfðu búið saman. Og samkvæmt upplýsingum þeim, sem áfrýjandi hefir lagt fram, má gera ráð fyrir, að stefnda hafi rent grun í þetta álit þeirra. En hún verður þó ekki

talin hafa lýst Jóhannes föður barnanna, enda segir prestur í fæðingar- og skírnarvottorði barnanna, að hvorki hafi verið sagt til faðernis þeirra af móðurinni, nje um það spurt af sjer.

Hins vegar verður yfirleitt að telja rök þau, sem færð eru í forsendum lögreglurjettardómsins fyrir fyllingareiði stefndu nægilega sterk gegn bláberri neitun áfrýjanda, sem m. a. var og er kvæntur maður, til þess eftir atvikum að láta úrslit málsins velta á eiði hennar samkv. 15. gr. laga nr. 46/1921. Og með því að fallast má á lögreglurjettardóminn að öðru leyti, þá ber að staðfesta dóminn, þó þannig að stefnda vinni eið að því, að hafa haft samfarir við áfrýjanda einan karlmanna á þar til teknu tímabili og eiðsfresturinn teljist frá uppsögn þessa hæstarjettardóms.

Vinni stefnda eiðinn, á áfrýjandi að greiða henni málskostnað fyrir hæstarjetti, eins og málið hefði eigi verið gjafvarnarmál af hennar hendi, þar með taldar 100 kr. til talsmanns hennar hjer í rjetti.

En verði stefndu eiðfall, á hún að greiða áfrýjanda 150 kr. málskostnað fyrir hæstarjetti. Að öðru leyti á málskostnaður þar, þar á meðal 100 kr. málflutningskaup talsmanns hennar, þá að greiðast af almannafje.

Það athugast, að staðfestingargjalds hefir verið ranglega krafist í hjeraði, sbr. 9. gr. laga nr. 27/1921 og 10. gr. laga nr. 46 s. á., svo og ritlauna, sbr. 3. gr. laga nr. 2/1924, sem ekki verður talið breytt með 10. gr. laga nr. 64/1917 á þá leið, að áður gjaldfrjáls eftirrit sjeu gerð gjaldskyld með síðarnefndri lagagrein.

Því dæmist rjett vera:

Lögreglurjettardóminum á að vera óraskað, þó þannig, að stefnda, Sigríður Þórðardóttir, vinni eið að því, að hún hafi haft samfarir við áfrýjanda, Einar Einarson, einan karlmanna á tímabili því, sem til er tekið í dóminum, og að eiðsfresturinn sje talinn frá uppsögn dóms þessa.

Vinni stefnda eiðinn, á áfrýjandi að greiða málskostnað fyrir hæstarjetti, eins og málið hefði eigi verið gjafvarnarmál af hennar hendi, þar með talið 100 kr. málflutningskaup talsmanns hennar þar, Pjeturs Magnússonar hæstarjettarmálflutningsmanns.

Verði stefndu hins vegar eiðfall, á hún að greiða áfrýjanda 150 kr. málskostnað fyrir hæstarjetti. Að öðru leyti á málskostnaður þar, þar á meðal 100 kr. málflutningskaup nefnds talsmanns hennar, þá að greiðast af almannafje.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Hinn 19. júní 1923 ól ógift stúlka, að nafni Sigríður Þórðardóttir, Nýlendugötu 18 hjer í bænum, tvíbura, sveinbarn, sem í skírninni hlaut nafnið Þórður og meybarn, sem hlaut nafnið Fjóla, en það barn dó 19. ágúst s. á. Eigi er annað upplýst í málinu en að börn þessi hafi verið fullburða og fædst á rjettum tíma.

Samkvæmt fæðingar- og skírnarvottorði, sem lagt hefir verið fram í málinu, hefir kærandi ekki sagt til faðernis barnanna við fæðingu þeirra nje skírnina, en 24. nóvember f. á. skrifar hún lögreglustjóra brjef, þar sem hún lýsir Einar Einarsson, bátasmið, til heimilis á Nýlendugötu 18, föður barnanna, tekur það jafn-

framt fram að hann hafi þegar greitt sjer kr. 300,00 í meðlagsskyni með börnum þessum og fer þess á leit við lögreglustjóra að hann fái kærðan til þess að gangast við faðerninu, og lögreglustjóri að því búnu skyldi hann til þess með úrskurði sínum að greiða meðlag og barnsfararkostnað samkvæmt lögum; en neiti kærður að gangast við faðerni barnanna, óskar kærandi að barnsfaðernismál verði höfðað gegn hinum lýsta föður.

Kærður hefir stöðugt bæði fyrir lögreglustjóra og dómaranum neitað að gangast við faðerni barnanna, og hefir því mál þetta verið höfðað gegn honum, eftir að kærandi hefir fengið málssóknarfrest sinn framlengdan með leyfi dómsmálaráðuneytisins dags 25. janúar þ. á. Í málinu hefir kærandi gert þær kröfur að kærður verði dæmdur faðir tvíburanna, sem hún ól 19. júní 1923 og að honum verði gert að skyldu að greiða meðlag með þeim og barnsfararkostnað eftir úrskurði yfirvalds.

Sáttatilraun hefir reynst árangurslaus.

Kærandi hefir ásamt Jóhannesi nokkrum Þórðarsyni búið í herbergi einu í kjallara hússins Nýlendugötu 18 í 11 ár samfleytt, en þau fluttust þaðan í júlímánuði f. á. Kærður er eigandi húss þessa og hefir jafnan verið leigusali þeirra, en sjálfur býr hann í sama húsinu ásamt eiginkonu sinni og börnum. Leigan eftir þetta eina kjallaraherbergi var 5 kr. á mánuði, en 5 síðustu árin greiddu þau kærandi og Jóhannes enga húsaleigu. Í kjallaranum hefir kærður smíðaverkstæði, sem sami inngangur er inn í og í kjallaraherbergi þeirra, kærandi og Jóhannesar.

Kærandi heldur því nú fram, að síðustu 5 árin, sem hún bjó þarna í kjallaranum, hafi kærður oft og iðuglega haft holdleg mök við sig; kveður hún mök þessi hafa átt sjer stað ár eftir ár, á öllum tímum árs, og það svo oft, að ekki sje viðlit að telja það alt upp. Segir hún að kærður hafi setið um öll tækifæri, þegar að fólk hans var ekki heima, jafnvel komið heim úr vinnu annarstaðar frá um miðjan dag til þess að ná henni á sitt vald og hafa holdlegt samræði við hana; sjerstaklega segir hún að þetta hafi oft átt sjer stað sumarið 1922, því þá hafi kona hans að jafnaði farið annanhvern dag inn á frakkneska sjúkrahúsið hjer í bænum til að vitja um sjúkling.

Samræðin kveður kærandi hafa átt sjer stað á verkstæði kærðs eða í heyhlöðu, sem hann á og hefir til umráða þarna við húsið.

Kærandi heldur því fram að kærður hafi oft og iðuglega meðan hún gekk með tvíburana, sem hún ól 19. júní 1923, kann-

ast við það fyrir sjer, að hann væri faðirinn, lofað að greiða henni meðlag og fengið henni kr. 50,00 til að kaupa barnaklæðnað áður en hún ól tvíburana og þriðja daginn sem hún var á fótum eftir að hún ól börnin, fjekk hann henni aðrar kr. 50.00 að sögn hennar. en síðan hefir hann greitt henni kr. 300,00 í meðlagsskyni auk kr. 25,00, sem hann fjekk henni til að kaupa vagn handa barninu Þórði. Kærandi neitar því eindregið að hafa haft samræði við aðra karlmenn en kærðan á getnaðartímanum.

18. mars 1925 ól kærandi fullburða andvana meybarn, og heldur hún því fram, að kærður hafi einnig verið faðir þess, enda hafi hann þegar hún var búin að ná sjer eftir að hafa fætt tvíburana, byrjað að hafa samræði við sig aftur og hafi það haldist þangað til hún flutti úr húsinu.

Hún heldur því fram, að kærður hafi kannast við fyrir sjer að vera faðir þessa barns og að hann hafi, áður en hún lagðist á sæng, greitt sjer kr. 50,00 til að kaupa föt á barnið, en út af þessum barnsburði hefir kærandi engar kröfur gert á hendur kærðum.

Kærður neitar því eindregið, að þessi framburður kærandi sje á nokkurn hátt rjettur. Hann heldur því fram, að hann hafi aldrei haft samræði við kærandi og aldrei greitt henni neina peninga, enda aldrei kannast við, að hann væri faðir barnanna. Hann kveður Jóhannes Þórðarson eitt sinn hafa minst á það við sig, að hann (kærður) mundi vera faðir barnanna, og kveðst hann þá hafa neitað því eindregið. Ennfremur kveðst hann hafa frjett það síðastl. haust, að kærandi væri farin að bera það út um bæinn, að hann væri faðir drengsins hennar, Þórðar, og kveðst hann þá hafa gert sjer ferð heim til hennar, til þess að spyrja hana að því, hvort það væri satt, og kveður hann kærandi hafi svarað því þannig, að hún hafi aldrei gefið upp neinn föður að börnunum, sem hún ól 19. júní 1923 og 18. mars 1925.

Hann kannast við það, að þau Jóhannes og kærandi hafi enga húsaleigu greitt síðustu árin, en kveðst hafa gefið hana eftir í gustukaskyni.

Jóhannes Þórðarson, sem hefir búið með kærandi mörg undanfarin ár, hefir verið leiddur sem vitni í þessu máli. Hann hefir haldið því fram, að hann hafi sjeð kærandi og kærðan í faðmlögum, hann kveður sjer kunnugt um, að kærandi hafi fengið peninga hjá kærðum, að minsta kosti 3—400 krónur; hann kveðst ennfremur hafa gengið hart að kærandi með það, hver væri faðir barnanna, og hafi hún þá sagt sjer, að það væri kærður. Hann

hefir og haldið því eindregið fram í málinu, að hann hafi aldrei 6—7 síðustu árin haft holdlegt samræði við kærandi, því hann kveðst hafa verið mjög þungt haldinn af spönsku veikinni 1918, verið mjög lasburða og heilsutæpur síðan og ekki haft neina löngun til þess að skifta sjer af kvenfólki. Ennfremur heldur hann því fram, að það hafi jafnframt stuðlað að því, að hann hafi ekki haft samræði við kærandi í seinni tíð, að sjer hafi verið kunnugt um, að hún og kærður lifðu þannig saman, en þótt sjer hafi verið þetta samlíf þeirra á móti skapi, hafi hann ekki sjeð sjer fært að skifta sjer af því, því hann kveðst hafa verið mjög ósjálfstæður gagnvart kærðum, þar sem hann (Jóhannes) hafi verið svo heilsutæpur og fjelítill, en kærandi og hann fengu peninga hjá kærðum og húsnæði endurgjaldslítið og síðustu árin endurgjaldslaust. Þenna framburð sinn hefir Jóhannes Þórðarson staðfest með eiði. Að tilhlutun dómarans hefir læknisskoðun farið fram á Jóhannesi Þórðarsyni og við hana komið í ljós, að hann mundi vera fær um að eignast barn með kvenmanni.

Þá hefir og dóttir kærandi, Júlía Hjörleifsdóttir, sem leidd hefir verið sem vitni í málinu, haldið því fram, að hún hafi verið heima hjá móður sinni síðastliðið haust þegar kærður kom þangað, kveður hún kærðan hafa kallað á móður sína út fyrir húsið og tók að tala við hana þar og var mjög hávær, fór vitnið þá fram að dyrunum til að hlusta á mál þeirra og heyrði að kærður spurði kærandi hvort það væri satt, að hún væri að bera það út um bæinn, að hann væri faðir Þórðar litla, hún svaraði því einu, að það væri þá ekki nema það sem satt væri; játaði kærður því, en bætti við, að hún sæi það sjálf hvar það lenti fyrir sjer og heimili sínu, ef þetta bærist út. Ennfremur heldur hún því fram, að þegar hún hafi verið heima hjá móður sinni, (kærandi), þá hafi hún eitt sinn komið að henni og kærðum, þar sem hann hjelt utan um hana, og í annað skifti kveður hún móður sína hafa komið út af verkstæði kærðs kafrjóða og heita, og þegar hún gekk á móður sína, skýrði hún henni frá því, að hún hefði verið þarna inni hjá kærðum.

Dómarinn hefir leitað sjer nokkurra upplýsinga um feril kærandi og kærðs. Um æfiferil kærandi er það helst að segja, að hún hefir skömmu eftir tvítugs aldur trúlofast manni nokkrum; var kærandi þá ásamt manni þessum vinnuhjú að Bolafæti í Árnessýslu hjá hjónunum Guðbrandi Tómassyni og Hólmfríði Hjörtsdóttur. Við mann þennan hjelt kærandi í nokkur ár og átti með honum 4 börn, þar af eina tvíbura, en þá yfirgaf maður-

inn kærandi og tók saman við aðra stúlku. Kærandi fluttist þá til Jóhannesar Þórðarsonar bónda á Egilsstöðum og konu hans komst hún þar upp á milli þeirra hjóna, varð þunguð af völdum Jóhannesar og fór þannig burt frá Egilsstöðum til Reykjavíkur, en Jóhannes skildi við konu sína og kom til Reykjavíkur á eftir henni eftir hálft annað ár. Hjer endurnýjuðu þau kunningsskap sinn og hafa búið saman síðan og átt fjögur börn, þar af eina tvíbura.

Þar sem kærandi og Jóhannes hafa búið saman undanfarin ár, hafa þau bæði verið ítarlega aðspurð um það, hvort þau hafi eigi haft samræði saman undanfarin ár, þannig að hann geti verið faðir tvíburanna, en þau neita því bæði mjög eindregið og halda því fram, að þau hafi aldrei hin síðustu árin sofið í sömu hvílu og alls ekki haft holdlegt samræði.

Um æfiferil kærðs er það að segja, að hann hefir með aukarjettardómi Árnessýslu uppkv. 10. mars 1899 verið dæmdur í 5 daga fangelsi við vatn og brauð fyrir einfaldan þjófnað og hefir hann afplánað þá refsingu.

Með hinum framkomnu vitnaframburðum og því, að kærandi hefir um langan tíma búið leigufrítt í herbergi í húsi kærðs, þykja fengnar nægar líkur í málinu til þess, að láta úrslit þess vera komin undir fyllingareiði hennar, þannig, að vinni kærandi löglega undirbúin eið að því á varnarþingi sínu, að kærður hafi haft samfarir við sig á tímabilinu frá 20. ágúst til 20. nóvember 1922, þá skal kærður teljast faðir tvíbura þeirra, er hún ól 19. júní 1923 og vera skyldur að greiða að sínum hluta meðlag með þeim og barnsfararkostnað eftir yfirvaldsúrskurði, svo og málskostnað í máli þessu, er þykir hæfilega ákveðinn 25 krónur. Eiðsfrestur þykir hæfilega ákveðinn mánuður frá uppsögn dóms þessa.

Verði kærandi hinsvegar eiðfall á kærður að vera sýkn af kröfum hennar í málinu og málskostnaður að falla niður.

Miðvikudaginn 12. jan. 1927.

Nr. 35/1926. **Pjetur Jóhannesson f. h. Andreas Godtfredsen A/S.** (L. Fjeldsted)

gegn

Þormóði Eyjólfssyni (Guðm. Ólafsson).

Útaf útgerðar- og verslunarviðskiftum.

Dómur aukarjettar Siglufjarðarkaupstaðar 9. febr. 1926: Pjetur Jóhannesson f. h. Andreas Godtfredsen greiði Þormóði Eyjólfssyni kr. 5175,33 með 6 % frá 15. des. s. l., en sje að öðru leyti sýkn af kröfum stefnanda. Hin framkvæmda kyrsetningargjörð sje í gildi sem löglega gjörð og löglega framfylgt.

Málskostnaður falli niður.

Hið ídæmda að greiða innan 15 daga frá lögbirtingu undir aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Áfrýjandi hefir fyrir hæstarjetti krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi feldur og að hann verði sýknaður af kröfum stefnda gegn því að greiða honum kr. 3165,33 með vöxtum sem í dóminum segir, en til vara, að hann verði sýknaður gegn því að greiða kr. 4027,83 og til þrautavara gegn greiðslu á kr. 4586,83. Svo hefir hann og krafist að felt verði úr gildi fjárnám það, er samkvæmt dóminum fór fram í fógetarjetti Siglufjarðarkaupstaðar 27. febr. f. á. Og loks hefir hann krafist málskostnaðar í hæstarjetti eftir mati rjettarins.

Stefndi hefir hinsvegar krafist, að hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgjörð verði staðfest og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað eftir mati hæstarjettar.

Mál þetta er risið út af útgerðar- og verslunarviðskiftum málsaðila sumarið 1925. Hefir stefndi lagt fram sundurliðaðan reikning yfir viðskifti þessi

og svo sem segir í hinum áfrýjaða dómi er það með samhljóða rjettarframburði tveggja vitna sannað, að viðskiftareikningur þessi hafi að enduðum útgerðartíma eða undir lok októbermánaðar 1925 verið sýndur áfrýjanda og hann þá samþykt hvern einstakan lið reikningsins, er viðkemur dómsupphæðinni, og samþykti áfrýjandi þar eftir víxil fyrir 4500 kr. af skuldinni með gjalddaga mánuði síðar og setti stefnda veð til tryggingar því, að víxilinn yrði greiddur á gjalddaga. Er með þessu framkomin í málinu full sönnun þess, að dómsupphæðarinnar hefir verið rjettilega krafist og verður ekki sjeð, að mótmæli þau, er áfrýjandi hefir borið fram hjer í rjetti gegn upphæð skuldarinnar eigi við nein rök að styðjast. Það ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, er ekki hefir verið gagnáfrýjað.

Með því ennfremur að stefndi að liðnum aðfararfresti dómsins átti rjett á að fá hina veðsettu fjármuni tekna fjárnámi hjá þeim, er varðveittu þá, svo sem gert var, og að ekki eru fyrir hendi neinar sannanir fyrir því, að hið fjárnumda hafi verið eign annars manns, þá ber einnig að staðfesta hina áfrýjuðu fjárnámsgjörð.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti og ákveðst hann 400 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða aukarjettardómi og fjárnámsgjörð fógetarjettar Siglufjarðarkaupstaðar 27. febr. f. á. skal óraskað.

Áfrýjandi Pjetur Jóhannesson f. h. Andreas Godtfredsen A/S. greiði stefnda Þormóði Eyjólfs-

syni 400 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með kyrsetningargjörð 9. desember s. l. kyrsetti Þormóður Eyjólfsson vörur og muni hjá A/S. Andreas Godtfredsen, Kaupmannahöfn, sem talið var að tjeð firma hafi hjer, en eru í vörslum Pjeturs Jóhannessonar, til tryggingar á greiðslu kr. 5575,33 með 6 % vöxtum frá 1. okt. s. l. og öllum kostnaði og með stefnu dags. 15. s. m. að undangenginni árangurslausri sáttatilraun krefst stefnandinn Þormóður Eyjólfsson kaupmaður Siglufirði, að Pjetur Jóhannesson f. h. A/S. Andreas Godtfredsen verði dæmur til að greiða sjer kr. 5575,33 með 6 % vöxtum frá 1. okt. s. l. og að kyrsetningargjörðin frá 9. s. m. verði dæmd lögleg og lögmæt og sjer tildæmdur málskostnaður. Stefndur hefir hinsvegar haldið fram, að A/S. Andreas Godtfredsen skuldi að eins kr. 1325.00 í peningum, 18750 kg. salt og að sjer verði tildæmdur málskostnaður.

Í máli þessu hefir stefnandinn lagt fram 4500 kr. víxil, samþyktan af A/S. Andreas Godtfredsen og verður því að telja, að af umstefndri skuld sje sú upphæð að minsta kosti rjett. Þá hefir stefnandinn leitt 2 vitni, sem bera, að stefndur hafi samþykt að öllu reikning yfir hina umstefndu skuld, nema 400 kr. fyrir skaðabætur fyrir skemdir á bryggju, og hefir framburður vitnanna verið tekinn gildur sem eiðfastur. Af umstefndri upphæð hefir stefnandi því fært sönnur á kr. 5175,33, en gegn mótmælum stefnds verður eigi hægt að taka til greina kröfu stefnandans fyrir meiru af dómkröfunni. Kyrsetningin sje í gildi, sem lögleg og löglega framfylgt.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 21. jan. 1927.

Nr. 66/1926. **H/f. Hrogn og Lýsi** (Pjetur Magnússon)
gegn
Sigurði Jónassyni f. h. eigenda e/s. Namdals (Jón Ásbjörnsson).

Árekstrarmál.

Dómur sjódóms Reykjavíkur 31. apríl 1926: Kröfunni um greiðslu á kr. 187,50 vísast frá dómi.

Stefndir, Bjarni Matthíasson, Benedikt Sveinsson og Þórður J. Thoroddsen f. h. h/f. Hrogn og Lýsi, greiði stefnandanum, Sigurði Jónassyni f. h. eigenda e/s. Namdals, kr. 5000,00 með 5 % ársvöxtum frá 1. júní f. á. til greiðsludags og 300 krónur í málskostnað og á stefnandi sjóveðrjett fyrir þeim upphæðum í m/b. Höskuldi R.E. 191.

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans, að viðlagri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Áfrýjandi hefir hjer fyrir rjettinum gert þá aðalkröfu, að hann verði sýknaður af skaðabótakröfu stefnda, og byggir hann þessa kröfu sína á því, að samkv. 225 gr. siglingalaganna sje ekki heimild til að dæma þann, er valdur hefir orðið að árekstri skipa, til að bæta annað tjón en það, er orðið hefir á skipi, góssi eða mönnum. Á þetta verður ekki fallist með því að líta verður svo á, að í nefndri lagagrein felist nægileg heimild til þess að dæma áfrýjanda sem eiganda vjelbátsins Höskuldur, er einn bar ábyrgð á árekstrinum, til að greiða stefnda einnig bætur fyrir atvinnutjón það, er hlotist hefir af árekstrinum.

Svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða dómi átti áreksturinn sjer stað á Vestmannaeyjahöfn hinn 17. apríl 1925 og fór sjóferðapróf út af slysi þessu

fram daginn eftir í sjórjetti Vestmannaeyja, en að því loknu virðist e. s. Namdal hafa farið á veiðar; verður gegn mótmælum áfrýjanda eigi talið sannað að Namdal hafi í það sinn tafist frá veiðum meira en um 1 dag. Hinn 6. maí s. á. kom e. s. Namdal inn hjer til Reykjavíkur til að fá aðgerð á skaða þeim, er skipið hafði beðið við árekstur inn, og var þeirri viðgerð eigi lokið fyr en 24. s. m, en eins og sjórjetturinn hefir tekið fram, verður að telja að óhæfilega langur tími hafi gengið til viðgerðarinnar og að henni hefði mátt ljúka á 8—9 dögum. Það verður þannig að álíta að skipið hefði eigi þurft að tefjast frá veiðum vegna árekstrarins meira en 10 daga alls.

Með því að engar upplýsingar liggja fyrir í málinu um meðalafla skips af líkri stærð og útbúnaði og Namdal á þeim tíma, er hjer ræðir um, vantar nægilegar upplýsingar í málinu til þess að meta aflatap skipsins þennan tíma, en eftir því sem upplýst er um stærð e/s. Namdals, verðmæti þess og tölu skipshafnarinnar þykja bæturnar hæfileg ákveðnar 350 kr. á dag eða alls 3500 kr.

Ákvæði sjórjettardómsins um málskostnað í hjeraði og um sjóveðrjett í vjelbátnum Höskuldi samþykkjast, svo greiði áfrýjandi stefnda upp í málskostnað í hæstarjetti 150 kr.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandi h/f. Hrogn og Lýsi greiði stefnda Sigurði Jónassyni f. h. eigenda e/s. Namdals 3500 kr. með 5 % ársvöxtum frá 1. júní 1925 til greiðsludags, 300 kr. í málskostnað í hjeraði og 150 kr. upp í málskostnað fyrir hæstarjetti,

og á stefndi sjóveðrjett fyrir þessum upphæðum í m/b. Höskuldi R.E. 191.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir sjódóminum með stefnu útgefinni 18. febrúar þ. á. af cand. jur. Sigurði Jónassyni f. h. eiganda e/s. „Namdals" hjeðan úr bænum gegn stjórn h/fj. Hrogn & Lýsi hjer í bænum, þeim Bjarna Matthíassyni, verslunarmanni, Benedikt Sveinssyni, alþingismanni og Þórði J. Thoroddsen, lækni, öllum til heimilis hjer í bænum, fyrir hönd tjeðs hlutafjelags, sem eiganda m/b. „Höskuldar" R.E. 191, til greiðslu á 10800 króna aflatapi, sem e/s. „Namdal" á að hafa orðið fyrir vegna ásiglingar m/b. „Höskuldar" á hann á Vestmannaeyjahöfn 17. apríl f. á., ásamt 5 % ársvöxtum af upphæðinni frá 1. júní f. á. til greiðsludags og málskostnaðar í þessu máli að skaðlausu samkvæmt mati rjettarins. Nemur sá kostnaður eftir fremlögðum reikningi kr. 504,50 og ennfremur til greiðslu málskostnaðar í öðru máli milli sömu aðilja, er lauk með dómi þessa rjettar 23. janúar þ. á., að upphæð kr. 187,50. Loks hefir stefnandi krafist þess, að viðurkendur verði í dóminum sjóveðrjettur í m/b. Höskuldur fyrir þessum upphæðum.

Stefndir hafa ekki mætt í málinu og enginn af þeirra hálfu og er þeim þó löglega stefnt. Verður þá eftir N.L. 1—4—32. og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr. sbr. tilsk. 15. ágúst 1832, 8 gr. að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Eftir hinum framlögðu skjölum rakst m/b. „Höskuldur" á e/s. „Namdal" á Vestmannaeyjahöfn 17. apríl f. á. og skemdi hann nokkuð, þó eigi meira en svo, að e/s. „Namdal" hjelt út á veiðar aftur eftir tveggja daga tof í Vestmannaeyjum, er gengu til sjóferðaprófs o. fl. án þess að fá þar aðgerð og var að veiðum til 5. maí s. á., en kom hjer inn 6. maí til að fá aðgerð og var henni ekki lokið fyr en 24. maí eftir því sem stefnandi skýrir frá. E/s. „Namdal" er fiskigufuskip (línuveiðari), að stærð 93,3 smálestir brúttó, en 43,17 smálestir nettó. Tala skipshafnar er 15—16 menn þegar það er að veiðum. Eigendur „Namdals" höfðuðu mál gegn eigendum „Höskuldar", til bóta fyrir skemdirnar á

„Namdal“ og aflatjón og svo málskostnaðargreiðslu. Lyktaði þvi máli svo, að eigendur „Höskuldar“ voru dæmdir til að bæta eigendum „Namdals skemdirnar, en kröfunni um bætur fyrir aflatjón var vísað frá dómi sakir vantandi upplýsinga og málskostnaður í málinu látinn falla niður. Dóminum í því máli hefir ekki verið áfrýjað, en þetta mál höfðað og í því gerðar rjettarkröfur þær, er að framan greinir.

Stefnandi telur nú aflatjón e/s. „Namdals“ hæfilega metið 600 krónur á dag og töfina vegna aðgerðarinnar 18 daga og kemur þannig út hin umstefnda upphæð kr. 10800,00.

Eftir upplýsingum þeim, sem fyrir liggja, telur rjetturinn aflatjónið hinsvegar nægilega hátt metið 500 krónur á dag fyrir skip eins og e/s. „Namdal“, jafnvel þótt gengið sje út frá því, að skipið hafi haft fulla áhöfn meðan á aðgerðinni stóð. Ennfremur telur rjetturinn að til aðgerðarinnar sje talinn óhæfilega langur tími bæði er tekið er tillit til þess, að skipið stundaði veiðar nálega 3 vikur eftir árekstrinn en áður en aðgerðin fór fram og til matsins á skaðanum. Telur rjetturinn eigi verjandi að telja til hennar lengri tíma en 8 daga eftir að skipið kom hingað og að viðbættri tveggja daga töfinni í Vestmannaeyjum, verður töfin frá fiskiveiðum ekki talin lengri en 10 dagar alls og aflatjónið því 5000 krónur. Þessar 5000 krónur með vöxtum eins og krafist er og málskostnað í þessu máli, er þykir hæfilega ákveðinn 300 krónur, verður hinsvegar að dæma hið stefnda fjelag til að greiða stefnanda og á hann sjóveðrjett í m/b. „Höskuldi“ fyrir þeim upphæðum.

Um málskostnaðinn í fyrra málinu milli aðilja er endanlega dæmt í því máli úr því að dóminum í því hefir ekki verið áfrýjað, og vísast því kröfunni um greiðslu á honum frá dómi.

Mánudaginn 24. jan. 1927.

Nr. 84/1926. **Valdstjórnin** (B. P. Kalman)
gegn
Eyvindi Eyvindssyni (Guðm. Ólafsson).

Ólöglegur bifreiðarakstur.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 29. sept. 1926: Kærður Eyvindur Eyvindsson greiði kr. 25,00 sekt í

ríkissjóð innan 20 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella í hennar stað einföldu fangelsi í 2 daga. Svo greiði hann allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað. Ennfremur greiði hann Jóni Ólafssyni kr. 143,50 í skaðabætur. Dóminum að fullnægja, að því er ídæmdar skaðabætur snertir innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans, og að öðru leyti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Að því athuguðu, að sjerstakrar varúðar ber að gæta á þeim stað, sem árekturinn varð, einkum vegna girðinga þeirra, sem eru á mótum Skólastrætis að austan og Bankastrætis að sunnan, er varna útsýnis þeim megin uppeftir Bankastræti, þykir refsing kærða ekki mega vera lægri en 50 kr. sekt og verður vararefsingin þá 4 daga einfalt fangelsi. Að öðru leyti ber að staðfesta lögreglurjettardóminn samkv. forsendum hans.

Eftir þessum úrslitum verður kærði að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talið málflutningskaup sækjanda og verjanda hjer í rjetti, 60 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Lögreglurjettardóminum skal óraskað, þó þannig að refsingin verði 50 kr. sekt og vararefsingin 4 daga einfalt fangelsi.

Kærði, Eyvindur Eyvindsson, greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talið málflutningskaup sækjanda og verjanda, hæstarjettarmálflutningsmannanna Björns P. Kalman og Guðmundar Ólafssonar, 60 kr. hvorum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Eyvindi Eyvindssyni bifreiðastjóra, Strandgötu 35 í Hafnarfirði, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 56 frá 15. júní 1926 um notkun bifreiða. Málavextir eru þeir, sem nú skal greina og sannaðir með eigin játningu kærðs, er kemur heim við það sem á annan hátt er upplýst í málinu. Hinn 27. f. m. um kl. $5^1/_2$ s. d. ók kærður bifreiðinni R.E. 92 norður eftir Skólastræti hjer í bænum. Þegar hann kom að vegamótum Skólastrætis og Bankastrætis, flautaði hann og beygði til hægri handar upp með götuhorninu og inn í Bankastræti. Í sömu svifum kom Jón Ólafsson, kaupmaður, Skólavörðustíg 21, á reiðhjóli niður Bankastræti og fór vinstramegin á götunni, nálægt gangstjettinni. Vegna þess að há girðing er meðfram Bankastræti að sunnan niður að Skólastræti og einnig meðfram því að austan, sjest ekki inn í Skólastræti, nema af litlu svæði Bankastrætis, og úr Skólastræti sjest ekki nema lítið svæði af Bankastræti. Kærður og Jón sáu því hvorugur til hins, fyr en þeir komu að gatnamótunum og áttu örskamt ófarið hvor að öðrum. Vegurinn var blautur og kveðst Jón því ekki hafa getað stöðvað hjólið á svo stuttu færi, til vinstri handar gat hann ekki beygt, því þar var gangstjettin, en til hægri handar kveðst hann ekki hafa þorað að fara, því það var að fara í veg fyrir bifreiðina, hann lenti því framan á bifreiðinni, sem kærður virðist hafa stöðvað rjett um leið og árekstrinn varð. Við árekstrinn skemdist reiðhjól Jóns og föt hans. Hann hefir því gert þá kröfu, að kærður verði dæmdur til að greiða sjer kr. 350,00 í skaðabætur. Skemdir á reiðhjólinu hafa af dómkvöddum mönnum verið metnar á kr. 115,00, en kostnaður við matið er kr. 28,50, þessum upphæðum hefir kærður ekki mótmælt sem of háum. Á það að skemdir hafi orðið á fötum, eða hve miklar þær hafi verið, hafa engar sönnur verið færðar. Kærðum hefir ekki áður svo kunnugt sje verið refsað fyrir neitt brot. Kærður hefir að áliti dómarans brotið gegn ákvæðum 7. gr. bifreiðalaganna með því að halda upp í Bankastræti hægra megin, og þykir refsing sú sem hann hefir tilunnið fyrir þetta brot, hæfilega ákveðin kr. 25,00, er renni í ríkissjóð og greiðist innan 20 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti kærður einföldu fangelsi í 2 daga. Svo greiði kærður og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað. Það er ekki upplýst í þessu máli, að þriðjimaður eða Jón Ólafsson hafi valdið árekstrinum af ásettu ráði eða vítaverðri óvarkárni, nje að slysið

hefði hlotið að vilja til, þótt kærður hefði ekið rjettu megin í Bankastræti. Verður því að áliti dómarans, samkvæmt ákvæðum 15. gr. bifreiðalaganna, að dæma kærðan til að greiða Jóni Ólafssyni tjón það, er hann varð fyrir við árekstur inn. En með tilliti til þess að kærður hefir mótmælt skaðabótakröfunni að öllu leyti og Jón Ólafsson hefir ekki fært sönnur á það að hann hafi beðið meira tjón en sem nemur kr. 115,00 — og kr. 28,50 = kr. 143,50 verður skaðabótakrafa hans aðeins tekin til greina að þessu leyti.

Miðvikudaginn 26. jan. 1927.

Nr. 92/1926. **Valdstjórnin** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Jóni Benjamínssyni (Lárus Jóhannesson).

Bannlagabrot.

Dómur lögreglurjettar Ísafjarðar 26. sept. 1926: Kærður Jón Benjamínsson frá Akureyri, fyrv. kyndari á e/s. Goðafoss, greiði 500 kr. sekt í ríkissjóð, sæti auk þess 4 daga einföldu fangelsi, svo greiði hann og allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað. Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Svo sem tekið er fram í hinum áfrýjaða lögreglurjettardómi er það sannað, að kærði hefir flutt hingað til landsins og selt með hagnaði á Ísafirði 90 lítra af spiritus concentratus og 10 flöskur af ákaviti er hann hafði keypt í útlöndum til þess að selja hjer á landi í ágóðaskyni. Með þessu hefir kærður gerst brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 15. 8. júní 1925 og þykir refsing hans samkvæmt 13 gr. sömu laga hæfilega metin 10 daga einfalt fangelsi og sekt í ríkissjóð, er ákveðst 500 kr með tilliti til þess, að kærði, sem er fátækur fjölskyldumaður,

hefir viðstöðulaust játað brot sitt og að hann hefir mist atvinnu sína vegna þessa afbrots síns. Ef sektin er ekki greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa, skal kærði afplána hana með 30 daga einföldu fangelsi Hið ólöglega innflutta áfengi á að vera upptækt og eign ríkissjóðs.

Svo ber kærða og að greiða allan kostnað sakarinnar í undirrjetti og fyrir hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 60 kr. til hvors.

Við meðferð málsins fyrir lögreglurjettinum athugast, *að* hegningarvottorð kærða hefir ekki verið útvegað, *að* ekki hefir verið vottað um meðferð málsins í hjeraði og *að* prófun málsins er ófullkomin að því er snertir þann eða þá, sem ástæða er til að ætla að hafi verið samsekir kærða.

Því dæmist rjett vera:

Kærði Jón Benjamínsson sæti 10 daga einföldu fangelsi og greiði auk þess 500 króna sekt í ríkissjóð, er afplánist með 30 daga einföldu fangelsi ef hún verður ekki greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa. Hið ólöglega innflutta áfengi skal upptækt og eign ríkissjóðs.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar bæði í undirrjetti og hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir hæstarjetti, málflutningsmannanna Stefáns Jóh. Stefánssonar og Lárusar Jóhannessonar, 60 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með eigin játningu kærðs Jóns Benjamínssonar frá Akureyri, fyrv. yfirkyndara á e/s. Goðafoss, er það upplýst í málinu að er e/s. Goðafoss kom hingað til Ísafj. 11. júlí s.l. hafði kærður, er var yfirkyndari á skipinu, í vörslum sínum áfengi, sem sje 20 lítra af spíritus concentratus og 10 flöskur ákavíti í heilum og hálfum flöskum, og seldi áfengi þetta manni, er kom um borð til hans, en sem hann eigi þekti, fyrir 560 kr.

En áfengið fanst skömmu síðar um borð í m/k. Arthur & Fanny, er lá við hafskipabryggjuna, og var gert upptækt, og því síðan verið skilað ráðuneytinu.

Ennfremur er það upplýst með játningu kærðs, að áfengi þetta keypti hann í Kaupmannahöfn fyrir 350 kr. og að hann keypti það í þeim tilgangi að selja það og ábatast af sölunni. Fyrir framangreint brot þykir kærður eiga að sæta refsingu samkvæmt 1. gr. laga nr. 15 1925. sbr. 13. gr. þeirra, er þykir hæfilega metin 500 kr. sekt er renni í ríkissjóð, svo sæti hann og 4 daga einföldu fangelsi og greiði allan af málinu leiðandi kostnað, enda hefir kærður eigi sætt áður refsingu eða ákæru fyrir neitt lagabrot.

Föstudaginn 28. jan. 1927.

Nr. 93/1926. **Valdstjórnin** (Björn P. Kalman)

gegn

Höskuldi Eyjólfssyni (Svb. Jónsson).

Áfengisbruggun.

Dómur lögreglurjettar Árnessýslu 16. sept. 1926: Kærður Höskuldur Eyjólfsson greiði innan 14 daga frá lögbirting dóms þessa 300 kr. sekt, er renni í ríkissjóð, ella afpláni hana með 30 daga einföldu fangelsi.

Öll áhöld og ílát og hið ólöglega tilbúna áfengi skal upptækt og andvirðið renna í ríkissjóð. Dómi þessum að fullnægja með lagaaðför.

Dómur hæstarjettar.

Svo sem nánar er sagt í hinum áfrýjaða lögreglurjettardómi er það sannað, að kærði hefir feng-

ist við bruggun eða tilbúning áfengs drykkjar, sem hefir inni að halda meira en 2¼ % af vínanda að rúmmáli, og að fundist hefir í farangri kærða á Eyrarbakka nokkrar flöskur með vökva í, sem samkvæmt skýrslu efnarannsóknarstofu ríkisins hefir inni að halda alkohol um 36 % að rúmmáli, er ætla má að kærði hafi búið til.

Með þessu hefir kærði brotið 1. gr. laga nr. 25, 3. nóvbr. 1915, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin samkvæmt 3. gr. nefndra laga 500 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi 30 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan 30 daga frá birtingu þessa dóms.

Ákvæði lögreglurjettardómsins um upptöku á áhöldum og ílátum við tilbúning áfengisins og á hinu ólöglega tilbúna áfengi staðfestist.

Svo greiði kærði allan kostnað sakarinnar bæði í hjeraði og fyrir hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 100 kr. til hins fyrnefnda og 80 kr. til hins síðarnefnda.

Við rannsókn málsins er það að athuga, að rannsóknardómarinn hefir eigi látið rannsaka alkoholmagn í bruggi því, er fanst hjá kærða við hina síðari húsrannsókn 11. júní f. á. og að vitnið Gísli Davíðsson hefir eigi verið borinn saman við kærða eða vitni þetta látið staðfesta framburð sinn með eiði.

Því dæmist rjett vera:

Kærði Höskuldur Eyjólfsson greiði 500 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi 30 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan 30 daga eftir birtingu dóms þessa.

Ákvæði lögreglurjettardómsins um upptöku á áhöldum og ílátum við tilbúning áfengisins og á hinu ólöglega tilbúna áfengi staðfestist.

Svo greiði kærði allan kostnað sakarinnar bæði í hjeraði og fyrir hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, hæstarjettarmálflutningsmannanna Björns P. Kalman og Sveinbjörns Jónssonar, 100 kr. til hins fyrnefnda og 80 kr. til hins síðarnefnda.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Síðasta vetrardag var kærður Höskuldur Eyjólfsson bóndi í Saurbæ í Villingaholtshreppi á ferð á Eyrarbakka og með honum nágranni hans einn. Bar hann poka fyrir kærðan, er hann ljet af sjer hjá útikofa einum á Bakkanum, en með því að talsverður grunur lá á kærðum um að hann bruggaði áfengi, vakti þetta athygli manna. Var hreppstjóra sagt til þess, hvar pokinn hafði verið látinn og fann hann í kofanum poka og í honum körfuriðinn glerbrúsa, er tekur alt að því 10 lítra, og gutlaði á honum. Á meðan hreppstjóri aðgætti pokann í útikofanum bar eigandi kofans heymeis fyrir kærðan úr kofanum og skildi hann eftir hjá húsi sínu. Strákar, sem þar voru á stjái, forvitnuðust um heymeisinn og fundust þar í flöskur; var hreppstjóra gert aðvart og og svo hvorttveggja afhent rjettinum. Í heymeisnum reyndust vera 4 heilflöskur fullar, hálfflaska hálffull og fult glas ferstrent sem tók á að giska $^1/_2$ lítra. Var gengið úr skugga um, að á ílátum þessum væri all sterkt áfengi. Aftur reyndist, eftir ítrekaða rannsókn, fúlt vatn vera á brúsanum, en ramman ódaun hafði lagt af honum.

Við húsrannsókn, sem gerð var á heimili kærðs, fundust tvær olíutunnur með bruggi í, önnur hjer um bil hálf, en á hinni var lögurinn 21 cm. á dýpt. Ennfremur fanst þar lögg af áfengi á flösku. Loks fanst þar syrpípa með 4 hringbugum, er sjáanlega

var ætlað til afnota við brugggerðina. Við síðari húsrannsókn varð bert, að ákærður hafði haldið bruggiðju sinni áfram.

Bruggið reyndist við rannsókn, er rannsóknarstofan hefir gert 9,5 % af alkoholi að rúmmáli í annari tunnunni en 0,9 % í hinni — enda ekki fullgerjað, — en í flöskunni reyndist 51 %.

Ákærður hefir játað, að hann hafi búið til bruggið, en ætlaði það til að fóðra hesta sína, drukkið sjálfur eitthvað af því, en hvorki selt nje gefið. Eyrpípuna þykist hann hafa fundið á víðavangi og flöskuna, sem löggin var í, sömuleiðis. Hinsvegar neitar hann algjörlega, að glerbrúsinn hafi verið í heypoka þeim, er hann hafði meðferðis og samferðamaður hans skilaði af sjer, og sömuleiðis neitar hann, að flöskurnar í heymeisnum hafi verið frá honum. Með samstæðum vitnisburðum og öðrum gögnum er þó ferill heypokans og áfengisflaskanna rakinn til kærðs svo að nægilegar sannanir eru fram komnar fyrir því, að hvorttveggja hafi verið í hans vörslum, og áfengið árangur af bruggiðju hans.

Samkvæmt ofangreindu hefir kærður gerst brotlegur gegn 1. gr. laga um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja nr. 25/1915 og virðist hegning hans, sem er lögráða maður og eigi hefir áður verið kærður fyrir lagabrot, hæfilega ákveðin 300 kr. sekt er renni í ríkissjóð. Verði hún eigi greidd innan 14 daga frá birtingu dómsins, skal hún afplánuð með 30 daga einföldu fangelsi. Öll áhöld til brugggerðarinnar og ílát, svo og áfengi það, sem í reyndist meira en $2^1/_4$ % af alkohol, skulu upptæk og andvirðið renna í ríkissjóð. Svo greiði og kærður allan af sökinni leiðandi kostnað.

Um leið og tekið er fram, að borið verður undir dómsmálaráðuneytið, hvort höfða skuli sakamál gegn kærðum fyrir illa meðferð á fundnu fje, vottast að á rekstri málsins hefir eigi orðið óhæfilegur dráttur.

Mánudaginn 31. jan. 1927.

Nr. 68/1926. **A/S. Conrad Boe Ltd.** (Guðm. Ólafsson)
gegn
Ingvari Ólafssyni f. h. H. P. Duus
(L. Fjeldsted).

Biðdagabætur.

Dómur sjódóms Reykjavíkur 15. júlí 1926:

Stefndur, Ingvar Ólafsson f. h. H. P. Duus verslunar, á að

vera sýkn af kröfum stefnandans, Guðm. Ólafssonar f. h. firmans A/S. Conrad Boe Ltd., í þessu máli.

Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstarjettar.

Áfrýjandi hefir ekki gegn neitun stefnda fært sannanir fyrir því, að skip það, er ræðir um í málinu, hafi getað afhent 400 smálestir af kolum á dag; þvert á móti er það upplýst, að hjer í Reykjavík, þar sem skipið lá við bólverk, hafi verið skipað upp úr því 541 smálest á $20^1/_2$ kl stund, og þar sem ekki sjest að skipstjóri hafi fundið að því að móttaka kolanna hafi gengið treglega, verður að gera ráð fyrir, að skipið hafi ekki getað afhent meira en rúmar 300 smálestir á dag, er það lá í rólegri höfn við bólverk. Hinsvegar verður að álíta, að skipið hafi ekki getað afhent jafnmikið á höfn eins og Keflavík, sem er óvarin og uppskipunin verður að fara fram við skipshlið í uppskipunarbáta, enda hefir umboðsmaður áfrýjanda í málflutningi sínum hjer fyrir rjettinum lýst yfir því, að hjer að lútandi ákvæði í 15. gr. farmsamningsins eigi að skilja svo, að taka beri tillit til viðtakanda og tækja þeirra, er fyrir hendi eru á uppskipunarstað, sem til farmflytjanda.

Með tilliti til þessarar skýringar og hinsvegar til þess, að móttakandi farmsins í Keflavík í brjefi dags. 7. okt. 1924, er lagt hefir verið fram í hæstarjetti, hefir viðurkent að affermingin hafi part úr þeim degi gengið seinna en farmflytjandi mátti búast við, þykir hæfilegt að gera ráð fyrir, að farmflytjandi hafi mátt gera kröfu til að affermdar væru 150 smálestir á sólarhring. — Eftir þessu hefði mátt ganga til affermingarinnar í Reykjavík 1 dagur og

17 kl.stundir og í Keflavík 2 dagar og 4 stundir eða alls samtals 93 kl.stundir.

Skipið kom til Reykjavíkur að kvöldi hins 5. okt. 1924, og daginn eftir kl. 10 f. h. fjekk skipið fyrirskipun frá umboðsmanni skipsins um að fara til Keflavíkur, að því er virðist eftir samkomulagi milli hans og farmmóttakanda, og kom þar kl. hálfeitt e. h. Uppskipunin byrjaði þar kl. $2^1/_2$, og verður ekki álitið að biðdagar skipsins hafi byrjað fyr en um leið og affermingin hófst. Skipið var fullaffermt í Reykjavík kl. 10 að kvöldi þess 11. s. m.; hafa þannig liðið $127^1/_2$ kl.stund frá því afferming byrjaði í Keflavík þar til henni var lokið í Reykjavík. Frá þessum $127^1/_2$ kl.stund ber að draga þá 11 tíma, er skipið lá í Keflavík eftir affermingu þar var lokið, að viðbættum 4 tímum, er skipið var á leið frá Keflavík til Reykjavíkur og loks $2^1/_2$ tíma, er ætla má að tekið hafi að flytja skipið af ytrihöfn að bólverki og hefir þá gengið til affermingarinnar alls 110 kl.stundir. Hefir skipið þá rjett til biðdagabóta fyrir 17 kl.stundir á £ 0- 12- 6 = £ 10- 12- 6 með 6 % ársvöxtum frá stefnudegi 16. sept 1925.

Eftir atvikum þykir rjett að málskostnaður bæði í hjeraði og í hæstarjetti falli niður.

Málflutningsmaður stefnda hefir alls fengið 20 sinnum frest í hjeraði samtals í 35 vikur og að eins notað þá fresti til að skila 3 stuttum varnarskjölum. Verður að átelja þann drátt á málinu.

Því dæmist rjett vera:

Stefndur Ingvar Ólafsson f. h. H. P. Duus greiði áfrýjanda A/S. Conrad Boe Ltd. £ 10- 12- 6 með 6 % ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags.

Málskostnaður í báðum rjettum fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir sjódóminum með stefnu útgefinni 17. september f. á. af Guðm. Ólafssyni hrm. hjer í bænum f. h. firmans A/S. Conrad Boe Ltd., í Oslo, gegn Ingvari Ólafssyni f. h. H. P. Duusverslunar hjer í hænum, til greiðslu £ 47-10-0 með 6 % ársvöxtum frá 11. október 1924 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Undir rekstri málsins hefir stefnandi fært dómkröfu sína niður um sh. 12-6.

Stefndur hefir principaliter krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda í málinu og málskostnaðar hjá honum eftir mati rjettarins. Til vara hefir hann krafist þess, að hin umstefnda upphæð verði lækkuð.

Málavextir eru þeir, að með farmsamningi dagsettum í Kaupmannahöfn, 17. september 1924, rituðum á ensku, tókst A/S. Conrad Boe Ltd. á hendur að flytja kolafarm á e/s. „Ole Aarvald" frá Methil til Reykjavíkur og Keflavíkur og er svo ákveðið í samningnum, (§ 5 B) að: The cargo to be loaded in 84 running hours (noon Saturday to 6 a.m. Monday, colliery and docks hoolidays, and until 6 a. m. on the day following such holliday excepted, unless used). Um uppskipun er hinsvegar ákviðið (§ 15) að móttakandi skyldi taka við farminum á ákvörðunarhöfnum við skipshlið án kostnaðar og áhættu fyrir skipið, eins fljótt og skipstjórinn gæti afgreitt farminn (as fast as the captain can deliver) og skyldi móttakandi greiða £ 0-12-6 í biðdagabætur fyrir hverja klukkustund, sem uppskipun farmsins drægist fram yfir þann tíma.

Stefnandi heldur því fram, að skipið hafi getað afhent 400 smálestir á sólarhring og þar sem farmurinn hafi verið 868 smálestir, hefði uppskipuninni átt að vera lokið á 50 klukkustundum. Skipið hafi hinsvegar komið til Reykjavíkur 6. október 1924 að morgni og uppskipunin eftir farmsamningnum átt að teljast byrja kl. 1 síðdegis s. d., en skipið ekki verið affermt að fullu fyr en kl. 10 að kvöldi 11. október. Uppskipunin hafi því tekið 129 klukkustundir eða 79 klukkustundum lengri tíma en þurft hefði, ef uppskipunin hefði gengið eins fljótt og skipið gat afhent farminn. Frá þessum tíma dregur stefnandi 3 klukkustundir, sem

gengu til ferðarinnar milli Reykjavíkur og Keflavíkur, en gerir kröfu til biðdagabóta fyrir 76 klukkustundir á sh. 12-6 eða £ 47-10-0. Eins og að framan greinir hefir stefnandi þó fært þessa upphæð niður um sh. 12-6 með því að hann hefir samþykt, að uppskipunartíminn hafi ekki byrjað fyr en kl. 2 síðdegis 6. október.

Við þennan útreikning stefnanda er það að athuga, að þótt skipið hefði getað skilað 400 smálestum af farminum á sólarhring eða $16^2/_3$ smálest á klukkustund að meðaltali, hefði uppskipunin á 868 smálestum þó tekið 52 klukkustundir og er því dómkrafan £ 1-5-0 of há frá hans sjónarmiði.

Stefndur byggir sýknukröfu sína á því, að þar sem í farmsamningnum sje svo ákveðið, að viðtakandi eigi að taka við farminum eins fljótt og skipið geti afgreitt, þá sje vitanlega miðað við þá höfn, sem skipa á farminum í land á, og nú sje svo háttað á þeim stöðum, sem hjer um ræðir, að skip á stærð við „Ole Aarvald", geti ekki skilað meiru en 300 smálestum á sólarhring í Reykjavík og 100 smálestum í Keflavík, en reiknað á þann hátt, verði affermingartíminn $125^1/_2$ klukkustund og sje því ekki um neinar biðdagabætur að ræða. Hann hefir og ómótmælt haldið því fram, að farmgjaldið fyrir þær c. 350 smálestir, sem skipað var í land í Keflavík, hafi verið c. 1700 shillings hærra en venjulegt farmgjald á kolum á þeim tíma til Reykjavíkur og hafi sú hækkun verið gerð með tilliti til þess, hve uppskipunin væri erfið í Keflavík.

Rjettinum þykir nú ekki sennilegt, að með ákvæði farmsamningsins um, að við farminum skuli tekið „eins fljótt og skipstjóri geti afgreitt hann", sje átt við það, að ákveðin smálestatala sje affermd á dag, án tillits til þess, hvernig ástatt sje á hverjum stað, því þá mundi affermingartíminn í farmsamningnum hafa verið ákveðinn beint í klukkustundatali eins og fermingartíminn. Til þess bendir og það, að hærra farmgjald er reiknað fyrir kol þau, sem skipað var í land í Keflavík en hjer í bænum. Rjetturinn verður hinsvegar að líta svo á, að með hinum tilvitnuðu orðum hafi farmflytjandi viljað tryggja sjer það, að affermingin gengi svo greiðlega, sem búast mætti við á affermingarstöðunum, en hverjir þeir voru, vissi farmflytjandi fyrir fram. Eftir upplýsingum þeim, sem fyrir liggja í málinu, verður rjetturinn að álíta, að afferming skipsins „Ole Aarvald" hafi gengið svo fljótt bæði hjer og Keflavík, sem búast mátti við og venjulegt er, og þykir affermingartíminn, eins og hann varð, ekki lang-

ur samanborið við fermingartíma þann, sem skipinu var ætlaður í Methil (84 klukkustundir) í farmsamningnum.

Telur rjetturinn því, að sýkna beri stefndan af kröfum stefnanda í málinu, en eftir öllum atvikum þykir rjett, að málskostnaður í því falli niður.

Mánudaginn 31. jan. 1927.

Nr. 61/1926. **Carl Schiöth**
gegn
H. Benediktsson & Co.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Carl Schiöth, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti. — Svo greiði hann og stefnda, H. Benediktsson & Co., er hefir látið mæta í málinu, 50 kr. í ómaksbætur, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 31. jan. 1927.

Nr. 73/1926. **Jóhannes Jóhannesson**
gegn
Guðrúnu Eiríksdóttur.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jóhannes Jóhannesson, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Mánudaginn 31. jan. 1927.

Nr. 76/1926. **Eyjólfur Ásberg**
gegn
H.f. Dvergur.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Eyjólfur Ásberg, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Mánudaginn 7. febr. 1927.

Nr. 2/1927. **Sigurður Sigurðsson og Jón H. Þorbergsson** (Björn P. Kalman)
gegn
Búnaðarfjelagi Íslands (Pjetur Magnússon) **og atvinnumálaráðh. Magnúsi Guðmundssyni.** (Enginn).

Um lögmæti skipunar 2ja manna 15. maí 1926 í stjórn Búnaðarfjelags Íslands.

Úrskurður fógetarjettar Reykjavíkur 6. jan. 1927: Hin umbeðna innsetningargjörð á ekki fram að ganga.

Dómur hæstarjettar.

Auk þess sem gjörðarbeiðandi í hjeraði, Sigurður Sigurðsson, hefir áfrýjað fógetarjettarúrskurðinum til þess að fá hann feldan úr gildi og lagt fyrir fógeta Reykjavíkur að framkvæma hina umbeðnu innsetningargjörð, þá hefir Jón H. Þorbergsson, bóndi á Bessastöðum, sem varamaður í stjórn Búnaðarfjelags Íslands einnig áfrýjað úrskurðinum sem meðal-

göngumaður og krafist þess, að forsendur úrskurðarins, að því er þær taka til varamannanna í stjórn búnaðarfjelagsins, verði úr gildi feldar og ennfremur, að með þessum dómi verði viðurkendur rjettur hans til þess að eiga sæti í stjórn búnaðarfjelagsins. En um þennan síðari lið kröfu meðalgöngumannsins hefir ekki verið úrskurðað af fógeta og hún önnur en krafa aðaláfrýjanda, og verður því ex officio að vísa þessum lið kröfunnar frá hæstarjetti

Atvinnumálaráðherra Magnús Guðmundsson, er einnig hefir verið stefnt fyrir hæstarjett, hefir ekki mætt eða látið mæta. En af hálfu hinna aðiljanna allra hefir verið mætt og er það sameiginleg ósk þeirra, að endanlegur dómur verði nú þegar lagður á málið að efni til.

Í 2. gr. jarðræktarlaganna 20. júní 1923 er svo ákveðið, að atvinnumálaráðherra skuli útnefna meiri hluta í stjórn Búnaðarfjelags Íslands meðan fjelagið fer með mál þau, sem því eru falin í lögunum. Samkvæmt þessu lagaákvæði útnefndi atvinnumálaráðherrann með brjefi dags. 25. apríl 1924 þá Tryggva Þórhallsson og Valtý Stefánsson sem aðalmenn í stjórn fjelagsins og tvo varamenn með þeim. Segir í skipunarbrjefinu, að þeir sjeu útnefndir »þangað til öðruvísi kann að verða ákveðið«. Samkvæmt þessu orðalagi skipunarbrjefsins var skipunin ótímabundin, jafnt aðalmannanna sem varamannanna og var það eðlilegt eins og á stóð og ekki í ósamræmi við 2. gr. jarðræktarlaganna. Atvinnumálaráðherrann hafði því óbundnar hendur um það hve lengi skipunin skyldi standa og gat breytt henni ef ástæður væru til. Þetta gjörði hann með nýju skipunarbrjefi dags 15. maí 1926, er hann samkvæmt tillögu landbúnaðarnefnda Alþingis skipaði Tryggva Þórhallsson og

Magnús Þorlákssson í stjórn fjelagsins og tvo varamenn ásamt þeim, enda höfðu þeir Tryggvi Þórhallsson og Valtýr Stefánsson áður lýst því yfir, að að þeir mundu sætta sig við að útnefning færi fram af nýju. Með þessari nýju útnefningu var eldri útnefningin, einnig útnefning varamannanna, feld úr gildi og verður því að líta svo á, að þeir Tryggvi Þórhallsson og Magnús Þorlákssson hafi verið löglega kjörnir meðlimir stjórnar Búnaðarfjelags Íslands, er þeir mættu á stjórnarnefndarfundi fjelagsins 19. maí f. á., þar sem ákvörðun var tekin um, að segja áfrýjanda Sigurði Sigurðssyni upp búnaðarmálastjórastöðunni. Og með því ennfremur að það er ekki vjefengt, að stjórn búnaðarfjelagsins hafi haft vald til að segja búnaðarmálastjóra upp stöðunni, þá verður þegar af þessum ástæðum og að öðru leyti með skírskotun til hins áfrýjaða fógetarjettarúrskurðar að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rjett, að áfrýjendur greiði stjórn Búnaðarfjelags Íslands málskostnað í hæstarjetti, er ákveðst 300 kr., og greiði Sigurður Sigurðsson þar af 200 kr. en Jón H. Þorbergsson 100 kr.

Því dæmist rjett vera:

Kröfu Jóns H. Þorbergssonar um að viðurkendur verði rjettur hans til að eiga sæti í stjórn Búnaðarfjelags Íslands vísast frá hæstarjetti.

Hinum áfrýjaða fógetarjettarúrskurði skal óraskað.

Áfrýjendurnir greiði stjórn Búnaðarfjelags Íslands málskostnað fyrir hæstarjetti, Sigurður

Sigurðsson 200 kr. og Jón H. Þorbergsson 100 kr. að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Í máli þessu hefir gjörðarbeiðandi, Sigurður Sigurðsson, búfræðingur hjer í bænum, beiðst þess, að hann með fógetavaldi væri settur inn í skrifstofur Búnaðarfjelags Íslands í Lækjargötu nr. 14, hjer í bænum og honum veittur aðgangur að bókum fjelagsins og skjölum og öllum eignum þess, svo að hann geti fullnægt skyldum sínum sem búnaðarmálastjóri Búnaðarfjelags Íslands samkvæmt lögum þess. Byggir gjörðarbeiðandi þessa beiðni sína á því, að hann 7. ágúst 1923 hafi af þáverandi stjórn Búnaðarfjelagsins verið ráðinn búnaðarmálastjóri þess frá 1. s. m. að telja með sex mánaða uppsagnarfresti af beggja hálfu og uppsögnin bundin við áramót. Launakjör búnaðarmálastjóra hafði Búnaðarþingið ákveðið og að öðru leyti var gjörðarbeiðandi ráðinn í stöðuna samkvæmt lagaákvæðum Búnaðarfjelagsins, og kveður hann sig þá þegar hafa tekið að starfa hjá fjelaginu. Hins vegar kveður gjörðarbeiðandi að ákveðið hafi verið á stjórnarfundi í Búnaðarfjelaginu 19. maí f. á. að segja sjer upp stöðunni frá 1 júní f. á. að telja, þó svo, að hann hjeldi umsömdum launum til síðustu áramóta. Lítur gjörðarbeiðandi svo á, að meiri hluti þeirra manna sem sögðu honum upp stöðunni sem búnaðarmálastjóra Búnaðarfjelags Íslands, hafi verið ólöglega kosnir og skipaðir í stjórn Búnaðarfjelagsins og því ekki bærir um að segja honum upp stöðunni; uppsögnin sje því markleysa og hann enn búnaðarmálastjóri samkvæmt ráðningunni frá 7. ágúst 1923, en þar sem honum hefir verið meinað að rækja starf sitt sem búnaðarmálastjóri og verið neitað um greiðslu launa frá 1. þ. m. að telja, sneri hann sjer til fógetarjettarins 3. þ. m. og hefir framsett kröfu þá, er að framan greinir.

Settur búnaðarmálastjóri Búnaðarfjelags Íslands, Metúsalem Stefánsson og stjórn fjelagsins, þeir Tryggvi Þórhallsson, ritstjóri, Magnús Þorláksson, sjálfseignarbóndi á Blikastöðum í Mosfellssveit og Vigfús Einarsson, stjórnarráðsfulltrúi, sem gegnir stjórnarstörfum í fjelaginu sem varamaður Odds Hermannssonar, skrifstofustjóra í fjarveru hans, hafa mótmælt því að hin umbeðna innsetningargjörð nái fram að ganga.

Í 10. gr. laga Búnaðarfjelags Íslands, sem gengu í gildi 9. apríl 1923, er svo ákveðið um stjórn fjelagsins:

„Búnaðarþingið kýs einn mann og varamann í stjórn fjelagsins, en stjórnarráð Íslands skipar eftir tillögum landbúnaðarnefnda Alþingis, tvo menn og varamenn í stjórnina. Kosningin gildir til fjögra ára. Ganga stjórnarnefndarmennirnir úr stjórninni til skiftis. Annaðhvort Búnaðarþingsár víkur stjórnarnefndarmaður þess sæti, hitt Búnaðarþingsárið hinir stjórnarskipuðu nefndarmenn".

Í sambandi við þetta ákvæði var svo fyrir mælt í „Ákvæðum til bráðabirgða":

„Hlutkesti ræður hver eða hverjir stjórnarnefndarmenn ganga fyrst úr stjórninni (sbr. 10. gr.) og fer fram á Búnaðarþingi".

Hinn 18. febrúar 1925 var sú breyting gerð á 10. gr. fjelagslaganna, að kjörtímabil stjórnarnefndarmannanna var fært niður í tvö ár og ákvæðin um úrgöngu nefndarmanna úr stjórninni voru feld burtu.

Ennfremur segir svo í 2. gr. jarðræktarlaga nr. 43/1923, sem öðluðust gildi 1. júlí s. á.:

„Meðan Búnaðarfjelag Íslands fer með mál þau, sem því eru falin í lögum þessum, útnefnir atvinnumálaráðherra meiri hluta í stjórn þess, eftir tillögum landbúnaðarnefnda Alþingis".

Með skírskotun til þessa lagaákvæðis og að fengnum tillögum landbúnaðarnefnda Alþingis 1924 skipaði svo atvinnumálaráðherra þá ritstjórana Valtý Stefánsson og Tryggva Þórhallsson til að vera stjórnarnefndarmenn í Búnaðarfjelagi Íslands þangað til öðruvísi kann að verða ákveðið, og þá Magnús Einarsson, dýralækni, og Jón H. Þorbergsson, bónda á Bessastöðum, sem varamenn þeirra í sömu röð og tilkynti stjórn Búnaðarfjelagsins þessa skipun í brjefi dags. s. d., sem lagt hefir verið fram í þessu máli í notarialiter staðfestu eftirriti. Hins vegar hafa sjálf skipunarbrjef mannanna ekki verið lögð fram í málinu, en það hefir ekki verið vjefengt, að þau hafi verið í samræmi við tilkynninguna til Búnaðarfjelagsstjórnarinnar.

Á Búnaðarþingi 14. febrúar 1925 var varpað hlutkesti um það, hvort hinn Búnaðarþingskjörni eða hinir tveir Alþingiskjörnu meðlimir stjórnar Búnaðarfjelagsins skyldu ganga úr fjelagsstjórninni og kom upp hlutur hins Búnaðarþingskjörna meðlims og kaus Búnaðarþingið fáum dögum síðar Odd Hermannsson, skrifstofustjóra í stjórnina af sinni hálfu, en varamann hans Vigfús Einarsson, stjórnarráðsfulltrúa.

Þar sem eigi var ákveðið kjörtímabil hinna stjórnskipuðu meðlima fjelagsstjórnarinnar, sneru þeir ritstjórarnir Valtýr Stefánsson og Tryggvi Þórhallsson sjer í marsmánuði 1926 til landbúnaðarnefnda Alþingis, bentu þeim á vafann í þessu efni, og tjáðu sig fúsa til að sæta því, að þeir gerðu á ný tillögur um skipun stjórnskipuðu meðlima stjórnarinnar. Á þetta fjellust nefndirnar og atvinnumálaráðherra og 15. maí 1926 skipaði hann með skírskotun til 2. gr. jarðræktarlaganna og eftir tillögum nefndanna þá sjera Tryggva Þórhallsson, ritstjóra og Magnús óðalsbónda Þorláksson á Blikastöðum til að vera stjórnarnefnarmenn í Búnaðarfjelagi Íslands um næstu 2 ár og þá Jón H. Þorbergsson, óðalsbónda á Bessastöðum og Valtý Stefánsson, ritstjóra, sem varamenn þeirra í sömu röð og tilkynti stjórn Búnaðarfjelagsins skipunina í brjefi dagsettu sama dag, sem lagt hefir verið fram í málinu í staðfestu eftirriti.

Þessir menn, ásamt hinum Búnaðarþingskjörna stjórnarnefndarmanni eða varamanni hans, hafa síðan skipað Búnaðarfjelagsstjórnina og tóku á stjórnarnefndarfundi 19. maí þ. á. ákvörðunina um að segja gjörðarbeiðanda upp stöðu hans frá 1. júní f. á. að telja, þó svo, að honum yrðu greidd umsamin laun til áramóta.

Gjörðarbeiðandi lítur nú svo á, að menn þeir og varamenn sem skipaðir voru í stjórn Búnaðarfjelagsins af atvinumálaráðherra 25. apríl 1924, hafi samkvæmt hinni hjer að framan tilgreindu 10. gr. búnaðarfjelagslaganna, eins og hún var þá, verið skipaðir til fjögra ára. Tillögur landbúnaðarnefndar um nýja skipun og skipun atvinnumálaráðherra á mönnum í stjórnina 15. maí 1926 þegar V. St. og Tr. Þ. hættu störfum í stjórninni eftir skipuninni frá 25. apríl 1924, hafi verið ólögleg af því, að þá hafi varamenn þeirra, Magnús Einarsson og Jón H. Þorbergsson, átt að taka sæti þeirra í stjórninni og skipa hana þar til kjörtímabil þeirra væri á enda, árið 1928. Ný tilnefning og skipun hefði því aðeins getað farið fram, að varamennirnir hefðu einnig samtímis aðalmönnunum lagt niður umboð sitt, eða sagt af sjer, eða þeim verið vikið frá, en því sje ekki þannig farið, og hefir hann lagt fram í málinu yfirlýsingu dags. 31. desember f. á. frá Jóni Þorbergssyni um það, að svo hafi ekki verið um hann. Telur gjörðarbeiðandi því meiri hluta þeirra manna sem Búnaðarfjelagsstjórnina hafa skipað síðan um miðjan maí síðastliðinn, hafa verið ólöglega í stjórnina kosna og skipaða, uppsögn stjórnarinnar á stöðu hans frá 19. maí f. á. því markleysu og sig enn

búnaðarmálastjóra Búnaðarfjelags Íslands samkvæmt ráðningunni frá 7. ágúst 1923.

Af hálfu gjörðarþola er því haldið fram, að fógetarjetturinn sje ekki bær um að skera úr ágreiningsefni þessa máls. Það sje viðurkent að atvinnumálaráðherra eigi að skipa meiri hluta stjórnar Búnaðarfjelagsins og að þeir Tr. Þ. og M. Þorl. hafi fengið skipunarbrjef frá honum 15. maí 1926, til þess að skipa stjórnina næstu tvö ár. Deilan sje því aðeins um það, hvort atvinnumálaráðherra hafi með skipuninni farið út fyrir embættistakmörk sín, en til þess að fá skorið úr því verði málið eftir hlutarins eðli að rekast fyrir hinum almennu dómstólum en ekki fyrir fógetarjetti.

Á þetta verður þó ekki fallist.

Eftir 56. gr. stjórnarskrár konungsríkisins Ísland frá 18. maí 1920 ber dómendum bæði rjettur og skylda til að skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Eftir íslenskum lögum er fógetavaldið einn þáttur dómsvaldsins, sem eftir 2. gr. stjórnarskrárinnar er hjá dómendum. Orðið dómendur í 56. greininni ber því að skilja svo að þar til teljist allir liðir dómsvaldsins, einnig fógetavaldið.

Þá er því og haldið fram af hálfu gjörðarþola, að eftir 2. gr. jarðræktarlaganna sje atvinnumálaráðherra einráður um það, hvort hann skipi menn í Búnaðarfjelagsstjórnina til ákveðins tíma eða óákveðins og samkvæmt því hafi skipunin frá 25. apríl 1924 verið um óákveðinn tíma: „Þangað til öðruvísi kann að verða ákveðið". Atvinnumálaráðherra sje á engan hátt bundinn við lög Búnaðarfjelagsins, sem sje innanfjelagssamþyktir, og geti á engan hátt breytt landslögum (jarðræktarlögunum). Landbúnaðarnefndir og ráðherra hafi því getað gert nýja skipun á Búnaðarfjelagsstjórninni þegar þeim kom saman um það eftir skipunina 25. apríl 1924 og sje því skipunin frá 15. maí 1926 í alla staði lögleg og uppsögnin frá 19. maí sömuleiðis, enda virðist gjörðarbeiðandi hafa litið svo á hingað til, því hann hafi engum mótmælum hreyft gegn uppsögninni við Búnaðarfjelagsstjórnina í rúma 7 mánuði, sem á þeim rökum væru bygð, heldur hafi hann jafnan staðhæft að þær sakir væru ekki á hendur sjer, er rjettlættu uppsögnina. Hann hafi ekki hreyft neinum andmælum gegn skipun stjórnarinnar á síðasta aðalfundi fjelagsins, og loks hafi gjörðarbeiðandi að honum sjálfum viðstöddum og án andmæla frá hans hálfu verið kosinn þingmaður á Búnaðarþing á síðasta aðal-

fundi Ræktunarfjelags Norðurlands, en sú staða sje ósamrýmanleg búnaðarmálastjórastöðunni.

Rjetturinn verður nú að líta svo á, að atvinnumálaráðherra hafi viljað — hvort sem honum var það skylt eða ekki — samræma skipanir sínar í stjórn Búnaðarfjelagsins sem mest við lög fjelaglagsins og því hafi hann haft skipunina frá 25. apríl 1924 um óákveðinn tíma, en ekki um 4 ár, eins og 10. gr. búnaðarfjelagslaganna eins og hún var þá, mælti fyrir, því það hefði getað komið í bág við það ákvæði sömu greinar, að hinir stjórnskipuðu stjórnarmenn skyldu fara frá annað Búnaðarþingsárið, en Búnaðarþingskjörni stjórnarmaðurinn hitt og bráðabirgðarákvæði laganna um það, að hlutkesti á Búnaðarþingi skyldi skera úr, hvorir færu frá hvort Búnaðarþingsárið, því vel gat svo farið, að hlutur hinna stjórnskipuðu kæmi upp við hlutkestið, er ekki fór fram fyrri en á Búnaðarþinginu 1925, þótt sú yrði ekki raunin á, en þá hefði skipunin frá 25. apríl um 4 ára kjörtímabil komið beint í bág við hina sömu grein Búnaðarfjelagslaganna. Þetta virðist viðurkent af umboðsmanni gjörðarbeiðanda sbr. þessi ummæli hans, er hann hefir látið bóka: „Ráðherra gat því ekki tiltekið kjörtímabil, þar sem ekki var vitað fyrirfram hvor hlutur kæmi upp".

Atvinnumálaráðherra var því í sínum fulla rjetti og gat ekki annað gert, en að láta skipunina frá 25. apríl 1924, vera um óákveðinn tíma. En af því leiðir aftur, að þeir menn — aðalmenn eða varamenn — sem þá voru skipaðir, öðluðust ekki við skipunina neinn rjett til að skipa stöðurnar neinn ákveðinn tíma — 4 ár eða annan —, heldur urðu að víkja, er ráðherra, eftir tilnefningu landbúnaðarnefnda, skipaði aðra menn í stöðurnar.

Það var og næsta eðlilegt og sýnir vilja ráðherra og landbúnaðarnefnda til að samræma gjörðir sínar í þessu efni sem mest við Búnaðarfjelagslögin, að ný skipun færi fram af hálfu atvinnumálaráðherra í stjórnina vorið 1926, þegar menn þeir, sem skipaðir voru 25. apríl 1924 voru búnir að vera skipaðir í tvö ár, því þá var, eins og tekið hefir verið fram, búið að færa kjörtímabilið eftir 10. gr. Búnaðarfjelagslaganna, niður í tvö ár og og Búnaðarþingið búið að kjósa mann og varamann í stjórnina af sinni hálfu eftir því, og búið var að nema burtu það ákvæði úr greininni, að stjórnendurnir skyldu fara frá til skiftis.

En þótt gjörðarbeiðandi hefði rjett fyrir sjer í því, að skipunin frá 25. apríl 1924 hefði átt að gilda til 4 ára, þá fær rjett-

urinn ekki sjeð, að það hefði bætt aðstöðu hans í þessu máli að neinu leyti.

Varamennirnir hefðu þá að vísu átt rjett á að taka sæti aðalmannanna í stjórninni, ef þeir þá hefðu látið af stjórnarstörfum — en í málinu eru ekki sönnur á það færðar gegn neitun gjörðarþola, að þeir hafi endanlega sagt störfunum af sjer, án tillits til þess, hvort ný skipun færi fram, eða ekki — en aðrir en þeir, hefðu engan rjett átt til þess að vjefengja hina nýju skipun, því skipunin frá 25. apríl 1924 myndaði ekki rjett fyrir aðra til þess að ákveðnir menn væru í stjórn Búnaðarfjelagsins kjörtímabilið út, en hina skipuðu menn. Og þann rjett sinn hefðu varamennirnir orðið að gera gildandi þegar eftir að þeim var orðin hin nýja skipun kunn, því að almannahagur krefst þess, að ekki leiki til lengdar vafi á því, hverjir eru löglegir stjórnendur stofnunar eins og Búnaðarfjelags Íslands er.

Rjetturinn fær því ekki betur sjeð, en að skipun atvinnumálaráðherra í stjórnarstöðurnar í Búnaðarfjelagi Íslands 15. maí 1926 hafi verið fullkomlega rjettmæt, og menn þeir sem sögðu gjörðarbeiðanda upp búnaðarmálastjórastöðunni 19. s. m. því bærir um það. Og þar sem eigi hefir verið fundið annað að uppsöguinni, en að hún hafi komið frá mönnum, sem ekki voru bærir um að segja stöðunni upp, verður ekki hægt að skoða gjörðarbeiðanda lengur sem búnaðarmálastjóra Búnaðarfjelags Íslands og þá ekki veita honum fógetaaðstoð til þess að vera settur inn í þá stöðu.

Miðvikudaginn 9. febr. 1927.

Nr. 79/1926. **Valdstjórnin** (Pjetur Magnússon)
gegn
Karl H. Modersitzki (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögreglurjettar Vestmannaeyja 30. apríl 1926: Kærði Karl H. Modersitzki, á strax að greiða sekt að upphæð kr. 12500,00 til Landhelgissjóðs Íslands. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir svo og allur afli innanborðs í togaranum „Barmbeck“ H.C. 156 frá Cuxhaven, vera upp-

tækt og andvirðið renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Hinn 27. apríl f. á. kom eftirlitsskipið »Fylla« austan með landi; sá hún þá kl. 5 að morgni nokkur botnvörpuskip framundan Hjörleifshöfða, er virtust innan landhelgis. Var þá sett full ferð á skipið og stýrði það í rjettvísandi vestur; kl. 5,20 ætlaði yfirforingi eftirlitsskipsins að það væri statt á 63° 20′ 3″ n. br. og 18° 33′ vestl. lengdar, og sáust þá 5 togarar stjórnborðsmegin og var miðunin til hinna ystu þeirra 273° rjettvísandi. Sigldu allir togaranir út frá landi. Kl. 5,43 var staður skipsins ákveðinn:

Hjörleifshöfði hægri brún rjettvísandi 347°.

Portland klettur vinstri brún rjettv. 284°.

Fimm mínútum síðar kl. 5,48 var staður varðskipsins ákveðinn með hornmælingum þannig:

hornið milli Portlands ysta dranga og Reynisdranga 10°

og milli Reynisdranga og hægri brúnar Hjörleifshöfða 83°.

Við útsetningu á sjókortinu á staðarmiðunum þessum, er fram hefir farið eftir að dómur gekk í hjeraði, hefir það komið í ljós, að staður skipsins kl. 5,43 getur ekki komið heim við staðarathugunina kl. 5,48, og hefir yfirforingi eftirlitsskipsins, í brjefi dags. 8. desbr. f. á., er lagt hefir verið fram í hæstarjetti, skýrt þetta á þann veg, að staður skipsins kl 5,43 sje ekki nákvæmur, þar sem hann hafi ekki verið ákveðinn nema með 2 kompásmiðunum rjett í því að þoku fór að ljetta af landinu. Staðurinn kl. 5,48 er þar á móti ákveðinn með hornmælingum og verð-

ur því að teljast full ábyggilegur og er hann innan landhelgislínunnar.

Samkvæmt skýrslu yfirforingjans á »Fylla« sigldi skipið frá því kl. 5 til kl. 5,48 stöðugt í rjettvísandi vestur og þar sem staður skipsins kl. 5,48 var innan landhelgis, en botnvörpuskip kærða H.C. 156 Barmbeck sást stjórnborðsmegin við eftirlitsskipið frá kl. 5,20 fram undir kl. 5,43 er það eftir staðháttum sannað, að nefnt skip hefir verið innan landhelgis á þessu tímabili. Kærði hefir haldið því fram, að hann hafi dregið vörpu sína úr sjó kl. 7 eftir sinni klukku og kastað henni aftur kl. 7,30 til kl. 7,35 og svarar það til kl. 5,43 eftir íslenskum tíma, og heldur hann því fram, að hann hafi haldið kyrru fyrir þessa $^1/_2$ kl.-stund, en þessi framburður hans er í beinni mótsögn við skýrslu yfirforingjans, er ber það með sjer, að togarinn hefir stöðugt verið á ferð út frá landinu frá kl. 5,20 þar til hann var tekinn fastur kl. 6,18, og var skipið þá eftir mælingu varðskipsins 2 sjómílur fyrir utan landhelgislínuna. Þar sem nú togarinn var með botnvörpu í sjó og lifandi fisk á þilfari, þykir það sannað, að kærði hafi gerst sekur um brot gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920, og með tilliti til þess, að hjer er um brot í fyrsta sinn að ræða, þykir sektin hæfilega ákveðin af undirdómaranum 12500 kr. og komi 7 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa. Ákvæði hins áfrýjaða lögreglurjettardóms um upptöku afla og veiðarfæra og um málskostnað staðfestist. Svo ber kærða að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 200 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Kærði Karl H. Modersitzki á að greiða 12500 kr. sekt til Landhelgissjóðs Íslands eða sæta 7 mánaða einföldu fangelsi verði tektin eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði lögreglurjettardómsins um upptöku afla og veiðarfæra og um málskostnað staðfestast. — Svo greiði kærði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, hæstarjettarmálflutningsmannanna Pjeturs Magnússonar og Jóns Ásbjörnssonar, 200 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Samkvæmt skýrslu foringjans á herskipinu „Fylla", framlagðri í máli þessu, voru athugaðir frá herskipinu kl. 5 að morgni þess 27. þ. m., er það kom að austan með landinu, fimm togarar á stjórnborðshlið. Að 20 mínútum liðnum sáust allir togarnir stefna út á við og þegar klukkan var 5,43 var herskipið samkvæmt mælingum þess statt nálægt Hjörleifshöfða 0,8 úr sjómílu fyrir innan landhelgislínuna samkvæmt þessum miðum:

Hjörleifshöfði hægri brún rjettvísandi 347°,

Portland klettur vinstri brún rjettvísandi 284°

og stýrði herskipið rjettvísandi vestur, en allir 5 togararnir í miðun (Pejling) 270° beint framundan. Samkvæmt því og viðurkenning þess á hvaða svæði þeir voru, hlutu allir togarar þessir þá að vera innan landhelgislínunnar og reyndist síðar samkvæmt sömu skýrslu að einn þeirra var togarinn „Barmbeck" H.C. 156 frá Cuxhaven, sem kærði K. H. Modersitzki, fæddur $^{20}/_{2}$ 1891, er skipstjóri á. En skip þetta var ekki stöðvað fyr en klukkan 6,18 og var þá 2 sjómílur fyrir utan landhelgislínuna og á 180 metra dýpi, með stjórnborðsvörpu í sjó og lifandi fisk á þilfari.

Kærði hefir viðurkent að hafa kastað vörpu sinni til fiskjar

þegar hans klukka var $7^1/_2$, og þar sem það eftir uppgjöf hans á hvað klukka hans var þegar hann var stöðvaður var miðevróputími munar það um 2 klukkustundum á úri „Fyllu“, sem notar íslenskan tíma. Síðan hafi hann togað þangað til hann var stöðvaður, en áður hafi hann dregið vörpuna upp kl. 7 eftir sínum síma. Samkvæmt þessu hefir hann verið með net í sjó til fiskjar kl. 5,43 þegar „Fylla“ tók staðarmælingar og athugaði að hann var fyrir innan landhelgislínuna, enda kemur það sem kærði ber um þetta heim við framburð fyrsta vjelmeistara hans. Kærði hefir samt sem áður neitað því að hafa verið fyrir innan landhelgislínuna á þessum tíma og styður þá neitun sína aðallega við það, að hann hafi verið 0,5—0,7 sjómílu utar en skýrslan ber með sjer, þegar hann var stöðvaður og að dýptarmælingar á stað þeim er skip hans þá var og athugaðar voru af manni frá herskipinu, sýni að staðar-ákvörðun herskipsins um skip sitt þar sje röng, og hann ekki getað komist svo langt með vörpuna á eftir sjer, eins og skýrsla foringja varðskipsins heldur fram. Vjefengir hann á þessum grundvelli aðrar staðarmælingar herskipsins.

Það er tekið fram í áðurnefndri skýrslu herskipsins og er líka kunnugt að dýptarmælingin á þessum slóðum nálægt Hjörleifshöfða, þar sem Kötlutangi myndaðist, eru ekki vegna misdýpis nægilegar til þess að skera úr um hvar skip þar nákvæmlega eru. Það verður því alls ekki bygt svo mjög á dýptarmælingu á skipi kærða þegar hann var stöðvaður eins og hann sjer til varnar vill gera láta. Heldur ekki getur það komið til álita gegn staðar-ákvörðun herskipsins kl. 5,43, enda þótt gert sje ráð fyrir, að kærði hafi á skipi sínu aðeins stýrt frá landi með vörpuna á eftir sjer frá kl. 5,30—6,18 eftir íslenskum tíma, eða 48 mínútur. Því hann gat farið 2 sjómílur á þessum tíma ekki síst með tilliti til þess að gera má ráð fyrir fylstu ferð á skipinu. Auk þess ber skýrsla herskipsins með sjer að skip hans var á ferð 10 mínútum áður.

Samkvæmt þessu verður að telja nægilega sannað í máli þessu að kærði hefir gerst brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum og með tilliti til þess að hjer er um samskonar brot í fyrsta sinn að ræða og með hliðsjón af að dagsgengi krónunnar er nú 81,74 af gullkrónu, þykir refsing honum til handa hæfilega ákveðin sekt að upphæð kr. 12500,00, er greiðist nú þegar og rennur í Landhelgissjóð Íslands.

Auk þess skulu öll veiðarfæri þar með taldir dragstrengir

svo og allur afli innanborðs í áðurnefndum togara vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Loks greiði kærði allan kostnað málsins sem orðinn er og verður.

Föstudaginn 11. febr. 1927.

Nr. 71/1926. **Valdstjórnin** (Pjetur Magnússon)
gegn
Albert G. W. Bojahr (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögreglurjettar Vestmannaeyja 30. apríl 1926: Kærði, Albert G. W. Bojahr á nú þegar að greiða sekt að upphæð kr. 12500,00 til Landhelgissjóðs Íslands. Auk þess skulu öll veiðarfæri þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í togaranum „Hamm" H.C. 152 frá Cuxhaven vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Hinn 27. apríl f. á. kl. 5 að morgni kom varðskipið Fylla er þá taldi sig stadda á 63° 20′ 3″ n. br. og 18° 23′ 5″ v. l. austan með landi og stýrði í rjettvísandi vestur. Sá hún þá nokkra botnvörpunga á stjórnborða framundan Hjörleifshöfða. Virtust þeir í landhelgi og hraðaði hún því ferðinni. Kl. 5,20 taldi hún sig stadda á sama breiddarstigi en á 18° 23′ v. l. Sáust botnvörpungarnir þá enn stjórnborðsmegin frá Fyllu, hinir ystu 273° rjettvísandi, en stefndu þá allir frá landi til hafs. — Kl. 5,43 voru ystu botnvörpungarnir samkvæmt miðunum Fyllu, sem enn stýrði í rjettvísandi vestur, beint framundan henni og hjeldu allir áfram út frá landinu. Nú hafði Fylla

að vísu í þetta skifti miðað við 2 staði á landi, en þær miðanir reyndust ekki síðar nákvæmar. En sú skekkja skiftir ekki raunverulega máli, þar sem það er óvjefengt að Fylla stýrði þá enn í rjettvísandi vestur og að botnvörpungarnir sáust þá beint framundan henni og hún þá innan landhelgi, enda hefir yfirforinginn gert þá grein fyrir skekkjunni á þessum miðunum, sem gerðar voru eftir kompásnum, að þokuslæðingur yfir landinu hafi valdið henni. — Kl. 5,48 var staður Fyllu, sem einnig þá stýrði í rjettvísandi vestur, ákveðinn með hornmælingum: Milli ystu dranga Dyrhóla og Reynisdranga 10° og milli Reynisdranga og hægri brúnar Hjörleifshöfða 83°. Verða þær mælingar að teljast ábyggilegar og staður Fyllu samkvæmt þeim innan landhelgi.

Meðal botnvörpunga þeirra, er Fylla tók þenna morgun, var botnvörpungurinn H.C. 152 Hamm, er kærði stjórnaði. Tók Fylla hann kl. 6,12 með stjórnborðsvörpu í sjó og var hann, sem alt af hafði haldið til hafs frá kl. 5,20, þá samkvæmt hornmælingum Fyllu til Dyrhóla-Háfells 49° 48′ og hægri brúnar Hjörleifshöfða 33° 21′ staddur um 1 sjómílu utan landhelgi, enda játaði kærði fyrir lögreglurjettinum, að hann hefði dregið vörpuna eftir sjer »2 klukkustundir eða svo, áður en hann var stöðvaður«.

Eftir því sem að framan greinir um stefnu Fyllu í rjettvísandi vestur frá kl 5 til kl. 5,48, um afstöðu Hamms til hennar fram undir kl. 5,43, sem og eftir því hversu ástatt var um Hamm, þá er hann var tekinn, er enginn vafi á því að nefndur botnvörpungur hefir verið að landhelgisveiðum nefndan morgun.

Hefir hjeraðsdómarinn því rjettilega heimfært brot kærða undir 1. gr. laga nr. 5/1920 um bann

gegn botnvöpuveiðum. Og þar sem kærði hefir eigi áður verið staðinn að brotum gegn þeim lögum, þykir sektin hæfilega ákveðin í dóminum 12500 kr. og komi 7 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa. Að öðru leyti á lögreglurjettardóminum að vera óraskað. Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda, 200 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Kærði Albert G. W. Bojahr greiði 12500 kr. sekt í Landhelgissjóð Íslands, eða sæti 7 mánaða einföldu fangelsi verði sektin ekki greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Að öðru leyti skal lögregurjettardóminum óraskað.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda, hæstarjettarmálflutningsmannanna Pjeturs Magnússonar og Jóns Ásbjörnssonar, 200 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Samkvæmt skýrslu foringjans á herskipinu „Fylla", lagðri fram í þessu máli, voru kl. 5 að morgni þess 27. þ. m., er herskipið kom vestur og suður með landinu, athugaðir þaðan 5 togarar, sem voru á stjórnborðshlið. Að 20 mínútum liðnum sáust allir togarnir stefna út á við og þegar kl. var 5,43 var herskipið

samkvæmt mælingum þess, statt nálægt Hjörleifshöfða, 0,8 úr sjómílu innan landhelgislínunnar, samkvæmt þessum miðum:

Hjörleifshöfði hægri brún í rjettvísandi 347°,

Dyrhólaklettur vinstri brún í rjettvísandi 284°

og stýrði herskipið þá í rjettvísandi vestur en allir 5 togararnir í miðun (Pejling) 270° beint framundan og á leið út frá landi. Samkvæmt þessu og viðurkenningu þeirra á hvaða svæði þeir voru, hlutu allir togaranir þá að vera fyrir innan landhelgislínuna, og reyndist síðar samkvæmt sömu skýrslu, að einn þeirra var togarinn H.C. 152 „Hamm" frá Cuxhaven, þar sem kærði Albert G. W. Bojahr fæddur 19. apríl 1886, er skipstjóri á. En skip þetta varð ekki stöðvað fyr en kl. 6,12 og reyndist þá samkvæmt staðarmælingum herskipsins 1 sjómílu fyrir utan landhelgina. Hafði það þá stjórnborðsvörpu í sjó.

Kærði hefir viðurkent að hafa verið að toga um það leyti þegar staðarákvarðanirnar voru teknar á herskipinu, kl. 5,43 eða um kl. 7,43 eftir hans úri. En hann hefir samt sem áður neitað að hafa verið fyrir innan landhelgislínuna á þessum tíma, og fullyrðir sakleysi sitt. Neitun sína byggir hann aðallega á því, að hann hafi verið 1,4—1,5 sjómílu fyrir utan landhelgina þegar herskipið stöðvaði hann og að dýpið, sem mælt var þá og athugað af „Fyllu" hafi sýnt að hann var utar þá, en skýrslan ber með sjer. Hafi hann tekið miðanir þegar hann fór að snúa skipinu út á við, og hafi samkvæmt þeim verið 0,7 úr sjómílu fyrir utan landhelgi, og farið út eftir í liðuga hálfa klukkustund með um einnar sjómílu hraða á klukkustund.

Það er tekið fram í hinni framlögðu skýrslu herskipsforingjans, og er líka kunnugt, að dýptarmælingar á þessum slóðum nálægt Hjörleifshöfða, þar sem Kötlutangi myndaðist, eru ekki vegna misdýpis, nægilegar til þess að skera úr um hvar skip þar nákvæmlega eru. — Það verður því alls ekki bygt á dýptarmælingum þegar kærði var stöðvaður gegn staðarmælingum þeim, sem teknar voru. Og þar sem sama skýrsla ber með sjer að kærði bæði var innan landhelgislínunnar kl. 5,43 eftir íslenskum tíma þegar hann togaði, og að hann stefndi frá landi í 52 mínútur að þeim stað, sem hann var stöðvaður á, verða neitanir hans ekki teknar til greina, einnig með tilliti til þess að framburður hans um hraða skipsins þegar það togaði út á við, er nokkuð á reiki, og hann hefir viðurkent að hann kunni að hafa verið meira, en þær 0,8—0,9 úr sjómílu, er hann fyrst hjelt fram í rjettinum.

Samkvæmt þessu verður að álíta nægilega sannað í málinu að kærði hefir gerst brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, og með tilliti til þess að hjer er um samskonar brot í fyrsta sinn að ræða, og með hliðsjón af því að dagsgengi krónunnar er nú 81,74 úr gullkrónu telst refsing hans hæfilega ákveðin sekt að upphæð kr. 12500,00, sem greiðist strax og rennur í Landhelgissjóð Íslands. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í áðurnefndum togara vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Loks greiði kærði allan kostnað málsins sem orðinn er og verður.

Miðvikudaginn 16. febr. 1927.

Nr. 50/1926. **Stefán Th. Jónsson** (L. Jóhannesson)
gegn
Páli Magnússyni f. h. Joh. Ritter
(L. Fjeldsted).

Útaf verslunarviðskiftum.

Dómur gestarjettar Seyðisfjarðarkaupstaðar 3. júní 1925: Stefndi, kaupmaður Stefán Th. Jónsson á Seyðisfirði, greiði stefnandanum Páli Magnússyni, lögfræðing, fyrir hönd Joh. Ritter, Manchester, £ 51-0-5 ásamt 6 % ársvöxtum frá 29. ágúst 1923 til greiðsludags svo og 117 krónur í málskostnað. Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstarjettar með stefnu dags. 31. maí f. á. samkvæmt áfrýjunarleyfi 21. s. m.

Svo sem segir í hinum áfrýjaða gestarjettardómi verður að líta svo á, að áfrýjandi hafi í brjefi dags. 5. des. 1923 viðurkent meginhluta skuldar þeirrar, er ræðir um í máli þessu. Skuldin var því eigi fyrnd

að lögum, er gestarjettarstefnan var birt áfrýjanda 13. mars 1925 og með því að áfrýjandi hefir ekki sannað að hann hafi í tæka tíð borið fyrir sig, að hinum seldu vörum hafi í neinu verið ábótavant, svo sem hann hefir haldið fram og ekki fært rök fyrir því, að bærri upphæðar sje krafist, en hann skuldaði fyrir vörur, er hann hefir viðurkent að hafa fengið frá stefnda, að viðbættum vöxtum, þá ber að staðfesta gestarjettardóminn og verður áfrýjandi þá að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti er ákveðst 200 kr.

Það athugast, að aðfararfrestur samkvæmt gestarjettardóminum átti að vera 3 dagar í stað 15 dagar.

Því dæmist rjett vera:

Gestarjettardóminum skal vera óraskað. — Áfrýjandi Stefán Th. Jónsson greiði stefnda Páli Magnússyni f. h. Joh. Ritter 200 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir Páll Magnússon lögfræðingur fyrir hönd Joh. Ritter, Manchester, höfðað gegn Stefáni Th. Jónssyni kaupmanni á Seyðisfirði til greiðslu á skuld út af verslunarviðskiftum og krafist skuldarupphæðarinnar £ 51-0-5 ásamt 6 % ársvöxtum af upphæð þessari frá 29. ágúst 1923 til greiðsludags svo og málskostnaðar eftir mati rjettarins.

Stefndi krefst hinsvegar að verða sýknaður af þessum kröfum stefnanda og að sjer verði dæmdur hæfilegur málskostnaður. Byggir stefndur sýknukröfu sína aðallega á því að hann viðurkenni ekki skuldina rjetta og að skuldin sje orðin svo gömul, að hún sje fyrnd að lögum.

Út af þessu skal fyrst og fremst tekið fram, að í rjettarskjali nr. 7, viðurkennir stefndi að hafa fengið umræddar vörur frá stefnanda, og að verð þeirra hafi verið, samkvæmt reikningi rjettarskjal nr. 3, £ 41-15-4, en eins og sjest á reikningi þessum er mismunur nefndrar upphæðar og kröfu stefnanda, áfallnir vextir, virðist því stefndi ekki geta bygt sýknukröfu sína á því, að hann viðurkenni ekki skuldina rjetta.

Ennfremur skal það tekið fram, að eigi virðist stefndi heldur geta bygt sýknukröfu sína á því, að skuldin sje orðin fyrnd að lögum, þar eð í brjefi stefnda dags. 5. des. 1923, rjettarskjal nr. 4, liggur bein viðurkenning fyrir skuldinni, sem slitið hefir fyrningu hennar.

Samkvæmt þessu virðist ekki vera hægt að taka kröfur stefnda til greina.

Aftur á móti virðist samkvæmt framanrituðu bera að taka til greina kröfur stefnanda þannig, að stefndi greiði stefnanda umstefnda skuld £ 51-0-5 ásamt 6 % ársvöxtum af upphæð þessari frá 29. ágúst 1923 til greiðsludags, svo og málskostnað er þykir hæfilega metinn 117,00 krónur.

Mánudaginn 21. febr. 1927.

Nr. 22/1926. **Hjörtur Hansson, eigandi Grjóteyrar** (Jón Ásbjörnsson)

gegn

Halldóri Vilhjálmssyni, umráðamanni Hvanneyrareignar

(Lárus Jóhannesson).

Landamerkjamál.

Dómur merkjadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 28. ág. 1925: Hinn umþráttaði Grjótklakkur skal tilheyra Hvanneyrareigninni.

Málsaðilar greiði sinn helming við dómþing hvor, sem eru samtals kr. 90,00. Að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Dóminum að fullnægja innan 3ja sólarhringa frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Stefndi hefir í hæstarjetti bygt kröfu sína, um staðfestingu hins áfrýjaða dóms, aðallega á því, að áfrýjandi hafi h. 8. júlí 1923 munnlega lofað því, að sleppa öllu tilkalli til hins svonefnda Grjóteyrarklakks, sem um er deilt í máli þessu, ef stefndi gæti fært nokkrar líkur fyrir því, að klakkur þessi hafi nokkurntíma heyrt undir Hvanneyrareignina. Með loforði þessu telur stefndi, að áfrýjandi hafi afsalað sjer rjetti til þess, að koma fram með sannanir gegn þeim líkum, er hann kynni að færa fyrir rjetti Hvanneyrar til klakksins, en þær líkur telur hann sig hafa svo að nægi. Enda þótt orð áfrýjanda við umrætt tækifæri, hefðu fallið á þá leið, sem stefndi skýrir frá, þá var stefnda eigi rjett að skilja þau þannig og eigi heldur svo, að áfrýjandi með þeim fjelli frá rjetti sínum til þess að leggja sönnunargögn stefnda undir úrskurð dómstólanna. Verður því að dæma málið eftir þeim gögnum, sem fram eru komin af hálfu beggja aðila.

Af hálfu áfrýjanda hafa verið lögð fram í málinu vottorð 10 manna, sem allir hafa dvalið langdvölum á þessum slóðum, og votta það að þeir hafi jafnan heyrt Grjóteyri eignaðan hinn umþrætta klakk. Auk þess hefir einn maður vottað, að klakkurinn hafi verið umhirtur af föður sínum, er búið hafi á Grjóteyri. Vottorð þessi öll hafa ýmist verið staðfest fyrir rjetti eða tekin gild hjer fyrir rjettinum, sem eiðfest væru. Gegn þessu hefir stefndi vitnað til þess, að eftir því sem skýrt sje frá í Jarðatali J. Johnsens þar sem talað er um Grjóteyri, hafi jarðabók nokkur frá 1804 hermt um hólma nokkurn, en óvíst sje hvort hann heyri undir eyðijörðina Kistu eða Hvanneyrarkirkju sjer í lagi, svo og til þess, að í

fornum máldögum Hvanneyrarkirkju sje þess getið, að kirkjan eigi Arnarhólm, og telur hann að hólmi sá, sem þessar heimildir nefna, sje hinn sami og nú er nefndur Grjóteyrarklakkur. Á þessu verður þó ekkert bygt, þegar af þeirri ástæðu að allar sannanir brestur fyrir því, að heimildir þessar eigi við Grjóteyrarklakk. Þá hefir stefndi lagt fram í málinu vottorð eins manns, er dvaldi í námunda við þrætustaðinn í 9 ár um síðustu aldamót, og nefnir klakkinn Hvanneyrarklakk, segir hann hafa verið talinn eign Hvanneyrar og nytjaðan þaðan. Vottorð þetta hefir verið tekið gilt sem eiðfest væri, en eigi verður talið, að það geti hnekt umgetnum sönnunargögnum áfrýjanda. Loks hefir stefndi vitnað til þess, að Andakílsá, er sje eðlileg landamerki milli Grjóteyrar og Hvanneyrareignarinnar, renni fyrir sunnan klakkinn og Grjóteyrarmegin við hann, en í málinu eru komnar fram sannanir fyrir því, að aðalrensli árinnar hefir áður verið fyrir norðan klakkinn. Af þessum sönnunargögnum er það ljóst, að merkjadómurinn hefir eigi farið að lögum, er hann dæmdi Grjóteyrarklakk undan Grjóteyri og undir Hvanneyrareignina. Verður því samkvæmt 15. gr. landamerkjalaganna að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og vísa málinu heim, og ber merkjadóminum að taka málið upp af nýju.

Í málskostnað í hæstarjetti greiði stefndi áfrýjanda 300 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera ómerkur og vísast málinu heim aftur í hjerað.

Stefndi, Halldór Vilhjálmsson, greiði áfrýj-

anda, Hirti Hanssyni, 300 krónur í málskostnað í hæstarjetti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er risið út af ágreiningi milli umráðamanns Hvanneyrareignarinnar og eiganda jarðarinnar Grjóteyrar, um það hvorri eigninni svonefndur Grjóteyrarklakkur eða klakkur eða hólmi undan Grjóteyri í Kistufirði tilheyri.

Hefir umráðamaður Hvanneyrareignarinnar lagt fram sínu máli til stuðnings útdrátt úr Johnsens jarðatali er segir að „hólmi nokkur, hvar æðarfugl verpi, tilheyri jörðinni Kistu", sem er ein jörð úr Hvanneyrareigninni, „eða Hvanneyrarkirkju sjer í lagi". Auk þess hefir hann lagt fram vottorð um að það hafi orðið samkomulag milli málsaðila, er þeir deildu um landamerki milli Grjóteyrar og Skógarkots, sem er eyðijörð er liggur undir Hvanneyri, að svo framarlega sem umráðamaður Hvanneyrar gæti fært líkur eða gögn að því, að klakkur þessi tilheyrði Hvanneyrareigninni, þá skyldi stefndur sleppa öllu tilkalli til umdeilds klakks. Hefir annar vottorðsgefandi staðfest þetta vottorð fyrir rjetti. Auk þess hefir 1 vitni, Guðmundur sýslumaður Björnsson, borið hið sama og að hann hafi litið svo á, að svo framarlega sem skilríki findust fyrir því, að klakkurinn tilheyrði Hvanneyrareigninni, í Johnsens jarðatali, þá skyldi Grjóteyrareigandi sleppa tilkalli til klakksins. Sama hefir Magnús Einarsson, bóndi í Munaðarnesi, borið, en hann hefir verið leiddur sem vitni í málinu af hendi Grjóteyrareiganda sem maður er hafi verið viðstaddur samtal það, sem vitnað er í á rskj. nr. 14. Auk þess hefir hann sínu máli til stuðnings vitnað í máldaga, sem er prentaður í Fornbrjefasafni VII. bls. 60, er segir Arnarhólma allan tilheyra Hvanneyrarkirkju.

Af hendi stefnda hafa aftur á móti verið leidd 3 vitni, er hafa borið að þau hafi heyrt talað um að hinn umræddi klakkur tilheyrði Grjóteyri og að Andakílsá hafi runnið norðvestan-megin við klakkinn. Stefndur hefir auk þess að gera tilkall til klakksins krafist sektar á hendur stefnanda fyrir drátt á málinu auk málskostnaðar.

Landamerkjadómurinn verður nú að líta svo á, eftir því sem landshættir lýstu sjer þegar hann athugaði landshátta, að Andakílsá renni nú aðallega Grjóteyrarmegin við klakkinn og með

tilliti til þess og þess, sem að öðru leyti hefir komið fram af hendi stefnanda, bæði að því er snertir tilvitnunina í Johnsens jarðatal og í máldagann í Fornbrjefasafninu svo og með tilliti til vitnaframburðarins um að Grjóteyrareigandi gerði ekki tilkall til klakksins ef stefnandi gæti fært gögn að því að klakkurinn hefði tilheyrt Hvanneyrareigninni og sem sjerstaklega eru talin að hafa miðast við hvað stæði um þetta efni í Johnsens jarðatali, þá þykir verða að taka kröfu umráðamanns Hvanneyrar til greina, um að klakkurinn tilheyri Hvanneyrareigninni, og það því fremur, sem ekki hafa verið leidd rök að því, að um annan klakk eða hólma gæti verið að ræða, og að það sje einn og sami klakkur eða hólmi og sem jarðatalið og máldaginn geta um.

Landamerkjadómurinn telur rjett að málsaðilar borgi sinn helming kostnaðarins við dómþing þetta hvor og ákveðst hann samtals 90 kr. Að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Sektarkrafa stefnds verður ekki tekin til greina.

Mánudaginn 23. febr. 1927.

Nr. 32/1926. **Jón Þór Sigtryggsson f. h. Knud Wolff** (Guðm. Ólafsson)

gegn

Stefáni Th. Jónssyni (Lárus Jóhannesson).

Útaf gengismun.

Dómur aukarjettar Seyðisfjarðarkaupstaðar 28. okt. 1926: Stefndur, Stefán Th. Jónsson, kaupmaður á Seyðisfirði, á að vera sýkn af kröfum stefnandans, Jóns Þór Sigtryggssonar fyrir hönd Knud Wolff Kaupmannahöfn í þessu máli.

Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstarjettar.

Svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða dómi fjekk stefndi á árinu 1920 ýmsar vefnaðarvörur frá áfrýjanda, Knud Wolff í Kaupmannahöfn, fyrir kr. 20642,40. Í brjefi til áfrýjanda, dags. 8. júlí 1920,

er lagt hefir verið fram í hæstarjetti, kvartar stefnd yfir því, að vörur þessar hafi numið hærri upphæð en hann hafði átt von á og að þær hafi verið í svo ljelegum umbúðum, að sumar þeirra hafi skemst á leiðinni til Seyðisfjarðar; þó lýsir hann yfir því, að hann vilji ekki neita móttöku varanna, en verði að áskilja sjer lengri gjaldfrest en upphaflega umsamið, og sendi áfrýjanda 2 víxilblöð, annað að upphæð 10000 kr. en hitt að upphæð 10642 kr. 40 a. með árituðu samþykki sínu með greiðsludögum 20. nóv. og 20. des. s. á. Í brjefi, dags. 10. ág., er einnig hefir verið lagt fram í hæstarjetti, kveðst áfrýjandi ekki geta notað hina umgetnu víxla, með því að hann geti ekki selt þá í Kaupmannahöfn, nema því að eins að víxlarnir sjeu stílaðir í dönskum krónum með greiðslustað í Kaupmannahöfn, og sendi stefnda 2 víxla með þannig löguðum ákvæðum en með sömu gjalddögum, og bað hann að endursenda sjer þá með árituðu samþykki, tekur hann það jafnframt fram í brjefinu, að vörurnar hafi verið seldar gegn greiðslu í *dönskum* krónum. Í brjefi dags. 18. sept. s. á., færðist stefnandi að vísu undan því að samþykkja víxla þessa, en gerði jafnframt ráð fyrir að hann mundi hafa umráð yfir nægum dönskum gjaldeyri til að innleysa víxlana í Kaupmannahöfn á gjalddaga, og verður að telja að hann með þessu hafi viðurkent kröfu áfrýjanda um að vörurnar hafi átt að greiðast í dönskum krónum og að honum því bæri skylda til að innleysa hina upphaflegu víxla með dönskum krónum. Kemur þetta og skýrt fram í símskeyti stefnda til áfrýjanda, dags. 29. nóv. s. á., þar sem hann tilkynti áfrýjanda að upphæð fyrri víxilsins muni verða greidd honum — »indbetalt til Dem« — um 15. des. Hinn 31. desbr. símaði stefndi enn áfrýjanda,

að upphæð víxlanna muni áreiðanlega verða greidd í byrjun janúar 1921, og í símskeyti 20. jan. símar stefndi á ný, að hann búist við að greiðslan fari fram í þeim mánuði, en vilji áfrýjandi ekki bíða lengur skuli hann senda víxlana til útbús Íslandsbanka á Seyðisfirði til innheimtu. Þegar ekkert gekk með greiðsluna bað áfrýjandi stefnda í símskeyti, dags. 7. febr., að greiða Íslandsbanka í reikning Privatbankans í Kaupmannahöfn 22000 kr., sem depositum og skuli upphæðin verða endurgreidd þegar upphaflegu víxlarnir verði innleystir í bankanum.

Þessu símskeyti svaraði stefndi með símskeyti, dags. 12. febr., þar sem hann krafðist þess að víxlarnir væru sendir útbúi Íslandsbanka á Seyðsfirði til innheimtu. Samkvæmt þessu símskeyti gjörði áfrýjandi hinn 1. mars ráðstafanir til að umræddir víxlar væru sendir til Seyðisfjarðar ásamt ávísun, að upphæð kr. 1098,45, fyrir síðar áföllnum vöxtum, flutningsgjaldi o. fl. og voru þessir 2 víxlar og ávísun að upphæð samtals kr. 21740,85, innleystir með ísl. krónum í bankaútbúinu í marsmán. og fjekk áfrýjandi tilkynningu um greiðsluna 15. apríl.

Með brjefi, dags. 3. maí, ritaði áfrýjandi stefnda, að þar sem upphæðin hafi átt að greiðast í dönskum krónum, þá áskilji hann sjer, að stefndi greiði væntanlegan gengismun ásamt vöxtum. Hinn 16. júní símaði áfrýjandi stefnda, að hann hefði von um að geta selt hinar ísl. krónur á 82 aura danska og bað um samþykki stefnda til sölunnar. Þessu brjefi og símskeyti svaraði stefndi með skeyti 22. júní, að hann hefði greitt skuld sína að fullu með innlausn víxlanna og væri sjer því óviðkomandi hvernig áfrýjandi ráðstafaði sínum ísl. krónum. Áðurnefndar ísl. krónur 21740,85, að frádregnum 104 kr. 53 a fyrir kostn-

aði við innheimtuna, seldi áfrýjandi hinn 24. okt. 1921 fyrir danskar kr. 17741,78 og krafði stefnda síðan um gengismuninn kr. 3999,07.

Þótt það að vísu væri eigi beint tekið fram, er víxlarnir voru sendir til innheimtu, að þeir ættu að innleysast með dönskum krónum, hafði stefndi samkv. því, er á undan var gengið og fram hefir verið tekið, eigi ástæðu til að ætla, að áfrýjandi fjelli frá þessum rjetti sínum, og þar sem stefndi hefir eigi fært rök fyrir því, að sala áfrýjanda á hinum ísl. krónum hafi verið óforsvaranleg, verður að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda hinn umstefnda gengismun danskar kr. 3999,07 ásamt 6 % ársvöxtum frá 24. okt. 1921 til greiðsludags, með því að áfrýjandi hefir fallið frá kröfu um vexti til þess dags.

Að því athuguðu, að stefndi mætti ekki fyrir sáttanefnd Brimnessáttaumdæmis í málinu og að öðru leyti eftir þessum úrslitum, ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í hjeraði og einnig fyrir hæstarjetti, og ákveðst málskostnaðurinn fyrir báðum rjettum samtals 500 kr. Svo verður hann og að greiða sekt í ríkissjóð samkv. tilsk. 11. ágúst 1819, er ákveðst 20 kr., og komi 2ja daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan 14 daga frá birtingu dóms þessa.

Því dæmist rjett vera:

Stefndi, Stefán Th. Jónsson, greiði áfrýjanda, Jóni Þór Sigtryggssyni f. h. Knud Wolff, danskar krónur 3999,07 ásamt 6 % ársvöxtum frá 24. okt. 1921 til greiðsludags og málskostnað í hjeraði og fyrir hæstarjetti með samtals 500 kr. Enn-

fremur greiði stefndi 20 kr. sekt til ríkissjóðs og kemur 2ja daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan 14 daga eftir birtingu dóms þessa.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Stefnandi skýrir frá málavöxtum þannig, að árið 1920 hafi Stefán Th. Jónsson, kaupmaður á Seyðisfirði, keypt af firmanu Knud Wolff í Kaupmannahöfn ýmsar vörur fyrir danskar krónur 21740,85. Upp í þessa upphæð hafi kaupandi greitt íslenskar kr. 21740,85; frá þessari upphæð dragist bankakostnaður kr. 104,53; eftirstöðvarnar, ísl. kr. 21633,32, hafi Knud Wolff selt fyrir danskar krónur með gengi 82 = danskar kr. 17741,78. Taldi seljandi þá þannig til skuldar hjá kaupanda danskar kr. 3999,07. — Samkvæmt þessu gjörir stefnandi þær kröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða danskar kr. 3999,07 ásamt 6 % ársvöxtum frá 13. apríl 1921 til greiðsludags og málskostnað eftir reikningi.

Stefndi skýrir svo frá, að hann kveður það rjett vera hjá stefnanda, að hann (stefndi) hafi keypt umræddar vörur af firmanu Knud Wolff. En hann segist hafa borgað þær samkvæmt framlögðum víxlum og ávísun, ásamt með áföllnum kostnaði til Útbús Íslandsbanka á Seyðisfirði í krónumynt með kr. 21740,85, án nokkurrar kröfu um gengismun, enda kveðst hann aldrei myndi hafa viðurkent þá kröfu. Það hafi og aldrei verið talað um neinn gengismun í þeirra viðskiftum. — Víxlarnir hafi verið „vistaðir" í Útbúi Íslandsbanka í krónumynt, án nokkurs skilyrðis um gengismun, og að þeir hafi verið samþyktir af sjer til greiðslu á þeirri upphæð, er hann viðurkendi að skulda Knud Wolff, og síðan borgaðir í Útbúi Íslandsbanka, þar sem þeir voru „vistaðir" og kvittaðir af honum, sem fullnaðargreiðsla á umræddum viðskiftum. Tekur stefndi ennfremur fram að ávísun sú, kr. 1098,45, sbr. rjettarskjal nr. 23, er stefndi borgaði í mars 1921, jafnframt og hann innleysti víxlana í Útbúi Íslandsbanka á Seyðisfirði, sýni enn áþreifanlegar, að hjer var um fullnaðgreiðslu að ræða, því að í hana sje tiltínt alt það, sem af þessum við-

skiftum hafi stafað sem kostnaður. Samkvæmt þessu kveðst stefndi hafa fullnægt greiðsluskyldu sinni þar eð hann aldrei hafi samþykt neinn gengismun; kveður sjer algjörlega óviðkomandi, þótt peningarnir síðar hafi verið seldir með gengismun, og sömuleiðis óviðkomandi kostnaður Privatbankans, er stefnandi tilfærir kr. 104,53, enda sjáist það á rjettarskjali nr. 12, að Privatbankinn hafi ekki „afreiknað" Wolff innheimtuna fyr en 13. apríl 1921, nokkru eftir að stefndi inti sína greiðslu af hendi í Útbúinu á Seyðisfirði. — Samkvæmt þessu kveðst stefndi ekki skulda Knud Wolff einn einasta eyrir, telur þetta með öllu óþarfa málsýfingu og gerir þær kröfur, að verða algerlega sýknaður af kröfum stefnandans í þessu máli, og að stefnandi verði sektaður fyrir óþarfa málsýfingu.

Fyrst er að athuga það, að þegar stefndi kaupir umræddar vörur af firmanu Knud Wolff, þá er ákveðin greiðsla á andvirðinu á þann hátt, að stefndi samþykkir tvo víxla, útgefnir í Kaupmannahöfn 8. júlí 1920, annar kr. 10000,00 með gjalddaga 20. nóvember 1920, hinn kr. 10642,40 með gjalddaga 20. desember 1920, báðir víxlarnir með áritun um, að þeir greiðist í Útbúi Íslandsbanka á Seyðisfirði. Víxlar þessir eru framlagðir í málinu in originale, rjettarskjöl nr. 21 og 22. — Greiðslustaðurinn var því Útbú Íslandsbanka á Seyðisfirði og stefndi því ekki skyldugur til að greiða þá annarstaðar. — Þegar víxlarnir voru gefnir út, var enginn gengismunur á íslenskum og dönskum krónum, og ekki fyr en löngu síðar, sbr. hæstarjettardóm nr. 16/1923, þar segir, að 13. febrúar 1921 hafi enginn gengismunur verið viðurkendur í bönkunum á íslenskri og danskri krónu. Það verður því að álítast, að þegar víxlarnir voru gefnir út hafi hvorugur aðiljanna haft í huga nokkurn gengismun á íslenskri og danskri krónu. Kemur því ekki til mála, að stefndi hafi skuldbundið sig til að greiða víxlana í dönskum krónum, enda er ekkert í málsskjölunum er gefi líkur til þess. Þvert á móti, þar sem greiðslustaður víxlanna var ákveðinn í Útbúi Íslandsbanka á Seyðisfirði, þá var að sjálfsögðu að greiðslan færi fram í íslenskum krónum, enda mun það nú orðin föst venja, að minsta kosti í Noregi, Danmörku og Svíþjóð, að krónuvíxla beri að greiða í þess lands mynt, þar sem greiðslustaður er ákveðinn, ef ekki er skýrt tekið fram, á víxlunum hvers lands krónu átt er við. — Samkvæmt framanrituðu, verður þá að álítast, að stefnda hafi borið að greiða víxlana á gjalddögum þeirra í íslenskum krónum í Útbúi Íslandsbanka á Seyðisfirði.

Nú fór svo að stefndi greiddi ekki víxlana á gjalddögum þeirra enda voru víxlarnir þá ekki til taks í Útbúi Íslandsbanka á Seyðisfirði til innlausnar fyrir stefnda, heldur munu víxlarnir þá hafa verið hjá stefnanda í Kaupmannahöfn; greiðsludráttur varð því af hendi stefnda. Samkvæmt rjettarskjali nr. 3 hefir hann ætlað að inna greiðsluna af hendi í Kaupmannahöfn þótt hann samkvæmt málsskjölunum eigi virðist hafa verið skyldur til að inna greiðsluna þar af hendi, heldur í Útbúi Ísandsbanka á Seyðisfirði. Rjettarskjal nr. 3 er símskeyti 31. desember 1920 frá stefnda til firmans og hljóðar svo: „Beløbet vil sikkert indbetales primo Januar Kjöberen af min Fisk skulde for længe siden have indbetalt Beløbet til Dem". En þessi greiðsla ferst fyrir í Kaupmannahöfn og 20 janúar 1921 sendir stefndi firmanu svohljóðandi símskeyti: „Venter Betalning Ordnes denne Maaned, Men *hvis De ikke vil vente* maa De sende Tratterne her til Islandsbank Seydisfjord til incasso" . . . . Og 12. febrúar 1921 sendir stefndi firmanu aftur svohljóðandi símskeyti: „Send Vekslerne Islandsbanka Seydisfjord til incasso". En firmað sendir ekki víxlana fyr en löngu síðar; í brjefi dags. 1. mars 1921 skrifar firmað: „I dag har jeg anmodet Banken om at fremsende de 2 Veksler", og í marsmánuði 1921 koma víxlarnir til Útbús Íslandsbanka á Seyðisfirði til innheimtu án nokkurrar kröfu um gengismun og greiddi þá stefndi víxlana tafarlaust ásamt áföllnum kostnaði og fær skilyrðislausa kvittun bankans á víxlana.

Stefnandinn í máli þessu virðist vilja álykta sem svo: Gengismunur sá, sem síðar varð á íslenskri og danskri krónu, verður að bitna á stefnda með því að hann stöð ekki skil á víxlaupphæðunum á rjettum tíma; og vill því láta stefnda greiða gengismun, sem var á krónunum þegar firmað selur þær löngu síðar, 24. október 1921 sbr. rjettarskj. nr. 16. En slík ályktun virðist ekki geta staðist af eftirgreindum ástæðum:

Þegar stefndi sjer að langur frestur verður á greiðslunni í Kaupmannahöfn, símar hann firmanu 20. janúar 1921: „*Men hvis De ikki vil vente* maa De sende Tratterne her til Islandsbank Seydisfjord til incasso". Samkvæmt þessu býðst stefndi til að standa skil á víxlaupphæðunum á greiðslustaðnum Útbúi Íslandsbanka á Seyðisfirði, þar sem honum bar skylda til að greiða þá, þegar hann sjer að greiðslan er ekki viss í Kaupmannahöfn, þeim stað, sem hann var ekki skyldur til að greiða víxlaupphæðirnar, samkvæmt framanrituðu. Ef að firmað hefði viljað hraða greiðslunni, gat það samkvæmt símskeyti stefnda, 21. janúar, sent víxl-

ana tafarlaust til Seyðisfjarðar og fengið greiðslu fyrripart febrúar 1921 gegn afhendingu víxlanna; var þá ekki að ræða um neinn gengismun á íslenskum og dönskum krónum, samanber framangreindan hæstarjettardóm. Og gat þá ekki komið til mála að stefnda bæri að greiða neinn gengismun. — En í staðinn fyrir að hraða þannig greiðslunni bíður firmað með að senda víxlana; og þótt stefndi símaði aftur 12. febrúar 1921: „Send Vekslerne Islandsbanka Seydisfjord til incasso", þá dregur firmað að senda víxlana þar til í mars 1921. Virðist dráttur þessi að öllu leyti firmanu um að kenna frá 21. janúar, og líkurnar virðast vera þær að firmanu hafi þótt meiri hagsmunir að því, að fá greiðsluna í Kaupmannahöfn, þótt síðar væri, heldur en á greiðslustaðnum Seyðisfirði. Þar sem þannig drátturinn á greiðslunni hefir verið firmanu um að kenna, að svo miklu leyti sem greiðslan drógst fram yfir miðjan febrúar 1921, þá virðist gengismunur sá, sem orðið hefir á íslenskri og danskri krónu, eftir miðjan febrúar 1921 ekki eiga að bitna á stefnda, heldur á þeim, sem orsakaði dráttinn eftir miðjan febrúar, sem samkvæmt framanrituðu var firmað Knud Wolff, þar eð firmað hirti ekki um að senda víxlana strax á greiðslustaðinn, þegar stefndi tilkynti því að senda þá þangað svo að hægt væri að heimta greiðsluna gegn afhendingu víxlanna.

Samkvæmt þessu virðist stefnda ekki bera að greiða umkrafinn gengismun og eigi heldur umkrafinn bankakostnað kr. 104,53, sem orsakast eftir að stefndi hefir gert full skil á greiðslustaðnum og verður því ekki hægt að taka kröfur stefnanda til greina. — Það verður því, að áliti rjettarins, að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu.

Kröfu stefnda um að stefnandi verði sektaður fyrir óþarfa málsýfingu þykir ekki næg ástæða til að taka til greina.

Málskostnaður þykir eftir atvikum rjett að falli niður.

Mánudaginn 28. febrúar 1927.

Nr. 89/1926. **H. Benediktsson f. h. Verslunarfjel. Vestmannaeyja**
gegn
Birni Árnasyni f. h. L. Storr.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, H. Benediktsson f. h. Verslunarfjel. Vestmannaeyja, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti. — Svo greiði hann og Birni Árnasyni f. h. L. Storr, sem látið hefir mæta í málinu, 40 kr. í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 28. febrúar 1927.

Nr. 81/1926. **Jónas H. Jónsson**
gegn
M. Júl. Magnús.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jónas H. Jónsson, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti. [1])

---

[1]) S. d. var samhljóða dómur uppkveðinn í málinu nr. 82/1926 milli sömu aðilja.

Mánudaginn 28. febrúar 1927.

Nr. 88/1926. **Ingimundur Bernhardsson**
gegn
Hildi Grandjean.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ingimundur Bernhardsson, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Mánudaginn 7. mars 1927.

Nr. 86/1926. **Valdstjórnin** (Pjetur Magnússon)
gegn
Þórarni Olgeirssyni (Lárus Jóhannesson).

Ólöglegar botnvörpuveiðar.

Dómur lögreglurjettar Gullbringu- og Kjósarsýslu 25. nóv. 1926: Kærður, Þórarinn Olgeirsson, skipstjóri á botnvörpuskipinu „Jupiter“ G.K. 161. frá Hafnarfirði, á að vera sýkn af kærum valdstjórnarinnar í máli þessu. — Málskostnaður greiðist af almannafje.

Dómur hæstarjettar.

Eins og segir í hinum áfrýjaða lögreglurjettardómi fór vjelbáturinn Trausti, er styrks naut úr ríkissjóði til landhelgisgæslu í Faxaflóa sunnanverðum, undir stjórn stýrimannsins Þórarins Samúels Guðmundssonar, frá Sandgerði þ. 21. ágúst f. á. um hádegisbil. Auk stýrimannsins voru á bátnum hásetinn Þórður Guðmundsson og vjelamaður Stefán Jó-

hannsson. Fór báturinn sem leið liggur norður fyrir Garðskaga og var það tilætlunin að taka formanninn í Gerðum. En er fyrir Garðskaga kom sáust botnvörpuskip að veiðum í Garðsjó, og var þá horfið frá því ráði að sækja formanninn, en bátnum lagt fyrir akkeri norður af Gerðum nálægt því, er stýrimaður hjelt landhelgislínuna vera, til þess að vera þar á verði og gæta landhelginnar. Veður var bjart svo að vel sást til miða á landi. Lá báturinn þarna á verði þar til um kl. 5,15 síðdegis. Þá kallaði stýrimaðurinn hina tvo skipverjana, er undir þiljum voru, á þilfar til þess ásamt sjer að staðmiða tvö botnvörpuskip, er hann hugði vera komin í landhelgi á veiðum. Komu báðir skipverjarnir á þilfar og miðuðu þeir ásamt stýrimanni, að varðbáturinn lá á miðinu: hæsti hnjúkurinn á Þórðarfelli á Hólmbergstá og Skiphóll um Steinbogahús innan við Gerða og samtímis miðuðu þeir allir tvö botnvörpuskip í stefnu sunnan við Keili í 2000 metra fjarlægð eftir ágiskun. Er botnvörpuskipin litlu síðar voru á útleið var varðbáturinn leystur úr festum og siglt að skipunum til þess að lesa nöfn þeirra og reyndist annað að vera Jupiter G.K. 161, sem kærði var formaður á og var vírstrengur stjórnborðsmegin aftur af því, er ráða mátti af, að botnvarpa skipsins væri í sjó.

Að vísu var þetta ekki tilkynt lögreglustjóra þá þegar, að því er stýrimaðurinn segir af því, að hann var ekki viss um hvar landhelgislínan var á þessu svæði, en af brjefi útgerðarmanns varðbátsins til stjórnarráðsins, dags. 15. sept. f. á., sem eftirrit af hefir verið lagt fram í hæstarjetti, má sjá, að það hefir verið tilkynt útgerðarmanni. Þann 26. sept. var varðskipið Óðinn statt í Garðsjónum og sýndi þá stýrimaður varðbátsins skipherra þess skips hvar

báturinn hafði legið á verði 21. ágúst f. á. og mældist legustaður varðbátsins að vera 0,4 sjómílu innan landhelgislínunnar. Og daginn eftir að þessi mæling hafði farið fram tilkynti stýrimaður varðbátsins sýslumanni Gullbringu- og Kjósarsýslu landhelgisbrotið.

Þann 7. október næsta á eftir mættu svo áðurnefndir þrír skipverjar varðbátsins Trausta fyrir lögreglurjetti og báru það með samhljóða vitnisburðum, er þeir staðfestu með eiði, að varðbáturinn hefði á tilgreindum tíma legið á framangreindu miði og að þeir þá hefðu frá þeim stað miðað skip kærða sunnan til við Keili í á að giska 2000 metra fjarlægð, og frá þessum framburði hafa þeir ekki hvikað í síðari rjettarhöldum málsins. Þann 30. s. m. fór svo varðskipið Þór að tilhlutun stjórnarráðsins til Gerða og vísuðu þá allir skipverjar varðbátsins skipherra varðskipsins á legustað Trausta 21. ág. f. á. og mældist hann þá með hornmælingum að vera 0,5 sjómílu innan landhelginnar og á sjókorti, er skipherra varðskipsins sendi stjórnarráðinu, er afmarkaður legustaður varðbátsins og landhelgislínan, og sýnir sjókortið, að bein lína frá legustað varðbátsins sunnan til við Keili er *öll* innan landhelgislínunnar, og breytir það engu um þetta hvort legustaður varðbátsins er talinn vera 0,4 eða 0,5 sjómílur innan við landhelgislínuna.

Kærði hefir viðurkent, að hann hafi verið að botnvörpuveiðum í Garðsjó 21. ágúst f. á. og að hann hafi haft botnvörpu sína í sjó um kl. 5,15 síðdegis, en hann hefir eindregið neitað því, að hann þá hafi verið eða veitt innan landhelginnar. Hefir hann, svo sem nánar segir í lögreglurjettardóminum, nákvæmlega tilgreint mið þau, tekin með hornmælingu, er hann hafi fiskað eftir þenna dag, og liggja þau öll utan landhelgislínunnar, en mið þessi og mælingar

eru tilgreind eftir minni, þar sem kærði hefir ekkert um þetta bókað í dagbók skipsins. Þrír af skipverjum kærða hafa einnig verið yfirheyrðir og hafa staðfest framburð sinn með eiði. En það verður ekki álitið, að framangreindri eiðfestri skýrslu skipshafnarinnar á varðbátnum sje hnekkt með þessum vitnisburðum, enda verður ekki annað ráðið af vitnisburðunum en að tvö af vitnunum hafi verið undir þiljum á skipi kærða, er varðbáturinn athugaði og staðmiðaði það innan landhelginnar, og framburður þriðja vitnisins er ekki svo nákvæmur og ákveðinn, að af honum verði ráðið hvar það telji stað skipsins hafa verið á þeim tíma, er máli skiftir.

Það verður því að álíta, að með framangreindum eiðfestum vitnisburðum skipshafnarinnar á varðbátnum Trausta sje það löglega sannað, að kærði hafi verið að botnvörpuveiðum innan landhelgi þ. 21. ágúst f. á. og gjörst brotlegur gegn 1. gr. í lögum nr. 5, 18. maí 1920.

Kærði hefir með dómi lögreglurjettar Reykjavíkur 9. jan. f. á. verið dæmdur fyrir veiðar með botnvörpu innan landhelgi, og að því athuguðu að gullgengi íslenskrar krónu er 81,65 %, þykir refsing hans hæfilega ákveðin 15000 kr. sekt til landhelgissjóðs og komi 8 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar ef hún verður ekki greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa. En þar sem skilja þykir mega ákvæði fyrra liðs 5. gr. nefndra laga, um fangelsi sem aukarefsingu, samkv. almennum grundvallarreglum refsilaga um hækkun refsingar fyrir ítrekað brot, á þann veg, að aukahegningunni skuli því að eins beitt að um ásetningsbrot sje að ræða, sbr. og seinni lið greinarinnar um heimild fyrir aukahegningu við fyrsta broti »þegar miklar sakir eru«, og það á

hinn bóginn þykir sennilegt eftir öllum atvikum, sem upplýst eru í málinu, að kærði hafi að óvilja sínum verið að veiðum innan landhelgi í þetta skifti, þá verður kærði ekki dæmdur í umrædda aukahegningu.

Um upptöku afla og veiðarfæra er eigi að ræða, þar sem málið er höfðað svo löngu eftir að brotið er framið.

Kærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar fyrir lögreglurjettinum og í hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 200 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Kærði Þórarinn Olgeirsson greiði 15000 kr. sekt til Landhelgissjóðs Íslands eða sæti 8 mánaða einföldu fangelsi verði sektin eigi greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar fyrir lögreglurjettinum og í hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarjetti, málflutningsmannanna Pjeturs Magnússonar og Lárusar Jóhannessonar, 200 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta, sem af valdstjórnarinnar hálfu er höfðað gegn Þórarni Olgeirssyni, skipstjóra á botnvörpuskipinu „Jupiter“, G.K. 161, sem nú er til heimilis í „Portland“ í Grimsby í Englandi, 43ja ára að aldri, fyrir brot gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, hefir þannig við, að þann 21. ágúst þ. á. lagði m/b. „Trausti“, sem síðastliðið sumar var gerður út til landhelgisgæslu í Garðsjó og í sunnanverðan Faxa-

flóa með styrk úr ríkissjóði, út frá Sandgerðisvík, hvar honum vegna storms hafði verið lagt af formanni bátsins, Þorbergi Guðmundssyni á Jaðri í Gerðum, og sem beðið hafði skipverja að sækja bátinn þangað í því skyni, að honum yrði haldið út til landhelgisgæslu þá um daginn, og var gert ráð fyrir því, að skipverjar á bátnum, Þórarinn Samúel Guðmundsson stýrimaður, Stefán Jóhannsson, vjelgæslumaður og Þórður Guðmundsson háseti á bátnum, kæmu við í innleiðinni og tækju formanninn í Gerðum, áður en landhelgisgæslan byrjaði. — Samkvæmt skýrslu skipverja, segjast þeir um hádegisbilið hafa farið frá Sandgerði og haldið sem leið liggur fyrir Garðskaga, en er þangað kom, hafi þeim eða fyrnefndum stýrimanni, virst togarar vera nærgöngulir orðnir þar í Garðsjó, og því afráðið að fara þegar út á miðin til gæslu, án þess að taka formanninn í Gerðum, eins og um var talað, og hafi þeir svo haldið frá Garðskaga út á miðin, og lagst fyrir akkeri þar, sem þeir hugðu að landhelgislínan mundi vera, eða sem næst henni, en um hana var þeim eigi kunnugt, nema hvað stýrimaðurinn kveðst hafa heyrt áður, að hún myndi liggja um miðin: Þórðarfell á Hólmbergstá, og Skiphóll um Gerða. — Segjast skipverjar svo hafa legið þar, sem þeir í fyrstu hjeldu kyrru fyrir, þar til klukkan hafi verið á að giska $5^1/_4$ e. m., að þeir veittu því eftirtekt, að togarinn „Jupiter", sem þeir þegar hefðu sjeð og þekt, er þeir lögðu bátnum fyrir akkeri á miðunum, hafi ásamt öðru skipi, er þeir þá eigi þektu, verið að sjá frá þeim eða bátnum í stefnu *sunnan* við Keilir, og á að giska í 2000 metra fjarlægð frá bátnum, og hafi þeir þá miðað bátinn af þannig: hæsti hnjúkurinn á Þórðarfelli á Hólmbergstá, og Skiphóll um Steinbogahús, sem er innantil við Gerða. — Kveðast þeir allir í sameiningu hafa gert þessar athuganir, bæði að því er snertir legu bátsins eða afstöðu hans, og einnig um það, að skip þessi hafi þá verið að snúa við í fyrgreindri stefnu frá þeim að sjá og stefnt á bát þeirra, og kveðst stýrimaður, sem kallað hafi á hina tvo aðra, vjelamann og háseta, upp á þilfar, til að gera athuganir þessar, hafa lagt ríkt á við þá, að setja vel á sig miðin. — Veður segja þeir að hafi verið bjart, norðan gola og vel sjest til fjalla, og yfirhöfuð verið bjart yfir. — Jafnskjótt og þeir höfðu gert athuganir þessar, bæði að því er varðbátinn snertir og skipin, og þegar vjel bátsins var upphituð, segjast þeir hafa losað bátinn frá akkerisfestinni og haldið til skipanna, er þá bæði hafi haldið í stefnu til bátsins, mjög nálægt hvort öðru, djúpmegin við bátinn, og verið þá mjög nálægt bátnum, eða svo, að sögn

stýrimanns, að aðeins hafi liðið ca. 10 mín. frá því þeir losuðu bátinn, og þar til að hann var við hlið skipanna, en vjelamaður giskar á, að skipin þá hafi verið ca. 150 faðma frá þeim. — Sáu þeir þá virstrengina aftur af skipunum stjórnborðsmegin, og er þeir komu að skipunum, hafi þeir lesið númer þeirra og nöfn greinilega, eða Jupiter, G.K. 161 og H. 260, Tervani, er togað hafi lítið eitt grynnra en skipið „Jupiter" og hafi svo skip þessi haldið út og norður að sjá á Hvalfjörð eða norðantil við Reykjavík, en annars hefir skipverjum eigi borið saman um stefnu skipanna áður og eftir að þeir gerðu athuganir þessar, nje heldur um stefnu bátsins til þeirra, og segjast eigi þá hafa athugað nákvæmlega þetta, eða eigi nú muna, hvernig verið hafi.

Skýrslu um framangreindar athuganir, sem er dags. 27. septbr. þ. á, og útgefin af stýrimanni, en vottuð af hinum skipverjunum, hafa þeir svo allir fyrir rjetti 7. f. m., staðfest með eiði.

Við mælingu á stað varðbátsins eftir tilvísun stýrimanns Þórarins Guðmundssonar eins, er framkvæmd var af foringjanum á varðskipinu „Óðin" 26. septbr. þ. á., kom það í ljós, að staður varðbátsins, er hann lá á fyrgreindum miðum 21. ág. þ. á., hafi mælst 0,4 sjómílu innan landhelgislínunnar, dýpi 35 metr., en við mælingu foringjans á varðskipinu „Þór", er fram fór 30. f. m. í viðurvist og eftir tilvísun allra þriggja skipverja á varðbátnum, er fyrgreinir, mældist staður varðbátsins 0,5 sjóm. fyrir innan landhelgislínuna, en dýpið þar 35,5 metr., og hefir eigi undir rannsókninni fengist upplýst, hvernig á þessum mismun standi.

Að því er snertir afstöðu skipanna, er þau voru að veiðum grynnst í Garðsjó oftgreindan dag, með hliðsjón af staðfestri skýrslu varðbátsmanna, þá hefir foringinn á varðskipinu „Þór", samkvæmt skýrslu hans, dags. 23. þ. m., afmarkað stað skipanna á framlögðu sjókorti nr. 260, og er þar á dregin upp landhelgislínan á þessu svæði, og frá afmörkuðum stað varðbátsins lína dregin á Keilir og önnur á Garðskaga, og slegið út boga milli þeirra tveggja lína í 2000 metra fjarlægð frá hinum afmarkaða stað varðbátsins, og segir varðskipsforinginn í fyrgreindri skýrslu hans, að skipin hafi samkvæmt framansögðu átt að vera einhverstaðar í þeim boga, sem allur sje fyrir sunnan og vestan Keilir frá varðbátnum að sjá, og sem sje allur innan landhelgislínu, frá 0,8 til 1,6 sjómílur.

Ákærður Þórarinn Olgeirsson, hefir kannast við, að hann 21. ág. þ. á. hafi verið að veiðum í Garðsjó á fyrgreindu botnvörpuskipi, Jupiter, G.K. 161, en utan landhelgi eingöngu. Kveðst

hann umræddan dag, kl. 1 e. hád. hafa sjeð varðbátinn „Trausta“ frá Gerðum koma fyrir Garðskaga, og þekt bát þennan þá. Hafi hann allan þennan dag fiskað eftir merkjum á meðan togað var. Kl. 2,45 e. m. hafi varpan verið dregin upp og skipið látið reka, enginn fiskur, og skipið þá verið á þessum miðum: Keilir skamt fyrir innan Kálfatjörn og Hamarinn-Meiri fastur undir Akrafjalli. Því næst hafi kl. 4,45 verið „kastað“ til norðvesturs í þessum merkjum: Keilir skamt fyrir vestan Kálfatjörn og Hamarinn-Meiri laus undan Akrafjalli, þá „kastað“ í norðvestur og togað í NV til N þar til Sandfell er rjett komið að Hólmbergstá, en þá verið beygt til stjórnborða og alla leið í stefnu ASA, og er þá kl. 5,20 e. m., en kl. 5,50 e. m. hafi varðbáturinn komið upp undir bakborðssíðu skipsins, og snúið þar við vestur um aftur, og hafi þá staður skipsins verið: Keilir að komast á Kálfatjörn, og Hamarinn-Meiri fast að Akrafjalli. Lætur ákærður þess getið að þegar búið var að „kasta“, og skipið var á stefnunni NV til N, hafi varðbáturinn verið að sjá á bakborða við skipið, og einnig tekur hann það fram, að þegar skipið hafi verið í merkjunum Sandfell rjett komið að Hólmbergstá, þá hafi Skiphóll verið að sjá skamt fyrir vestan Gaukstaði, eða á að giska mitt á milli Gaukstaða og Gerða. Kveðst hann svo eftir að varðbáturinn kom að skipinu hafa togað í sömu stefnu og áður eða í SAS, og haldið þeirri stefnu til kl. 6,30 e. m., að hann hafi hætt veiðum þarna og haldið inn á „Flóann“ og fiskað þar yfir nóttina.

Hefir foringinn á varðskipinu „Þór“ 23. þ. m. mælt upp og markað á framlagðan uppdrátt, hvar skipið eftir skýrslu ákærða hafi verið kl. 4,45, kl. 5,20 og kl. 5,50 e. m. umræddan dag, og komist að þeirri niðurstöðu, að staður skipsins hafi kl. 4,45 verið 1,2 sjóm. utan landhelgislínu, kl. 5,20, 0,6 sjóm. utan hennar, og kl. 5,50, 1,6 sjóm., einnig utan landhelgislínunnar, og skipið þannig í öll þessi skifti verið að veiðum utan landhelgis, samkvæmt mælingum þessum, eftir skýrslu skipstjórans eða ákærða, en staði þessa kveðst ákærður hafa tilgreint eftir minni, þar eigi sje venja að bókfæra þetta á togurum yfirleitt, en hann kveðst glögglega muna hver merkin voru, er hann fór eftir á miðum þessum þennan umrædda dag, enda hafi hann stuttu síðar heyrt því fleygt, að hann þennan dag hafi átt að vera að veiðum í landhelgi, og þá þegar glöggvað sig á merkjunum, og auk þess kveðst hann og vera vel kunnugur veiðimerkjum í Faxafóa, þar hann nú undanfarin 15 ár hafi sem skipstjóri stundað hjer botnvörpuveiðar.

Tveimur dögum áður kveðst ákærður hafa tekið staðarathugun þannig: Hornið á milli Garðskagavitans og Hólmbergstáar 62°,5′ og hornin milli Hólmbergstáar og Helgafells 75°, og gefi það 0,3 úr sjóm. utan landhelgislínunnar, og segist hann hafa haft þar, niðri „bauju“, enda verið fullviss um, hvar hann þá var, því mælitæki skipsins sjeu í góðu lagi. Loks tekur hann það fram, að er hann þremur dögum áður hafi verið að veiðum einmitt á hjerumræddu svæði eða eftir sömu merkjum og fyr greinir, hafi varðskipið „Fylla“ komið að skipinu, og ekkert haft við það að athuga, og hefir stýrimaður skipsins staðfest þennan framburð hans með eiði. Liggur og fyrir staðfest skýrsla eins háseta mætta, sem áður hefir verið á varðbátnum „Trausta“ við landhelgisgæslu í Garðsjó, að honum oftgreindan dag hafi virst varðbátur þessi liggja utar eða lengra frá landi, en venja hafi verið áður, og bátsmaður skipsins hefir einnig með eiði staðfest það, undir rannsókninni, að skipstjóri hafi tvívegis haft á orði við hann, þá á stjórnpalli, að honum virtist varðbáturinn liggja utar en venjulegt væri, og er hann hafi stýrt stefnuna NV til N, hafi báturinn verið að sjá frá skipinu á bakborða, en skipinu svo verið beygt í stefnuna ASA, og henni haldið til kl. 7 e. m. að varpan hafi verið uppdregin.

Heldur ákærður því fram, að hann aldrei þennan dag hafi verið nær landhelgislínunni að utan, en 925 metr., og að varðbáturinn hafi hlotið að liggja fjær landi þá, en ráða megi af skýrslu þeirra á varðbátnum.

Þá hefir skipaður talsmaður ákærðs haldið því fram, að enda þótt skipverjum á varðbátnum hafi öllum komið saman um miðin, sem varðbáturinn lá á að þeirra sögn, og um það, í hvaða stefnu umrætt skip hafi verið að sjá þaðan, þá hafi þeir undir rannsókninni með framburði sínum um mörg önnur atriði mikilsvarðandi, annaðhvort eigi borið saman, svo sem um tímann og stefnu skipanna og bátsins o. fl., borið við minnisleysi um þetta og hitt, svo að þeim eigi sje trúandi. — Ennfremur sje skýrsla þeirra um atburð þennan eigi gefin fyr en 5 vikum síðar, miðin ekki skráð þegar, og að líkindum aldrei fyr en hin eiðfesta skýrsla hafi verið gefin, útbúnaður varðbátsins að því er snertir mælingatæki, sjónauka, dagbók o. fl. í frábærilega ljelegu lagi eða ástandi o. s. frv., skipsmenn heldur eigi að þekkingu nákvæmni og sjómensku þeim hæfileikum gæddir, er útheimta megi af skipshöfn á slíkum bát, sem hjer sje um að ræða, og útgerður sje af ríkisstjórnarinnar hálfu. Komi og hin eiðfesta skýrsla algjörlega í

bága við nákvæmar mælingar ákærðs, framkvæmdar með góðum mælingatækjum, og við eiðfestan framburð 3ja manna af skipshöfn hans, og einnig hafi stýrimaður varðbátsins bent varðskipsforingjunum á röng mið við mælingu á stað bátsins, sem orsakað hafi mismunandi mælingu eða útkomu hennar hjá hverjum varð skipsforingja um sig, eins og skýrslur þeirra sýni, og margt annað tilfærir talsmaður ákærðs, er beri vott um það, að skýrslugefendum eigi sje trúandi, eða þeir skoðaðir sem ábyggileg vitni um það, sem er aðalkjarni málsins.

Enda þótt nú eigi verði álitið, að framburður ákærðs og skipverja hans um það, að hann eingöngu þennan umrædda dag, 21. ág. þ. á., hafi verið að veiðum eða togað eftir merkjum þeim eða miðum, sem hann hefir uppgefið, og öll eru utan landhelgi, geti staðist gegn hinni eiðfestu skýrslu bátsverja, nje heldur verði fallist á eða samsint aðfinslum og átölum skipaðs talsmanns ákærðs í garð bátsverja eða skipverja á mótorbátnum „Trausta" og um ófullnægjandi útbúnað varðbáts þessa, þar útbúnaður sá, er hann tilgreinir, og sem að vísu er æskilegur, eigi virðist útheimtast til þess að athuganir þær, er getur um í hinni eiðfestu skýrslu skipverja á oftgreindum varðbát, geti verið ábyggilegar, verður skýrsla þessi þó eigi talin að vera óyggjandi sönnun fyrir því, að ákærður hafi á fyrgreindu skipi verið að veiðum í landhelgi í umrætt skifti, þar skýrsla þessi eða kæra virðist ofseint framkomin til rannsóknar, eða skýrslan þessvegna eigi eins örugg sönnun og hún ef til vill hefði verið eða álitist, ef fram hefði komið þegar eftir að brotið átti að hafa verið framið, þar allar upplýsingar um einstök atriði, er styðja hana eða fella, eru nú óljósari en þá, og fyrgreindur dráttur á að koma fram með kæru þessa eða skýrslu eigi verðist rjettlættur með því einu, að skýrslugefendunum eigi var kunnugt um það, hvar landhelgislínan á svæði þessu væri. Hin mismunandi útkoma á mælingum varðskipsforingjanna á legustað varðbátsins, virðist og geta bent til þess, að óvissa hafi einhver verið um miðin eða merkin, sem og stafað getur af drætti á rannsókn um þetta atriði, loks er og til greind fjarlægð skipanna frá varðbátnum, er athuganir fóru fram ágiskun ein. Einnig virðist og hafa verið knýjandi ástæða til þess að bátsmenn hefðu lóðað dýpið á þeim stað, er varðbáturinn lá fyrir akkeri í umrætt skifti, og að sett hefði verið niður dufl eða merki á staðnum þar til nánari athugun og mæling gat framfarið, en hvorutveggja þetta var á valdi skýrslugefenda að framkvæma um leið og athuganir þeirra á skipunum fóru fram.

Það virðist því eiga að sýkna ákærðan af kærum valdstjórnarinnar í máli þessu, og að málskostnaður skuli greiddur af almannafje.

Á máli þessu hefir enginn ónauðsynlegur dráttur orðið.

Föstudaginn 11. mars 1927.

Nr. 52/1926 **Húsnefnd Goodtemplarahússins** (Pjetur Magnússon)
gegn
forsetum Alþingis f. h. eigenda og umráðenda Alþingishússins, og gagnsök (Lárus Jóhannesson).

Um rjettindi gagnáfrýjanda yfir lóð aðaláfrýjanda.

Dómur gestarjettar Reykjavíkur 7. nóv. 1925: Varnaraðili, forsetar alþingis f. h. eigenda og umráðenda alþingishússins, á að vera sýkn af kröfum sóknaraðilja, hússnefndar Goodtemplarahússins, f. h. eigenda og umráðenda þess.

Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu hafa báðir aðiljar skotið til hæstarjettar, áfrýjandi með stefnu útgefinni 14. júní f. á., að fengnu áfrýjunarleyfi dags. 21. maí s. á. og stefndi með stefnu útgefinni 30. júní f. á., að fengnu áfrýjunarleyfi dags. 29. s. m.

Þótt forsetar Alþingis ljetu árið 1893 ákveða merki á óbygðri lóð Alþingishússins og fengju þá samtímis lóð hússins bæði lagaða og aukna, og ljetu síðan girða hana með traustum grjótgarði, þá þykir þetta ekki fela í sjer nægilega heimild til þess að líta svo á, að forsetarnir hafi með þessu fallið frá hinum víðtæka rjetti yfir Goodtemplarahússlóðinni,

er landstjórninni var áskilinn með útmælingargjörðum þeim, er fóru fram fyrir 5. mars 1892 og aðaláfrýjanda var kunnugt um.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsenda hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Að svo vöxnu máli þykir rjett að málskostnaður í hæstarjetti falli niður.

Því dæmist rjett vera:

Aðaláfrýjandi, húsnefnd Goodtemplarahússins, á óátalið af gagnáfrýjanda lóð þá, er aðaláfrýjanda var útmæld 5. mars 1892. Að öðru leyti á gagnáfrýjandi að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda.

Málskostnaður í báðum rjettum fellur niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

29. jan. 1887 mældi byggingarnefnd Reykjavíkur stúkunni „Einingunni“ út lóð undir 28 álna langt og 12 álna breitt hús með 6 álna útbyggingu við gafl, og skyldi húsið standa 20 álnir vestur frá slökkvitólahúsinu og í beinni línu við það. En jafnframt var tilskilið, að „Einingin“ eða sjerhver seinni eigandi hússins væri skyldur til, ef landssjóður þyrfti á hinni útmældu lóð að halda og krefðist hennar, að flytja það burtu á sinn kostnað á aðra lóð, er þá skyldi útvísað á einhverjum stað, er sem kostnaðarminst væri að flytja á.

Varð ekkert úr því, að „Einingin“ reisti hús það, er henni var mæld lóð undir 29. jan. 1887. Aftur á móti beiddist hún útmælingar á lóð *sunnanvert* við slökkvitólahúsið, og var henni 10. febr. 1887 mæld út lóð þar undir hús, með sömu stærðarhlutföllum að öllu sem hið fyrra sinnið „í tjörninni fyrir sunnan slökkvitólahúsið“, og skyldi bilið vera $16^1/_2$ alin frá því, húsið snúa frá austri til vesturs, og austurgafl þess vera í beinni stefnu

við austurgafl slökkvitólahússins. Eigi er þess getið, í þessari mælingargjörð, að landssjóði hafi verið áskilinn nokkur rjettur til þess að krefjast lóðarinnar og flutnings á húsinu af henni, eins og gert hafði verið 29. jan. 1887. Ekki er með öllu glögt, hvar mörkin milli lóðar Alþingishússins og Goodtemplarahússins fyrirhugaða skyldi vera, en aðiljar virðast vera sammála um það, að þau muni hafa verið þar sem nú er girðingin um lóð Alþingishússins að sunnanverðu. 21. maí 1887, gekk byggingarnefndin aftur á byggingarstæði það, er í útmælingargjörðinni 10. febr. s. á. segir, og var þá svo tilskilið, að hún (þ. e. mælingin 21. maí) væri gerð „með sama skilyrði eins og hin fyrri útmæling undir húsið að lóðin skyldi af hendi látin endurgjaldslaust, ef hið opinbera þyrfti hennar við".

18. júlí 1891 fá stúkurnar „Einingin" og „Verðandi" útmælda lóð undir viðbót við Goodtemplarahúsið eða lenging á því við tjörnina um 12 álnir vestur eftir. Þar var þá staddur umboðsmaður Alþingis og lýsir hann yfir því, að hann sje því að vísu samþykkur, að stúkurnar fái viðbótina, en að hann „gæti ekki fallið frá eða breytt skilyrði því, er hefði verið sett við hina upphaflegu lóðarútvísun handa Goodtemplarahúsinu, að það yrði flutt burtu þaðan sem það nú stendur, ef landsstjórnin krefðist þess þinghússins vegna". Og samkvæmt þessu var hin umbeðna útmæling veitt.

Enn var goodtemplarastúkunum útvisuð lóð 5. mars 1892 til viðbótar *sunnan* við Goodtemplarahúsið, en eigi var þá sleginn neinn varnagli um rjett hins opinbera til þeirrar lóðar.

Á Alþingi 1893 var ákveðið að girða lóð Alþingishússins, en með því að forsetum voru ekki fullkunnug ummerki hennar, þá biðja þeir bæjarfógeta eða byggingarnefnd 26. júlí 1893 um upplýsingar eða skilríki, um það, „hvar óbygð lóð Alþingishússins er og með hverjum ummerkjum". Og var þá lóð Alþingishússins ákveðin 5. ág. 1893 og segir í mælingargjörðinni að suðurhlið lóðarinnar liggi „fast að lóð Goodtemplarahússins austur á móts við vesturgafl slökkvitólahússins". Og 7. des. 1893 ákveður bæjarstjórn Reykjavíkur samkvæmt tilmælum fulltrúa Alþingis að breyta svo slökkvitólahúsinu, að lóð Alþingishússins yrði aukin svo og rjett að garðurinn yrði rjetthyrndur ferhyrningur með 45 álna hliðum að sunnan og norðan og 54 álna hliðum að austan og vestan. Og er þá eigi minst á áðurnefndan skildaga um burtflutning Goodtemplarahússins af lóð þess. Síðan var sett girðing milli lóðar Alþingishússins og lóðar Goodtemplarahússins. Og líða

nú svo 30 ár, að ekki sjest, að orðið hafi ágreiningur um rjett stúknanna yfir lóð Goodtemplarahússins.

12. ágúst 1923 skýrir hússnefnd Goodtemplarahússins forsetum Alþingis frá því, að í ráði væri að reisa hús eða skúr frá Goodtemplarahúsinu yfir á þinghúsgarðinn og leitaði leyfis þeirra til að leggja einn vegg hússins fyrirhugaða ofan á suðurhlið Alþingishússgarðsins. 13. maí 1924 svara forsetar þessari málaleitun svo, að þeir neita um að veita leyfi til að nota garðinn og segjast jafnframt ekki munu leyfa nokkra viðbótarbyggingu við Goodtemplarahúsið og skírskota í því efni til áðurnefndra fundargjörða byggingarnefndar Reykjavíkur frá 29. jan. 1887, 10. febr. 1887, 21. maí 1887 og 18. júlí 1891. — 19. ág. 1924 veitti bæjarstjórn leyfi til umræddrar byggingar en bindur þó leyfið því skilyrði, að rjettur sá, er landsstjórnin kann að hafa til lóðarinnar, sje að engu skertur. Í brjefi 30. ág. 1924 mótmælir svo sóknaraðili því, að forsetar Alþingis hafi íhlutunarrjett um notkun Goodtemplarahússlóðarinnar eða fyrirhugaða viðbyggingu á henni. Ljet sóknaraðili svo byrja á grefti undir húsbygginguna rjett við suðurhlið þinghússgarðsins. Þá fóru forsetar Alþingis fram á það við atvinnumálaráðherra í brjefi 12. sept. 1924, að hann ónýtti byggingarleyfið samkvæmt 4. gr. laga nr. 17, 13. sept. 1901, og verður ráðherra við beiðni þeirra með úrskurði sínum 13. sept. 1924.

Hússnefnd Goodtemplarahússins hjelt verkinu áfram þrátt fyrir ráðherra-úrskurðinn 13. sept. f. á. sem var henni tilkyntur, og kröfðust þá forsetarnir þess 22. sept. 1924, að lögbann yrði lagt við verkinu. Lyktaði því máli svo með samkomulagi fyrir fógetarjetti Reykjavíkur 23. sept. f. á. að sóknaraðili hætti verkinu, þar til málið yrði útkljáð með fullnaðardómi. Síðan höfðaði hússnefndin mál þetta fyrir gestarjetti Reykjavíkur samkvæmt samkomulagi aðilja með stefnu 17. febr. þ. á. gegn forsetum Alþingis, er einnig höfðu heimild dómsmálaráðherra til að taka við málssókn fyrir ríkisins hönd. Hefir sóknaraðili krafist þess, *aðallega að* með dómi yrði viðurkendur óskertur fullkominn eignarrjettur stefnanda að allri lóð þeirri, sem honum hefir verið útmæld milli Vonarstrætis og suðurhliðar girðingarinnar um Alþingishússgarðinn, án takmarkana frá hlið varnaraðilja þessa máls, en *til vara*, að ákveðið verði með dómi, hver sje rjettur stefnanda yfir umræddri lóð. Auk þess krefst sóknaraðili málskostnaðar.

Varnaraðili, forsetar Alþingis, mótmæla aðalkröfu sóknar-

aðilja, en þeir krefjast þess, að varakrafan verði tekin þannig til greina, að ákveðið verði, *að* eigendur Goodtemplarahússins hafi aðeins rjett til að láta húsið standa á lóðinni, svo lengi sem þess verði ekki krafist af varnaraðilja að það verði flutt burt, og *að* jafnframt verði tekið fram, að sóknaraðili sje skyldur að flytja húsið fyrirvaralaust á eiginn kostnað, og loks *að* varnaraðili hafi rjett til að fá alla lóðina útmælda endurgjaldslaust.

Ágreiningurinn í máli þessu er um það eitt, hvort varnaraðili hafi rjett til að heimta Goodtemplarahúsið flutt af lóð þeirri, er til þess hefir verið útmæld, þegar hann vill eða ekki. Ágreiningsefnið er því, það, hvort sóknaraðili hafi öðlast skilorðslausan eða ótímabundinn eignarrjett að lóð hússins, eða ekki. Aðilja skilur hvorki á um lóðatakmörk nje kvaðir á lóð sóknaraðilja. Og verður því að telja mál þetta höfðað rjettilega fyrir gestarjetti Reykjavíkur. Eigi er málið heldur svo vaxið, að nauðsyn sje til skoðunar á staðnum, enda hefir verið lagður fram fullnægjandi og óvjefengdur uppdráttur af lóðum þeim, er málið varðar.

Eins og fyrr segir, var elsta lóðarútmælingin, sú frá 29. jan. 1887, undir Goodtemplarahúsið gerð með þeim fyrirvara, að „Einingin“ eða hver síðari eigandi hússins „væri skyldur til, ef landssjóður þyrfti á hinni útmældu lóð að halda og krefðist hennar, að flytja það burt á sinn kostnað“. „Einingin“ fjell að vísu frá því að nota þessa lóð og beiddist í staðinn lóðar þeirrar, er henni var útvísuð 10. febr. 1887 „í tjörninni fyrir sunnan slökkvitólahúsið“, *en* sjest ekki, að þá hafi verið gerður fyrirvari um rjett landssjóðs, eins og 29. jan. 1887. En 21. maí 1887, er lega hússins var ákvörðuð á lóðinni, sem útmæld var 10. febr. s. á., segir að útmælingin sje gerð með sama skilyrði sem útmælingin fyrri, og hlýtur með því að vera átt við útmælinguna 29. jan. 1887 og þann fyrirvara, sem í henni var gerður. Það verður ekki sjeð, að forráðamenn stúkunnar hafi þá eða síðar haft nokkrar athugasemdir að gera við þennan skildaga byggingarnefndar Reykjavíkur, og verður því að líta svo á, að stúkan hafi þá öðlast einungis tímabundinn eða skildagaðan eignarrjett að lóð þeirri, sem byggingarnefndargjörðin 21. maí 1887 tekur til, en það var lóðin, sem útmæld var 10. febr. 1887 (þ. e. lóðin undir húsinu, 28×12 ferálnir + 6 álnir undir útbyggingu við gafl, og auk þess svo breið lóð norðanvert við húsið, að $16^1/_2$ alin væri frá henni að slökkvitólahúsinu, og sunnanvert við húsið, milli þess og tjarnarinnar var um 5 álna breið lóðarræma, sem söknar-

aðili virðist hafa fengið sama rjett yfir). 18. júlí 1891 er aukið við lóðina 12 álnum til vesturs, og lýsir fulltrúi Alþingis þá yfir, að hann gæti ekki fallið frá áðurnefndum skildaga um burtflutning Goodtemplarahússins af lóðinni „ef landsstjórnin krefðist þess þinghússins vegna". Og með því að útmælingin var veitt „samkvæmt þessu" þá verður að skilja svo útmælinguna 18. júlí 1891, að landsstjórninni hafi verið áskilinn rjettur til að heimta sjer vegna þinghússins *alla* þá lóð er þá og til þess tíma hafði verið útmæld til Goodtemplarahússins. Það hafa engar mótbárur fram komið gegn þessum skildaga, svo sjeð verði, fyrr en 1923, er sóknaraðili hugðist að byggja við Goodtemplarahúsið.

5. mars 1892 var enn bætt 24 álna breiðri lóð við lóð Goodtemplarahússins milli hennar og Vonarstrætis, en 54 álnir var spilda þessi frá austri til vesturs, eins og lóð Goodtemplarahúsins og Alþingishúsins. Það verður ekki sjeð, að nokkur fyrirvari hafi nokkurn tíma verið gerður um rjett landsstjórnarinnar til þessarar lóðarræmu, og verður því að telja eignarrjett sóknaraðilja að henni skilorðslausan, nema að því leyti sem taka þyrfti hluta af henni undir götu.

Samkvæmt framansögðu verður þá að líta svo á, að stúkurnar „Einingin" og „Verðandi" hafi öðlast einungis tímabundinn og skildagaðan eignarrjett yfir allri lóðinni fyrir norðan Goodtemplarahúsið og að Alþinghússgarðinum, allri lóðinni undir Goodtemplarahúsinu og 5 álna breiðri ræmu fyrir sunnan það, þannig að þeim hafi verið skylt að flytja burt húsið á sinn kostnað og láta lóðina af hendi endurgjaldslaust frá landsstjórninni, þegar hún þyrfti á lóðinni að halda og krefðist hennar. Og er þá næst álítandi, hvort landsstjórnin eða fyrirsvarsmenn hennar hafi nokkuð það gert, er svift hafi ríkið áðurnefndum rjetti til lóðarinnar.

Í þessu efni telur sóknaraðili forráðamenn Alþingis hafa fyrirgert rjetti ríkisins, þótt hann hefði einhver verið, til lóðarinnar, með því að þeir ljetu ákveða mörk hennar og girtu hana 1893. Ókunnugleiki þeirra um lóðamörkin verður þó alls ekki talinn nokkurt merki þess, að þeir hafi þá viljað afsala ríkinu rjett þess, þótt þeir hefðu getað það, til Goodtemplarahússlóðarinnar. Og eigi verður það heldur talið fela í sjer nokkurt þesskonar afsal, þótt forráðamenn Alþingis ljeti girða lóð þessa, án þess að endurnýja fyrirvarana frá eldri tímum.

Þá telur sóknaraðili rjett varnaraðilja yfir lóð Goodtemplarahússins nú fallinn brott. Þótt hann hefði til orðið í öndverðu,

vegna hefðar, með því að sóknaraðili hafi notað lóðina um 30 ár óátalið af varnaraðilja. Eins og fyr segir, þá var stúkunum „Einingunni“ og „Verðandi“ úthlutuð lóðin með margnefndum skildaga. Þær hafa gengið að þessum skildaga með því að þær tóku mótmælalaust við lóðinni og eru því bundar samningi við skildagann. Þegar af þessari ástæðu hafa þær ekki getað leyst hann af lóðinni með hefð, en auk þess verður ekki sjeð að notkun sóknaraðilja á lóðinni þessi 30 ár hafi á nokkurn hátt útilokað rjett varnaraðilja þann, er honum var áskilinn.

Samkvæmt framanskráðu verður aðalkrafa sóknaraðilja ekki tekin til greina og verður því að sýkna varnaraðilja af henni. Og um varakröfu hans er í raun rjettri sagt það, er unt er að segja í þessu máli með því að eignarrjetti hans yfir lóð Goodtemplarahússins hefir verið lýst eins og hann þykir vera. Um kröfur varnaraðilja í sambandi við varakröfu sóknaraðilja verður ekki feldur sjálfstæður dómur í þessu máli, með því að hann hefir ekki lagt þær til sátta nje helur gagnstefnt í málinu.

Eftir atvikum þykir rjett að málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 14. mars 1927.

Nr. 62/1925. **Ingvar Guðjónsson** (L. Fjeldsted)
gegn
O. Malmberg f. h. h/f. Hamar
(L. Jóhannesson).

Skuldamál.

Dómur gestarjettar Reykjavíkur 10. júní 1925: Stefndur, Ingvar Guðjónsson, greiði stefnandanum, O. Malmberg f. h. h/f. „Hamar“, kr. 506,80 með 5 % ársvöxtum frá 30. júní 1923 til greiðsludags, innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstarjettar.

Samkvæmt ástæðum gestarjettardómsins, er ekki hefir verið gagnáfrýjað, ber að staðfesta hann.

Áfrýjanda ber að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst 150 kr

Mál þetta var þingfest hjer í rjetti 26. febr. f. á. og hefir því alt fram á þenna dag verið frestað samkv. beiðni málflutningsmanns áfrýjanda, hrm. L. Fjeldsted, þar á meðal 3 sinnum í 5 mánuði alls til sáttaumleitana milli aðilja, og hefir málflutningsmaður stefnda að vísu samþykt alla frestina.

En þar sem sýnilegt er orðið, að málið hefir verið dregið um alla þörf fram frá því í síðastl. desember, þá verður alvarlega að átelja þann drátt af hendi málflutningsmannsins.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða gestarjettardómi skal óraskað. Áfrýjandi Ingvar Guðjónsson greiði stefnda O Malmberg f. h. h/f. Hamar 150 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir heimild í lögum nr. 59 frá 10. nóvember 1905 höfðað fyrir gestarjettinum með stefnu útgefinni 20. september f. á. af O. Malmberg, forstjóra f. h. H/fj. „Hamar" hjer í bænum, gegn Ingvari kaupmanni Guðjónssyni á Akureyri, til greiðslu á skuld fyrir útteknar vörur með sendingarkostnaði, að upphæð kr. 506,80 með 6 % ársvöxtum frá 30. júní 1923 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu með kr. 121,50.

Stefndur hefir aðallega krafist sýknu af kröfum stefnanda í málinu og ríflegs málskostnaðar hjá honum. Til vara hefir stefndur krafist niðurfærslu á hinni umstefndu upphæð og mótmælt málskostnaðarkröfu stefnanda, svo og vaxtakröfu hans sem of hárri.

Málavextir eru þeir að með brjefi dagsettu 26. apríl 1923

sendi stefndur stefnanda dekkstyttu, bað hann að steypa fyrir sig 8 styttur sömu tegundar og gerðar og senda sjer með fyrstu ferð.

Styttur þessar steypti svo stefnandi 14. júní 1923 og sendi þær á afgreiðslu „Eimskipafjelags Íslands“ 6 dögum síðar, en er þær komu norður vildi stefndur eigi taka við þeim og endursendi þær, að því er sjeð verður á skjölum málsins. Hefir stefnandi, er stefndur vildi ekki borga stytturnar, er með sendingarkostnaði kostuðu hina umstefndu upphæð, höfðað mál þetta og gjört rjettarkröfur þær, er að framan greinir.

Sýknukröfu sína í málinu byggir stefndur á því, að hann rjett áður en hann sendi pöntun sína hafi átt samtal við verkstæðisformann h/fj. „Hamar“, þar eð forstjórinn hafi eigi verið við, spurt verkstæðisformanninn hvort hann gæti fengið stytturnar steyptar svo fljótt að þær gætu verið komnar norður fyrir lok maímánaðar, og hafi formaðurinn játað því. Kveðst stefndur hafa lagt sjerstaka áherslu á þetta og átt rjett á að rifta kaupunum úr því að þessu skilyrði var ekki fullnægt.

Stefnandi hefir neitað því að stefndur hafi nefnt nokkurt ákveðið tímatakmark í samtali sínu við verkstæðisformanninn og það er ekki sannað gegn neitun hans, og í pöntunarbrjefi stefnds er ekkert ákveðið tímatakmark sett, heldur aðeins beiðst þess, að stytturnar sjeu sendar með fyrstu ferð, en það verður að skilja svo, að stefndur ætlist til að þær verði steyptar svo fljótt sem hægt sje, og sendar með fyrstu ferð sem fellur norður þar á eftir. Nú hefir stefnandi upplýst að hann geti ekki hitað upp steypuofn sinn fyrir minna en ca. 1000 kg. af steypujárni, og það hafi hann ekki verið búinn að fá, eftir að hann meðtók pöntun stefnds, fyrri en 14. júní 1923 að stytturnar hafi verið steyptar og afhentar skömmu síðar á afgreiðslu „Eimskipafjelags Íslands“.

Stefndur þykir því ekki hafa haft næga ástæðu til þess að rifta kaupin á styttunum, sjerstaklega þar sem ekki verður sjeð, að hann hafi gert fyrirspurn um hvað þeim liði, eða rekið á eftir sendingunni frá því hann sendi pöntun sína þar til stytturnar komu norður. Verður aðalkrafa hans í málinu því ekki tekin til greina.

Varakröfu sína um niðurfærslu dómskröfunnar byggir stefndur á því, að verkstæðisformaðurinn hafi í símtalinu sagt að stytturnar myndu kosta kr. 1,40 pr. kg. í stað þess að verðið er reiknað kr. 1,50 pr. kg., og eins á hinu að stytturnar hafi verið þyngri en fyrirmyndin sem hann sendi og því dýrari.

Stefnandi hefir mótmælt því að stefndum hafi verið lofað

kg. í styttunum á ákveðnu verði, og er það ekki sannað gegn neitun hans. Eins hefir stefnandi staðhæft að sjer verði ekki um kent þótt stytturnar hafi verið nokkru þyngri en fyrirmyndin og verður að fallast á það.

Að áliti rjettarins verður því að dæma stefndan til að greiða stefnanda hinar umstefndu kr. 506,80 með 5 % ársvöxtum frá 30. júní 1923 til greiðsludags, en eftir öllum atvikum þykir rjett að málskostnaður í málinu falli niður.

Miðvikudaginn 16. mars 1927.

Nr. 96/1926. **Rjettvísin** (B. P. Kalman)
gegn
Guðbirni Jónssyni og Jónönnu Stefánsdóttur (Guðm. Ólafsson).

Glæpsamleg meðferð barns, skv. 205. sbr. 2. lið 204. gr. hgl., o. fl.

Dómur aukarjettar Skagafjarðarsýslu 30. apríl 1926: Ákærðu Guðbjörn Jónsson og Jónanna Stefánsdóttir sæti 5 daga fangelsi við vatn og brauð, hvort um sig. Til endurgjalds á sjúkrakostnaði Jóns Jóhannssonar greiði ákærðu sveitarsjóði Fellhrepps in solidum kr. 388,85. Svo og greiði ákærðu in solidum allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum að því er ídæmda hegningu snertir, en að því er ídæmdar bætur snertir innan 15 daga frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Að vísu er ekki fengin full skýring á því, að bera skyldi alvarlega á fótaskemdum í drengnum Jóni Jóhannssyni $1^1/_2$—2 vikum eftir að hann kom á heimili hinna ákærðu, Reykjarhól í Fljótum, um 20. ágúst 1924, og veður þó góð þar um slóðir um það leyti, samkv. skýrslu athugunarmanns veðurstofunnar

í Reykjavík þar nyrðra. Og ekki er það heldur fullskýrt, að skemdirnar skyldu ágerast svo fljótt og átakanlega, þar sem aldrei var frost meðan drengurinn dvaldi þar og veðurmagn fremur sjaldan 5 og aldrei meira.

En þar sem hjeraðslæknirinn, sem stundaði drenginn rúma 2 mánuði í sjúkrahúsinu á Sauðárkróki, hefir vottað, að hann hafi ekki getað orðið var nokkurs þess sjúkdóms í drengnum, þótt eftir væri leitað, er valdið gæti hafa haft fótaskemdunum, en telur þær stafa »af kulda, vosbúð og öðrum illum aðbúnaði«, og það á hinn bóginn er sannað með eiðfestum framburðum 2 nákunnugra vitna, sem drengurinn dvaldi hjá næstu 2 ár undan vorinu 1924, að ekkert hafi þá borið á fótaveiki í drengnum, og eiðfest vitni hefir borið, að fæturnir á drengnum hafi verið óskemdir þá er hann fór frá vitninu í ág. 1924, áleiðis til hinna ákærðu, og drengurinn, að sögn annars vitnis á sama bæ, þá var »vel útlítandi, þykkleitur og að engu leyti óhraustlegur«, þá má telja það vafalaust, að meðferð hinna ákærðu á drengnum hafi a. m. k. valdið miklu um skemdir þær, sem urðu á fótum hans.

Það er ekki sannað gegn neitun hinna ákærðu, að þau hafi svelt drenginn. Og ekki verða heldur refsingar þær, sem þau lögðu á drenginn, þótt þær beri vott um lítinn skilning á meðferð barna, taldar varða við lög, enda ekki sýnilegt, að þær geti hafa haft áhrif á fótaskemdir hans.

Hinsvegar verður að telja það óforsvaranlegt, *að* ákærðu leituðu drengnum ekki lækningar, úr því að þau höfðu tekið eftir alvarlegum skemdum á fótum hans um hálfum mánuði eftir að hann kom á heimili þeirra, *og* að þau hlífðu drengnum ekki við

útivist eftir að veður tók að spillast og honum að versna svo að þess gætti allmikið á gangi hans, enda svifti ákærða hann 2 fiðursængum síðustu dvalar vikuna og ljet hann eftir það liggja á heydýnu við 2 einfaldar ábreiður og virðist hún yfirleitt ekki hafa hirt drenginn svo sem góð húsmóðir mundi gert hafa.

Með þessu athæfi hafa hin ákærðu gerst brotleg gegn 205. sbr. 2. lið 204. gr. hegningarlaganna. En þar sem ætla má, að hinum ákærðu, sem voru einyrkjar og önnum kafin við heyskap meðan drengurinn dvaldi hjá þeim, og ákærða auk þess varð að sinna 3 ára barni þeirra hjóna og var vanfær, hafi ekki verið það ljóst, hvað leitt gat af meðferð þeirra á drengnum, þá þykir þeim, sem bæði sátu í gæsluvarðhaldi um $^1/_2$ mánuð, hæfilega refsað, hvoru um sig, með 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð.

Skaðabótakröfu hreppsnefndarinuar í Fellshreppi út af sjúkrahúsvist drengsins og öðrum kostnaði við hjúkrun hans, að upphæð 661,85 kr., þykir eiga að taka til greina, þó að frádregnum 233 kr. 31 eyri, sem lagðar hafa verið fram úr ríkissjóði samkv. lögum nr. 61/1921 og ekki hefir verið krafist endurgreiðslu á. Ber hinum ákærðu því, einu fyrir bæði og báðum fyrir eitt, að greiða hreppsnefndinni afganginn eða 428 kr. 54 aura.

Aftur á móti verður hinum ákærðu ekki gert að greiða drengnum bætur fyrir »missi lima eða örkuml«, þar eð krafa um það hefir ekki komið fram frá lögráðamanni hans, móður hans, og krafan ekki borin undir ákærðu.

Ákærðu greiði, eitt fyrir bæði og bæði fyrir eitt, allan kostnað sakarinnar bæði í hjeraði og hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og

verjanda í hæstarjetti, 120 kr. hvorum, en málflutningslauna í hjeraði hefir ekki verið krafist.

Það athugast við rekstur rannsóknarinnar og málsins í hjeraði, að rannsóknin hófst ekki fyr en í júlí 1925, enda þó að sýslumanni bærist kæra þar að lútandi í janúar s. á., að drengurinn, sem fyrir skemdunum varð, var ekki spurður fyrir rjetti um dvöl sína hjá hinum ákærðu, að dómsgjörðunum fylgdi ekki aldursvottorð drengsins, sem, samkv. síðar fengnum upplýsingum, er fæddur 25. okt. 1916, og að málið hefir verið undir dómi frá 9. mars til 30. apríl 1926.

Því dæmist rjett vera:

Hin ákærðu, Guðbjörn Jónsson og Jónanna Stefánsdóttir, sæti hvort um sig 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð.

Þau greiði hreppsnefndinni í Fellshreppi, eitt fyrir bæði og bæði fyrir eitt, 428 kr. 54 aur., en sjeu sýkn af kröfu nefndarinnar til skaðabóta fyrir drenginn Jón Jóhannsson.

Loks greiði þau á sama hátt allan kostnað sakarinnar bæði í hjeraði og hæstarjetti, þar á meðal sóknar- og varnarlaun hæstarjettarmálflutningsmannanna Björns P. Kalman og Guðmundar Ólafssonar, 120 kr. hvorum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af hálfu rjettvísinnar höfðað gegn hinum ákærðu Guðbirni Jónssyni og Jónönnu Júlíönu Stefánsdóttur, búandi hjón-

um á Reykjarhóli í Holtshreppi fyrir brot á 18. kapítula hinna almennu hegningarlaga og eru málavextir þannig:

Um 20. ágúst 1924 var 9 ára gamall drengur Jón Jóhannsson á Sauðárkróki lánaður sem ljettadrengur að Reykjarhóli í Austur-Fljótum til ákærðu er búa þar búi sínu. Var drengurinn hjá ákærðu á Reykjarhóli um 5 vikna tíma uns hann var tekinn þaðan með þeim hætti er nú skal greina:

Þriðjudaginn í 22. viku sumars rakst stúlkan Margrjet Jónsdóttir, sem var á ferð þar í Fljótunum, á ofannefndan dreng út á víðavangi ekki langt frá Reykjarhóli. Lá hann þar á grúfu utan í þúfu, að því er virðist rænulítill og illa á sig kominn. Vildi hann ekki fara heim til sín að boði stúlkunnar en var fús á að fara með henni heim til hennar. Tók stúlkan þá drenginn og reiddi hann heim til sín að Saurbæ í sömu sveit. Er ásigkomulagi drengsins lýst svo þegar hann kom að Saurbæ, að hann var illa klæddur að utanhafnarfötum, — í einni prjónapeysu og utanhafnarbrókum sem gengnar voru af öðrum lærsaumi, með prjónahúfu á höfði. En mjög kalt var í veðri þennan dag. Drengurinn var blár í andliti af kulda, berhentur og þrútinn eða bólginn á höndum af kulda, votur upp fyrir knje og skalf hann mjög. Magur virtist hann og harla vesældarlegur og mjög aðþrengdur af kuldanum. Var drengurinn þegar í stað háttaður niður í rúm og tekið að hjúkra honum af hjónunum í Saurbæ, Guðbrandi Árnasyni og Þuríði Jónasdóttur, sem gefið hafa skýrslu um þetta í málinu.

Kom þá í ljós að fætur drengsins voru mjög skemdir, bólgnir upp fyrir ökla og settir kuldapollum og svörtum drepblettum, en tærnar á báðum fótunum svartar, harðar og alveg dauðar, og tók að leggja af þeim ýldulykt áður en drengurinn fór frá Saurbæ. Virtist hjónunum í Saurbæ drengurinn ekki fullkomlega með rjettu ráði fyrst er hann kom til þeirra. — Í Saurbæ lá drengurinn rúmfastur til næsta mánudags, er hann var fluttur til Hofsóss og var hann þar undir læknishendi í 2 eða 3 daga uns hann var sendur með strandferðaskipinu Esju til Sauðárkróks og lagður þar inn á sjúkrahúsið jafnskjótt og húsrúm leyfði. Lá hann rúmfastur framundir nýjár og stöðugt undir læknishendi. Leysti tær allar af báðum fótum hans og varð að taka af fremsta hluta nokkurra ristarbeinanna. Greri drengurinn ekki að fullu fyr en um nýjár.

Hjeraðslæknirinn á Sauðárkróki, sem hafði á hendi lækningu drengsins og rannsakaði alt heilsufar hans, hefir gefið rjettinum

þá skýrslu í málinu, að þegar drengurinn kom til hans hafði hann drep í öllum tánum á báðum fótum, og ennfremur litla dreppolla á rist og iljum, til og frá. Tærnar voru alveg svartar og steindauðar. Var ekki unt að verða nokkurs sjúkleika var í drengnum, er orsakað gæti drepið í tánum. Er það eindregið álit læknisins að drepið í fótum drengsins hafi stafað af kulda, vosbúð og illum aðbúnaði.

Af fyrirliggjandi vitnaskýrslum í málinu er það upplýst að drengurinn ljet í ljósi hræðslu við það, að fara aftur að Reykjarhóli meðan hann var í Saurbæ. Sagðist honum svo frá að ákærðu hafi verið vond við hann og barið hann; þó fremur bóndinn en húsfreyjan. Ennfremur hafi hann verið sveltur í eitt skifti, en oftar verið svangur meðan hann var á Reykjarhóli.

Með álitsgjörð hjeraðslæknisins á Sauðárkróki og staðfestum vitnisburðum vitna í málinu þykir það fullsannað að drengurinn var að öllu leyti heill heilsu, vel til fara og óskemdur á fótum þegar hann fór að Reykjarhóli til ákærðu. Drengurinn var þá í góðum holdum og í fullu fjöri.

Með eigin skýrslum og játningum ákærðu er það upplýst að þau veittu því enga eftirtekt hvort drengurinn var heill á fótum fyr en um það bil hálfum mánuði eftir að hann kom til þeirra. En þá varð ákærða Jónanna þess vör að drengnum var ilt í fótunum. Hafði hún orð á þessu við mann sinn og skoðuðu þau fætur barnsins. Hafa þau lýst fótum drengsins svo, að tærnar á báðum fótum hafi verið orðnar bláleitar og svartar og harðar viðkomu. Prófaði Guðbjörn það hvort drengurinn fyndi til í tánum með því að taka utan um stórutána á öðrum fæti hans, — en drengurinn kvaðst ekkert finna til í henni. Var ákærðu báðum það ljóst að drengurinn var veikur í fótunum og hefir Guðbjörn haldið því fram að þau hjónin hafi talað um að leita ráða hjá Guðmundi hreppstjóra Davíðssyni á Hraunum til lækningar drengnum, en úr því varð samt aldrei. Eftir þetta duldist ákærðu það ekki að drengnum versnaði stöðugt í fótunum enda varð hann sjáanlega haltur og bjagaður í göngulagi. Hlífðist hann við að stíga í fæturna en beitti fyrir sig jörkunum utanfótar og hælunum. Fór drengurinn að kvarta yfir því að sjer væri að versna í fótunum og bar sjerstaklega á helti hans og því að hann kveinkaði sjer við að stíga í fæturna, síðustu vikuna sem hann var hjá ákærðu. — Guðbjörn skeytti þessu þó engu að öðru leyti en því að hann ráðlagði drengnum að bera nýtt smjör á fætur sjer, — eins og hann sjálfur gerði við sprungum, er hann hafði í iljum.

En Jónanna lagði til þau ein ráð og aðgerðir við sjúkleika drengsins að hún skipaði honum að sækja hreint vatn í koppinn sinn til þess að þvo upp úr fæturna til að verja þá óhreinindum. Hefir Jónanaa játað að hún hafi alt af öðru hvoru sjeð fætur drengsins þegar hann var að klæða sig á morgnana, og veitt því eftirtekt að drengnum versnaði í fótunum. Fóru að koma blöðrur og pollar á fætur hans og duldist henni ekki að fæturnir bólgnuðu upp um öklaliði, og kvað meira að þessu á öðrum fætinum. Áttu ákærðu tal saman um ástand drengsins skömmu áður en hann var tekinn burt frá þeim og kom þeim samau um að hann myndi þurfa læknishjálpar við, en ekkert varð þó úr því fremur en áður, að honum væri leitað lækningar.

Ákærðu hafa borið það að drengnum hafi þrátt fyrir sjúkleika hans í engu verið hlíft við vosbúð eða útivist og muni hann daglega hafa verið votur í fæturna. Hinsvegar hefir Jónanna haldið því fast fram að hún hafi ávalt látið drengnum í tje þurra sokka að morgni þegar hún varð þess vör að sokkar hans voru blautir á gólfinu við rúm hans. Það er og upplýst í málinu að drengurinn hafði með sjer næg og sæmilega góð sokkaplögg og annan skjólfatnað. Hvorugt hinna ákærðu hirtu nokkuð um fætur drengsins eða leiðbeindu honum eða lögðu honum ráð til lækninga frekar en talið er hjer að framan, og hefir Guðbjörn haldið því fram að hann hafi aldrei skoðað eða sjeð fætur drengsins nema í það eina skifti sem áður er frá skýrt.

Með eigin játningu Guðbjörns er það upplýst að hann hýddi drenginn tvisvar með hrísvendi á berar lendarnar en barði hann einu sinni á höfuðið með hendinni. Var þetta í 3ju vikunni eftir að drengurinn kom til ákærða eftir því sem næst verður komist. Gerði ákærði þetta í refsingarskyni við drenginn, sem honum þótti vera ódyggur og óhlýðinn. Hefir ákærði haldið því fram að drengurinn hafi engan áverka hlotið af þessum hirtingum, og hefir ekki sannast að svo hafi verið, eða drengurinn hafi hlotið nokkuð heilsutjón af þessari harðneskju ákærða, og getur hún útaf fyrir sig eigi að rjettarins áliti talist líkamleg meiðing eða sú misþyrming á barninu að ákærði verði látinn sæta hegningu fyrir.

Þá hefir Jónanna játað á sig að hún hafi svelt drenginn í refsingarskyni en það hafi aðeins verið eitt kvöld sem hún gaf honum ekki mat. Gerði hún þetta að boði og fyrirlagi Guðbjarnar og var orsökin sú að drengurinn kom ekki með hest sem hann var sendur eftir. Hefir Guðbjörn játað þessa skýrslu rjetta.

Aftur á móti hafa bæði hin ákærðu haldið því fast fram að drengurinn hafi ávalt fengið nægan mat að þessu eina skifti undanteknu og hefir ekki annað sannast í málinu en svo hafi verið. Ennfremur er það upplýst með eiginjátningu Jónönnu, að rúmri viku áður en drengurinn fór frá Reykjarhóli tók hún sængurfatnað allan úr rúmi hans en ljet hann síðan sofa á heydýnu einni með tvær einfaldar ábreiður ofan á sjer. Ástæðan til þessa segir ákærða að hafi verið sú, að drengurinn vætti rúmið að nóttunni. Hefir ákærða haldið því fram að drengurinn hafi ekki kvartað um kulda eftir að hann var sviftur rúmfötunum. Hafa bæði hin ákærðu haldið því fram að Guðbjörn vissi ekki um þessa ráðstöfun konu sinnar á aðbúnaði drengsins.

Á heimili ákærðu var auk þeirra og drengsins Jóns Jóhannssonar aðeins barn ákærðu 3ja ára gamalt. Hafa því ákærðu verið ein til frásagnar um meðferð sína á drengnum enda hefir gengið mjög treglega að fá þau til að upplýsa nokkuð um atlæti þeirra og aðbúnað við drenginn. Hefir Guðbjörn setið 16 daga í gæsluvarðhaldi en Jónanna í 13 daga.

Af hálfu Fellshrepps, framfærslusveitar drengsins sem greitt hefir legukostnað hans og lækningu hefir þess verið krafist í málinu að ákærðu verði dæmd til að greiða lækningarkostnað drengsins að upphæð kr. 661,85, samkvæmt framlögðum reikningi í málinu, svo framarlega sem þeim verði gefin sök á fótaskemdum hans, svo og að þau verði dæmd til að greiða honum bætur fyrir hlotin örkuml. Samkvæmt skýrslu hjeraðslæknis til rjettarins hefir drengurinn not beggja fóta sinna þrátt fyrir missi tánna, svo að hann er sæmilega fær til gangs og hefir lestingin á fótum hans ekki spilt heilsu hans eða kröftum svo sjeð verði eða gert hann óhæfan til að afla sjer lífsviðurværis með venjulegri vinnu. En af þessu leiðir að krafan um örkumlabæturnar verður ekki tekin til greina.

Samkvæmt framangreindu þykir það sannað í málinu að ákærðu var báðum kunnugt um að drengurinn, sem þau voru sjer meðvitandi um að þeim var trúað fyrir, var tekinn að veikjast mjög í fótunum þegar leið á verutíma hans hjá þeim, svo að þeim duldist ekki að stöðug vosbúð og kuldi var hættulegt fyrir heilsu hans enda veittu þau því eftirtekt að honum versnaði fótaveikin og var báðum kunnugt um hve fætur hans spiltust af kuldanum og vosbúðinni. Er það alkunna að sumarið 1924 og þar á meðal þann tíma sem drengurinn var á Reykjarhóli var óvenjuleg kuldatíð. Bera prófin í málinu það með sjer að þá

var svo kalt að kúm varð ekki altaf beitt en jörð grónaði af jeljagangi. Þrátt fyrir þetta voru ákærðu samtaka ekki einungis um framangreint afskiftaleysi af aðbúnaði drengsins, og hið megnasta skeytingarleysi um sjúkleika hans og þrautir heldur einnig um það að etja drengnum til útiverka og þar af leiðandi vosbúðar þangað til svo fór, að hann var hirtur í haganum af óviðkomandi fólki, jafn þjakaður og sagt hefir verið. Verður ekki hjá því komist, að rjettarins áliti, að skoða þessa miskunnarlausu meðferð hinna ákærðu á barninu, sem þeim var trúað fyrir sem vísvitandi misþyrmingu á því, er þau verða að sæta hegningu fyrir sem ásetningsverki og getur það ekki firrt ákærðu hegningu þótt þau væri einyrkjar og önnum kafin þann tíma, sem drengurinn var hjá þeim. Verður ekki sjeð að auðið sje að gera upp á milli hinna ákærðu, hvort sekara sje í breytni þeirra við barnið.

Ákærði Guðbjörn Jónsson er fæddur 2. júní 1894 en ákærða Jónanna Stefánsdóttir 26. júlí 1900 og eru því bæði komin yfir lögaldur sakamanna og hafa hvorugt áður sætt hegningu fyrir neitt afbrot.

Afbrot þau, sem þau nú eru saksótt fyrir ber að rjettarins áliti að heimfæra undir 204 gr. 2. málsgr. hinna almennu hegningarlaga, sbr. 1. málsgr. sömu greinar, og þykir hegning þeirra hvors um sig hæfilega ákveðin 5 daga fangelsi við vatn og brauð.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma ákærðu til þess in solidum að greiða sveitarsjóði Fellshrepps kr. 388.85 sem er útlagður legukostnaður drengsins Jóns Jóhannssonar samkvæmt framlögðu vottorði sýslumanns í málinu. Þykir ekki fært að taka kröfu hreppsnefndarinnar frekar til greina en hjer er gert gegn framkomnum mótælum af hálfu ákærðu, þar sem reikningur hennar hefir ekki verið rökstuddur að því er snertir 3 síðustu liðina samtals að upphæð kr. 273,00.

Loks ber að dæma ákærðu til að greiða in solidum allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Föstudaginn 18. mars 1927.

Nr. 95/1926. **Sigurður Hallsson** (B. P. Kalman)
gegn
Metúsalem Jóhannssyni
(B. Þ. Johnson).

Útaf skuldajöfnuði.

Úrskurður fógetarjettar Reykjavíkur 16. nóv. 1926: Hin framkomnu mótmæli gjörðarþola gegn framgangi gjörðarinnar verða ekki tekin til greina og á gjörðin því fram að ganga fyrir kr. 2264,50 auk 6 % ársvaxta af þeirri upphæð frá 1. jan. 1921 til greiðsludags og 60 kr. þóknun til gjörðarbeiðanda fyrir mót við fjárnám þetta.

Dómur hæstarjettar.

Áfrýjandi byggir kröfu sína um ógilding hins áfrýjaða fógetarjettarúrskurðar og eftirfarandi fjárnámsgjörðar aðallega á því, að eftirstöðvar af veðskuld þeirri, er fjárnám var gjört fyrir, hafi með skuldajöfnuði verið greitt með 3000 kr., er nafngreindur þriðjimaður hafi átt að fá frá stefnda sem 1. greiðslu upp í verksamning, er þeir hafi gjört milli sín 28. apríl 1925, en þar sem stefndi hefir ekki viðurkent rjettmæti kröfunnar gat hún ekki stöðvað framgang fjárnámsins.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsenda fógetarjettarúrskurðarins ber samkvæmt kröfu stefnda að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð og eftirfarandi fjárnámsgjörð.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti, sem ákveðst 150 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða fógetarjettarúrskurði og eftirfarandi fjárnámsgjörð skal óraskað.

Áfrýjandi, Sigurður Hallsson, greiði stefnda, Metúsalem Jóhannssyni, 150 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Tildrög máls þessa eru þau að gjörðarbeiðandi Metúsalem Jóhannsson útgerðarmaður, Hallveigarstíg nr. 2 hjer í bænum hefir krafist þess, að fjárnám verði gert í húseigninni nr. 45 A við Grettisgötu, sem er eign gjörðarþola Sigurðar Hallssonar, samkvæmt veðskuldabrjefi útgefnu af gjörðarþola 10. des. 1920.

Upphæð sú sem gjörðarbeiðandi hefir krafist fjárnáms fyrir er kr. 2264,50, sem hann telur vera eftirstöðvar skuldabrjefsins. Jafnframt hefir hann krafist 6 % ársvaxta og vaxtavaxta af þeirri upphæð frá 1. jan. 1921 til greiðsludags. Ennfremur hefir hann krafist þess að fjárnám verði gert fyrir innheimtulaunum af þeim 4800,00, sem þegar eru borgaðar af veðskuldinni og reiknar hann þau kr. 365,00. Enn hefir hann krafist þess að fjárnám verði gert fyrir kostnaði við innheimtu á eftirstöðvum brjefsins, þar á meðal mót við fjárnám þetta, og reiknar hann þann kostnað kr. 150,00.

Gjörðarþoli hefir látið mótmæla framgangi fjárnámsins og byggir þau mótmæli á því fyrst og fremst, að veðskuldabrjefið sje að fullu greitt, í öðru lagi mótmælir hann framgangi fjárnámsins af þeirri ástæðu, að ekki sje í veðskuldabrjefinu vísað til 15. gr. laga frá 16. desbr. 1885 og telur hann að fjárnám verði því ekki framkvæmt samkvæmt því án dóms eða sáttar.

Ennfremur mótmælir umboðsmaður gjörðarþola því að krafa gjörðarbeiðanda um vaxtavexti verði tekin til greina þótt svo færi að fjárnámið yrði framkvæmt, einnig hefir hann mótmælt kröfu gjörðarbeiðanda um innheimtulaun af þeim hluta veðskuldabrjefsins sem þegar er greiddur, en telur hinsvegar sanngjarnt að umboðsmaður gjörðarbeiðanda fái lítilsháttar þóknun fyrir mót við fjárnám þetta.

Með því að engar sönnur hafa verið færðar á það af hálfu gjörðarþola að fyrnefndar eftirstöðvar veðskuldabrjefsins sjeu greiddar, verða þau mótmæli hans ekki tekin til greina. Ekki getur fógetarjetturinn heldur fallist á það að veðskuldabrjefið sje óhæf aðfararheimild fyrir þá sök að ekki er beinlínis skírskotað

til 15. gr. laga frá 16. desbr. 1885, því það er greinilega tekið fram í brjefinu að fjárnám megi gera samkvæmt því „án undangengins dóms eða sáttar". 15. gr. laganna virðist ekki gefa tilefni til þess að hún sje skilin svo að tilvísun í hana sje nauðsynleg, og má í því sambandi vísa í yfirrjettardóm uppkveðinn 1. desbr. 1913, bls. 200 í IX. bindi landsyfirrjettardómanna. Mótmæli umboðsmanns gjörðarþola sem bygð eru á þessu verða því ekki tekin til greina. Kröfur gjörðarbeiðanda um innheimtulaun af þeirri upphæð veðskuldabrjefsins sem viðurkent er að þegar sje greiddur, og um vaxtavexti af eftirstöðvum þess, verða ekki gegn eindregnum mótmælum gjörðarþola teknar til greina og þar sem gjörðarbeiðandi hefir ekki krafist dráttarvaxta verður að reikna honum 6 % ársvexti af eftirstöðvum veðskuldabrjefsins frá 1. jan. 1921 til greiðsludags. Þóknun gjörðarbeiðanda fyrir að láta mæta við fjárnám þetta þykir hæfilega tiltekin kr. 60,00.

Föstudaginn 25. mars 1927.

Nr. 87/1926. **Rjettvísin** (L. Fjeldsted)
gegn
Kristjáni Daða Bjarnasyni
(Jón Ásbjörnsson).

Hlutdeild í innbrotsþjófnaði.

Dómur aukarjettar Reykjavíkur 5. nóv. 1926 í málinu: Rjettvísin gegn Siggeiri Siggeirssyni og Kristjáni Daða Bjarnasyni: Ákærður Siggeir Siggeirsson sæti betrunarhúsvinnu í eitt ár.

Kærður Kristján Daði Bjarnason sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 100 daga og greiði hinum skipaða talsmanni sínum hjer fyrir rjettinum, hrmflm. Jóni Ásbjörnssyni kr. 35,00 í málsvarnarlaun.

Hinir ákærðu greiði hvor um sig sinn varðhaldskostnað en annan kostnað sakarinnar greiði Siggeir að $^2/_3$ og Kristján að $^1/_3$.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Með eigin játningu sakbornings og öðrum skýrslum í málinu er það sannað, að ákærði Kristján Daði

Bjarnason hefir síðastliðið sumar orðið ásáttur Siggeiri Siggeirssyni um að stela vínföngum úr húsinu nr. 8C við Bergstaðastræti hjer í bænum og að hann stóð vörð í húsinu meðan Siggeir dyrkaði þar upp læst herbergi og stal 7 flöskum af víni úr læstri hirslu og tók ákærði þar við tveimur flöskum af þýfinu, flutti þær á burt með sjer og neytti nokkurs af víninu ásamt Siggeiri. Þetta afbrot ákærða, sem einu sinni áður hefir verið dæmdur fyrir stórþjófnað, er af undirrjettardómaranum rjettilega heimfært undir 232. gr. 2. málsgr. sbr. 48. gr. hinna almennu hegningarlaga og þykir hæfilegt að ákveða refsingu hans 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Að öðru leyti verður að fallast á aukarjettardóminn og ber því með þessari breytingu á refsingunni að staðfesta hann, að því leyti sem honum hefir verið áfrýjað.

Ákærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar í hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda, 60 kr. til hvors.

Það athugast, að prófun málsins er ófullkomin um það atriði, hvort ákærði hafi verið samsekur Siggeiri Siggeirsyni um stuldinn á Bergþórugötu 12 næstliðið haust, en ekki hefir þótt næg ástæða til að heimvísa málinu til nýrrar rannsóknar sökum þessa.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardóminum, að því leyti sem honum hefir verið áfrýjað, skal óraskað, þó þannig, að refsing ákærða Kristjáns Daða Bjarnasonar ákveðst 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til

sækjanda og verjanda, málflutningsmannanna Lárusar Fjeldsted og Jóns Ásbjörnssonar, 60 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms um Kristján Daða Bjarnason:

Mál þetta er höfðað af rjettvísinnar hálfu gegn Siggeir Siggeirssyni, sjómanni, Laugaveg 13 hjer í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum 23. kap. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869 og Kristjáni Daða Bjarnasyni, til heimilis í Selbúðum nr. 1 hjer í bænum, einnig fyrir brot gegn ákvæðum sama kap. sömu laga.

Málavextir eru þeir er nú skal greina og sannaðir með eigin játningu ákærðra, er kemur heim við það sem á annan hátt er upplýst í málinu.

. . . . . .

Hinn 3. f. m. kl. 1—5 síðd. fór ákærður (Siggeir Siggeirsson) inn í húsið nr. 12 við Bergþórugötu, sem var ólæst. Hann vissi að stúlka ein, sem hann þekkir, hafði herbergi þar í húsinu. Ákærður hitti engan mann þarna í húsinu, en hurðin að herbergi stúlkunnar var lokuð þannig, að hurðarhúnninn hafði verið tekinn úr að utan. Ákærður stakk þá vasahníf sínum í læsinguna og opnaði hurðina þannig. Hann fór síðan inn í herbergið og leitaði þar í saumavjel, sem hann vissi að stúlkan var vön að geyma peninga í og fann hann þar kr. 200,00 í peningum, sem hann tók, stakk á sig og hafði á burt með sjer. Sama kvöldið þegar lögreglan handsamaði ákærðan Siggeir Siggeirsson, hafði hann á sjer kr. 162,82 af þeim peningum, sem hann hafði stolið frá stúlkunni og hefir þessari upphæð verið komið til hennar.

Í sumar fór ákærður Siggeir Siggeirsson ásamt meðákærðum Kristjáni Daða Bjarnasyni heim til Ásgeirs Ásmundssonar, Bergstaðastræti 8 C, til að reyna að fá keypt af honum áfengi. Ásgeir var ekki sagður heima og tók ákærður Siggeir Siggeirsson sig því til, dyrkaði upp herbergi Ásgeirs þarna í húsinu, sem var læst, fór inn í herbergið, opnaði þar læsta kommóðuskúffu og tók þaðan 5 flöskur af Spánarvínum. Meðákærður Kristján Daði Bjarnason stóð fyrir framan hurðina á meðan og rjetti ákærður Siggeir honum 2 af flöskum þessum, sem ákærður Kristján stakk

á sig og neytti síðar. Ákærður Siggeir lokaði síðan herberginu og höfðu þeir sig sig því næst á burt.

. . . . . .

Ákærður Kristján Daði Bjarnason var í gæsluvarðhaldi frá 8. til 13. f. m.

Ákærðir eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna, Siggeir er fæddur 26. sept. 1902, en Kristján 31. jan. 1902. Ákærður Siggeir Siggeirsson hefir með dómi aukarjettar Reykjavíkur uppkveðnum 1. desbr. 1920 verið dæmdur skilorðsbundið í 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð fyrir brot gegn ákvæðum 230. gr. og 231. gr. 4. lið sbr. að miklu leyti 55. gr. og 38. gr. og að nokkru leyti 65. gr. hegningarlaganna frá 25. júní 1869. Ákærður Kristján Daði Bjarnason hefir einnig með sama dómi sama rjettar verið dæmdur í 12 mánaða betrunarhúsvinnu fyrir brot gegn ákvæðum 231. gr. 4. lið og 230. gr. sbr. að miklu leyti 55. gr. svo og 240. gr. sbr. 38. gr. hegningarlaganna. Dómi þessum var að því er ákærðum Kristjáni viðkemur skotið til hæstarjettar og var þar staðfestur með dómi þess rjettar uppkv. 4. apríl 1921.

Afbrot ákærðs Siggeirs Siggeirssonar, sem talin eru undir liðina 1—4 hjer að framan ber að áliti dómarans að heimfæra undir 232. gr. alm. hegningarlaga, en afbrot ákærðs Kristjáns Daða Bjarnasonar, sem talið er undir lið 4 ber að heimfæra undir sömu gr. 2. málsgr. sbr. 48. gr. sömu laga.

. . . . . .

Refsing sú, sem ákærður Kristján Daði Bjarnason hefir tilunnið, er að áliti dómarans hæfilega ákveðinn 100 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærður Kristján Daði Bjarnason greiði hinum skipaða talsmanni sínum hjer fyrir rjettinum hrmflm. Jóni Ásbjörnssyni kr. 35,00 í málsvarnarlaun.

Hinir ákærðu greiði hvor um sig kostnaðinn við sína varðhaldsvist og annan kostnað sakarinnar greiði Siggeir að $^2/_3$ en Kristján að $^1/_3$.

Iðgjalda hefir ekki verið krafist.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 28. mars 1927.

Nr. 13/1927. **Valdstjórnin** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Stefáni Þorlákssyni (L. Fjeldsted).

Ofhraður bifreiðarakstur.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 10. jan. 1927: Kærður, Stefán Þorláksson, greiði 100 króna sekt í bæjarsjóð innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella í hennar stað einföldu fangelsi í 7 daga.

Svo greiði hann og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Af ástæðum þeim, sem greindar eru í hinum áfrýjaða lögreglurrjettardómi, ber að staðfesta dóminn, og telst fresturinn til greiðslu sektarinnar frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talið málflutningskaup til sækjanda og verjanda hjer í rjetti, 60 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Lögreglurjettardóminum skal óraskað, þannig að greiðslufrestur sektarinnar telst frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Stefán Þorláksson, greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talið málflutningskaup sækjanda og verjanda í hæstarjetti, hæstarjettarmálflutningsmannanna Stefáns Jóh. Stefánssonar og L. Fjeldsted, 60 kr. hvorum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Stefáni Þorlákssyni bifreiðarstjóra, Baldursgötu 33, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 56 frá 15. júní 1926 um notkun bifreiða og lögreglusamþyktarinnar fyrir Reykjavík frá 19. apríl 1919.

Málavextir eru þeir sem nú skal greina:

Hinn 14. nóvbr. s. l. kl. 11,20 kveðast lögregluþjónarnir Kjartan Sigurðsson og Magnús Sigurðsson hafa verið staddir á Laugaveginum að norðan, rjett innan við Klapparstíg, og þar og þá sjeð að fólksflutningsbifreiðin R.E. 375 ók inn Laugaveginn með ekki minni en 30 km. hraða á klukkustund. Hafa lögregluþjónarnir borið það, að þeir hafi sjeð einkennisstafi bifreiðarinnar greinilega, að þeir sjeu vissir um, að hraðinn hafi ekki verið minni, en áður greinir, og sennilega hafi hann verið mikið meiri, ennfremur að Magnús hafi tekið upp úr sitt, litið á það og skrifað hjá sjer tímann. Þeim ber ennfremur saman um, að þeir hafi sjeð, að umrædd bifreið beygði á inneftir leiðinni af Laugaveginum og inn á Frakkastíginn og að hún kom þaðan aftur eftir stutta stund og ók niður Laugaveg með skaplegum hraða og sáu þeir einkennisstafi bifreiðarinnar þá enn greinilega.

Kærður hefir neitað því eindregið að hafa ekið inn Laugaveginn kl. 11,20 að kveldi 14. nóvbr. f. á. Hann hefir leitt að því eitt vitni að hann hafi verið heima hjá sjer á Baldursgötu 33 frá kl. 11 til um kl. 11,30 þetta kveld, en hafi þá ekið að heiman í bifreið sinni R.E. 375. Kveðst kærður þá hafa ekið niður í bæ og síðan inn Laugaveg, inn á Frakkastíginn og þaðan til baka aftur niður Laugaveginn. Heldur hann því fram, að frá því að hann fór að heiman og til þess tíma, að hann ók inn Laugaveginn, muni sennilega hafa liðið 6—8 mínútur og að hann hafi þá ekið með lögboðnum hraða. Hann telur því að það hljóti að hafa verið einhver annar, sem ók inn Laugaveginn á þeim tíma, sem lögregluþjónarnir tiltaka, en engar líkur hefir kærður þó fært að því, að nokkur hafi getað náð í bifreið hans R.E. 375 og ekið henni um þetta svæði á hinum tiltekna tíma.

Þess ber þá fyrst að gæta, að kærður er einn til frásagnar um það að liðið hafi 6—8 mínútur frá því hann fór að heiman og til þess tíma, er hann ók um Laugaveginn, og að hann sjálfur fullyrðir ekki að tíminn hafi verið svo langur, heldur telur það sennilegt. Ennfremur hefir vitnið, sem borið hefir um það, hvenær kærður hafi farið að heiman, skýrt svo frá, að kl. hafi verið *um* 11,30 og að þótt það hafi ekki rekið sig á að klukkan sín

gangi skakkt, muni þó geta skakkað á henni einni til tveim mínútum eða svo. Enn hefir lögregluþjónninn viðurkent, að skakkað geti á klukku sinni 2—3 mínútum frá því rjetta. Ósamræmið milli vitnaskýrslnanna er því, þegar betur er að gáð, fremur smávægilegt, og getur hæglega orsakast af því, að klukkur vitnanna hafi ekki verið rjettar. Þar sem það er nú upplýst í máli þessu, með eigin játningu kærðs, að hann hafi ekið bifreið sinni R.E. 375 einmitt þá sömu leið sem lögregluþjónarnir sáu bifreið þessa aka og ósamræmið með tímann er ekki meira en svo, að álíta verður að stafað geti af skekkju á klukkum þeim, sem miðað er við, verður lögreglurjetturinn að álíta það sannað að kærður hafi ekið um Laugaveginn í bifreið sinni R.E. 375 á sama eða svipuðum tíma og lögregluþjónarnir tiltaka og að hann hafi þá ekið með óleyfilega miklum hraða. Hefir kærður því að áliti rjettarins brotið gegn ákvæðum 6. gr. bifreiðarlaganna og 49. gr. lögreglusamþyktarinnar.

Kærður hefir nokkrum sinnum áður gerst brotlegur gegn bifreiðarlögunum og lögreglusamþykt Reykjavíkur: $^{15}/_{5}$ 1919 undirgekst hann í lögreglurjetti Reykjavíkur 40 króna sekt fyrir brot á bifreiðarlögunum, $^{31}/_{1}$ 1920 undirgekst hann aftur 75 kr. sekt fyrir brot á sömu lögum, $^{25}/_{6}$ 1924 hlaut hann áminningu lögreglustjóra Reykjavíkur fyrir of hraðan akstur á bifreið, $^{4}/_{10}$ 1924 undirgekst hann enn í lögreglurjetti Reykjavíkur 40 króna sekt fyrir brot á bifreiðarlögunum. Hinn 2. sept. 1924 og 10. sept. 1926 var hann hjá lögreglustjóra sektaður fyrir ljósleysi á bifreið sinni. Hinn $^{25}/_{8}$ 1925 var hann í lögreglurjetti Reykjavíkur dæmdur í 50 króna sekt fyrir ljósleysi á bifreið sinni, en þeim dómi skaut kærður til hæstarjettar og var sektin þar hækkuð upp í kr. 75,00.

Refsing sú, sem kærður hefir tilunnið, er að áliti dómarans hæfilega ákveðin kr. 100,00 sekt, sem renni í bæjarsjóð, og greiðist innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti kærður í hennar stað einföldu fangelsi í 7 daga. Svo greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á uppsögn dóms í máli þessu hefir orðið nokkur dráttur, sem stafar af því að kærður óskaði eftir því, að rannsókn lokinni að fá að leggja fram vörn í málinu áður en að dómur gengi, en á því hefir orðið talsvert mikil bið af hans hálfu.

Miðvikudaginn 30. mars 1927.

Nr. 94/1926. **Eigandi Höllustaða** (Kalman)
gegn
eigendum Reykhóla (Enginn).

Frávísun.

Dómur aukarjettar Barðastrandarsýslu 30. ágúst 1924: Landamerkjaskrá Reykhóla frá 18. febrúar 1884, skal að því er Höllustaði snertir standa í gildi, en inn í landamerkjaskrána bætist: Höllustaðir hafa ítak í nefndum austurhelming Heyárdals í hlutfallinu 1—4 til slægna, og önnur afnot dalsins til beitar, miðað við ítölu búfjár í haga. — Málskostnaður ákveðst kr. 700,00, er greiðist að hálfu af aðiljum. — Dóminum að fullnægja innan 3ja sólarhringa frá lögbirtingu að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Mál þetta hefir verið tekið fyrir og dæmt í aukarjetti Barðastrandarsýslu, en í eðli sínu er það landamerkjamál og hefir að öðru leyti verið höfðað og rekið samkvæmt lögum um landamerki nr. 41, 28. nóv. 1919, og var dómur kveðinn upp í því 30. ágúst 1924.

Máli þessu hefir tvívegis áður verið skotið til hæstarjettar, en í hvorugt skiftið var mætt í málinu af áfrýjanda hálfu, er það samkvæmt stefnunni átti að koma fyrir rjettinn, og fjell því málið í bæði skiftin niður, í fyrra skiftið með útivistardómi uppkveðnum 23. júní 1925 og í síðara skiftið með útivistardómi uppkveðnum 21. okt. s. á.

Nú hefir máli þessu enn á ný verið skotið til hæstarjettar með stefnu útgefinni 20. desbr. 1926 að fengnu áfrýjunarleyfi dags. 6. s. m.

Svo sem fram hefir verið tekið er mál þetta í eðli sínu landamerkjamál og farið með það í hjeraði samkvæmt lögum nr. 41/1919 og í áfrýjunarleyfinu

er það kallað landamerkjamál, en þegar áfrýjunarleyfið var útgefið voru liðin meira en 2 ár frá dómsuppsögn, en með því að svo er fyrir mælt í 15. gr. landamerkjalaganna að ekki megi veita áfrýjunarleyfi eftir að 12 mánuðir eru liðnir frá uppsögn merkjadóms og ákvæði þetta gildir jafnhliða 28. gr. hæstarrjettarlaganna sbr. síðari lið 26. gr. laganna, brast heimild til að veita leyfi til áfrýjunarinnar, og verður því ex officio að vísa máli þessu frá rjettinum.

Þar eð ekki hefir verið mætt í máli þessu af stefndra hálfu fellur málskostnaður niður.

Því dæmist rjett vera:

Máli þessu vísast frá hæstarjetti. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 4. apríl 1927.

Nr. 15/1927. **Rjettvísin** (Pjetur Magnússon)
gegn
Jóni Hirti Jónssyni (Svb. Jónsson).

Brot skv. 206. sbr. 209. gr. hgl.

Dómur aukarjettar Hafnarfjarðarkaupstaðar 11. desbr. 1926: Jón Hjörtur Jónsson, verkamaður til heimilis á Krosseyrarvegi nr. 8 í Hafnarfirði, greiði í ríkissjóð kr. 100,00 í sekt innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella 10 daga einföldu fangelsi í stað sektarinnar. — Honum ber og að greiða allan af málinu og undanfarandi rannsókn löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar á meðal 75 krónur til skipaðs talsmanns hans, lögm. Gunnars E. Benediktssonar í Reykjavík.

Loks ber og ákærðum að bæta ökumanni Jóhannesi Sveinssyni, til heimilis á Merkurgötu nr. 9 í Hafnarfirði, eftir óvilhallra manna mati, upp lækningarkostnað og atvinnumissir, er hann hefir

beðið út af slysi því, er hann varð fyrir 17. maí þ. á., og hann ekki fær bættan samkvæmt gildandi slysatryggingarlögum, og ennfremur greiði hann honum 500 kr. fyrir þjáningar þær, sem hann hefir tekið út og fyrir óþægindi þau, lýti og óprýði, er leiða af skaða þeim, er hann hefir beðið.

Skaðabætur ídæmdar og þóknun ber ákærða að greiða innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, og einnig frá matsbirtingu.

Að öðru leyti ber að fullnægja dómnum að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Í vottorði dags. 28. f. m., er lagt hefir verið fram í hæstarjetti, hefir læknir sá, er stundað hefir Jóhannes Sveinsson, meðal annars lýst svo meiðslum hans, að höndin sjálf og fingurnir sjeu enn mjög máttlitlir og að hann geti ekki notað höndina við nokkurt það starf, sem fingranna þurfi við sjerstaklega, og þar eð maður þessi sje orðinn fullorðinn, um sjötugt, býst læknirinn ekki við að nein bót verði á þessu í framtíðinni.

Að þessu athuguðu verður að telja meiðsl þau, er Jóhannes hefir hlotið, falli undir 206. gr. hinna almennu hegningarlaga, og með því að meiðsl þessi hafa hlotist af gáleysi ákærða er brot hans af undirdómaranum rjettilega heimfært undir 209. gr. sömu laga. Þykir hegning sú, er ákærði hefir tilunnið, hæfilega ákveðin 14 daga einfalt fangelsi.

En þar sem ákærði hefir ekki áður sætt hegningu fyrir neitt lagabrot og hann hafði nokkra ástæðu til þess að ætla að Jóhannes mundi bíða utan brautarinnar þar til einnig hinn síðari vagn væri kominn fram hjá, þykir mega ákveða samkvæmt 1. gr. laga nr. 39, 16. nóv. 1907 að fullnustu refsingarinnar skuli fresta og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef ákærði fullnægir lögmæltum skilyrðum.

Svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða dómi hefir Jóhannes Sveinsson gjört kröfu til bóta fyrir tjón það, er hann hefir beðið við meiðslin, en með því að ekki liggja fyrir í málinu neinar upplýsingar um legukostnað og læknishjálp og enn er óákveðið hvaða örorkubætur honum verða ákveðnar frá slysatryggingu ríkisins, verða honum í þessu máli eigi dæmdar bætur fyrir lækningarkostnað eða atvinnumissi, en hins vegar má samkvæmt 303. gr. hegningarlaganna dæma honum þóknun fyrir þjáningar þær og líkamslýti, er hann hefir orðið fyrir, og ákveðst hún 300 kr.

Um málskostnað í hjeraði á aukarjettardóminum að vera óraskað. Svo greiði ákærði allan kostnað sakarinnar í hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 150 kr. til hvors.

Við meðferð málsins í hjeraði athugast, að rannsóknardómarinn hefir ekki útvegað álit hjeraðslæknisins um meiðslin og að vörn talsmanns ákærða hefir eigi verið færð inn í dómsgjörðirnar.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði, Jón Hjörtur Jónsson, sæti 14 daga einföldu fangelsi, en fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef hann heldur skilorð laga nr. 39, 16. nóv. 1907.

Ákærði greiði Jóhannesi Sveinssyni 300 kr. fyrir þjáningar og líkamslýti, er leitt hafa af meiðsli því, er hann hefir orðið fyrir, en sje að

svo stöddu að öðru leyti sýkn af skaðabótakröfum hans í máli þessu.

Ákvæði aukarjettardómsins um málskostnað í hjeraði skal óraskað. Svo greiði ákærði allan kostnað sakarinnar í hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda, hæstarjettarmálflutningsmannanna Pjeturs Magnússonar og Sveinbjörns Jónssonar, 150 kr. til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mánudaginn 17. maímánaðar þ. á. er ökumaður Jóhannes Sveinsson, til heimilis á Merkurgötu nr. 9 í Hafnarfirði, var á leið niður sporbraut þá, er liggur frá fiskverkunarreit firmans Hellyer Brothers á „Víðistaðabala", niður að fiskþvottahúsum við sjóinn, slepti ákærður, Jón Hjörtur Jónsson, verkamaður, til heimilis á Krosseyrarvegi nr. 8 hjer í bænum, sem er 27 ára að aldri, og eigi áður hefir sætt ákæru eða hegningu fyrir neitt lagabrot, tómum sporvagni niður sporbrautina, og lenti vagn þessi á hesti þeim, er fyrgreindur Jóhannes teymdi lausan, og hrökk maður þessi við það út af sporbrautinni eða sporbrautarstæðinu, langa leið niður í stórgrýti, sem þar var fyrir, og meiddist hann mjög við byltu þessa, eða þannig, að vinstri handleggur fór úr lið um úlfliðinn og liðaendar stóðu út úr skinninu, og einnig fjekk hann margar smáskeinur hingað og þangað um líkamann, og ennfremur rifbrotnaði hann, en hest hans sakaði eigi að því er virðist. — Það hefir eigi orðið fyllilega upplýst, hvort vagninn, er hann lenti á hesti Jóhannesar, hafi einnig komið við hann sjálfan og hent honum út af brautinni, eða að hesturinn hafi hrokkið þannig til á mann þann, er fyrir slysinu varð, að hann hrökk út af brautarstæðinu, en þetta virðist einu gilda.

Hagar þannig til, með flutning um sporbraut þessa, að fiskur og annað er flutt er eftir brautinni á sporvögnum, sem fyrst er ýtt uppeftir með handafli, eða eftir neðri hluta brautarinnar, en síðan dregnir af hesti upp að fyrgreindum fiskverkunarreit á

„Víðistaðabala“, en svo eru vagnarnir tæmdir látnir renna niður eftir sporinu sjálfhala, þar til við þeim er tekið neðarlega á brautinni af 2mur piltum, er svo fylgja þeim inn í fiskþvottahúsin niður við sjóinn, og eiga piltar þessir einnig að sjá um, að fólk aðkomandi eigi fari inn á brautina á þeim hluta hennar, er liggur frá húsum þessum upp að svonefndu „Neðra-Klifi“, en þegar vögnunum er hleypt að ofan og niður eftir, hefir af yfirverkstjóranum verið lagt svo fyrir þá, er umsjón hafa með vögnum þar uppfrá, að sleppa þeim eigi fyr niðureftir, en á skiftisporinu á neðri fiskreitarkantinum, hvaðan sjest yfir sporbrautina alla leið niður að fyrgreindu klifi, og hefir svo verið tilætlast, að hvorki sá, er flytur vagnana uppeftir eða hestur hans væru á brautinni frá fiskreitnum niður að oftgreindu klifi, og þá ætlast svo til, að maður og hestur, er vögnunum er slept niðureftir, sjeu annaðhvort uppfrá, þar sem tekið er við vagninum af ökumanni eða þá við ofangreint „Neðra-Klif“, þar sem fyrumgetnir piltar taka við lausu vögnunum að ofan og fylgja þeim svo aftur, en þó komi það fyrir, samkvæmt skýrslu yfirverkstjórans, að maður og hestur fari út af brautinni nokkru ofar en við klif þetta, eða við holt eða bala á milli fiskreitsins og klifsins, en þó eigi nema um það hafi verið talað við ökumann áður en hann leggur af stað að ofan, eigi að sleppa vögnum niður á eftir honum, þar brautarstæðið á fyrgreindu svæði sje víða svo mjótt eða þröngt, að eigi sje óhætt að vera þar utan við sporið, er vagn renni eftir því niðureftir, eða að minsta kosti ekki með hest með sjer, en það var á svæði þessu á brautinni, að slys það varð, er fyr greinir.

Áður en ákærður slepti sporvagni þeim niður brautina, er orsakaði umrætt slys, hafði fyrnefndur ökumaður, er fyrir slysinu varð, tilkynt ákærðum, er þá hafði umsjón með vögnum þar uppi á fiskreitnum, að það vantaði kerrur eða vagna niðureftir, eða um leið og hann afhenti vagn þann, er hann kom með þá uppeftir, og kveðst þá ákærður hafa sagt við Jóhannes, að ein kerra væri laus uppi á spori á fiskreitnum, og verkamaður Gísli Hermann Guðmundsson, er með ákærðum var þá, sagt að þau væru 2 vagnar lausir uppfrá, annar inni í húsi þar á reitnum, en hinn uppi á skiftispori ofan til við miðjan fiskreitinn, og hafi Jóhannes heyrt þetta, og ákærður kveðst hafa sagt við Jóhannes, að þeir þá sendu kerrurnar niðureftir, en ökumaður kveðst hvorugan þeirra hafa heyrt taka það fram, að þeir sendu 2 vagna niður-

eftir, heldur hafi þeir aðeins minst á það, að 2 vagnar væru uppfrá.

Kveðst svo Jóhannes hafa sagt við menn þessa, að hann biði við klettinn þar nokkru neðar þar til vagninn kæmi, og lagt svo af stað niðureftir brautinni, og síðan beðið á stað þessum við brautina þar til vagninn rann áfram án þess að saka hann eða hestinn, og svo beðið enn þá nokkrar mínútur þarna, ef vera kynni að öðrum vagni yrði hleypt niður, enda þótt ekki hefði verið gjört beint ráð fyrir því áður en hann lagði af stað niðureftir, en er hann hefði beðið 4—6 mínútur á að giska, hefði honum komið til hugar, að úr því væri ekki að vænta fleiri vagna á eftir honum, en er hann hafi verið kominn skamt niður fyrir klettinn, kveðst hann ekki hafa vitað fyr en vagn kom á eftir honum eftir brautinni, og kveðst hann þá hafa fleygt taumunum á hestinum, og svo ekki vitað fyr en að hann hentist út af brautinni, og hyggur hann að vagninn hafi fyrst lent á hestinum og síðar á honum sjálfum, og hann svo hrokkið út af brautinni þess vegna. — Segir hann að veður hafi verið þennan dag allmikið af suðaustri, og hann þess vegna haft band um hattinn, og því ekki heyrt til vagnsins fyr en hann var rjett hjá honum, og hann heldur eigi átt von á vagni að ofan.

Ákærður hefir kannast við að hann hafi slept fyrgreindum 2mur vögnum áður en slysið varð, á þeim stað, sem það eigi sje venjulegt, heldur upp á fiskreitnum, hvaðan aðeins sjáist yfir brautina niður að stórum klettum fyrir neðan beygju á henni, en að hann ekki aðgætti hvar Jóhannes var á eða við brautina þegar hann slepti seinni vagninum, segir hann að stafi af því, að hann hafi gengið sjálfur út frá því sem vissu, að Jóhannes ætti einnig von á þeim vagni eða kerru eins og hinum fyrri, og myndi vara sig á henni, þar sem hann áður hefði verið búinn að tilkynna honum, að báðir vagnarnir yrðu sendir niðureftir.

Rjett á eftir að ákærður slepti vagninum, sá fólk, er var við vinnu í húsi þar á reitnum, vagninn renna niðureftir sporbrautinni og oftnefndan Jóhannes þá einnig á henni með hest sinn, og kallaði þá flokkstjórinn þar uppfrá, Jón Ólafsson, til ákærða, sem þá var á leið frá skiftisporinu á fiskreitnum upp að fyrgreindu húsi, að svo væri, en ákærður kveðst eigi hafa heyrt hann kalla, enda þá ofseint að hlaupa eftir vagninum og stöðva hann, og hann sjálfur í þungum vinnufatnaði og síðum olíustakk, en jafnskjótt og Jóhannes sást hverfa út af brautinni, hljóp ákærður ásamt öðrum þar á fiskreitnum niðureftir, og fundu þeir þá

mann þennan standandi upp við stein þar niðri við brautina, eða hann var þá að skreiðast á fætur, og hafði hann þá orð á því við þá, að það væri slæmt að sleppa kerrunni svona. — Var hann svo leiddur eða studdur heim til sín, og var hann svo lengi rúmfastur og undir stöðugri umsjón læknis og hjúkrunarkonu og er enn þá lasburða mjög. — Ákærður tilkynti slysið þegar yfirverkstjóra og leitaði læknis.

Með því að þessu er nú þannig varið, og að ákærður hefir undir rannsókninni kannast við, að honum hafi verið vel kunnugt um þá tilhögun þar á sporbrautinni, að sleppa eigi vögnum þeim, er fara áttu lausir niðureftir henni fyr en frá skiftisporinu við neðri fiskreitarkantinn, hvaðan sjest yfir sporbrautina alla þá leið, er fyrnefndur ökumaður fór um á sporbraut þessari, eða þangað, sem tekið var við vögnunum, og upplýst er, að hann hafi í þess stað slept vagni þeim, er orsakaði slysið, þegar uppi við miðjan fiskreitinn, hvaðan hann ekki gat sjeð yfir sporbrautina, nje heldur, er hann slepti seinni vagninum, sá mann þann, er fyrir slysinu varð, en hafði þó sjeð hann, er hann slepti þeim fyrri, eða nokkrum mínútum áður, og loks ekkert það er framkomið undir rannsókninni, er bendi til þess, að honum hafi borið nokkur nauðsyn til þess að sleppa vagninum frá sjer þarna fremur en á þeim stað, er til var ætlast, og hvaðan hann, áður en hann slepti vagninum, gat fullvissað sig um, hvar ökumaðurinn ásamt hesti hans þá var staddur, og hagað sjer eftir því, virðist hann með þessu gáleysi sínu hafa orsakað fyrirgetið slys, og þannig gjörst brotlegur gegn 209. gr. hinna almennu hegningarlaga, sbr. 206. gr. sömu laga.

Virðist hegning sú, er hann hefir tilunnið fyrir þetta brot sitt, hæfileg 100 kr. sekt, er renni í ríkissjóð, og greiðist innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella 10 daga einföldu fangelsi í stað sektarinnar. — Einnig ber honum og að greiða allan af máli þessu og undanfarandi rannsókn löglega leiðandi og leiddan kostnað, þar á meðal 75 krónur til skipaðs talsmanns hans, lögm. Gunnars E. Benediktssonar.

Þá ber og að taka til greina framkomna kröfu hins slasaða manns, ökumanns Jóhannesar Sveinssonar, um að ákærður bæti honum alt það tjón, eftir mati óvilhallra manna, er hann hefir orðið fyrir út af slysi þessu, og hann eigi samkvæmt gildandi slysatryggingarlögum fær bætt, eða að hann þannig, samkvæmt 303. gr. hegningarlaganna bæti honum upp lækningarkostnað og atvinnumissir, og ennfremur gjaldi hann fyrnefndum manni, með

hliðsjón af hinni tilvitnuðu lagagrein, 500 kr. fyrir þær þjáningar, sem hann hefir tekið út, og fyrir óþægindi þau, lýti og óprýði, er leiða kann af skaða þeim, er hann hefir beðið.

Það vottast, að rekstur málsins í hjeraði hafi verið lögmætur.

Miðvikudaginn 6. apríl 1927.

Nr. 59/1926. **Gunnar Þórðarson** (Guðm. Ólafsson)
gegn
Ásgeiri Ólafssyni (B. P. Kalman).

Útaf spurningu um ábyrgð.

Dómur gestarjettar Reykjavíkur 2. júní 1926: Stefndur, Ásgeir Ólafsson, á að vera sýkn af kröfum stefnandans, Gunnars Þórðarsonar, í þessu máli. — Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstarjettar.

Af ástæðum þeim, er greinir í hinum áfrýjaða dómi og ekki hefir verið hnekt í verulegum atriðum undir rekstri málsins í hæstarjetti, þykir rjett, þar sem áfrýjandi, Gunnar Þórðarson, er látinn, að láta úrslit málsins, samkvæmt varakröfu Guðm. Ólafssonar hrmflm. f. h. skiftanefndar í búi áfrýjanda, velta á eiði stefnda þannig, að stefndi skuli vera sýkn af kröfum skiftanefndar í búi áfrýjanda, ef hann staðfestir það með eiði á varnarþingi sínu innan mánaðar frá uppsögn dóms þessa, að svo hafi samist milli hans og annars manns annarsvegar og Gunnars heitins Þórðarsonar hinsvegar í janúarmánuði 1923, að verslunarfjelagsskapur sá, er þeir prímenningar stofnuðu sín á milli með samningi 16. maí 1922, skyldi falla niður og Gunnar einn bera alla ábyrgð á versluninni upp frá því en stefndi og hinn fjelag-

inn vera laus allra mála um ábyrgð á versluninni, og á þá málskostnaður fyrir báðum rjettum að falla niður.

En verði stefnda eiðfall á hann að greiða Guðm. Ólafssyni f. h. skiftanefndar í búi áfrýjanda f. h. búsins umstefndar 2693 kr. 51 eyri ásamt 6 % vöxtum frá 15. nóv. 1924 og málskostnað fyrir báðum rjettum með 400 kr.

Því dæmist rjett vera:

Ef stefndi, Ásgeir kaupmaður Ólafsson, eftir löglegan undirbúning, á varnarþingi sínu vinnur eið að því innan mánaðar frá uppsögn dóms þessa, að svo hafi samist milli hans og annars manns og Gunnars heitins Þórðarsonar hinsvegar í janúar 1923, að verslunarfjelagsskapur þeirra þrímenninga samkv. samningi 16. maí 1922 skyldi falla niður og Gunnar heitinn einn bera alla ábyrgð á versluninni upp frá því en stefndi og hinn fjelaginn vera laus allra mála um ábyrgð á versluninni, þá skal hann sýkn af öllum kröfum Guðm. Ólafssonar f. h. skiftanefndar í búi áfrýjanda og fellur þá jafnframt málskostnaður niður í báðum rjettum.

En verði stefnda eiðfall greiði hann Guðm. Ólafssyni f. h. skiftanefndar í búi áfrýjanda f. h. búsins umstefndar 2693 kr. 51 eyri ásamt 6 % vöxtum frá 15. nóv. 1924 og málskostnað í báðum rjettum með 400 kr.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með bráðabirgðarfjelagssamningi undirrituðum 16. maí 1922 stofnuðu þeir Gunnar Þórðarson, kaupmaður, Benedikt Sveinsson, alþingismaður, og Ásgeir Ólafsson, heildsali, allir til heimilis hjer í bænum, heildsöluverslun er skyldi fyrst um sinn rekin undir nafni Gunnars Þórðarsonar og vera að öllu reikningshaldi fráskilinn búðarverslun þeirri, er Gunnar rak þá við Laugaveg hjer hjer í bænum. Skyldi hver þeirra þriggja leggja til jafna upphæð og jafna ábyrgð og ágóði og tap af heildversluninni því skiftast gagnkvæmt. Var Ásgeir ráðinn til að vinna einn að versluninni fyrst um sinn gegn ákveðnu kaupi. Reikningar fjelagsins skyldu gerðir upp einu sinni á ári, fyrsta sinn um næstu áramót. Fjelagið var óuppsegjanlegt um óákveðinn tíma og skyldi fara um uppsögnina eftir samkomulagi, en mál út af samningnum mátti reka fyrir gestarjetti Reykjavíkur.

Í janúarmánuði 1923 var saminn efnahagsreikningur heildverslunar þessarar pr. 31. desember 1922 og er hann dagsettur 11. janúar 1923 og undirritaður af öllum þremur fjelögunum (rjettarskjal nr. 14). Á efnahagsreikningi þessum eru vörubirgðir heildverslunarinnar taldar án álags og útkoma hans er sú, að eignirnar nema kr. 1448,94 meiru en skuldirnar þar með talið stofnfje kr. 9000,00.

Í byrjun aprílmánaðar 1923 ljet Gunnar Þórðarson flytja vöruleifar smáverslunar sinnar á Laugavegi vestur í Tryggvagötu, þar sem heildverslunin hafði húsnæði. Ljet hann þá aðstoðarmenn sína við heildverslunina þá Eirík Guðmundsson og Lárus Einarsson, telja upp vöruleifar heildverslunarinnar og er sú vöruupptalning talin hafa farið fram 11. apríl 1923, en skrá yfir útistandandi skuldir heildverslunar þessarar, sem lögð hefir verið fram í máli þessu (rjettarskjal nr. 10) er miðuð við 12. apríl 1923.

Um þetta leyti virðist Gunnar Þórðarson hafa siglt til útlanda sjer til heilsubótar og annar maður honum nátengdur hafi tekið við fjárforáðum fyrir hann. Lokaði sá maður versluninni alveg í aprílmánuði 1923, eftir því sem málsskjölin virðast bera með sjer. Hinn 17. ágúst 1923 komu aðalskuldheimtumenn Gunnars að tilhlutun þessa sama manns saman á fund til þess að athuga efnahag hans og kom það í ljós af framlagðri efnahagsskýrslu, að bú hans mundi ekki hrökkva fyrir skuldum. Var þá samþykt að reyna að koma búinu í peninga án þess að afhenda það til gjaldþrotaskifta og kosin 5 manna nefnd til þessa og til

þess að leita samþykkis fjarstaddra skuldareigenda á þessari ráðstöfun búsins og því næst að því fengnu að skifta búinu.

Nefnd þessi hjelt síðan nokkra fundi og á 5. fundi hennar 24. september var samþykt að greiða skuldheimtumönnum búsins þegar í stað 10 % af skuldum þeirra. Á 7. fundi nefndarinnar 27. nóvember 1923 var aftur ákveðið að greiða skuldheimtumönnum búsins önnur 10 % af skuldum þeirra.

Á 8. fundi nefndarinnar 15. september 1924 voru kosnir tveir nefndarmanna „til að leita samkomulags við Benedikt Sveinsson og Ásgeir Ólafsson um greiðslu á skuld síðarnefndra við verslunarfjelagið Heildverslun Gunnars Þórðarsonar og var þeim (ɔ: nefndarmönnunum) heimilað af nefndinni, að bjóða þeim B. Sv. og Á. Ó. að greiða í minsta lagi kr. 2500,00 hvor auk þess er þeir áður höfðu tekið að sjer".

Síðan hefir Gunnar Þórðarson, sem enn mun dvelja erlendis, látið höfða mál þetta fyrir gestarjettinum með stefnu útgefinni 15. nóvember 1924 gegn Ásgeiri Ólafssyni og gjöra þær rjettarkröfur í því, að stefndur verði dæmdur til að greiða kr. 2693,51 sem sinn hluta af tapi oftnefndrar heildverslunar, með 6 % ársvöxtum af upphæðinni frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu með kr. 221,50.

Stefndur hefir krafist sýknu af kröfum stefnanda í málinu, hann dæmdan til að greiða sjer málskostnað eftir mati rjettarins og sekt fyrir óþarfa málsýfingu, en til þess þykir ekki ástæða.

Sýknukröfu sína byggir stefndur á því, að það hafi orðið að samkomulagi síðari hluta janúarmánaðar með þeim Gunnari Þórðarsyni annarsvegar og Benedikt Sveinssyni og Ásgeiri Ólafssyni hinsvegar, að fjelag þeirra hætti, þannig að Gunnar tæki að öllu leyti við heildsölunni eins og hún stóð þá og ræki hana upp frá því á sína eigin ábyrgð og áhættu sem einkafyrirtæki sitt, en hinir væru frá þeim tíma að öllu leyti lausir við hana. Kveður stefndur heildverslunina hafa átt erfitt með að útvega sjer rekstrarfje og smáverslun Gunnars meðal annars skuldað henni allháa upphæð, er Gunnar hafi ekki getað greitt heildversluninni er fjelagar hans kröfðust þess, og hafi þá niðurstaðan orðið þessi. Skrifleg fjelagsslit og formleg afhending heildverslunarinnar af hendi Ásgeirs og Benedikts til Gunnars hafi þó aldrei komið til orða, því sakir kunningsskapar, frændsemi og góðs samkomulags milli aðilja hafi slíkt verið álitið ónauðsynlegt og af sömu ástæðum hafi þeir Ásgeir og Benedikt engar frekari kröfur gjört til Gunnars þótt hann að þeirra dómi bæri mun

bestan hlut frá borði við fjelagsslitin, sbr. efnahagsreikninginn frá 11. janúar 1923.

Í sóknarskjali sínu dags. 22. apríl 1925 (rjettarskjal nr. 5), viðurkennir stefnandi að samkomulag hafi orðið um fjelagsslitin á þá leið að hann tæki við heildversluninni 11. apríl 1923 og ræki hana upp frá því upp á eigin reikning, en kveður tilætlunina hafa verið að hagur fjelagsins yrði gerður upp eins og hann var, þegar fjelaginu væri slitið og í því skyni hafi vörutalningin farið fram 11. apríl 1923 og síðan verið gjörður efnahagsreikningur í maí 1924. Ekki er getið um það í rjettarskjalinu hvenær samkomulag þetta á að hafa orðið og eigi heldur um það, á hvern hátt gjöra hafi átt fjárhaginn upp að því er snertir vöruleifar og útistandandi skuldir. Í framhaldssóknninni dags. 9. desember 1925 (rjettarskjal nr. 19) mótmælir stefnandi því hinsvegar eindregið að þeir Ásgeir og Benedikt hafi verið gengnir úr fjelagsskapnum þegar heildverslunin hætti, en það var eftir því sem upplýst er í málinu, ekki fyrri en eftir að Gunnar Þórðarson var farinn af landi burt að heildversluninni var lokað af manni þeim, sem tekið hafi að sjer fjárráðin fyrir Gunnar.

Þegar nú þess er gætt, *að* þeir Ásgeir og Benedikt hafa neitað því harðlega, *að* þeim hafi verið gjört aðvart um þegar upptalningin á vöruleifum heildverslunarinnar fór fram og skráin yfir útistandandi skuldir hennar var samin í apríl 1923, eða efnahagsreikningur gerður að undangenginni rannsókn á bókum hennar í maí 1924 *eða* þegar heildversluninni var lokað eftir að Gunnar var sigldur, *eða* um skuldheimtumannafundinn 17. ágúst 1923 þegar ákveðið var að realisera eignir Gunnars, þar á meðal heildverslunarinnar, og að sönnur eða líkur fyrir hinu gagnstæða hafi ekki verið færðar fram í málinu, *að* þeim voru eins og öðrum skuldheimtumönnum búsins greiddar afborganir af kröfum þeirra á hendur Gunnari eftir ákvörðunum skiftanefndarinnar á fundinum 24. september og 27. nóvember 1923, *að* eigi er upplýst í málinu gegn mótmælum þeirra, að Gunnar sjálfur áður en hann sigldi, eða maður sá, er tók við fjárforráðum hans þá, eða skiftanefndin, hafi orðað það við þá Ásgeir og Benedikt fyrri en eftir fund skiftanefndarinnar 25. september 1924, að Gunnar eða bú hans hefði nokkrar kröfur á hendur þeim út af heildversluninni — þykja allar líkur vera fyrir því, að þeir skýri rjett frá um samkomulag það, er orðið hafi með þeim og Gunnari um heildverslunina síðari hluta janúarmánaðar 1923.

Þegar nú þar við bætist, að Lárus Einarsson, sem var af

greiðslumaður við heildverslunina veturinn 1922—1923 hefir borið það sem vitni í málinu og unnið eið að þeim framburði sínum, að hann hafi verið heyrnarvottur að því síðari hluta janúar 1923, að þeir Gunnar Þórðarson, Ásgeir Ólafsson og Benedikt Sveinsson hafi ákveðið að slíta heildverslununni þannig, að Gunnar tæki einn við öllum eignum og áhvílandi skuldum fjelagsins, en hinir gengju slippir frá, og að þá hafi efnahagsreikningur heildverslunarinnar frá 11. janúar 1923 verið lagður til grundvallar og *að* Gunnar hafi á eftir getið þess við sig, að nú væri hann (ɔ: Gunnar) orðinn einn um hituna (ɔ: heildverslunina) og beðið sig að vera áfram hjá sjer við heildverslunina þar til hann flytti þangað sjálfur — þykir mega byggja á því, að samkomulagið milli málsaðilja í janúar 1923 hafi átt sjer stað.

Verður þá að sýkna stefndan af kröfum stefnanda í málinu, en eftir öllum atvikum þykir rjett að málskostnaður í því falli niður.

Til þess að taka til greina kröfu stefnds um ómerkingu og sekt á hendur umboðsmanni stefnanda fyrir nokkur ummæli hans í sóknarskjölum hans þykir ekki ástæða og krafa stefnds um frávísun málsins vegna umboðsskorts manns þess, sem mætti af hálfu stefnanda við sáttaumleitun í málinu, er ástæðulaus.

Mánudaginn 5. apríl 1927.

Nr. 37/1926. **Margrjet Jónsdóttir** (L. Fjeldsted)
gegn
Sveini Magnússyni og Valdimar Jónssyni (Pjetur Magnússon).

Útaf eignarrjetti til fjárnumdra muna.

Úrskurður fógetarrjettar Akureyrarkaupstaðar 17. mars 1926: Hin umbeðna fjárnámsgjörð á að hafa framgang.

Dómur hæstarjettar.

Með bæjarþingsdómi Reykjavíkur 26. mars 1925 var Jón Guðmundsson dæmdur til að greiða Pjetri

Magnússyni f. h. Sveins Magnússonar 6510 danskar kr. með 6 % ársvöxtum af 4450 kr. frá 10. des. 1924 og af 2060 kr. frá 1. jan. 1925 og 420 ísl. kr. í málskostnað. Og enn var Jón með gestarjettardómi Reykjavíkur 23. des. s. á. dæmdur til að greiða Valdimar Jónssyni 3000 kr. með 6 % vöxtum frá 28. nóv. 1924, 1/8 % þóknun og 319 kr. 50 aur. í málskostnað. Hvorugum dóminum var áfrýjað en fjárnáms beiðst fyrir báðum dómsupphæðunum hjá bæjarfógetanum á Akureyri, með brjefi dags. 16. mars 1926.

17. s. m. var fógetarjettur Akureyrar settur á heimili Jóns Guðmundssonar nyrðra að viðstöddum umboðsmanni dómhafa og manni, sem mætti þar af hendi Jóns í fjarveru hans. Ljet umboðsm. Jóns færa til fógetabókar, að Jón ætti þar engar eignir, heldur ætti kona hans húsgögnin samkv. kaupmála þeim í milli. Fógetinn úrskurðaði þó, að fjárnámið skyldi framfara, og var það framkvæmt í ýmsum húsgögnum.

Þessum úrskurði og framkvæmd hans áfrýjaði áfrýjandi Margrjet Jónsdóttir 10. apríl 1926 og krefst nú þess að hvorttveggja verði felt úr gildi og henni tildæmdur málskostnaður fyrir hæstarjetti. Telur hún sig eiga húsgögn þau, er fjárnámið var gjört í, að einu undanskildu, en Jón son sinn að eins hafa haft þau til leigu.

En þar sem áfrýjanda hefir ekki tekist að færa neinar sönnur á það, gegn mótmælum stefndu, að hún hafi átt muni þá, er fjárnámi voru teknir greindan dag á heimili Jóns Guðmundssonar, þá ber að staðfesta hvorttveggja, úrskurðinn og fjárnámsgjörðina. Og verður áfrýjandi samkv. þeim úrslitum að

greiða hinum stefndu málskostnað fyrir hæstarjetti, er þykir hæfilega ákveðinn 200 kr.

Það er aðfinnsluvert, að fógetinn hefir haft son sinn sem vott og virðingarmann við fógetarjettarhaldið.

Því dæmist rjett vera:

Fógetarjettarúrskurðinum og fjárnámsgjörðinni skal óraskað.

Áfrýjandinn, Margrjet Jónsdóttir, greiði hinum stefndu, Sveini Magnússyni og Valdimar Jónssyni, 200 kr. málskostnað fyrir hæstarjetti.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Það er viðurkent að requisitus eigi heima í þessu húsi og að innanstokksmunir þeir, sem þar eru, sjeu eign hans eða konu hans eða þeirra beggja. Hinsvegar er það ósannað mál, að þau hjónin hafi gert með sjer kaupmála og því síður sannað að hann hafi verið birtur á löglegan hátt. Ber því að líta svo á að umræddar eignir sjeu eign fjelagsbús þeirra hjóna og ber því að gera fjárnám í þeim til fullnægingar hinum framl. dómum.

Föstudaginn 29. apríl 1927.

Nr. 60/1926. **Guðmundur Ólafsson f. h. skiftanefndar í búi Gunnars Þórðarsonar** (Guðm. Ólafsson)
gegn
Benedikt Sveinssyni (Kalman).

Dómur hæstarjettar.

Áfrýjandi hefir óskað að mál þetta verði hafið og hefir stefndi samþykt það, en krafist málskostnaðar. Er málið því hafið og ákveðst málskostnaðurinn til handa stefnda 60 kr.

Því dæmist rjett vera:

Málið er hafið. — Áfrýjandi, Guðmundur Ólafsson f. h. skiftanefndar í búi Gunnars Þórðarsonar, greiði stefnda, Benedikt Sveinssyni, 60 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti að viðlagðri aðför að lögum

---

Mánudaginn 2. maí 1927.

Nr. 80/1926. **Guðmundur Ólafsson f. h. Hinna sameinuðu ísl. verslana, Vopnafirði** (Guðm. Ólafsson)
gegn
Páli B. Jónssyni, og gagnsök
(Stefán Jóh. Stefánsson).

Útaf verslunarskuld aðalstefnda og kaupkröfu hans.

Dómur gestarjettar Reykjavíkur 30. júní 1926: Aðalstefnandi, Guðmundur Ólafsson f. h. Hinna sameinuðu ís-

lensku verslana á Vopnafirði og gagnstefnandi, Páll B. Jónsson, eiga að vera sýknir hvors af annars kröfum bæði í aðalsök og gagnsök.

Aðalstefnandi greiði gagnstefnanda málskostnað í aðalsök og gagnsök með kr. 300,00 innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstarjettar af hálfu beggja aðilja.

Svo sem fram er tekið í forsendum hins áfrýjaða dóms rjeðist aðalstefndi í októbermánuði 1919 til Hinna sameinuðu ísl. verslana á Vopnafirði án þess samið væri um ákveðið kaup, en við lok ársins 1920 var kaup hans fært honum til tekna í viðskiftareikningi hans við verslunina með 300 kr. fyrir 3 mánuði ársins 1919 og 1500 kr. fyrir árið 1920; hefir þáverandi verslunarstjóri vottað það, að stefndi, er honum varð þetta kunnugt, hafi gert kröfu til að fá hærra kaup, án þess þó að tiltaka ákveðna upphæð, en þar sem þessari kröfu var ekki sinnt af hálfu forstöðumanna verslunarinnar og stefndi hjelt engu að síður áfram að vinna við verslunina, verður að líta svo á, að hann hafi sætt sig við þessi launakjör. Stefndi var í þjónustu verslunarinnar þar til í okt. 1921, er honum var sagt upp stöðunni, en laun voru honum greidd til ársloka það ár með 150 kr. á mánuði eða 1800 kr. yfir árið. Verður eigi álitið að stefndi hafi, eftir launakjörum hans árið áður, haft ástæðu til að ætla að forstöðumenn verslunarinnar vildu greiða honum hærri laun, enda verður eigi sjeð, að hann hafi hreyft neinum mótmælum gegn launaupphæðinni, er hann fór frá versluninni og jafnvel ekki fyr en hann gagnstefndi í málinu í hjeraði. Gagnkrafa stefnda um

vangoldið kaup, alls 4800 kr., verður því ekki tekin til greina, en hinsvegar verður að dæma hann til að greiða hina umstefndu skuld, sem hann hefir ekki mótmælt, kr. 1260.95 með 5 % ársvöxtum frá stefnudegi 11. des. 1925 til greiðsludags. Svo verður stefndi og að greiða áfrýjanda 300 kr. í málskostnað í hjeraði og hæstarjetti.

Því dæmist rjett vera:

Aðalstefndi, Páll B Jónsson, greiði aðaláfrýjanda, Guðmundi Ólafssyni f. h. Hinna sameinuðu ísl. verslana, Vopnafirði, 1260 kr. 5 aura með 5 % ársvöxtum frá 11. des. 1925 til greiðsludags og 300 kr. í málskostnað fyrir undirrjetti og hæstarjetti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir samkomulagi málsaðilja höfðað fyrir gestarjettinum með stefnu útgefinni 11. desember f. á. af Guðmundi Ólafssyni hrm. f. h. Hinna sameinuðu íslensku verslana á Vopnafirði gegn Páli B. Jónssyni bæjarfógetaskrifara, hjer í bæ, til greiðslu verslunarskuldar að upphæð kr. 1260,05 með 6 % ársvöxtum frá 1. janúar 1923 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur hefir krafist sýknu af framangreindum kröfum stefnanda og málskostnaðar eftir mati rjettarins.

Stefndur hefir og gagnstefnt í málinu með stefnu útgefinni 30. desember f á. og hefir í gagnsökinni gert þær kröfur að aðalstefnandi verði dæmdur til þess að greiða sjer kr. 5100,00 með eða án skuldajafnaðar við kröfu aðalstefnanda í málinu, ásamt 5 % ársvöxtum frá 1. febrúar 1922 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Undir rekstri málsins hefir gagnstefnandi fært

kröfu sína niður í kr. 4800,00. Aðalstefnandi hefir krafist sýknu af kröfum gagnstefnanda í gagnsökinni og málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að gagnstefnandi vann sem verslunarmaður hjá „Hinum sameinuðu íslensku verslunum á Vopnafirði“ frá í byrjun októbermánaðar árið 1919 til októbermánaðarloka 1921 er honum var sagt upp starfinu fyrirvaralaust.

Hefir aðalstefnandi lagt fram sundurliðaðan reikning yfir úttekt og innlegg gagnstefnanda hjá versluninni þennan tíma. Er honum tilfært þar sem kaup fyrir fyrstu 3 mánuðina 100 krónur á mánuði fyrir árið 1920, 125 kr. á mánuði og fyrir árið 1921 til ársloka 150 krónur á mánuði eða samtals fyrir allan tímann 3600 krónur og verður þá skuld hans við áramót 1921/22 kr. 1260,05 og er það upphæð sú, sem stefnt er fyrir í aðalmálinu.

Gagnstefnandi hefir ekki mótmælt því að hafa tekið út vörur þær og peninga, sem honum eru færðar til skuldar en telur sig hinsvegar eiga kröfu til hærra kaups en þess, sem aðalstefnandi reiknar honum. Gerir hann kröfu til að fá tildæmdar 300 krónur á mánuði yfir alt tímabilið, er hann vann við verslunina og auk þess sama kaup í þrjá mánuði frá 1. nóvember 1921 til 1. febrúar 1922 þar eð honum hafi verið sagt upp fyrirvaralaust. Telur hann aðalstefnanda hafa samkvæmt þessu vantalið kaup sitt um 4800 krónur og hefir því gagnstefnt fyrir þeirri upphæð eins og fyr segir.

Eftir því sem upplýst er í málinu rjeðist gagnstefnandi upphaflega til verslunarinnar án þess að samið væri um nokkuð ákveðið kaup. Verslunarstjóri sá, sem gagnstefnandi vann hjá, hefir og vottað það í málinu að gagnstefnandi hafi er hann varð var við, hvaða kaup honum var reiknað, mótmælt því sem of lágu. Eigi verður heldur sjeð að verslunin hafi gert neinar kröfur gegn gagnstefnanda þegar hann ljet af verslunarstörfum eða yfirleitt fyr en nú í þessu máli, sem höfðað er af innheimtumönnum verslunarinnar, sem nú er í likivitation. Þess má og geta að upplýst er í málinu, að tveimur mönnum, er unnu samtímis gagnstefnanda við verslunina voru eftirgefnar skuldir svo þúsundum króna skifti, er aðallega höfðu safnast dýrtíðarár þau, er gagnstefnandi vann við verslunina. Voru skuldirnar gefnar eftir sökum þess hve starfsmennirnir höfðu lágt kaup þessi ár og hafði þó sá þeirra, er lægra kaup hafði, 2800 krónur á ári.

Þegar þess er hinsvegar gætt, að gagnstefnandi gerði engar kröfur á hendur versluninni, er hann ljet þar af starfi sínu og hefir eigi gert síðan, fyr en nú, er honum hafði verið stefnt að

fyrra bragði, og var þó full ástæða fyrir hann að vera farinn fyr af stað með kröfu sína, þar sem fyrningarfrestur var að verða útrunninn, þá verður rjetturinn að álíta, að þegjandi samkomulag hafi orðið á milli gagnstefnanda og verslunarinnar um það, að úttekt gagnstefnanda og kaup skyldi metið að jöfnu svo að hvorugur aðilja hefði kröfur að gera gegn hinum út af þeim viðskiftum. Verða því úrslit málsins hjer í rjettinum þau, að aðiljar þess verða sýknaðir hvors af annars kröfum í því, en þar eð aðalsökin var höfðuð að ástæðulausu og gagnstefnanda var rjettarfars-nauðsyn að höfða gagnsökina, þá þykir rjett að aðalstefnandi greiði gagnstefnanda málskostnað í báðum sökum og þykir hann hæfilega ákveðinn 300 krónur.

Mánudaginn 2. maí 1927.

Nr. 91/1926. **Lárus Halldórsson** (Kalman)
gegn
Ástþóri Matthíassyni f. h. verslunar G. J. Johnsen (Enginn).

Ólögmæt aðfararheimild.

Fjárnámsgjörð framkvæmd í fógetarjetti Vestmannaeyjakaupstaðar 4. okt. 1926.

Dómur hæstarjettar.

Með brjefi dags. 7. okt. 1924 veðsetti áfrýjandi stefnda með 1. veðrjetti lóð sína í Vestmannaeyjakaupstað og hús, er hann ætlaði að byggja á lóðinni, til tryggingar skilvísri greiðslu á andvirði fyrir efni til byggingar hússins, er stefndi hafði lofað að lána honum. Í veðbrjefinu er skuldarupphæð ekki tiltekin að öðru en því, að hún mátti ekki fara yfir 8000 kr. en notarialiter staðfestur útdráttur úr höfuðbókum stefnda skyldi vera fullgild sönnun fyrir upphæð skuldarinnar út af þessum viðskiftum, nema áfrýj-

andi gæti upplýst, að skuldin væri ekki rjett tilfærð. Í veðbrjefinu er það ennfremur tekið fram, að ef áfrýjandi haldi eigi loforð sín um greiðslu skuldarinnar, en hún átti að vera greidd að fullu fyrir 31. des 1925, þá geti skuldareigandi gengið að veðinu og látið selja það án undangenginnar sáttar eða dóms samkvæmt 15. gr. í lögum 16. des. 1885.

Í lok ársins 1925 gerði stefndi upp öll verslunarviðskifti sín við áfrýjanda í einu lagi og taldi sig þá eiga hjá honum kr. 5548,52. Og er áfrýjandi ekki greiddi skuld þessa sendi stefndi með brjefi 29. sept. 1926 fógeta Vestmannaeyjakaupstaðar nefnt veðbrjef áfrýjanda og krafðist þess, að fjárnám yrði gert samkv. því í veðinu fyrir skuldarupphæðinni ásamt vöxtum og kostnaði. En fjárnámsbeiðninni fylgdi enginn reikningur yfir byggingarefni það, er áfrýjandi hafði fengið, nje heldur staðfestur útdráttur úr höfuðbókum stefnda, er sýndi upphæð skuldarinnar. Á frumrit veðbrjefsins er ekkert ritað um þinglestur þess, og verður því að ganga út frá, að það hafi ekki verið þinglesið.

Fjárnámsbeiðni stefnda var tekin fyrir í fógetarjetti Vestmannaeyjakaupstaðar þ. 4. okt. f. á. Báðir aðilar mættu þar og mótmælti áfrýjandi því að gjörðin færi fram vegna þess að hann hefði ekki fengið rjetta uppgjörð á verslunarviðskiftunum og taldi sig eiga gagnkröfu á hendur stefnda, enda sjest það af gagnkröfubrjefi áfrýjanda til stefnda dags. 24. sept. 1925 og öðrum skjölum, er lögð hafa verið fram í hæstarjetti, að áfrýjandi hefir þá talið sig eiga gagnkröfu á hendur stefnda til hærri upphæðar en fjárnáms var beiðst fyrir. Fógetinn tók ekki þessi mótmæli til greina, en hefir bókað í fógetabókina, að áfrýjandi hafi ekki krafist úrskurðar, og kvað hann ekki upp

úrskurð um þessi mótmæli, en gerði fjárnám í hinni veðsettu eign til lúkningar skuldakröfu stefnda með vöxtum og kostnaði.

Fjárnámsgjörð þessari hefir verið áfrýjað til hæstarjettar með stefnu dags. 15. des. f. á. og hefir áfrýjandi krafist, að hún verði feld úr gildi og að stefndi verði dæmdur til að greiða sjer málskostnað fyrir hæstarjetti að skaðlausu.

Áfrýjunarstefnan hefir verið löglega birt fyrir stefnda, en hann hefir ekki mætt í hæstarjetti og enginn af hans hálfu og hefir því málið verið flutt þar skriflega samkv. 1. lið 38. gr. hæstarjettarlaganna og er dæmt samkv. N. L. 1—4—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Samkvæmt 15. gr. laga nr. 29, 16. des. 1885 eru þau skilyrði meðal annara sett fyrir því að veðskuldabrjef með veði í fasteign geti verið aðfararheimild, að veðskuldabrjefið sje gefið út fyrir tiltekinni skuldarupphæð og að það sje þinglesið. En samkvæmt því er að framan greinir hefir hvorugu þessu skilyrði verið fullnægt að því er snertir veðbrjef áfrýjanda 7. okt. 1924 og var það því ekki lögmæt aðfararheimild. Það verður því ex officio að fella hina áfrýjuðu fjárnámsgjörð út gildi og verður þá jafnframt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst 250 kr.

Það athugast, að framangreint veðbrjef frá 7. okt. 1924, eins og það er innfært í fógetagjörðirnar, ber það eigi með sjer, að það hafi verið stimplað lögum samkvæmt.

Því dæmist rjett vera:

Hin áfrýjaða fjárnámsgjörð er úr gildi feld.

Stefndi, Ástþór Matthíasson f. h. verslunar

G. J. Johnsen, greiði áfrýjanda, Lárusi Halldórssyni, 250 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 4. maí 1927.

Nr. 14/1927. **Valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Jóni L. Hanssyni (Lárus Jóhannesson).

Áfengisbruggun og bannlagabrot.

Dómur lögreglurjettar Gullbringu- og Kjósarsýslu 29. nóv. 1926: Ákærður, Jón Lárus Hansson, bóndi í Móakoti í Vatnsleysustrandarhreppi, greiði í ríkissjóð 1000 — eitt þúsund — króna sekt innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella 48 daga einföldu fangelsi í stað sektarinnar, honum bar og að greiða allan af málinu og undanfarandi rannsókn löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Heimabruggað áfengi, ílát og bruggunartæki, er fundist hefir undir rannsókninni sem honum tilheyrandi, er upptækt, og rennur andvirði þess í ríkissjóð.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Af ástæðum þeim, sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, er kærði rjettilega talinn sekur um brot gegn 1. sbr. 3. gr. laga nr. 25/1915 fyrir bruggun áfengis, er hjelt frá 34,33—35,37 % alkohols. Þá verður og að fallast á það, að kærði, sem áður hefir verið sektaður um 200 kr. fyrir ólöglegar veitingar áfengis, hafi gerst brotlegur við 9. sbr. 14. gr. laga nr. 15/1925, þar sem hann hefir veitt öðrum af áfengi því, er hann bruggaði, þótt ekki tæki hann gjald fyrir þær veitingar. En auk þess hefir kærði með því að láta

flytja áfengi milli Móakots og Halldórsstaða orðið brotlegur við 8. sbr. 16. gr. síðarnefndra laga. Hinsvegar verður hann, vegna sannanaskorts, ekki dæmdur fyrir áfengissendinguna til Siglufjarðar.

En þar sem hvorki var ástæða til að úrskurða kærða gæsluvarðhald 26. ág. f. á., þar sem hann hafði játað bruggunina áður en úrskurðurinn gekk, nje heldur til að halda honum í varðhaldi til 13. sept, þar sem lítt eða ekki var aðhafst í málinu þann tíma, þá þykir sekt kærða eftir atvikum hæfilega metin 600 kr. til ríkissjóðs, og komi 35 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Um upptöku áfengisins, íláta og áhalda og málskostnað í hjeraði á lögreglurjettardóminum að vera óraskað.

Auk þess, sem áður segir um gæsluvarðhald kærða, er það aðfinnsluvert, að þeir Kristján og Valdimar Konráðssynir voru eigi eiðfestir, enda er rannsóknin eigi svo ítarleg sem skyldi.

Kærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með taldar 80 kr. til hvors, sækjanda og verjanda í hæstarjetti.

Því dæmist rjett vera:

Kærði, Jón L. Hansson, greiði 600 kr. sekt til ríkissjóðs og komi 35 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Ákvæðum lögreglurjettardómsins um upptöku áfengis, íláta og áhalda og um málskostnað í hjeraði skal óraskað.

Kærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakar-

innar, þar með talin sóknar- og varnarlaun í hæstarjetti, 80 kr. hvors, hæstarjettarmálflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Lárusar Jóhannessonar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Útaf símskeyti frá bæjarfógetanum á Siglufirði, dags. 15. ágúst þ. á., þess innihalds, að samkvæmt framburði Kristjáns nokkurs Konráðssonar frá Garðhúsum á Vatnsleysuströnd hefðu þangað verið sendir 3 brúsar með 24 lítra af heimabrugguðu brennivíni með e/s. „Esju“ 8. s. m., er honum hafði sent Jón Hansson, Móakoti á Vatnsleysuströnd, en þeirra í milli hafði verið um það talað, að hann sendi honum aðeins 3 flöskur af vökva þessum, var undir rannsókn að Móakoti 16. s. m., er maður þessi, bóndinn Jón Lárus Hansson þar, neitaði þessu, eða að vera viðriðinn sendingu á fyrgreindum brúsum, húsrannsókn úrskurðuð þar á heimilinu, en reyndist árangurslaus. — En útaf framkomnum upplýsingum utanrjettar um að áfengisbruggunaráhöld myndu vera geymd á bæjum í grend við Móakot, var húsrannsókn einnig úrskurðuð á heimilunum Halldórsstöðum, húsráðandi Árni Ólafsson, tengdafaðir Jóns L. Hanssonar og á heimili Jóns Árnasonar, bónda í Móakoti, bæ í nánd við heimili Jóns L. Hanssonar og samnefndur bæ hans, en er á þessu stóð, upplýstist það, að í lambhúsi í Narfakoti, bæ í nánd við Halldórsstaði, hefði fundist áfengi, og að undangenginni yfirheyrslu fyrir rjetti s. d. játaði Pjetur nokkur, sonur fyrnefnds Árna Ólafssonar bónda á Halldórsstöðum, að hann eftir beiðni ákærða hefði ásamt honum flutt að Halldórsstöðum áfengi þetta, og í fyrstu geymt það í anddyri bæjarhússins, en síðan flutt það út í matjurtagarð þar við bæinn, og svo að nóttu flutt það á fyrgreindan stað, 3 poka innihaldandi brúsa, er reyndust að innihalda áfengisblöndu, sem svo ákærður eftir ýmsar vífilengjur hefir játað, að hann hafi bruggað heima hjá sjer í Móakoti smátt og smátt frá því fyrir áramótin síðastliðin, en bruggunaráhöld hafa engin fundist, nema 1 brúsi er rúmar ca. 80 lítra, er fanst úti á víðavangi og auðsjáanlega notaður í því skyni að brugga áfengi. — Hefir ákærður kannast við

að hafa bruggað alls 50—60 litra af áfengi þessu, er við rannsókn „Efnarannsóknarstofu ríkisins“ hefir reynst að innihalda 35,5 % til 35,37 % „Alkohols“, en áfengi það, er til Siglufjarðar var sent 38,0 %.

Hefir ákærður, sem er 63ja ára að aldri, einusinni áður verið sektaður um 200 kr. fyrir ólöglega veitingu áfengis, og þá einnig sterklega grunaður um áfengisbrugguu, þverneitað að hafa sent fyrumgetið áfengi til Siglufjarðar, eða á nokkurn hátt að vera riðinn við þá sendingu, sem á farbrjefinu var nefnd „feitmeti“, og sendandinn Sigurgeir Gunnarsson, og hefir eigi gegn eindregnum neitunum hans, tekist að upplýsa, að hann hafi verið við það riðinn, þótt sterkar líkur sjeu til hins gagnstæða, bæði framburður fyrnefnds Kristjáns Konráðssonar og bróður hans, Valdimars, og svo einnig „alkohol“-innihald vökva þess, er fanst hjer syðra, og ákærður hefir játað sjálfur að hafa bruggað, og veitt af lítilsháttar.

Afbrot ákærða virðist mega heimfæra undir 1. gr. laga nr. 25, 3. nóvbr. 1915, um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja o. fl., sbr. 3. gr. sömu laga, og einnig undir 9. gr. laga nr. 15, 8. júní 1925, um aðflutningsbann áfengis, sbr. 14. gr. sömu laga, og virðist refsing sú, er ákærður hefir tilunnið fyrir verknað þennan, hæfileg 1000 króna sekt til ríkissjóðs, er greiðist innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en ella sæti ákærður einföldu fangelsi í 48 daga í stað sektarinnar. — Honum ber og að greiða allan af máli þessu og undanfarandi rannsókn löglega leiðandi kostnað. — Hið bruggaða áfengi og ílát, svo og bruggunartæki, er fyrirfundist hefir sem eign ákærða, er upptækt, og rennur andvirði þess í ríkissjóð.

Mánudaginn 9. maí 1927.

Nr. 25/1927. **Valdstjórnin** (Lárus Jóhannesson)
gegn
Guðmundi Jónatanssyni
(Jón Ásbjörnsson).

Brot á sóttvarnarlögunum.

Dómur lögreglurjettar Ísafjarðarsýslu 31. jan. 1927: Kærður, Guðmundur Jónatansson, greiði 150 kr. sekt, er

renni í ríkissjóð eða sæti 12 daga einföldu fangelsi verði sektin eigi greidd innan 14 daga frá löglegri birtingu dómsins.

Svo greiði og kærður allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Eins og segir í hinum áfrýjaða lögreglurjettardómi ljet kærði í marsmánuði f. á. sækja kvenmann á heimili sitt frá bænum Efri-Engidal, sem kærði vissi að var í sóttkví vegna taugaveikissmitbera þar, og dvaldi kvenmaður þessi 14 daga á heimili kærða án þess að þetta væri tilkynt hjeraðslækni eða hlutaðeigandi stjórnarvaldi og án þess að nokkrar ráðstafanir væru gjörðar til að koma í veg fyrir, að taugaveiki bærist frá hinum sóttkvíaða bæ á heimili kærða og þaðan aftur. Þetta brot kærða hefir hjeraðsdómarinn rjettilega heimfært undir 7. gr. í lögum nr. 24, 16. nóv. 1907 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

Þar sem ennfremur kærði og alt heimilisfólk hans veiktist með þeim hætti, sem lýst er í lögreglurjettardóminum, skömmu eftir dvöl nefnds kvenmanns frá Efri-Engidal, á heimili kærða, þá mátti kærði telja það líklegt, að þessi veiki væri taugaveiki og hefir hann því einnig gjörst brotlegur gegn 5. gr. fyrnefndra laga með því að skýra hvorki hjeraðslækni nje hlutaðeigandi stjórnarvaldi frá veikindunum.

Refsing kærða fyrir þessi afbrot þykir hæfilega ákveðin 300 kr. sekt í ríkissjóð og komi 20 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún er ekki greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Svo ber og kærða að greiða allan kostnað sakar-

innar í hjeraði og fyrir hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 80 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Kærði, Guðmundur Jónatansson, greiði 300 kr. sekt í ríkissjóð innan 30 daga frá birtingu dóms þessa, en sæti ella 20 daga einföldu fangelsi. Svo greiði og kærði allan kostnað sakarinnar í hjeraði og hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda, málflutningsmannanna Lárusar Jóhannessonar og Jóns Ásbjörnssonar, 80 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn kærðum Guðmundi Jónatanssyni bónda á Fossum í Skutulsfirði fyrir brot á lögum nr. 24, frá 16. nóvember 1907 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, til refsingar og málskostnaðargreiðslu.

Tildrög málsins eru þau er nú skal greina.

Þann 3. maí síðastliðinn var hjeraðslæknisins á Ísafirði vitjað til 2ja sjúklinga hjer í bænum, er höfðu taugaveiki. Voru þeir sinn á hvoru heimili og eigi kunnugt um neitt samband þeirra á milli. Grenslaðist hjeraðslæknir eftir hvar þessi heimili hefðu fengið mjólk. Hafði annað þeirra fengið hana beina leið frá Fossum, en hitt hafði keypt hana hjá konu hjer í bænum, er hafði útsölu á nokkrum hluta mjólkur frá Fossum.

Síðar þann sama dag og næsta dag bættust nokkur grunsöm tilfelli við á heimilum, er öll höfðu fengið mjólk annaðhvort beina leið frá Fossum eða þá konu þeirri, er hafði útsölu mjólkur þaðan. Grunaði hjeraðslækni að veikin ætti upptök sín í Skutulsfirði og vera þá helst að kenna óvarlegum samgöngum við Efri-Engidal, en bær þessi var lýstur í sóttkví haustið 1925 og hafði

verið síðan í sóttkví, sökum þess að taugaveikisfaraldur er spratt þá upp hjer á Ísafirði var talinn hafa upptök sín af mjólk þaðan, enda hafði bóndinn þar Jón Magdal verið álitinn smitberi.

Brá hjeraðslæknir þá við, fór inn að Fossum og Engidal 9. s. m. og hitti svo á, að alt heimilisfólkið á Fossum, 8 manns, var augsýnilega veikt, kærður, kona hans, 5 börn hans og öldruð vinnukona. Vinnukonan var hressust og á ferli. Var hjeraðslækni sagt að hún hefði verið veik að minsta kosti í mánuð, en haft fótavist nema einn dag, er hún lá í rúminu. Kærður var að sönnu á fótum, sat á rúmi sínu, en augsýnilega mikið veikur og hafði hann rúmlega 39° hita. Kona kærðs var hálfklædd í rúminu og hjelt á yngsta barninu 9 vikna gömlu. Hafði hún 40° hita, en ungbarnið var mjög veikt og augsýnilega langt leitt. Hin börnin voru klædd í rúmunum, sum undir sængum, hin ofan á þeim, öll mjög sóttveik. Höfðu þau 38°—39° hita. Flest af þessu fólki hafði glögg taugaveikiseinkenni, enda sýndi rannsókn að kærður og vinnukona hans höfðu taugaveiki. Enga tilkynningu hafði hjeraðslæknir fengið um veikindi þessi og hafði enga hugmynd um þau fyr en hann kom á bæinn.

Kærður hefir eigi kannast við að hann og heimilisfólk hans hafi verið nema lasið. Kveðst eigi geta talið að hann eða heimilisfólk hafi verið veikt, sökum þess að daginn áður hafi hann verið úti á túni að vinna á og börnin hjá honum, en kona kærðs fært honum kaffi, vinnukonan hafi verið lasin nokkra daga, en þó daglega á ferli, sömuleiðis hafi bæði kærður og börn hans verið lasin nokkra daga en haft fótavist daglega.

Að því konu kærðs snertir kveður hann að henni hafi að sönnu verið batnað af barnsburðinum, en um það leyti, er hjeraðslæknir kom á heimilið hafi hún verið lasin, en það eigi hún venju til að verða við og við fyrstu mánuðina eftir barnsburð. Áleit mættur því að það væri kvef er gengi að konunni og heimilisfólki hans og kveðst hafa sagt lækninum það er hann kom á heimili hans, enda kveðst kærður eigi hafa haft hugmynd um það að um taugaveiki væri að ræða eða snert af henni.

Áleit kærður því eigi nauðsynlegt að skýra lækni frá lasleika þessum.

Eins og áður er sagt voru eigi á heimili kærðs aðrir en kona hans, 5 ungbörn og öldruð vinnukona að nafni Jóna Halldórsdóttir, en framburður hennar virðist styrkja framburð kærðs, að hann hafi álitið að um kvef væri að ræða en eigi neina alvarlega veiki. Þykir það eigi nægilega sannað að kærður hafi orðið

brotlegur gegn 5. gr. ofannefndra laga og ber því að sýkna hann að því leyti.

Að því er snertir spurninguna um orsakirnar til þess að taugaveikin spratt upp á Fossum hefir ekkert verulegt sannast að öðru leyti en því, að í marsmánuði f. á. sendi kærður um nótt, mann að sækja stúlku að nafni Halldóru Magnúsdóttur, er bjó í Efri-Engidal, heimili Jóns bónda Magdals, sem talinn er vera smitberi til þess að taka á móti barni konu kærðs.

Var greind stúlka ófús í fyrstu að fara þar sem heimilið var í sóttkví en ljet þó tilleiðast þegar sendimaður tjáði að nauðsynlegt væri að hún kæmi. Fór stúlkan þá með sendimanninum, tók á móti barni húsfreyju og dvaldi á Fossum í 14 daga án þess að fara heim til sín á þeim tíma. En áður en hún fór frá Fossum gaf hún vinnukonu kærðs vinnusvuntu sína.

Að vísu virðist það vera nægilega upplýst með skýrslu hjeraðslæknis, gefinni í embættisnafni, að umrædd vinnukona á Fossum hafi fyrst fengið veikina en hvenær það hafi verið hefir eigi verið auðið að upplýsa, þar eð hún sjálf gat engar upplýsingar um það gefið. Það virðist því eigi vera nægilega sannað í málinu, að veikindi hafi borist með stúlkunni Halldóru Magnúsdóttur að Fossum.

Eins og fyr var getið, var heimilið Efri-Engidalur í sóttkví sökum taugaveikisfaraldurs þess, er spratt upp á Ísafirði haustið 1925 og talinn var að eiga upptök sín þar. En það er sannað með eigin játningu kærðs að honum var kunnugt um að heimilið var í sóttkví. En samt sem áður hefir kærður samgöngur við hið sóttkvíaða heimili á þann hátt, að hann lætur sækja þangað stúlkuna Halldóru Magnúsdóttur, er síðan dvelur hálfsmánaðartíma á heimili hans.

Það þykir eigi geta afsakað kærðan að stúlkan Halldóra Magnúsdóttir var sótt til konu hans, er komin var að barnsburði þar eð það virðist hafa verið skylda kærða að útvega ljósmóður það tímanlega að til þessa úrræðis þyrfti eigi að grípa á síðustu stundu, enda virðist hjer eigi um ófyrirsjáanlegan atburð að ræða, með því að það er upplýst í málinu að kona kærðs ól fullburða barn eftir venjulegan meðgöngutíma.

Litur rjetturinn því svo á, að með greindu atferli hafi kærður, orðið brotlegur gegn 7. gr. laga nr. 24, 1907 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma og hegning hans, er áður hefir eigi sætt ákæru eða refsingu fyrir neitt lagabrot, eftir atvikum hæfilega metin 150 kr. sekt sbr. 14. gr. nefndra laga og renni sektin

í ríkissjóð. En verði sektin eigi greidd innan 14 daga frá löglegri birtingu dómsins sæti kærður 12 daga einföldu fangelsi. Svo greiði og kærður allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað.

Á málinu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Miðvikudaginn 11. maí 1927.

Nr. 19/1927. **Rjettvísin** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Guðmundi Inga Einarssyni (Kalman).

Víxilfals.

Dómur aukarjettar Vestmannaeyja 2. des. 1926:

Ákærði Guðmundur Einarsson sæti 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð. En fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn þessa dóms ef skilorð laga nr. 39, 16. nóv. 1907 eru haldin.

Ákærði greiði allan kostnað málsins sem orðin er og verður. Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða dómi er það sannað í máli þessu, að ákærði hefir í heimildarleysi ritað nafn annars manns sem ábekings aftan á víxil að upphæð 800 kr., er hann seldi Íslandsbanka 29. júní 1926 og að ákærði hinn 6. okt. s. á. seldi sama banka, til innlausnar á nefndum víxli, nýjan víxil að upphæð 600 kr., er hann hafði falsað á sama hátt. Báða þessa víxla hefir ákærði innleyst, enda hefir hann haldið því fram, að þetta hafi hann frá upphafi ætlað sjer.

Afbrot ákærða fellur undir 271. gr. alm. hegningarlaga og þykir refsingin hæfilega ákveðin 1 árs betrunarhússvinna. Ákærða ber að greiða allan

kostnað sakarinnar bæði í hjeraði og hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 60 kr. til hvors.

Við meðferð málsins í hjeraði er það að athuga, að stefna til ákærða hefir eigi verið gefin út, að lögð hafa verið fram í málinu skjöl, er ákærði hefir ekki haft tækifæri til að athuga, að vitnið Gísli Gunnarsson hefir ekki verið látinn staðfesta skýrslu sína fyrir rjetti og að undirdómurinn hefir ekki verið birtur ákærða, en þar sem játning ákærða er afdráttarlaus og málsatvik að öðru leyti ljós, þykir ekki ástæða til að ómerkja dóminn og heimvísa málinu til löglegri meðferðar.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði Guðmundur Ingi Einarsson sæti 1 árs betrunarhússvinnu. Hann greiði allan kostnað sakarinnar bæði í hjeraði og í hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, málflutningsmannanna Stefáns Jóh. Stefánssonar og Björns P. Kalman, 60 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af rjettvísinnar hálfu höfðað gegn kærða Guðmundi Einarssyni sjómanni á Nýlendugötu 6 í Reykjavík fyrir víxilfals og til greiðslu skaðabóta í því sambandi og málskostnaðar.

Með framburði ákærða sjálfs og öðrum gögnum er það sannað að hann seldi Íslandsbanka í Reykjavík 29. júní þ. á. 800 krónu víxil samþyktan af sjer en útgefinn af Jörundi Þórðarsyni og með nafni Gísla Gunnarssonar á Vitastíg 8 rituðu aftan á sem

ábeking. Ennfremur er upplýst að ákærði innleysti þennan víxil og greiddi af honum 200 krónur afborgun, en hann seldi sama banka nýjan víxil að upphæð 600 krónur með öllum sömu nöfnum og skyldi sá víxill, sem var útgefinn 6. okt. þ. á., greiðast 6. janúar 1927. Þá er það loks sannað með játning kærða sjálfs skýrslu nefnds Gísla Gunnarssonar og öðrum gögnum, að Gísli hvorki skrifaði sjálfur nafn sitt á áðurnefndan víxil nje heimilaði það öðrum heldur gerði ákærði það án vitundar Gísla.

Með þessu hefir ákærður gerst brotlegur í verknaði sem heimfærist undir 270. gr. almennra hegningarlaga og ákveðst refsingin 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð. En með tilliti til þess *að* ákærði er ekki nema 25 ára að aldri, *að* hann strax játaði hreinskilnislega brot sitt og *að* miklar ástæður eru til þess að álíta að ætlun hans hafi ekki verið sú að hafa fje af neinum og hann ekki fyllilega gert sjer grein fyrir því, sem hann gerði, þykir mega ákveða samkvæmt 1. gr. laga nr. 39, 16. nóv. 1907 að fullnustu refsingarinnar skuli fresta og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dómsins, ef fullnægt verður lögmæltum skilyrðum.

Um skaðabætur er ekki að ræða þar sem aðrir hafa ekki orðið að greiða neitt vegna ákærða út af þessu, en kostnað málsins ber ákærða að greiða allan sem orðinn er og verður.

Á málinu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 16. maí 1927.

Nr. 30/1927. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Vilhjálmi Jónssyni (B. Þ. Johnson).

Brot á lögreglusamþykt Reykjavíkur.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 15. mars 1927: Kærður, Vilhjálmur Jónsson, greiði 100 kr. sekt í bæjarsjóð Reykjavíkur innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella í hennar stað einföldu fangelsi í 7 daga.

Svo greiði hann fangaverðinum f. h. Hegningarhússins kr. 14,00 í skaðabætur og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Með þeirri athugasemd, að kærði hefir á síðastliðnu $2^1/_2$ ári 12 sinnum verið sektaður fyrir ölæði og jafnframt tvisvar fyrir mótþróa gegn lögreglunni, en þar sem ekki er heimild fyrir hærri sekt en honum hefir verið gerð, samkvæmt núgildandi lögreglusamþykt Reykjavíkur, ber að staðfesta lögregluríettardóminn samkvæmt ástæðum hans.

Kærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin 60 kr. sóknar- og varnarlaun í hæstarjetti.

Því dæmist rjett vera:

Lögreglurjettardóminum skal óraskað

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með sóknar- og varnarlaun í hæstarjetti, málflutningsmönnunum Sveinbirni Jónssyni og Bjarna Þ. Johnson, 60 kr. hvorum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Vilhjálmi Jónssyni, Hverfisgötu 88, fyrir brot gegn ákvæðum lögreglusamþyktarinnar fyrir Reykjavík frá 1919.

Aðfaranótt 24. f. m. um kl. 2 var Magnús Sigurðsson lögregluþjónn á gangi á Laugaveginum og varð þess þá var, að kærður var þar á slangri, var með söng og hávaða og auðsjáanlega mikið drukkinn. Lögregluþjónninn ámiuti kærðan um að hætta þessum ólátum og fara heim, en þar sem kærður tók þetta ekki til greina heldur fór sínu fram, handtók lögregluþjónninn kærðan, setti hann í handjárn og fór með hann í fangahúsið. Eftir að lögregluþjónninn setti kærðan í handjárn og á leiðinni í fangahúsið var kærður með hótanir við lögregluþjóninn og var bæði ókurteis og óþægur.

Kærður hefir játað að hann hafi verið drukkinn, en hann hefir haldið því fram að hann hafi ekki verið hávær. Að svo hefir verið er þó upplýst og eftir að hann kom í fangahúsið var hann með hávaða og barsmíðar og braut margar rúður í fangaklefanum, sem hann var settur inn í. Fyrir þær skemdir sem kærður gerði í hegningarhúsinu hefir fangavörðurinn gert þá kröfu f. h. hegningarhússins, að kærður verði í þessu máli dæmdur til að greiða kr. 14,00 í skaðabætur. Þessa kröfu hefir kærður samþykt og verður hún því tekin til greina að öllu leyti.

Kærður hefir nokkrum sinnum áður sætt refsingu fyrir brot gegn ákvæðum lögreglusamþyktarinnar eftir skýrslu frá lögregluskrifstofunni: $^{4}/_{8}$ 1924 sætti hann 80 króna sekt fyrir ölæði og mótþróa við lögregluna, $^{6}/_{10}$ s. á. 50 króna sekt fyrir að vera ölvaður á almannafæri, $^{1}/_{2}$ 1925 sætti hann 70 króna sekt fyrir árás á lögregluþjón, $^{11}/_{4}$ sætti hann 50 króna sekt fyrir að vera ölvaður á almannafæri, $^{18}/_{4}$ s. á. 70 króna sekt fyrir samskonar brot, $^{9}/_{5}$ s. á. 50 króna sekt fyrir samskonar brot, $^{22}/_{6}$ s. á. 50 króna sekt fyrir samskonar brot, $^{20}/_{11}$ s. á. 60 króna sekt fyrir samskonar brot, $^{30}/_{1}$ 1926 50 króna sekt fyrir samskonar brot, $^{3}/_{4}$ s. á. 50 króna sekt, $^{15}/_{6}$ s. á. 50 króna sekt, $^{6}/_{12}$ s. á. 50 króna sekt alt fyrir samskonar brot. Allar þessar sektir hefir hann sumpart greitt (kr. 50,00) en hitt hefir hann afplánað.

Með framannefndu framferði sínu hefir kærður að áliti dómarans brotið gegn ákvæðum 4. gr., 8. gr. 2. mgr. lögreglusamþyktarinnar fyrir Reykjavík og þykir refsing sú, sem hann hefir tilunnið hæfilega ákveðin 100 króna sekt er renni í bæjarsjóð Reykjavíkur og greiðist innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella í hennar stað einföldu fangelsi í 7 daga.

Svo greiði kærður og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið, og rekstur þess verið vítalaus.

Miðvikudaginn 18. maí 1927.

Nr. 1/1927. **Elías Nielsson** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Haraldi Böðvarssyni f. h. firmans Haraldur Böðvarsson & Co.
(Jón Ásbjörnsson).

Útaf verðlagi á nýrri lifur á tilteknum stöðum á vertíð 1925.

Dómur gestarjettar Reykjavíkur 22. des. 1926: Stefndur, Haraldur Böðvarsson f. h. firmans Haraldur Böðvarsson & Co, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Eliasar Nielssonar í þessu máli.

Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstarjettar.

Eftir að dómur í hjeraði var kveðinn upp í máli þessu, hefir áfrýjandi útvegað ný sakargögn og lagt þau fyrir hæstarjett. En eigi að heldur hefir honum tekist að sanna, að meðalverð nýrrar lifrar á vetrarvertíð 1925 hafi verið hærra en 30 aurar fyrir hvern líter á stöðum þeim, er um getur í samningi málsaðila frá 6. des. 1924. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða gestarjettardóm af ástæðum þeim, er um greinir í dóminum.

Eftir þessum úrslitum þykir rjett, að áfrýjandi greiði stefnda 200 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti.

Því dæmist rjett vera:

Gestarjettardóminum skal óraskað. Áfrýjandinn Elías Nielsson greiði stefnda Haraldi Böðvarssyni fyrir hönd firmans Haraldur Böðvarsson & Co. 200 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir samkomulagi málsaðilja höfðað fyrir gestarjettinum með stefnu útgefinni 10. nóvember f. á. af Elíasi Níelssyni, sjómanni á Akranesi, gegn Haraldi útgerðarmanni Böðvarssyni s. st. f. h. firmans Haraldur Böðvarsson & Co. til greiðslu á vangoldnu andvirði lifrarhlutar, að upphæð kr. 46,99 með 6 % ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati rjettarins.

Stefndur hefir krafist sýknu af framangreindum kröfum stefnanda og málskostnaðar eftir mati rjettarins.

Málavextir eru þeir sem nú skal greina.

Hinn 6. desember 1924 gerðu stefndur í þessu máli og Verkalýðsfjelag Akranes samning sín á milli og eru í 8. gr. hans svofeld ákvæði.

„H. B. & Co. (þ. e. hið stefnda firma) skulu ganga fyrir öðrum um kaup á allri lifur og hrognum úr öllum þeim fiski, sem skipverjarnir afla, meðan samningur þessi er í gildi, og skal verðið vera 2 aurum lægra hver lítri en meðalverð nýrrar lifrar á sama tíma í Vestmannaeyjum, Keflavík, Hafnarfirði, Reykjavík og á Ísafirði, og skal verðið reiknað út hvern 10. dag hvers mánaðar og gilda fyrir þann mánuð. Tunnulifur skal borguð því verði, er jafngildi gangverði samskonar lifrar í Reykjavík á sama tíma, en þó dragist frá fyrir hæfilegu flutningsgjaldi til Reykjavíkur".

Stefnandi þessa máls, sem er einn af meðlimum Verkalýðsfjelagsins, stundaði veiðar frá Sandgerði veturinn og vorið 1925 á vjelbát er hið stefnda firma átti, og fjekk það alla þá lifur sem kom í lifrarhlut stefnanda, eins og samningurinn tilskildi. Lagði stefnandi samtals inn hjá firmanu á þessum tíma 336½ lítra lifrar. Þegar til þess kom að gera skyldi upp reikninga, greindi aðilja á um það, hvaða verðlag skyldi lagt til grundvallar. Vildi stefndur aðeins greiða 28 aura fyrir hvern lítra, en stefnandi taldi sig eiga rjett til þess að fá 43 aura fyrir lítrann af mestum hluta lifrarinnar og 38 aura pr. lítra fyrir annan hluta hennar. Er hin umstefnda upphæð mismunur sá, sem verður á lifrarandvirðinu eftir því, með hvoru verðlaginu er reiknað, en firmað hefir greitt stefnanda þá upphæð, er það taldi sjer skylt að greiða.

Stefnandi heldur því fram að á stöðum þeim, sem nefndir eru í ofanskráðri samningsgrein, hafi ekki verið um neitt verðlag á lifur að ræða, veturinn og vorið 1925, sem unt sje að miða við, þegar reikna á út lifrarverð hans, að undanskildum Vest-

mannaeyjum, en þar hafi reikningsverð á lifur, miðað við föst viðskifti alla vertíðina, verið 40 aura fyrir hvern lítra í janúar og maí, en 45—50 aurar mánuðina febrúar, mars og apríl. Kveður stefnandi alla þá lifur, sem keypt var í Reykjavík, Ísafirði og Hafnarfirði hafa verið tunnulifur, þ. e., meira eða minna gamla og staðna lifur, sem sje til muna verðminni en lifur sú, sem hann seldi stefndum, er verið hafi alveg ný, afhent daglega og því mæld í lítratali, enda hafi verið unnið úr henni meðalalýsi, sem sje dýrasta lýsi sem unt sje að vinna úr lifur. Að því er Keflavík snertir, þá kveður stefnandi þar ekki hafa verið um neina lifrarsölu að ræða, því að lifrarbræðslustöð, sem þar er á staðnum hafi enga lifur keypt, heldur aðeins tekið til bræðslu og síðan selt lýsið í umboðssölu. Kveður stefnandi Verkalýðsfjelagið hafa aflað sjer ofangreindra upplýsinga um lifrarkaup og lifrarverð á stöðum þeim, er samningurinn tilgreinir, í janúarmánuði 1925 og tilkynt stefndum þá þegar niðurstöðuna og einnig tilkynt honum mánaðarlega veturinn og vorið 1925 lifrarverð í Vestmannaeyjum, sem það, eins og áður er sagt, taldi vera hið eina verð, sem hægt væri að leggja til grundvallar.

Í málinu má telja það in confesso, með aðgreiningu þeirri, sem gerð er í samningnum á nýrri lifur og tunnulifur, sje átt við það, hvort um sje að ræða nýja lifur eða gamla, en ekki máleiningu þá, sem lögð er til grundvallar við lifrarsöluna, enda getur rjetturinn ekki sjeð að það skifti nokkru máli hvor máleining er við höfð, ef vörugæðin eru hin sömu. Það getur og ekki að áliti rjettarins haft neina sjerstaka þýðingu, hvenær upplýst var um lifrarverð á hinum ýmsu stöðum, er samningurinn tilgreinir, því þrátt fyrir það ákvæði, að verðið eigi að reikna út 10. dag hvers mánaðar, verður að álíta, að samningurinn nái að fullu tilgangi sínum, þótt upplýsinganna um verðlag hafi verið aflað síðar, svo framarlega sem það upplýsist, hvaða verð hafi verið algengt á hverjum stað og tíma. Vottorð þau, sem fram hafa verið lögð í málinu af beggja aðilja hálfu þessu viðvíkjandi, eru og öll gefin eftir að öll sú lifur, sem um er að ræða í þessu máli, hafði verið afhent stefndum.

Ef þannig væri ástatt, sem stefnandi heldur fram, að ekkert væri upplýst um verðlag á nýrri lifur nema í einum af þeim fimm stöðum, sem ákveðið er í samningnum að miða við, þá væri þar með loku skotið fyrir, að það ákvæði næði tilgangi sínum.

Tilætlunin með því hlýtur að hafa verið sú, að á þann hátt yrði hægt að ákveða sanngjarnt verð fyrir báða aðilja, því hefði

svo farið, sem vel gat átt sjer stað, að verðlag yrði óhæfilega hátt eða lágt á einhverjum af þessum fimm stöðum, þá jafnaðist það, er meðaltal var tekið. Það væri því alls ekki í samræmi við ákvæðið, heldur þvert á móti bryti í bág við tilgang þess, að miða aðeins við verðlag á einum stað.

Í málinu má hinsvegar telja það nægilega upplýst, hvaða lifrarverð hafi verið greitt á umræddum tíma á hinum ýmsu stöðum, er samningurinn tilgreinir, svo unt sje að ákveða meðalverð það, sem leggja skal til grundvallar.

Þannig má telja það upplýst með framburði þriggja manna er við lifrarkaup og lifrarsölu fást hjer í Reykjavík, að gangverð nýrrar lifrar hjer í bænum hafi verið um 25 aura pr. lítra á greindum tíma, og var lifrin að minsta kosti af einum þeirra notuð til að bræða úr meðalalýsi. Sömuleiðis er það upplýst að lifrarbræðslustöðin í Keflavík greiddi fjelagsmönnum 25 aura fyrir lítrann, að frádregnum kostnaði, og að hún galt utanfjelagsmönnum, sem lögðu þar inn lifur, sama verð. Samkvæmt ómótmæltu sameiginlegu vottorði umboðsmanna beggja aðilja í Vestmannaeyjum var innkaupsverð þar 35 aura hver lítri en reikningsverð 40—50 aurar. Á Ísafirði hafa og umboðsmenn beggja aðilja gefið sameiginlegt vottorð þess efnis, að lifrarverð hafi verið þar „um 38 krónur tunnan ca. 170 lítrar“ og telja þeir að það muni svara til „lítraverðs á nýrri lifur sem næst 22—24 aurar líterinn“. Stefnandi hefir að vísu mótmælt því að nokkuð sje lagt upp úr þessu vottorði, þar sem miðað sje við tunnu sem máleiningu og heldur því fram að þar sje um að ræða staðna lifur, en í málinu liggur ekkert fyrir sem hnekt geti skýrum orðum vottorðsins að þar sje einnig átt við nýja lifur. Þá er það og upplýst, að lifrarverð í Hafnarfirði var á þessum tíma til jafnaðar $27^{7}/_{9}$ aurar pr. lítra „ný og gömul lifur eins og hún kom fyrir“, og enda þótt gera megi ráð fyrir að þar hafi að mestu leyti verið um staðna lifur að ræða, þá er ekki hægt að ætla eftir þessum upplýsingum, að gangverð í Hafnarfirði geri nokkra verulega breytingu á meðalverði því, sem fæst út úr gangverði hinna staðanna.

Samkvæmt framangreindum upplýsingum hefir stefnanda, að áliti rjettarins, ekki tekist að sanna, að verð það, er stefndur galt honum, hafi verið of lágt samkvæmt samningnum. Þvert á móti má telja það upplýst að meðalverð nýrrar lifrar, á stöðum þeim, er samningurinn greinir, hafi alls ekki farið fram úr 30 aurum pr. lítra. Verður niðurstaða málsins því sú hjer í rjettinum.

að sýkna stefndan af kröfum stefnanda í málinu, en eftir öllum atvikum þykir rjett að málskostnaður falli niður.

Sakir annara embættisanna hefir dómur ekki orðið kveðinn upp í máli þessu fyr en nú.

Föstudaginn 20. maí 1927.

Nr. 49/1927. **Ari Þórðarson** (B. Þ. Johnson)
gegn
Ólafi Þórðarsyni (Fjeldsted).

Um rjett áfrýjanda til afsals hjá stefnda fyrir húseign.

Dómur gestarjettar Hafnarfjarðar 20. nóv. 1925: Stefndur, Ólafur skipstjóri Þórðarson, á að vera sýkn af kærum og kröfum stefnanda, verslunarmanns Ara Þórðarsonar í máli þessu. — Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstarjettar.

Það verður að telja það upplýst í máli þessu, að stefndi hafi frá upphafi gert það að skilyrði fyrir því að selja áfrýjanda húseign þá, er ræðir um í málinu, að fyrri eigandi hennar, Erlendur trjesmiður Erlendsson, vildi gefa áfrýjanda afsal fyrir eigninni og þar með losa stefnda við ábyrgð á víxilskuldum þeim, er á húseigninni hvíldu og stefndi hafði skuldbundið sig til að taka að sjer, og að áfrýjanda hafi verið kunnugt um þetta. Þegar nú nefndur Erlendur Erlendsson neitaði að gera þetta varð kaupunum ekki haldið fram gegn stefnda. Þegar af þessari ástæðu og að öðru leyti með skírskotun til forsenda hins áfrýjaða gestarjettardóms, sem ekkert verulegt er að athuga við, ber samkvæmt kröfu stefnda að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum þykir rjett að áfrýjandi

greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti með 250 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða gestarjettardómi skal óraskað. Áfrýjandi Ari Þórðarson greiði stefnda Ólafi Þórðarsyni 250 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti að viðlagðri aðför að lögum

---

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með stefnu útgefinni 14. maí þ. á., með rjettartökudag 26. s. m., hefir stefnandinn, verslunamaður Ari Þórðarson í Reykjavík krafist þess, að stefndur Ólafur Þórðarson skipstjóri, hjer í bænum, verði dæmur til þess að undirskrifa afsal fyrir $^1/_2$ húseigninni nr. 17 B við Óðinsgötu í Reykjavík samkvæmt munnlegum samningi þeirra á milli um kaup þessi, eða til þess að greiða honum kr. 4841,50. Kveður stefnandinn sig hafa verið búinn að framselja og afsala til stefnda út af kaupum þessum því verðmæti, er hann hafi tekið gilt, að upphæð samtals 4841,50, sem sje reikning frá Helga Jónssyni til Kleifarstöðvarinnar í Ingólfsfirði, að upphæð kr. 2841,50, og kaupstaðarlóð í Keflavík tilheyrandi jörðinni Bolafæti, kr. 2000,50, en söluverð húseignarinnar er í framlögðu afsali, sem stefnandinn sjálfur hefir samið til undirskriftar fyrir stefndan, dags. 5. maí þ. á., talið vera 15 þúsund krónur, og samkvæmt því tekur kaupandinn eða stefndur að sjer helming af áhvílandi skuld á allri húseigninni, og er það krafa stefnanda að stefndur verði dæmdur til þess að undirskrifa afsalsbrjef þetta, eða annað samhljóða því.

Ennfremur krefst stefnandinn þess, að stefndur verði dæmdur til þess að greiða honum skaðabætur fyrir ofbeldi það og gjörræði, er stefndur hafi framið gagnvart honum, með því að láta bera hann út úr íbúð sinni í nefndri húseign, og svo fyrir alt það tjón og þau óþægindi, er útburðurinn hafi valdið honum, þar með talið svifting og skemdir á fjármunum hans, alt að 50 þúsund krónur, eða eftir rjettarins mati, og loks að hann verði dæmdur til þess að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Stefndur eða umbjóðandi hans telur málshöfðun þessa með

öllu tilefnislausa, og krefst þess að stefnandinn verði ríflega sektaður fyrir óþarfa þrætu. Kannast hann að vísu við, að einhverntíma hafi átt sjer stað lauslegt umtal milli hans og stefnanda um kaup á nefndri húseign, eða $^1/_2$ húseigninni nr. 17 B við Óðinsgötu í Reykjavík, en þar sem stefnandinn eigi hafi uppfylt þau skilyrði, er stefndur hafi sett fyrir sölunni, hafi vitanlega aldrei komið til neinna mála að kaupin tækjust, enda hafi enginn kaupsamningur verið gerður þeirra á milli, er sýni að ekkert endanlegt hafi orðið að samkomulagi þeirra á milli, en aðalskilyrðið fyrir að kaupin tækjust, segir stefndur að verið hafi, að Erlendur Erlendsson trjesmiður, er verið hafi eigandi húseignarinnar á undan stefndum, gæfi út afsalsbrjef beint til stefnanda, og stefndur ónýtti sitt. Reikningskrafa sú, er fyr umgetur á svonefnda Kleifastöð, segir stefndur að ekki hafi verið til, eða stefnandinn verið áður búinn að fást við innheimtu á henni, en árangurslaust, og ennfremur sje eigi sjáanlegt að stefnandinn eða heimildarmaður hans, læknir Þórður J. Thoroddsen, er um kaupin eða söluna var rætt, hafi haft nokkra heimild fyrir fyrgreindri kaupstaðarlóð í Keflavík, og neitar hann eindregið að svo hafi verið. Mótmælir stefndur eða umboðsmaður hans öllum kröfum stefnanda, bæði um útgáfu afsals, skaðabótakröfu hans og svo kröfu hans um málskostnað, og krefst sýknunar af þessu öllu og leggur fram málskostnaðarreikning að upphæð 1818,00 kr.

Sem votta að hinum munnlega kaupsamningi, er stefnandi segir að átt hafi sjer stað á milli hans og stefnda um sölu á $^1/_2$ húseigninni nr. 17 B við Óðinsgötu, tilgreinir hann fyrnefndan trjesmið Erlend Erlendsson og kaupmann Guðmund Jóhannsson, en hvorki af skjölum málsins nje heldur af málfærslu stefnandans verður sjeð, að menn þessir hafi verið viðstaddir saman eða samtímis heyrnarvottar að söluskilmálum þeim, er ræðir um í hinu framlagða afsali, ritað af stefnanda á rj.skj. nr. 13, til undirskriftar fyrir stefndan, og getur vitnisburður þeirra þegar af þeirri ástæðu eigi tekist gildur sem fullnægjandi sönnun hjer að lútandi, gegn mótmælum stefnda, og er því eigi nægilega upplýst í málinu, að um endanlega sölu hafi verið að ræða á milli málsaðilja, er undirskriftar var krafist af stefnanda undir fyrgreint afsals-uppkast hans, og stefndur neitaði að undirskrifa það, eða kom fram með það skilyrði, að nefndur Erlendur Erlendsson gæfi afsal beint til stefnanda í hans stað. — Afsals-uppkastið ber það og eigi með sjer, eins og tekið er fram af hálfu umboðsmanns stefnds, hver átt hafi að undirskrifa það, þar sem á því er eyða

fyrir nafni seljandans, og virðist það benda til þess, að þegar áður hafi því verið haldið fram af stefndum gagnvart stefnanda, að annar en hann afsalaði eigninni til stefnanda, gegn því að stefndur ónýtti afsal sitt frá nefndum Erlendi, og er það á hinn bóginn nægilega upplýst í málinu, að stefndur hafi gert þetta að skilyrði, er stefnandinn sýndi honum hið framlagða afsals-uppkast til undirskriftar. Þar sem nú þannig vantar sönnun fyrir því, gegn mótmælum stefnda að um samningsbundna eða endanlega skuldbindingu til sölu á umræddri húseign hafi verið að ræða af hálfu stefnds til stefnanda, verður stefndur eigi dæmdur til þess að undirskrifa hið framlagða afsal eða annað afsal fyrir eigninni, nje heldur til þess í stað að greiða hina tilgreindu upphæð, kr. 4841,50, enda hefir og stefnandinn eigi undir rekstri málsins hrakið þá staðhæfing stefnda, að verðmæti þau, er upphæð þessi byggist á, eigi hafi verið til eða í eign stefnanda þegar salan átti fram að fara, sem þó stefndur hlaut að ganga út frá að einhvers virði væri fyrir hann. Samkvæmt þessu er eigi að ræða um neinar skaðabætur af hálfu stefnds til stefnanda fyrir útburð á honum úr oftgreindri húseign, en málskostnaður virðist eftir atvikum eiga að falla niður. Kröfur stefnda um sektun fyrir óþarfa þrætu, þykir eigi ástæða til að taka til greina.

Mánudaginn 23. maí 1927.

Nr. 24/1927. **Lögreglustjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs** (Jón Ásbjörnsson)

gegn

Steindóri Einarssyni

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Útaf bifreiðarskatti.

Úrskurður fógetarjettar Reykjavíkur 8. mars 1927: Gjörð þessi á fram að ganga fyrir kr. 48,00 auk kostnaðar við það lögtak, en að öðru leyti ber að synja um framgang gjörðarinnar.

Dómur hæstarjettar.

Samkvæmt ástæðum þeim, sem greinir í fógetarjettarúrskurðinum, á úrskurðinum að vera óraskað.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti og þykir hann hæfilega ákveðinn 200 kr.

Því dæmist rjett vera:

Fógetarjettarúrskurðinum skal óraskað. Áfrýjandinn, lögreglustjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, greiði stefnda, Steindóri Einarssyni, 200 kr. málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Tildrög máls þessa eru þau að lögreglustjórinn hjer í Reykjavík hefir sem innheimtumaður ríkissjóðs krafist þess að lögtak verði gert hjá Steindóri Einarssyni bifreiðareiganda til tryggingar greiðslu kr. 101,78 sem er bifreiðaskattur af bifreiðinni R.E. 154 frá júlí 1924 til 14. mars 1925 þá eign gjörðarþola, ennfremur til tryggingar kostnaði við lögtaksgjörðina og eftirfarandi uppboð.

Gjörðarþoli hefir látið mæta í málinu og mótmæla því að lögtaksgjörðin nái fram að ganga.

Málavextir eru þannig:

Hinn 14. nóvember 1924, sendi gjörðarþoli gjörðarbeiðanda svohljóðandi tilkynningu: „. . . . . Bifreið mín R.E. 154 er í ónothæfu standi og verður eigi notuð í vetur, jeg sendi yður því skrásetningarnúmer bifreiðarinnar og óska eftir að hún sje afskráð úr bókum yðar frá þessum degi". Þessari tilkynningu gjörðarþola fylgdu einkennisstafir bifreiðarinnar eins og um er getið. Nú leið og beið alt þar til gjörðarþoli með brjefi dags. 10. mars 1925 tilkynnir gjörðarbeiðanda á ný að nú hafi hann selt nefnda bifreið manni nokkrum á Ísafirði, og að bifreiðin verði send þangað samdægurs og óskar gjörðarþoli því eftir að bifreiðin verði afskráð úr bókum gjörðarbeiðanda sem sín eign.

Mótmæli sín gegn framgangi lögtaksgjörðarinnar byggir umboðsmaður gjörðarþola á því að í 4. gr. laga um bifreiðaskatt nr. 56, frá 27. júní 1921 sje svo fyrir mælt að skattur af bifreiðum skuli reiknaður frá 1. júlí ár hvert til þess tíma að bifreiðarmerki hefir verið afhent á gjaldárinu eða bifreið hefir ónýtst, og

að skatturinn skuli reiknaður aðeins fyrir heila mánuði þannig að 15 dagar eða minna teljast heill mánuður en minna broti skuli slept. Hann heldur því fram að umbjóðandi sinn hafi komið í veg fyrir að bifreiðin yrði skattskyld eftir 14. nóvember 1924 í fyrsta lagi með því að skila gjörðarbeiðanda bifreiðarmerkinu og í öðru lagi með því að tilkynna honum að bifreiðin væri ónothæf og óska eftir að hún yrði afskráð, enda heldur hann því eindregið fram að gjörðarbeiðandi hafi enga athugasemd við tilkynninguna gert og að bifreiðin hafi í raun og veru verið ónothæf, kaupandi hennar hafi gert við hana með ærnum kostnaði og nú liggi hún einskisnýt vestur á Ísafirði.

Samkvæmt þessu bauðst umboðsmaðurinn til að umbjóðandi sinn greiði kr. 48,00 sem hann telur skatt af bifreiðinni í 4 mánuði.

Kröfu sína um framgang lögtaksgjörðarinnar byggir umboðsmaður gjörðarbeiðanda á því að samkvæmt ákvæðum 4. gr. áðurnefndra laga sje það ófrávíkjanlegt skilyrði fyrir því að skattskylda bifreiðar falli niður að hún ónýtist og að það sje sannað að svo sje. Hann heldur því fram að þar sem það sje upplýst að bifreiðin hafi verið nothæf eftir að hún var flutt til Ísafjarðar sje það einnig sennilegt að hún hafi einatt verið nothæf þrátt fyrir áðurnefnda tilkynningu gjörðarþola frá 14. nóvember og að minsta kosti telur hann það sannað að bifreiðin hafi ekki verið ónýt.

Hann telur því að þar sem gjörðarþoli hafi ekki sannað að bifreiðin hafi 14. nóvember verið í því ástandi sem fyrnefnd lög geri að skilyrði fyrir því að skattskyldan falli niður beri honum að greiða skatt af henni til 10. mars 1925.

Það er upplýst í málinu að gjörðarþoli hefir með áðurnefndu bréfi dags. 14. nóvember 1924, tilkynt gjörðarbeiðanda að bifreið sín R.E. 154 væri ónothæf, óskað að hún yrði afskráð úr bókum gjörðarbeiðanda og jafnframt sent honum bifreiðarmerkið. Það kemur hvergi fram úr málsútlistuninni að gjörðarbeiðandi hafi nokkra athugasemd gert við þessa tilkynningu gjörðarþola, heldur lítur svo út sem engin athugasemd hafi verið við hana gerð fyr en tekið var að krefja gjörðarþola um skattinn.

Fógetarjetturinn verður að líta svo á, eftir því sem mál þetta er upplýst fyrir rjettinum, að gjörðarþoli hafi haft ástæðu til að ætla að áðurnefnd tilkynning frá 14. nóvember hafi verið tekin gild af gjörðarbeiðanda og að honum beri því ekki að greiða skatt af bifreiðinni nema til þess tíma, enda varð bifreiðin gjörðar-

þola ónothæf um leið og hann skilaði merkinu og það er heldur ekki sannað gegn eindregnum mótmælum gjörðarþola að bifreiðin hafi verið ónýt til aksturs er margnefnd tilkynning var send.

Því er ekki mótmælt að þær kr. 48,00 sem umboðsmaður gjörðarþola hefir boðið fram sje rjett reiknaður skattur af bifreiðinni fyrir 4 mánuði.

Hin framkomnu mótmæli verður því að taka til greina og ber að synja um framgang gjörðarinnar nema fyrir kr. 48,00.

Miðvikudaginn 25. maí 1927.

Nr. 8 og 16/1927. **H.f. Jón Guðmundsson & Co. o. fl.** (B. Þ. Johnson)

gegn

Veiðarfæraversluninni Geysir (Stefán Jóh. Stefánsson).

Útaf eignarrjetti til skaðabótafjár og herpinótar er tekið var fjárnámi.

Úrskurður fógetarrjettar Reykjavíkur 20. desbr. 1926: Hin framkomnu mótmæli umboðsmanns gjörðarþola verða ekki tekin til greina og hið umbeðna fjárnám á fram að fara að geymdum betri rjetti sjerhvers þriðjamanns.

Dómur hæstarjettar.

Með gestarjettardómi Reykjavíkur 29. maí f. á. var h.f. Jón Guðmundsson & Co. dæmt til að greiða Veiðarfæraverluninni Geysir kr. 1836,25 ásamt vöxtum og kostnaði. Að liðnum aðfararfresti krafðist dómhafi með brjefi dags. 15. júlí f. á. fjárnáms til fullnustu dómsins, og var fjárnámsbeiðnin tekin fyrir í fógetarjetti Reykjavíkur 14. desbr. f. á. Framkvæmdarstjóri h.f. Jón Guðmundsson & Co. mætti í rjettinum og lýsti yfir því, að firmað ætti engar eignir óveðsettar að vísa á til lúkningar dómkröfunni, en

dómhafi taldi það eiga herpinót og skaðabótakröfu að upphæð ca. 11000 kr. á hendur h.f. Hængur og krafðist að fjárnámið yrði gert í þessu, og er þessu var mótmælt af því að eignir þessar ekki tilheyrðu h.f. Jón Guðmundsson & Co., gekk úrskurður um þetta í fógetarjettinum 20. des. f. á. á þá leið, að fjárnámið skyldi framfara í þessum eignum, þó að frádregnum kr. 2918,12 af skaðabótakröfunni, er fjárnámshafi viðurkendi fyrir fógetarjettinum, að framseldar hefðu verið öðrum manni, og var síðan fjárnámið samdægurs gert í eignum þessum, að geymdum betri rjetti sjerhvers þriðjamanns.

Firmað Jón Guðmundsson & Co. hefir áfrýjað þessum fógetarjettarúrskurði og fjárnámi til hæstarjettar með stefnu dags. 20. jan. þ. á, og með framhaldsstefnu dags. 11. febr. þ. á. hafa Ingvar Einarsson, Ólafur Guðmundsson, Guðmundur Jónsson, Samábyrgð Íslands, Hafnarsjóður Reykjavíkur og Bjarni Pjetursson einnig áfrýjað úrskurðinum og fjárnáminu sem meðalgöngumenn. Hafa 5 hinir síðastnefndu áfrýjendur krafist þess, að úrskurðurinn og fjárnámið verði felt úr gildi að því er tekur til skaðabótakröfunnar, en Ingvar Einarsson og h.f. Jón Guðmundsson & Co. hafa krafist ógildingar að því er snertir herpinótina. Og allir hafa áfrýjendurnir krafist þess, að hið stefnda firma verði dæmt til að greiða málskostnað í hæstarjetti eftir mati rjettarins.

Hið stefnda firma hefir hinsvegar krafist *aðallega* að fógetarjettarúrskurðurinn og fjárnámið verði staðfest og allir áfrýjendurnir verði dæmdir til in solidum að greiða málskostnað í hæstarjetti eftir mati rjettarins en *til vara*, að úrskurðurinn og fjárnámið verði staðfest, að því er snertir herpinótina og að þá verði h.f. Jón Guðmundsson & Co. og Ingvar

Einarsson dæmdir til in solidum að greiða málskostnað fyrir hæstarjetti eftir mati rjettarins.

Þeir af áfrýjendunum, er ógildingar hafa krafist að því er snertir skaðabótakröfuna, byggja kröfu sína á því að h.f. Jón Guðmundsson & Co. hafi verið búið að framselja þeim skaðbótakröfuna og þeir því verið eigendur hennar þegar fjárnámið fór fram. Um þetta er það með skjölum, sem lögð hafa verið fram af nýju í hæstarjetti, upplýst, að h.f. Jón Guðmundsson & Co. hefir á tímabilinu frá 3. mars til 3. júlí 1925 brjeflega framselt hverjum einstökum þessara áfrýjenda af skaðabótakröfunni sem hjer segir:

Ólafi Guðmundssyni	kr.	3816,20
Guðmundi Jónssyni	—	633,24
Samábyrgð Íslands	—	2500,00
Hafnarsjóði Reykjavíkur	—	1000,00
Bjarna Pjeturssyni kr. 11700,00 en samkvæmt málflutningnum er krafan talin nú vera	—	2152,00
	Samtals kr.	10101,44

og er það tekið fram í 4 framsalsskjölunum, að málflutningsmanni þeim, er flytji skaðabótamálið fyrir undirrjettinum fyrir h.f. Jón Guðmundsson & Co. gegn h.f. Hængur sje falið að greiða framsalsupphæðirnar, er úrslitadómur sje genginn í því. Það hefir ekki verið vjefengt hjer fyrir rjettinum, að framsöl þessi hafi verið gefin á þeim tíma er hvert þeirra greinir til greiðslu lögmætra skulda, og er það ennfremur upplýst, að skaðabótaupphæð sú, er h.f. Jón Guðmundsson & Co. fjekk sjer tildæmda hjá h.f. Hængur, nam kr. 10774,62, þannig að telja verður að fjárnámið hafi verið gert í þeirri upphæð að frádregnum kr. 2918,12 eða í kr. 7856,50, sem er minni upphæð en hinar framseldu upphæðir nema samtals.

Það verður þannig að telja það sannað, að h.f. Jón Guðmundsson & Co. hafi ekki verið eigandi hinnar fjárnumdu skaðabótaupphæðar er fjárnámið fór fram og ber því að fella fógetarjettarúrskurðinn og fjárnámið úr gildi að þessu leyti.

Um herpinótina hafa áfrýjendurnir Ingvar Einarsson og h.f. Jón Guðmundsson & Co. haldið því fram, að firmað hafi selt Ingvari Einarssyni nótina vorið 1926 og þessu til sönnunar hafa þeir lagt fram sem ný skjöl sölureikning nótarinnar dags. 15. ágúst 1926 með áritaðri kvittun fyrir greiðslu kaupverðsins, sem talið er hafa verið 5000 kr., og ennfremur staðfestan útdrátt úr bókum h.f. Jón Guðmundsson & Co., er á að sýna að söluandvirðið hafi í bókum fjelagsins verið fært sem greitt þ. 3. maí 1926. En stefndi hefir haldið því fram, að hjer sje um málamynda sölu að ræða og hefir hann mótmælt því, að nokkur raunveruleg sala á nótinni hafi farið fram. Hefir hann með vottorði tveggja manna, er tekið hefir verið gilt sem eiðfest væri, upplýst það, að Ingvar Einarsson hafi þremur dögum eftir að fjárnámsbeiðnin var tekin fyrir í fógetarjettinum sagt það í áheyrn vottorðsgefendanna beggja samtímis, að hann ætti ekkert í nótinni og að framkvæmdarstjóri h.f. Jón Guðmundsson & Co. hefði fyrir 3—4 dögum »komið til sín og fært nótina yfir á sitt nafn«, en hann ætti ekkert í henni, þar sem hann ekkert hefði greitt fyrir hana. Þá hefir stefndi með vottorði þess, er geymdi nótina, er einnig hefir verið tekið gilt sem staðfest væri fyrir rjetti, upplýst, að hann teldi sig geyma nótina fyrir Jón Guðmundsson, er falið hefði sjer geymslu hennar *haustið 1926* og greitt nokkurn hluta reikningsins fyrir geymsluna, er þó samkvæmt tilmælum Jóns var stílaður á Ingvar Einarsson. Að

fengnum þessum upplýsingum verður að líta svo á, að með framangreindum sölureikningi og útdrætti úr bókum h.f. Jón Guðmundsson & Co. sje ekki framkomin í málinu næg sönnun þess, að nótin hafi verið komin úr eign nefnds firma, er fjárnámið fór fram og ber því að staðfesta að þessu leyti fógetarjettarúrskurðinn og fjárnámið í herpinótinni.

Eftir þessum úrslitum þykir rjett að dæma áfrýjendurna h.f. Jón Guðmundsson & Co. og Ingvar Einarsson til þess að greiða stefnda in solidum 250 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti, en að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði fógetarjettarúrskurður og fjárnám er úr gildi felt að því er snertir hina fjárnumdu skaðabótakröfu, en skal að öðru leyti óraskað.

Áfrýjendurnir h.f. Jón Guðmundsson & Co. og Ingvar Einarsson greiði stefnda Veiðarfæraversluninni Geysir in solidum 250 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum, en að öðru leyti fellur málskostnaður í hæstarjetti niður.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Tildrög máls þessa eru þau, að Ásgeir Guðmundsson, lögfræðingur hefir, sem gjörðarbeiðandi í þessu máli, krafist þess f. h. veiðarfæraverslunarinnar „Geysir", að fjárnám verði gert í eignum h/f. Jón Guðmundsson & Co. til tryggingar greiðslu dómsskuldar, að upphæð kr. 1836,25, með 5 % ársvöxtum frá 1. janúar 1925 til greiðsludags og kr. 186,00 í málskostnað, auk kostnaðar við fjárnám þetta og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Jón Guðmundsson, sem mætt hefir við fjárnám þetta f. h. h/f. Jón Guðmundsson & Co., hefir upplýst, að gjörðarþoli hafi átt tvo nótabáta og nót og ennfremur skaðabótakröfu, að upphæð ca. 11000,00 kr., sem gjörðarþoli hefir nýlega fengið tildæmdar í skaðabótamáli gegn h/f. „Hængur" hjer í bænum. En þessar eignir kveður hann gjörðarþola ekki eiga nú. Nótabátana og nótina kveður hann gjörðarþola hafa selt í vor Ingvari nokkrum Einarssyni, en skaðabótakröfu gjörðarþola á h/f. „Hæng" kveður hann vera framselda. Hinn $^{30}/_{4}$ s. l. kveðst hann f. h. gjörðarþola hafa framselt Magnúsi Guðmundssyni, skipasmið, kr. 2918,12 af þessari kröfu og hefir Magnús látið mæta í fógetarjettinum og látið sýna þar skjal, sem hann telur vera framsal á fyrnefndum hluta kröfunnar. Þá kveður hann gjörðarþola og 15. júní s. l. hafa framselt kr. 2500,00 af skaðabótakröfunni til Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, og hefir hann lagt fram vottorð forstjóra Samábyrgðarinnar um að svo sje. Enn kveður hann gjörðarþola hafa framselt kr. 1000,00 af fyrnefndri kröfu til Hafnarsjóðs Reykjavíkur og ca. 12000,00 til Bjarna Pjeturssonar, framkvæmdarstjóra hjer í bænum.

Af þessum ástæðum mótmælir Jón Guðmundsson því f. h. gjörðarþola að fjárnám verði gert í fyrnefndum eignum þar sem gjörðarþoli eigi þær ekki nú. Að hærri upphæðir hafi verið framseldar en hin tildæmda skaðabótakrafa, kveður umboðsmaður gjörðarþola stafa af því, að gjörðarþoli hafi gjört stórum hærri skaðabótakröfu í fyrnefndu máli og búist við að fá meira tildæmt en raun varð á.

Gjörðarbeiðandi hefir nú eindregið mótmælt því að fyrnefnd framsöl á skaðabótakröfunni, nótabátunum og nótinni hafi nokkurn tímann átt sjer stað, nema framsalið til Magnúsar Guðmundssonar. Hann hefir mótmælt hinum framlögðu vottorðum og heldur því fram að þessir munir sjeu enn eign gjörðarþola. Krefst hann þess að fjárnám verði gert í þessum eignum nema að svo miklu leyti sem skaðabótakrafan er framseld Magnúsi Guðmundssyni.

Fógetarjetturinn verður nú að líta svo á, að þar sem umboðsmaður gjörðarþola hefir upplýst það að gjörðarþoli hafi átt fyrnefndar eignir, en hinsvegar ekki fært sönnur á það, að hann hafi framselt þær til þriðjamanns þá verði ekki unt að taka mótmæli hans gegn framgangi fjárnámsins í eignum þessum til greina.

Fjárnámið í fyrgreindum eignum verður því að hafa framgang að geymdum betri rjetti sjerhvers þriðjamanns.

Mánudaginn 30. maí 1927.

Nr. 4/1927. **Jónas Jónasson**
gegn
Birni J. Jósafatssyni.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jónas Jónasson, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Mánudaginn 30. maí 1927.

Nr. 9/1927. **Gunnlaugur Flóventsson o. fl.**
gegn
Birni Sigurðssyni v. Gunnlaugs Stefánssonar.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendurnir, Gunnlaugur Flóventsson, Helgi Gunnlaugsson, Theodór Gunnlaugsson og Halldóra Gunnlaugsdóttir, sem ekki mæta í málinu greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs ef þau af nýju óska mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Miðvikudaginn 15. júní 1927.

Nr. 90/1927. **Hreppsnefnd Fljótshlíðarhrepps**
(Jón Ásbjörnsson)
gegn
Kort Eyvindssyni (Enginn).

Frávísun.

Úrskurður fógetarjettar Rangárvallasýslu 17. desbr. 1925: Lögtaksgjörðin gagnvart Kort Eyvindssyni á Sámstöðum 4. þ. m. skal úr gildi feld, og skal hann sýkn af öllum þeim kostnaði, er hún hefir haft í för með sjer.

Dómur hæstarjettar.

Hinn 4. desbr. 1925 gjörði hreppstjórinn í Fljótshlíðarhreppi lögtak hjá stefnda fyrir 5 kr, sem ógreiddar voru af aukaútsvari, er á hann hafði verið lagt við niðurjöfnun útsvara í hreppnum haustið 1924, en útaf framkomnum mótmælum gegn lögtakinu feldi hlutaðeigandi fógeti það úr gildi með úrskurði uppkveðnum 17. s. m.

Þessum úrskurði hefir hreppsnefnd Fljótshlíðarhrepps skotið til hæstarjettar með stefnu útgefinni 14. desbr. f. á., að fenginni gjafsókn og að fengnu áfrýjunarleyfi dags. 26. nóv. f. á., með því að hinn lögboðni áfrýjunarfrestur var liðinn, en þareð fjárkrafa sú, er málið er risið af, nemur eigi 25 kr. og eigi liggur fyrir í málinu áfrýjunarleyfi samkv. 25. gr. laga nr. 22, 6. okt. 1919, verður ex officio að vísa máli þessu frá hæstarjetti.

Með því að stefndi hefir eigi látið mæta í málinu er eigi um málskostnað að ræða.

Því dæmist rjett vera:

Máli þessu vísast frá hæstarjetti. Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 17. júní 1927.

Nr. 82/1927. **Margrjet Jónsdóttir** (Kalman)
gegn
Jóni C. F. Arnesen eða Jóni C. F. Arnesen f. h. afgreiðslu Eimskipafjelags Íslands, Eskifirði
(Jón Ásbjörnsson).

Útaf kröfu stefnanda um afhendingu vara, sem stefndi hafði látið leggja löghald á.

Dómur aukarjettar Suður-Múlasýslu 21. desbr. 1925: Aðalstefnda Margrjet Jónsdóttir greiði aðalstefnanda, afgreiðslu Eimskipafjelags Íslands á Eskifirði kr. 4256,42 og í málskostnað 150 kr. Löghaldsgjörð sú, sem fram fór í eignum aðalstefndu 4. ágúst 1924 á sem löglega gjörð og löglega rekin óröskuð að standa.

Gagnstefndur á að vera sýkn af kröfum gagnstefnanda í gagnsökinni.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá löghirtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstarjettar með stefnu dags. 3. des. f. á. samkvæmt áfrýjunarleyfi 30. nóv. s. á.

Eftir að málið var dæmt í hjeraði hefir áfrýjandi útvegað nýjar vitnaskýrslur og lagt þær fyrir hæstarjett.

Svo sem tekið er fram í hinum áfrýjaða aukarjettardómi sendi seljandinn Jónas Jónasson með farmskírteini vörur þær, er ræðir um í málinu frá sölustaðnum, Reykjavík, til viðtökustaðarins, Eskifjarðar, og hjelt sjálfur farmskírteininu. Er það viðurkent, að áfrýjandi hefir hvorki áður en hún fjekk vörurnar afhentar nje eftir það fengið farmskírteinið í sínar hendur og sömuleiðis er það viðurkent að

áfrýjandi hefir ekki greitt neitt af hinu umsamda kaupverði fyrir þær og með vitnaskýrslu, er lögð hefir verið fram af nýju í hæstarjetti, og flutningi málsins er það einnig gert sennilegt, að víxill sá, er áfrýjandi hafði samþykt og afhent seljanda fyrir kaupverðinu, hafi aftur komist ógreiddur í vörslur áfrýjanda og glatast hjá henni. Það brestur þannig alla sönnur fyrir því, að áfrýjandi hafi verið orðinn eigandi að vörunum og fengið umráð yfir þeim áður en þær voru sendar frá Reykjavík, og þar sem hún hafði ekki farmskírteinið í höndum á Eskifirði hafði hún ekki heimild til að krefjast afhendingar á þeim þar nje til að veita þeim viðtöku sem sinni eign og selja af þeim. Áfrýjandi mátti og ganga út frá, að vörurnar væru henni afhentar með því skilyrði, að hún afhenti síðar frumrit farmskírteinisins, og þar sem hún gat ekki fullnægt þessu og blandaði vörunum saman við sínar eigin vörur og seldi af þeim, þannig að þeim varð ekki skilað aftur, var stefnda heimilt að leggja löghald á eigur áfrýjanda svo sem hann gjörði til tryggingar endurgjaldi á tjóni því, er leiða kynni af því, að hann hafði afhent vörurnar án þess að fá farmskírteinið í sínar hendur, enda greiddi stefndi síðar seljanda vörusendingarinnar söluandvirði hennar og öðlaðist þar með kröfu á hendur áfrýjanda til endurgreiðslu á því.

Að svo vöxnu máli og að öðru leyti með skírskotun til hins áfrýjaða aukarjettardóms, er eigi hefir verið gagnáfrýjað, ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst 300 kr.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardóminum skal óraskað. Áfrýjandi Margrjet Jónsdóttir greiði stefnda Jóni C. F. Arnesen sem afgreiðslumanni Eimskipafjelags Íslands á Eskifirði 300 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir stefnandinn Afgreiðsla Eimskipafjelags Íslands á Eskifirði höfðað fyrir aukarjetti Suður-Múlasýslu, eftir árangurslausa sáttatilraun, gegn stefndum Margrjeti Jónsdóttur, kaupkonu á Eskifirði út af ólögmætri afhendingu á vörum til hennar og eru atriði málsins þessi:

Í öndverðum marsmánuði 1924 var skipað í land, úr e/s. Esju, á Eskifirði og lagt upp á afgreiðslu Eimskipafjelags Íslands 2 kössum af vefnaðarvöru, sem vigtuðu 175 kg. og merktir voru stefndu. Í sama mánuði voru kassar þessir afhentir henni af stefnanda án þess að hún sýndi eða afhenti farmskírteini fyrir þeim.

19. s. m. símar sendandi vörunnar, Jónas nokkur Jónasson, Reykjavík, afgreiðslunni og leggur fyrir hana að afhenda ekki vörurnar, nema hann segi til, en endursenda þær annars með e/s. Esju til Reykjavíkur. En síðar, er sendandi komst að raun um að vörurnar væru afhentar, sneri hann sjer til Eimskipafjelags Íslands og krafðist þess að það stæði sjer skil á vörunum, eða andvirði þeirra, sem hann taldi vera 5000 kr., þar eð farmskírteinið yfir vörurnar væri í sínum höndum en ekki stefndu. Krafði nú Eimskipafjelagið stefnanda um vörurnar eða andvirði þeirra, en hann aftur stefndu, sem ekki vildi verða við kröfunni. Ljet þá stefnandi leggja löghald á eignir stefndu; hinn 4. ágúst 1924 til tryggingar rjetti sínum og höfðaði síðan mál þetta til staðfestingar löghaldsgerðinni.

Hefir stefnandi í aðalsökinni gert þær kröfur að framangreind löghaldsgerð verði staðfest og stefnda dæmd til að skila sjer ofangreindum vörum eða andvirði þeirra, kr. 5000,00 svo og til greiðslu kostnaðar við löghaldsgerð 200 kr. og málskostnaðar.

Á meðan á málinu stóð greiddi Eimskipafjelag Íslands í Reykjavík sendanda vörunnar, andvirði hennar með kr. 5000,00 og hefir stefnandi endurgreitt Eimskipafjelaginu sömu fjárhæð. Út af þessu höfðaði stefnandi framhaldssök gegn stefndum, að undangenginni árangurslausri sáttatilraun, þar sem hann krefst þess að að stefndur verði dæmdur til að greiða sjer andvirði varanna 5000,00 kr. í skaðabætur, fyrir tjón það, sem hann hafi beðið við heimildarlausa afhendingu þeirra til stefndu og 5 % ársvexti af upphæðinni frá sáttakærudegi til greiðsludags.

Stefnda hefir krafist sýknunar í aðalsök. Auk þess hefir hún undir rekstri málsins höfðað gagnsök og gert þær kröfur að gagnstefndur verði dæmdur til að greiða sjer andvirði eigna þeirra, er löghald var lagt á með 5500 kr. og í skaðabætur fyrir löghaldið, atvinnutjón og lánstraustshnekki 25000 kr., svo og í húsaleigu fyrir hinar kyrsettu eignir 335 kr. eða samtals 30835 kr. með 6 % ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags og málskostnað eftir mati dómarans eða óvilhallra manna.

Gagnstefndur hefir krafist sýknunar í gagnsökinni.

Til stuðnings máli sínu heldur aðalstefnandi því fram, að þegar aðalstefnda fjekk vörurnar afhentar, hafi hún lofað að afhenda aðalstefnanda farmskírteini fyrir þeim, að skömmum tíma liðnum. Hefir Arnór Jóhannsson verslunarmaður, sem er starfsmaður afgreiðslunnar og sem vörurnar afhenti borið fyrir rjetti og staðfest þann framburð sinn með eiði, að aðalstefnda hafi lofað er hún fjekk vörurnar afhentar að skila farmskírteini yfir þær skömmum tíma síðar, eða þegar hún kæmi aftur úr för sinni til Reykjavíkur, sem þá var ráðin. Hann hafði einnig tilkynt Eimskipafjelagi Íslands í símskeyti 12. apríl, sem lagt hefir verið fram í rjettinum í eftirriti, að aðalstefnda hafi lofað að selja ekki vörurnar fyr en farmskírteinið kæmi og í brjefi til sama 17. maí tekur aðalstefnandi það fram að aðalstefnda hafi lofað á ný að koma með fullnægjandi skírteini fyrir vörunum þegar hún kæmi frá Reykjavík. Telur aðalstefnandi aðalstefndu ennfremur hafa verið vitanlegt að afhendingin var umræddum skilyrðum bundin og aðalstefnandi mundi ekki hafa afhent vörurnar án þess að treysta loforði hennar og byggist afhendingin því á brostnum forsendum.

Aðalstefnda neitar því að hafa gefið nokkurt loforð um að útvega farmskírteini fyrir vörunum. Hafi hún keypt vörur af sendanda fyrir 5000 kr. og greitt þær með víxli í Reykjavík. Hún hafi talið sig eiganda þeirra, enda þótt hún hefði ekki farmskír-

teini í höndum. Telur hún ekkert skilyrði hafa verið sett af sendanda fyrir afhendingu þeirra og afgreiðslan því verið vítalaus þó hún afhenti henni þær, því til sín hafi þær átt að ganga. Hún hafi hitt sendanda nokkru síðar í Reykjavík og hafi hann tjáð sjer að hann ætlaði að taka vörurnar aftur af því, að hann gæti nú selt þær hærra verði. Víxlinum gæti hann ekki heldur skilað af því að hann væri glataður. En í vottorði, sem stefnda hefir lagt fram og sem sendandi hefir gefið út, heldur hann því fram, að víxill þessi hafi verið í höndum aðalstefndu, sem hafi glatað honum, og hefir ekkert frekar orðið upplýst um þennan ágreining aðalstefndu og sendanda. Mótmælir aðalstefnda vitnisburði Arnórs Jóhannssonar, þar sem hann sje vilhalt vitni, og við málið riðinn.

Þá telur aðalstefnda, að nokkuð af vörum þeim, sem hún keypti hafi orðið eftir í vörslum sendanda og sje því krafan of há um kr. 1068,51. Undir rekstri málsins virðist upplýst að nokkuð af vörunum hafi orðið eftir hjá sendanda og telur aðalstefnandi andvirði þess að eins kr. 743,58 og hefir aðalstefnda ekki mótmælt því, enda er sú upphæð í samræmi við framlagða reikninga.

Aðalstefnandi hefir lagt fram 2 frumrit farmskírteinis yfir vörurnar, sem hann segir að sendandi varanna hafi afhendt Eimskipafjelagi Íslands, þegar það greiddi vörurnar.

Aðalstefnda hefir mótmælt þessum skjölum sem markleysu, en slík órökstudd mótmæli gegn skjölum, sem eru gefin út af rjettum aðila og að öllu leyti í lögmætu formi, er ekki hægt að taka til greina.

Inn í mál þetta hefir mjög verið blandað viðskiftum sendanda vörunnar og aðalstefndu um skilyrðin fyrir sölunni, eignarrjettinn yfir vörunum og greiðslunni á þeim, sem rjetturinn lítur svo á að sje óviðkomandi þessu máli, nema að svo miklu leyti sem aðalatriði þess, heimild aðalstefndu til að fá sjer vörurnar afhentar, kunni að skýrast við þá málsútlistun.

Það er upplýst, að aðalstefnda hefir aldrei haft frumrit farmskírteinis fyrir vörunum í sínum höndum og að hún hefir ekki sannað hvorki fyrir afgreiðslunni, nje síðar undir rekstri málsins, að hún hafi haft nokkura heimild til að fá sjer vörurnar afhentar. Aðalstefnanda var því óheimilt gagnvart sendanda eða öðrum, er farmskírteinið kynni að sýna með löglegu framsali að afhenda aðalstefnda vörurnar eins og hann gerði. Hann telur að vísu aðalstefnda hafa lofað, er hún fjekk vörurnar afhentar að útvega farmskírteini fyrir þeim og á þessu loforði byggir aðalstefnandi

fyrst og fremst kröfu sína um að fá sjer vörurnar afhentar eða andvirði þeirra.

Eins og fyr greinir hefir maður sá, sem vörurnar afhenti borið fyrir rjetti, að aðalstefnda hafi gefið slíkt loforð, en þar sem vitnið er starfsmaður aðalstefnanda og úrslit þessa máls geta ef til vill haft fjárhagslega þýðingu fyrir vitnið, þykir, gegn mótmælum aðalstefndu, ekki verða bygt á vitnisburði þess í málinu. Verður þá ekki álitið að aðalstefnandi hafi fært sönnur á að aðalstefnda hafi gefið umrætt loforð, enda þótt ýmislegt, sem fram er komið í málinu bendi mjög í þá átt. Hinsvegar er ekkert um það upplýst að aðalstefnandi hafi við afhendingu varanna viljað losa aðalstefndu við alla ábyrgð sem af því kynni að leiða, að hún reyndist ekki rjettur viðtakandi þeirra; hinsvegar virðist svo, eins og málið horfir við, sem aðalstefndu hafi hlotið að vera það ljóst, eða hún átt að vita að aðalstefnandi mundi ekki hafa afhent henni vörurnar nema með því skilyrði, að hún sannaði viðtökurjett sinn til þeirra ef á þyrfti að halda; en þegar sendandi gerði lögmætt tilkall til varanna og aðalstefnda hvorki vildi nje gat lagt fram skilríki fyrir heimild sinni til að veita vörunum móttöku var framangreind skilyrði fyrir afhendingunni brostið og hafði aðalstefnandi þá þegar rjett til að heimta vörurnar aftur úr vörslum aðalstefndu.

Fyrir fógetarjettinum upplýstist, að aðalstefnda hafði ekki haldið vörunum fráskildum sínum vörum og að hún hafði þegar selt af þeim, og er því nú ekki hægt að skila þeim aftur, en í þess stað á aðalstefnandi heimtingu á að aðalstefnda skili honum andvirði þeirra, þ. e. því verði sem hún gaf fyrir þær, sem eins fyr segir nemur kr. 5000,00 ÷ kr. 743,58 eða kr. 4256,42, sem verður að skylda aðalstefndu til að greiða aðalstefnanda.

Ennfremur ber að staðfesta löghaldsgerðina, þar sem telja verður að aðalstefnandi hafi haft rjett til að fá eignir aðalstefndu kyrsettar fyrir kröfu sinni, og staðfestingarmálið hefir verið löglega rekið.

Eftir þessum úrslitum ber að skylda aðalstefndu til að greiða aðalstefnda málskostnað sem virðist hæfilega metinn kr. 150,00.

Af framangreindu leiðir, að varakrafa aðalstefnandans í framhaldssök fellur niður. Þá ber og að sýkna gagnstefndan af kröfu gagnstefnanda í gagnsökinni.

Ummæli í varnarskjali aðalstefndu rskj. nr. 26 um vitnið Arnór Jóhannsson: „Vandræðamaðurinn Arnór Jóhannsson er

ekki í samræmi við neitt nema sinn einlæga vilja að blekkja yfirboðara sína málstað sínum til bóta" ber að ómerkja sem meiðandi fyrir vitnið.

Mánudaginn 20. júní 1927.

Nr. 37/1927. **H.f. Kakali** (Fjeldsted)
gegn
Sig. Jóhannssyni f. h. Veiðarfæraverslunarinnar Geysir
(Stefán Jóh. Stefánsson).

Útaf rjetti stefnda til sjóveðs í bv. Clementina.

Dómur sjórjettar Reykjavíkur 14. maí 1927: Stefnd stjórn h/f. „Kakali" þeir Carl Proppé, Ólafur Proppé og Jón Proppé, greiði fyrir fjelagsins hönd stefnandanum Sigurði Jóhannssyni f. h. Veiðarfæraverslunarinnar „Geysir" kr. 10689,32 með 6% ársvöxtum frá 12. apríl 1926 til greiðsludags og kr. 538,00 í málskostnað og á stefnandi sjóveð í uppboðsandvirði b/v. I.S. 450 „Clementina", sem nú er í vörslum bæjarfógetans í Hafnarfirði, fyrir framangreindum upphæðum.

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Einkaágreiningsefnið í máli þessu hjer fyrir rjettinum er það, hvort eða að hve miklu leyti stefndi hafi ödlast sjóveðrjett í skipinu »Clementina«, sem átti heima vestur á Þingeyri, fyrir vöruúttekt þeirri, að upphæð 10689 kr. 32 aur., er átti sjer stað við verslun stefnda í Reykjavík, á tímabilinu frá 1. sept. 1925 til 6. mars 1926, að báðum dögum meðtöldum. Meginúttektin fór fram frá 1. sept. til 16. des. 1925, en þann tíma var skipið undir viðgerð hjer syðra, að því er ætla má eftir málfærslunni. Upp úr viðgerð-

inni lagði skipið út á fiskiveiðar og nam úttektin frá þeim tíma og til úttektarloka 2037 kr. 10 aur.

Áfrýjandi heldur því fram, að úttektin hafi öll gengið til viðgerðar skipsins og fylgi henni því ekki sjóveðrjettur, eða a. m. k. ekki þeim hluta hennar, sem fór fram meðan að stóð á viðgerðinni, og krefst því breytingar á dóminum að þessu leyti, en um breytingu málskostnaðarákvæðis dómsins hefir hann enga kröfu gert.

Stefndi byggir kröfu sína um staðfestingu dómsins að öllu leyti á því, að skipið hafi verið statt hjer er úttektin átti sjer stað, að vörurnar er út voru teknar, hafi allar gengið til útgerðar skipsins til fiskiveiða og að skipstjóri hafi annast úttektina, enda haft vald til þess samkvæmt 236. gr. sbr. 53. gr. siglingalaganna.

Samkv. nefndum lagagreinum má skipstjóri, þegar skip er utan heimilis síns, gera alla þá löggerninga, sem snerta »framkvæmd ferðar hans«, þann veg að sjóveðrjettur leggist á skip og farmgjald fyrir kostnaði þeim, er leiðir af slíkum löggerningum hans, og nefnir 53. gr. sem dæmi útbúnað skips, viðhald og öflun vista.

Skipið var nú að vísu statt hjer utan heimilis síns meðan úttektin fór fram og skipstjóri annaðist úttektina. En það nægir ekki samkv. 53. gr., að skipið sje statt utan heimilis síns. Það verður, samkv. hinum auðkendu orðum greinarinnar og auðskiljanlegu tilefni löggjafans til ákvæðisins, að vera statt »á ferð« utan heimilis til þess að skipstjóri geti veðbundið það á hjer umræddan hátt. En svo var ekki ástatt um »Clementina«, þann tíma sem hún lá hjer undir viðgerð. Eigendur hennar höfðu sent hana snemma í ágúst 1925 hingað til Reykjavíkur til gagngerðrar

viðgerðar, sem stóð 5 mánuði og kostaði, að meðtaldri úttektinni um 150,000 kr. Skipið lá allan viðgerðartímann bundið við eina af bryggjum bæjarins og skipverjar, aðrir en skipstjóri, stýrimaður, vjelstjóri og 3 hásetar er skyldu gæta skipsins og skipstjóri auk þess hafa eftirlit með viðgerðinni, höfðu verið skráðir úr skiprúmi, er skipið var tekið hjer til viðgerðar. Og stefnda mátti vera það ljóst, m. a. af því, hversu úttektinni hjá honum var háttað meðan á viðgerðinni stóð — úttektar dagarnir um 60 og vörurnar sennilega a. m. k. jafn oft fluttar af hans mönnum út í skipið —, að Clementina var þá ekki hjer »á ferð«. Verður stefnda þegar af þessari ástæðu ekki játað sjóveðrjetti fyrir úttekt þeirri, sem fór fram hjá honum, meðan á viðgerðinni stóð, enda er mikið af úttektinni þess eðlis, að það getur hafa gengið til viðgerðarinnar, en engin grein fyrir því gerð hve mikið hafi gengið til hennar og hve mikið til útgerðar skipsins.

Öðru máli gegnir um þá úttekt sem fór fram eftir 16. des. 1925 eða frá 4. janúar til 6. mars 1926. Skipið var þá lagt út á fiskiveiðar, og með því að þær vörur eru allar þess eðlis að sennilegt er að þær hafi verið teknar til útgerðarinnar, enda aðgerð skipsins þá lokið og þær voru teknar út að tilhlutun skipstjóra, þá verður að játa stefnda sjóveðrjetti fyrir söluverði þeirra, 2037 kr. 10 aur, með vöxtum af þeirri upphæð, eins og segir í dóminum.

Að öðru leyti á dómi sjórjettarins að vera óraskað af ástæðum þeim, sem greinir í forsendum hans og hjer að framan er sagt um málskostnaðarákvæði hans.

Samkv. þessum úrslitum og kröfu áfrýjanda verður að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda

málskostnað fyrir hæstarjetti og þykir hann eftir atvikum hæfilega metinn 300 kr.

Því dæmist rjett vera:

Sjórjettardóminum skal óraskað að öðru leyti en því, að sjóveðrjettur fylgir að eins 2037 kr. 10 aur. af dómsupphæðinni og vöxtum af nefndum 2037 kr. 10 aur.

Stefndi, Sig. Jóhannsson f. h. Veiðarfæraverslunarinnar »Geysir«, greiði áfrýjanda, h.f. »Kakali«, 300 kr. málskostnað fyrir hæstarjetti.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir samkomulagi málsaðilja höfðað hjer fyrir sjórjettinum með stefnu útgefinni 27. október f. á. af Sig. Jóhannssyni, verslunarstjóra, f. h. Veiðarfæraverslunarinnar „Geysir", hjer í bænum, gegn stjórn h/fj. „Kakali" á Þingeyri, þeim Carl Proppé, Ólafi Proppé og Jóni Proppé, stórkaupmönnum, öllum hjer í bænum, fyrir fjelagsins hönd, til greiðslu á skuld fyrir útteknar vörur til b/v. I. S. 450, „Clementina", að upphæð kr. 10609,32 með 6 % ársvöxtum frá 12. apríl 1926 til greiðsludags og málskostnaður að skaðlausu. Nemur hann eftir framlögðum reikningi kr. 538,00. Ennfremur krefst stefnandi þess, að viðurkendur verði sjóveðrjettur hans í tjeðu skipi, b/v. „Clementina", fyrir framangreindum upphæðum samkvæmt 4. tölulið 236. gr. siglingalaganna nr. 56 frá 1914.

Stefndir hafa að vísu í frumvörn sinni haldið því fram, að h/fj. „Kakali" hafi ekki verið eigandi skipsins „Clementina", er umrædd skuld stofnaðist, eða mestur hluti hennar, heldur firmað „Bræðurnir Proppé". En með því að þeir hafa alls ekki krafist sýknu í málinu af þeirri kröfu stefnanda, að þeir verði dæmdir fyrir hönd fjelagsins „Kakali" til þess að greiða skuldina, og ekkert haft við kröfu-upphæðina að athuga, þá ber að dæma þá til þess að greiða hana með vöxtum og málskostnaði eins og

krafist er, og ekki hefir verið mótmælt sjerstaklega, þar sem ganga verður út frá því, að þetta fjelag, sem ekki er mótmælt að samanstandi af sömu mönnum og firmað „Bræðurnir Proppé“, hafi síðar tekið kröfuna að sjer er eigendaskifti urðu að b/v. „Clementina“.

Umboðsmaður hinna stefndu í máli þessu, Lárus Fjeldsted hrm., sem einnig tjáir sig mæta fyrir hönd 1. veðrjettarhafa í b/v. „Clementina“, Hambros Bank Ltd. í London, og gæta rjettar hans, hefir hinsvegar ákveðið mótmælt því að stefnandi eigi sjóveðrjett fyrir hinum umstefndu kröfum b/v. „Clementina“ eða uppboðsandvirði þess skips, sem selt var nauðungarsölu í Hafnarfirði meðan á rekstri málsins stóð hjer fyrir rjettinum.

Mótmæli sín gegn viðurkenningu sjóveðrjettarins byggir umboðsmaður hinna stefndu á eftirtöldum ástæðum:

1. Að framkvæmdarstjórar firmans „Bræðurnir Proppé“, sem hafi verið eigandi b/v. „Clementina“, hafi verið búsettir hjer í bænum og að skrifstofa firmans hafi verið hjer. Verði því eigi talið að skipið hafi verið statt utan heimilis síns.

2. Að úttektin hafi farið fram eftir beiðni eða fyrirlagi útgerðarmanna skipsins en ekki skipstjórans á því.

3. Að úttektin hafi ekki verið gerð til framhalds neinnar ákveðinnar ferðar, eins og ráð sje gert fyrir í 53. gr. fyrnefndra siglingalaga heldur hafi skipið legið hjer uppi til viðgerðar eftir ákvörðun eiganda þess, er úttektin fór fram. Hafi viðgerðarkostnaðurinn numið alls um 150,000 krónum, og sje hin umstefnda skuld einn liður í þeim kostnaði.

Að 1. Það er að vísu upplýst í málinu að firmað „Bræðurnir Proppé“ hafði skrifstofu hjer í bænum og að minsta kosti sumir af forstjórum þess voru hjer búsettir, en hinsvegar er það sannað að heimili firmans var á Þingeyri í Vestur-Ísafjarðarsýslu, og að skipið „Clementina“ var skrásett þar. Fór því úttekt sú sem hjer er um að ræða fram utan heimili skipsins.

Að 2. Stefnandi hefir mótmælt því ákveðið að vöruúttektin hafi farið fram að fyrirlagi eða eftir beiðni útgerðarmanna skipsins heldur hafi það verið skipstjórinn einn, sem samið hafi um hana. Skipstjóri sá og stýrimaður, sem voru á skipinu er úttektin fór fram, hafa borið það sem vitni hjer fyrir rjettinum, að vörurnar hafi verið teknar út eingöngu eftir beiðni og að tilhlutun skipstjórans. Hafa stefndir engar sönnur fært á það í málinu, að útgerðarmenn skipsins hafi á nokkurn hátt samið við stefnanda um úttektina.

Að 3. Af upplýsingum þeim, sem fyrir liggja í málinu má

sjá, að skipið, „Clementina“ kom hingað til Reykjavíkur sumarið 1925 að fyrirlagi eiganda þess og í þeim tilgangi að gagngerðar endurbætur færu fram á því. Var skipinu lagt upp og stóð aðgerðin síðan yfir í nokkra mánuði og nam kostnaðurinn við hana og breytingar þær, er á skipinu voru gerðar, um 150,000 krónum.

Hafði skipstjórinn eftirlit með viðgerðinni, ákvað í hverju einstöku tilfelli hvað gera skyldi og eins og fyr segir pantaði hann vörur frá stefnanda, sem stefnt er fyrir í máli þessu, og sem að mestu leyti gengu til viðgerðarinnar. Það er því ljóst að hjer var ekki um úttekt að ræða til framhalds sjerstakrar „ferðar“ í þeirri merkingu, sem átt er við í 53. gr. fyrnefndra siglingalaga, en þar sem sjá má af reikningi stefnds, að hjer var aðeins að ræða um úttekt á þessháttar vörum, sem skipstjóra að jafnaði er heimilt að taka út til viðhalds skipi sínu og framhalds ferðar, svo bindandi sje fyrir eigendur skipsins, og ekki er upplýst gegn mótmælum stefnanda að honum hafi verið kunnugt um að hjer væri um aðra meiri aðgerð að ræða en þá, sem skipstjóri samkvæmt stöðu sinni hefði rjett á að láta framkvæma, þá verður að álíta að hann hafi haft fulla ástæðu til þess að ætla, að hann öðlaðist sjóveðrjett í skipinu fyrir kröfu sinni.

Samkvæmt framansögðu verður sjórjetturinn að líta svo á, að öll skilyrði sjeu fyrir hendi fyrir því, að viðurkendur verði sjóveðrjettur stefnanda í uppboðsandvirði b/v. „Clementínu“ fyrir hinum umstefndu kröfum samkvæmt 4. tölulið 236. gr. og 53. gr. sbr. 239. gr. siglingarlaganna, og verður þá niðurstaða málsins hjer í rjettinum sú, að kröfur stefnanda verða teknar til greina að öllu leyti.

Miðvikudginn 22. júní 1927.

Nr. 6/1927. **Verslun Júl. Guðmundssonar á Fáskrúðsfirði og h.f. Hinar sam. ísl. verslanir s. st.** (Jón Ásbjörnsson)

gegn

Þorgils Ingvarssyni f. h. útbús Landsbankans á Eskifirði (Enginn).

Viðvíkjandi ábyrgð.

Dómur gestarjettar Suður-Múlasýslu 26. maí 1926: Stefndir, Níels Finnsson, Verslun Júlíusar Guðmunds-

sonar á Fáskrúðsfirði og h/f. Hinar sameinuðu íslensku verslanir á Fáskrúðsfirði greiði stefnda útbúi Landsbankans á Eskifirði, einn fyrir alla og allir fyrir einn kr. 4500,00, með 6 % ársvöxtum, frá 6. apríl 1924 til greiðsludags og í málskostnað kr. 331,50.

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Dómur hæstarjettar.

Mál þetta var höfðað í hjeraði af forstjóra útbús Landsbankans á Eskifirði gegn Níels Finnssyni bónda á Hafranesi og áfrýjendunum til greiðslu sjálfskuldarábyrgðarláns, sem Níels Finnsson hafði tekið hjá útbúinu samkvæmt skuldabrjefi dags. 6. jan. 1922 og áfrýjendurnir voru taldir ábyrgðarmenn að samkv. ábyrgðarskjali dags. 12. des. 1921. Var málinu stefnt fyrir gestarjett á Eskifirði en hvorugur ábyrgðarmannanna mætti eða ljet mæta fyrir gestarjettinum og lauk málinu svo með dómi uppkveðnum 26 maí f. á. að skuldarinn Níels Finnsson og áfrýjendurnir voru dæmdir til þess in solidum að greiða útbúinu 4500 kr. með 6 % ársvöxtum frá 6. apríl 1924 til greiðsludags og 331 kr. 50 aur. í málskostnað.

Þessum dómi hafa áfrýjendurnir skotið til hæstarjettar með stefnu útgefinni 15. jan. þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi dags. 6. s. m., og eru kröfur þeirra þær, að hinn áfrýjaði dómur verði feldur úr gildi og málinu vísað frá undirrjettinum.

Stefndi hefir ekki mætt eða látið mæta í málinu og hefir það því verið flutt skriflega samkvæmt 38. gr. hæstarjettarlaganna.

Í ábyrgðarskjali því, er að framan greinir, hafa áfrýjendurnir skuldbundið sig til þess að mæta fyrir gestarjetti Reykjavíkur, ef til málssóknar kæmi út af láninu, en í þessu liggur ekki heimild til þess að stefna þeim fyrir gestarjett á Eskifirði, og með því

að það sjest ekki af málsskjölunum að öðru leyti, að þeim hafi verið skylt að mæta í máli þessu fyrir gestarjetti á Eskifirði, sem er utan heimilisþinghár þeirra, þá verður samkvæmt kröfu þeirra að ómerkja hinn áfrýjaða dóm að því er til þeirra tekur og vísa málinu að þessu leyti frá undirrjettinum.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi að greiða áfrýjendunum málskostnað fyrir hæstarjetti er ákveðst 150 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur að því er hann tekur til áfrýjendanna, Verslunar Júlíusar Guðmundssonar á Fáskrúðsfirði og hlutafjelagsins Hinar sameinuðu íslensku verslanir á Fáskrúðsfirði, og vísast málinu að þessu leyti frá undirrjettinum.

Stefndi, Þorgils Ingvarsson f. h. útbús Landsbankans á Eskifirði, greiði áfrýjendunum 150 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir stefnandinn; útbú Landsbankans á Eskifirði höfðað fyrir gestarjetti Suður-Múlasýslu gegn stefndum Níelsi Finnssyni bónda á Hafranesi, Verslun Júlíusar Guðmundssonar á, Fáskrúðsfirði og h/f. Hinar sameinuðu íslensku verslanir s. st. til greiðslu eftirstöðvum af sjálfsskuldarábyrgðarláni kr. 4500,00, sem stefndur Níels Finnsson hefir tekið hjá tjeðu útbúi, samkvæmt skuldabrjefi útg. 6. jan. 1922, upphaflega 5000 kr. en ábyrgð á skilvísri greiðslu lánsins, ásamt vöxtum og kostnaði að skaðlausu, sem sjálfsskuldarábyrgðarmenn, hafa meðstefndir Verslun Júlíusar Guðmundssonar á Fáskrúðsfirði og h/f. Hinar sam. ísl. verslanir

s. st. tekið með sjerstöku sjálfsskuldarábyrgðarskjali útg. 12. desbr. 1921.

Hefir stefnandi gert þær kröfur að stefndir verði dæmdir til þess in solidum að greiða sjer hina umstefndu upphæð kr. 4500,00, með 6 % ársvöxtum, frá 6. apríl 1924, til þess er greitt verður og málskostnað að skaðlausu.

Stefndir hafa hvorki mætt nje látið mæta í málinu og er þeim þó löglega stefnt. Verður því samkv. N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr. sbr. tilsk, 15. ágúst 1832, 8. gr. að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum og með því að stefnandi hefir lagt fram í málinu greint skuldabrjef og sjálfsskuldarábyrgðarskjal, sem eru að öllu leyti samhljóða dómkröfum hans, verður að taka þær til greina, að öllu leyti og ákveðst málskostnaðurinn kr. 331,50, samkvæmt framlögðum, sundurliðuðum reikningi, sem er í samræmi við aukatekjulögin og lágmarksgjaldskrá málfærslumannafjel. Íslands.

Miðvikudaginn 22. júní 1927.

Nr. 22/1927. **Oddur Gíslason bæjarfógeti á Ísafirði f. h. bæjarstjórnar Ísafjarðarkaupstaðar** (Jón Ásbjörnsson)

gegn

Þórði Jónssyni (Enginn).

Útsvarsmál.

Úrskurður fógetarjettar Vestmannaeyja 16. okt. 1926: Hin umbeðna gjörð á ekki fram að fara.

Dómur hæstarjettar.

Sumarið 1925 stundaði vjelbáturinn »Enok« frá Vestmannaeyjum síldveiðar frá Ísafirði og lagði aflann þar á land. Um haustið í septembermánuði lagði niðurjöfnunarnefnd Ísafjarðarkaupstaðar 300 kr. aukaútsvar á bátinn og hefir verið lagt fyrir hæstarjett vottorð formanns niðurjöfnunarnefndarinnar um að

niðurjöfnunin hafi verið auglýst og legið frammi hjá bæjargjaldkera lögákveðinn tíma. Útsvarið var ekki greitt áður en báturinn að enduðum veiðum fór frá Ísafirði og var því beiðst innheimtu á því í Vestmannaeyjum, og er greiðslu útsvarsins var neitað þar, krafðist bæjarfógeti Ísafjarðar 27. apríl f. á., að það yrði tekið lögtaki, en þessu var synjað í fógetarjetti Vestmannaeyjakaupstaðar með úrskurði 16. okt. f. á.

Úrskurði þessum hefir verið skotið til hæstarjettar með stefnu dags. 2. mars þ. á. og þess krafist, að hann verði feldur úr gildi og að lagt verði fyrir fógetann að framkvæma lögtakið. Svo hefir og verið krafist málskostnaðar í hæstarjetti eftir mati rjettarins.

Áfrýjunarstefnan hefir verið löglega birt stefnda, en enginn hefir mætt af hans hálfu í hæstarjetti og hefir því málið verið flutt þar skriflega samkv. 1. lið 2. mgr. 38. gr. hæstarjettarlaganna og er dæmt samkv. N. L. 1—4—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Fógeti Vestmannaeyjakaupstaðar hefir beint lögtakskröfunni gegn stefnda, sem í skjölum málsins er talinn vera eigandi að eins að $^1/_8$ hluta úr vjelbátnum »Enok« og synjaði fógetarjetturinn um lögtakið af þeirri ástæðu, að útsvarið hafi verið lagt á bátinn en hvorki á stefnda sjálfan nje á hann fyrir hönd bátsins. En á þetta verður ekki fallist. Það er ómótmælt, að báturinn hafi stundað síldveiðar frá Ísafirði sumarið 1925 og lagt þar upp aflann og var niðurjöfnunarnefnd Ísafjarðarkaupstaðar samkv. 19. gr. í l. nr. 67, 14. nóv. 1917 sbr. 1. gr. 2. málslið í l. nr. 47, 27. júní 1921 heimilt að leggja aukaútsvar á atvinnurekstur þennan og svo sem venja er til gjöra bátnum þ. e. útgerð hans að greiða út-

svarið. Þar sem nú stefndi var eigandi að nokkrum hluta bátsins og ómótmælt er, að hann hafi gjört bátinn út á síldveiðarnar að sínum hluta og hinsvegar ekkert er upplýst um það, að sjerstakur útgerðarstjóri hafi verið kosinn, var það ekki óheimilt að beina útsvarskröfunni gegn honum f. h. útgerðar bátsins. Það ber því að fella hinn áfrýjaða fógetarjettarúrskurð úr gildi og leggja fyrir fógeta Vestmannaeyjakaupstaðar að framkvæma lögtakið hjá stefnda fyrir hönd útgerðar bátsins.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst 150 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði fógetarjettarúrskurður er úr gildi feldur og ber fógeta Vestmannaeyjakaupstaðar að framkvæma lögtakið.

Stefndi, Þórður Jónsson f. h. útgerðar bátsins, greiði áfrýjanda, bæjarfógeta Oddi Gíslasyni f. h. bæjarstjórnar Ísafjarðarkaupstaðar, 150 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Þar eð umkrafið útsvar er lagt á vjelbátinn »Enok« verður að taka til greina mótmæli gjörðarþola um að lögtak sje gert hjá honum fyrir því, þar sem útsvarið hvorki er lagt á hann sjálfan eða hann fyrir hönd bátsins.

Miðvikudaginn 22. júní 1927.

Nr. 23/1927. **Oddur Gíslason bæjarfógeti á Ísafirði f. h. bæjarstjórnar Ísafjarðarkaupstaðar** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Gísla Magnússyni (Enginn).

Útsvarsmál.

Úrskurður fógetarjettar Vestmannaeyja 16. okt. 1926: Hið umbeðna lögtak á ekki fram að fara.

Dómur hæstarjettar.

Sumarið 1925 stundaði vjelbáturinn »Aldan« frá Vestmannaeyjum síldveiðar frá Ísafirði og lagði aflann þar á land. Um haustið í septembermánuði lagði niðurjöfnunarnefnd Ísafjarðarkaupstaðar 300 kr. aukaútsvar á bátinn og hefir í málinu verið lagt fyrir hæstarjett vottorð formanns niðurjöfnunarnefndar kaupstaðarins um, að niðurjöfnunin hafi verið auglýst og legið frammi hjá bæjargjaldkera lögákveðinn tíma. Útsvarið var ekki greitt áður en báturinn fór frá Ísafirði og var því beiðst innheimtu á því í Vestmannaeyjum, og er greiðslu útsvarsins var neit að þar krafðist bæjarfógeti Ísafjarðar 27. apríl f. á. að útsvarið yrði tekið lögtaki, en þessu var synjað í fógetarjetti Vestmannaeyjakaupstaðar með úrskurði 16. okt. f. á.

Úrskurði þessum hefir verið skotið til hæstarjettar með stefnu dags. 2. mars þ. á. og þess krafist, að hann verði feldur úr gildi og að lagt verði fyrir fógetann að framkvæma lögtakið. Svo hefir áfrýjandi einnig krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað í hæstarjetti eftir mati rjettarins.

Áfrýjunarstefnan hefir verið löglega birt stefnda, en enginn hefir mætt af hans hálfu í hæstarjetti og hefir því málið verið flutt þar skriflega samkvæmt 1. lið 2. málsgr. 38. gr. hæstarjettarlaganna og er dæmt samkv. N. L. 1—4—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Fógetarjettur Vestmannaeyja hefir synjað um lögtakið af þeim ástæðum, að útsvarið hafi verið lagt á vjelbátinn en ekki stefnda sjálfan og að báturinn sje ekki skrásett atvinnufyrirtæki. En á þetta verður ekki fallist. Síldveiði bátsins var atvinnufyrirtæki rekið frá Ísafjarðarkaupstað, er niðurjöfnunarnefnd kaupstaðarins var heimilt samkvæmt 19. gr. í lögum nr. 67, 14. nóv. 1917, sbr. 1. gr. 2. málslið í lögum nr. 47, 27. júní 1921, að leggja aukaútsvar á og gera bátnum þ. e. útgerðarmanni hans að greiða. Og þar sem því hefir ekki verið mótmælt, að stefndi, sem er eigandi vjelbátsins »Aldan«, hafi gert bátinn út á síldveiðarnar frá Ísafirði, ber að fella hinn áfrýjaða fógetarjettarúrskurð úr gildi og skylda fógeta Vestmannaeyja til að framkvæma lögtakið.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi að greiða áfrýjanda málskostnað í hæstarjetti, er ákveðst 150 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði fógetarjettarúrskurður er úr gildi feldur og ber fógeta Vestmannaeyjakaupstaðar að framkvæma lögtakið.

Stefndi Gísli Magnússon greiði áfrýjanda bæjarfógeta Oddi Gíslasyni f. h. bæjarstjórnar Ísafjarðarkaupstaðar 150 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Það verður að fallast á það með gjörðarþola að þar sem umkrafið útsvar er ekki lagt á sjálfan hann verði ekki gert lögtak hjá honum fyrir því. Og þar sem lögtaks auk þess er krafist í bátnum „Aldan“ og á hans (bátsins) kostnað, sem ekki er neitt skrásett atvinnufyrirtæki er ekki heldur hægt að gera það hjá gjörðarþola fyrir hönd bátsins.

Miðvikudaginn 22. júní 1927.

Nr. 18/1927. **Gísli Gíslason**
gegn
Þórði Bjarnasyni.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Gísli Gíslason, er eigi mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti — Svo greiði hann og stefnda, Þórði Bjarnasyni, er hefir látið mæta í málinu, 40 kr. í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. júní 1927.

Nr. 31/1927. **Þorsteinn Jónsson o. fl.**
(Lárus Jóhannesson)
gegn
Guðm. Ólafssyni f. h Trueba y Pardo (Sjálfur).

Dómur hæstarjettar.

Áfrýjendurnir ljetu mæta í rjettinum, leggja fram stefnu og biðja um frest í málinu til þess að leggja

fram ágrip úr dómsgjörðunum. Stefndi Guðmundur Ólafsson mótmælti fresti og heimtaði ómaksbætur. Að svo vöxnu máli verður ex officio að vísa stefnunni frá hæstarjetti og dæma áfrýjendur til að greiða stefnda ómaksbætur, er ákveðast 40 kr.

Því dæmist rjett vera:

Máli þessu vísast frá hæstarjetti. Áfrýjendurnir Þorsteinn Jónsson, Karl Þorsteinsson og Sveinn Hallgrímsson greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn stefnda Guðmundi Ólafssyni 40 kr. ómaksbætur, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. júní 1927.

Nr. 40/1927. **Valdstjórnin** (Pjetur Magnússon)
gegn
Fritz Korte (Bjarni Þ. Johnson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 23. maí 1927: Kærður, Fritz Korte, greiði 13 þúsund króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands og komi í stað sektarinnar 6 mánaða einfalt fangelsi ef hún verður ekki greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og öll veiðafæri — þar með taldir dragstrengir — í b/v. „Ernst Braun" sje upptækt og renni andvirðið í sama sjóð.

Loks greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Samkvæmt ástæðum þeim, er greindar eru í hinum áfrýjaða dómi, ber að staðfesta hann, þó þannig að vararefsingin ákveðst 7 mánaða einfalt fangelsi.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar á meðal málflutningslaun til sækjanda og verjanda hjer í rjetti, 80 kr. til hvors þeirra.

Því dæmist rjett vera:

Lögreglurjettardóminum skal óraskað, þó þannig að vararefsingin ákveðst 7 mánaða einfalt fangelsi.

Kærði, Fritz Korte, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir hæstarjetti, hæstarjettarmálflutningsmannanna Pjeturs Magnússonar og Bjarna Þ. Johnson, 80 kr. til hvors þeirra.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn skipstjóranum á b/v. P. G. 204 „Ernst Braun“ Fritz Korte frá Geestemünde fyrir brot á ákvæðum íslenskrar fiskiveiðalöggjafar.

Það er sannað í málinu með eiðfestum vitnaframburðum skipherrans og 1. stýrimannsins á „Þór“, að kærður, sem eigi er upplýst um, að hafi áður brotið íslenska fiskiveiðalöggjöf, var á skipi sínu 0,9 sjómílur innan íslenskrar landhelgi vestur af Portlandi með bakborðsvörpu í sjó, laust fyrir kl. 8 í gærmorgun, er varðskipið „Þór“ kom þar að, tók skip hans fast og kom með það hingað í morgun.

Kærður hefir ekki viljað kannast við það, að skip hans hafi verið tekið innan landhelginnar og haldið því fram, að hann hafi ekki verið að veiðum er skipið var tekið, heldur hafi hann fest vörpu sína í botni, hún flóknað og verið dregin upp aftan undir skipið og hann því ekki getað hreyft skrúfuna.

Að því er fyrra atriðið snertir, þá liggja fyrir í málinu með hinum nefndu vitnaframburðum lögfullar sannanir fyrir því, að skip kærðs hafi verið innan landhelginnar, er það var tekið fast. Það er og sannað í málinu enda viðurkent af kærðum, að

skipið hafði bakborðsbotnvörpu í sjó, er það var tekið og að fiskur var í vörpunni, er hún var dregin inn eftir að búið var að taka skip kærðs fast og verður kærður því talinn hafa veitt með botnvörpu innan landhelginnar og gerir það enga breytingu á þessu, þótt varpan hafi verið eitthvað flækt, er hún kom upp úr sjónum.

Kærður hefir því að áliti rjettarins brotið 1. gr. laga nr. 5/1920 um bann gegn botnvörpuveiðum og þykir refsing sú, sem hann hefir unnið til fyrir það eftir 3. gr. laganna sbr. og 1. gr. laga nr. 4/1924, hæfilega ákveðin 13 þúsund króna sekt til Landhelgissjóðs, með tilliti til þess, að gengi íslenskrar krónu er það í dag, eftir upplýsingum frá Landsbankanum, að krónan jafngildir 81,70 aurum gulls, og komi í stað sektarinnar 6 mánaða einfalt fangelsi ef hún verður ekki greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og öll veiðarfæri — þar með taldir dragstrengir — í b/v. P. G. 204 „Ernst Braun" sje upptækt og renni andvirðið í sama sjóð. Loks greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á málinu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 23. sept. 1927.

Nr. 34/1927. **Valdstjórnin** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Eiríki Kjerúlf (Björn P. Kalman).

Lyfseðlar á áfengi gefnir út á ólöglegan hátt.

Dómur lögreglurjettar Ísafjarðar 18. febr. 1927: Kærður Eiríkur læknir Kjerúlf á að vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu. Málskostnaður greiðist af almannafje.

Dómur hæstarjettar.

Það er eigi nægilega sannað gegn neitun kærða, enda það atriði lítið rannsakað af lögreglurjettinum, að kærði hafi gefið út lyfseðla þá um áfengi, er ræðir um í máli þessu án þess að hafa áður fullvissað

sig um þörf beiðanda á áfenginu til lækninga og verður því að þessu leyti að sýkna kærða af kæru valdstjórnarinnar í málinu.

Hinsvega hafa undir rekstri málsins verið lagðir fram 3 lyfseðlar þannig hljóðandi:

Spir. conc. gram 210
Ætherol. Carv. gtt. II
Aq. dest. gram 375,

er kærði, sem er læknir, er eigi hefir rjett til lyfsölu, hefir gefið út og ritað á venjuleg lyfseðlaeyðublöð sín, en ekki á þau tölusettu eyðublöð, er reglugjörð nr. 59, 1. júlí 1925 fyrirskipar að nota skuli undir lyfseðla um áfengi, og hefir kærði ennfremur kannast við að hafa gefið út og látið af hendi fleiri lyfseðla með sama og svipuðu innihaldi ritaða á venjuleg blöð, og að hann hafi að eins notað hin sjerstöku tölusettu eyðublöð undir lyfseðla um vín, koníak og vínanda óblandaðan eða blandaðan vatni *einu*, enda hafi hann skilið ákvæði nefndrar reglugjörðar svo að ekki sje skylt að nota hin sjerstöku tölusettu eyðublöð undir aðra lyfseðla. En þetta er eigi rjettur skilningur á ákvæðum reglugjörðarinnar. Svo sem tekið er fram í forsendum lögreglurjettardómsins verður vínandi blandaður vatni ekki talinn vera mengaður í þeirri merkingu, sem þetta orð hefir í 3. gr. reglugjörðarinnar þótt blandaður sje fáum dropum af kúmenolíu (Ætherol. carvi). Kærður hefir því gjörst brotlegur gegn 5. gr., sbr. 3. gr. í nefndri reglugjörð með því að rita lyfseðlana á önnur blöð en þau er reglugjörðin mælir fyrir að nota skuli undir lyf. Og með tilliti til þess, að kærði hefir tvisvar áður verið dæmdur í sekt fyrir brot á fyrirmælum eldri aðflutningsbannlaga um heimild lækna til að gefa út áfengislyfseðla, þykir eigi verða kom-

ist hjá að ákveða refsing kærða fyrir framangreind brot samkv. 17. gr. laga nr. 15, 8. júní 1925, 1000 kr. sekt í ríkissjóð og komi 45 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar ef hún fæst eigi greidd áður en tveir mánuðir eru liðnir frá birtingu dóms þessa. Svo verður og samkvæmt ákvæðum sömu greinar að svifta kærða heimild til þess að gefa út lyfseðla á áfengi og láta af hendi áfengi og áfengisblöndu.

Kærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í hjeraði og fyrir hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 100 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Kærði Eiríkur Kjerúlf læknir á Ísafirði greiði 1000 króna sekt í ríkissjóð, er afplánist með 45 daga einföldu fangelsi, ef sektin eigi fæst greidd innan tveggja mánaða frá birtingu dóms þessa. Svo er og kærði sviftur heimild til að gefa út lyfseðla á áfengi og láta af hendi áfengi og áfengisblöndu.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar í hjeraði og fyrir hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarjetti, málflutningsmannanna Stefáns Jóh. Stefánssonar og Björn P. Kalman, 100 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir skipun dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn kærðum Eiríki Kjerúlf

aðstoðarlækni á Ísafirði fyrir brot á lögum nr. 15, 1925 um aðflutningsbann á áfengi og reglugjörð nr. 59, 1. júlí 1925 um sölu áfengis til lækninga til refsingar og málskostnaðargreiðslu.

Tildrög máls þessa eru þau, að lögregluþjónn bæjarins kærði fyrir dómaranum með skjali dags. 19. ágúst f. á. að sá orðrómur leiki á að tveir læknar hjer í bænum, sem sje kærður og annar læknir, skrifi áfengisseðla á ólögleg eyðublöð og seldu mönnum, en lyfjabúðin láti áfengi úti gegn seðlum þessum. Um sönnur á þessu kveðst lögregluþjónninn ekki vita, en þykir það hinsvegar grunsamlegt, að menn, er hann veit að sjeu drykkfeldir venji komur sínar í lyfjabúðina og væru að drukknari eftir lítinn tíma. Erindi þessu fylgdi skýrsla undirskrifuð sama dag af Jóni nokkrum Björnssyni málaranema hjer í bænum. Kveðst tjeður Jón hafa farið til kærðs, sama dag, og beðið hann að selja sjer lyfseðil á áfengi, er kærður og hafi selt honum gegn 5 kr. endurgjaldi. Ekkert kveðst hann hafa minst á sjúkdóm við kærðan og þeir hvorugur. Kveðst svo hafa farið á leið í lyfjabúðina með lyfseðilinn, en er hann var kominn upp á riðið við dyr lyfjabúðarinnar hafi lögregluþjónninn kallað til sín og hann þá gengið á móts við hann. Hafi lögregluþjónninn spurt hann, hvort hann hefði meðferðis lyfseðil á áfengi. Kvað hann já við því, og er hann hafi beðið hann að sýna sjer lyfseðilinn, gerði hann það og leyfði honum að halda lyfseðlinum, er hann fór fram á það.

Lyfseðill þessi er lagður fram í málinu í frumriti og eftirriti á rjskj. nr. 3 og hljóðar á spir. conc. 210 gr. ætherol. carvi gtt. II aqua dest. gram 375 að nota eitt staup eftir samtali. Á síðara stigi málsins hafa ennfremur verið lagðir fram í frumriti og eftirriti lyfseðlar frá kærða á rjskj. 9 og 10 á nákvæmlega sömu blöndu.

Að því er nú snertir það atriði í erindi ofanneínds Jóns Björnssonar að hvorugur þeirra kærðs hafi neitt á sjúkdóm minst, áður kærður fjekk honum lyfseðilinn, þá hefir kærður ákveðið neitað því sem ósönnu, og þar sem vitnið er eitt til frásagnar um það og framburður þess einnig nokkuð á reiki að þessu leyti, þykir þetta eigi sannað gegn mótmælum kærðs.

Um framangreinda lyfseðla kærðs er það að athuga að þeir eru ritaðir á venjuleg eyðublöð, en eigi á hin fyrirskipuðu eyðublöð, sbr. 5. gr. reglugjörðar nr. 59, 1925.

Heldur kærður því fram að hann skrifi lyfseðla á hin tölusettu eyðublöð, þegar hann gefi lyfseðil á ómengaðan spiritus, eða einungis vatnsblandaðan, ennfremur á koníak eða vín, er

löggild sjeu til lækninga, en ávalt er hann gefi lyfseðil á spiritus blandaðan öðrum efnum, hvað lítið sem er, þá skrifi kærður það á venjuleg eyðublöð, eins og rjskj. 3, enda skírskotar kærður til álits landlæknis þessu viðvíkjandi.

Að því er snertir spurninguna um það, hvort kærðum beri að skrifa greinda lylseðla á hin fyrirskipuðu eyðublöð samkv. 5. gr. reglugjörðarinnar þá þykir verða að svara því samkvæmt fyrirmælum reglugjörðarinnar í sambandi við fyrirmæli reglugjörðar nr. 66, 1922, um sölu á iðnaðaráfengi, suðuvökva o. fl. þannig að orðið mengað áfengi í 3. gr. reglugjörðar nr. 59, 1925, beri að skýra með hliðsjón af fyrirmælum reglugjörðar nr. 66, 1922, um mengað og hálfmengað áfengi (spiritus). En samkvæmt því verður eigi álitið að spiritus verði mengaður, hálfmengaður eða fullmengaður þó hann sje blandaður ætherol carvi. gtt. II. Það virðist eðlilegt að skoða það frekar sem smekkbætir, en hitt að það breyti aðaláhrifum áfengisins sem nautnameðals.

Áfengið (spiritus) verður þrátt fyrir svofelda blöndun að teljast ómengað og leiðir af því, að kærðum beri að gefa lyfseðla á þannig lagaða áfengisblöndu á hin sjerstöku eyðublöð samkv. 5. gr. reglugjörðarinnar.

Eins og fyr segir ber kærður fyrir sig álit landlæknis viðvíkjandi skilningi hans á 3. gr. reglugjörðarinnar. En um það er upplýst í málinu að með símskeyti 18. ágúst 1924 gerði lyfjabúðin hjer svofelda fyrirspurn til landlæknis:

„Skil reglugjörðina þannig að aðeins þurfi að skrifa á áfengiseyðublöð vina medicata og spiritus óblandaðan og vatnsblandaðan en eigi blandaðan með öðrum medicinskum efnum í hvaða hlutfalli sem er. Er það rjett?“

Með svarskeyti 19. s. m. svarar landlæknir fyrirspurninni þannig:

„Skilningur yðar er í samræmi við fyrri málsgrein þriðju greinar í reglugjörð 7. ágúst 1922 um sölu áfengis til lækninga svo og fimtu grein sömu reglugjörðar“.

Í svarskeytinu skírskotar landlæknir til reglugjörðar 7. ágúst 1922, er þá gildir, en þar eð núgildandi reglugjörð er í öllu er málið skiftir samhljóða eldri reglugjörðinni virðist svar landlæknis ætti að hafa sama gildi samkvæmt núgildandi reglugjörð.

Að vísu er það einvörðungu á sviði dómstólanna að lögskýra reglugjörð nr. 59, 1925, en með tilliti til þess að landlæknir er yfirmaður kærðs og að í upphafi reglugjörðarinnar segir

að hún sje samin með hans ráði, þykir framangreindur verknaður kærðs eigi vera refsiverður.

Það ber því að sýkna kærðan af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu. Eftir þessum úrslitum þykir málskostnaður eiga að greiðast af almannafje.

Það vottast að enginn óþarfa dráttur hefir orðið á máli þessu.

Mánudaginn 26. sept. 1927.

Nr. 35/1927. **Valdstjórnin** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Halldóri G. Stefánssyni
(Björn P. Kalman).

Lyfseðlar á áfengi gefnir út á ólöglegan hátt.

Dómur lögreglurjettar Ísafjarðar 18. febr. 1927: Kærður, Halldór G. Stefánsson læknir, á að vera sýkn af kærum valdstjórnarinnar. Málskostnaður greiðist af almannafje.

Dómur hæstarjettar.

Kærði hefir neitað því, að hann hafi gefið út áfengislyfseðla þá, er ræðir um í máli þessu, án þess að hafa áður fullvissað sig um þörf beiðanda á áfenginu til lækninga og er þetta eigi nægilega sannað gegn neitun hans, enda hefir rannsóknardómarinn lítið rannsakað þetta atriði. Það verður því að sýkna kærða að þessu leyti af kæru valdstjórnarinnar.

Hinsvegar er það sannað í málinu, að kærði, er hefir lækningar að atvinnu en eigi rjett til lyfsölu, hefir eftir að reglugjörð nr. 59, 1. júlí 1925 gekk í gildi, gefið út lyfseðla um áfengi ritaða á venjuleg lyfseðlaeyðublöð sín en ekki á þau sjerstöku tölusettu eyðublöð, er reglugjörðin fyrirskipar að nota

skuli undir lyfseðla um áfengi. Hefir einn slíkur lyfseðill verið lagður fram í málinu svohljóðandi:

Spir. conc. gram 210
Ætherol. carvi gtt. II
Aq. gram 370

og hefir kærði kannast við að hafa gefið út fleiri lyfseðla með sama innihaldi ritaða á venjuleg lyfseðlablöð sín, og telur kærði að þetta hafi verið heimilt sjer, þar sem hann skilji ákvæði nefndrar reglugjörðar svo, að hin tölusettu eyðublöð sje aðeins fyrirskipað að nota undir lyfseðla á vínanda óblandaðan eða blandaðan vatni *einu*, en ekki ef blandaður sje öðrum efnum í hvaða hlutfalli sem er. En þetta er eigi rjettur skilningur á ákvæðum reglugjörðarinnar. Svo sem tekið er fram í forsendum lögreglurjettardómsins verður vínandi blandaður vatni ekki talinn að vera mengaður í þeirri merkingu, sem orð þetta hefir í 3. gr. reglugjörðarinnar þótt blandaður sje fáum dropum af kúmenolíu (Ætherol. carvi). Kærði hefir því gjörst brotlegur gegn 5. gr. sbr. 3. gr. nefndar reglugjörðar með því að rita lyfseðlana á önnur blöð en þau, er reglugjörðin mælir fyrir að nota skuli undir lyfseðla um áfeng lyf.

Kærði hefir einu sinni áður verið dæmdur í sekt samkvæmt ákvæðum eldri aðflutningsbannlaga fyrir misnotun á áfengi, er hann sem læknir hafði fengið úr lyfjabúð, og þykir eigi verða hjá því komist að refsa honum fyrir ítrekað brot. Ákveðst því refsing kærða fyrir framangreint brot samkvæmt 17. gr. l. nr. 15, 8. júní 1925, 1000 króna sekt í ríkissjóð og komi 45 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar ef hún fæst eigi greidd áður en tveir mánuðir eru liðnir frá birtingu dóms þessa. Svo verður og samkvæmt ákvæðum sömu greinar að svifta kærða heimild til

þess að gefa út lyfseðla á áfengi og láta af hendi áfengi og áfengisblöndu.

Kærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í hjeraði og fyrir hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 100 kr. til hvors.

Við meðferð málsins í hjeraði er það aðfinsluvert, að dómarinn hefir eigi, að því er sjeð verður, kallað kærða til að vera viðstaddan eiðfestingu vitna, er vitnuðu gegn honum, og að dómarinn hefir eigi orðið við kröfu kærða um að kalla tvö nafngreind vitni í rjettinn til þess að leggja fyrir þau ákveðnar spurningar.

Því dæmist rjett vera:

Kærði, Halldór G. Stefánsson læknir á Ísafirði, greiði 1000 króna sekt í ríkissjóð, er afplánist með 45 daga einföldu fangelsi ef sektin fæst eigi greidd innan tveggja mánaða frá birtingu dóms þessa. Svo er og kærði sviftur heimild til þess að gefa út lyfseðla á áfengi og láta af hendi áfengi eða áfengisblöndu.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar í hjeraði og fyrir hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarjetti, málflutningsmannanna Stefáns Jóh. Stefánssonar og Björns P. Kalman. 100 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir fyrirmælum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Halldóri G. Stefáns-

syni praktiserandi lækni á Ísafirði fyrir brot á lögum nr. 15, 1925 um aðflutningsbann á áfengi og reglugjörð nr. 59, 1. júlí 1925, um sölu áfengis til lækninga, til refsingar og málskostnaðargreiðslu.

Tildrög máls þessa eru þau, að lögregluþjónn bæjarins kærði fyrir dómaranum með brjefi dags. 19. ágúst f. á., að sá orðrómur leiki á, að tveir læknar hjer í bænum, sem sje kærði og annar nafngreindur læknir, skrifuðu áfengisseðla á ólögleg eyðublöð og seldu mönnum, en lyfjabúðin láti áfengi úti gegn seðlum þessum. Um sönnur á þessu kveðst lögregluþjónninn ekki vita, en honum þykir það hinsvegar grunsamlegt, að menn, er hann veit að væru drykkfeldir vendu komur sínar í lyfjabúðina og væru drukknari eftir lítinn tíma.

Erindi þessu fylgdi skýrsla eða kæra undirskrifuð sama dag af Jóni nokkrum Björnssyni málaranema hjer í bænum. Kveðst tjeður Jón sama dag kl. $6^1/_2$ e. h. hafa farið til kærðs í þeim erindum að kaupa hjá honum lyfseðil á brennivín. Hafi hann einu sinni áður í vor fengið hjá kærðum þessháttar lyfseðil eftir beiðni hans og hafi tafarlaust verið látið út á lyfseðilinn brennivín í lyfjabúðinni hjer, upp í axlir á 3ja pelaflösku, er hann minnir að væri miðalaus og ómerkt.

Er tjeður Jón Björnsson kom inn til kærðs ofannefndan dag, hafi kærður spurt hann, áður en hann bar upp erindið, hvort hann ætlaði að fá lyfseðil og játti hann því. Hafi þá kærður, án þess að ræða frekar við Jón Björnsson, skrifað lyfseðil á ótölusett eyðublað, en með nafnstimpli kærðs og afhent honum lyfseðil gegn 5 kr. endurgjaldi. Fór svo tafarlaust á lyfjabúðina og var honum afhent út á hann, orðalaust af útlendri stúlku, þriggja pela flaska með tærum vökva upp í axlir. Flaskan hafi verið miðalaus og ómerkt og hann greitt fyrir hana 6 kr., eins og upp var sett. Er nefndur Jón Björnsson kom út úr lyfjabúðinni, hitti lögregluþjónninn hann, spurði hvort hann hefði eigi flösku í vasanum og hvað væri í henni og játti hann því, og kveðst hafa svarað að í flöskunni væri brennivín keypt á lyfjabúðinni, eftir lyfseðli frá kærðum. Hafi lögregluþjónninn farið fram á það, að hann ljeti af hendi við sig flöskuna og gerði hann það góðfúslega.

Umrædda flösku tók rjetturinn í vörslur sínar.

Hefir kærður kannast við að vökvi sá, er í flöskunni var, hafi verið samkvæmt lyfseðli er hljóðaði á 210 gr. ómengaðan spiritus, 370 gr. aqua destilata og 2 dropar ætherol carvi, að taka eina matskeið 4 sinnum á dag.

Lyfseðil á samskonar áfengisblöndu kveðst kærður hafa látið sama manni í tje nokkru áður og ennfremur 3. des. f. á. sbr. rjskj. II.

Að því er snertir það atriði í skýrslu Jóns Björnssonar, að kærður hafi boðið honum lyfseðil að fyrra bragði þá hefir kærður mótmælt því sem ósönnu, heldur hafi kærður spurt hvort hann þyrfti sama meðal og áður og er hann játti því afhent honum lyfseðilinn

Þar sem nú þráttnefndur Jón Björnsson er einn hjer til frásagnar um þetta atriði, þykir það eigi vera nægilega sannað gegn mótmælum kærðs.

Um framangreinda lyfseðla kærðs er það að athuga, að þeir eru ritaðir á venjuleg eyðublöð með nafnstimpli kærðs, en eigi á hin fyrirskipuðu eyðublöð samkv. reglugjörð nr. 59, 1925. Kveðst kærður, er hann gefi lyfseðla á ómengaðan spiritus eða eingöngu vatnsblandan eða á koníak eða vín, er löggilt sje til lækninga, skrifa þá á hin fyrirskipuðu eyðublöð samkv. 5. gr. reglugjörðar nr. 59, 1925. En er hann gefi lyfseðil á spir. conc. blandaðan öðrum medicinskum efnum, hvað lítið sem sje, skrifi hann þau á hin venjulegu eyðublöð eins og rjskj. nr. 11, enda fari hann eftir áliti landlæknis.

Að því er snertir spurninguna um það, hvort kærðum beri að skrifa greinda lyfseðla á hin fyrirskipuðu eyðublöð samkv. 5. gr. reglugjörðarinnar, þá þykir þurfa að svara því samkvæmt fyrirmælum reglugjörðarinnar í sambandi við fyrirmæli reglugjörðar nr. 66, 1922, um sölu á iðnaðaráfengi, suðuvökva o. fl., þannig að orðið „ómengað áfengi" í 3. gr. reglugjörðar nr. 59, 1925, beri að skýra með hliðsjón af fyrirmælum reglugjörðar nr. 66, 1922, um mengaðan og hálfmengaðan spiritus. En samkvæmt því verður eigi álitið að áfengi (spiritus) verði mengað, hálfmengað eða fullmengað, þó það sje blandað með ætherol carvi gtt. II eða medicinskum bitterefnum. Það virðist eðlilegt að skoða það fremur smekkbæti, en hitt að það breyti aðaláhrifum áfengisins sem nautnameðals. Áfengið verður þrátt fyrir svofelda blöndun að teljast ómengað og leiðir af því að kærðum ber að gefa lyfseðla á þannig lagaða áfengisblöndu, á hin sjerstöku eyðublöð samkv. 5. gr. reglugjörðarinnar.

Eins og fyr segir, ber kærður fyrir sig álit landlæknis viðvíkjandi skilningi hans, á 3. gr. reglugjörðarinnar. En um það er upplýst í málinu að með símskeyti 18. ágúst 1924 gerði lyfjabúðin hjer svofelda fyrirspurn til landlæknis.

„Skil reglugjörðina þannig að aðeins þurfi að skrifa á áfengiseyðublöð vina medicata og spiritus óblandaðan og vatnsblandaðan en eigi blandaðan með öðrum medicinskun efnum í hvaða hlutfalli sem er. Er það rjett?“

Með svarskeyti 19. s. m. svarar landlæknir fyrirspurninni þannig:

„Skilningur yðar er í samræmi við fyrri málsgrein þriðju greinar í reglugjörð 7. ágúst 1922, um sölu áfengis til lækninga svo og fimtu greinar sömu reglugjörðar“.

Í svarskeytinu skirskotar landlæknir til reglugjörðar 7. ágúst 1922, er þá gilti, en þar eð núgildandi reglugjörð er í öllu er máli skiftir samhljóða eldri reglugjörðinni ætti svar landlæknis að hafa sama gildi samkvæmt gildandi reglugjörð.

Að vísu er það einvörðungu á valdi dómstólanna að lögskýra reglugjörð nr. 59, 1925, en með tilliti til þess, að landlæknir er yfirmaður kærðs, og í upphafi reglugjörðarinnar segir, að hún sje samin með ráði landlæknis, þykir framangreindur verknaður kærðs eigi vera refsiverður.

Það ber því að sýkna kærðan af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu. Eftir þessum úrslitum þykir málskostnaður eiga að greiðast af almannafje.

Það vottast að enginn óþarfa dráttur hefir orðið í máli þessu.

Miðvikudaginn 28. sept. 1927.

Nr. 36/1927. **Valdstjórnin** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Gunnari Juul (Björn P. Kalman).

Áfengi afgreitt í lyfjabúð gegn ólögmætum lyfseðlum.

Dómur lögreglurjettar Ísafjarðar 18. febr. 1927: Gunnar Juul lyfsali á að vera sýkn af kærum valdstjórnarinnar í máli þessu. Málskostnaður greiðist af almannafje.

Dómur hæstarjettar.

Það er upplýst í máli þessu og viðurkent af kærða, að afgreiddir hafa verið í lyfjabúð hans á

Ísafirði, að því er ætla má, með vitund hans og vilja, nokkrir lyfseðlar hljóðandi um 210 gr. af spiritus concentratus, 2 dropa af ætherol. carvi og 370 gr. aqua destillata, án þess að lyfseðlar þessir væru ritaðir á hin sjerstöku tölusettu eyðublöð, er ræðir um í 5. gr. regugjörðar um sölu áfengis til lækninga 1. júlí 1925. Heldur kærði því fram, að hann hafi skilið 3. gr. nefndrar reglugjörðar svo, að ekki væri skylt að nota þessi sjerstöku eyðublöð undir aðra lyfseðla en um vín, konjak og vínanda óblandaðan eða blandaðan vatni einu, og til frekari fullvissu hafi hann borið þetta undir landlækni, og hafi hann látið í ljósi að þessi skilningur væri í samræmi við ákvæði 3. og 5. gr. reglugjörðarinnar.

En þetta er ekki rjettur skilningur á ákvæðum nefndrar reglugjörðar, með því að vínandi blandaður vatni verður ekki talinn mengaður í þeirri merkingu, er orð þetta hefir í 3. gr. reglugjörðarinnar, þótt blandaður sje fáum dropum af kúmenolíu (Ætherol. carvi). Þannig lagaðir lyfseðlar áttu því samkvæmt 5. gr. reglugjörðarinnar að ritast á hin sjerstöku tölusettu eyðublöð og voru þannig ekki samkvæmir reglum þeim, er segir í 2. málsgrein 9. gr. í lögum nr. 15, 8. júní 1925 sbr. 3. og 5. gr. nefndrar reglugjörðar.

Kærði hefir því gjörst brotlegur gegn 6. málsgr. 14. gr. nefndra laga og þar sem ekki er heimild til þess að undanþiggja hann refsingu fyrir brot þetta, þótt álíta mætti að hann hafi verið í góðri trú að þessu leyti, ákveðst refsingin 200 kr. sekt í ríkissjóð og komi 15 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún fæst eigi greidd áður en mánuður er liðinn frá birtingu dóms þessa.

Gegn eindreginni neitun kærða verður það hins-

vegar eigi talið sannað, að honum hafi verið kunnugt um að áfengislyf hafi verið látin úti úr lyfjabúðinni án fyrirsagnar um notkunina og án forskriftar um innihald lyfsins, og verður kærði þegar af þessari ástæðu ekki látinn sæta ábyrgð fyrir þetta kæruatriði.

Kærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í hjeraði og fyrir hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 100 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Kærði Gunnar Juul lyfsali á Ísafirði greiði 200 kr. sekt í ríkissjóð, er afplánist með 15 daga einföldu fangelsi, ef hún eigi fæst greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar í hjeraði og fyrir hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarjetti, hæstarjettarmálflutningsmannanna Stefáns Jóh. Stefánssonar og Björns P. Kalman, 100 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er, eftir fyrirmælum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn kærðum Gunnari Juul lyfsala á Ísafirði, fyrir brot á lögum nr. 15, 1925, um aðflutningsbann á áfengi og reglugjörð nr. 59, 1925, um sölu áfengis til lækninga, til refsingar og málskostnaðargreiðslu.

Tildrög máls þessa eru þau, að lögregluþjónn bæjarins kærði fyrir dómaranum með brjefi dags. 19. ágúst f. á., að sá orðrómur

ljeki á að tveir nafngreindir læknar hjer í bænum skrifuðu áfengislyfseðla á ólögleg eyðublöð og seldu mönnum, en lyfjabúðin hjer ljeti áfengi úti gegn seðlum þessum. Um sönnur á þessu kveðst lögregluþjónninn eigi vita, en honum þyki það hinsvegar grunsamlegt að menn er hann veit að eru drykkfeldir vendu komur sínar í lyfjabúðina og væru að drukknari eftir en áður.

Erindi þessu fylgdi skýrsla eða kæra undirskrifuð sama dag af Jóni nokkrum Björnssyni málaranema hjer í bænum.

Kveðst tjeður Jón Björnsson sama dag hafa farið til Halldórs G. Stefánssonar læknis hjer í bænum og fengið hjá honum lyfseðil á brennivín, er ritaður var á ótölusett eyðublað en með stimpli læknisins. Fór svo tafarlaust á lyfjabúðina með lyfseðilinn og var honum afhent út á hann orðalaust af útlendri stúlku þriggjapelaflaska með tærum vökva upp í axlir. Flaskan hafi verið miðalaus og ómerkt og hann greitt fyrir hana 6 kr. eins og upp var sett. Kveðst og áður hafa fengið hjá sama lækni samskonar lyfseðil, hafi tafarlaust verið látið út á hann brennivín í lyfjabúðinni á 3ja pelaflösku, er hann minnir að væri miðalaus og ómerkt.

Er það sannað í máli þessu að lyfseðill þessi hljóðaði á 210 gr. ómengaðan spiritus, 370 gr. aqua destilata og 2 dropar ætherol carvi, að taka eina matskeið fjórum sinnum á dag. Þá er það sannað í málinu að kærður hefir afgreitt 2 aðra lyfseðla frá sama lækni ritaða á ótölusett eyðublöð, er hljóðuðu á samskonar áfengisblöndu, ennfremur 3 áfengislyfseðla ritaða á ótölusett eyðublöð, frá Eiríki Kjerúlf lækni, er hljóðuðu á samskonar blöndu.

Eins og fyr greinir kveður ofannefndur Jón Björnsson að flaska sú, er hann fjekk afgreidda í lyfjabúð kærðs 19. ágúst f. á. hafi verið miðalaus og ómerkt og kveður sig minna að svo hafi og verið í fyrra skiftið. Þá hefir vitnið Hafliði Einarsson borið það fyrir rjetti, að hann hafi fengið afhentar á lyfjabúðinni hjer 5 flöskur líkrar áfengisblöndu eða stundum blandaðar bitter, er allar hafi verið ómerktar og miðalausar, eftir áfengislyfseðlum frá læknunum Eiríki Kjerúlf og Halldóri G. Stefánssyni og vitnið Jón Ísak Magnússon eina ómerkta flösku með líkri áfengisblöndu og að framan getur um, eftir lyfseðli frá Eiríki Kjerúlf lækni.

Kærður hefir ákveðið neitað því sem ósönnu í kæru lögregluþjónsins að menn fái áfengi í lyfjabúðinni á ólöglegan hátt. Kveðst einungis afgreiða eða láta afhenda áfengi er blandað sje

medicinskum efnum öðrum en vatni, sem meðal, samkvæmt lyfseðli frá lækni.

Neitar því einnig að áfengisblanda sú, er lyfjabúðin hafi afgreidd samkvæmt ofangreindum lyfseðlum falli undir 3. gr. reglugjörðarinnar, enda fari hann í því eftir áliti landlæknis.

En um það er upplýst í málinu að með símskeyti 18. ágúst 1924 gerði lyfjabúðin hjer svofelda fyrirspurn til landlæknis:

„Skil reglugjörðina þannig að aðeins þurfi að skrifa á áfengiseyðublöð vína medicata og spiritus óblandaðan og vatnsblandaðan en eigi blandaðan með öðrum medicinskum efnum í hvaða hlutfalli sem er. Er það rjett?“

Með svarskeyti 19. s. m. svarar landlæknir fyrirspurninni þannig:

„Skilningur yðar er í samræmi við fyrri málsgrein þriðju greinar i reglugjörð 7. ágúst 1922 um sölu áfengis til lækninga svo og fimtu grein sömu reglugjörðar“.

Með þessu svari landlæknis til kærðs sem lyfsala verður að álíta að það sje í góðri trú, að kærður álítur að lyfseðlar á framangreinda áfengisblöndu þyrftu eigi að vera ritaðir á hin sjerstöku eyðublöð sbr. 5. gr. reglugjörðarinnar, enda verður að álíta að það sje á ábyrgð hlutaðeigandi lækna, hvort þeir að þessu leyti fylgja gildandi reglum eða eigi sbr. 9. gr. bannlaganna, þar sem eigi er upplýst í málinu að samband hafi verið milli þeirra, er heimfæra megi undir 18. gr. nefndra laga.

Að því er þarnæst snertir spurninguna um það, hvort kærðum verði gefið það að sök, að hann hafi látið úti áfengislyf í ómerktum ílátum, þá verður það eigi talið sannað með framburðum fyrnefndra vitna að svo hafi verið, með því að vitnin hvort um sig eru ein til frásagnar um þau tilfelli er þau vitna um. Er það því eigi lögfull sönnun gegn mótmælum kærðs.

Enda þykir það orka tvímælis, hvort kærðum beri samkv. 3. málsgr. 3. gr. reglugjörðarinnar að merkja önnur áfengisílát, en þau sem látin eru af hendi eftir áfengislyfseðli skrifuðum á eyðublöð samkv. 5. gr. reglugjörðarinnar.

Samkvæmt framanrituðu lítur rjetturinn svo á, að sýkna beri kærðan af kærum og kröfum valdstjórnarinnar í máli þessu, svo og að málskostnað beri að greiða af almannafje.

Það vottast að enginn óþarfa dráttur hefir orðið á máli þessu.

Föstudaginn 30. sept. 1927.

Nr. 79/1926. **Stjórn Íslandsbanka** (Fjeldsted)
gegn
Sveini Björnssyni f. h. A/S. Tuxham
(Pjetur Magnússon).

Útaf fullnustu ábyrgðarskuldbindingar áfrýjanda.

Dómur gestarjettar Reykjavíkur 24. júlí 1926: Stefndir, Eggert Claessen, Jens B. Waage og Sigurður Eggerz f. h. Íslandsbanka, greiði stefnandanum, Sveini Björnssyni f. h. A/S. Tuxham d. kr. 14500,00 með 6 % ársvöxtum frá 12. júní 1925 til greiðsludags og ísl. kr. 680,00 í málskostnað, innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Að því athuguðu, að áfrýjandi hefir kannast við það hjer fyrir rjettinum, að ábyrgð hans gagnvart stefnda út af ágreiningsefninu sje sjálfskuldarábyrgð og að skilja þykir mega ákvæði ábyrgðarskjalsins um farmskírteinið, samkvæmt málflutningi umboðsmanna aðilja, á þá leið, að áfrýjandi skuli fá farmskírteinið gegn fullnægingu skuldbindingar sinnar, ber að staðfesta gestarjettardóminn með þar að lútandi viðbæti.

Eftir málavöxtum þykir rjett, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti og er hann ákveðinn 400 kr.

Því dæmist rjett vera:

Gestarjettardóminum skal óraskað, þó þannig, að áfrýjanda, stjórn Íslandsbanka, verði afhent farmskírteinið gegn fullnustu dóms þessa.

Áfrýjandi greiði stefnda, Sveini Björnssyni f. h. A/S. Tuxham, 400 króna málskostnað fyrir hæstarjetti.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir samkomulagi málsaðilja höfðað fyrir gestarjettinum með stefnu útgefinni 8. janúar þ. á. af Sveini hæstarjettarmálaflutningsmanni Björnssyni hjer í bænum fyrir hönd A/S. Tuxham í Kaupmannahöfn gegn bankastjórum Íslandsbanka, þeim Eggert Claessen, Jens B. Waage og Sigurði Eggerz til greiðslu fyrir hönd bankans á d. kr. 15453,63 með 6 % ársvöxtvöxtum frá 12. júní 1925 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu Nemur hann eftir framlögðum reikningi, sem er í samræmi við aukatekjulögin og lágmarksgjaldskrá málaflutningsmannafjelagsins, kr. 680,00.

Stefndir hafa krafist sýknunar af kröfum stefnandans í málinu, að minsta kosti um stundarsakir, nema af málskostnaðarkröfunni og málskostnaðar að skaðlausu hjá honum, eftir taxta málaflutningsmannafjelagsins með kr. 697,05. Til vara hafa þeir krafist þess, að verða aðeins dæmdir til að greiða kr. 14500,00.

Málavextir eru þeir, að með símskeyti, 8. maí f. á. samþykti Hálfdán Hálfdánarson, útgerðarmaður í Hnífsdal, síma tilboð frá Tuxhamvjelaverksmiðjunni dags. 2. s. m. um sölu á 64—70 hesta Tuxhamvjel f. o. b. Kaupmannahöfn á d. krónur 14500,00. Borgunarskilmálar voru þeir, að $^1/_4$ hluti verðsins átti að greiðast við pöntun, $^1/_4$ hluti við móttöku og „Resten kan med acceptabel Bankgaranti modtages Vexel betalbar afdragsvis over 12 Maaneder".

Sama dag símaði útbú Íslandsbanka á Ísafirði verksmiðjunni svohljóðandi og staðfesti það símskeyti með brjefi dags. 27. s. m.

„For Halfdan Halfdansson garanterer vi Betaling 14500 — fjorten tusende femhundrede danske Kroner —, Halvdelen mod Konnossement 64—70 HK. Motor med Tilbehör, Resten afdragsvis 12 Maaneder".

Í brjefi til Hálfdáns Hálfdánarsonar dags. 7. maí 1925 hafði Tuxhamversmiðjan skýrt símatilboð sitt nánar en í símskeytinu. Er þar meðal annars tekið fram, að verksmiðjan reikni $2^1/_2$ % af verði vjelarinnar fyrir umbúðunum og að kaupanda beri að greiða forvexti af víxlum þeim, sem kaupverð eigi að greiðast

með, og er því ekki mótmælt, að Hálfdán hafi fengið það brjef seint í maímánuði, án þess þá að gera nokkra athugasemd við það.

Hinn 12. júní 1925 sendi verksmiðjan síðan hina umræddu vjel til Ísafjarðar og farmskírteini fyrir henni, er skila átti gegn greiðslu á d. kr. 8309,10 og samþykt á 4 víxlum að upphæð samtals d. kr. 7861,87 og er upphæðin sundurliðuð þannig á reikningi þeim, er fylgdi:

Andvirði vjelarinnar	d. kr.	14500,00
Umbúðir, $2^1/_2$ %	„ —	362,50
Ábyrgðargjald fyrir sendinguna	„ —	140,45
Farmgjald	„ —	737,40
Forvextir af víxlunum, stimpilgjald og innheimtukostnaður	„ —	430,62
	Samtals d. kr.	16170,97

Í brjefi til verksmiðjunnar dags. 15. júlí 1925, mótmælir Hálfdán Hálfdánarson umbúðakostnaðinum, kr. 362,50 og vöxtum og innheimtukostnaði fyrir víxlana, kr. 422,62, og óskar þetta „omgaaende berigtiget da jeg i modsat Fald ser mig nödsaget til at lade Handelen gaa til bage". Síðar í sama brjefinu beiðist hann þó upplýsinga um það, hvort mögulegt sje að skifta á hinum sendu skrúfum (Propeller) og öðrum greunri.

Í símskeyti dags. 29. s. m. fjell verksmiðjan frá umbúðakostnaðarkröfunni og staðfesti það í brjefi til Hálfdánar dags. 1. ágúst 1925, en heldur fast við kröfuna um forvexti og innheimtukostnað fyrir víxlana, en því brjefi verður eigi sjeð að hafi verið svarað og mun farmskírteinið vera óinnleyst enn þá.

Sveinn Björnsson, hrm. hefir því eins og að framan greinir, eftir samkomulagi við stjórn Íslandsbanka hjer í bænum, höfðað mál þetta gegn henni og gert rjettarkröfur þær er að framan greinir. Dómkrafa hans sundurliðast þannig:

1. Söluverð vjelarinnar	d. kr.	14500,00
2. Farmgjald og ábyrgðargjald	„ —	877,85
3. Símskeytakostnaður út af sölunni .	„ —	75,78
	Samtals d. kr.	15453,63

Það er rjettilega tekið fram af stefndum, að um það verði ekki dæmt í þessu máli, þar sem Hálfdáni Hálfdánarsyni hefir ekki verið stefnt, hvort hann hafi átt rjett á og riftað kaupin á vjelinni svo að ábyrgð Íslandsbanka hafi ekki orðið aktuel af þeirri ástæðu. Hinsvegar byggja stefndir sýknukröfu sína á því, að ábyrgð bankans sje ekki sjálfskuldarábyrgð heldur aðeins ein-

föld ábyrgð og eigi verksmiðjan því enga kröfu á hendur bankanum fyrri en búið sje að slá því föstu með dómi, hvað Hálfdán skuldi verksmiðjunni og sannreynt sje, að hann geti ekki greitt það.

Á þetta verður þó ekki fallist. Ábyrgð í verslunarviðskiftum, sjerstaklega bankaábyrgð (Bankgaranti), er venjulega sjálfskuldarábyrgð, þegar annað er ekki tekið fram, og er það ekki gert í símskeyti Íslandsbanka til verksmiðjunnar dags. 6. maí 1925.

Hinsvegar er ábyrgð bankans þar einskorðuð við upphæðina, d. kr. 14500,00 og verður stefnanda því að áliti rjettarins eigi tildæmd hærri upphæð hjá stefndum. En þá upphæð verður að dæma honum þótt fjárkrafa sú, er fylgdi vjelinni væri hærri, þar sem bankinn hefir ekki boðist til að innleysa farmskírteinið með þeirri upphæð og því verið neitað, eða hann á annan hátt verið leystur frá ábyrgð sinni.

Það verður því að áliti rjettarins að taka kröfur stefnanda í málinu til greina með þessari niðurfærslu á dómkröfunni.

Miðvikudaginn 5. okt. 1927.

Nr. 46/1927. **Valdstjórnin** (Fjeldsted)
gegn
Haraldi Jónssyni (Pjetur Magnússon).

Bifreiðarstjóri undir áhrifum áfengis við akstur.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 5. maí 1927:

Kærður Haraldur Jónsson greiði 125 króna sekt í ríkissjóð innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella í hennar stað einföldu fangelsi í 10 daga. Svo greiði hann allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Kærði hefir kannast við það fyrir lögreglurjettinum, að hann hafi verið undið áhrifum áfengis, er hann 26. mars síðastliðinn ók bifreiðinni R.E. 353 úr Austurstræti suður undir Skerjafjörð og þaðan aftur að Laugaveg 74, og hefir hann svo sem segir

í lögreglurjettardóminum, með þessu gjörst brotlegur gegn 5. gr. laga nr. 56, 8. júní 1926, sbr. 48. gr. lögreglusamþyktar Reykjavíkur 19. apríl 1919. Að því athuguðu, að hjer fyrir rjettinum er það upplýst, að lögreglustjóri Reykjavíkur hefir haldið ökuskírteininu fyrir kærða frá því málið var tekið til meðferðar í lögreglurjettinum, verður fallist á refsi- og málskostnaðarákvæði undirrjettardómsins, er því ber að staðfesta og telst greiðslufrestur sektarinnar frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar í hæstarjetti, þar með talin laun sækjanda og verjanda 80 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða lögreglurjettardómi skal óraskað og telst greiðslufrestur sektarinnar frá birtingu dóms þessa.

Kærði Haraldur Jónsson greiði allan kostnað sakarinnar í hæstarjetti, þar með talin laun sækjanda og verjanda, málflutningsmannanna Lárusar Fjeldsted og Pjeturs Magnússonar, 80 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Haraldi Jónssyni, bifreiðarstjóra, Lindargötu 14 hjer í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 56 frá 8. júní 1926 um notkun bifreiða og lögreglusamþyktarinnar fyrir Reykjavík frá 19. apríl 1919.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina og sannaðir með eigin játningu kærðs, er kemur heim við það, sem á annan hátt er upplýst í málinu.

Hinn 26. f. m. kom kærður inn á skrifstofu Guðmundar Eiríkss. heildsala hjer í bænum, og var þá inni hjá Guðmundi trjesmiður einn hjer í bænum Guðmundur Ólafsson. Hann var með slatta á heilflösku af portvíni og gaf hann kærðum hálft glas, sem kærður drakk, en frekara áfengis kveðst hann ekki hafa neytt þar inni, enda er framburður fyrgreindra tveggja manna samhljóða framburði hans um það atriði. Kærður hafði undanfarna daga ekið bifreiðinni R E. 353 og stóð nefnd bifreið hjá Nýju Bifreiðastöðinni meðan því fór fram, er nú hefir verið frá sagt. Um kl. 2 síðd. fór kærður ásamt fyrgreindum trjesmið út frá Guðmundi Eiríkss. tók bifreiðina og ók suður hjá Reynistað, þar sneri hann við og hjelt til bæjarins. Hjá Hverfisgötu 34 stönsuðu þeir, fóru þar inn og pöntuðu þaðan frá Áfengisversluninni í sína 2 flöskur af spánarvínum, sem þeir fengu sendar eftir litla stund. Með þessar tvær flöskur fóru þeir í bifreiðinni inn á Laugaveg 74 og tóku þar að neyta áfengisins, ásamt Eggert Kristjánssyni sem þar var fyrir. En eftir stutta stund kom þar að Sigurður Gíslason, lögregluþjónn tók bifreiðina af kærðum og kallaði hann niður á lögreglustöð.

Allir þeir menn er nú hafa verið nefndir hafa verið leiddir sem vitni í máli þessu nema lögregluþjónninn er gefið hefir skýrslu í málinu til lögreglustjórans, en sú skýrsla er lögð fram í málinu og hefir kærður ekkert haft við hana að athuga.

Þeir Guðmundur Eiríkss. og Guðmundur Ólafsson hafa báðir haldið því fram, að kærður hafi alls ekki verið undir áhrifum áfengis, er hann fór af skrifstofu Guðm. Eiríkss., en frá þeim tíma að kærður fór þaðan og uns hann kom á Laugaveg 74, kveður Guðm. Ólafsson kærðan einskis áfengis hafa neytt, enda hafi þeir ekkert áfengi haft meðferðis, nema fyrnefndar tvær flöskur er þeir fengu sendar á Hverfisgötu 34, en tóku ekki upp fyr en á Laugaveg 74. Eggert Kristjánsson hefir skýrt svo frá, að kærður hafi, er hann kom á Laugaveg 74, verið undir áhrifum áfengis svo að hann hafi mátt kallast hreyfur, en alls ekki ölvaður. Þegar lögregluþjónninn kom inn eftir og kærður hafði neitt áfengis um stund á Laugaveg 74, kveður hann kærðan hafa verið talsvert undir áhrifum áfengis. Kærður hefir viðkurkent að framburður þessara vitna sje rjettur.

Hinn 31. júlí f. á. undirgekst kærður Haraldur Jónsson í lögreglurjetti Reykjavíkur 75 króna sekt fyrir að aka bifreið ölvaður. Frekari refsingu fyrir brot á bifreiðarlögunum hefir hann ekki sætt svo kunnugt sje, en 20. september 1924 undirgekst hann

í lögreglurjetti Reykjavíkur 50 króna sekt fyrir að vera ölvaður á almannafæri.

Framferði kærðs sem skýrt er frá hjer að framan ber að áliti dómarans að heimfæra undir 5. gr. bifreiðarlaganna og 48. gr. lögreglusamþyktarinnar og þykir refsing sú, sem hann hefir tilunnið hæfilega ákveðin 125 króna sekt er renni í ríkissjóð og greiðist innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti kærður í hennar stað einföldu fangelsi í 10 daga.

Dómaranum þykja ekki alveg nægar ástæður til að svifta kærðan leyfi til að aka bifreið í þetta sinn, þar sem það er ekki fullsannað að hann hafi ekið bifreið ölvaður.

Svo greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 12. okt. 1927.

Nr. 39/1926. **Jón Jónsson** (Lárus Jóhannesson)
gegn
Guðmundi Ólafssyni f. h. Hull ships stores Company Ltd. (Sjálfur).

Skuldamál.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. mars 1926: Stefndur Jón Jónsson greiði stefnandanum hrm. Guðmundi Ólafssyni f. h. Hull ships stores Company Ltd. £ 72-13-2 með 6 % ársvöxtum frá 8. febrúar 1924 til greiðsludags og kr. 100,00 í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan fimtán daga frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Svo sem nánara er tekið fram í hinum áfrýjaða dómi hefir áfrýjandi haldið því fram fyrir undirrjetti að hann skuldi ekki hinu stefnda firma meira en £ 3-0-0, en hinsvegar hefir hann hvorki í undir-

rjetti nje í hæstarjetti mótmælt neinum sjerstökum lið í hinum sundurliðaða viðskiftareikningi firmans og við þetta bætist ennfremur það, að áfrýjandi hefir í brjefi til firmans, dags. 19. apríl 1924, eftir að umræddum skuldaskiftum var lokið að fullu og eftir að gera má ráð fyrir að áfrýjandi hafi verið búinn að fá kröfu frá firmanu, viðurkent að skulda því og beðið um frest með greiðslu skuldarinnar án þess að hreyfa neinum athugasemdum.

Hin framangreindu almennu mótmæli áfrýjanda gegn skuldarupphæðinni verða ekki tekin til greina, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti og ákveðst hann 400 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýjandi Jón Jónsson greiði stefnda Guðmundi hæstarjettarmálflutningsmanni Ólafssyni f. h. Hull ships stores Company Ltd. 400 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti.

Dómi þessum ber að fullnægja, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitan höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 1. maí f. á. af Guðmundi Ólafssyni hrm. hjer í bænum f. h. Hull Ships Stores Company Ltd., gegn Jóni Jónssyni bryta á Klapparstíg 19 hjer í bæ til greiðslu á £ 77-13-2 fyrir útteknar vörur ásamt 6 % ársvöxtum frá 8. febrúar 1924 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Ennfremur hefir stefnandi krafist þess að þessi ummæli umboðsmanns stefnds verði dæmd dauð og ómerk og hann dæmdur í sekt fyrir

þau: „Hvað þekkir maður líka heiðarleik enskra kaupmanna og bókfærslu þeirra?“

Stefndur sem hefir látið mæta í málinu hefir hinsvegar mótmælt því að hafa skuldað meira en £ 8-0-0 af hinni umstefndu upphæð við áramót 1925, en upp í það hafi hann látið stefnanda hafa tófuskinn er þeir hafi orðið ásáttir um að hann tæki á £ 5-0-0 og skuldi því raunverulega að eins £ 3-0-0 og þá upphafi hann altaf verið fús á að greiða, mótmælir hann þarafleiðandi málskostaðarkröfu stefnanda og krefst sjer tildæmdan málskostnað. Umboðsmaður stefnds hefir auk þess mótmælt ómerkingar og sektarkröfu stefnanda, þar sem hin átöldu ummæli verði ekki talin meiðandi nje móðgandi, en þó svo væri fyrir enska kaupmenn alment, þá geti umbjóðandi stefnanda ekki tekið þau til sín persónulega og sje því ekki bær um að koma fram með hinar gerðu ómerkingar- og sektakröfur á hendur sjer. Aftur á móti hefir umboðsmaður stefnds haldið því fram að stefnandi hafi verið með refsiverðar dylgjur um að stefndur áliti sjálfsagt að svíkja umbjóðanda stefnanda og krefst þess að þau ummæli verði dæmd dauð og ómerk og stefnandi dæmdur í sekt fyrir þau.

Stefndur hefir haldið því fram í málinu að hann hafi altaf gefið móttökukvittanir fyrir úttekt sinni og hefir skorað á stefnanda að leggja þær fram og hann neitar því ákveðið að hafa tekið út meiri vörur en svo, að hann skuldi nú að eins £ 8-0-0 ÷ £ 5-0-0 eða £ 3-0-0, án þess þó að hann hafi mótmælt nokkrum sjerstökum lið reikningsins.

Af hendi stefnanda hefir því aftur á móti verið haldið fram að hin umstefnda upphæð sje í alla staði rjett og hefir hann í sönnunarskyni fyrir því lagt fram sundurliðaða reikninga fyrir hverri úttekt stefnds með tilgreindum mánaðardögum er varan hefir verið tekin út og kemur úttektin samkvæmt þeim reikningum heim við hina umstefndu upphæð og eins og hún er tilfærð á reikningi á rskj. 3; stefndi hefir auk þess lagt fram vottorð frá löggiltum endurskoðendum í Hull, um að skuld stefnds sje samkvæmt bókum firmans eins og um er stefnt. Hinsvegar hefir stefnandi ekki getað orðið við áskorun stefnds um að leggja fram viðtökuskírteini nema fyririr litlum hluta úttektarinnar, en fleiri kvittanir geti hann ekki lagt fram, enda hafi stefndur veitt einhverju af kvittunum viðtöku um leið og hann greiddi inn á reikning sinn við firmað en samkvæmt reikningi á rskj. 3 hefir öll úttekt stefnda numið £ 588-15-4 og hefir stefndi þannig viður-

kent að hafa tekið út miklu meiri vöru en sem kvitanir hafa verið lagðar fram fyrir.

Rjetturinn verður nú að líta svo á að stefndur hafi ekki fært þau rök fyrir neitun sinni gegn rjettmæti hinnar umstefndu skuldar að unt sje að láta úrslit málsins vera komin undir eiði hans, enda hæpið að hann geti vitað svo nákvæmlega um skuld sína við firmað sem fram hefir verið haldið af hans hendi úr því að hann hefir ekki getað bent á neinn sjerstakan lið reikningsins eða úttekt er hann telji ranga, nje heldur hefir upplýst á hverju sú staðhæfing hans er byggð að hann skuldi ekki meira en fram hefir verið haldið, en slíkt hefði legið beint við fyrir hann að gera. Verður því að taka kröfu stefnanda til greina, þó þannig að hún lækki um £ 5-0-0, þar sem því hefir ekki verið nægilega mótmælt af hendi stefnanda að umbjóðandi hans hafi tekið á móti tófuskinni fyrir þeirri upphæð og verða þá eftir £ 72-13-2 er stefndum ber að greiða stefnanda með 6 % ársvöxtum 8. febrúar 1924 til greiðsludags.

Rjetturinn verður að fallast á það með umboðsmanni stefnds að ómerkingar- og sektarkrafa stefnanda geti ekki orðið tekin til greina, enda geta hin átöldu ummæli ekki talist meiðyrði um umbjóðanda stefnanda persónulega. Hvað sekta- og ómerkingarkröfu umboðsmanns stefnds snertir á hendur stefnanda, þá getur hún heldur ekki orðið tekin til greina, enda ekki krafist ómerkingar á ákveðnum orðum eða ummælum og umboðsmaður stefnds auk þess gefið nokkra ástæðu til ummæla í líka átt.

Eftir þessum úrslitum þykir rjett að stefndur greiði stefnanda 100 krónur í málskostnað.

Dráttur sá sem orðið hefir á dómsuppsögn í málinu er af önnum dómarans.

Mánudaginn 17. okt. 1927.

Nr. 28/1927. **Rjettvísin** (Guðm. Ólafsson)
gegn
Karli Guðmundssyni (Jón Ásbjörnsson).

Lögregluþjónn talinn sekur gegn 126. gr. sbr. 145 og 205. gr. hgl. sbr. þó 2. mgr. 41. gr. sömu laga.

Dómur aukarjettar Reykjavíkur 5. mars 1927:

Ákærður, Karl Guðmundsson greiði 200 króna sekt, er renni í

ríkissjóð. — Fullnustu refsingarinnar skal þó frestað og hún falla niður nema ákærður innan 5 ára frá fullnaðaruppsögn dóms þessa sæti ákæru í opinberu máli fyrir glæp drýgðan af ásettu ráði, og sje í því máli dæmdur til þyngri refsingar en sekta. Verði skilyrði þetta rofið skal ákærður innan 15 daga þar frá greiða hina ídæmdu sekt en sæta ella í hennar stað einföldu fangelsi í 14 daga.

Svo greiði ákærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað þar á meðal kr. 50,00 í málsvarnarlaun til hins skipaða verjanda síns hjer fyrir rjettinum Jóns Ásbjörnssonar hrm.flm.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Meðal upplýsinga, sem aflað hefir verið síðan aukarjettardómurinn gekk, er vottorð prófessors Guðmundar Thoroddsen, dags. 17. maí þ. á., um þá nýgerða skoðun á Vilhjálmi Vilhjálmssyni. Hafði Vilhjálmur kvartað fyrir lækninum um svo slæman og þrálátan höfuðverk, þótt hann ynni ekki nema hálfan eða heilan dag í einu, að hann þyrfti að hvíla sig næsta dag. Telur læknirinn þetta algengt fyrirbrigði eftir áfall á höfuðið og finni hann því enga ástæðu til að rengja sögusögn Vilhjálms.

Að þessu athuguðu og því viðbættu, að Vilhjálmur var »mikið drukkinn« samkvæmt játningu ákærða og eiðfestum framburði tveggja annara viðstaddra lögregluþjóna og jafnvel »mjög mikið drukkinn« eða »mjög drukkinn« eftir eiðfestum framburði annara vitna og svo hinu, að Vilhjámur hafði ekkert í höndunum, ber að staðfesta aukarjettardóminn, sem ekkert verulegt þykir athugavert við, þó þannig að 5 ára fresturinn á fullnustu refsingarinnar teljist frá uppsögn dóms þessa.

Krafa sækjanda, sem ekki var hreyft í hjeraði, um bætur handa Vilhjálmi Vilhjálmssyni samkv. 303. gr. hegningarlaganna, verður ekki tekin til greina.

Samkvæmt þessum úrslitum verður ákærði að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda, sem ákveðin eru 150 kr. handa hvorum.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardóminum skal óraskað, þó þannig að fresturinn á fullnustu refsingarinnar teljist frá uppsögn dóms þessa.

Ákærði, Karl Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin sóknar- og varnarlaun í hæstarjetti, 150 kr. til hvors, hæstarjettarmálflutningsmannanna Guðmundar Ólafssonar og Jóns Ásbjörnssonar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af rjettvísinnar hálfu gegn Karli Guðmundssyni, lögregluþjóni, Lokastíg 15 hjer í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum 13. og 18. kap. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Málavextir eru þeir sem nú skal greina og sannaðir hafa verið með eigin játningu ákærðs, er kemur heim við það sem á annan hátt er upplýst í málinu.

Tildrög málsins eru þau, að hinn 27. sept. s.l. kl. milli 10 og 11 síðdegis urðu tveir lögregluþjónar hjer í bænum, þeir Magnús Sigurðsson og Kjartan Sigurðsson, varir við tvo drukkna menn, sem höfðu í frammi óspektir inni í kaffihúsinu „Fjallkonan“ við Laugaveg. Þessir menn voru með háreysti, slengdust um gólfið og slógu um sig með höndum. Voru mennirnir hásetar af e/s. „Golan“ og hjet annar Vilhjálmur Vilhjálmsson frá Ísafirði, en hinn Jóhann Bogason; þriðji maðurinn var með þeim, en vár stiltur. Lögregluþjónarnir skipuðu mönnum þessum út og ýttu þeim út fyrir dyrnar. Gengu menn þessir síðan niður Laugaveg-

inn og niður í bæinn og lögregluþjónarnir á eftir þeim. En er komið var niður í Pósthússtræti og drukknu mennirnir ætluðu að halda áfram vestur Austurstræti, viku lögregluþjónarnir þeim til baka og niður Pósthússtræti áleiðis til skips þeirra, sem lá við bryggju eystri uppfyllingarinnar. Þegar kom niður í Pósthússtræti tók mótþrói þeirra Vilhjálms og Jóhanns að aukast, svo að lögregluþjónarnir neyddust til að stjaka við þeim og datt Vilhjálmur þá tvívegis fremur hægt. Er þeir komu niður undir hafnarbakkann kom ákærður þar að, því honum hafði verið sagt frá því, að fjelagar hans lögregluþjónarnir, Kjartan og Magnús væru þar að fást við drukkna menn. Voru nú lögregluþjónarnir Kjartan og Magnús að fást við Jóhann, sem var mjög baldinn, en Vilhjálmur snerist að ákærðum, tók framan á honum og sagði eitthvað á þessa leið: „Þennan mann þarf jeg að slá". Þetta framkvæmdi hann þó ekki, því að í nokkru þófi virðist hafa staðið milli hans og ákærðs, sem skipaði honum að sleppa. En þegar Vilhjálmur ljet sjer ekki segjast, greiddi ákærður honum högg með kylfu sinni og kom höggið, að því er kærður heldur fram, á háls Vilhjálms vinstra megin. Við högg þetta fjell Vilhjálmur endilangur aftur á bak, höfuð hans skall allfast niður í grjótharða götuna og hann var þegar í óviti. Eftir ca. 2—3 mínútur tók að drafa eitthvað í Vilhjálmi, þó að því er virðist í hálfgerðu meðvitundarleysi; lögregluþjónarnir settu hann síðan upp í bifreið og fluttu hann um borð í e/s. „Golan". Var hann þá mjög máttfarinn, en þó mjög æstur í skapi og talaði mjög illa til lögregluþjónanna. Þegar komið var með Vilhjálm fram í skipið, lögðu skipverjar hann þar upp í rúm og mókti hann og svaf annað slagið um nóttina og svo var daginn eftir. Skipverjar urðu þó varir við að honum leið illa og sú vanlíðan fór vaxandi. Var þá farið með Vilhjálm á sjúkrahús og leitað til læknis og kom þá í ljós við læknisskoðunina að hauskúpan var brotin (sprungin) vinstra megin og kveður læknirinn, er stundaði Vilhjálm, þetta hafa orsakað „blæðingar sem þrýsti að heilanum vinstra megin og lamað hann" og stafaði Vilhjálmi lífshætta af þessu. — Af þessum orsökum var nauðsynlegt að opna „hauskúpuna til þess að ná út blóði því er þrýsti að heilanum og stöðva blæðinguna". Læknirinn sem aðgerðirnar framkvæmdi, segir í brjefi því til dómarans, er hinar tilvitnuðu setningar bjer að framan eru teknar úr, og dagsett er $2^1/_2$ mánuði eftir að aðgerðirnar voru gerðar, að þær hafi tekist vel. Hann segir að útlimir Vilhjálms hafi í fyrstu verið algjörlega lamaðir, en hafi nú fengið mátt aftur,

þótt ekki hafi þeir enn náð aftur fullum styrkleik. Hann kveður Vilhjálm og lengi eftir aðgerðina hafa sjeð hluti fjarri sjer tvöfalt, en þetta sje nú mikið að lagast. Andlega kveður hann Vilhjálm nokkuð seinan og sljófan, en hvort það stafi af meiðslinu kveðst hann ekki geta sagt. Yfirleitt segir læknirinn að líðan Vilhjálms hafi stöðugt farið batnandi og að hann hafi von um að hann verði jafngóður, en geti ekki sagt um það með vissu. En ef svo verði ekki, sjeu afleiðingarnar ófullkominn máttur í hægri hendi og fæti, sjóntruflanir og ef til vill minkandi andlegir hæfileikar. Síðan þetta vottorð er gefið er ekki kunnugt um líðan Vilhjálms, sem fór skömmu síðar úr bænum. — Á Vilhjálmi kveður læknirinn ekki hafi sjest neitt mar eða áverki eftir kylfuhöggið og er því ekki hægt að segja með neinni vissu hvort sprungan á hauskúpunni hefir komið við kylfuhöggið eða fallið í götnna.

Ákærður hefir borið það fyrir sig sjer til varnar, að Vilhjálmur hafi ráðist á sig og hann því þurft að gera tvent: að afstýra árásinni frekar en orðið var og beygja manninn til hlýðni. — Hann kveður ekki hafa verið nema um tvær leiðir að velja til þess að koma þessu í framkvæmd: að fljúga á Vilhjálm og freista, að varpa honum til jarðar og koma honum í járn, eða slá til hans með kylfunni eins og hann gerði, því það kveður hann venjulega leiða til þess að menn láti undan síga, en hafi hinsvegar hingað til reynst hættulaust.

Fyrri leiðinni, að fljúga á manninn, kveður hann sjer hafa virst fylgja nokkur hætta; ekki vegna þess að sjer stafaði bein hætta af handalögmálum við Vilhjálm sjálfan, heldur vegna hins, að ef hann hefði lagt hann niður, þá gat vel svo farið að ráðist yrði á sig af öðrum, því þótt fjelagar sínir hefði verndað sig fyrir árás af hendi Jóhanns Bogasonar, þá hafi verið þarna nærstaddir fjelagar Vilhjálms og Jóhanns og auk þess tveir menn aðrir drukknir. En að óviðkomandi menn ráðist á lögregluþjónana hjer í bænum þegar þeir eru að setja drukkna menn í járn kveður hann talsvert oft hafa komið fyrir, enda er það upplýst að svo er. Af þessum ástæðum kveðst ákærður hafa valið þennan kostinn að slá til Vilhjálms, enda heldur hann því fram að höggið hafi ekki verið mikið og hann hafi því ekki undir þessum atvikum getað sjeð, að þetta yrði Vilhjálmi hættulegt. — Það er kunnugt, þótt ekki sje sjerstaklega upplýst í prófum málsins, að Vilhjálmur er meðalmaður að burðum og að hann er meðalmað-

ur að stærð. Þegar þetta vildi til var Viihjálmur talsvert mikið drukkinn og virðist augljóst, af viðureign hans við lögregluþjónana áður en ákærður kom til sögunnar, að hann hefir sökum þessa verið nokkuð aflminni en ella.

Þótt svo verði að líta á, að ákærður hafi undir þeim aðstæðum, sem nefndar eru hjer að framan, átt árás að verjast, sem honum gat stafað af nokkur hætta, og honum af þeim ástæðum hafi verið heimilt að beita kylfu sinni, verður dómarinn þó að álíta að ákærður hafi stigið feti framar en honum var heimilt undir þessum aðstæðum, sjerstaklega með tiliti til þess, að hann sló Vilhjálm á höfuðið eða mjög nærri því, því þótt það sje ekki upplýst, hvaða reglur lögregluþjónum hafa verið gefnar um það hvernig þeir eigi að slá með kylfunni, verður þó að álíta að ákærðum hafi, sem góðum og greindum manni, hlotið að vera það ljóst, að högg á þennan stað var talsvert hættulegt, eða að minsta kosti mun hættulegra en á marga aðra hluta líkamans, sem ákærðum virðist hafa verið auðvelt að ná til með kylfunni, enda virðist svo sem slíkt hefði fyllilega mátt nægja til þess að afstýra árásinni og beygja mótþróann. Það verður einmitt að gæta þess hjer í þessu sambandi, að það hlýtur að hafa verið ákærðum augljóst, enda viðurkent af honum, að árásin var hvorki snörp nje honum verulega hættuleg svo það virðist hafa verið á hans valdi að velja um það, hvar eða hvernig hann sló til Vilhjálms.

Ákærður hefir því, að áliti dómarans, brotið gegn ákvæðum 126. gr. sbr. 145. gr. og 205. gr. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869 sbr. þó 2. málgr. 41. gr. þeirra.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 16. júní 1895 og hefir aldrei sætt ákæru nje refsingu fyrir nokkurt afbrot. Refsing sú sem hann hefir tilunnið er, að áliti dómarans, hæfilega ákveðin 200 kr. sekt, er renni í ríkissjóð og greiðist 15 dögum eftir að skilyrði það, sem nefnt er hjer á eftir verður rofið. Sje sektin ekki greidd í settan gjalddaga skal hann sæta einföldu fangelsi í 14 daga í hennar stað.

Með tilliti til þess, hve hreinskilnislega ákærður hefir komið fram í máli þessu og að brot hans, þegar allra aðstæðna er gætt, er ekki stórvægilegt, en hegðun hans undanfarið góð, þykir rjett, að refsingin sje skilorðsbundin samkvæmt 1. gr. laga nr. 39 frá 16. nóv. 1907.

Svo greiði ákærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar á meðal kr. 50,00 í málsvarnarlaun til hins

skipaða talsmanns síns hjer fyrir rjettinum, hrmflm. Jón Ásbjörnssonar.

Skaðabótakrafa hefir engin komið fram í málinu.

Á rannsókn máls þessa hefir orðið nokkur dráttur og stafar hann af því aðallega, að ekki þótti fært að ljúka rannsókninni og taka málið undir dóm nema að fenginni umsögn læknis um það hvernig heilsa Vilhjálms mundi verða varið framvegis vegna meiðslanna. En þessa umsögn var ekki hægt að fá fyr en sjeð var fyrir endan á því hvernig aðgerðirnar á Vilhjálmi tækjust. — Þá hefir og málið legið nokkurn tíma hjá dómsmálaráðuneytinu og hjá lögreglustjóra vegna umsagna, sem nauðsyn þótti að fá áður en málið yrði dæmt.

Að öðru leyti hefir rekstur máls þessa verið vítalaus.

Föstudaginn 21. okt. 1927.

Nr. 27/1927. **Sigurður Þ. Skjaldberg** (B. Þ. Johnson)
gegn
Páli B. Melsted (Stefán Jóh. Stefánsson).

Um endurgreiðslu húsaleigu sbr. 5. gr. l. nr. 24/1917.

Dómur gestrjettar Reykjavíkur 26. mars 1927: Svo framarlega sem stefnandi, Páll B. Melsteð, eftir löglegan undirbúning, vinnur eið að því að stefndur, Sigurður Þ. Skjaldberg, hafi áskilið sjer og veitt móttöku, sem aukahúsaleigu eftir íbúð stefnanda á Laugavegi 58 hjer í bænum, upphæð þeirri kr. 690,00, sem stefnt er fyrir í þessu máli, þá á stefndur að greiða hinum upphæðina með 6 % ársvöxtum frá 10. júní 1926 til greiðsludags og kr. 122,00 í málskostnað. Vinni stefnandi hinsvegar ekki svofeldan eið á stefndur að vera sýkn af kröfum hans í málinu og á þá stefnandi að greiða stefndum kr. 122,00 í málskostnað.

Umboðsmenn málsaðilja, Ásgeir Guðmundsson cand. jur. og Pjetur Jakobsson kennari, greiði hvor um sig 30 krónur í sekt, að hálfu í ríkissjóð og að hálfu í bæjarsjóð Reykjavíkur, innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella hvor um sig 2ja daga einföldu fangelsi og eiga framantalin meiðyrði og móðgandi mæli í málsskjölunum að vera dauð og ómerk.

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Af ástæðum þeim, sem tilgreindar eru í hinum áfrýjaða gestarjettardómi, ber að staðfesta hann og ákveðst fresturinn til eiðvinningarinnar 15 dagar frá uppsögn dóms þessa.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti og ákveðst hann 250 kr.

Því dæmist rjett vera:

Gestarjettardóminum skal óraskað og ákveðst eiðvinningarfresturinn 15 dagar frá uppsögn dóms þessa. Áfrýjandinn Sigurður Skjaldberg greiði stefnda Páli B. Melsted 250 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir heimild í húsaleigusamningi dags. 14. apríl 1925 höfðað fyrir gestarjettinum með stefnu útgefinni 10. júní 1926 af Páli B. Melsted, verslunarmanni, hjer í bæ, gegn Sigurði Þ. Skjaldberg, verslunarmanni, Laugaveg 58 hjer í bænum, til endurgreiðslu á of-greiddri húsaleigu, að upphæð kr. 690,00 með 6 % ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu eftir mati rjettarins.

Stefndur hefir krafist sýknu af framangreindum kröfum stefnanda og ríflegs málskostnaðar hjá honum eftir mati rjettarins. Svo krefst hann og þess, að stefnandi verði dæmdur í sekt fyrir óþarfa þrætu.

Með framangreindum húsaleigusamningi tók stefnandi á leigu íbúð — þrjú herbergi og eldhús — í húsi stefnds nr. 58 við Lauga-

veg yfir tímabilið 14. maí 1926, fyrir umsamda húsaleigu kr. 90,00 á mánuði, sem greiðast skyldi fyrirfram fyrir einn mánuð í senn 1. dag hvers mánaðar. Er það in confesso í málinu að leiguupphæð þessi hafi verið ákveðin af húsaleigunefnd Reykjavíkur sem hámarkshúsaleiga eftir íbúðina.

Nú kveður stefnandi stefndan hafa fengið sig til þess að undirgangast að greiða aukahúsaleigu, 60 kr. á mánuði, eftir íbúðina fyrgreint leigutímabil og kveðst hann hafa greitt aukaleigu þessa samtímis aðalhúsaleigunni, að undanteknum 30 krónum fyrir síðasta hálfa mánuðinn. Nemi aukagreiðslan þannig hinni umstefndu upphæð og eigi hann kröfu til þess að fá hana endurgreidda.

Stefnandi kveðst í byrjun leigutímans hafa samþykt og afhent stefndum víxil fyrir allri aukaleiguupphæðinni, kr. 720,00 útgefnum af firmanu Þórður Sveinsson & Co., með gjalddaga 1. október 1525. Er víxill þessi, sem lagður hefir verið fram í málinu, útgefinn 14. apríl 1925, sama dag og húsaleigusamningur aðilja er dagsettur. Af víxlinum greiddi stefnandi hinn 10. maí 1925 kr. 30,00 og hinn 3. júní, 2. júlí, 2. ágúst, 5. september og 2. október, sama ár, 60 krónur í hvert skifti. Samkvæmt framlögðum kvittunum hefir stefnandi greitt húsaleiguna eftir samningnum til stefnds nákvæmlega sömu daga, fyrst 45 krónur hinn 10. maí 1925 fyrir síðari helming þess mánaðar og síðan 90 krónur hvern ofangreindra daga fyrir mánuð þann er í hönd fór. Er ofangreindur víxill var fallinn í gjalddaga, kveðst stefnandi hafa samþykt nýjan víxil fyrir eftirstöðvunum, er þá voru kr. 390,00 og síðan jafnan greitt afborganir af þeim víxli á sama tíma og aðalhúsaleiguna, en af víxli þessum sjeu enn ógreiddar 30 krónur þ. e. aukaleigan fyrir $^1/_2$ mánuð 1926, og sje víxillinn því enn í vörslum stefnds.

Stefndur hefir mótmælt því ákveðið að hann hafi tekið hærri húsaleigu af stefnanda, en leigusamningurinn tilskildi, eða kr. 90,00 á mánuði og kveður fyrnefndan víxil ekkert koma leigunni við. Kveður hann stefnanda hafa afhent sjer víxilinn sem viðurkenningu og tryggingu fyrir peningaláni, er hann hafi veitt stefnanda sama dag og leigusamningurinn var undirskrifaður. Hafi stefnandi síðan boðist til þess að greiða afborganirnar sem á víxilinn eru ritaðar, án þess að honum hafi borið skylda til þess, en hann hafi tjáð sjer vera það hentugra en að greiða víxilinn allan í einu. Í októberbyrjun 1925 kveður hann víxilinn hafa

verið greiddan að fullu og sje það ranghermi hjá stefnanda að þá hafi nýr víxill verið gefinn út fyrir eftirstöðvunum.

Stefnandi hefir lagt fram í málinu vottorð tveggja manna um það, að þeir hafi hvor í sínu lagi spurt stefndan að því, hvað íbúð sú, sem stefnandi hafði á leigu í húsi stefnds, ætti að kosta, og svaraði stefndur hvorum þeirra því, að íbúðin ætti að kosta 150 krónur á mánuði. Vottorð þessi hafa verið staðfest hjer fyrir rjettinum af vottorðagefendunum, en verið mótmælt sem röngum af stefndum.

Samkvæmt 5. gr. laga um húsaleigu í Reykjavík frá 12. september 1917 á sá, sem greitt hefir hærri húsaleigu en húsaleigunefnd hefir ákveðið heimingu á því að fá mismuninn endurgreiddan. Í máli þessu eru nú að áliti rjettarins ekki komnar fram fullar sannanir fyrir því, að greidd hafi verið húsaleiga umfram það, sem húsaleigunefnd hefði ákveðið, en hinsvegar þykja, með framangreindum vitnaframburðum og þó sjerstaklega með útgáfu og afhendingu víxilsins og afborgununum af honum, komnar fram svo sterkar líkur fyrir því, að svo hafi verið, að rjett sje að láta úrslit málsins vera komin undir aðildareiði. Í 6. gr. fyrnefndra húsaleigulaga er lögð refsing við því, að krefjast hærri leigu en húsaleigunefnd hefir ákveðið, og getur því ekki orðið um synjunareið að ræða. Verða úrslitin því að fara eftir fyllingareiði stefnanda, þannig að vinni hann eið að því á varnarþingi sínu, eftir löglegan undirbúning, að stefndur hafi áskilið sjer og veitt móttöku sem aukahúsaleigu, fram yfir það sem húsaleigunefnd hafði ákveðið, upphæð þeirri sem stefnt er fyrir í máli þessu, þá á stefndur að greiða honum upphæðina, kr. 690,00 með vöxtum eins og krafist er, og ekki hefir verið mótmælt sem ofháum, svo og málskostnað er ákveðst í samræmi við aukatekjulögin og lágmarksgjaldskrá málfutningsmannafjelagsins kr. 122,00. Vinni stefnandi hinsvegar ekki svofeldan eið, á stefndur að vera sýkn af kröfum hans í málinu og stefnandi að greiða honum 122 krónur í málskostnað.

Eftir þessum úrslitum verður krafa stefnds um það, að stefndur verði dæmdur í sekt fyrir óþarfa þrætu, ekki tekin til greina.

Umboðsmenn aðiljanna, sem málið hafa flutt hjer í rjettinum hafa viðhaft í málsskjölum sínum ýms meiðandi og móðgandi ummæli hvor um annan svo og umboðsmaður stefnanda um stefndan. Þannig viðhefur umboðsmaður stefnds, Pjetur Jakobsson,

kennari, þau orð um umboðsmann stefnanda, Ásgeir Guðmundsson cand. juris að hann sýni með málshöfðuninni „ranglæti og taumlausa frekju til þess að skapa sjer atvinnu með rangri málshöfðun“, og hefir umboðsmaður stefnanda krafist þess að ummæli þessi verði dæmd dauð og ómerk og umboðsmaður stefnds sektaður fyrir þau. Á hinn bóginn hefir umboðsmaður stefnanda borið það á umboðsmann stefnda að hann fari með „lygaþvætting“, „falsum“ og „vísvitandi ósannindi“, og að stefndur notfæri sjer ýms meðöl til þess að „draga fram sitt aumalíf“, og gefið í skyn að hann láti „ekkert tækifæri ónotað til þess að afla sjer fjár á margvíslegan hátt, segi vísvitandi ósatt fyrir rjetti ef hann hagnist á því“, og sje „skaðlegur maður“. Krefst umboðsmaður stefnds þess, að framantalin móðgunaryrði verði ómerkt og umboðsmaður stefnanda dæmdur í sekt fyrir þau.

Framantalin ummæli, sem öll eru meiðandi og móðgandi, ber að dæma dauð og ómerk. Svo ber og að dæma umboðsmennina í sekt fyrir þau og önnur ósæmileg ummæli í málfærslunni, sem þykir hæfilega ákveðin 30 krónur fyrir hvorn, og komi í stað sektarinnar ef hún er ekki greidd innan fimtán daga frá lögbirtingu dómsins 2 daga einfalt fangelsi fyrir hvorn.

Miðvikudaginn 26. okt. 1927.

Nr. 57/1927. **Ágúst Einarsson** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Gunnari Jónssyni og Jóni Kristjánssyni (Guðm. Ólafsson).

Ómerkingardómur.

Dómur hæstarjettar.

Mál þetta var höfðað í hjeraði af hinum stefndu gegn áfrýjanda. Hinn 24. mars þ. á. er málið samkvæmt stefnunni var tekið fyrir í bæjarþingi Reykjavíkur, mætti enginn af hálfu stefnda, Ágústs Einarssonar, og var málið því tekið til dóms. Næsta rjettardag, 31. mars, var málið tekið upp að nýju með

samþykki beggja málsaðila, og stefnda þá veittur 4 vikna frestur til andsvara. Hinn 28. apríl, er málið átti þar næst að takast fyrir var mætt af hálfu áfrýjanda, en þá kom það í ljós, að dómur hafði verið kveðinn upp í málinu 7. s. m., með því að hjeraðsdómarinn, er hafði skjöl málsins í sínum vörslum, hafði eigi veitt því eftirtekt að málið hafði verið tekið upp að nýju. Hefir áfrýjandi gjört þá kröfu hjer fyrir rjettinum, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi feldur og að lagt verði fyrir undirdómarann að taka málið upp að nýju í því ástandi, sem það var hinn 31. mars þ. á. þegar málið var endurupptekið.

Þessa kröfu ber að taka til greina.

Málskostnaðar fyrir hæstarjetti hefir ekki verið krafist og fellur hann því niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og ber undirdómaranum að taka málið fyrir að nýju í því ástandi, sem það var hinn 31. mars þ. á.

Málskostnaður fyrir hæstarjetti fellur niður.

Föstudaginn 28. okt. 1927.

Nr. 32/1927. **Hreppsnefnd Suðurfjarðarhrepps** (Jón Ásbjörnsson)

gegn

skiftaráðandanum í Barðastrandarsýslu f. h. dánarbús Jóns Þorsteinssonar á Bíldudal (Enginn).

Um útsvarsskyldu dánarbús.

Úrskurður skiftarjettar Barðastrandarsýslu 2. desbr. 1926: Krafa Suðurfjarðarhrepps um 250 kr. útsvars-

kröfu á hendur dánarbúi Jóns Þorsteinssonar Bíldudal frá 1923, eða aðrar slíkar kröfur, verða ekki teknar til greina, við endanleg skifti búsins.

Dómur hæstarjettar.

Þann 22. júlí 1921 andaðist Jón skipstjóri Þorsteinsson að heimili sínu Bíldudal í Suðurfjarðarhreppi, og ljet hann eftir sig eignir, er að virðingu námu um 30 þúsund krónur. Dánarbú hans var tekið til opinberra skifta og tók skiftaráðandi Barðastrandarsýslu eigur búsins undir umsjá sína og ráðstöfun. Áfrýjandi máls þessa, hreppsnefnd Suðurfjarðarhrepps, lagði aukaútsvar á dánarbúið fyrir fardagaárið 1921—22 og 1922—23 og greiddi skiftaráðandinn útsvörin fyrir hönd dánarbúsins, enda átti dánarbúið þessi ár hluta í þilskipi, er gekk á fiskiveiðar. Haustið 1923 lagði hreppsnefnd Suðurfjarðarhrepps enn aukaútsvar á dánarbúið fyrir fardagaárið 1923-24 að upphæð 250 kr., en nú neitaði skiftaráðandinn að greiða útsvarið úr dánarbúinu og haustin 1924 og 1925 lagði hreppsnefndin enn sama útsvar á dánarbúið og neitaði skiftaráðandinn einnig að greiða þau útsvör Hreppsnefnd Suðurfjarðarhrepps krafðist þá með brjefi dags. 27. maí 1926 úrskurðar um það, hvort útsvörin skyldu greiðast úr búinu, og fjell úrskurður skiftarjettarins um kröfuna 2. desbr. f. á. á þessa leið: »Krafa Suðurfjarðarhrepps um 250 kr. útsvarskröfu á hendur dánarbúi Jóns Þorsteinssonar Bíldudal frá 1923 eða aðrar slíkar kröfur verða ekki teknar til greina við endanleg skifti búsins«.

Úrskurði þessum hefir hreppsnefnd Suðurfjarðarhrepps áfrýjað til hæstarjettar með stefnu dags. 13. apríl þ. á. samkvæmt áfrýjunarleyfi 2. s. m. og hefir hreppsnefndin fengið gjafsókn fyrir hæstarjetti og

sjer skipaðan talsmann þar. Áfrýjunarstefnan hefir verið löglega birt fyrir stefnda, en enginn mætti af hans hendi, er málið skyldi flutt og hefir það því verið flutt þar skriflega samkvæmt 1. lið 2. mgr. 38. gr. hæstarjettarlaganna og er dæmt samkv. N. L. 1—4—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Hinn skipaði talsmaður áfrýjanda hefir gjört þær rjettarkröfur fyrir hæstarjetti, að hinn áfrýjaði skiftarjettarúrskurður verði feldur úr gildi og að lagt verði fyrir skiftaráðanda Barðastrandarsýslu að taka útsvarskröfur Suðurfjarðarhrepps fyrir fardagaárin 1923—24, 1924—25 og 1925—26, að upphæð samtals 750 kr., til greina við endanleg skifti dánarbúsins. Svo hefir hann og krafist, að sjer verði dæmd hæfileg málssóknarlaun og að áfrýjanda verði tildæmdur málskostnaður fyrir hæstarjetti eins og málið eigi væri gjafsóknarmál.

Eins og áður hefir verið sagt átti Jón heitinn Þorsteinsson heimili í Suðurfjarðarhreppi, er hann andaðist og verður að líta svo á, að dánarbú hans eigi einnig heimilisfang í hreppnum meðan það er undir opinberri skiftameðferð. Þótt dánarbú það, er hjer ræðir um, falli ekki beinlínis undir upptalninguna í 1. gr. laga nr. 29, 19. júní 1922 á þeim er útsvarsskyldir eru, en það hefir haft tekjur af eignum sínum, þykir næg heimild til þess eftir eðli málsins, að telja það útsvarsskylt. Hreppsnefnd Suðurfjarðarhrepps var því samkvæmt nefndri lagagrein heimilt að leggja aukaútsvar á dánarbúið fyrir framangreind 3 fardagaár, og verður því samkvæmt kröfu áfrýjanda að fella hinn áfrýjaða skiftarjettarúrskurð úr gildi og leggja fyrir skiftaráðanda Barðastrandarsýslu að taka útsvarskröfur áfrýjanda fyrir framan-

greind 3 ár, samtals 750 kr., til greina við endanleg skifti dánarbúsins.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi að greiða kaup hins skipaða talsmanns áfrýjanda í hæstarjetti, er ákveðst 80 kr. Að öðru leyti á málskostnaður að falla niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði skiftarjettarúrskurður er úr gildi feldur og er lagt fyrir skiftaráðanda Barðastrandarsýslu að taka útsvarskröfur áfrýjanda fyrir framangreind 3 fardagaár, samtals 750 kr., til greina við endanleg skifti dánarbús Jóns Þorsteinssonar frá Bíldudal.

Stefndi, skiftaráðandi Barðastrandarsýslu f. h. dánarbús Jóns Þorsteinssonar, greiði kaup hins skipaða talsmanns áfrýjanda, málflutningsmanns Jóns Ásbjörnssonar 80 kr., en að öðru leyti fellur málskostnaður í hæstarjetti niður.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Hreppsnefnd Suðurfjarðarhrepps lagði á dánarbú Jóns heitins Þorsteinssonar á Bíldudal útsvar 1923, 250 krónur, og krafðist fá þetta greitt af búinu, en af hálfu skipaðs talsmanns þess, neitar hann að greitt verði af búinu hið umrædda útsvar, með því það sje lagt á lögum gagnstætt.

Af skjölum málsins er það sýnilegt að sýslunefnd og stjórnarráð hefir vísað þessu máli frá sjer til aðgjörða dómstólanna, og þar sem skiftaráðandi er sömu skoðunar, að þessu leyti, að þar sem mótmæli hafi komið fram um, að greiða kröfuna úr búinu, bresti hann heimild til að skylda búið til greiðslunnar, með því

ekki sje sannað eða sýnt fram á, að nefnt útsvar sje lagt á samkvæmt ákvæðum laga 10. nóv. 1905, 36. gr., hvorki að því er búsetu snertir eða atvinnurekstur innan hjeraðsins, og virðist því ekki eins og stendur, að krafa hreppsnefndarinnar um greiðslu útsvarsins úr dánarbúinu verði tekin til greina, við úthlutun eða endanleg skifti búsins.

Mánudaginn 31. okt. 1927.

Nr. 75/1927 **Valdstjórnin** (Pjetur Magnússon)
gegn
Fritz Just (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögreglujettar Reykjavíkur 3. sept. 1927:

Kærður, Fritz Just, greiði 12500 króna sekt í landhelgissjóð Íslands og sæti 6 mánaða einföldu fangelsi ef sektin er eigi greidd innan viku frá birtingu dóms þessa.

Afli og veiðarfæri öll — þar með taldir dragstrengir — sem eru um borð í botnvörpungnum „Julius Wettering“ P. G. 334 sje upptækt og renni andvirði þess í sama sjóð.

Svo greiði kærður og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Af ástæðum þeim, sem getur í hinum áfrýjaða lögreglurjettardómi og ekkert verulegt þykir athugavert við, ber að staðfesta dóminn, þó þannig að greiðslufrestur sektarinnar sje talinn frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt þessum úrslitum verður kærði að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 100 kr. hvorum.

Því dæmist rjett vera:

Lögreglurjettardóminum skal óraskað, þó þannig að greiðslufrestur sektarinnar telst frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Fritz Just, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, hæstarjettarmálflutningsmannanna Pjeturs Magnússonar og Jóns Ásbjörnssonar, 100 kr. hvorum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Fritz Just, skipstjóra á þýska botnvörpungnum P. G. 334, „Julius Wettering", fyrir brot á lögum nr. 5 frá 1920 um bann gegn veiðum með botnvörpu í landhelgi, og eru málavextir þeir, sem nú skal greina:

Hinn 2. september s. l. kl. 0,941 var varðskipið Fylla við strandgæslu fyrir suðurlandinu og tók þá eftirfarandi staðarákvörðun:

Hægri hlið Pjeturseyjar =|= vinstri hlið Máfadrangs
$> 50°,7$

— — Reynisdrangs
$> 57°,5$

Hjörleifshöfða varða,

og sá þá botnvörpung í 112 hektometra fjarlægð í stefnunni botnvörpungurinn
$> 36°$
vinstri hlið Portlands.

Botnvörpungurinn var, þegar miðunin var tekin, að beygja út frá landi, augsýnilega að veiðum og hafði sjest stefna til lands frá því kl. 0,938.

Kl. 0,946 var eftirfarandi staðarákvörðun tekin:

Búrfell =|= vinstri hlið Máfadrangs

$> 54°,6$

hægri hlið Reynisdrangs

$> 32°,3$

Varðan á Hjörleifshöfða.

Stefna trollarans var:

botnvörpungurinn

$> 48°,7$

vinstri hlið Portlands,

og stefndi nú botnvörpungurinn frá landi.

Varðskipið tók nú frekari staðarmælingar kl. 0,951 og kl. 10,00 og 10,08 og skaut 2 lausum stöðvunarskotum og kl. 10,13 stansaði skipið á eftirfarandi stað:

Drangshlíðarfjall

$> 46°,3$

Varða á Pjetursey

$> 68°$

hægri hlið Portlands.

Staður þessi liggur 0,2 sjómílu ca. 350 m. utan landhelgislínunnar og lá botnvörpungurinn sem þá hafði stoppað ca. 100 metrum nær landi og kom í ljós að hann hafði stjórnborðsvörpu úti.

Eftir athugunum þeim, sem gerðar voru á varðskipinu hefir botnvörpungurinn siglt í áttina frá landi í þær ca. 27 mínútur, sem liðu frá því að staðarákvörðunin var tekin kl. 0,946 og þar til hann stöðvaði og hefir þannig eftir þeim verið 0,7 úr sjómílu innan landhelgi.

Var botnvörpungurinn, sem reyndist vera P. G. 334, „Julius Wettering", sem kærður er skipstjóri á, því tekinn fastur og komið með hann hingað til Reykjavíkur.

Kærður hefir neitað því að hafa verið að veiðum í landhelgi.

Hann kveðst hafa tekið eftirfarandi staðarmælingu er hann stansaði:

Varðan á Pjetursey í misv. N.A. til A. $^1/_2$ A.

Vitakletturinn á Portlandi í misv. S.A. til A. $^1/_2$ A.

og gefi það eftir sínu korti stað utan landhelgi. Frá því að hann byrjaði að kasta vörpunni og þar til hann kom á þennan stað kveður hann hafa liðið fjórðung stundar og hafi hann á þeim tíma siglt kurs S.S.V.

Kærður sýndi kort sitt í rjettinum og kom þá í ljós, að það er mjög lítið kort yfir alt Ísland og Færeyjar, — stærðin aðeins $^1/_{10}$ af stærð korts þess er varðskipið vinnur með — og eftir

svo litlu korti mun ekki hægt að taka staðarákvarðanir með meira en ca. 1 sjómílu nákvæmni.

Rjetturinn verður nú að vera þeirrar skoðunar, að staðarákvarðanir kærðs með slíkum tækjum, sem hann hefir yfir að ráða geti á engan hátt verið sambærilegar við staðarákvarðanir varðskipsins, sem teknar eru samtímis af 3 yfirmönnum þess með hinum nákvæmustu tækjum og verður því að leggja skýrslu varðskipsins til grundvallar um staði þá, er kærði hefir verið að veiðum á. Og því frekar telur rjetturinn sjer fært að slá því föstu að kærður hafi verið að veiðum innan landhelgi, þar sem sú myndi verða útkoman þó lögð væri til grundvallar staðarákvörðun kærðs er hann stoppaði þegar athugað er í hvaða stefnu hann sigldi og hve langan tíma.

Brot kærðs, sem ekki hefir áður sætt ákæru eða refsingu fyrir landhelgisbrot, ber að heimfæra undir 1. gr. laga nr. 5 frá 1920. Refsing sú, er hann hefir til unnið þykir eftir 3. gr. laganna sbr. 1. gr. laga nr. 4 frá 11. apríl 1924 hæfilega ákveðin 12500 króna sekt, er renni í Landhelgissjóð Íslands með tilliti til þess að gengi íslenskrar krónu er nú 81,74 gullaurar og komi 6 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar ef hún eigi greidd innan viku frá birtingu dóms þessa.

Afli sá, sem í skipinu er og veiðarfæri öll — þar með taldir dragstrengir — sje upptækt og renni andvirði þess í sama sjóð.

Svo greiði kærður og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 31. okt. 1927.

Nr. 42/1927. **Sigríður H. Ingimundardóttir**
gegn
Magnúsi Þórðarsyni.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigríður H. Ingimundardóttir, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkis-

sjóðs ef hún af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Mánudaginn 31. okt. 1927.

Nr. 45/1927. **Sigríður H. Ingimundardóttir**
gegn
Hjalta Esphólín.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigríður H. Ingimundardóttir, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs ef hún af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti. Svo og greiði hún stefnda, Hjalta Esphólín, er hefir látið mæta í málinu, 40 króna ómaksbætur, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 31. okt. 1927.

Nr. 47/1927. **Jónas Þ. K. Guðmundsson**
gegn
Jónínu S. Guðjónsdóttur.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jónas Þ. K. Guðmundsson, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Mánudaginn 31. okt. 1927.

Nr. 49/1927. **Ólafur Þorsteinsson**
gegn
Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ólafur Þorsteinsson, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Mánudaginn 31. okt. 1927.

Nr. 50/1927. **Helgi Benediktsson**
gegn
Metúsalem Jóhannssyni.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Helgi Benediktsson, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Föstudaginn 4. nóv. 1927.

Nr. 69/1927. **Rjettvísin** (Sveinbj. Jónsson)
gegn
Sigurði Sigurðssyni, Ólafi Sigurðssyni og Birni Einarssyni
(Lárus Jóhannesson).

Þjófnaðarmál.

Dómur aukarjettar Rangárvallasýslu 27. maí 1927: Ákærðu sæti fangelsi við vatn og brauð Sigurður Sigurðsson 3×5 daga.

Björn Einarsson og Ólafur Sigurðsson hvor um sig 2X5 daga, en samkvæmt framangreindum lögum 16. nóv. 1907, skal fresta fullnustu þessara refsinga, og skulu þær falla niður ef ákærðu halda skilorð laganna. — Þá skulu þeir og greiða kaupfjelagi Hallgeirseyjar, Sigurður Sigurðsson 28 kr., Björn Einarsson 39 kr., og Ólafur Sigurðsson 31 kr., og einn fyrir alla og allir fyrir einn, allan af máli þessu leiðandi kostnað innan 15 daga, frá lögbirtingu dóms þessa, og honum að öðru leyti að fullnægja, ef til kemur með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Með því að hinir ákærðu fóru í kaupfjelagshúsið í Hallgeirsey með lyklum, sem ekki voru til þess ætlaðir en gengu þó að húsinu, verður að heimfæra stuld þeirra þar undir 4. lið 231. gr. hegningarlaganna. Hinsvegar er peningastuldur Sigurðar Sigurðssonar af vörubifreiðinni á hlaðinu á Gaddstöðum rjettilega látinn varða við 230. gr. laganna.

Sigurður var hvatamaður að þjófnaðinum í Hallgeirsey gagnvart Birni Einarssyni og einnig gagnvart Ólafi Sigurðssyni, nema í síðustu ferð Ólafs þangað. Verður því að refsa Sigurði samkv. 231. sbr. 53. og samkv. 230. sbr. 63. gr. hegningarlaganna, og þykir refsing hans eftir atvikum hæfilega metin 9 mánaða betrunarhússvinna.

Birni og Ólafi verður samkvæmt ofansögðu ekki komist hjá að refsa samkv. 231. gr. og þá með 8 mánaða betrunarhússvinnu.

Um iðgjaldagreiðslu og málskostnað á aukarjettardóminum að vera óraskað.

Hinir ákærðu greiði, einn fyrir alla og allir fyrir einn, allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, meðal annars málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, sem ákveðin eru 80 kr. til hvors.

Þess er ekki getið, hversvegna mál þetta lá

undir dómi í hjeraði frá 22. janúar til 27. maí þ. á. og verður sá dráttur að teljast aðfinningarverður.

Því dæmist rjett vera:

Hinir ákærðu, Sigurður Sigurðsson, Ólafur Sigurðsson og Björn Einarsson, sæti hver um sig betrunarhússvinnu, Sigurður í 9 mánuði, en hvor hinna Ólafur og Björn, í 8 mánuði.

Um iðgjaldagreiðslu og málskostnað skal aukarjettardóminum óraskað.

Hinir ákærðu greiði, einn fyrir alla og allir fyrir einn, allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, hæstarjettarmálflutningsmannanna Sveinbjarnar Jónssonar og Lárusar Jóhannessonar, 80 kr. hvorum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Í máli þessu eru þeir Sigurður Sigurðsson frá Búð, Björn Einarsson frá Oddsparti, og Ólafur Sigurðsson frá Háa-Rima, allir í Þykkvabæ innan Ásahrepps, kærðir af rjettvísinnar hálfu fyrir þjófnað.

Við rannsókn þá, sem fram hefir farið í málinu eru hinir ákærðu orðnir sannir að sök um afbrot þau er nú skal greina.

Ákærði Sigurður Sigurðsson, vinnumaður hjá Hafliða Guðmundssyni bónda og kaupfjelagsstjóra að Búð, var í haust leið sendur upp að Gaddstöðum á Rangárvöllum við 3ja mann með mjólk, sem átti að sendast þaðan til Reykjavíkur með bíl, tilheyrandi Þorsteini Björnssyni frá Vetleifsholti. Voru þeir allir komnir þangað áður en bíllinn kom um kl. 11 að kvöldi hins sama dags. Hjálpuðust þeir til þess að afferma bílinn og gengu síðan allir samtímis heim að bænum, ásamt eiganda bílsins og

fleirum, en er heim kom, var ákærður sendur með vörur á vagna er þeir áttu hjá bílnum, og þegar það var gjört, varð honum gengið meðfram bílnum að aftan, og sá þá aftast á bílpallinum vetling með peningum í, sem hann tók og stakk í vasa sinn, með þeim ásetningi að hirða sem sína eign. Var þá bíllinn mannlaus og enginn nærstaddur. En áður en þeir fóru frá Gaddstöðum um nóttina saknaði eigandinn, Þorsteinn Björnsson peninganna og sagði, að þeir hefðu átt að vera inn í vetling í tösku, sem verið hafði á bílnum og einhver þeirra hlyti að hafa tekið þá, en ákærði segir að þeir hafi þagað við og engu svarað.

Daginn eftir taldi ákærður peningana og reyndust þeir að vera 110 krónur alt í 1 kr. peningum. — Leið svo þangað til nokkru fyrir jólin, að Hafliði tjáði honum, að Þorsteinn grunaði hann valdan að peningahvarfinu, og kveðst hann þá hafa meðgengið það fyrir húsbónda sínum.

Átti þá ákærður eftir óeytt af peningunum 53 krónur, er hann afhenti húsbóndanum og hann síðan Þorsteini, og einnig því sem ákærður hafði eytt.

En þegar ákærður hafði meðgengið þetta, þá meðgekk hann og greiðlega fyrir húsbónda sínum, að hann og meðákærðir væru valdir að hvarfi á ýmsu smádóti, er Hafliði sem útibússtjóri Kaupfjelags Hallgeirseyjar hafði saknað úr verslunarhúsi kaupfjelagsins og horfið hafði um jólaleytið árið 1925.

Hafa þeir Sigurður og Björn meðgengið að hafa 3svar farið í verslunarhúsið á þessum tíma að kvöldi dags, þegar dimt var orðið, og Ólafur tvisvar með þeim í þeim tilgangi að hnupla. En til þess að komast í húsið notuðu þeir í öll skiftin lykil er Björn hafði smíðað.

Segir Björn tildrögin að lykilsmíðinni þau að lykillinn að verslunarhúsinu týndist hjá Hafliða, og var Björn fenginn til að smíða nýjan lykil.

Smíðaði hann fyrst lykil, er honum þótti mistakast og vera of þunnur, og síðan annan, er honum líkaði betur, en með báðum mátti þó opna læsinguna er var hengilás. Betri lyklinum skilaði hann, en hinn þynnri notuðu þeir fjelagar til þess að opna með húsið.

Meðákærður Björn neitar því að upphaflega hafi það verið tilgangur sinn að nota verri lykilinn í ólöglegu augnamiði. Er Björn einn til frásagnar um þetta atriði, sem ekki er ósennilegt og verður því að taka þann framburð trúanlegan. Rjett eftir lyklasmíðina varð þó að samkomulagi milli Bjarnar og Sigurðar,

aðallega eftir uppástungu Sigurðar að nota þennan lykil til að opna með húsið og taka þaðan ýmislegt smávegis, og síðar slóst Ólafur, sem er bróðir Sigurðar, með í hópinn.

Loks hefir meðákærður Ólafur játað, að hafa farið í húsið í þriðja sinni einn síns liðs í sama tilgangi. Var þá kominn nýr lás fyrir verslunarhúsið, en svo vildi til að Ólafur fann í rusli á heimili sínu samskonar lás með lykli, er hann notaði í þetta sinn til þess að opna með húsið. Samkvæmt framburði allra hinna ákærðu var þó enginn fjelagsskapur með þeim að skifta með sjer þýfinu, heldur átti hver að hirða sem sína eign það sem hann tók, og taka sem minst, svo síður yrði uppvíst.

Hafa ákærðu meðgengið að hafa hnuplað í öll skiftin úr búðinni sem hjer segir:

Nr. 1. — Sigurður í peningum . . . . . 20 kr.
5 smápakka munntóbak, og $^1/_2$ pd. brjóstsykur.

Nr. 2. — Björn í peningum . . . . . 12 kr.
2 pd. rjóltóbak, 1 vasahníf, 1 pd. súkkulaði, og 2 brjef prímus nálar.

Nr. 3. — Ólafur í peningum smávægilegt en óákveðið, 1 pd. súkkulaði, 3 pd. reyktóbak, 1 vasahníf, brjóstsykur og sveskjur óákveðið, en ekki meir en látið varð í vasa, og 1 brjef sokkabandateyjur.

Peningarnir, er þeir tóku, voru í opnum pappakassa í búðinni.

Ákærðu eru allir komnir yfir lögaldur sakamanna, Sigurður fæddur 27. júní 1906, Björn 6. júní 1898 og Ólafur 21. okt. 1907, og hafa þeir eigi sætt refsingu fyrir neitt afbrot.

Fyrir framangreind brot hafa ákærðu allir unnið til hegningar samkvæmt 230. gr. hinna almennu hegningarlaga, og þykir refsing Sigurðar hæfilega ákveðin með hliðsjón af 63. gr. 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð, og refsing þeirra Bjarnar og Ólafs, einnig með hliðsjón af 63. gr. hvors fyrir sig 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð.

En með því að telja verður ákærða Sigurði til málsbóta, fyrst og fremst æsku hans, rúmlega tvítugur, og að hann meðgekk síðasta afbrot sitt fyrir húsbónda sínum, og skilaði eða ljet skila þýfinu rjettum eiganda, og loks meðgekk einnig hreinskilnislega fyrri afbrot sín, er varð til þess að koma upp um þá, er honum voru samsekir, en þeir hinsvegar báðir að nokkru leyti undir áhrifum frá honum, gagnvart Birni sem uppástungumaður að notkun lykilsins og gagnvart Ólafi sem bróðir hans og einu

ári eldri, og afbrot þeirra beggja mjög smáfeld, þá þykir rjett samkvæmt lögum um skilorðsbundna hegningardóma o. fl. nr. 39, 16. nóv. 1907, að ákveða að fresta skuli fullustu dóms þessa, að því er hegninguna snertir, og fella hegninguna niður að 5 árum liðnum frá uppsögn dómsins, ef ákærðu á þeim fresti verða eigi dæmdir hver um sig í opinberu máli fyrir glæp framinn af ásettu ráði í þyngri refsingu en sektir.

Þá ber að dæma hina ákærðu til að greiða Kaupfjelagi Hallgeirseyjar, sem iðgjöld samkvæmt rjettarins mati:

Sigurð ..... kr. 28,00
Björn ..... — 39,00
Ólaf ..... — 31,00

Svo skulu þeir og greiða in solidum allan af máli þessu leiðandi kostnað.

Ákærðu fengu við upptöku málsins til dóms, dómarans leyfi til að dvelja í Vestmannaeyjum við sjóróðra til 11. þessa mánaðar en eru nú heim komnir.

Með tilliti til þessa vottast að meðferð málsins hefir verið vítalaus.

Föstudaginn 11. nóv. 1927.

Nr. 3/1927. **Sigfús Blöndahl f. h. eigenda og vátryggjenda b/v. Senator Westphal** (Magnús Guðmundsson)

gegn

Pjetri Magnússyni f. h. eigenda og vátryggjenda b/v. Otur, og gagnsök (Sjálfur).

Útaf árekstri.

Dómur sjórjettar Reykjavíkur 17. júlí 1927: Framangreind kyrsetningargjörð skal úr gildi feld. Aðalstefnandi, Pjetur Magnússon hrm. f. h. eigenda og vátryggjenda b/v. Otur greiði gagnstefnanda Sigfúsi Blöndahl aðalkonsúl f. h. eigenda og vátryggjenda b/v. Senator Westphal kr. 366,67.

Málskostnaður í aðalsök og gagnsök falli niður.

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu hefir áfrýjandi f. h. eigenda og vátryggjenda botnvörpuskipsins C.H. 127 Senator Westphal skotið til hæstarjettar með stefnu dags. 8. jan. þ. á., en stefndu hafa af sinni hálfu gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 30. maí, að fengnu áfrýjunarleyfi dags. 25. s.m.

Svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða sjórjettardómi er það ekki sannað, að botnvörpungurinn Senator Westphal hafi beygt fyrir botnvörpunginn Otur og með því orðið valdur að árekstrinum, svo sem Otursmenn hafa haldið fram, og eigi er það heldur sannað, að b/v. Otur hafi reynt að beygja fyrir aftan b/v. Senator Westphal áður en árekstur inn átti sjer stað. Það verður því að ganga út frá því að bæði skipin hafi, alt þar til árekstur inn varð, haldið óbreyttri stefnu þeirri, er dagbækur skipanna greina, þ. e. Senator Westphal N.A. til A. $^1/_2$ A. og Otur N.A. til N.

Um hraða skipanna sjest það af prófum málsins, að skipstjórinn á Senator Westphal hefir haldið því fram, að skip hans hafi við umrætt tækifæri farið 7,5 sjómílur á kl.stund og samkvæmt vegmæli Oturs er upplýst, að hann hefir gengið um 8,9 mílu á vöku. Sje nú gengið út frá þessum hraða botnvörpunganna getur skýrsla skipstjórans á Senator Westphal um það, að Otur hafi kl. 12 eftir hans klukku, kl. 10 eftir ísl. tíma, verið nálægt 2 strykum fyrir aftan þverskipsstefnu Senator Westphal og í 2—300 metra fjarlægð, ekki verið rjett, því, ef svo hefði verið, er það eftir framan greindri stefnu og hraða skipanna með öllu útilokað, að nokkur árekstur hefði getað átt sjer stað, þar sem Senator Westphal hefði verið kominn yfir skurðardepil á stefnum skipanna

áður en Otur kom þar að. B/v. Otur hefir því á þessum tíma hlotið að vera framar í stefnu frá Senator Westphal en 2 stryk fyrir aftan þvert svo sem skipshöfnin á Otur hefir borið. Með þessu er þá brostin sönnun fyrir því, að Otur hafi verið í þeirri afstöðu frá Senator Westphal að Otri hafi borið að víkja samkvæmt 24. gr. í alþjóðasiglingareglunum. En með því að Otur hinsvegar var á stjórnborða við Senator Westphal bar hinum síðarnefnda samkvæmt 19. sbr. 23. gr. hinna alþjóðlegu siglingareglna að víkja og verður því að líta svo á, að Senator Westphal eigi aðalsökina á árekstrinum.

En að því athuguðu, að veður var bjart og skipstjórinn á Otri mátti nokkrum tíma áður sjá það fyrir, að hætta var á árekstri og gerði þó engar ráðstafanir í tíma til að koma í veg fyrir hann, verður að fallast á það álit sjórjettarins, að Otur hafi brotið gegn 27. sbr. 29. gr. siglingareglnanna og eigi því einnig sök á árekstrinum. Ber því samkvæmt 225. gr. siglingalaganna að skifta skaðanum á milli skipanna, og má fallast á þá skiftingu, sem sjódómurinn hefir gert, þannig að b/v. Senator Westphal beri $^2/_3$ hluta skaðans en b/v. Otur $^1/_3$ hluta.

Við útreikning skaðabótanna ber að taka til greina bætur fyrir skemdir á skipunum 8500 kr. og 3700 kr., en krafan um bætur fyrir aflatjón Senator Westphal verður ekki tekin til greina þar sem nægar upplýsingar vantar um hvað langan tíma skipið hefir tafist frá veiðum vegna viðgerðarinnar hjer í Reykjavík, um afla á botnvörpuskipum um þetta leyti, um verð fiskjar, veðurfar o. s. frv.

Það ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Eftir atvikum þykir rjett að málskostnaður í hæstarjetti falli niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða sjórjettardómi skal óraskað. Málskostnaður í hæstarjetti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir sjórjetti Reykjavíkur með stefnu útgefinni 9. október f. á. af Pjetri Magnússyni hrm. hjer í bænum f. h. h/f. Otur gegn Sigfúsi Blöndahl aðalkonsúl í Reykjavík f. h. eigenda og vátryggjenda b/v. „Senator Westphal" og hefir stefnandi krafist að stefndur f. h. umbjóðenda sinna verði dæmdur til að greiða sjer kr. 3700,00 í skaðabætur fyrir skemdir er b/v. „Otur" varð fyrir útaf árekstri milli tjeðs botnvörpungs og og þýska botnvörpungsins „Senator Westphal" 19. sept. f. á. norður af Látrabjargi, ásamt 6 % ársvöxtum frá 7. október f. á. til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Ennfremur hefir stefnandi krafist að staðfest verði löghaldsgjörð sú, er fram fór 2. okt. f. á. í b/v. „Senator Westphal". Stefndur hefir krafist sýknunar af öllum framangreindum kröfum stefnanda. Hann hefir og með gagnstefnu útgefinni 23. okt. f. á. höfðað gagnsök gegn stefnanda og krafist þess að hann fyrir hönd eigenda og vátryggjenda b/v. „Otur" verði dæmdur til að greiða sjer f. h. umbjóðenda sinna kr. 21970,00 í skaðabætur og auk þess allan kostnað er leitt hefir af sjóferðaprófum og kyrsetningunni sem og málskostnað, ennfremur hefir gagnstefnandi krafist sjer tildæmdan málskostnað að skaðlausu bæði í aðalsök og gagnsök.

Aðalstefnandi hefir krafist sýknunar í gagnsökinni.

Málavextir eru þeir, að hinn 19. sept. f. á. er b/v. „Otur" eign h/f. Otur á leið til fiskistöðvanna við Ísafjarðardjúp á svonefnd Hólamið. Gekk skipið með fullri ferð 102 snúninga á vjelinni, sem getur farið 118 snúninga, en venjulegur hraði er 102—105 snúningar. Veður var bjart og sást til lands. Vindstaðan var af norðaustri og nokkur sjór. Var 2. stýrimaður á verði, en háseti við stýri og 3—4 menn á dekki og auk þess kom skipstjóri upp hjer um bil 20 mínútum áður en árekstur inn varð. Otursmenn skýra svo frá að kl. 5,40 árdegis hafi þeir farið fram hjá Svörtuoftavita 8 sjómílna fjarlægð. Vegamælir sýndi þá 71, og var

stýrt í NNA. Um kl. 8 árdegis er 2. stýrimaður kom á vörð sá hann togara nokkuð langt 3—4 sjómílur útaf bakborðshlið aftan við þvert er virtist stefna í líka átt og b/v. „Otur". Skipið hjelt áfram ferð sinni, en kl. 9,30 var hreytt um stefnu og stýrt í NAN. Um kl. 10 árdegis var togarinn er síðar kom í ljós að var toginn „Senator Westphal" kominn nokkuð nærri og með því að hann gekk betur hafði hann þokast það fram, að hann var að sjá yfir bakborðskinnung á b/v. „Otur" og virtist hann stefna í líka stefnu og b/v. „Otur". Rjett á eftir eða um kl. 10,00 beygir b/v. „Senator Westphal" skyndilega fram fyrir b/v. „Otur" á stjórnborða og lætur þá skipstjórinn á „Otur" stöðva vjelina, en þar sem bilið milli skipanna var þá orðið svo stutt, var eigi unt að forðast árekstur og lendir b/v. „Otur" aftan á skut b/v. „Senator Westphal", stjórnborðsmegin og braut skipið töluvert, en þó eigi svo að það yrði lekt og komst án hjálpar til Reykjavíkur. B/v. „Otur" skemdist einnig nokkuð á framstefni, en þó eigi meira en svo að hann gat haldið áfram veiðum.

Skipstjórinn á „Senator Westphal" skýrir aftur á móti nokkuð á annan veg frá ásiglingunni. Hann getur ekki um að hafa sjeð b/v. „Otur" fyr en kl. 11 árdegis eftir sinni klukku eða um kl. 9 árdegis eftir íslenskum tíma, því að klukkan á „Senator Westphal" var 2 stundum á undan b/v. „Otur". Var „Otur" þá í stjórnborða að aftan með næstum sömu stefnu og „Senator Westphal". Um kl. 11,40 miðast Látrabjarg SSA $^1/_2$ A. Fjarlægð 2—3 sjómílur. Stefna var óbreytt NA til A $^1/_2$ A. Vjel skipsins hafði fulla ferð 105 snúninga. Ganghraði skipsins er samkvæmt skýrslu skipstjóra 9 sjómílur á vöku, en í sjóferðaprófinu, er haldið var eftir beiðni skipstjórans á b/v. „Otur", gefur hann þá skýringu að skipið, hafi fyrir áreksturinn aðeins gengið ca. $7^1/_2$ sjómílu vegna mótvinds og ókyrs sjávar. Kl. 12 var b/v. „Otur" nálægt 2 strikum aftar en þvers í 2—300 metra fjarlægð og virtist ganga betur. Kl. 12,10 segja skipsmenn á „Senator Westphal" að „Otur" hafi verið nálægt 50 metra frá og hafi þá reynt að komast í kringum þá að aftan, en rjett á eftir rakst b/v. „Otur" í b/v. „Senator Westphal". Stýrðu Þjóðverjarnir þá til stjórnborðs og stefndu til lands. Athuguðu þeir síðan skemdirnar og komust að raun um að skipið var ekki lekt, en þeim þó ekki unt að halda áfram veiðum án aðgerðar og sigldu því til Reykjavíkur. Skipstjórinn á „Senator Westphal" hefir borið það, að hann hafi allan tímann frá því hann sá fyrst b/v. „Otur" og þar til árekturinn varð, stýrt hina sömu stefnu,

og alls ekki beygt fyrir „Otur“ rjett fyrir árekstrinn eins og Otursmenn hafa borið og unnið eið að og hefir stýrimaður og háseti á „Senator Westphal“ borið samhljóða skipstjóra um þetta atriði, og staðfest framburð sinn með eiði, en þeir komu þó fyrst á vörð ca. 20 mínútum áður en áreksturinn varð og nær því framburður þeirra aðeins til þess tíma.

Þar sem framburður skipshafnanna um þetta atriði er alveg gagnstæður hver öðrum, þá verður rjetturinn að líta svo á, að það sje ekki nægilega upplýst að þýski togarinn „Senator Westphal“ hafi beygt fyrir framan b/v. „Otur“ og með því orðið valdur að árekstrinum. Samkvæmt samhljóða framburði Otursmanna er uppi voru er þeir sáu „Senator Westphal“ um kl. 8 árdegis var skipið í stefnu frá b/v. „Otur“ þvert útaf honum á bakborða eða jafnvel aftar og þar sem „Senator Westphal“ 2 stundum síðar hefir þá afstöðu að Otursmenn sjá hann af bakborðshlið framarlega, eða bakborðsbóg, þá virðast allar líkur fyrir því, sem og af öðrum upplýsingum, sem fyrir liggja í málinu, að „Senator Westphal“ hafi gengið beint og hafi því sjerstaklega átt að gefa gætur að „Otur“, er hann hafði á stjórnborða er hann nálgaðist hann og sjerstaklega að forðast að sigla fyrir stefnu „Oturs“ er hann mátti vita að átti bóginn. Bar því „Senator Westphal“ að víkja fyrir b/v. „Otur“ samkv. 19. gr. í alþjóðasiglingareglum sbr. við 23. gr. í sömu reglum. En nokkru áður en áreksturinn varð, er afstaða skipanna orðin þannig að „Otur“ er að sjá aftur með hliðinni á „Senator Westphal“ og á því að gæta allrar varúðar er hann hlýtur að sjá að hætta er á ferðum samkvæmt 27. gr. sbr. 29. gr. í alþjóðasiglingareglum og virðist því rjett að gefa b/v. „Otur“ einnig nokkra sök á árekstrinum og ber því að skifta skaðanum á milli skipanna. Skaðabótakrafa „Senator Westphal“, er tvískift, sumpart bætur fyrir skemdir á skipinu kr. 8500,00 og sumpart bætur fyrir aflatjón kr. 13470,00, sem er hvorttveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna, en við matið á aflatjóninu er það að athuga að það er brúttomat og því ekki tekið tillit til þess kostnaðar er orðið hefði við að afla fiskjarins og gefur því engar ábyggilegar upplýsingar um hvort eða hve miklu tjóni áreksturinn hefir valdið hinum þýska togara, og er því ekki unt að taka þann lið skaðabótanna til greina eins og hann liggur fyrir, gegn mótmælum aðalstefnanda. Og með því að gagnstefnandi hefir ekki að öðru leyti upplýst um tjón „Senator Westphal“ af árekstrinum þá telur rjetturinn ekki nægi-

lega ástæðu til að áætla honum skaðabætur fyrir töfina er af árekstrinum hlaust.

Samkvæmt þessu verða það þá aðeins bætur fyrir skemdirnar á skipunum samkvæmt mati, sem rjetturinn álítur að greiða eigi, en þær eru kr. 3700,00 hjá b/v. „Otur" og kr. 8500,00 hjá b/v. „Senator Westphal" eða samtals kr. 12200,00 hjá báðum skipunum, er rjetturinn telur rjett, að skiftist þannig, að b/v. „Otur" beri $^1/_3$ hluta skaðans, en b/v. „Senator Westphal" $^2/_3$ hluta skaðans, og ber aðalstefnanda samkvæmt því að greiða gagnstefnanda kr. 366,67 en að öðru leyti eiga aðilar að vera sýknir hvor af annars kröfum.

Kyrsetningargjörð sú er fram fór 2. okt. f. á. á b/v. „Senator Westphal" skal feld úr gildi.

Málskostnaður falli niður bæði í aðalsök og gagnsök.

Mánudaginn 14. nóv. 1927.

Nr. 54/1927. **Valdstjórnin** (Svb. Jónsson)
gegn
Bjarna Finnbogasyni (B. P. Kalman).

Brot á áfengislöggjöfinni.

Dómur lögreglurjettar Siglufjarðar 6. sept. 1926: Kærður Bjarni Finnbogason greiði í sekt í ríkissjóð 600 kr., en verði sektin ekki greidd innan eins mánaðar frá birtingu dóms þessa komi í hennar stað 30 daga einfalt fangelsi.

Hið ólöglega áfengi sje upptækt og eign ríkissjóðs.

Dómur hæstarjettar.

Að vísu er rannsókn málsins af hendi hjeraðsdómarans allófullkomin, en sjerstaklega að því leyti að styrkleiki spiritusblöndu þeirrar, er fanst á flösku í ofni í veitingastofu kærða, var ekki mældur. En þar sem kærði hefir játað, að »spiritusblanda« hafi verið í flöskunni og vitni hafa borið, að þau hafi fundið það á lykt vökvans að svo hafi verið, og eitt vitni, sem

bragðaði á vökvanum, hefir vottað hið sama, má gera ráð fyrir, að blandan hafi verið með venjulegum styrkleika og a. m. k. yfir $2^1/_4$ %. Og þar sem ekkert verulegt er framkomið um það, hvorki í hjeraði nje við síðari ítarlegar rannsóknir, er farið hafa fram í málinu bæði í Reykjavík og á Siglufirði, að tilhlutun verjanda og sækjanda fyrir hæstarjetti, er geri það sennilegt að kærði hafi verið kominn löglega að áfengi því, er fanst í vörslum hans, þá verður ekki komist hjá því að dæma hann sekan um brot á 2. mgr. 11. gr. laga nr. 15, 1925. En með því að ekki er ástæða til að ætla, að kærði hafi ætlað áfengi þetta til sölu eða veitinga, fer um refsingu fyrir brotið samkv. 2. tölul. 13. gr.

Kærði hefir sjálfur kannast við það, að hann hafi rekið kaffihúshald á Siglufirði á 5. dag, án þess að hafa aflað til þess lögmælts leyfis. Auk þess er það sannað, að gestir hafa komið á veitingastofu hans með lögleyft áfengi og bæði hann og þeir neytt slíks áfengis þar. Verður því og að dæma kærða sekan um brot á 15. gr. laga nr. 21/1926.

Að því athuguðu að refsa verður kærða fyrir þetta brot á áfengisbannlögunum sem fyrir fyrsta brot á þeim, þar sem það átti sjer stað áður en kærði var dæmdur í 400 króna sekt þá, sem ræðir um í hinum áfrýjaða dómi, og að síðarnefnda brotið er fremur smávægilegt, þykir refsing kærða hæfilega ákveðin 200 kr. sekt til ríkissjóðs, er afplánist með 15 daga einföldu fangelsi verði hún ekki greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Um upptöku spiritusblöndunnar er ekki að ræða, þar sem flaskan og innihald hennar hefir glatast.

Samkvæmt þessum úrslitum verður kærði að greiða allan kostnað sakarinnar í hjeraði m. a.

25 kr. varnarlaun til skipaðs verjanda hans þar, svo og áfrýjunarkostnað, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda hjer í rjetti og eru þau ákveðin 120 kr. til hvors.

Auk þess, sem áður getur um meðferð málsins í hjeraði, er það aðfinsluvert, að fallið hefir úr dómsorðinu ákvæði um skyldu kærða til að greiða málskostnað í hjeraði.

Því dæmist rjett vera:

Kærði, Bjarni Finnbogason, sæti 200 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist með 15 daga einföldu fangelsi, fáist hún ekki greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Svo greiði kærði allan sakarkostnað í hjeraði, þar með talin 25 kr. varnarlaun til skipaðs verjanda síns Alfons cand. juris Jónssonar. Og enn greiði kærði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, hæstarjettarmálflutningsmannanna Sveinbjarnar Jónssonar og Björns P. Kalman, 120 kr. hvorum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af hálfu valdstjórnarinnar gegn Bjarna Finnbogasyni fyrir brot á lögum nr. 21/1926 og lögum nr. 14/1925.

Eru málavextir þeir, er nú skal greina:

Kærður leigir herbergi til veitinga í húsi á Siglufirði og byrjar þar veitingar 31. júlí s.l. og heldur þeim til 4. ágúst, að lögreglan skarst í leikinn og bannar framhald veitinganna, þar eð kærður hafi ekkert leyfi til þess fengið. Kveðst kærður hafa selt

veitingar fyrir alls um 100 kr. Einnig fanst 3ja pela flaska með ca. $^2/_3$ af blönduðum spiritus í ofni í veitingastofu kærðs og þá fanst líka kanna undan blönduðum spiritus. Að því er flöskuna snertir þá viðurkennir kærður að blandaður spiritus muni verið hafa í flöskunni, en hann heldur því fram, að hann hafi ekki hugmynd um þessa flösku. Einhver hafi án sinnar vitundar sett flöskuna inn í ofninn. Á þetta verður eigi fallist. Flaskan verður að teljast hafa fundist í vörslum kærðs, án þess að hann hafi gert grein fyrir áfenginu og ber því samkvæmt 11. gr. aðflutningsbannlaganna, að skoðast brotlegur gegn 1. gr.

Einnig fanst hjá kærðum kanna undan spiritusblöndu. Kærði hefir að vísu neitað, að kannan hafi verið undan spiritusblöndu, en 2 vitni hafa eiðfest, að kannan hafi lyktað af spiritus eins og flaskan. Verður þetta brot því að heimfæra á sama hátt og flöskuna samkvæmt fyrsögðu.

Brot kærðs, sem áður hefir sætt 3X5 daga fangelsisrefsingu við vatn og brauð fyrir brot gegn 253. gr. refsilaganna og 400 kr. sekt í ríkissjóð fyrir brot á lögum nr. 15/1925, 1. gr. sbr. 13. og 18. gr., heyrir að áliti dómarans undir 15. gr. laga nr. 21/1926 og 1. gr. laga nr. 15/1925 sbr. 11. gr. sömu laga og þykir refsingin hæfileg 600 kr. sekt í ríkissjóð, en verði sektin ekki greidd innan eins mánaðar frá birtingu dóms þessa, komi í stað hennar 30 daga einfalt fangelsi.

Hið ólöglega áfengi sje upptækt og eign ríkissjóðs.

Á rekstri málsins hefir enginn óþarfur dráttur orðið og meðferðin vítalaus.

Svo greiði og kærði allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað og málskostnaðarlaun til Alfons Jónssonar með 10 kr.

Föstudaginn 18. nóv. 1927.

Nr. 52/1927. **Valdstjórnin** (Pjetur Magnússon)
gegn
Martin Gindüllis (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögreglurjettar Vestmannaeyja 30. mars 1927: Kærði Martin Gindüllis á strax að greiða 12500 króna

sekt til Landhelgissjóðs Íslands en sæta sjö mánaða einföldu fangelsi fáist sektin ekki greidd. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í togaranum „Karlsburg“ B.X. 87 frá Bremerhaven vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð.

Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Eftir að mál þetta var dæmt í hjeraði hafa skipherrann og báðir stýrimennirnir á varðskipinu Óðinn að tilhlutun sækjanda og að viðstöddum verjanda gefið skýrslu í lögreglurjetti Reykjavíkur til skýringar og viðauka við skýrslu skipherrans 29. mars þ. á., er lögð var fram í lögreglurjetti Vestmannaeyjakaupstaðar undir rekstri málsins þar.

Samkvæmt skýrslum þessum var varðskipið Óðinn þ. 28. mars þ. á. kl. 6,40 síðdegis eftir íslenskum tíma statt þvert af Stórhöfða á suðurleið frá Vestmannaeyjum í siglingarlínunni: Vesturkantur Elliðaeyjar vestur undan Bjarnarey. Sá varðskipið þá skip kærða suður af Súlnaskeri talsvert á stjórnborða með stefnu SSA og hlaut það eftir stefnu og fjarlægð að vera innan landhelgislínunnar. Varðskipið hjelt áfram leið sinni með sömu stefnu og var kl. 7 komið á miðið: Geirfuglasker yfir Súlnasker. Kl. 7,02 gaf varðskipið kærða merki um að nema staðar, en kærði skeytti því eigi nje heldur þremur viðvörunarskotum, heldur hjelt hann áfram leiðar sinnar með óbreyttri stefnu í SSA þar til kl. 7,11, að hann sneri meira út eða í SV-læga stefnu. Kl. 7,17 nam kærði loks staðar eftir að varðskipið hafði skotið kúluskoti að skipi hans og var kærði með stjórnborðsvörpu í sjó, er varðskipið kom

þar að honum kl. 7,21. Staður sá, er kærði nam staðar á var af varðskipinu ákveðinn þannig: Hornið milli Geirfuglaskers og Dalfjalls 63° 20′ og Dalfjall yfir Suðurey, og er staður þessi 0,7 sjómílu utan landhelgislínunnar. Hefir skipherra varðskipsins sett framangreind mið og siglingaleiðir beggja skipanna út í sjókorti, er lagt hefir verið fram í hæstarjetti. Skipherra varðskipsins og báðir stýrimenn hans hafa borið það í lögreglurjetti Reykjavíkur, *að* varðskipið hafi sem næst allan tímann frá kl. 6,40 og þar til skip kærða var stöðvað siglt sömu stefnu, *að* skip kærða hafi allan þann tíma verið að sjá stjórnborðsmegin, *að* kærði hafi allan tímann frá kl. 6,40 til kl. 7,11 siglt í SSA-læga stefnu, en síðan beygt í SV, og *að* af þessu megi ráða með vissu, að kærði hafi eigi kastað botnvörpunni allan tímann meðan varðskipið athugaði hann.

Gegn framangreindum skýrslum skipherra varðskipsins og stýrimanna hans, sem eru embættisskýrslur og hafa sönnunargildi sem slíkar, fær skýrsla kærða eigi staðist. Kærði hefir viðurkent, að hann hafi verið 0,7 sjómílu utan landhelgislínunnar, er hann var stöðvaður og að hann hafi verið í landhelgi kl. 6,40 eftir íslenskum tíma, er varðskipið fyrst sá hann. En hann hefir neitað því, að hann hafi haft botnvörpuna úti. Hefir hann bæði í lögreglurjetti Vestmannaeyjakaupstaðar og í skýrslu, er hann síðar hefir sent og lögð hefir verið fram í hæstarjetti haldið því fram, að botnvörpunni hafi verið kastað um kl. 6,50 eftir íslenskum tíma og á miðinu: Elliðaey laus við Bjarnarey og Súlnasker í NN-½V, og að hann þá hafi fyrst stefnt ANA, snúið síðan í ASA og þar eftir meir til suðurs, og giskar á að hann hafi farið með 2½—3 sjómílna hraða á klukku-

stund. En þessi skýrsla getur ekki verið rjett þegar af þeirri ástæðu, að ef kærði hefði kastað vörpunni á þessu miði um hálfri klukkustund áður en hann var stöðvaður og siglt eftir stefnum þeim og með þeim hraða, er hann segir, þá hefði hann, er hann var stöðvaður eigi getað verið á þeim stað, sem raun gaf vitni um.

Svo sem sagt hefir verið var kærði stöðvaður með botnvörpuna í sjó 0,7 sjómílu utan landhelgislínunnar og þar sem það ennfremur er sannað með skýrslu varðskipsins, að kærði næsta hálftíma áður sigldi stöðugt með stefnu út úr landhelginni og kærði hefir viðurkent að hafa þá farið með $2^1/_2$—3 sjómilna hraða á klukkustund, þá er þar með fengin sönnun fyrir því, að hann hafi verið að botnvörpuveiðum innan landhelgi.

Hjeraðsdómarinn hefir því rjettilega heimfært brot kærða undir 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920 og með því að fallast verður á ákvæði lögreglurjettardómsins um sektarupphæðina, vararefsingu, upptöku afla og veiðarfæra og um málskostnað, þá ber að staðfesta dóminn að niðurstöðu til, þó þannig að vararefsingin kemur til framkvæmda ef sektin er eigi greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar í hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda, 150 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Lögreglurjettardóminum skal óraskað, þó þannig að vararefsingin kemur til framkvæmda, ef sektin er eigi greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Kærði Martin Gindüllis greiði allan kostnað sakarinnar í hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda, málflutningsmannanna Pjeturs Magnússonar og Jóns Ásbjörnssonar, 150 krónur til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Samkvæmt skýrslu skipherrans á Óðni, var kærði kl. 6,40 síðd. síðasliðinn mánudag á skipi sínu togaranum „Karlsburg", B.X. 87 frá Bremerhaven, inni á landhelgissvæðinu suður af Súlnaskeri. Er þetta bygt á miðunum, er voru teknar frá Óðni, og afstöðu togarans frá Óðni og sjáanlegri fjarlægð hans. Virtist hann vera að toga og halda í SSA. Þegar klukkan var 7,11 síðd. sneri togarinn meira út, eftir skýrslunni eða í SV-læga stefnu, en kl. 7,17 síðd. nam hann staðar og var þá samkvæmt hornmælingum 0,7 sjómílu fyrir utan landhelgislínuna. Var hann með stjórnborðsvörpu í sjó.

Samkvæmt skýrslu hins kærða skipstjóra var hans úr 5—10 mínútur yfir átta þegar togarinn var stöðvaður umræddan dag og eftir því 48—53 mínútur á undan klukku Óðins. Einnig samkvæmt skýrslu kærða kastaði hann vörpu í sjó nokkru áður þegar hans úr var 7,40 síðd. eða klukka Óðins, þá 6,47—6,52. Viðurkennir kærði að hafa togað, þenna tíma þangaðtil hann var stöðvaður, en mótmælir því að hafa verið þá á landhelgissvæðinu. Byggir hann það á miðunum stýrimanns síns þegar vörpunni var kastað og að enda þótt farið sje eftir mælingum frá Óðni, um staðinn, þar sem hann var stöðvaður, beri tími, og hraði, og stefna togarans, eftir að hann kastaði vörpunni, það ekki með sjer að hann hafi togað á landhelgissvæðinu. Það verður að álíta með öllu útilokað að kærði hafi verið þar kl. 7,40 eftir hans úri, er hann kastaði vörpunni, sem miðanir stýrimanns segja til um. Sá staður getur alls ekki komið heim við staðinn, þar sem hann var tekinn og skýrslu Óðins, og kærða sjálfs. Á þeim miðunum verður því ekkert bygt enda gefur vitnisburður kærða ástæðu til að telja miðanir stýrimanns nokkuð óvissar. Hinsvegar er upplýst með viðurkenning kærða á tíma þeim, er

hann kastaði vörpunni og miðun frá Óðni 10 minútur áður, hraða skipsins og stefnu á því tímabili, að kærði hefir hlotið að vera þá á landhelgissvæðinu, og ekki á þessum ca. 10 mínútum getað verið kominn út af því. Einnig verður að telja þessu til stuðnings, að samkvæmt uppgefnum stefnum togarans meðan hann togaði og hraða hans á meðan, var togarinn fyrir innan landhelgislínuna, er hann kastaði, samkvæmt staðasetningum 1. stýrimanns á Óðni á uppdrætti í rjettinum. Það verður því að telja að kærði hafi gerst brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920, og þar eð hjer er að ræða um fyrsta brot hans á þeim lögum og dagsgengi krónunnar er 81,65 úr gullkrónu, þykir refsing hans hæfilega ákveðin sekt að upphæð 12500 krónur, sem renni í Landhelgissjóð Íslands og greiðist strax, en afplánist með 7 — sjö — mánaða einföldu fangelsi fáist sektin ekki greid. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í áðurnefndum togara vera upptæk og andvirðið renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Miðvikudaginn 23. nóv. 1927.

Nr. 71/1927. **Nathan & Olsen f. h. Carlsberg Bryggerierne** (Magnús Guðmundsson)
gegn
Jóhanni V. Daníelssyni (Svbj. Jónsson).

Útaf umbúðum um öl.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. apríl 1927: Stefndur Jóhann V. Daníelsson, á að vera sýkn af kröfum stefnandans Nathan & Olsen f. h. firmans Carlsberg Bryggerier í þessu máli.

Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstarjettar.

Áfrýjandi hefir hjer fyrir dómi gert þá kröfu til vara, að stefndi verði dæmdur til að greiða hon-

um andvirði umbúðanna með kr. 426,40, en það er sú fjárhæð, er andvirði þeirra nam 1915 og 1916.

Svo verður að líta á, að umbúðir þær, er í þessu máli segir, hafi verið seldar með ölinu, sem þær voru utan um, og að kaupandi þess hafi því orðið eigandi umbúðanna um leið og hann varð eigandi ölsins, enda þótt hann hefði rjett til að skila þeim aftur óskemdum innan hæfilegs tíma og losa sig þannig við greiðslu á andvirði þeirra með öðrum hætti. Krafa til andvirðis umbúðanna hefir því fyrnst með sama hætti sem krafa til andvirðis ölsins mundi fyrnst hafa. Síðan kröfur þær, er í máli þessu greinir, urðu kræfar, voru liðin meira en 4 ár þegar mál þetta var höfðað, og eru þær því fyrndar samkvæmt 1. tölulið 3. gr. laga nr. 14, 20. okt. 1905. Það ber því samkvæmt framanskráðu og að öðru leyti með skírskotun til hins áfrýjaða dóms, að sýkna stefnda samkvæmt kröfu hans bæði af aðalkröfu og varakröfum áfrýjanda í máli þessu. Og með því að hæstirjettur felst á ákvæði hjeraðsdómsins um málskostnað, þá ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rjett að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti, og þykir málskostnaðurinn hæfilega ákveðinn 200 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýjandi, Nathan & Olsen f. h. Carlsberg Bryggerierne, greiði stefnda, Jóhanni V. Daníelssyni, 200 krónur í málskostnað, fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitan höfðað fyrir bæjarþinginu með útgefinni stefnu 26. janúar þ. á. af firmanu Nathan & Olsen hjer í bæ f. h. firmans Carlsberg Bryggerier í Kaupmannahöfn gegn Jóhanni V. Danielssyni, Lindargötu 43 B, hjer í bænum og gerir stefnandi þær kröfur *aðallega* að stefndur verði dæmdur til þess að skila sjer 40 heilkössum utan af öli, 4000 tómum öiflöskum og 4000 flöskuhylkjum en *til vara* að stefndur verði dæmdur til að greiða sjer andvirði umbúða þessara með dönskum kr. 920,00 auk 6 % ársvaxta frá sáttakærudegi til greiðsludags. Svo krefst stefnandi og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur hefir krafist sýknu af framangreindum kröfum stefnanda og málskostnaðar hjá honum eftir mati rjettarins.

Málavextir eru þeir, að stefndur fjekk á árunum 1915—1916 40 heilkassa af öli frá umbjóðanda stefnanda og fylgdu því umbúðir þær, sem stefnt er útaf í máli þessu. Kveður stefnandi stefndan hvorki hafa skilað umbúðunum aftur, sem aðeins hafi verið lánaðar en ekki seldar, og ekki heldur fengist til þess að greiða andvirði þeirra.

Sýknukröfu sína byggir stefndur fyrst og fremst á því að hann hafi skilað umbúðunum, en fyrir því hefir hann ekki fært sannanir gegn mótmælum stefnanda. Þá hefir hann og mótmælt því að sjer hefði borið skylda til að skila aftur umbúðunum þar eð þær hafi í raun og veru verið seldar honum ásamt ölinu en hann aðeins haft heimild til þess að skila þeim aftur, ef hana óskaði þess. Hefir hann lagt fram í málinu vöruskrá þá (facturu), er ölinu fylgdi upphaflega, og eru umbúðirnar færðar honum þar til skuldar með tilteknu verði, en þó getið um að þær sjeu lánaðar (udlaant Emballage). Telur stefndur því að firmað hafi aðeins átt peninga kröfu á sig útaf umbúðunum, sem nú sje löngu fyrnd og byggir hann sýknukröfu sína meðfram á þeirri ástæðu.

Rjetturinn verður nú að fallast á það álit stefnds, að um kaup og sölu á umbúðunum hafi verið að ræða sjerstaklega með tilliti til þess, að umbúðirnar eru færðar með ákveðnu verði á vöruskránni, og hjer er um þesshättar vörukaup að ræða, þar sem umbúðirnar eru venjulegast látnar fylgja vörunni til neytendanna og seldar með henni, og að stefndum hafi því aðeins verið heimilt að skila umbúðunum aftur, ef hann gerði það innan hæfilegs tíma frá því að hann fjekk vöruna í hendur. Verður

því að álíta þar sem svo langur tími er liðinn frá því að skuldin var gjaldkræf, að hún sje fyrnd og ber því að sýkna stefndan af kröfu stefnanda í málinu en eftir atvikum þykir rjett að málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 30. nóv 1927.

Nr. 83/1927. **Einar Benediktsson**
gegn
Magnúsi Th. S. Blöndahl.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Einar Benediktsson, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti. — Svo greiði hann og stefnda, Magnúsi Th. S. Blöndahl, sem látið hefir mæta í málinu, 40 kr. ómaksbætur, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 5. des. 1927.

Nr. 63/1927. **Rjettvísin** (Lárus Jóhannesson)
gegn
Eyþóri Þorgrímssyni (Jón Ásbjörnsson).

Fölsun mjólkur.

Dómur aukarjettar Gullbringu- og Kjósarsýslu 3. maí 1927: Ákærður, Eyþór Þorgrímsson, Korpúlfsstöðum, sæti 15 daga einföldu fangelsi. — Honum ber og að greiða allan af málinu og undanfarandi rannsókn löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar á meðal 100 krónur til skipaðs talsmanns síns, hæstarjettarmálaflutningsmanns Jóns Ásbjörnssonar í Reykjavík.

Dóminum að fullnægja lögum samkvæmt að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða aukarjettardómi er það sannað með framburði eiðfestra vitna, að ákærði hefir í 2 skifti, dagana 16. og 17. nóvbr. f. á., blandað nýmjólkina á Korpúlfsstöðum með vatni, þannig að hann hefir helt á að getska 1 líter af vatni á hvern mjólkurbrúsa af kvöldmjólkinni, en brúsarnir voru 8 að tölu, 30 lítra að stærð hver þeirra. Með þessu atferli hefir ákærði gert sig sekan um fölsun mjólkurinnar, sem seld var til almennings hjer í bænum.

Brot ákærða heyrir undir 280. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869, síðasta málslið, og þótt málið, samkvæmt hjeraðsstefnunni, hafi verið höfðað gegn ákærða fyrir »sviksamlegt athæfi« er það eigi því til fyrirstöðu að honum verði refsað samkvæmt tilvitnaðri hegningarlagagrein.

Þar sem það ekki er sannað, að fölsun mjólkurinnar hafi komið fyrir nema í umgetin 2 skifti og fölsunin var í bæði skiftin lítilvæg og hefir ekki haft nein veruleg áhrif á gæði mjólkurinnar þykir refsingin hæfilega ákveðin 80 kr. sekt til ríkissjóðs og komi 8 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan 14 daga frá birtingu dóms þessa. — Ákvæði hjeraðsdómsins um málskostnað má staðfesta. Svo verður ákærði að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 80 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði, Eyþór Þorgrímsson, greiði 80 kr. sekt til ríkissjóðs eða sæti 8 daga einföldu

fangelsi, ef sektin verður eigi greidd innan 14 daga frá birtingu dóms þessa. Ákvæði aukarjettardómsins um málskostnað í hjeraði staðfestist. Svo greiði ákærði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talið málflutningskaup til sækjanda og verjanda í hæstarjetti, hæstarjettarmálflutningsmannanna Lárusar Jóhannessonar og Jóns Ásbjörnssonar, 80 kr. til hvors þeirra.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Í erindi, dags. 13. janúar þ. á., hafa þeir Jón Guðjónsson, Karl Sigurðsson, Þorbjörn Jónsson og Lárus Jón Guðmundsson, starfsmenn í fjósi kúabúsins á Korpúlfsstöðum í Mosfellshreppi, eign Thor Jensens kaupmanns í Reykjavík, tilkynt hlutaðeigandi sýslumanni, að þeir að kvöldi 16. og 17. nóvember f. á., að loknum fjósaverkum, hafi verið sjónarvottar að því, að ákærður, Eyþór Þorgrímsson, ráðsmaður fjóssins, sem er fæddur að Hofstaðaseli í Viðivíkurhreppi í Skagafirði 29. sept. 1890 og þannig 36 ára að aldri, hafi blandað með vatni mjólk, er sendast átti til Reykjavíkur til sölu þar, og hafi þeir þegar daginn eftir tilkynt þetta Kolbeini Árnasyni kaupmanni í Reykjavík, er hafi umsjón með úthlutun mjólkurinnar til kaupenda þar, í stað eiganda búsins, sem þá hafi verið veikur, en samkvæmt svarbrjefi hans, dags. 12. jan. þ. á., við skriflegri kæru fyrnefnds Jóns Guðjónssonar, hafi skoðað kæru hans sem atvinnuróg, og kveðast þeir því hafa orðið að afhenda sýslumanni málið, og krefjast þess, að hann tæki það þegar til rannsóknar.

Undir rannsókninni hafa þeir Karl Sigurðsson og Þorbjörn Jónsson skýrt frá atburði þessum þannig, að þeir í gegn um glugga hafi um kl. 9 um kvöldið 16. og 17. nóvbr. f. á. sjeð ákærða taka fötu í svonefndu „vaskahúsi", farið með hana inn í þvergang í fjósinu að vatnskrana þar, látið buna úr honum í fötu þessa og síðan rakleiðis gengið með hana inn í mjólkurhúsið að mjólkurbrúsum, er þar voru með kvöldmjólkinni á, 8 að tölu, 30

lítra að stærð hver þeirra, og helt á að giska 1 líter af vatni úr henni á hvern brúsa, og því næst lagt fötuna frá sjer, tekið blikkmál og dýft því niður í hvern brúsa og helt úr því jafnóðum á sjerstakan brúsa ca. 15 lítra, er staðið hafi innan við hina brúsana, og því næst farið með fötuna inn í „vaskahúsið“ og látið hana þar á sama stað. Þetta sama segja þeir að ákærður hafi gert kvöldið eftir. — Þeir Jón Guðjónsson og Lárus Jón Guðmundsson sáu eigi er ákærður tók vatn í fötuna, og Lárus kveðst eigi nema fyrra kvöldið hafa sjeð ákærða hella vatni á mjólkurbrúsana, og eigi sjeð hann taka mjólk af þeim og láta á minni brúsann, eða hann segist hafa farið áður frá glugganum, en öllum ber mönnum þessum saman um það, að þeir hafa sjeð ákærð an hella vatni úr fyrgreindri fötu á hina 8 mjólkurbrúsa, og kveðast þeir eigi hafa verið í neinum vafa um, að það hafi verið vatn, en eigi neinn annar vökvi, er hann helti á brúsa þessa. Þennan vitnisburð sinn hafa þeir svo allir staðfest með eiði.

Ákærður hefir bæði undir rannsókninni og rekstri málsins eindregið neitað að hafa aðhafst þetta. — Kveðst hann að vísu oftar sem umsjónarmaður fjóssins hafa verið lengur að verki á kvöldin, en hinir starfsmennirnir í fjósinu, tekið til fóðurbætir og annast fleira, og því ekki ólíklegt að hann hafi verið einn í fyrgreindum húsum á þeim tíma, er þeir tilgreini, en neitar að hann nokkurntíma hafi helt vatni á mjólkurbrúsana eftir að mjólkin hafi verið látin á þá; hinsvegar kveðst hann oftsinnis hafa jafnað mjólkinni á brúsunum, svo að á þeim væri mjólk eins og tilskilið hafi verið, eða upp í neðstu stúdmjóddina, og hafi hann þá jafnan farið að því þannig, að hann hafi sökt pottmáli eða merkurmáli niður í þá brúsana, sem ofmikið var á, og látið á hina, en til þess að ekki gæti helst niður á gólfið úr málinu, hafi hann oftar haft mjólkurfötu við hendina og helt úr mjólkurmálinu í hana, og svo jafnað úr henni á brúsana.

Kveðst mætta vera óskiljanlegt hvers vegna fyrgreindir menn hafi borið upp á hann athæfi það, er fyrgreinir, eða að hann hafi vatnsblandað mjólkina, en lætur þess þó getið, að stundum hafi verið ósamkomulag á milli þeirra og hans út af vinnubrögðum, einkum hestapössun, er hann hafi falið þeim, og hafi þeir allir í byrjun nóvember f. á. farið til Reykjavíkur til þess að kvarta yfir hirðingu á þeim sem eigi innifalin í umsömdu starfi þeirra, og einkum hafi Karli Sigurðssyni og honum oftar sinnast út af vinnubrögðum hans og öðru. — Því er haldið fram í vörn skipaðs talsmanns ákærðu í málinu, að fyrgreint kæruerindi sje fram-

komið meðfram vegna gremju eins kærandans, Jóns Guðjónssonar, út af synjun eiganda búsins um kauphækkun við hann, eða um að stytta starfstíma hans eftir kröfu hans, og þar sem hjer sje um kærendur að ræða, geti framburður þeirra eigi talist jafnörugg sönnun sem um vitnaframburð eingöngu væri að ræða; einnig hafi og liðið ca. 2 mánuðir frá því að eftirgrenslan þeirra fór fram um fyrgreindar athafnir ákærðs og þar til kæra hafi komið fram opinberlega, og einnig beri vitnunum eigi saman fyllilega, einkum þeim Þorbirni og Lárusi um athuganir þeirra, og loks bendi ýms atvik að því, er sterklega mæli á móti því, að kærendur hafi sjeð rjett, þótt eigi þurfi að vera um vísvitandi rangan framburð af þeirra hálfu að ræða um atvik þetta. — Til dæmis hafi mjólkin jafnan reynst góð hjá kaupendum og jafnvel betri en önnur mjólk, er seld hafi verið annarstaðar frá til Reykjavíkur á sama tíma, hún einnig hlotið að súrna, ef köldu vatni hefði verið helt á hana nýmjólkaða, sem þó engin kvörtun hafi komið fram um, hvorki frá kaupendum eða neytendum á kúabúinu, og loks bendi ekkert til þess að ákærður hafi haft nokkurn hag af verknaði þessum, þótt svo að hann hefði framið hann, eða engin sönnun liggi fyrir um auðgunartilgang af hans hálfu með þessu.

Enda þótt nú fyrgreindir menn hafi af sjálfsdáðum kært sakborning fyrir athæti það, er fyr greinir, og krafist að þetta yrði tekið til opinberrar rannsóknar, virðist það út af fyrir sig eigi geta rýrt sönnunargildi framburðar þeirra fyrir rjetti um vatnsblönduninа, enda eigi öðrum að dreifa til frásagnar um þetta, en þeim einum. — Heldur eigi verður álitið, að óvild þeirra til ákærðs, eða ósamlyndi á milli hans og þeirra, sem bent hefir verið á, hafi haft aðra eða meiri þýðingu en þá, að þeim hafi verið ljúfara að uppljósta athæfi ákærðs, en ella, án þess að eiðfestur framburður þeirra undir rannsókninni verði álitinn óábyggilegur fyrir það, og verður því að teljast löglega sannað, að sakborningur hafi vatnsblandað mjólk þá, er fyr greinir, og enda þótt tilgangur hans með þessu athæfi, vegna neitunar hans um að vera valdur að því, eigi undir rannsókninni hafi orðið upplýstur, er þó eigi annað skiljanlegt, en að eigin hagsmunir hans, beint eða óbeint, hafi ráðið þessu tiltæki hans, enda þótt eigi sje eða þurfi að vera um svik í eiginlegum eða vanalegum skilningi að ræða. — Sala hans sjálfs, sem um getur í prófunum, á mjólk frá kúabúinu, án fyrirfram gefinnar heimildar frá húsbónda hans, gæti að vísu bent til þess, að auðgunartilgangur, eða hugsun í

þá átt, hafi getað haft áhrif á gjörðir sakbornings, er fyr greinir, en engar sannanir liggja fyrir um það.

Afbrot ákærðs virðist eftir framansögðu mega heimfæra undir 259. gr. hinna almennu hegningarlaga, og þykir hegning sú, er hann hefir tilunnið fyrir þetta afbrot sitt, hæfileg eftir atvikum, 15 daga einfalt fangelsi. — Ennfremur ber sakborning að greiða allan af málinu löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin ómakslaun til skipaðs talsmanns hans, hæstarjettarmálaflutningsmanns Jóns Ásbjörnssonar í Reykjavík, er ákveðast 100 krónur.

Það vottast, að rekstur málsins í hjeraði hafi verið lögmætur.

Miðvikudaginn 14. des. 1927.

Nr. 26/1927. **Dánarbú Egils Jacobsen** (Pjetur Magnússon).

gegn

Garðari Þorsteinssyni f. h. db. Ól. Hjaltested (Lárus Jóhannesson).

Um eftirstöðvar af kaupi fyrir verksamning.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. febr. 1927: Dánarbú stefnda Egils Jacobsen, greiði stefnandanum, Garðari Þorsteinssyni f. h. dánarbús Ólafs Hjaltested, kr. 4080,67 með 6 % ársvöxtum frá 1. janúar 1926 til greiðsludags og kr. 100,00 upp í málskostnað, innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Að því athuguðu, að það er komið fram í hæstarjetti að kostnaðaráætlun stefnda um miðstöðvarhitun í húsi áfrýjanda átti að eins við neðri hæð hússins og að það hinsvegar er viðurkent hjer fyrir rjettinum, að stefndi lagði samskonar hitun í efri hæð hússins, getur það enn síður komið til mála hjer í rjetti en í hjeraði, að stefndi hafi unnið hjer

umrætt verk sem ákvæðisvinnu. Verður áfrýjandi því ekki sýknaður af kröfu stefnda af þeirri ástæðu.

Og að því er kemur til hinnar sýknuástæðu áfrýjanda, að krafa stefnda hafi verið fyrnd, þá er hann ljet birta afrýjanda sáttakæru út af kröfunni, þá verður heldur ekki á það fallist. Að vísu virðist höfuðverkinu hafa verið lokið í október 1921. En þar sem telja má eftir atvikum sannað, að stefndi hafi í janúar og mars 1922 látið úti nokkrar vörur í þágu áfrýjanda til hitaleiðslunnar, síðasta úttektin fór fram 18. mars 1922, og það var viðurkent hjer fyrir rjettinum að verkið hafi verið endurbætt oftar en einu sinni, þá verður að líta svo á, að ekki hafi slitnað upp úr viðskiftum aðilja 1921 og 1922 með því hlje, sem á þeim varð í nóv. og des. fyrnefnt ár. Og þar sem sáttakæran var birt áfrýjanda 15. mars 1926 var krafa stefnda ekki fyrnd.

Ber því að staðfesta hjeraðsdóminn, þó þannig að vextirnir verði 5 % eins og krafist er í hjeraðsstefnunni.

Samkvæmt þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti og þykir hann hæfilega ákveðinn 250 kr.

Því dæmist rjett vera:

Bæjarþingsdóminum skal óraskað, þó þannig að vextirnir verði 5 %. Áfrýjandi, skiftaforstjórar í dánarbúi Egils Jacobsen, greiði stefnda, Garðar Þorsteinssyni f. h. dánarbús Ólafs Hjaltested, 250 króna málskostnað fyrir hæstarjetti.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitan höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 30. mars 1926 af Garðari Þorsteinssyni, cand. jur. f. h. dánarbús Ólafs Hjaltested, gegn Agli Jacobsen, kaupmanni hjer í bæ, til greiðslu skuldar fyrir útteknar vörur og vinnu, að upphæð kr. 4080,67 ásamt 5 % ársvöxtum frá 1. júní 1920 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Stefndur hefir krafist sýknu af framangreindum kröfum stefnanda og málskostnaðar hjá honum eftir mati rjettarins.

Samkvæmt reikningi, sem stefnandi hefir lagt fram nam skuld stefnds við Ólaf Hjaltested 1. janúar 1922 kr. 4000,75 sem var eftirstöðvar af kostnaði við lagningu á hitaleiðslu og skolpleiðslu í húsi stefnds. Heldur stefnandi því fram, að vinnulaun og efni í lagninguna hafi átt að greiðast eftir reikningi, þ. e. eftir því sem lagningin kostaði fullgerð. Stefndur heldur því aftur á móti fram, að Ólafur Hjaltested hafi tekið að sjer að leggja leiðslurnar og leggja til alt efni í þær fyrir samtals kr. 14791,38 og átt að skila þeim í fullgildu ástandi fyrir það verð. Kveðst hann hafa greitt Hjaltested, meðan á lagningunni stóð um 12000 krónur og síðar, 7. sept. 1921, 7000 krónur, sökum þess að verkið hafi orðið dýrara en áætlað hafi verið í fyrstu, en þá jafnframt tekið fram að hann myndi ekki greiða meira. Kveður hann Hjaltested muni hafa fallist á að lagningin væri að fullu greidd með þessu, því að hann hafi engar frekari kröfur gert á hendur sjer út af þessum viðskiftum meðan hann lifði.

Gegn mótmælum stefnanda hefir stefndi engar sönnur á það fært, að Ólafur Hjaltested hafi tekið að sjer í ákvæðisvinnu (accord) að leggja leiðslurnar fyrir ofangreinda upphæð kr. 14791,38, og liggur ekkert fyrir í málinu er bendi til þess að svo hafi verið. Skjal það (rskj. nr. 12), sem stefndur vitnar sjerstaklega til, máli sínu til sönnunar, ber það greinilega með sjer, að þar er aðeins um kostnaðaráætlun að ræða en ekki ákvæðissamning, og gat verðupphæð sú, sem þar er tilgreind því alls ekki verið bindandi fyrir Hjaltested. Verður því, þar eð ekki hafa komið fram nein mótmæli gegn því, að kostnaðurinn við lagninguna hafi numið því sem reikningurinn tilgreinir, að álíta, að stefndum hafi verið skylt að greiða eftirstöðvar reikningsins, og þar sem Hjaltested hefir ekki kvittað alla skuldina í bókum sínum, brestur sönnun fyrir því, að hann hafi ekki ætlað að krefja stefndan um meira, en hann þegar hafði fengið.

Auk ofangreindrar upphæðar, kr. 4000,75 krefst stefnandi

kr. 79,92 fyrir vörur og vinnu, sem hann hafi látið stefndum í tje árið 1922. Stefndur hefir mótmælt því ákveðið, að hann hafi átt nokkur viðskifti við Ólaf Hjaltested eftir 7. september 1921 og kveðst aldrei hafa fengið neitt af því sem honum er talið til skuldar eftir áramót 1921—1922.

Stefnandi hefir lagt fram notarialiter staðfestan útdrátt úr höfuðbók Ólafs Hjaltested, þar sem vinna sú og vörur sem stefndur er skuldaður fyrir eftir 1. janúar 1922, eru nákvæmlega tilgreindar og sundurliðaðar og verður eigi annað sjeð af útdrættinum en að bókfærslan hafi verið í lagi. Þá hefir maður, sem var í þjónustu Hjaltesteds, verið leiddur sem vitni í málinu og borið það, að honum hafi verið kunnugt um, að úttektir þessar hafi átt sjer stað, og að hann hafi afhent sumt af vörum þessum. Hefir stefndur tekið framburð vitnis þess jafngildan og eiðfestur væri, en mótmælt honum sem röngum, en ekkert liggur fyrir í málinu, sem hnekt geti framburði hans sem lögfulls vitnis. Með þessu er að áliti rjettarins komin fram næg sönnun fyrir því að stefndum beri að greiða andvirði úttektar þessarar, enda horfir málið þannig við, að um aðildareið í því getur ekki verið að ræða þar sem báðir aðiljar eru nú dánir.

Þá hefir stefndur mótmælt skuldinni sem fyrndri og byggir það á því, að hann hafi engin viðskifti átt við Ólaf Hjaltested eftir áramót 1921—1922, en þar sem telja verður það sannað, að hann hafi haldið viðskiftunum áfram til 18. mars 1922, hófst fyrningarfresturinn fyrst um áramót 1922—1923 en frá þeim tíma til þess er sáttakæra var birt í málinu, 15. mars 1926, liðu ekki full fjögur ár. Verður því krafa stefnds um sýknu af þessari ástæðu ekki tekin til greina.

Stefndur hefir gjört þá kröfu að hinn reglulegi dómari víki sæti í málinu, þar eð sonur hans hafi hina umstefndu kröfu til innheimtu, en með því að lögfræðingur sá, sem málið hefir höfðað fyrir hönd dánarbúsins hefir til þess beint umboð frá búinu og er hvorki skyldur eða venslaður hinum regulega dómara, verður þessi krafa stefnds heldur ekki tekin til greina.

Niðurstaða málsins hjer í rjettinum verður því sú, að taka til greina kröfur stefnanda að öllu leyti að því er snertir höfuðstól og vexti, sem þó reiknast ekki frá fyrri tíma en 1. janúar 1926 eins og krafist er í sáttakærunni, og þykir rjett eftir atvikum að stefndur greiði stefnanda 100 krónur upp í málskostnað.

Mánudaginn 19. des. 1927.

Nr. 78/1927. **Ólafur Gíslason & Co.** (B. Þ. Johnson)
gegn
Hinriki Halldórssyni og Magnúsi Jónssyni (Enginn).

Ómerkingardómur.

Dómur aukarjettar Hafnarfjarðar 27. júlí 1927: Máli þessu vísast frá rjettinum. — Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstarjettar.

Stefndir hafa ekki mætt í málinu og var þó löglega stefnt. Hefir málið því verið rekið skriflega samkv. 38. gr. hæstarjettarlaganna og er dæmt samkv. N. L. 1—4—32. og 2. gr. tilsk. 3. janúar 1796.

Samkv. 2. gr. laga nr. 2/1882 sbr. 10. gr. tilsk. 20. janúar 1797 eru víxilmál undanþegin sáttaumleitun, á hvern hátt sem þau eru rekin.

Sækjanda er heimilt, en ekki skylt, að fara með víxilmál fyrir gestarjett, hvort heldur sem gestur eða samkv. lögum nr. 33/1911, og í seinna fallinu þó því að eins að víxillinn eigi samkvæmt ákvæði á honum sjálfum að greiðast á tilteknum stað, en svo var ekki ástatt um víxil þann, er hjer um ræðir.

Hjeraðsdómarann brast því heimild til að vísa málinu frá aukarjettinum, fyrir þá sök að það hafði eigi áður verið lagt til sátta. Verður þess vegna að ómerkja dóminn og skylda dómarann til þess að taka málið upp af nýju og dæma það að efni til.

Það þykir ekki ástæða til að dæma hjeraðsdómarann til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarjetti, eins og farið hefir verið fram á. Aftur á móti verður ekki komist hjá að dæma aðalstefnda, sem heldur ekki mætti í málinu í hjeraði, til þess,

samkvæmt kröfu áfrýjanda, að greiða honum málskostnað fyrir hæstarjetti og þykir hann hæfilega ákveðinn 150 kr.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardómurinn á að vera ómerkur og ber dómaranum að taka málið upp af nýju og leggja dóm á það að efni til.

Stefndi, Hinrik Halldórsson, greiði áfrýjandanum, Ólafi Gíslasyni & Co., málskostnað fyrir hæstarjetti með 150 kr. að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. des. 1927.

Nr. 68/1927. **Hreppsnefnd Fljótshlíðarhrepps** (Jón Ásbjörnsson)

gegn

Kort Eyvindssyni (Enginn).

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu var upphaflega skotið til hæstarjettar með áfrýjunarstefnu útgefinni 14. desbr. 1926, að fengnu áfrýjunarleyfi dags. 26. nóvbr. s. á., en málinu var þá ex officio vísað frá rjettinum með dómi uppkveðnum 15. júní þ. á., með því að fjárkrafa sú, er málið er risið af, nam ekki 25 kr. Nú hefir málinu á ný verið skotið til hæstarjettar með stefnu útgefinni 7. sept. þ. á., án þess að aflað hafi verið nýs áfrýjunarleyfis.

Eins og hjer stóð á mátti að vísu samkv. 3. málsgr. 28. gr. laga nr. 22, 6. oktbr. 1919 áfrýja málinu á ný samkvæmt hinu upphaflega leyfisbrjefi, en þá varð að taka út áfrýjunarstefnu innan 4 vikna

frá uppsögn frávísunardómsins, en þar sem stefnan var eigi tekin út fyr en að liðnum þeim tíma, verður ex officio að vísa málinu frá hæstarjetti.

Með því að stefndi hefir eigi látið mæta í málinu er ekki um málskostnað að ræða.

Því dæmist rjett vera:

Máli þessu vísast frá hæstarjetti. — Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 19. des. 1927.

Nr. 72/1922. **Þorsteinn Jónsson o. fl.**
(Magnús Guðmundsson)
gegn
Sveini Björnssyni f. h. Trueba y Pardo (Enginn).

Dómur hæstarjettar.

Málinu hefir verið áfrýjað samkvæmt áfrýjunarleyfi dags. 11. mars þ. á. og kom það í fyrstu fyrir hæstarjett 22. júní þ. á., en var þá vísað frá rjettinum. Nú hefir málinu á ný verið stefnt til hæstarjettar með stefnu dags. 14. sept. þ. á., án þess að nýtt áfrýjunarleyfi væri fengið, og með því þannig að meira en 4 vikur voru liðnar frá því málinu var vísað frá rjettinum og þar til stefna var gefin út á ný, var áfrýjunarleyfið úr gildi fallið og verður því þegar af þeirri ástæðu ex officio að vísa málinu frá rjettinum samkv. 3. mgr. 28. gr. hæstarjettarlaganna.

Þar sem stefndi hefir ekki mætt og enginn af hans hálfu fellur málskostnaður í hæstarjetti niður.

Því dæmist rjett vera:

Máli þessu vísast frá hæstarjetti. — Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 19. des. 1927.

Nr. 84/1927. **Helgi Benediktsson**
gegn
H. Benediktsson & Co.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Helgi Benediktsson, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Efnisskrá.

		Dómur	Bls.
1.	Einar Einarsson gegn Sigríði Þórðard. Barnsf.m.	$^{10}/_{1}$	449
2.	P. Jóhannesson f. h. A. Godtfredsen A/S. gegn Þormóði Eyjólfssyni. Viðskiftamál	$^{12}/_{1}$	457
3.	H.f. Hrogn & Lýsi gegn Sig. Jónassyni f. h. eigenda „Namdal". Árekstrarmál	$^{21}/_{1}$	460
4.	Valdstjórnin gegn Eyvindi Eyvindssyni. Bifr.l.brot	$^{24}/_{1}$	463
5.	Valdstjórnin gegn Jóni Benjamínssyni. Bannl.brot	$^{26}/_{1}$	466
6.	Valdstjórnin gegn Höskuldi Eyjólfssyni. Áfengisbruggun	$^{28}/_{1}$	468
7.	A/S. Conrad Boe Ltd. gegn Ingvar Ólafssyni f. h. H. P. Duus. Bíðdagabætur	$^{31}/_{1}$	471
8.	C. Schiöth gegn H. Benediktsson & Co. Útiv.d.	$^{31}/_{1}$	476
9.	Jóh. Jóhannesson gegn Guðrúnu Eiríksd. Útiv.d.	$^{31}/_{1}$	476
10.	Eyjólfur Ásberg gegn H.f. Dvergur. Útiv.d. . .	$^{31}/_{1}$	477
11.	Sig. Sigurðsson og Jón H. Þorbergsson gegn Búnaðarfjelagi Íslands. Innsetning í stj. Bfj. Íslands	$^{7}/_{2}$	477
12.	Valdstjórnin gegn Karl H. Moderzitzki. Botn.v.brot	$^{9}/_{2}$	485
13.	Valdstjórnin gegn Albert G. W. Bojahr. Botn.v.brot	$^{11}/_{2}$	490
14.	St. Th. Jónsson gegn P. Magnússyni f. h. Joh. Ritter. Viðskiftamál	$^{16}/_{2}$	494
15.	Hjörtur Hansson gegn H. Vilhjálmssyni, umráðam. Hvanneyrar. Landamerkjamál	$^{20}/_{2}$	496
16.	Jón Þ. Sigtryggsson f. h. K. Wolff gegn St. Th. Jónssyni. Viðskiftamál	$^{22}/_{2}$	500
17.	Verslunarfjelag Vestm.eyja gegn B. Árnasyni f. h. L. Storr. Útiv.d.	$^{23}/_{2}$	508
18.	Jónas H. Jónsson gegn M. Júl. Magnús. 2 útiv.d.	$^{28}/_{2}$	508
19.	Ingimar Bernharðs. gegn H. Grandjean. Útiv.d.	$^{28}/_{2}$	509
20.	Valdstjórnin gegn Þórarni Olgeirssyni. Botn.v.brot	$^{7}/_{3}$	509
21.	Húsnefnd Goodtemplarahússins gegn forsetum Alþingis. Lóðamál	$^{11}/_{3}$	519
22.	Ingvar Guðjónsson gegn O. Malmberg f. h. H/f. Hamar. Skuldamál	$^{14}/_{3}$	525
23.	Rjettvísin gegn Guðbirni Jónssyni og Jónönnu Stefánsdóttur. Glæpsamleg meðferð barns . . .	$^{16}/_{3}$	528

		Dómur	Bls.
24.	Sigurður Hallsson gegn Metúsalem Jóhannssyni. Skuldajöfnuður	18/3	537
25.	Rjettvísin gegn Kr. Daða Bjarnasyni. Þjófnaðarhlutdeild	25/3	539
26.	Valdstjórnin gegn Stefáni Þorlákssyni. Bifr.lagabrot	28/3	543
27.	Eigandi Höllustaða gegn eigendum Reykhóla. Frávísun	30/3	546
28.	Rjettvísin gegn Jóni H. Jónssyni. Brot samkv. 206. gr. hgl.	4/4	547
29.	Gunnar Þórðarson gegn Ásgeiri Ólafssyni. Ábyrgð	6/4	554
30.	M. Jónsdóttir gegn Sv. Magnúss. og Vald. Jónss. Fjárnám	8/4	559
31.	Gunnar Þórðarson gegn Ben. Sveinssyni. Hafið. Málskostnaður	29/4	562
32.	Hinar sam. ísl. versl. Vopnaf. gegn Páli B. Jónssyni. Kaupkrafa og verslunarskuld	2/5	562
33.	Lárus Halldórsson gegn Ástþ. Matthíass. v. G. J. Johnsen. Aðför	2/5	566
34.	Valdstjórnin gegn Jóni L. Hanssyni. Bruggun og vínsala	4/5	569
35.	Valdstjórnin gegn Guðm. Jónatanssyni. Sóttvarnarlagabrot	9/5	572
36.	Rjettvísin gegn Guðm. Inga Einarssyni. Víxilfals	11/5	577
37.	Valdstjórnin gegn Vilhj. Jónssyni. Brot á lögreglusamþykt Rvíkur	16/5	579
38.	Elías Nielsson gegn Haraldi Böðvarssyni. Verðlag lifrar	18/5	582
39.	Ari Þórðarson gegn Ólafi Þórðarsyni. Húsaleiga	20/5	585
40.	Lögreglustjóri Rvíkur gegn Steindóri Einarssyni. Bifr.skattur	23/5	589
41.	H.f. Jón Guðmundsson & Co. o. fl. gegn Veiðarfæraversluninni Geysir. Fjárnám	25/5	592
42.	Jónas Jónasson gegn Birni J. Jósafatssyni. Útiv.d.	30/5	598
43.	Gunnl. Flóventsson gegn B. Sigurðssyni v. Gunnl. Stefánssonar. Útiv.d.	30/6	598
44.	Hreppsnefnd Fljótshlíðarhrepps gegn Kort Eyvindssyni Frávísun	15/6	599
45.	Margrjet Jónsd. gegn Jóni C. F. Arnesen o. fl. Löghald	17/6	600
46.	H.f. Kakali gegn Veiðarfæraversl. Geysir. Sjóveð	20/6	606
47.	Versl. Júl. Guðm. Fáskr.fj. og Hinar sam. ísl. versl.		

		Dómur	Bls.
	s. st. gegn Þorg. Ingvarssyni v. Útb. Landsb. Eskif. Ábyrgð	$^{22}/_{8}$	611
48.	Bæjarstj. Ísafjarðar gegn Þórði Jónssyni. Útsvar	$^{29}/_{6}$	614
49.	Bæjarstj. Ísafjarðar gegn Gísla Magnússyni. Útsvar	$^{22}/_{6}$	617
50.	Gísli Gíslason gegn Þórði Bjarnasyni. Útiv.d.	$^{12}/_{6}$	619
51.	Þorst. Jónsson o. fl. gegn Guðm. Ólafss. v. Trueba y Pardo. Frávísun	$^{22}/_{6}$	619
52.	Valdstjórnin gegn Fritz Korte. Botn.v.brot	$^{23}/_{6}$	620
53.	Valdstjórnin gegn E. Kjerúlf. Ólögl. lyfseðlar	$^{28}/_{9}$	622
54.	Valdstjórnin gegn H. G. Stefánssyni. Ólögl. lyfseðlar	$^{26}/_{9}$	627
55.	Valdstjórnin gegn G. Juul. Ólögl. lyfseðlar	$^{28}/_{9}$	632
56.	Stjórn Íslandsbanka gegn Sveini Björnssyni f. h. „Tuxham" A/S. Ábyrgð	$^{30}/_{9}$	637
57.	Valdstjórnin gegn Haraldi Jónssyni. Bifr.lagabrot	$^{5}/_{10}$	640
58.	Jón Jónsson gegn G. Ólafss. f. h. Hull ship stores Comp. Ltd. Skuldamál	$^{12}/_{10}$	643
59.	Rjettvísin gegn Karl Guðmundssyni. Emb.br. lögreglubjóns	$^{17}/_{10}$	646
60.	Sig. Þ. Skjaldberg gegn P. Melsted. Húsleiguokur	$^{21}/_{10}$	652
61.	Ágúst Einarsson gegn G. Jónssyni og J. Kristjánssyni. Ómerkingardómur	$^{26}/_{10}$	656
62.	Hreppsnefnd Suðurfjarðarhr. gegn skiftaráðanda Barðastrs.sýslu. Útsvar	$^{28}/_{10}$	657
63.	Valdstjórnin gegn Fritz Just. Botn.v.brot	$^{31}/_{10}$	661
64.	Sigr. H. Ingimundard. gegn M. Þórðarsyni. Útiv.d.	$^{31}/_{10}$	664
65.	Sama gegn H. Esphólín. Útiv.d.	$^{31}/_{10}$	665
66.	Jónas Þ. K. Guðm.ss. gegn Jónínu S. Guðjónsd. Útiv.d.	$^{31}/_{10}$	665
67.	Ólafur Þorsteinsson gegn Hreppsn. Vopnafjarðarhrepps. Útiv.d.	$^{31}/_{10}$	666
68.	Helgi Benediktsson gegn Metúsalem Jóhannssyni. Útiv.d.	$^{31}/_{10}$	666
69.	Rjettvísin gegn Sig. Sigurðssyni o. fl. Þjófnaður	$^{4}/_{11}$	666
70.	Sigf. Blöndahl f. h. eig. & vátr. Senator Westpahl gegn P. Magnússyni f. h. eig. & vátr. „Otur". Árekstur	$^{11}/_{11}$	671
71.	Valdstjórnin gegn Bjarna Finnbogasyni. Áfengislagabrot	$^{14}/_{11}$	677
72.	Valdstjórnin gegn M. Gindüllis. Botn.v.brot	$^{18}/_{11}$	680
73.	Nathan & Olsen f. h. Carlsberg Bryggerierne gegn Jóh V. Daníelssyni. Umbúðir um öl	$^{23}/_{11}$	685

		Dómur	Bls.
74.	Einar Benediktsson gegn M. Th. S. Blöndahl. Útiv.d.	$^{30}/_{11}$	688
75.	Rjettvísin gegn Eyþóri Þorgrímssyni. Fölsun mjólkur	$^{5}/_{12}$	689
76.	Db. Egils Jacobsen gegn G. Þorsteinssyni f. h. db. Ól. Hjaltested. Kaup fyrir verksamning . .	$^{14}/_{11}$	693
77.	Ólafur Gíslason & Co. gegn H. Halldórssyni og M. Jónssyni. Ómerking	$^{19}/_{12}$	696
78.	Hreppsnefnd Fljótshlíðarhrepps gegn Kort Eyvindssyni. Frávísun	$^{19}/_{12}$	698
79.	Þorst. Jónsson o. fl. gegn Sveini Björnssyni f. h. Trueba y Pardo. Frávísun	$^{19}/_{12}$	699
80.	Helgi Benediktsson gegn H. Benediktsson & Co. Útiv.d.	$^{19}/_{12}$	700